

# Íslenskir annálar og aðrar gamlar veðurheimildir

Uppskrift Sigurðar Þórs Guðjónssonar

## Skýringar og heimildavísanir:

**Það sem hér er sagt um annálana er aðallega tekið eftir Árna Hjartarsyni, Hermanni Pálssyni og Astrid Ogilvie, auk formála annálanna. Heimildalisti er í lok skýringatextans.**

Íslenskir annálar eru aðallega tvö konar. Annars vegar eru svokallaðir fornannálar, sem ná frá upphafi Íslandsbyggðar til 1578, og hins vegar yngri annálar, sem byrja með Skarðsárannál og ná til 1800. Yngri annálarnir voru gefnir út af Hinu íslenska bókmenntafélagi (sjá hér neðar).

Auk efnis úr hinum hefðbundnu yngri annálum sem Bókmenntafélagið gaf út eru hér teknir með tveir merkir annálar hvað veðurfar snertir, Suðurnesjaannáll og Brandsstaðaannáll, og einnig efni úr Árbókum Reykjavíkur.

**Gustav Storm gaf út fornannálana árið 1888 í *Islandske Analer* og er þeim raðað eftir númerum.**

**I Resensannáll** (Annales Reseniani) I. Hann nær til 1295. Hann er talin minnst sjálfstæður að efni af öllum fornannálum. Til 999 er hann nær alveg eins og Fornianáll og Høyersannáll og að mestu er hann samhljóða við Høyersannál frá 1000-1269. Rök hafa verið færð fyrir því að annállinn hafi verið færður í letur af engum öðrum en Sturlu Þórðarsyni (Sturlunga saga, Svart á hvítu, Reykjavík, 1988, bls. 937).

**II Fornianáll** (Annales vetustissimi) II. 1-999, 1270-1313, miðhluti annálsins er hugsanlega talinn glataður. Annállinn er næstum því eins og Resensannáll til 1290 en er síðan sjálfstæður árin 1290-1314. Líklega er hann ritaður af manni sem þekkti til í Skálholti eða við Breiðafjörð. Gildir það líka um viðbætur hans sem ná yfir árin 1305-1309 og 1308-1315.

**III Høyersannáll** (Henrik Høyers Annaler) III. Til 1310. Þessi annáll er talinn eiga tengsl við Flatey á Breiðafirði.

Annálar I, II og III eru allir taldir skyldir.

**IV Konungsannáll** (Annales regiii). Nær til 1341. Hann er álitinn samtímaheimild og áreiðanlegur frá árinu 1300, jafnvel 1280. Hugsanlega var hann ritaður í Þingeyraklaustri.

**V Skálholtsannáll** (Skálholts-Annaler). Nær til 1356. Mjög mikilvæg heimild fyrir árin 1300-1350. Framhald hans er Nýiannáll sem nær frá 1393 til 1430.

**VI Annálsbrot frá Skálholti** (Annalbrudstykke fra Skálholt). Nær frá 1329 til 1372.

**VII Lögmansannáll** (Lögmans-Annaler). Nær til 1392. Ritaður samtíma atburðum árin 1307 til 1367.

Tímatal þessa annáls er oft rangt. Hér er getið um villurnar á viðkomandi stað og vísað til réttis ártals. Einar Hafliðason tók þennan annál saman,

**VIII Gottskálksannáll** (Gottskáls Annaler). Nær til 1578. Hann var ritaður í Skagafirði af Gottskálk Jónssyni (1524-1590) og syni hans, Jóni (d. um 1625). Fyrri hlutinn, sem nær til 1394, er afrit eldri og glataðs annáls frá Norðurlandi eða Helgafelli við Breiðafjörð, en eftir 1394 er annállinn sjálfstæður, byggður á rituðum heimildum og munnlegum, en lítið er um veður í honum fyrr en um 1560. Annállinn er yfirleitt talinn áreiðanlegur og sérlega góður frá 1564-1578. Í raun og veru er annállinn ekki fornannáll heldur fyrsti annállinn eftir að ritun annála hefst að nýju eftir eyðu fimmtándu aldar.

**IX Flateyjarbókaranáll** (Flatøbogens Annaler). Þessi annáll hefur tengsl við Víðidalstungu í Víðidal. Hann styðst mjög við Lögmansannál og endurtekur tímavillur hans. Hann er líka tengdur Fornannál og Konungsannál. Síðustu árin, 1389-1394, er annállinn sjálfstæð samtímaheimild.

**Nýi annáll.** Hann er framhald af Skálholtsannál og er samtímaheimild 1393-1430. Hann er yfirleitt talinn áreiðanlegur.

Gömlu annálarnir, sem varðveist hafa, eru taldir byggðir á eldri annálum sem jafnvel hafa verið samtímaheimildir. Annálarnir geta t.d. um almyrkva á sólu í fornöld sem hvergi sáust á jörðunni nema hér á landi. Einnig koma ársættir við eldgos vel heim og saman við tímasetningu við öskufall í ískjörnum á Grænlandsjökli sem aflað hefur verið hin seinni ár. Annálarnir minnst einnig á erlenda atburði sem sagt er frá - og það jafnlangt aftur sem árið 1047 - í varðveittum erlendum heimildum, en annálaritararnir hafa þó örugglega ekki þekkt og er því talið að annálarnir byggist þarna á einhverjum óþekktum gömlum gögnum. En þó fornannálarnir séu yfirlit taldir nokkuð traustar heimildir um náttúrufarsleg efni, svo langt sem þeir ná, ber samt á misræmi milli þeirra og tímavillum og vitað er um ýmsar beinar villur. Reynt er að benda hér á tímatalrúgl sumra annála og hampa því sem réttara er talið. Veðurefni í fornannálunum er oft ekki samfellt í þeim heldur dreift hér og hvar á viðkomandi ári. En hér á vefsíðunni er veðurefnið birt samfellt án nokkurra úrfellingamerkja.

Frásagnir um veður sem hægt er að vinsa úr Biskupaannál ná frá 1508 til 1596. Þessar lýsingar voru ritaðar árið 1605 í Skálholti af sr. Jóni Egilssyni (1548-1636). Jón byggði ekki á rituðum heimildum að ráði heldur munnlegum vitnisburði og frásögnum föður síns og afa. Þótt þetta sé ekki samtímaheimildir segist Jón hafa gert sér far um að segja rétt frá og eru veðurfarsfrásagnir hans nánast þær einu sem til eru frá því tímabili sem þær ná yfir.

Í þessu yfirliti er fornannálunum raðað eftir númerum en líka nafni svo lesandinn hafi allt á hreinu. Hins vegar er allt efni ekki tekið óbreytt eftir hverjum fornannál um sig heldur er hvert efnisatriði aðeins haft eftir einum annál til þess að forðast of mikið stagl. Vísað er þó til hinna annálanna með tölum þegar þeir segja alveg frá sömu efnisatriðum en ef til vill með mismunandi orðalagi. Séu hins vegar einhver ný efnisatriði í einhverjum öðrum annál er það líka tekið með sem hann segir um málið. Það sem annálar þessir vildu sagt hafa um veður ætti því ekki að fara framhjá neinum fróðleiksfúsnum lesanda.

Ýmislegt mjög gamalt veðurefni er hér tekið eftir gömlum heimildum öðrum en fornannálunum. Það efni er aðallega úr ýmiskonar sögulegum ritum sem talin eru að einhverju leyti áreiðanleg. Þar er farið eftir mati Astrid Ogilvie (bls. 39-77). Hvaða heimildir þetta eru má sjá á heimildalistanum. Hér birtist þetta veðurefni, og auðvitað efnið í annálunum einnig í fyrsta sinn skipulega raðað niður eftir tímaröð almenningi til gagns og gamans.

Þegar Nýja annál þrýtur féll annálaritun niður í landinu og eru engir samtímavitnisburðir skráðir fyrr en Skarðsárannáll er ritaður.

## Yngri annálar

Hér er þessum yngri annálum raðað réttisælis kringum landið eftir ritunarstað þeirra. Þannig er byrjað á Suðurlandi og haldið vestur og norður um og endað á Austurlandi en engir annálar voru ritaðir á Suðausturlandi. Stafsetningu yngri annála er haldið en þeirra eldri breytt til nútímahorfs.

Tekið er fram að með eru tekin öll stærri slys er sagt er frá í annálunum og urðu örugglega eða hugsanlega vegna veðurs en ekki hirt um að geta um hvern mann sem úti varð í einhverjum manndrápsbylnum. Ekki eru teknar með slysfarir íslenskra skipa fyrir erlendum ströndum. Aflabrögðum er sleppt nema þau snerti beinlínis veðurfars, svo sem hafís. Úrfellingarmerki (...) sýna hvar sleppt er slíku efni eða einhverju öðru efni sem ekki kemur veðrinu við.

Hvað yngri annála varðar eru hér aðeins teknar veðurfarslýsingar sem eru samtíma, með örfáum undantekningum sem skýrðar eru þar sem gerð er grein fyrir hverjum annál um sig hér að neðan. Þetta er efni úr Skarðsárannál frá 1594, vegna almenns skorts á heimildum, en samtímaefni annálsins hefst 1636 en annálaritarinn er almennt talinn vandaður hvað varðar heimildir, Ballarárannál 1597-1619, Vallaannál 1690-1700 og það sem Sjávarborgarannáll fellir inn úr glötuðum samtímaannálum. Annálarnir sem hér eru notaðir eru annars þessir, raðað eftir þeirri tímaröð sem efni þeirra spannar. Fyrst er nafn annálsins, þá höfundur hans, ritunarstaður, það tímabil sem annállinn spannar á vefsíðunni og loks athugasemdir.

**Skarðsárannáll**, Björn Jónsson, Skarðsá í Skagafirði. 1597-1640. Fyrir 1636 er annállinn byggður á munnlegum og skriflegum heimildum.

Viðauki Skarðsárannáls, Brynjólfur Sveinsson biskup, Skálholt, 1641-1645.

**Ballarárannáll**, Pétur Einarsson, Ballará á Skarðsströnd, 1597-1665. Alveg sjálfstæður og talinn traustur um veður frá upphafi þó hann sé ekki samtíma atburðum fyrr en kringum 1620.

**Annalium in Islandia farrago eða Íslenzk annálabrot**, Gísli Oddsson biskup, Skálholt, 1601-1636.

**Vallholtsannáll**, Gunnlaugur Þorsteinsson, Vallholt í Skagafirði, 1626-1666. Sjálfstæður og talinn traustur.

**Vatnsfjarðarannáll hinn elsti**, Jón Arason, Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp, 1645-1654.

Viðauki Vatnsfjarðarannáls, Sigurður Jónsson, Vatnsfjörður og Ögur í Ísafjarðardjúpi, 1655-1661.

**Seiluannáll**, Halldór Þorbergsson, Seila í Skagafirði, 1652-1658.

**Vatnsfjarðarannáll hinn yngri**, Guðbrandur Jónsson, Vatnsfjörður, 1656-1672.

**Annálsgreinar Árna á Hóli**, Árni Magnússon, Hóll við Bolungarvík, 1662-1695.

**Kjósarannáll**, Einar Einarsson, Garðar á Álftanesi, 1670-1687. Þessi annáll segir af veðri á Suðvesturlandi og er ýmislegt í honum sem ekki er í öðrum annálum.

**Eyrarannáll**, Magnús Magnússon, Eyri við Ísafjarðardjúp, 1673-1703.

**Annálsgreinar frá Holti**, Sigurður Jónsson, Holt í Önundarfirði, 1673-1705.

**Mælifellsannáll**, Ari Guðmundsson, Magnús Arason, Mælifell í Skagafirði, 1678-1702, 1703-1738. Sjálfstæður og talinn traustur.

**Vallaannáll**, Eyjólfur Jónsson, Vellir í Svarfaðardal, 1690-1737. Þessi annáll er skrifaður samtíma viðburðum frá 1701 en virðist vera byggður á dagbókarfærslum frá 1690.

**Hestsannáll**, Benedikt Pétursson, Hestur í Borgarfirði, 1694-1718.

**Annáll Páls Vídalíns**, Páll Vídalín, Víðidalstunga í Víðidal í Húnavatnssýslu, 1700-1709.

**Fitjaannáll**, Oddur Eiríksson, Fitjar í Skorradal, 1700-1712.

Viðauki Fitjaannáls, Jón Halldórsson, Hítardalur, 1713-1719. Talinn mjög áreiðanlegur.

**Þingmúlaannáll**, Eiríkur Sölvason, Þingmúli, 1700-1729.

**Hvammssannáll**, Þórður Þórðarson, Hvammur í Dölum, 1717-1738. Veðurefni þessa annáls þykir merkilegt og sumt finnst hvergi annars staðar.

**Hítardalsannáll**, Jón Halldórsson, Hítardalur, 1724-1734. Talinn mjög áreiðanlegur.

Viðauki Hítardalsannáls, hugsanlega Gísli Bjarnason, Melar í Melasveit, 1735-1740.

**Sjávarborgarannáll**, Þorlákur Magnússon, Sjávarborg við Sauðárkrók, 1727-1729, árin 1609-1627 er þessi annáll útdráttur úr einhverjum týndum annál frá Suðurlandi og 1645-1650 og 1668-1671 geymir annállinn efni sem talið er ættað úr eldri samtíma annálum frá Gufudal í Barðastrandarsýslu.

**Grímsstaðaannáll**, Jón Ólafsson, Grímsstaðir við Arnarstapa á Snæfellsnesi, 1734-1764. Segir nær eingöngu frá veðri kringum Jökul á Snæfellsnesi.

**Höskuldsstaðaannáll**, Magnús Pétursson, Höskuldsstaðir, rétt norðan við Blönduós, 1734-1784. Magnús byggði m.a. á dagbók sem hann hélt frá 1737-1757 en er nú glötuð.

**Ölfusvatnsannáll**, Sæmundur Gissurarson, Ölfusvatn í Ölfusi, 1740-1762. Talinn mjög traustur annáll.

**Sauðlauksdalsannáll**, Björn Halldórsson, Sauðlauksdalur við Patreksfjörð, 1740-1780.

**Íslands árbók**, Sveinn Sölvason, Munkaþverá í Eyjafjarðardal, 1740-1782.

Viðauki Íslands árbókar, Jón Sveinsson, Eskifjörður, 1782-1792.

**Espihólsannáll**, Jón Jakobsson, Espihóll í Eyjafjarðardal, 1768-1799.

**Húnavetnskur annáll**, ókunnur höfundur, A-Húnavatnssýsla, 1765-1776.

**Djáknaannálar**, Tómas Tómasson, hreinskrifaður af Hallgrími Jónssyni, Þóroddsstaðir og Stóra-Ásgeirsá í Hrutafirði, 1770-1794. Eftir 1770 er hann að mestu óháður öðrum heimildum.

**Fréttir Guðlaugs í Vatnsfirði**, Guðlaugur Sveinsson, Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp, 1785-1798. Þetta eru bréf sr. Guðlaugs til Skálholtsbiskupa sem prentuð eru úr brot í V. bindi Annála Bókmenntafélagsins strax á eftir Vatnsfjarðarannál hinum yngsta sem sjálfur er ekki samtímaheimild og því ekki notaður hér.

**Suðurnesjaannáll**, Sigurður B. Sívertsen, Útskálar á Suðurnesjum, 1799-1889. Þessi annáll er afar fróðlegur um veður í nágrenni Reykjavíkur á mestu harðindaárum 19. aldar. Fyrir 1836 er aðeins tekið úr annálum efni sem ekki finnst í hinum annálunum (5 færslur), svo og frásögnin um Básendaflóðið 1799.

**Brandsstaðaannáll**, Björn Bjarnason, Brandsstaðir í Blöndudal, 1800-1858. Annáll þessi er mikil gersemi hvað veðurfarslýsingar varðar og væri betur að slíkir annálar hefðu verið færðir í sem flestum sveitum. Orð höfundarins í formála lýsa miklum skilningi: „Mér og öðrum hefur þótt fróðleg fáorð frásögn biskups dr. Hannesar um hallæri á Íslandi, sömuleiðis það, er sýslumaður Jón Espólín til tínir í Árbókum sínum. Í þeim ritgjörðum er lítið sagt frá góða árferðinu. Það líður og gleymist fljótt, en það bága eða hallærin hafa miklar og langar afleiðingar, en hvortveggju ber jafnt að lýsa, svo sjá megi breyting tíðarinnar. Árgæskan kemur eftir harðindin sem skin eftir skúr. Það bága varir oft stutta stund, en hið blíða lengi. ... Þá ég fór fyrst að geta lesið, reyndi ég að klóra á lítil blöð, án allrar tilsagnar, um veður og hvað annað, er við bar og gjört var daglega, og hafði þess vegna slíkt lengi í minni. Löngu síðar dró ég af þessu lítið ágríp um árferði og ýmislegt þar af leiðandi, einasta hér um sveitir, og er ég vissi, að ei næði til þá útgefinna tíðinda árin 1795 til 1804. Fyrir þessa aðferð mundi ég öðrum fremur, hvað við hafði borið langan tíma, og gat aðgreint eina árstíð frá annarri...“ (Bls. 13-14). Í eldri gerð Brandsstaðaannáls skrifar Björn: „Þegar ég fór fyrst að geta lesið nokkuð, fór ég að pára á blað daglega, hvað viðraði og við bar.“ (Bls. 7). Mun Björn hafa byrjað að rita hjá sér innan við fermingu, líklega um 1800.

**Árbækur Reykjavíkur**, Jón Helgason, Reykjavík, 1783-1924. Þetta er ekki samtímaheimild nema að nokkru leyti, en byggist þó tímabundið á ýmsum samtímaheimildum, m.a. að einhverju leyti á prentuðum gögnum úr veðurathugunum Jóns Thorsteinssonar, óprentuðum veðurdagbókum Jónasar Jónassens læknis og bréfum Gríms biskups Vídalíns en er að öðru leyti samtíningur eftir ýmsum heimildum. Þar sem flestir landsmenn búa nú á Reykjavíkursvæðinu er þessi fróðleikur látinn fylgja hér með.

Á stöku stað í þessari samantekt er getið um mikilvæga náttúruviðburði snemma á öldum til glöggvunar á tímatali þó engar skriflegar heimildir séu til um þá og eru þeir skáletraðir. Sama er að segja um einstaka atburði í þjóðarsögunni sem ekki eru veðurfarslegir, en eru mikilvægir til tímatalsviðmiðunar, svo sem svartidaudi.

#### **Efnið sem hér birtist hefur verið tekið úr eftirfarandi heimildum:**

*Annálar 1400-1800*. Hið íslenska bókmenntafélag, 1922-1987, I-VI, Reykjavík. Blaðsíðutalið á við annálana í heild með formálum. Auðvelt ætti að vera að fletta upp á viðkomandi árum.

Annalium in Islandia farrago eða Íslenzk annálabrot, V, 461-547.

Annáll Páls Vídalíns, I, 667-730.

Annálsgreinar Árna á Hóli, III, 421-435.

Annálsgreinar frá Holti, III, 162-178

Ballarárannáll, III, 179-224.

Djáknaannálar, VI, 1-330.

Espihólsannáll, V, 123-247.

Eyrarannáll, III, 225-420.

Fitjaannáll, II, 1-385

Viðauki Fitjaannáls, II, 385-411.

Fréttir Guðlaugs í Vatnsfirði, V, 451-460.

Grímsstaðaannáll, III, 435-657.

Hestsannáll, II, 480-570.

Hítardalsannáll, II, 571-665.

Viðauki Hítardalsannáls, II, 666-670.

Hvammsannáll, II, 671-727.

Húnvetnskur annáll, IV, 604-637

Höskuldsstaðaannáll, IV, 463-603.

Íslands árbók, V, 1-103.

Viðauki Íslands árbókar, V, 103-122.

Kjósarannáll, II, 412-479.

Mælifellsannáll, I, 541-666.

Sauðlauksdalsannáll, VI, 333-482.  
Seiluannáll, I, 273-216.  
Sjávarborgarannáll, IV, 216-349.  
Skarðsárannáll, I, 28-272.  
Viðauki Skarðsárannáls, I, 266-272.  
Vallaannáll, I, 368-540.  
Vallholtsannáll, I, 317-367.  
Vatnsfjarðarannáll hinn elsti, III, 1-80.  
Viðauki Vatnsfjarðarannáls, III, 80-87.  
Vatnsfjarðarannáll hinn yngri, III, 88-161.  
Þingmúlaannáll, V, 248-270.  
Ölfusvatnsannáll, IV, 350-388.

Árni Hjartarson (AH): *Halastjörnur, sólmyrkvar, eldgos og áreiðanleiki annála*. Árbók Fornleifafélagsins 1989 (1990), 85-100.

*Árna saga*. Biskupasögur, III, Hið íslenska fornritafélag, MCMXCVIII.

*Árna saga biskups*, Sturlunga saga II, Svart á á hvítu, Reykjavík, 1988.

*Biskupa-Annálar Jón Egilssonar*. Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn, 1853, veðurfarsefni bls. 62-117.

*Brandsstaðaannáll eftir Björn Bjarnason á Brandsstöðum*, Sögufélagið Húnavetningur og Húnavetningafélagið í Reykjavík, Reykjavík 1941. Inngangur og umsjá útgáfu: Jón Jóhannesson.

*Guðmundar saga dýra*, Sturlunga saga I, Svart á á hvítu, Reykjavík, 1988.

Hermann Pálsson: *Eftir þjóðveldið, heimildir annála um íslenska sögu 1263-98*.

*Hrafns saga Sveinbjarnarsonar*, Sturlunga saga I, Svart á á hvítu, Reykjavík, 1988.

*Hrafns saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka*, Sturlunga saga II, Svart á á hvítu, Reykjavík, 1988.

*Hungurvaka*. Biskupasögur II, Hið íslenska fornritafélag, MMII.

*Islandske Analer indtil 1578*, útg. Gustav Storm, Gröndal & Söns bogtrykkeri, Christiania, 1888.

I Resensannáll, 1-30.

II Forniannáll, 31-54.

III Høyersannáll (Henrik Høyers Annaler), 55-75.

IV Konungsannáll (Annales regii) IV, 77-156.

V Skálholtsannáll (Skálholts-Annaler) V, 158-215.

VI Annálsbrot frá Skálholti (Annalbrudstykke fra Skálholt) VI, 217-230.

VII Lögmansannáll (Lögmans-Annaler) VII, 231-296.

VIII Gottskálksannáll (Gottskálks Annaler) VIII, 297-378.

IX Flateyjarbókarannáll (Flatøbogens Annaler) IX, Hér er reyndar farið eftir Flateyjarbók, fjórða bindi, 1945, bls. 284-373.

Nýi annáll, hér er reyndar farið eftir útgáfu Hins íslenska bókmenntafélags, Annálum I, 1-27.

*Íslendingabók Landnámubókar*, síðari hluti, Hið íslenska fornritafélag, 1968.

*Íslendinga saga*, Sturlunga saga I, Svart á á hvítu, Reykjavík, 1988.

Jón Helgason: *Árbækur Reykjavíkur*, Leiftur, Reykjavík, 1936.

*Konungs skuggsjá*. Magnús Már Lárusson. Leiftur, Reykjavík, 1955.

*Kristni saga*. Biskupasögur I, Hið íslenska fornritafélag, MMII.

*Lárentíus saga biskups*. Biskupasögur, III, Hið íslenska fornritafélag, MCMXCVIII.

Oddur Einarsson: *Íslandslýsing, Qualiscunque descriptio Islandiae*, Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík, 1971.

Ogilvie, Astrid: *Climate and Society in Iceland from the Medieval period to the late eighteenth century*, 1981, doktorsritgerð, Climatic Research Unit, School of Environmental Science, Norwich.

*Prestasaga Guðmundar Arasonar*, Sturlunga saga I, Svart á á hvítu, Reykjavík, 1988.

*Skarðsárbók. Landnámabók*. Jakob Benediktsson gaf út. Háskóli Íslands, Reykjavík, 1958.

*Porgils saga og Hafliða*, Sturlunga saga I, Svart á á hvítu, Reykjavík, 1988, 7-46.

*Sturlu saga*, Sturlunga saga I, Svart á á hvítu, Reykjavík, 1988, bls. 51-99.  
*Suðurnesjaannáll Sigurðar B. Sívertsen*, Rauðskinna III, annállinn í heild er á bls. 1-252.  
*Svínfellinga saga*, Sturlunga saga II, Svart á á hvítu, Reykjavík, 1988.  
*Borgils saga skarða*, Sturlunga saga II, Svart á á hvítu, Reykjavík, 1988.  
*Þórðar saga kakala* útg. Gustav Storm í: Sturlunga saga II, Svart á á hvítu, Reykjavík, 1988.

## **Veður, tíðarfar og fleira í íslenskum annálum**

**870** IV. Konungsannáll: Ingólfur Arnasonur kom til Íslands. V, VII, VII, VIII, IX.

**874** I. Resensannáll: Upphaf Íslands byggðar. II, IV, V, VII, VII, VIII.

**880** I. Resensannáll: Varð sól svo myrk um nónskeið að sjá mátti stjörnur á himni. II, V, IX.  
IV. Konungsannáll: Sol hora diei ix ita obscuratus est ut stelle in celo appareret.

**897-898** *Fellur svo kallað „landnámslag“.*

**920** *Kötlugos*

**934** *Eldgjáreldar. Mesta gos Íslandssögunnar.*

Landnáma: Hrafn hafnarlykill var víkingur mikill; hann fór til Íslands og nam land milli Hólmsár og Eyjarár og bjó í Dynskógum; hann vissi fyrir eldsuppkomu og færði bú sitt í Lágey (bls. 328).

Landnáma: Gnúpur fór til Íslands fyrir víga sakir þeirra bræðra og nam land milli Kúðafljóts og Eyjarár, Álftaver allt; þar var þá vatn mikið og álftaveiðar á. Molda-Gnúpur seldi mörgum mönnum af landnámi sínu, og gjörðist þar fjölbyggt, áður jarðeldur rann þar ofan, en þá flýðu þeir vestur til Höfðabrekku og gerðu þar tjaldbúðir, er heitir á Tjaldavelli (bls. 330).

**975** Viðauki Skarðsárþókar Landnámubókar: Óaldar vetur varð mikill á Íslandi í heiðni í þann tíma er Har(aldur) konungur Gráfeldur féll, en Hákon jarl tók ríki í Nor(egi). Sá hefur mestur verið á Íslandi. Þá átu menn hrafna og melrakka og mörg óátan ill var etinn, en sumir létu drepa gamalmenni og ómaga og hrinda fyrir hamra. Þá sultu margir menn til bana, en sumir lögðust út að stela, og urðu fyrir það sekir og drepnir. Þá vógust skógar menn sjálfir, því var það lögtekið að ráði Eyjólfssonar að hvor frelsti sig, er iij dræpi seka. (Bls. 189). IX. árið 976.

I. Resensannáll: Óöld hin fyrri. II, IV, V, VII, VIII, IX árið 976.

**1047** I. Resensannáll: Frostavetur hinn mikli. II, VIII.

IV. Konungsannáll: Svo segir Sæmundur prestur hinn fróði að á þessu ári voru svo mikil frost að vargar runnu á ísi milli Noregs og Danmerkur.

**1051** VII. Lögmannsannáll: Óöld. (aðrir annálar hafa hana 957).

**1055** Viðauki Skarðsárþókar Landnámubókar: Áttatigi vetra síðar [en óaldarvetur hinn fyrri 875] varð annað óárán. Það hófst þann vetur er Ísleifur tók biskups vígslu af Alberto Brimabiskupi. Það var um daga Har(alda) konungs Sigurðssonar, en þann fyrsta vetur er Ísleifur var biskup á Íslandi. Var manndauði sem mestur á Íslandi af sulti. Þá var allt það etið er tönn festi á. Enn um sumarið lét biskup því heita á þingi að menn skyldu fasta enn xij dag jóla um iij ár, því að það var gjört í Herfurðu, þar er biskup hafði í skóla verið á Saxlandi. Þá var svo snæmikið hvarvetna, að menn gengu flestir til Alþingis, en er heitið var, batnaði þegar veðurátta og varð sumar hið besta, en veturinn eftir var svo góður, að engi kom þeli í jörð og gengu menn berfættir til þá um jól, en husuðu og lögðu garða á þorra. (bls. 189).

**1057** II. Forniannáll: Óöld í kristni. IX.

**1066** IV. Konungsannáll: Sén cometa á páskum. I árið 1065, VIII.  
VIII Gottskálksannáll: Sén cometa.

**1078** I. Resensannáll: Snævetur hinn mikli. II, III, IV, VIII, IX árið 1078.  
VII. Lögmannsannáll: Vetur hinn mikli.

**1104** IV. Konungsannáll: Eldsuppkoma hin fyrsta í Heklufelli. ... En jóladag var veður svo grimmt, að menn máttu eigi komast til kirkju, en þeir, er við leituðu, týndust sumir í ánni Fulda. (Klausan um jólaveðrið mun eiga við um Noreg).  
VII. Lögmannsannáll: Eldsuppkoma í Heklufelli hin fyrsta. VIII, IX.

**1105** IV. Konungsannáll: Sandfalls vetur. IX.

**1115** VII. Lögmannsannáll: Hið mikla veður.

**1118** Þorgils saga og Hafliða: Á Reykjahólum voru svo góðir landkostir í þenna tíma að þar voru aldrei ófrævir akrarnir. (Sturl. I, bls. 22).  
Kristni saga: Á því ári er Gisurr [Ísleifsson biskup] andaðist gerði hallæri mikið á Íslandi. Þá kom hríð sú á dymbildögum að menn máttu eigi veita tíðir í kirkjum í sumum héruðum fyrir norðan land. En föstudag inn langa þá hóf knörr undir Eyjafjöllum og sneri á lopti og kom hvolfandi niður. Hann var sjö rúm og tuttugu. Páskadaginn fyrsta máttu fáir menn tíðir sækja að taka þjónustu en sumir urðu úti dauðir. Annað illviðri [kom um sumarið] eftir andlát hans þann dag er menn riðu á þing. Þá braut kirkju á Þingvelli, þá er Haraldur konungur Sigurðsson hafði látið höggva viðinn til. Það sumar fóru þrír tígir og fimm skipa út hingað, og braut mörg við land en sum leysti í hafi undir mönnum en átta ein komust brott með þeim er áður voru hér, og komust þau engi fyrir Mikjálsmessu úr hafi. Af þeim mannfjölda varð hér hallæri mikið. (Bisk. I, 44). Þessi frásögn er líka nær orðrétt eins í Viðauka Skarðsárþókar, 9. kapituli, Bisk, I, 347 og í Hunguvöku, Bisk. II, bls. 20-21. (Sagan er talin vafasöm en þó er ýjað að harðindum á þessu tímabili í Konungsannál).  
IV. Konungsannáll: Þá braut veður knörr undir Eyjafjöllum og þá tók veður upp Holtavatn og bar allt í brott. Roða vetur. Þetta er kallað undra ár.IX.

**1119** I. Resensannáll: Veður braut knörr undir Eyjafjöllum.

**1120** IV. Konungsannáll: Manndauður mikill. VIII.

**1126** IV. Konungsannáll: Steingrímur í ísum.

**1131** I. Resensannáll: Eclipsis solis facta ist iii kal. Aprili quasi ora. (Sólmyrkvinn varð 30. mars samkv. Gergoríanksa tímatalinu og stóð í um það bil klukustund. Myrkvinn sást ekki austar en á Íslandi. Klausan þykir því sýna að Íslendingar hafi skráð einhvers konar samtíma annála þegar á 12. öld og Resensannáll stuðst við slíkar heimildir. Eftir AH. bls.94). II, III, VIII, VII 1132, IX árið 1132.

**1139** VII. Gottskálksannáll: Brenna í Hítardal er Magnús biskup brann inni með lxx mönnum næsta daginn eftir allra heilagra messu 4r fólk var drukkið orðið. Kom í forstofuna eldur úr lofti með stórum vindi og laust loganum í drykkju stofuna.

**1142** IV. Konungsannáll: Hvarf skip Snæjbarnar. VIII.

**1145** IV. Konungsannáll: Hvarf skip Ljóts. Ís mikill.

**1151** IV. Konungsannáll: Eldur í Trölladyngju. Húsrið. Manndauður. IX.

**1157** IV. Þá voru sén iij tungl. Myrkur hið mikla.  
VII. Lögmannsannáll: Myrkrið mikla.

**1158** IV. Konungsannáll: Eldur annar í Hekluþelli, xiiij. kal. Februaríj. I, III, VI, VIII, IX árið 1757.

**1159** IV. Konungsannáll: Sýndust iij sólar í vestri non Septembris. Síðan hvarf ij en sú sýndist til sólseturs er í mið var. IX.

**1164** IV. Konungsannáll: Landskjálfti í Grímsnesi og létust xix menn. III, VII, IX, VII árið 1165.

**1166** VII. Lögmansannáll: Kynja vetur.

**1171** I. Resensannáll: Skriðnamannaskaði. III, IX.

**1172** IV. Konungsannáll: Skriðnavetur.  
VIII Gottskálksannáll: Grasleysu sumar.

**1174** Prestasaga Guðmundar Arasonar: Sá var kallaður hinn góði vetur. Sturl. I, 108).

**1181** IV. Konungsannáll: Grasleysu sumar. V, IX.

**1182** IV. Konungsannáll: Landskjálftar og dóu xi menn. V, IX.  
Prestasaga Guðmundar Arasonar: Það var kallað grasleysusumar. (Sturl. I, bls. 114).

**1183** IV. Hvarf skip Eilífs úr Kúðafljóts ósi.  
V. Skálholtsannáll: Þá týndust af hafskipum d. manna.

**1184** IV. Konungsannáll: Myrkur um suðurland. VIII.

**1185** I. Resensannáll: Fórst Grænlandsfar. III.  
IV. Konungsannáll: Týndist skip Einars káta og xviiij menn. Týndist Grænlandsfar. Braut kirkju að Svínafelli. Skriða hljóp í Geitdal. IX.  
Guðmundar saga dýra: Enn vetur stóðu uppi þrjú skip í Eyjafirði en þá var hallæri mikið. Sturl. I, bls. 123. (Þetta er talið eiga við veturinn 1184-85).

**1186** IV. Konungsannáll: Fellivetur. IX.  
Íslendinga saga: Þar var Böðvar fyrir og bauð þeim til dagverðar því að þá var illt til matar í héraði. Það var hið illa vor kallað. (Sturl. I, bls. 182).

**1187** Prestasaga Guðmundar Arasonar: Það var kallaður fellivetur. Kom grasleysa mikil og óárán um sumarið og kom ekki skip til Íslands af Noregi. (Sturl. I, bls. 119-20).  
I. Resensannáll: Nautadauðsvetur. VII, árið 1185.  
IV. Konungsannáll: Nautdauðsvetur. Kom ekki skip af Noregi til Íslands. V, VIII, IX.

**1188** V. Skálholtsannáll: Eldsuppkoma í Trölladyngju.  
IX. Flateyjarbókarannáll: Vatnavetur.

**1190** IV Konungsannáll: Þá fór Ásmundur kastanrasi utan, og hvarf skipið. I, III, V, VII, IX.

**1191** I. Resensannáll: Vatnavöxtur. III, V, VII árið 1190, VIII.

**1192** III. Høyersannáll: Manddauður mikill. ... Dreif hross í héruðum hálfum mánuði fyrir vetur. Dó í norðlendingafjórðungi af sótt og sulti 20 hundraða manna frá veturnóttum til fardaga.



**1193** IV. Konungsannáll: Myrkur x kl. maij. VIII.  
V. Skálholtsannáll: Myrkur hið mikla x. kal. maij. IX.

**1194** I. Resensannáll: Svalbarðsfundur [líklega er hér um Jan Mayen að ræða]. III, IV, V, VIII, IX.

**1196** IV. Konungsannáll: Manntapavetur. V.

**1197** IV. Konungsannáll: Óöld mikil og ísalög. (Á við Noreg). IX. Skiptjón Jóna tveggja.  
Skiptjón Jóna tveggja.  
VII. Lögmansannáll: Svo mikið ofviðri að braut niður skóga Gereonis messu. IX árið 1192.  
Guðmundar saga dýra: Um þingið [í byrjun júlí] var veðráttu ill og ofanföll. (Sturl. I, bls. 154).

**1198** III. Høyersannáll: Fellivetur mikill í Noregi og ísalög. (Á við árið 1197).

**1199** IV. Konungsannáll: Flóð hið mikla. V, IX.

**1200** Prestasaga Guðmundar Arasonar: Þann vetur er Guðmundur prestur var á Víðimýri var vetur mikill og horfði mörgum mönnum þunglega. (Sturl. I, bls. 177).

**1201** IV. Konungsannáll: Hvarf skip Hallvarðar, og voru á xxx manna. V, IX.

**1202** IV. Konungsannáll: Frostavetur. IX.

**1203** I. Resensannáll: Býsnasumar. IV, V, VII, VIII.  
III. Høyersannáll: Býsna sumar. ... Þá lágu ísar við land Mario messu hina fyrri svo ekki fékkst tilgangs af sjó í Saurbæ. Gengu 30 manna úr Flatey til lands á ísi fyrir Seljumannamessu.

**1206** IV. Konungsannáll: Eldur hinn þriðji í Heklufelli. I, III, IV, V, VII, IX árið 1204.

**1209** III. Høyersannáll: Farsumar illt. IX.  
IV. Konungsannáll: Þá týndist Hörva garpurinn og Þjótargreppurinn en ij skip önnur rak til Grænlands, skip Jóns ríka og Ketils stama. V, IX.

**1210** IV. Konungsannáll: Skiptjón Steinbjarnar. V.

**1211** III. Høyersannáll: Land skjálfti. 14 menn létust. Vetur hinn góði.  
V. Skálholtsannáll: Góði vetur. Vætu sumar. Landskjálfti fyrir sunnan land. Í þeim landskjálfta létust xiiij menn. Eldur kom upp úr sjó fyrir Reykjanesi, Sörli Kolsson fann Eld eyjar. IV, VII, VIII, IX.  
Páls saga biskups: Þá varð landskjálfti mikill inn næsta dag fyrir Seljumannamessu, og létu margir menn líf sitt, og féllu ofan alhýsi á fjölda bæjum og gerði ina stærstu skaða. Þá var og þerraleysi ið mesta, og urðu stórskaðar á því. (Bisk, II, 326).

**1213** IV. Konungsannáll: Týndist skip Ólafs stirfils. V, IX.  
Hrafns saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka: Hrafn var vanur að láta vaka yfir bæ sínum og halda vörðu en það kveld er þeir Þorvarður höfðu komið af heiðinni spurði Hrafn heimamenn sína hvort þeir vildu ei hafa vörð en þeir svöruðu og kváðu ei mundi þurfa vörð að halda er fjúk var úti, og sögðu að ei mundu menn gera til þeirra um langaföstu. (Sturl. II, bls. 926).

**1219** IV. Konungsannáll: Þá kom ekki skip af Noregi til Íslands. VIII.

**1221** V. Skálholtsannáll: Sén cometa. (*Petta var Halley halastjarnan og var hún í sólnánd 28. sept. 1222, eftir AH. bls. 88*).

**1222 I.** Resensannáll: Sól rauð. III.

IV. Konungsannáll: Sén cometa. Eldur hinn fjórði í Heklufelli. V, VII.

VIII Gottskálksannáll: Sól rauð. Eldur í Heklu fellu. IX. Flateyjarbókarannáll: Sén cometa. Sól varð rauð að sjá. Bardagi í Grímsey og drukknan tuttugu manna og sjö. Eldsuppkoma hin fjórða í Heklufelli.

Íslendingasaga: Þetta sumar ... tók sótt Sæmundur í Odda og andaðist inn sjöunda idus novembris. Það sama haust og öndverðan vetur sást oft stjarna sú er kómeta heitir. Þá sýndist og sólin rauð sem blóð. (Sturl. I. bls. 284).

Guðmundar saga Arasoar hin eldri: Snorri tók lögsögu, sén kómeta, rauð sól...“ (Tilvitnað eftir AH. bls. 88).

**1223 V.** Skálholtsannáll: Týndist skip Auðbjarnar og voru á lxi manna en eigi var hann á. I, III, IV, IX .

**1226 I.** Resensannáll: Eldsuppkoma fyrir Reykjanesi III, VII.

IV. Konungsannáll: Eldur í sjó fyrir Reykjanesi. Myrkur um miðjan dag. Manntapi á Breiðafirði.

V. Skálholtsannáll: Manntapi á Breiðafirði. Eldur fyrir Reykjanesi. Vætu sumar.

VIII Gottskálksannáll: Eldur fyrir Reykjanesi. Manntapi á Breiðafirði.

IX. Flateyjarbókarannáll: Eldur í sjó fyrir Reykjanesi. Myrkur um miðjan dag. Manntapi á Breiðafirði.

Íslendinga saga: Sumar þetta var illt og votviðrasamt. Kom upp eldur úr sjónum fyrir Reykjanesi. (Sturl. I , bls.296-97).

**1227 I.** Resensannáll: Sandvetur. VII.

IV. Konungsannáll: Sandvetur. Skiptjón Jóns Péturs sonar. Manndauði mikill. IX.

V. Skálholtsannáll: Sandvetur. Skiptjón Jóns fagra og allra manna með.

Íslendinga saga: Þessi vetur var kallaður sandvetur og var fellivetur mikill og dó hundrað nauta fyrir Snorra Sturlusyni út í Svignaskarði. (Sturl. I , bls. 300).

**1229 IV.** Konungsannáll. Hríðir um alþingi. IX.

**1232 I.** Skipatjón iii á Íslandi. III, VIII.

IV. Konungsannáll: Skipbrot fyrir sunnan land.

V. Skálholtsannáll: Skiptjón fyrir sunnan land og mikið manntjón.

IX. Flateyjarbókarannáll: Braut fimm skip fyrir sunnan land, og týndust þrír menn hins sétta tugar og mikið fé.

**1233 IV.** Konungsannáll: Hafísar allt sumar.

V. Skálholtsannáll: Jökulvetur hinn mikli. Hafísar allt sumar.

IX. Flateyjarbókarannáll: Hafísar allt sumar.

Íslendinga saga: Þessi vetur var harður og illur og héldu menn illa víða um héruð. (Sturl. I , bls. 347).

**1234 IV.** Konungsannáll: Flóð hið mikla og skipabrot. IX.

**1236 V.** Skálholtsannáll: Eclipsis solis víða um Ísland það sumar.

VII. Lögmansannáll: Ecklipsis solis áður um sumarið.

VIII Gottskálksannáll: Eclipsis solis iij nonas augusti.

Íslendinga saga: Þar [í Æðey] var hörð vist því að vor var illt en vetur allgóður. Fjórtán hestar dóu í Æðey uppstigningardag meðan menn voru að mat. Til landauðnar horfði í Ísafirði áður fiskur gekk upp á Kvíarmið. (Sturl. I , bls. 377).

**1238 III.** Høyersannáll: Eldsuppkoma fyrir Reykjanesi. I, IV, V, VIII, IX.

Íslendinga saga: Sturla reið til Apavatns með allan flokkinn snemma dags. Létu menn hesta sína á gras því að eigi skorti áfanga og var það fyrir helguviku. Það vor var allra vora best. (Sturl. I , bls. 399).

**1240 I.** Resensannáll: Sén cometa. (Stjarnan var í sólnánd 20. jan. 1240, eftir AH, bls. 89), VIII..

IV. Konungsannáll: Sén cometa. Eldur fyrir Reykjanesi. Landsskjálftar miklir fyrir sunnan land. V.

VII. Lögmannsannáll: SÉN COMETA. BÓLNASÓTT OG LANDSKJÁLFTI.

IX. Flateyjarbókarannáll: SÉN COMETA. SÓL RAUÐ. Eldur fyrir Reykjanesi. Landskjálftar miklir fyrir sunnan land.

Hákonar saga Hákonarsonar: Það var níu nóttum eftir jól er konungur gekk um kveld eitt út og var heiðviðri á. Hann sá undarlega stjörnu meiri en aðrar og ógurlegri og af sem skapt væri. Konungur lét kalla til sín meistara Vilhjálms og er hann kom og sá stjörnuna mælti hann: „Guð gæti vár, þetta er mikil sýn. Þessi stjarna heitir Cómeta og sýnist fyrir fráfalli ágættra höfðingja, ella fyrir stórum bardögum“ ... Þessi stjarna var sýn á mörgum löndum um veturinn.“ (Tilvitnað eftir AH. bls. 89).

**1242** Þórðar saga kakala: Svo var veðri farið er þeir riðu á heiðina að um morguninn var á krapadrífa og vindur lítill og urðu menn alvotir, En er á leið daginn tók að frysta. Hljóp þá veðrið í norður. Gerðist þá hríð svo grimm sakir myrkurs og frosts að sjaldan verða þvílíkar. Leið ei langt áður þeir vissu eigi hvar þeir fóru, Dróst þá liðið mjög af kulda. ... Urðu þar svo miklar hrakningar að margir menn týndu vopnum sínum og fengu eigi á haldið fyrir kulda. Gengu þá þegar nokkurir menn til heljar en margir meiddust til örkuðla. (Sturl. II, bls. 477).

Þórðar saga kakala: Nú er frá því að segja að Þórður sigldi vestan á Flóa. Og er þeir voru komnir á miðjan flóann þá mælti maður á skipi Ketils Guðmundarsonar er Þorgeir hét og var kallaður krúnusylgja, hann leit til hafs út og spurði hvort selar lægju á ísnum. Og er fleiri menn sjá þetta segja þeir að þar sigldu skip Kolbeins. (Sturl. II, bls. 515). – (Þessi fræga frásögn virðist af orðalaginu fremur vera orðaleikur um menn Kolbeins en raunveruleg frásögn um hafís á Húnaflóa um Jónsmessuleytið).

**1245** I. Resensannáll: Eldsuppkoma í Sólheimajökli. III, IV, V, IX.

**1246** Þórðar saga kakala: Oft sást stjarnan Cómeta um veturinn. (Sturl. II, bls. 534).

**1248** IV. Konungsannáll: Skipbrot fyrir Krýsuvík.

V. Skálholtsannáll: Skipbrot fyrir Krýsuvík, létust viij menn. IX.

**1252** Þorgils saga og skarða: Sturla og Hrafn ... riðu með flokk sinn sem ákafast. Tók þá veður að þykkna. Gerði á barviðri og regn mikið og hið mesta illviðri með áköfum stormi. Riðu þeir þar til er þeir komu ofan með Ölfusvatni í Stýfingadal. Komu þá í móti þeim njósnarmenn þeirra og segja að Ölfusá er ofan hlaupin með ísi og væri langt um ófæra. [Þetta mun hafa gerst í árslok 1252] (Sturl. II, bls. 607).

Þá tók af snjó allan og var lengstum þítt og vötn mikill. En kyndilmessu var veður allgott ... (Sturl. II, bls. 611).

Reið Þórður suður um páskavíku og Ingimundur Böðvarsson. Og er þeir komu suður á heiði tók að drífa og féll snjór svo mikill að hestarnir máttu eigi vaða. (Sturl. II, bls. 615). Þessir atburðir gerðust rétt eftir páska sem voru 20. apríl. Nokkrum dögum seinna í sögunni segir: Um nóttina kom á hríð mikil. (Sturl. II, bls. 615).

Svínfellinga saga: Það var eitt sinn þá er á leið veturinn fyrir langaföstu að hann [Ögmundur Helgason] sendi mann til Sæmundar [Ormssonar] með bréfi. Stóð þar í ... „Far og heldur fámennur um héraðið nú, er hallæri er mikið á komið því að nú er vetrarríki mikið og er bæði illt til matar og heyja.“ (Sturl. II, bls. 560).

**1253** I. Resensannáll: Skiptjón Eysteins hvíta. III, IV, VIII.

V. Skálholtsannáll: Skiptjón Eysteins hvíta fyrir norðan land.

Þorgils saga skarða: Pálmessudag var mikil drífa og myrkur mikið. (Sturl. II, bls. 611).

Íslendinga saga: Þá var vetur svo góður að menn mundu eigi slíkan. (Sturl. II, bls. 644).

**1254** Íslendinga saga: Braut riðu þeir [Gissur Þorvaldsson og menn hans] þaðan af Öxnahóli og fundust þar niðri á eyrunum. Frostviðri var á um nóttina og kalt veður. (Sturl. II, bls. 646).

**1256** III. Høyersannáll: Þrjú skip braut á Eyrum.

**1258** III. Høyersannáll: Skiptjón Sindra. IV.

VIII. Gottskálksannáll: Skiptjón Eyjólf's auðga og Sindra.

Porgils saga skarða: Gaf þeim [Sighvati og Sturla í Skagafirði] veðráttu svo illa að menn vissu eigi dæmi til að jafnhart vor væri. (Sturl. II , bls. 741).

**1259** III. Høyersannáll: Snæfall fyrir Lárentiusarmessu.

IV. Konungsannáll: Skriða hljóp í Búðardal, vij menn létust. V.

IX. Flateyjarbókarannáll: Skriða hljóp í Búðardal, og létust sjö menn. Snjófall mikið fyrir Lárentiusarmessu og hallæri.

**1260** I. Resensannáll: Landskjálfti hinn mikli norður í Flateyju. III,V, IX.

V. Skálholtsannáll: Elding með reið drap einn í skálanum í Vesturholtum og iijj naut.

**Um 1240-1263** Konungs skuggsjá: En í því sama hafi [Grænlandshafi] þá eru þó mörg fleiri undur, þó að þau megi ei með skrímslum telja, því að þegar er úr sækir hinum mesta háleik hafsins, þá er svo mikill gnóttur ísa í hafinu, að ég vita eigi dæmi til þvílíkra í öllum heiminum. Þeir ísar eru sumir svo flatir sem þeir hafi frosið í hafinu sjálfu, annað hvort fjögurra álna þjokkir eða fimm, og liggja svo langt undan landi, að það verður annað hvort fjögurra daga ferða eða fleiri, er menn fara að ísnum. En þeir ísar liggja meir í landnorður eða til norðurs fyrir landinu heldur en til suðurs eða útsuðurs eða vesturs. Og fyrir því skal um landið sigla, hver er landinu vill ná, til útsuðurs og vestur til þess, er hann er umkominn alla þessa ísa von og sigla þaðan og til landsins. ... Ísar þessir eru undarlegir að náttúru. Þeir liggja stundum svo kyrrir, sem von er að, með sundurslitnum vökum eða stórum fjörðum, er stundum er svo mikil ferð þeirra og ákóf, að þeir fara eigi seinna en það skip, er gott byrleiði hefir. Og fara þeir eigi sjaldnar móti veðri en fyrir, þegar sem þeir taka ferðina. (Bls. 54-55).

**1261** I. Resensannáll: Hafís umhverfis Ísland. III, IV, V, IX.

Íslendinga saga: Þá var mikill vetur og felldu menn mjög fé sitt. (Sturl. II , bls. 749).

**1262** IV. Konungsannáll: Eldur í Sólheimajökli. V.

V. Skálholtsannáll: Eldsuppkoma í Sólheima jökli og fylgdi myrkur svo mikið að fal sól. IX.

**1263** IV. Konungsannáll: Eclipsis solis nonas augusti.

V. Skálholtsannáll: Eclipsis solis Nonas augusti luna xxvij.

**1264** V. Skálholtsannáll: Manntapi mikill fyrir Rosmhvalanesi. Eldur... (hér er eyða í handriti).

**1266** IV. Konungsannáll: Þá braut Grænlandsfar á Hítarnesi, xli menn létust. VIII, IX. árið 1265.

**1274** VIII. Gottskálksannáll: Drepnir hvítabirnir ij og xx á Íslandi.

**1275** VIII Gottskálksannáll: Veiddir á Íslandi hvítabirnir vij og xx. Kringdi hafís nær um allt Ísland og þá fylgdi sandfellir í sumum stöðum.

**1276** II Fornianáll: Drukknar Þórðar Rafnssonar iij kal. Junij, cum siciis suis xi. Braut knörr hinn mikla við Vestmannaeyjar. Eclipsis solis. IX.

III. Høyersannáll: Braut knarr við Vestmannaeyjar.

**1284** IX. Flateyjarbókarannáll: Sótt mikil, fjárdauði, og dó margt fólk í sulti og margir bæir eyddust.

Árna saga biskups: Þenna vetur ... kom mikið hallæri fyrir norðan land ... kom og vetri síðar suður um land. (Bisk. III, 136).

Lárentius saga biskups: Fjárnfellir og dóu margir menn af sulti á Íslandi og auðn margra bæja. (Bisk. III, 230).

**1285** II. Fornianáll: Fannst land vestur undan Íslandi. VIII, IX. (Hér hlýtur að hafa verið um eldgosaeypju að ræða sem síðan hefur horfið í hafið).

**1287 VII.** Lögmanssannáll: Á þessum tíma komu harla stórir vetur margir í samt og manndauði af sulti eftir það.

VIII Gottskálksannáll: Skipa brot um Breiðafjörð og sjóvar gangur hinn mikli.

**1291 I.** Resensannáll: Fellivetur eymuni hinn mikli. IX, árið 1290.

II. Forniannáll: Snævetur mikill. III, IX og 1290 er þar talað um fellivetur en líklega er þetta einn og sami veturinn.

III. Høyersannáll: Snjóvetur mikill.

IV. Konungsannáll: Jökulvetur mikill og felli vetur.

V. Skálholtsannáll: Fellivetur hinn mikli.

VIII Gottskálksannáll: Mikli vetur.

**1293 I.** Resensannáll: Skriða hljóp í Fagradal.

III. Høyersannáll: Hljjóp skriða á Bæ í Fagradal. Týndust 12 menn. V.

V. Skálholtsannáll: Skriða hljóp í Fagradal og létust xi menn. I, árið 1294, IV árið 1294, IX árið 1294.

VIII Gottskálksannáll: Þurrk sumar. Grasleysi mikið. Manntapi í Fagradal.

**1294 III.** Høyersannáll: Varð landskjálfti mikill fyrir sunnan land, að bæir féllu ofan á Rangárvöllum.

Hallvarðs messu dag heyrðu menn brest mikinn í loftinu og víða um land sást ljós í loftinu vaxið sem kerti. [Þetta hefur líklega verið loftstein] Þann sama dag braut skip fyrir Mýrum það sem Kjölur var kallað. Vor gott.

IV. Konungsannáll: Spratt jörð í sundur í landskjálfta á Rangárvöllum og Rangá féll úr farvegi sínum og hús féllu ofan af landskjálfta, en brunnar urðu ásýndar sem mjólk um iij daga í Flabjarnarholti.

IV. Konungsannáll: Skriða hljóp í Fagradal. Þar létust xi menn. Spratt jörð í sundur í landskjálfta á Rangárvöllum og Rangá féll úr farvegi sínum og hús féllu ofan af landskjálfta, en brunnar urðu ásýndar sem mjólk um iij daga í Flabjarnarholti. IX.

V. Skálholtsannáll: Sprakk jörð í sundur í land skjálfta á Rangárvöllum og Rangá féll úr farveg sínum og braut hús manna. Á Lúkas messu dag heyrðist brestur mikill í loptið víða um Vestfirðingafjórðung og sást ljós fljúga í loptinu vaxið sem ör.

VII. Lögmanssannáll: Braut Kjöllinn við Mýrar, önduðust viij menn. Landskjálfti mikill.

VIII Gottskálksannáll: Landskjálfti hinn mikli. Rangá féll úr sínum farveg og hús féllu ofan af landskjálfta.

**1295 III.** Høyersannáll: Hvalavetur mikill.

IV. Konungsannáll: Braut Kjöl í Borgarfirði. Þar létust xiiij menn. VIII, IX.

**1298 VII.** Flateyjarbókarannáll: Sén cometa. IX. (Þessi halastjarna mun líklega vera stjarna er sást í ársbyrjun árið eftir en ótryggar heimildir geta þó um halastjörnu 1298, eftir AH. bls. 90).

**1299 III.** Høyersannáll: Týndist Holta (bjarna) busa við Færeyjar. Lést hálfur fjórði tugur manna. (IV, V, VII, IX).

IX. Flateyjarbókarannáll: Braut Holta-Bjarna busu við Færeyjar, og týndust fimm tigur manna.

**1300 II.** Forniannáll: Eldsuppkoma í Heklufelli. Sandkoma fyrir norðan land og öskufall og myrkur mikið. Landskjálfti fyrir austan ár.

III. Høyersannáll: Landskjálfti mikill svo að margir bæir hvurfu niður. Hallæri mikið fyrir norðan land, mátti treglega slá fyrir öskufalli og sandfalli. Hinn fimmta idus Julí mánaðar kom upp hinn fimmti jarðeldur sunnan í Heklufelli. Sandur kom fyrir norðan land og öskufall og myrkur mikið. Landskjálfti fyrir austan ár.

IV. Konungsannáll: Eldur hinn fimmti í Heklufelli iij jdu julij. Landskjálfti fyrir sunnan land og myrkur víða um héruð og sandfall mikið og hallæri og margir bæir hröpuðu niður af landskjálfta.

V. Skálholtsannáll: Eldur hið v. í Heklufelli og land skjálfti fyrir sunnan land og myrkur víða um héruð af sandfalli mikið. Eldurinn var uppi nær xij mánuði. Mannfall fyrir norðan land, bæði fyrir jól og eftir. Létust eigi færri en d. manna. Sén cometa um allt Ísland og í Noregi.

VII. Lögmansannáll: Eldsuppkoma í Heklufellum með svo miklu afli að fjallið rifnaði svo að sjást mun meðan Ísland er byggt. Í þeim eldi léku laus björg stór sem kol á afli svo að af þeirra samkomu urðu brestir svo stórir að heyrði norður um land og víða annars staðar. Þaðan fló vikur svo mikill á bæinn í Næfurholti, að brann þak af húsum. Vindur var af landsuðri sá er bar norður yfir landið sand svo þykkann að á meðal Vatnsskarðs og Öxarheiðar með svo miklu myrkri að engi maður vissi hvort var nótt eða dagur úti né inni meðan niður rigndi sandinum á jörðina og huldi svo alla jörðina af sandinum. Annan dag eftir fauk svo sandurinn, að menn fátu trautt leiða sína í sumum stöðum. Þessa tvo daga þorðu menn eigi á sjó róa fyrir myrkri fyrir norðan land. Þetta gjörðist iij idus júlí. Ítem séttu nótt jóla varð landskjálfti svo mikill fyrir sunnan land, að jörðin skalf víða. Féll bær í Skarði hinu eystra. Þar í kirkjunni var mikill málpottur festur við brúnásinn. Honum barði svo ræfur kirkjunnar af skjálftanum, að braut pottinn. Kistur tvær stóðu og í anddyrinu. Þeim barði saman svo af landskjálftanum, að báðar braut í smán mola. IX.

VIII Gottskálksannáll: Eldur hinn v í Heklu fellum. Landskjálfti og sandfall mikið.

Lárentíus saga biskups, A: Á þessu ári gjörðist það til tíðinda á Íslandi að eldur kom upp úr Heklufellum með svo miklu afli að fjallið rifnaði svo að sjá mun mega meðan Ísland er byggt. Í þeim eldi léku laus björg, stór sem kol á afli, svo að í þeirra samkomu urðu brestir svo stórir að heyrði norður um land og víða annars staðar. Þaðan sló vikur svo mikið í Næfraholti að brann þak af húsum. Vindur var af landsuðri svo að bar norður yfir landið svo þykkann að á meðal Vatnsskarðs og Öxarfjarðarheiðar með svo miklu myrkri að engi maður vissi, hvort var nátt eða dagur, úti eða inni meðan niður rigndi sandinum að menn fátu trautt leiða sinna í sumum stöðum. Þessa tvo daga þorðu menn eigi á sjó að róa fyrir myrkri fyrir norðan land. Þetta gjörðist mánuð idus Julii. ... Ítem séttu nátt jóla varð landskjálfti svo mikill fyrir sunnan land jörðin skalf víða svo að kirkjunnar rauf af skjálftanum að portin braut [setningin er brengluð]. Kistur tvær stóðu í anddyrinu í Næfurholti, þeim barði saman svo af landskjálftanum, að þær brotnuðu í smán mola, og votta svo allir annálar að þá liðið var frá hingaðburð vors herra Jesú Kristí tíu hundruð og þrjú hundruð ára. (Bisk. III, 249-250, A handrit sögunnar en í B handriti segir frá á líkan hátt, (Bisk. III. bls. 249-250).

**1301** II. Forniannáll: Són cometa. (Þetta var Halley stjarnan sem var í sólnánd 25. okt. 1301m eftir ÁH, bls. 97).

III. Høyersannáll: Són kómeta víða bæði á Íslandi og í Noregi. Mannfall fyrir norðan land fyrir jól og eftir og féllu (eigi) færri en fimm hundruð. Skriða hljóp í Dýrafirði og létust 6 menn.

IV. Konungsannáll: Són cometa bæði í Noregi og á Íslandi. Mannfall fyrir norðan land fyrir jól og eftir og féll eigi færri en ( d manna.)

V. Skálholtsannáll: Són cometa um allt Ísland og í Noregi.

VII. Lögmansannáll: Manddauður hinn mikli í Fljótum og í Skagafirði. Kómeta var sýn af Kaupmönnum í hafi um Mikjálsmessuskeið. Sýndist hún þeim meiri og dökkvari en aðrar stjörnur var var kleppur niður og fór hún hvern aftan er þeir sáu hana öfugt frá landnorðri til norðurs. Ítem fyrir sunnan land var sýn kómeta hálfan mánuð nær veturnáttum. IX. (Þarna voru tvær kómetur á ferð og var hinn fyrri Halley, eftir AH bls. 90-92). IX.

**1303** IV. Konungsannáll: Veður braut skip undir Eyjafjöllum.

V. Skálholtsannáll: Veður braut kirkju í Holti undir Eyja fjöllum. IX.

**1304** VII. Lögmansannáll: Skipa tjón og manna er rak undan landinu við Hornstrandir í stormi furðu miklum næsta dag eftir Pétursmessu um sumarið. Var þetta mikill fjöldi manna er á sjó höfðu róíð. IX.

**1306** II. Forniannáll: Braut skip norður við Melrakkaslétu og týndust nær 70 manna.

III. Høyersannáll: Týndist hafskip fyrir norðan land.

IV. Konungsannáll: Skipbrot við Melr(akka)slétu og týndust þar af nær lxx (manna). Frost svo mikil í Þýðversku landi og í Frans sem þá er stærra lagi eru í Noregi og menn gengu af Rauðstokk til Danmerkur yfir Eyrarsund. Hafis fyrir norðan land allt sumar xv álna hár. Braut skip fyrir Eyrum. V, VIII, IX.

VII. Lögmansannáll: Braut skip Eysteins refa glóps týndust allir menn þeir sem á voru, nær lxx manna.

**1308** II. Forniannáll: Landskjálfti mikill fyrir sunnan land. V.

III. Høyersannáll: Landskjálfti mikill fyrir sunnan land svo að víða rifnaði jörðin. Margir bæir féllu ofan.

IV. Konungsannáll: Landskjálfti fyrir sunnan land og féllu xviiij bæir. V, VII.

VIII: Gottskálksannáll: Kom landskjálfti mikill fyrir sunnan á Íslandi. Féllu bæir margir og dóu bæði menn og fénaður.

IX. Flateyjarbókarannáll: Landskjálfti fyrir sunnan land, og féllu niður átján bæir, en sex menn dóu.

**1309** III. Høyersannáll: Þá brann og Jóns kirkja í Latran í Róm tveim nóttum síðar en í Skál holti.

V. Skálholtsannáll: Brann Jóns kirkja í Látran og Skála holts kirkja með einum atburð og á einum tíma hvortveggi af loftlegum eldi um nóttina fyrir næsta dag ante conversionem Pauli.

VII: Lögmannsannáll: Vor það kallað manndauðavor.

VIII Gottskálksannáll: Tveim nóttum fyrir Páls messu um veturinn nær miðnætti laust logandi elding stöpulinn í Skálholti með svo mikilli ákefð að á einni stundu brann upp öll kirkjan með klukkum öllum og skriptum og flestum öllum skrudá nema hinum bestu höklum. Sótt mikill og manndauði fyrir norðan land. Hófst sótt og nokkur manndauði fyrir sunnan land en drepsótt fyrir norðan.

IX. Flateyjarbókarannáll: Brann kirkja í Skálholti fyrir Pálsmessu af lofteldi og húsbúnaður staðarins nær allur, bækur og kantarakápur. Kaleikum var borgið flestum og höklum. Episcopalia brunnu. Skríni hins heilaga Þorláks varð borgið með helgum dómi hans. Þótti það flestum undur, á hversu lítilli stundu kirkjan brann.

Laarentíus saga biskups, A : Var það kallað manndauðavor. (Bisk. III, 304).

Lárentíus saga biskups, B: Það var kallað manndauðavor. (Bisk. III, 304).

**1310** III. Høyersannáll: Voru fjórar sólir til í senn í Vestfjörðum. Kverka sótt, stinga sótt, bólna sótt, augna verkur. Manndauði mikill.

V. Skálholtsannáll: Manndauði mikill um allt Skálholts biskups dæmi. ... Bólna sótt, kverka sótt, stinga sótt. Manndauði mikill.

VIII Gottskálksannáll: Manndauði mikill fyrir sunnan land og sótt með þrennu móti, landfar sótt, bólna sótt og kverka sótt.

**1311** VIII Gottskálksannáll: Landskjálfti á Íslandi næsta drottins dag eftir jól í nokkrum stöðum. Aðra drottins nótt hina næstu eftir rigndi sandi og ösku víða á Íslandi. Þriðju drottins nótt næstu fyrir Páls mesu sást ljós mikið á himni nær um alla nótt um norður það er tók meir upp en á miðjan himinn mjög ókyrrt og svo mikið að ljóst gjörði í húsum. IX.

**1312** IV. Konungsannáll: Þerrileysu sumar.

V. Skálholtsannáll: Eclipsis solis iij nonas julij.

VIII Gottskálksannáll: Þerrileysu sumar svo mikið um allt Ísland að hvergi heyjaðist nokkuð það er vert væri fyrir Maríu messu fyrri en víðast lítið fyrir hina síðari og öngvir mundu jafnlita heyönn orðið hafa. Skipum fórst lítt, iij urðu aftur reka í Eyjafirði. Skip kom í Reyðarfjörð í Austfjörðum, krossbusan í Vestmannaeyjum, en Bjarnar langurinn í Gautavík. Býsna boðið í Vatnsfirði og varð úti margt manna og dó en sumir örkumluðust. IX.

**1313** IV. Konungsannáll: Hrossfellivetur. VII árið 1314.

V. Skálholtsannáll: Snjó vetur allmikill um allt land og þar með fjárfellir.

VIII Gottskálksannáll: Hríðir og fjárfellir mikill á Íslandi svo að víða um sveitir urðu menn mjög svo snauðir af kvikfé og mest hrossa fé.

IX. Flateyjarbókarannáll: Hallæri mikið á Íslandi.

**1314** V. Skálholtsannáll: Mannfall svo mikið í sult fyrir sunnan land af fátæku fólki að komu ccc líka til Strandarkirkju í Selvogi, á öðru hundraði í Skálholti og margt til hveerrar kirkju.

**1315** V. Skálholtsannáll: Þurku sumar. VIII.

**1316** VIII Gottskálksannáll: Sást cometa á himni á Íslandi oftliga frá fyrstu jóla nótt allt til purificationem beate Marie. [Stjarnan sást sem sagt frá 25. des. 1315 til 2. febr. 1316] Kom flóð svo mikið á Maríu messu

síðari um sumarið að xv náttu gömlu tungli að sjór féll inn í allar hinar fremri búðir á Eyrum suður þar er menn mundu ei fyrr orðið hafa.

**1318:** IV. Konungsannáll: Kirkjubrot í Skálholti, bætt inn í með yngri rithendi.

V. Skálholtsannáll: Veður braut stöpul og kirkju í Skálholti á Þorláksmessu dag fyrir jól. VIII, IX.

**1319** V. Skálholtsannáll: Hafísar fyrir Aust fjörðum og Síðunni

**1320** IV. Konungsannáll: Þetta vor týndist skip í ísum fyrir Austfjörðu og komust af menn allir. V.

V. Skálholtsannáll: Skip tjón í ísum fyrir Austfjörðum og komust allir menn á land heilir og lífs.

VII. Lögmansannáll: Braut skipið Skankann um vorið í hafísnum fyrir Austfjörðum.

VIII Gottskálksannáll: Hafísar lágu umhvefis Ísland fram um mitt sumar. Fórst iii hafskip við Ísland, eitt fyrir Austfjörðum í hafísi og komust allir menn á land með báti. Annað braut í landtöku við Eyrar, þriðja sökk niður fyrir norðan Langanes. Kirkju brot í Steinum uppi í Þorskafjarðarþingi.

IX. Flateyjarbókarannáll: Braut skipið Skankann fyrir Austfjörðum. Braut Grandabusu fyrir Melrakkaslétu. Drukknuðu þar af þrír menn.

Lárentíus saga biskups, A: Var mikið hallæri um veturinn og veður ofsahörð og lágu við hafísar. (Bisk. III. 339-340).

Kom Skankinn viður Austfjörðu; braut skip það í ísum. Bisk. III, 341.

Lárentíus saga biskups, B: Var um veturinn mjög hart með mönnum; voru víða hafísar og veðráttu mjög hörð. (Bisk. III, 340).

Um vorið braut Skankann í ísum fyrir Austfjörðum. (Bisk. III, 341).

**1321** IV. Konungsannáll: Hvítabjörn kom af ísum norður á Ströndum og drap viij menn og reif alla í sundur en hann var drepinn á Vítalismessu á Straum nesi.

V. Skálholtsannáll: Kom hvítabjörn mikill af ísum norður á Ströndum og drap viij menn í Heljarvík og reif alla í sundur og át upp suma alla.

VII. Lögmansannáll: Óarán mikið á Íslandi og dóu menn víða af sulti. IX.

VIII Gottskálksannáll: Kom hvítabjörn mikill af haf ísum norður á Ströndum og drap viij menn í Hælurvík og reif alla í sundur og át suma. Hann var drepinn á Straumnese Vitalismessu. IX.

**1323** VII. Lögmansannáll: Vetur allharður og svo vorið. Batnaði með Jóns messu Hóla biskups. IX.

VIII Gottskálksannáll: Sást dróg á himni í útsuður björt sem tungl.

Lárentíus saga biskups, A: Var þá svo harður vetur og vorið að fjárfellir varð; kom þá enn bati að Jónsmessu Hólabiskups. (Bisk. III, 358).

Lárentíus saga biskups, B: Vísiteraði hann vestursveitir um vorið og var þá mjög hörð veðráttu og fjárfellir... Að Jónsmessu Hólabiskups kom enn góður bati á veðráttu. (Bisk. III, 358).

**1325** VII. Kom hann [Lárentíus Hólabiskip] um haustið á Eyrum. Kom það skipt eitt til Íslands.

**1326** IV. Konungsannáll: Kom ekki skip til Íslands. Tók upp Marrkarfljót svo að það tók eigi meir en í kné um stund dags.

V. Skálholtsannáll: Veður braut kirkju á Breiðabólstað í Fljótshlíð og aðra kirkju í Holti undir Eyjafjöllum. Þá kom ekki skip til Íslands.

VII. Lögmansannáll: Skiplaust á Íslandi.

VIII Gottskálksannáll: Kom ekki skip til Íslands en iiij sigldu í burt. Braut kirkju á Breiðabólstað í Fljótshlíð fyrir ofviðri laugardag fyrir páska. En Markarfljót tók upp svo að það tók í kné um eina stund dags. IX.

**1327** V. Skálholtsannáll: Dó svartfygli svo margt í vestfjörðum að eyddist fugl bergið um sumarið.

III Gottskálksannáll: Féll niður svartfygli um Strandir norður svo að mikill fjöldi fannst liggja saman víða um fjörur og á sjó fljóta en fuglaberg eyddist af því um sumarið. IX.

VII: Skiplaust á Íslandi.



**1328 IX.** Varð eclipsis solis víða um Ísland.

**1330 IV.** Konungsannáll: Grasleysusumar. Myrkur svo mikið um sumar að menn sáu eigi að slá, en myrkt nær í húsum með öllu.

V. Skálholtsannáll: Hinn góði vetur. Eclipsis solis xvij kal augusti hora nona. Manntapi í Grímsey.

VI. Annálabrot frá Skálholti: Varð eclipsis (!) solis. Drukknaði Bergþór prestur við xijta mann af Grímsey.

VII. Lögmansannáll: Varð eclipsis solis víða um Ísland.

IV. Konungsannáll: Kom upp eldur í Hekklufelli með óári og öskufalli og eyddust margar byggðir. Myrkur svo mikið um daga sem um nætur á vetri.

VIII. Gottskálksannáll: Hinn góði vetur. Grasleysusumar. Eclipsis solis xiiii kal augusti.

IX. Flateyjarbókarannáll: Þá kom hvítadagshríð um allt land í fardögum. Þá varð hinn mesti fjárfellir.

Grasleysusumar. Manntapi í Grímsey.

**1331 IV.** Konungsannáll: Hallæri mikið um allt land.

V. Skálholtsannáll: Fellivetur hinn mikli. Manntapi í Vestmannaeyjum, ij N martij, drukknuðu xl viij manna. ... Óárán á korni á Íslandi.

VI: Annálabrot frá Skálholti: Hvítadaga hríð, frjárfellir.

VIII. Gottskálksannáll: Manntapi úr Vestmannaeyjum l karla og iiij kvenna iij barna ij nonas marcij. Hallæri mikið um allt land. IX.

Lárentíus saga biskups, A: Vetur þenna var mjög hörð veðráttá og varð heylitið á búum staðarins en margt kvikfé. ... Veðráttan tók að harðna og hélt svo sömu harðindum fram. Kom svo að sauðfénaður staðarins datt niður unnvörpum í megurð. (Bisk. III, 432, 435).

Lárentíus saga biskups, B: Vetur þessi varð mjög harður. ... Hélt hörð veðráttá allt til vors og í langaföstu datt niður fénaður staðarins unnvörpum af megurð og sulti. (Bisk. III, 432-33).

**1332 IV.** Konungsannáll: Sást eldur í austri nær um allt land ij nóttum fyrir ... [vantar] V.

V. Skálholtsannáll: Sást mikill eldur logandi í austri nær um allt land.

VI. Annálabrot frá Skálholti: iij skip létu af Eyrum og týndist i með mönnum og góssi en ij komust að Suðureyrjum, tóku landsmenn annað með góssi, en menn komust allir til Noregs á öðru. Eldsuppkoma með sandfalli suður á Síðu. Á sama tíma sást ljós út í hafi bæði fyrir sunnan og norðan land. Veðurátta góð.

VIII. Gottskálksannáll: Sást eldur logandi í austur átt nær um allt Ísland er bera þótti í sömu átt og jafn nær alls staðar er menn hyggja verið hafa í Knappafellsjökli.

IX. Flateyjarbókarannáll: Sást eldur í austri nær um allt Ísland tveimur náttum fyrir Barbörumessu.

**1334 V.** Skálholtsannáll: Braut Kross busuna fyrir Mýrum.

VI. Annálabrot frá Skálholti: Tók snjóskriða ij bæi fyrir norðan land og dó þar í xx menn og ij. Í þeirri skriðu lifði i stúlka xij dægur og komst lífs í brottu. Hríð kom Ólafsmessu síðari.

VIII. Gottskálksannáll: Braut Kross busuna fyrir Mýrum við Álftanes. VI.

**1335 IV.** Konungsannáll: Regn svo mikið Jakobsmessu að öll vötn .....

VI. Annálabrot frá Skálholti: Braut Krossbusus suður fyrir Mýrum.

VIII. Gottskálksannáll: Þá var Jakobsmessu regn hið mikla. Hlupu víða skriður stórar og urðu vötn svo stór að þau geystust úr farveg sínum. Þá tók heydes úr garði að eystra Skarði í Leirársveit.

IX. Flateyjarbókarannáll: Á því sumri kom vatnshríð mikil, svo að hross, naut og sauðfél dó á Rangárvöllum og um Skálholtssveit, svo að hundruðum skipti af sérhverju á tveimur dægum. Þennan vetur eftir jól kom snjóhríð svo mikil, að marga bæi í sveitum lagði undir. Svo féllu og hús niður fyrir sunnan land, og margir fengu stórskaða.

**1336 IV.** Konungsannáll: Þá kom enn vatnshríð svo mikil um vor að alls kyn fé dó af. Kom hríð svo mikil á Barbörumessu að menn komust eigi til fjárhúsa, af þeim snjó lagði ofan bæ undir Staðarfelli og austur í Skarði.

V. Skálholtsannáll: Á þessu sumri kom vatnshríð svo mikil að fjöldi allskyns fénaðar dó af svo hundruðum gegndi á tveim dægum á Rangárvöllum mest og um Skálholtssveit. Kom snjó hríð svo mikil um öll héruð

fyrir sunnan land á jóla föstu að í nokkrum stöðum lagði undir bæi svo að hús brotnuðu niður af þunga sjávarins og margir fengu stórkaða af. VIII, IX.

**1337** IV. Konungsannáll: Braut ij skip fyrir vestan Ölfusárós.

V. Skálholtsannáll: Braut ij skip fyrir Eyrum. Hjóp grjót skriða á Bæ norður í Myrkárdal, létust vij menn. Manntapi úr Flatey á Breiðafirði, drukknuðu xi menn. IX.

VIII. Gottskálksannáll: Hjóp grjót skriða á bæ norður í Myrkárdal og létust vij menn v. nonas octobris.

**1338** V. Skálholtsannáll: Týndist Þrænda skip norður fyrir Vogum með allri áhöfn utan v menn er komust á haf út með báti er fundnir urðu og fluttir til lands. VIII.

VI. Annálabrot frá Skálholti: Krafssinn braut um haustið við Hálogaland.

**1339** IV. Konungsannáll. Ecclipsis solis.

V. Skálholtsannáll: Landskjálfti hinn mikli laugardaginn í fardögum svo að víða í sunnlendingafjórungi féllu bæir ofan en fjöllin hröpuðu. Ecclipsis solis nonas julij hora sexta. ... Sá stjörnu á himni um miðdegis skeið. Hjóp skriða í Kjós á þan bæ er á Tindsstöðum heitir. Létust ix menn. Kom landskjálfti svo mikill fyrir sunnan land að mönnum og fénaði fleygði til jarðar.

VI. Annálabrot frá Skálholti: Landskjálfti svo mikill að ofan féllu l bæja og dó iij menn. Þá kom upp hver mikill í Henglafjöllum og víðara.

VII. Lögmansannáll: Varð ecclipsis solis um allt Ísland næsta dag fyrir Seljumannavöku. Á þessu ári kom og svo landskjálfti mikill fyrir sunnan land að fimmtugir bæja dattu ofan og dó þrír menn. Menn dattu og af baki á vegum úti og urðu að liggja meðan jarðskjálftinn var. Þá kom upp hver í Englafjöllum x faðma á hvern veg og var þar áður slétt jörð. Víðara komu og upp hverar fyrir sunnan land.

VIII. Gottskálksannáll: Hjóp skriða á bæ í Kjós er á Tindsstöðum heitir in festo Agate [Agötumessa er 5. febr.] og létust ix menn. Kom landskjálfti svo mikill fyrir sunnan land x. kal. Junij að mönnum og fénaði kastaði til jarðar svo að eigi mátti standa. Ónýttust hús víða svo að bæir eyddust mest um Skeið og Flóa og Holtamannahrepp. Jörðin rifnaði víða í [stór og] djúp dýki upp rennandi vatni. Hröpuðu fjöll en hamrar spruttu víða í sundur. Tók [upp] Holt í Holtamanna [hrepp] og setti niður út verpt í annað stað. Ecclipsis solis in festo Thome luna xxviiij. Sá lengi á himni um hádegi dags.

IX. Flateyjarbókarannáll: Kom landskjálfti svo mikill fyrir sunnan land x. Kal. Junii, að mönnum og fénaði kastaði til jarðar, svo að ónýttist. Hús féllu mest um Skeið og Flóa og Eystri-Rangár, en fjöldi bæja féllu allir til jarðar, eður tók hús úr stað. Létust nokkur börn og gamalmenni. Jörðin rifnaði víða til undirdjúpa, upp sprettandi heitt vatn og kalt. Hröpuðu fjöll, en hamrar sprungu víða í sundur. Úthverfðist Holt í Holtamannahrepp og færði úr stað. Ecclipsis solis in translatione Thomae archiepiscopi. Sást stjarna á himni um hádeigisskeið.

**1340** IV. Konungsannáll: Vetur svo góður að menn mundu varla slíkan.

V. Skálholtsannáll: Vetur svo góður að enginn mundi annan slíkan. Fundust egg undan fuglum í Flóa nær miðri góí, á ösku daginn og oftast síðan á einmánuði. IV, VIII, IX.

VII: Lögmansannáll: Mjög harður vetur.

VIII. Gottskálksannáll: Vetur algóður.

**1341** IV. Konungsannáll: Kom upp eldur í Hekklufelli með óári og öskufalli og eyddust margar byggðir. Myrkur svo mikið um daga sem um nætur á vetri.

V. Skálholtsannáll: Snjó vetur svo mikill fyrir sunnan land að engi vissi dæmi til annas þvílíks. Lagði á fyrir vetur og hélst til sumars og fylgdi fjárfellir mikill alls háttar. Eldsuppkoma hin séttá í Hekklufelli einni nótt eftir festum Dunstandi með svo miklu myrkri af öskufallinu að í sumum stöðum frá dagmálum til nóns sá ekki skrímu úti heldur en menn væru blindir og var þó mikið myrkur allan daginn og marga aðra síðan tók askan í ökla undir Eyjafjöllum og fylgdi nautfellir mikill. Annar eldur var uppi í Hnapparvallarjökli, hinn þriðji í Herðibreið yfir Fljótsdals héraði og voru allir jafnsnemma uppi.

VI. Annálabrot frá Skálholti: Eldsuppkoma í Hekklufelli með miklu sandfalli og svo stórum brestum að björgum laust saman í eldinum að nálega heyrði um allt land. Svo var og dimmt meðan sandfallið stóð mest

yfir að eigi var bókljóst í kirkjum þeir er næst stóðu uppkomu eldsins. Hallæri mikið. Mikill fjárfellir bæði sauða og nauta svo að milli fardaga og Pétursmessu féll að eins fyrir Skálholti lxxx nauta.

VII. Lögmanssannáll: Þá kom upp eldur í Hekklufelli með svo miklu sandfalli að fénaður dó af um vorið og sauðfé og nautfénaður dó mest um Rangárvöllu og eyddi nálega v hreppa og víðara annars staðar dó naut manna af sandinum. Vetur góður.

VIII. Gottskálksannáll: Eldsuppkoma hin vi í Hekklufelli með svo stórum dynkjum að landið skalf allt svo að í fjarlægum [stöðum og] héruðum hristist skjár á húsum sem fyrir vindi hvössum um langan tíma og var þá kyrrt veður. Myrkur var svo mikið af öskufalli í nálægum héruðum að ljós brann í húsum um daga. Þetta var fyrir Urbanusmesu vi nóttum. Af þessu öskufalli dó mikill hluti nautfjár fyrir sunnan land svo að margir menn urðu snauðir af kvikfé og gengu úr húsum frá eignum og jörðum sínum. Eyddust margir bæir um Skáholtssveit og Rangárvöllu og nokkru austur.

IX. Flateyjarbókarannáll: Eldsuppkoma í Hekklufelli séttá drottinsdaginn næsta eftir [skírdag] með svo miklum fádæmum og öskufalli, að eyddust margar sveitir þar í nándir, og myrkur svo mikið hinn fyrsta dag úti sem þá er svartast er í húsum á hávetri um nætur. Dunur um allt land, sem hjá væri. Öskufall um Borgarfjörð og Skaga, svo að fénaður féll af, og hvarvetna þar í milli. Menn fóru til fjallsins, þar sem uppvarpið var, og heyrðist þeim sem bjargi stóru væri kastað innan um fjallið. Þeir sýndust fuglar fljúga í eldinum, bæði smáir og stórir, með ýmsum látum. Hugðu menn vera sálir. Hvítasalt svo mikið lá þar umhverfi opnuna, að klyfja mátti hesta af, og brennustein. Vetur góður.

**1342 VI.** Annálabrot frá Skálholti: Langabusu braut í Gautavík.

IX. Flateyjarbókarannáll: Braut skip á Langanesi, lifðu menn. Annað braut fyrir Gautavík, fluttur af tveir menn og bátsfarmar, en skipið rak umhverfis Ísland.

**1343 V.** Skálholtsannáll: Fórust tvær skipshafnir er létu frá Hrollaugseyjum, drukknuðu þar xvj menn. Þetta sumar byrjaðist lítt hafskipum. Braut Katrínar súðina er lét úr Hvalfirði fyrir utan Hafnarfjörð, drukknuðu xxij menn. Leysti upp veður á Eyrum Lýsu busuna og braut í spón. Braut skip af hafi komanda við Háfsanda næsta dag fyrir Maríumessu síðari er herra Ormur biskup kom út á., drukknuðu af xv menn og tapaðist mikið góss. Þann sama dag var sjávargangur svo mikill af stormi og veðri að sjó gekk langt upp um allar Búðir á Eyrum. Rak upp ij skip önnur en það er braut, hraktist góss manna, en margir fengu stórskaða í fjár tjóni. Annað skip af hafi komanda braut í Grindavík, drukknuðu ij menn.

VI. Annálabrot frá Skálholti: Braut skip Snorra fótar. Drukknúðu þar af xxij menn og hann sjálfur. Útkoma Orms hins xijda Hólabiskups. Braut skipið og dó af xvj menn.

VII. Lögmanssannáll: Útkoma herra Orms biskups, kom skip það er hann var á við Þjórsársand og braut í spón og drukknuðu af xvij menn. Þá braut og skip Snorra fótar er þeir létu út af Hvalfirði og létust sf því xxij menn og hann sjálfur. Þá braut enn önnur þrjú Íslands för.

VIII. Gottskálksannáll: Þerrileysissumar mikið. Fórst kaupmönnum lítt. Braut Katrínar súðina fyrir Hvaleyri. Drukknúðu þar af iiij menn og xx.

IX. Flateyjarbókarannáll: Braut skip, er á var Snorri fótur. Drukknáði hann og fimm menn aðrir. Braut Lýsubusuna í pollinum á Eyrum. Lesti Postulasúðina og varð afturreka á Seleyri. Í Grindavík spónbraut Ögvaldsnesbusuna. Dó af tveir menn.

**1345 VIII.** Gottskálksannáll: Flæðar svo stórar Agnesar messu að víða braut eyjar og annes og féll inn í húsinn sumstaðar. Kom upp sker í Breiðafirði það er aldrei hafði séð verið.

**1346 V.** Skálholtsannáll: Braut Rósinborgina við Melrakkaslétu, komust menn allir lífs á land, en týndist mestur hluti góss. Margrétar súðina braut á Eyrum búna til hafs, týndist nokkuð af góssi. Drukknun viij manna við Kjálkanes. IX.

VI. Annálabrot frá Skálholti: Braut Rósinberg við Slétu.

VII. Lögmanssannáll: Séra Einar Hafliðason kom út á Melrakkaslétu með Sigurði Gyriða syni. Braut skipið Rósinberg er þeir voru á í spón og týndist fjárhlutur mjög allur en menn allir höfðu líf.

VIII. Gottskálksannáll: Ófara sumar. Braut Margrétar súðina á Eyryum. Drukknun Bárðar Barðasonar með sínum félögum.

**1347 V.** Skálholtsannáll: Drukknan vi manna fyrir sunnan land, xix af Vestmannaeyjum, x fyrir Fuglþjórgum, xv á Rosmhvalanesi, vij í Reyðarfirði. Braut Indriða súðina í spón austur í Borgarfirði við Langanes, varð þar mannbjörg. Braut Bessa langinn fyrir Síðu, drukknaði þar Halldór magri og Guttormur stalli og alls xix menn, varð þar og all mikill fjár skaði.

IX. Flateyjarbókarannáll: Þrettán skip komu af Noregi til Íslands, og braut tvö, létust þrír tigur manna af öðru, en sjö skip voru fyrir.

**1348 V.** Skálholtsannáll: Snjóar svo miklir og ísalög að engir mundi slíkan.

VI. Annálabrot frá Skálholti: Frosta vetur svo mikill að snjóinn frauri svo um allt land að ganga mátti af ystu nesjum yfir fjörðu og flóa. VII.

Gottskálksannáll: Hallæri mikið um allt land.

IX. Flateyjarbókarannáll: Þrjú skip létu út á Gásum. Eitt sigldi upp á Gáseyri, annað kom til Noregs, þriðja týndist. Frostavetur svo mikill á Íslandi, að fraus sjóinn umbergis landið, svo að ríða mátti umbergis landið af hverju annesi um alla fjörðu. Féll snjór mikill. Grasleysusumar,

**1349 V.** Skálholtsannáll: Eldsuppkoma. Myrkur svo mikið að eigi sá vegu um miðdegi.

VIII. Gottskálksannáll: Vetur mikill og frost ógurleg. Kom skip af Noregi í Þórisós og varð mann björg en mestur hluti fjár týndist og skipið braut í spón.

**1350 VIII.** Gottskálksannáll: Snævetur mikill og vor gott og þerrisumar. Kom ekki skip af Noregi til Íslands. Frost allnikið um há sumar. VII.

**1351 VIII.** Gottskálksannáll: Kulda vetur mikill.

**1352 VIII.** Gottskálksannáll: Vetur hlýr og ofan falla samur.

**1353 IX.** Flateyjarbókarannáll: Hallæri mikið á sjó og landi.

**1354 V.** Skálholtsannáll: Eldsuppkoma í Trölladyngjum og eyddust margir bæir í Mýrdal af öskufallinu en vikrina rak allt vestur á Mýrum og sá eldinn af Snæfellsnesi.

VIII. Gottskálksannáll: Hey bjargar sumar gott.

**1355 VII.** Lögmannsannáll: Mjög harður vetur upp frá áttadegi [áttundi dagur jóla] og héldust frost og snjóar allt framan til þings og varð hinn mesti fjárfellir. IX.

VIII. Gottskálksannáll: Vetrarríki mikið upp frá jólum og langt fram á sumar með hríðum og frostum. Fjár fellir mikill og hallæri.

**1356 VIII.** Gottskálksannáll: Vetur snjólítill.

**1357 VIII.** Gottskálksannáll: Eldsuppkoma í Trölladyngjum. Leiddi þar af ógnar miklar og dunur stórar. Öskufall svo mikið að nær alla bæi eyddi í Mýdalnum og víða þar nálægt gerði mikinn skaða. Vikrareki svo mikill austan til að út frá Stað á Snæfellsnesi rak vikrina og enn utar. (Þetta er sami atburður og V. Skálholtsannáll segir frá árið 1354: Elds uppkoma í Trölla dyngjum og eyddust margir bæir í Mýrdal af ösku fallinu en vikrina rak allt vesturá Mýrum og sá eldinn af Snæfellsnesi;

og IX. Flateyjarbókarannáll segir frá 1360: Eldsuppkoma í Trölladyngjum og eyddust margir bæir í Mýdal af öskufalli, en vikrina rak allt vestur á Mýrar, en sá eldinn af Snjófellsnesi. Mannfall við Mývatn, hálfur níundi tugur manns í þremur kirkjusóknum.

**1358 VIII.** Gottskálksannáll: Snjókomur miklar og hríðar um Michelsmessu skeið. Var vetur og nokkuð harður framan til jóla, en linari upp þaðan.

**1359 VI.** Annálabrot frá Skálholti: Brotnaði kirkja á Gásaeyri.

VII: Lögmannsannáll: Útkoma Jóns biskups skalla. Braut skipið Benediktsbátinn í spón er hann var á, týndist allt góss mjög svo en mann björg varð. IX.

IX. Flateyjarbókarannáll: Útkoma Jóns biskups skalla. Braut skipið Benediktsbátinn í spón, er hann var á, lifðu menn allir.

**1360** VII. Lögmannsannáll: Það bar að þá að Gyrður biskup, Andrés úr Mörk, og fjöldi manns ætluðu að sigla til Noregs á einu kaupskipinu og sem varla sá til lands sökk niður skipið með öllu góssi en menn allir hlupu í bát. Gjörði hinn heilagi Þorlákur svo mikla jarteikn, sem þeir hétu á hann, að sá bátur sem eigi var vanur að taka hálfan þriðja tug manna, var lítið skort fjóratíu manna. Komust menn allir með lífi að landi. VIII. Gottskálksannáll: Hríðar miklar laugardaginn fyrir páska og páska daginn sjálfan og mikil frost nokkra stund eftir, enda batnaði vel síðan.

**1361** VII. Lögmannsannáll: Item það sumar fór utan í Ólafs súðinni herra Gyrður biskup og Helgi ábóti og fimm sæmilegir prestar með Ormi langa og valdir menn út í nærri níu tígum manna. Hyggja menn að þetta skip hafi týnst með öllum mönnum áhöfn og góssi. VI, IX.

VIII. Gottskálksannáll: Vetur hlýr og mjög regnsamur upp frá jólum. Frost mikil um hvíta sunnu skeið og í annan tíma þá er sól gekk sem hæst. Varð og gras sumar lítið sakir kulda. Heyjaðist og lítið víða. Kom bjarndýr af sjó í Eyrar sveit á Breiða firði um hautið móti imbrudögum og voru hvergi ísar í nálægð. Var það bjarndýr unnið í Staðar sveit á Snæfells nesi litlum tíma síðar. Roði mikill sýndist á himni á jóla föstu sem blóð ásýndar. Var hann sýn víða um land. Vetur hlýr og framan til imbrudaga á jóla föstu en drottins nóttina og mánu daginn eftir voru hríðir og snjó komur svo miklar að jarðir lagði undir víða.

IX. Flateyjarbókarannáll: Það sumar fór utan Gyrðir biskup og Helgi ábóti og fimm sæmilegir prestar með Ormi langa og nærri átta tígir manna. Hyggja menn, að þetta skip hafi farist með allri áhöfn.

**1362** VI. Annálabrot frá Skálholti: Eldur uppi í iij stöðum fyrir sunnan og hélt það frá fardögum til hausts með svo miklum býsnum að eyddi allt Litlahérað og mikið af Hornafirði og Lónshverfi svo að eyddi v þingmanna leiðir. Hér með hljóp Knappafellsjökull fram í sjó þar sem var xxx djúp með grjótfalli, aur og saur að þar urðu síðan sléttir sandar. Tók og af ij kirkjusóknir með öllu að Hofi og Rauðalæk. Sandurinn tók í miðjan legg á sléttu en rak saman í skafla svo að varla sá húsin. Öskufall bar norður um land svo að sporrækt var. Það fylgdi og þessu að vikrinn sást reka hrönnum fyrir Vestfjörðum að varla máttu skip ganga fyrir.

VII. Lögmannsannáll: Eldsuppkoma í Litla Héraði og eyddi allt héraðið. VII árið 1367, IX árið 1248.

VIII. Gottskálksannáll: Vetur harður upp frá jólum. Komu smáir regnblotar og þar í milli útsynningar með hörðum og stórum snjókomum. Jukust svo jarðbönn víða á Íslandi að menn fengu stóran skaða í fjártjónum hrossa og sauða. Urðu margir öreigar af fjár tjóni, var og nautfellir nokkur. Eldsuppkoma í vj stöðum á Íslandi. Í Austfjörðum sprakk í sundur Knappafellsjökull og hljóp ofan á Lómagnúpsand svo af tók vegu alla. Á sú í Austfjörðum er heitir Úlfarsá hljóp á stað þann er heitir Rauðalæk og braut niður allan staðinn svo að ekki hús stóð eftir nema kirkjan. Útkoma ij biskupa Þórarins og Jóns og komu á land fyrir Michelismessu, en það sama skip braut í spón við Snæfellsnes og varð mannbjörg og kom ekki skip annað til Íslands. Drukkuðu xvj menn af einu skipi á Jökuls fjörðum jóla daginn fyrsta.

**1365** VI. Annálabrot frá Skálholti: Fórst skip er fór til Íslands af Noregi og á var Narfi Þorleifsson. IX árið 1368.

VIII. Gottskálksannáll: Vetur langur og mikill.

**1366** VII. Lögmannsannáll: Góður vetur. IX.

**1368** IX. Flateyjarbókarannáll: Forgekk skip er á var Narfi Þorleifsson.

**1369** VI. Annálabrot frá Skálholti: Stormur tók kirkju í Hítardal.

**1370** VI. Annálabrot frá Skálholti: Braut Reimars súðina norður í Þórshöfn. Landsjálfti svo mikill fyrir sunnan um Ölfus að ofan féllu xij bæir með hjalla en vi menn fengu bana. Sökk niður Íslandsfar með öllum farmi en fjögur skip braut við Ísland.

VII. Lögmansannáll: Hallæri mjög mikið og vor hart svo varla var sauðgróið að Jónsmessu þabtiste. VII árið 1371, IX árið 1371.

**1371** VII. Lögmansannáll: Hallæri allmikið og vetur harður.

**1372** VI. Annálabrot frá Skálholti: Sást úr Fljótum og enn víðara annarstaðar fyrir norðan land nýkomið upp land út af Grímsey til útnorðurs.

IX. Flateyjarbókarannáll: Hallæri mikið. Vetur harður.

**1374** VII. Lögmansannáll: Vetur svo harður og vor að enginn mundi slíkan. Norðanlands varð grasvöxtur enginn. Hafísar lágu við framan til Batolomeusmessu. Ekki skip á Íslandi því að öll urðu aftur reka til Noregs.

**1375** VII. Lögmansannáll: Vetur svo góður (!) á Íslandi að enginn mundi því líkan, féllu fátækir menn af harðrétti um allt Ísland svo að mörgum hundruðum sætti. IX árið 1376.

VIII. Gottskálksannáll: Hvarf skip Buta sona. Þar var á Skúli Þórðarson og Jón Teitsson.

IX. Flateyjarbókarannáll: Vetur svo harður og vor, að engi mundi slíkt. Grasvöxtur enginn. Hafísar framan til Bartholomeusmessu. Gekk fyrir Sunnifusúðin. Var þar á Andrés Gíslason. Són cometa undir Eyjafjöllum. (Kómeta þessi var á himni árið 1376, eftir AH, bls. 92).

**1376** VII. Lögmansannáll: Vetur svo harður að um allar sveitir var komið að falli fénaðar í mót langa föstu fyrir norðan land. IX árið 1377.

VIII. Gottskálksannáll: Vetur mikill og manndauði um Vestfjörðu.

**1379** VII. Lögmansannáll: Lagði þegar hríðir á að fimm vikum og stóra snjóa. Var vetur mikill. Fyrir gekk skip er í var Ólafur bóndi Þorsteinsson og margt fólk annað. IX árið 1380.

**1380** VII. Lögmansannáll: Grasvöxtur svo lítill að enginn mundi slíkan um sumarið og regn svo mikil er á leið að víða hlupu skriður úr fjöllum þar sem enginn vissi dæmi til að fallið hafði en andvirki manna spilltust til ónýtis. IX 1381.

**1381** VII. Lögmansannáll: Skip staðarins í Skálholti fyrir gekk í hafi en fólk komst af með báti til Grænlands með miklum jarteiknum.

VIII. Gottskálksannáll: Sökk Ólafs bollinn.

**1382** VIII. Gottskálksannáll: Rak Þorláks súðina til Grænlands og sökk þar niður og komust allir menn í bát og dóu margir síðan. Lágu þeir þar fyrir á Þorláks súðinni er þangað rak hið fyrra sumarið og svo hin næsta vetur eftir og fluttu þá í burt.

X. Flateyjarbókarannáll: Forgekk skip staðarins í Skálholti. Komst af fólkið á báti til Grænlands með miklum jarteiknum.

**1383** VII. Lögmansannáll: Fyrir gekk skip Hákonar Jónssonar fyrir Austfjörðum, létust í nær níttugum manna.

IX. Flateyjarbókarannáll: Kom skip af Grænlandi til Noregs, er þar hafði verið tvo vetur, og í nokkurir menn, þeir er af komust af Þorlákssúðinni. VII árið 1382.

**1384** VIII. Gottskálksannáll: Týndist Hákonar skipið fyrir Austfjörðum. Þar töpuðust bæði menn og fé. IX.

**1385** VIII. Gottskálksannáll: Útkoma Micels biskups til Skálholts. iiiij skip rak til Grænlands.

VII. Lögmansannáll: Útkoma herra Michels biskups var hann fluttur til lands austur fyrir Mýdal og x menn með honum, en skipið það sem hann var á átti húsfrau Margrét. Rak það skip undan og tapaðist af hvert mannsbarn og fannst rekið við Færeyjar. Þá rak og iiiij Íslandsför til Grænlands og voru þar ij vetur með höldnu og heilu. V árið 1384.

IX. Són kómeta. (Hún var skráð í Evrópu, eftir AH, bls. 92).

**1386 VIII.** Gottskálksannáll: Sökk skip fyrir Eyrarbakka og héldust menn allir en góss týndist sumt en sumu varð náð.

**1388 IX.** Vetur góður. Grasvöxtur mikill.

**1389 VII.** Lögmansannáll: Eldsuppkoma í Hekklufelli með svo miklum undrum að dunur og bresti heyrði um allt land. Tók af tvo bæi, Skarð og Tjaldastaði. Sumar hart og spilltust mjög akrar og hey. Regn svo mikil um haustið norðan lands og löng að enginn mundi slík undur sem þar gjörðust af. Vatnagangur og skriðu föll, tók af bæinn í Laugahlíð í Hörgárdal. Lést Rafn Bótólfsson lögmaður og Ingibjörg Þorsteinsdóttir húsfreyja hans og börn þeirra tvö og alls xij menn. Þá tók og bæ í Búðarnesi og þar inni xij menn og bæ á Hjallalandi í Vatnsdal og létust þar vi menn og víða snérist um jörð. IX árið 1390, sjá við það ár. VIII. Gottskálksannáll: Eldsuppkoma í Hekklufelli og tók af iij bæi. IX árið 1390, sjá við það ár.

**1390 VII.** Lögmansannáll: Landskjálfti mikill fyrir sunnan land og féllu niður margir bæir.

VIII. Gottskálksannáll: Dauði Hrafns lögmans Bótólfssonar í Lönguhlíð og húsfreyju hans með þeim kynstrum að jörðin sprakk í sundur og hljóp þar upp vatn í stofunni og sökk allur bærinn og svo kirkjan og x menn aðrir og enn ij bæir aðrir og margir bæir í Vatnsdal.

IX. Flateyjarbókarannáll: Vetur harður. Sumar regnsamt, svo að ónýttust andvirki manna. Manntapar miklir á Snjófellsnesi og svo víðara. Var svo hart að kuldum og snjóum, að varla voru sauðgrös að Pétursmessu um sumarið. Eldsuppkoma í Hekklufelli hin átta með svo miklum fádæmum og gný og dunum, að heyrði um allt landið. Eyddust Skarð og Tjaldastaðir af bruna. Var svo mikið vikrakast, að sló hest til bana. Öskufall svo mikið, að margur fénaður dó af. Færði sig rásin eldsuppkomunnar úr sjálfu fjallinu og í skógana litlu fyrir ofan Skarð og kom þar upp með svo miklum býsnum, að þar urðu eftir tvö fjöll og gjá í milli. Kom upp eldurinn á fyrra ári, en sloknaði á þessu. Urðu þar í nándir hverar og heit vötn. Regn svo mikil um haustið, að úr hófi gekk eftir Marteinsmessu, Vatnavextir svo miklir, að engi mundi slíka, svo að þar fyrir drapst sauðfé víða í Skagafirði og í Desey í Norðurárdal. Hlupu skriður nær um allt land, svo að ónýttust bæði skógar, engjar, töður og úthagar. Tók bæ allan á Hjallasandi í Vatnsdal og sex menn. Komst þar engi lífs undan, sá er í bænum var. Tók og bæ í Búðarnesi, og önduðust tólf menn, en einn lifði í húsbrotunum og hafði heitið á Þórð Jónsson. Tók skriða allan mannabæinn í Lönguhlíð og svo kirkjuna. Létust þar sextán menn, en undan komust konur tvær og karlmaður, er fóru í fjós, en lífs fundust piltar tveir í skriðunni eftir um morguninn. Þar voru inni Hrafn Bótólfsson lögmaður og Ingibjörg Þorsteinsdóttir, kona hans, og börn þeirra tvö, Þorsteinn kusi og aðrir heimamenn. Urðu þessi tíðindi fimmtadagskveldið eftir dagsetur fyrir Clemensmessu. Stóðu þessir bæir í Hörgárdal. Töpuðust þrjú skip á Skaga og hið fjórða fyrir Óslandshlíð og voru fjórir menn á hverju.

**1391 IX.** Flateyjarbókarannáll: Landskjálfti svo mikill fyrir sunnan land um Grímsnes, Flóa og Ölfus, svo að fjórtán bæi skók niður að nokkuru leyti, en Miðengi, Búfell og Laugardælar braut að öllu, nema kirkjan stóð í Laugardælum, og dó undir nokkurir fátækir menn. Rifnaði víða jörðin, og komu upp vötn. Tók þessi landskjálfti allt til Holtavörðuheiðar. Vetur góður, sumar gott. Haust svo gott til Magnúsmessu, að nálíga fraus hvorki né snjóaði, en ofanföll mikil fyrir sunnan land, svo að ónýttust hey manna. Töpuðust þrjú skip með mönnum í Vestfjörðum, en önnur þrjú sunnan lands.

**1392 VII.** Lögmansannáll: Ófara ár mikið í skipbrotum og byrleysum bæði með þýskum enskum og norrænum, braut marka kugga fyrir Noregi. Regn mikil fyrir norðan land á Íslandi.

VIII. Gottskálksannáll: Bjuggust x skip af Noregi til Ísland og létu þrjú í haf og urðu ij aftur reka til Noregs. Eitt kom til Íslands og braut í spón við Krýsuvík.

IX. Flateyjarbókarannáll: Kom út herra Pétur Nikulásson, og brotnaði skipið fyrir Krýsuvík, og taðaðist mestur hlutur góss, en héldust menn allir.

**1393 Nýi annáll:** Braut Hóla kirkju og stöpulinn, allt saman í grund fjórða dag í jólum. Deyði einn djákn í krikjunni.

IX. Flateyjarbókarannáll: Drukknuðu fjórtán menn í Útskálaósi. Var Eyjólfur Guðmundsson formaðurinn. Grasvöxtur mikill. Urðu lítt töður, en vel úthey. Vetur góður framan til jóla.

**1394** IX. Flateyjarbókarannáll: Hallæri mikið til kostar og skreiðar nær um allt land. Vor kalt, grasvöxtur lítill, fellir nokkur.

**1401** VIII. Gottskálksannáll: Mikla plága. Þó xv færi til graftar með einum kom ei heim nema iij.

**1402** Nýi annáll: Braut Kana bátinn austur fyrir Síðu, töpuðust margir menn og mesti hlutur góss. *Item kom út Hval-Einar Herjólfsson með það skip er hann átti sjálfur. Kom þar út í svo mikil bráðasótt, að menn lágu dauðir innan þriggja nátta. Aleyddi þá þegar staðinn [Skálholtsstað] af lærðum mönnum og leikum, fyrir utan biskupinn sjálfan og ij leikmenn. (Þetta var svarti dauðinn).*

**1403** Nýi annáll: *Mann dauða ár hið mikla á Íslandi.*

**1404** Nýi annáll: *Mann dauðavetur hinn síðari. Eyddi þá enn staðinn í Skálholti þrjá tíma af þjónustufólki. Deyði þar þá þrír prestar og mesti hlutur klerka; Ij prestar lifðu eftir.*

**1405** Nýi annáll: Snjóvetur hinn mikli. Varð svo mikill fjárfellir til hrossa og sauðfjár fyrir sunnan land, að trautt minntust menn þvilíkans; átti staðurinn í Skálholti um haustið þrjú hundruð roskin hross, en ótal þrevetur hross og yngri, en um vorið lifðu eigi fleiri klyfbær hross á staðnum og staðarbúum öllum fyrir ofan heiði, en hálfur fjórði tugur, fyrir utan iij hesta og xx, er biskupinn sjálfur herra Vilchin átti sérlega sumarstaðna og gengu í Hestfjalli um veturinn.

**1416** Nýi annáll: Kom upp eldur að Höfðárjökli og brenndi mikinn dal í jökulinn; varð þar af ösku fall mikið svo lá við skaða.

**1417** Nýi annáll: Kom hríð svo mikil laugardaginn fyrsta í þorra um allt Ísland, að bæði hraktist menn og fénaður .

**1419** Nýi annáll: Vetur umskiftasamur til veðuráttu og ekki mjög skaðsamur.

**1420** Nýi annáll: Vetur þennan fór mikil sótt yfir allar sveitir. Deyði þá það fólk flest, er var á sextugs aldri, fétt eldra.

**1421** Nýi annáll: Braut niður kirkjuna á Möðruvöllum í Hörgárdal í stóru veðri. Deyði þennan vetur margt hraust fólk, fátt eldra en á þrítugsaldri og eigi yngra en en xx ára gamalt.

**1422** Nýi annáll: Kom upp eldur í hafi útsuður undan Reykjanesi; skaut þar landi upp, sem sjá má síðan, þeir er þar fara nærri síðan. Vor hart til veðuráttu.

**1424** Nýi annáll: Vetur langur og harður fyrir veðuráttu sakir. Fiskiár lítið. Mikið manna tjón og skipa. Varð eclipsis solis víða um Ísland nær Jónsmessu baptist. Tuttugu vetrum seinna en Kvæða-Anna var merkt, kom svo mikið hallæri á Íslandi, að hún lánaði Þingeyrarklaustri sex vættir smjörs.

**1426** Nýi annáll: Vetur svo harður til veðráttu og langur, að bæði varð aldehyða hross og sauðfé fyrir norðan land og svo víðara annarsstaðar. Var þetta kallaður kynja vetur. Krefðuvetur allmikill; fylgdi þar með aðrar kynjasóttir, fyrst augnaverkur, þá nýrnaverkur, þrútnuðu upp á sköpin með hör ðum verk; hér með fór sú sótt svo, að blés upp á kverkarnar og andlit, og batnaði öllum mjög skjótt. Útsótt gekk mjög yfir.

**1428** Nýi annáll: Vetur góður og linur. Skipatjón víða af miklum sjóargang; braut átán skip á Akranesi. Setti upp á Músarnesi tvo sexæringa langt í mýrar upp, annan óbrotinn.

**1429** Nýi annáll: Haust allgott.



**1430** Nýi annáll: Vetur svo góður og ósnjóasmaur, að menn mundu trautt annan viðlíkan, og svo vorið að því skapi til veðurblíðu og grasvaxtar. Nauta dauði mikill í Skálholti. Rak upp víða um Ísland fisk þann, er menn kölluðu öfgufisk. Var hann að mörgu skringilegur.

**1473** Gottskálksannáll: Varð úti júnkeri Einar Þorleifsson við xiij mann. Riðu ij dauðir í byggð en hann sjálfan leysti í sundur í liðunum.

**1495** VIII. Gottskálksannáll: Sótt og plága mikil um allt land nema um Vestfjörðu svo að hreppar eyddust og sveitir að mestu.

**1508** Biskupaannálar: Þá hafði verið mikil harðindi til matar á millum manna [um páska], bls. 61.

**1511** VIII. Gottskálksannáll: Gekk þá bólan um haustið.

**1519** VIII. Gottskálksannáll: Fennti í viij viku sumars stóra penga og dóu.

**1521** VIII. Gottskálksannáll: Var þennan vetur mikill fellir.

**1522** VIII. Gottskálksannáll: Tók af ij bæi af snjóflóðum fyrir austan.

**1525** Biskupaannálar: Þá kom svo mikill fellivetur, að Grímsnes hefir aldrei náð sér aptur síðan ... Um haust(ið) fyrir voru tveir fátækastir í öllu Grímsnesi; sem áttu til fjórtán hundraða, og þeim voru tíundir lagðar; þá var ekkert það kot, sem ekki var á j fjár, sumstaðar ij og enn þrjú hundruð eður meira; þeir héldu mestu eftir, sem áttu (um) vorið XX eða mest XXX sauða; svo mikil frost höfðu þá verið að hestar stóðu dauðir frosnir í hel feitir, en fannlög svo mikil, að enginn hann mundi slík; þenna vetur kölluðu þeir áttadagsvetur, því hann kom á áttadag sjálfan og hélzt allt til sumars. (bls. 54).

**1532** Biskupaannálar: Annar snjór [en þess sem getið er árið 1581] hafði eins komið á dögum biskups Ögmundar, anno 1532, á einmánuði, og varð peningafellir. Þann kölluðu þeir „einmánaðar-vetur hinn harða“. (Bls. 117).

**1545** VIII. Gottskálksannáll: Hljóp skriða í Vatnsdal og tók af Skíðastaði. Urðu þar undir xiiij menn um nóttina.

Biskupaannálar: Þá var lítill klaki í jörðu. (bls. 86). Á dögum herra Gizurar var sá fyrsti nautadauði á Hömrum. Þar dóu þá XIV naut; það skeði anno 1545. (Bls. 86).

**1546** Biskupaannálar: Frá öðrum jarðskjálfta [sjá árið 1581 um þann landskjálfta sem við er átt] sagði faðir minn mér: hann varð í tíð biskups Gizurar, anno 1546; hann varð líka um fardaga, og kom hann mestur í Ölvesi, því þar hrundu víða niður bæir og hús, en ekki minnst eg að þar yrði neinn mannskaði, en Hjalli og allt Hjallahverfi hrapaði. (Bls. 109-110).

**1551** Biskupaannálar: Anno 1551 svo mikið grasár, að fáir mundu þvílíkt hér í sveitum. (Bls.116).

**1552** Biskupaannálar: Eptir hitt, það fyrra [grasár] kom „harði vetur“, þeir kölluðu, hver að kom í öllum sveitum. (Bls. 117).

Á dögum herra Marteins [Einarssonar Skálholtsbiskups 1549-1557], senmma, þá kom svo mikill hafís hér syðra, að hann lá út í sjó, meir en viku sjávar, og tók langt út fyrir Þorlákshafnarnes í sjó, og mikil selveiði varð á honum; hann kom fyrir vertíðarlok, um sumarmál. (Bls. 100). (Þessi klausa um hafísinn er viðbótargrein aftan við annálana og getur útgefandi þess neðanmál að hún sé líklega eftir Odd Einarson biskup sem Ogilvie segir að sé áreiðanlegt vitni (Ogilvie, 1981, bls. 157). Klausan er ekki tímasett í annálum Jóns Egilssonar en Ogilvie telur að um árið 1552 sé að ræða. Hins vegar fær það ekki staðist að klausan sé

eftir Odd Einarsson biskup því hann segir fullum fetum í Íslandslýsingu sinni frá því 1589-89 að sunnlendingar sjái aldrei hafís).

Anno domini 1552 þá kom sá einn kippur [þ.e. jarðskjálfti], er þeir svo kalla, kyndilmessu-kveld, að allt hrundi það niður sem laust var innan húsa, borðin, könnurnar og annað þessu líkt. (Bl. 101). Anno 1552 fellivetur mikill á öllum peningum, en veðráttá var með blotum og snjófergjum; hann kom á Magnúsmessu, en linaði ekki fyr en á páskadaginn um messu ... Þenna kölluðu þeir „harðavetur“. (Bl. 101-102). Anno 1552 eður þar um varð sá hinn fyrsti nautadauði, sem menn hafa heyrt getið, á Kálfhóli, en sá seinasti varð anno 1580... . (Bl. 109).

**1553** Biskupaannálar: Sá annar [nautadauði] varð þar skammt eptir, á dögum herra Marteins: dóu xij kýr og vj naut. Anno 1553 eða þar um. (Bl. 86).

**1554** Biskupaannálar: Anno domini 1554 var eldur upp(i) í Heklum ekki í henni sjálfri, heldur framur í fjöllum, í dagmála stað að sjá frá Hólum, úr staðardyrnum. Þessi eldur kom upp um vorið, í millum krossmessu og fardaga, og var nær uppi uppá vi vikur. Eldurinn var dökkrauður að sjá, og voru þrír á kvöldin, og stóðu rétt í lopt upp, ógnarlega hátt. Þá voru svo miklir jarðskjálftar, minnst uppá hálfan mánuð, að enginn maður þorði inni í húsum að vera, heldur tjölduðu menn úti, utan menn hlupu sem snöggvast inn í húsinn eptir því sem þeir skyldu neyta, þá á millum varð þvílíkra undra, en þar menn voru, þá héldu þeir sér í grasið þá þessi undur að komu.- Marga man eg, og fá þessum líka. (Bl. 101).

**1557** Biskupaannálar: Annað grasár anno 1557. (Bl.117)

**1561** VIII. Gottskálksannáll: Vetur eftir vonum. Kom síðan á skírdag norðan hríðir stórar með miklum fellum.

**1562** Biskupaannálar: Sá snjór kom anno 1562 um kyndilmessu, að hann var að dýpt manni í öxl, en hesti í klifberafjöl á sléttu; hann þverraði strax á þriðjudaginn með þeyvindi, og þaðan af meir. (Bl. 117).

**1564** VIII. Gottskálksannáll: Mikill hafís og teknir selar á vori ótal um allan Norðlendingafjórðung. Biskupaannálar: Anno 1564, þar um, var nautadauði sá þriðji á Hömrum; dóu xij naut og víða naut á bæjum um Grímsnes. (Bl. 109)

**1565** VIII. Gottskálksannáll: Langt vor og hart fram yfir fardaga. Gott haust og vetur til langhelga. Kom ekki skip fyrir norðan.

**1566** VIII. Gottskálksannáll: Fellivetur mikill og snjóa. Kom góður bati páskadaginn og var hálfra aðra viku. Síðan kom hafís með miklum kuldum. Féll síðan margt af fátækum. Haust gott og fiskiár. Komu stórfjúk viku fyrir vetur. Drapst margt fé svo naut batnaði með vetrinum. Kom mikið fjúk jóladaginn svo úti urðu menn víða og svo oftast á hinum tunglum. Kom góður bati laugardaginn í imbruviku var kallað. Á föstu rak þrjú stórhvali í einu á Miðfjarðarnesi undan hafís og einn í Núpasveit norður.

Biskupaannálar: Nautadauði í Austurhlíð, dóu XVI naut, anno 1566. (Bl. 109).

**1567** VIII. Gottskálksannáll: Vor gjóstugt. Sumar gott með þerri. Vetur kom snemma. Féllu nokkrir peningar. Kom bati með sumrinu.

Biskupaannálar: Anno 1567 þá urðu tveir [bátstapar] á einni stundu: annar á Eyrarbakka, en annar á Bjarnastöðum, þar voru á xij menn á hvoru. (Bl. 108). Varð nautadauði í Miðdal; þar dóu fyrst tveir hestar á páskadaginn í hesthúsinu, og xij naut eptir það. (Bl. 109).

**1568** VIII. Gottskálksannáll: Kom is á föstu mikill og lá til fardaga. Kom hret eftir allra heilagra messu. Síðan vetur góður til xij í jólum.

Biskupaannálar: Anno 1568 eða þar um varð sá annar nauta dauði á Kálfhóli; dóu xij naut. (Bl. 109).

**1569 VIII.** Gottskálksannáll: Fagurt veður á páskadaginn. Kom sumar í páska viku og varð gott. Kom ekki nema eitt skip fyrir norðan í Hofós. Kom mikill snjór fyrir Michaelsmessu. Kom hláka með vetri. Vetur í betra lagi.

Biskupaannálar: Anno 1569 foregkk frá Breiðaból(stað) xijæringur, rak burt frá Eyjum og að Þorlákshöfn; þar voru á xiv menn og komst enginn af. (Bls. 110).

**1570 VIII.** Gottskálksannáll: Frost um vorið. Kom ekki ís við land. Mikil sigling til Íslands kom fyrir norðan. Sumar gott. Grasár mikið. Haust gott. Snjóaði með vetri. Harður vetur til jóla, féllu peningar. Kom bati með marcio mánuði [1571] ætíð hægri. Skírdag sumar. Páskadagur góður -

**1571 VIII.** Gottskálksannáll: - og vorið allt til fardaga. Komu þá stór frost og norðan veður allt til fráfaru. Sumar gott. Vetur góður. Kom mikið veður á annuncio Marie með fjúki og haf ís. Var það í þrjá daga. Biskupaannálar: Anno 1570 missti lögmaðurinn Páll heitinn sitt skip í Vestmannaeyjum, og voru á xiiij menn. (Bls. 110).

**1572 VIII.** Gottskálksannáll: Kom sumar í páska viku með bata. Hvarf ís fyrir fardaga, Gengu norðan vindar kaldir. Sumar gott. Haust vott en vetur góður.

**1573 VIII.** Gottskálksannáll: Frost páska daginn. Gott vor. Kom mikið fjúk um hvíta sunnu og Jóns messu baptiste. Vetur snjósamur til sólhvarfa en góður upp þaðan. Biskupaannálar: Anno 1573 varð það hið mesta manntjón undir Hásum í Hornafirði, góuþrælinn, drukknuðu Liiij menn, en af komst sá hinn fjórtándi einn. (Bls. 108).

**1574 VIII.** Gottskálksannáll: Hret páskadaginn, sumar kom í páska viku fjúk hret, vor gott, þar með sumar .... hey ..... kom mikið ..... eftir Ceceliudag. Þriðja aðfangadaginn fyrir jól kom ..... rgar þeingar.

**1575 VIII.** Gottskálksannáll: Gott veður páska daginn, hret þriðja, batnaði. Frost stundum. Sumar gott með gras og fisk. Haust gott til jóla upp frá því víða.

Biskupaannálar: Þriðja það mesta grasár var anno 1575. Það sagði mér þá um haustið Jón heitinn Bárðarson, sá er 48 (ár) hafði þá búið á Sólheimum, að á þessum þremur árum [það er grasárunum sem Jón Egilsson nefnir í annálum sínum árin 1551, 1557 og 1575] þá hefði hann mestan heyskap fengið á öllum þessum árum [48 árum].

**1577 VIII.** Gottskálksannáll: Magt veður páska daginn. Vor létt. Sumar gott með gras. Vetur góður til jóla, þungur víða upp frá því en góður h...

Biskupaannálar: Anno 1577 sást ein stjarna á himnum, sást hún fyrst um allraheilgramessu, á miðvikudaginn eptir hana., og var á himnum 66 daga, fram til sunnudagsins eptir þrettánda; hún sást á kvöldin í miðju lopti, nærri svo sem þá sólin er há og hefur miðjan gang sinn á haust á millum miðmunda og hádegis, en gekk undir í miðsaptans stað. Hún var svo skær, sem sú glaðasta stjarna verða má, en aptur af henni var sem brennandi eldsslogi, og vildi loginn nokkuð i lopt upp, og breiddist í sundur, eins sem þá víður vöndur eða mikill sófl er. – Önnur stjarna sást á einu eður tveimur árum seinna, en þó hvergi nærri þessari lík, því hvorki var hún svo björt, né heldur mikið skin af henni. (Bls. 111).

**1578 VIII.** Gottskálksannáll: Spakt veður páskadaginn. Sumar í páska viku. Sumar gott. (Hret) um vetur nætur, týndist margt fé víða. Vetur góður. Kom jarðskjál(fti eftir) allra heilagra messu um kvöldið svo húsin hrisstust hálfu stund. (Vetur) góður en vor misjanft og féll víða í Blöndu hlíð og ann ..... Misjafnt sumar. Fjúk um haustið fyrir vetur en vetur góður til kyndilmessu.

Biskupaannálar: Þessum báðum stjörnum [halastjörnunum sem áður er getið um], þó heldur þeirri fyrri, eptir (fylgdi) peningafall og grasleysi, svo það var manna mál, að til reiknuðu, það nær C kapla hefði fallið í hverjum hrepp, en var þá ekki harður vetur. (Bls. 111). Anno 1578, þá féll sauðfé nokkuð, X eður XX, eður XXX, og mest XL á bæ. (Bls. 111).

**1579** Biskupaannálar: Annað árið þar eptir [eftir fjárfellinn á „halastjörnuárunum“] var enn minna um grasár. (Bls. 111).

**1580** Biskupaannálar: Þriðja ár eftir þessa stjórn kom svo lítið grasár, að af öllum Hóla túnnum í Hrunamanna hrepp fengust ekki utan títugi kaprlar, með þó lítið band. Svo lítið grasár þóttust fáir muna. (Bls. 109). Anno 1580 þá varð sá þriðji nautadauði á Kálfhóli; dóu xij naut. (Bls. 109)

**1581** Biskupaannálar: En þann næsta vetur þar eptir, anno 1581, vetur góður til góuþræls, þá dreif snjó þann allan dag svo mikinn, að hann var hesti í miðjar síður, og sá snjór lá fram yfir sumarmál, svo enginn sauður tók upp nokkuð, en kaplar snöpuðu hér og hvar. Þá varð ekki farið utan ferilinn bæ frá bæ suður á Bakka, því ekki sá til neinna þúfu. (bls. 111). Þriðji snjór [fyrri snjóar voru 1562 og 1571] kom anno 1581, eptir það minnsta grasár; hann dreif allan góu þrælinn, svo hann var að morgni hestum í þófa, og sá snjór lá á fram yfir sumarmál, svo enginn sauður tók nokkuð upp; þá varð ekki farið nema ferilinn bæ frá bæ ofan á Bakka. (Bls. 117). Anno 1581 varð mikill jarðskjálfti á millum krossmessu og fardaga. Þá hröpuðu víða bæir á Rángvárvöllum og í Hvohrepp, og mannskaði varð þá víða, því þeir urðu undir húsunum: - Á Bergvaði varð undir bænum kona, komin að falli, og tvævett barn, er hún átti, en hún komin í jörð þá hennar maður kom til. – Einn maður varð undir í Lambhaga, á millum á: bitinn brotnaði og kom á hálsinn á honum og víðar varð einn maður eður tveir undir. (Bls. 109).

**1583** Biskupaannálar: Einn vetur var svo til reiknað, að fyrir sunnan og vestan, þá hefði orðið xij skiptjón, þar nærri um þá datum var 1583. Hér nærri um það leyti urðu tveir í einu á Þorkötlustöðum; annar ætlaði að hjálpa öðrum. Á þeim báðum voru XXV menn. (Bls. 108).

**1585** Biskupaannálar: Á dögum herra Gísla þornaði upp Öxará, en hvarf hverinn á Laugarvatni. Það var nærri þar um, þá datum var 1585 (Bls. 112).

**1586** Biskupaannálar: Á hans dögum [Gísla Sveinssonar biskups], anno 1586 eða þar um, kom eldur í Þingvallaskóg, og brann mikið af honum, austur undir Hrafnagjá. Eldurinn kom í skóginn um fardaga og lifði í honum fram yfir þing. (Bls. 111).

**1587** Biskupaannálar: Anno 1587 rak vindur ij skip í Selvogi, xj eða xij menn á hvoru fyrir sig; það skeði skírdag, en x af þeim báðum komust upp undir Krýsuvíkurbjarg á laugardaginn um miðjan morgun; sumir sögðu ekki utan viij. (Bls. 110).

**Um 1588-89** Íslandslýsing Odds Einarssonar: Ekki búa þar [í Kolbeinsey] heldur menn né koma þangað á vorum tímum, nema þá beri þangað úr leið nauðuga, þegar norðanstormarnir æða, sem alltaf eru þar yfirvofandi, einkum ef svo vill til, að einhvern hrekur norður fyrir eyna. En þá verður fyrir honum þessi blágræni ís furðulegrar víðáttu og ógurlegrar þykktar, sem teygir og breiðir úr sér um allt hafið við norðurstrendur Grænlands. Og vegna nálægðar hans álita sumir, að þeir, er fyrstir fundu Ísland, hafi gefið því þetta nafn, sjálfsagt annaðhvort af því, að þeir rákust fyrst á hann við Ísland, eða þeir veittu því athygli, að mikið magn af honum rak upp að ströndum landsins. Og víst er um það, að aldrei eru þeir Íslendingar óhultir fyrir þessum vágesti, er byggja norðurstrendur þess. Hann er stöðugt á sveimi milli Íslands og Grænlands, þótt honum sé stundum bægt frá ströndum Íslands í allmörg ár í senng fyrir einstaka gæzku guðs. Og vissulega verða þeir, sem þessar slóðir byggja, fyrir margvíslegum áföllum af návist hans, þegar hann hefur haft lengri viðstöðu, vegna grasfellis, sem stafar af því, að lífsprótturinn fer úr jörðunni og safinn, sem frjósemína eykur, fer forgörðum, jafnskjótt og ísinn er orðinn landfastur og hinn skaðsamlegi kuldi hefur snortið flatlendið og hvílir á því eins og mara. Ekki gæti þessi eyja lengi verið byggileg mönnum, ef árlega dyndu á henni slíkar búsisfjar. Því er það guðleg forsjón, að ís þessum er haldið í skefjum innan vissra marka, svo að hann nálgast ekki hið íslenska eyland, nema þegar guði hefur þóknast að leggja refsingu á þjóð vora, og það með misjöfnum millibilum. Stundum bólar varla á honum í fullan áratug eða lengur, en stundum kemur hann á fimm ára fresti, stundum annað hvert ár, stundum jafnvel tvisvar eða þrisvar sama árið. En slíkur þungi og hraði í ferð hans, að hann virðist ekki standa að baki skipum, sem sigla hraðbyri. Og þótt einn daginn hafi ekki verið hægt að koma auga á hann ofan af háfjöllum, hefur þess oft orðið vart næsta dag, að hann fyllti

allar hafnir og firði á svo óhemju löngu og breiðu svæði, að sjónarvottum finnst sem þeir sjái gervallan ís Íshafsins samankominn við Íslandsstrendur, því hann þekur þá norðurhöfin í allar áttir, svo hvergi örllar á útjöðrum hans. Tíðum berst þó mun munna af honum til vor, aðeins einstakir jakar, áþekkir fljótandi eyjum, á reki út um hvippinn og hvappinn. Miklu máli skiptir, á hvaða árstíma ísinn kemur, því að á haustin eða um vetrarsólhvörf gerir návist hans minna tjón, þar sem þá er kominn klaki í jörð og snjór yfir öllu. En á vorin eða sumrin, þegar vetrarásjóna eyjarinnar er tekin að þoka lítið eitt fyrir blíðum sólargeislum og hlýjum andvara og nýr vonarneisti frjóseminnar brosir við eyjarskeggjum, hefur hann ófrávíkjanlega í för með sér tjón, þar eð áhrifa hans gætir alltaf mest á graslendið. Af þessari ástæðu eru Norðlendingar stórum verr settir en Sunnlendingar, sem sagt er að aldrei sjái þennan ís, því þegar hann tekur að færast nær þeim með því að sveigja til austurs eða vesturs, er hann þegar í stað gerður afturreka af hinum mótstæða, þunga straumi úr hinu mikla úthafi. (Bls. 34-25).

**1594 Skarðsárannáll:** Fellivetur mikill fyrir norðan land um allt biskupsdæmið, svo að á jólum féll í ófeiti. Kom aldrei bati eða jörð fyrir en fjórða dag páska. ... Þann 19. Nóvemberis þverraði Hvítá í tveim stöðum hjá Áhrauni á Skeiðum og í Flóa austan til með landinu, hjá Brúnastöðum, nær þvert yfir um. Þar var gengið þurru fötum í hólma, sem áður var ófært, og teknar þaðan hríslur til merkis. Undruðust þetta menn, að þeir tveir kaflar skyldu þorna, því að árin var að sjá sem sjó annarsstaðar með rokviðri. Í þessum sömu stormum var brimgangur ógurlegur.

**1595 Biskupaannálar:** Nú kom enn mikill snjór þann fyrsta sunnudag í sumri anno 1595, og lá á fram til fimmtudags, að sauðfé fékk ekki grandíð, en hálfra aðra viku á láglandi; hann tók hesti í miðjar síður á sléttu (Bls. 117). [Hugsanlega var þetta veturinn 1596 sem Skarðsárannáll segir að hafi verið snjóavetur]  
**Skarðsárannáll:** Vetur afbragðs góður. ... Þá þurfti alderi að gefa geldum nautum hey. ... 9. Aprílís höfuðfjúk, seinasti vetrardagur, líka megn fjúk sumardaginn fyrsta, sem var 10. Aprílís.

**1596 Biskupaannálar:** En það var hið fjórða [mesta grasár] sem varð anno 1596. Þá var enginn bær hér hjá oss, að þar sem einn var til fyrirvinnu voru á XII faðmar, en XX ef tveir voru, þaðan af meira: XXX, eða XL, ellgar LX. (Bls. 117).  
**Skarðsárannáll:** Snjóavetur mikill.

**1597 Skarðsárannáll:** Vetur vindasamur.

**1598 Ballarárannáll:** Vetur mjög harður og fellir um landið, nema fyrir norðan, fyrir vestan frábær fellir og í Rangárvallasýslu.  
**Skarðsárannáll:** Skiptapi á Hópi í Grindavík, drukknun 10 manna.

**1599 Ballarárannáll:** Þá hef ég heyrt, að mikil fjúk hafi komið um Mikaelsmessu, svo fjárskaðar miklir hafi orðið og skiptjón mörg. Sjóargangur svo mikill, að ei hefur í manna minni slíkur verið.  
**Skarðsárannáll:** Drukknun fjöggra manna í Járngerðarstaðasundi. Brotnaði skip þýskra kaupmanna í Hrutafirði. Stóð þar um veturinn.

**1600 Skarðsárannáll:** Brotnaði annað skip í Hrutafirði, sem hugðist sækja hið fyrra. Stóðu uppi tvö skip þar.

**1601 Annalium in Islandia farrago eða Íslenzk annálabrot eftir Gísla Oddsson biskup í Skálholti, hér eftir skammstafað Farrago):** Ásýnd sólar var dapurleg og fól og ljósið frá henni svo dauft, að skuggar hluta sáust eigi á jörðu allt sumarið. Frá fjörtíu-daga-föstu, næstum því allt sumarið, roðnuðu eigi fjallatindar né hlíðar hið minnsta, hvorki við sólaruppkomu né sólarlag, svo að það var fremur eins og slæi daufri kopar-eða tin-slikju. Jafnvel þótt heiðskírt væri, virtist himinn vera skýjaður, ókyrr og hrímfölnur. Efir þessu var tekið nær því um allt land. ... Grasspretta varð lítil vegna sumarkulda og urðu hennar engin not vegna storma og rigninga.

**Ballarárannáll:** Vetur mjög góður, svo enginn mundi einn betri, snjólaus og vindhægur fram að sumri. ... Afbært hélufall, svo að peningar urðu af því magrir.

**Skarðsárannáll:** Skiptapi á Hópi í Grindavík, drukknuðu 9 menn. Versnaði veðurátta, gerði harðindi. Þá drukknuðu á farmskipi Skálholtsstaðar 24 menn, fyrir framan Hraun í Grindavík.

**1602 Suðurnesjaannáll:** Týndist skip frá Hópi... Þá dýndist á þorradaginn farmskip Skálholtsstaðar, hið mikla, fyrir framan Þórkötlustaði. Voru flestir grafnir að bænahúsinu að Hrauni. Týndust 24 og ein stúlka.

**Farrago:** Vetrarharka geisaði voðaleg um allt land, rétt eins og stöðugar snjókomur og hörkufrost hefðu svarið sig saman um að týna skepnunum; leiddi af því hallæri og mannfelli.

**Ballarárannáll:** Það haust voru héluföll og frost fram að Magnúsmessu [13. des. ]. Þá kom fjúk og jarðbönn, með hallæri og harðindum, svo þá var svo harður vetur um allt landið, að enginn kann af slíkum að segja né séð af skrifað, síðan Íslands byggðist. Kolfellir um allt landið, svo að margir misstu allt, hvað þeir áttu. Hestar stóðu dauðir af frosti á Reykjanesi.. Þá var enginn gróður (á) Jónsmessu um vorið. Sá vetur var almennilega kallaður gamli harði vetur. ... í sjövikna fardögum (þ.e. snemma í júní) var genginn ís úr Steingrímsfirði og á Vatnsnes. Á Hjallasandi var sjaldan eða aldrei á sjó komið um vetur(inn); fram á mið var langaðarís. Nær graslaust um sumarið. Lögðust í eyði yfrið mikil jaarðargóss um allt landið. ... Í fardögum var sjóis riðinn frá Kamsnesi að Skoravík í Hvammsfriði.

**Skarðsárannáll:** Vetur aftakalegur til harðinda um allt Ísland. Almennilegur peningafellir. Engir menn mundu þá þvílíkan harðindavetur frá jólum til Jónsmessu, svo þá varð hið fyrsta sauðgróður. Lá ís langt fram á sumar. Grasleysi mikið. Tók frá fisk fyrir norðan. Þetta kölluðu margir Kynjaár.

**1603 Farrago:** Þann 4. marz skrifar Jón Björnsson, einn af ágætustu mönnum norðanlands, að vegna harðæris hafi í Eyjarfjarðarsýslu einni dáið 300 manns úr hungri. ... Í Austfjarðarsýslu dóu á sama ári hvorki meira ne minna en 600 manns úr sótt og hor. Einnig í Mjóafjarðar-og Dvergasteinssóknum dóu menn á við og dreif og margir saman, svo að nokkrir bæir urðu aleyða. Sama ár, á hreinsunardag, fórust fjögur fiskiskip úr Mýrdal með einvalaliði, og voru eftir látnar að minnsta kosti þrjátíu ekkjur.

**Ballarárannáll:** Vetur dágóður til veðuráttu svo fitnuðu peningar, þar þeir voru, eptir jól. Aldrei hefur skeð hér á landi slíkt mannfali sem þá af hungri, svo það er ógnarlegt, hvað fólkið hefur mér þar af sagt, sem það mundi. Það finst prentað í einum formála herra Guðbrands, að 600 fólks hafi af vesöld dáið í Skagafjarðarsýslu. Þá voru seld jarðargóss í landinu með afföllum, og fengust þó ekki seld sem þurfti. Þá var frábær þjófnatur í landinu; hefur gert hallæri. Hryggilegt er að heyra slík tilfelli, sem þá skeði af hungursneyð í landinu. ... Fólkið breiskti við eld sér til matar bein úr haugunum og forna skó og annað þvíumlíkt. - Fiskur var þá og lítill við sjóinn. Menn sumir, sem til sjóar fóru, höfði ei annan mat með sér, en steiktu nokkuð af nautshúsdum á kveldum.

**Skarðsárannáll:** Mannfall af fátæku fólki um allt Ísland af harðindum og sulti, gekk og blóðsótt; dó og mannfólkið af henni mörgum tugum saman í hverri kirkjusókn. Eyddust bæir. Fiskileysi.

**1604 Farrago:** Herra Guðbrandur biskup á Hólum hefur getið þess, að síðastliðin tvö ár hafi í Skagafjarðarsýslu dáið 800 manns úr hungri og kulda. ... Sama ár, kringum 1. febrúar var bærinn Steinar í hættu fyrir hruni úr fjalli, svo sem einu sinni áður hafði verið, og olli það afskaplegu slysi einkum úr vesturátt. Auk annars hrapaði steinn úr fjallinu, barst með ofsaflogi beint á bæinn og geystist í gegnum og braut í einu slagi ris þriggja húsa, þar sem inni voru húsmunir og heimamenn sjálfir; og þannig fór hann yfir kirkjugarðinn, inn í kirkjuna sjálfa allt inn að prédikunarstól og braut allt og bramlaði, er fyrir var. Er hann talinn vera svo stór og þungur, að tólf menn geti rétt bifað honum úr stað með verkfærum.

**Skarðsárannáll:** Kom ís. Rak hvali. Selatekja mikil. Þetta var kallað Eymdarár. Á þessum tveimur fyrirfarandi hörðu árum, með því þriðja hörkuárinu, sem mest undir bjó, féllu í Hegranesþingi 8 hundruð manna; það var bæði yfirferðarfólk og fátækir barnamenn, sem inni lágu. Svo hafa menn reiknað, að um allt Ísland hafi á þessum 3 árum fallið níu þúsund manna.

**1605 Skarðsárannáll:** Vetur harður. ... Ís kom mikill; hann kom fyrir austan land, rak allt um kring að austan og sunnan ofan fyrir Grindavík um vorvertíðarlök. Rak undan tvö fiskiskip fyrir Jökli.

**1606 Ballarárannáll:** Þá var ekki högg slegið frá höfuðdegi, fyrir regni og votviðrum.

**1608 Skarðsárannáll:** Skiptapi á Hópi í Grindavík, drukknuðu 10 menn á mánudaginn eftir pálmadag (21. mars). Vetur var mjög góður, spillti með sumrinu, kom þá ís og gerði mikil harðindi. Lá ís fram til Jónsmessu.

**1609 Skarðsárannáll:** Vetur í meðallagi frá jólum. ... Skipskaðar, tveir sexæringar, annar á Akranesi, annar á Álftanesi, 6 menn á hvorum. ... Skriður féllu víða. Féll snjóflóð á bæinn að Leifstöðum í Svartárdal, þann 10. Febrúarii, tók hálfan og fjósið, þó ekki allt; létust fimm menn.

**Suðurnesjaannáll:** Þá brotnaði kaupskipið í Grindavík í spón, góðs áður komið á land.

**1610 Suðurnesjaannáll:** Druknaði Ólafur Klemensson í Staðarsundi í Grindavík með 9 háseta.

**Skarðsárannáll:** Vetur harður og langhríðasamur. Kom fjúk á einmánuði á Geirþrúðardag (17. mars) og hafa margir menn þann byl kallað Geirþrúðarbyl. Þá urðu margir menn úti með fé sínu í Miðfirði, einninn 14 menn í Borgarfirði og svo vestur í Kolbeinsstaðahrepp og ofurleg fjártjón um þessar allar sveitir. Og víða annarstaðar, og mjög víða féllu peningar. Ekki mundu menn slíkan skaða hafa orðið í eins dags veðri á landi. Í þeim sama byl forgengu við England 50 skip.

**Farrago:** Á laugardaginn fjórða sunnudag í föstu, er bar upp á 17. marz, var mesta stilla með blíðviðri og glaða-sólskini fram á hádegi; síðari hluta dagsins skall á afskaplegur hörkukuldi, sem hélzt 18. og 19. marz með stormi og snjókomu, eigi aðeins þjarmaði útigangspeningi grimmilega, heldur einnig mönnum. Í Borgarfirði urðu úti tíu menn og 500 fjár. Í Miðfirði urðu fjórir menn úti, og mjög marga aðra kól til skaða. Bændur þar í sveit misstu á þeim tíma 1500 fjár frá 24 bæjum. Aðrir skrifa, að 2000 fjár hafi farizt í þessari einu sveit.

**Sjávarborgarannáll (frá 1609-1627 er hann útdráttur úr týndum annál frá Grindavík):** Forgekk áttæringur með 11 mönnum á Stað í Grindavík.

**1611 Skarðsárannáll:** Vetur góður. Haust mjög votsamt.

**1612 Ballarárannáll:** Góður vetur.

**Skarðsárannáll:** Kom ís. Harðindaár mikið. Hróflaðist um sauðfé mjög svo. ... Stór regn fyrir Jónsmessu um sumarið. Jarðfellisógangur í Austurdölum í Skagafirði, eyddust nær 2 bæir, fórst með af peningum, hlupu fram yfrið miklir skógar, rak af þeim víði ofan í Hólum, og víðar um Skagafjörð, því að Héraðsvötn stemmdi upp.

**1613 Ballarárannáll:** Harður vetur. Vor gott.

**Skarðsárannáll:** Veðurátta stormasöm með sjóargangi. ... Skiptapi í Garði suður, þar á 5 menn. Skiptapi í Kollafirði, sexæringur.

**1614 Ballarárannáll:** Góður vetur.

**Skarðsárannáll:** Vetur góður til Luciumessu (13./23. des.), spilltist þá. Heyjaðist mjög lítt norðanlands fyrir votviðrum. Drukknunum fimm manna í Vestmannaeyjum, annarra fimm á Breiðafirði. Ítem fimm á Vestfjörðum.

**1615 Farrago:** Óskaplegur hafís lagðist að suðurströnd landsins, svo að hann þakti afar þéttundi á milli meginlands og Vestmannaeyja; fylgdi honum mikill fjöldi sela og nokkrir birnir, en aðeins tveir þeirra voru drepnir af landsmönnum. Sama ár kringdi hafís land allt að vestan, norðan og austan. Firði alla lagði frá innstu fjörum og langt á haf út af frosti og kulda, svo að fært varð ríðandi og gangandi mönnum. Lagís þenna í fjarðarmynnunum kringdi hafísinn að utan, svo að sjómönnum voru lokaðar allar leiðir á miðin langt fram á sumar.

**Ballarárannáll:** Var harður vetur. Þá um vorið á tveggja postula messu [1. maí] voru 13 skiptapar á Breiðafirði af ógnarlegu norðanáhlauþfjúki; var smáviðri um morguninn, kom á um dagmálaskeið, og varðaði allt fram á miðnætti. Þá hleyptu skipin innan og vestan úr eyjum í Höskuldsey og Eyrarsveit. Í því áhlaupi drukknuðu á Breiðafirði 80 menn.

**Skarðsárannáll:** Vetur harður með miklum jarðbönnum. Þá féllu nær allir útigangspeningar, sem ekki höfðu hey, um allt Ísland. Rak inn ís á þorra fyrir norðan land. Þá kringdi hafís um allt Ísland og lá til fardaga fyrir norðan. Kom þá ís suðaustan fyrir Ísland, og svo ofan í Grindavík, hann rak ofan fyrir Reykjanesröst og inn á Vog og fyrir öll Suðurnes. Engir mundu þá ísrek sunnan fyrir röst skeð hafa. Seladráp á ísi um Suðurnes. ... Á þessum vetri varð mest peningahrun um vanalegar góðsveitir. Þá komust allfáir menn suður yfir heiðar í verferð fyrir ófærðum snjó; sneru heim í sveitir. Brotnuðu hafskip víða í ísi. Þann vetur sást sjaldan ein sól, svo ekki væru tvær eður þrívallt þrjár, og furðu opt fjórar, ítem alltíðum fimm, svo og einnig sex; sénar voru og 7, einninn 8, nokkrir menn litu og 9. Þessar sólar sáust í hringum í loftinu, með ýmislegum teiknum og líkingum. Þá sást og sem annar regnbogi í móti sólinni, þó harðafrost væri. Þjarnýr gengu þá víða um landið, gerðu ekki mein; þau voru unnin með skotum og slögum á Hólum í Hjaltadal.- Átta skiptapar urðu vestur á Breiðafirði á tveggja postulamessu. Þá kom snögglegt áhlaupsveður.

**Sjávarborgarannáll :** Menn kól marga til dauða á þeim vetri. ... Þar eptir í Augusto lágu þrjú stór skip spönsk fyrir Vestfjörðum uppá hvalfang. Þau brotnuðu öll í einum útsynningsbyl á einni nóttu.

**1616 Suðurnesjaannáll:** Skipstapi á Stafnesi.

**Ballarárannáll:** Var vetur harður.

**Skarðsárannáll:** Vetur skorpasumur. ... Veður mikið á vestan á jóladaginn fyrsta fyrir norðan land.

**1617 Ballarárannáll:** Varð mjög harður vetur. ... Þá var mjög mikið grasár.

**Skarðsárannáll:** Vetur góður til jóla. ... Heyskapur mjög góður.

**1618 Ballarárannáll:** Vetur góður.

**Skarðsárannáll:** Vetur góður frá jólum. Kom ís um vorið. Hætt mönnum bæði í sjó og vötnum. Drukknun 8 manna undir Eyjafjöllum. Skiptapi vestur á Hjallasandi, drukknðu þar 7 menn. Drukknun 3 manna í Hafnarfirði. Guðmundur Guðmundsson lögréttumaður í Borgarnesi drukknaði og aðrir 6 menn fyrir Seltjarnarnesi. Drukknun Gunnlaugs Grímssonar með öðrum 7 mönnum á Grímseyjarsundi, Drukknun 8 manna í Þjórsá austur.

**1619 Skarðsárannáll:** Vetur góður. Vor gott. Sumar þurksamt. Heyjaðist lítið. ... Austanveður mikið 8. Novembris; gekk úr farveg kórin í kirkjunni að Hólum í Hjaltadal, undinn aptur að; þar rauf og hús. Skipabrot í Skagafirði austanfram. Drukknun Ólafs Péturssonar og 7 hans háseta í Höfnum suður 4. dag páska, sem var síðasi Martii, 3 komust af. Drukknun 4 manna vestur í Bervík, komust af 3.

**1620 Ballarárannáll:** Þá var dáðagóður vetur.

**Skarðsárannáll:** Vetur góður frá jólum. Sumar æskilegt. Haust gott. Drukknun 7 manna á Álftanesi. Drukknun Erlends Erlendssonar með öðrum 8 í Staðarsundi í Grindavík.

**1621 Suðurnesjaannáll:** Brotnaði kaupskip í spón suður í Keflavík af ofviðri, tveim dögum fyrir Jónsmessu. Týndist allt góðs. Ógurlegur stormur suður um nes, tveim sunnudögum eftir Þrettánda, svo að brotnuðu 30 skip.

**Skarðsárannáll:** Vetur góður frá jólum og svo eðlismætur til jóla. Heyskapur í minna lagi. ... Sumarstormar og dimmviðri. Votsamt alþing. Drukknun 8 manna og einnar konu á Vestfjörðum. Drukknun Jóns Ólafssonar hvalfangara og tveggja annarra á Vestfjörðum. Einn maður fórst í snjóflóði um vorið undir Brekkum á Tjörnesi. Tveir menn urðu í snjóflóði í Auðbrekkufjalli í Hörgárdal um haustið. ... Brotnaði kaupskip í spón suður í Keflavík af óveðri, tveimur dögum fyrir Jónsmessu, týndist góss allt.

**1622 Skarðsárannáll:** Vetur góður frá jólum. Vor hart. Kom ís. Selatekja mikil á ísi. Sénar 5 sólar á himni þann 27. martii.

**1623 Suðurnesjaannáll:** Fjórir skipstapar á Suðurnesjum. Drukknðu á þeim skipum 40 manns. Var eitt skipið á Hvalnesi, er átti Gunnar Pálsson.

**Ballarárannáll:** Var harðindaár til grass um allt landið.



**Skarðsárannáll :** Vetur góður. Vor hart. Sumar votsamt, gras lítið, heyjaðist mjög lítt. Fjórir skiptapar urðu á Suðurnesjum og á þeim drukknuðu 40 manna.

**1624 Farrago:** Í nóvember féll í stormi dómkirkjan á biskupssetrinu Hólum nyrðra. Einnig sama ár hrundi kirkjan á Bessastöðum syðra (situr höfuðsmaður þar). Sömuleiðis voru svo miklir jarðskjálftar, að mönnum og skepnum lá við grandí, en nokkrir bæir hrundu alveg. ... Sama ár, þremur eða fjórum stundum fyrir dagrenning, reið óskapa jarðskjálfti á Suðurlandi, svo að jafnt skepnur og menn óttuðust bráðan dauða. Vér fundum eftir það mörgum sinnum kippi, en miklu vægari. Aftur sama ár kollvarpaði og huldi fjallskriða að nóttu meira en helminginn af bænum Yzta-Skála í Holtssókn; þjuggu þar sjö barna foreldrar; aðeins foreldrunum varð bjargað með lífi, þannig að þau voru dregin hálf dauð úr aurlæðjunni. Þegar móðirin daginn eftir sá, hvernig um börnin hafði farið, lét hún guðrækilega líf við dauða, og þannig liggur hún í einni gróf ásamt þeim; en maðurinn lifir eftir og þjakast af hörmum sínum.

**Sjávarborgarannáll (frá 1609-1627 er hann útdráttur úr týndum annál frá Grindavík):** Á

Vesturlandinu alls staðar á féll þungur vetur.

**Ballarárannáll:** Var vetur mjög harður. Grasár, en heyskemmdir víða um sumarið fyrir. Þá um haustið um Mikaelsmessuleytið kom afbært fújk, svo eg missti þá út í sjó 50 fjár í Ásgarði. ... Þá féll Hóladómirkja.

**Skarðsárannáll:** Vetur afbragðsgóður frá jólum. Fljótur og mikill grasvöxtur, vaxið sóleyjargras í Skagafirði í síðustu viku vetrar, og þá höfðu fuglar vorpið; nógleg egg fundin. Kranksamt sumar, dó margur maður, votsamt, heyjaðist lítt. Vetur harður til jóla, jarðleysi, féllu útigangspeningar.

**1625 Farrago:** Flóð af vatni, ösku og eldi, stafaði frá hristingi og sprengingum fjallana, flæddi yfir héraðið milli Vers og Mýrdals, svo sem Helvad hefur skýrt frá á dönsku. Sama ár fórust undir Jökli tvö fiskiskip með áhöfnum; eftir létust 12 ekkjur og 40 munaðarleysingar.

**Ballarárannáll:** Flutti eg mig til Ballarár.

**Skarðsárannáll:** Jarðbannsvetur mikill með spillingablotum. Dó allt kvikfé manna víðast um Ísland, sem ekki hafði hey, færleikar átu vegg og velli, hræ og hauga, stoðir og stokka. Kom ís á göu, lá til alþingis. Hvalrek nokkur. Linun kom fyrst hin 5. Martii, þó spillti aptur. Kom fjúkhríð á Mattheusarmessudag. Varð úti og kól til dauðs séra Jón Gíslason kirkjuprest á Möðruvöllum í Hörgárdal. Tvo menn kól á Tjörnes, annan til dauðs en annan til örkumla. Snjóflóð féll í Bárðardal á Stóruvelli, tók 3 hús, varð undir ein stúlka og dó, búandinn komst undan örkumlamaður. Alls urðu úti 9 menn þar norður, sumir dóu, aðrir örmukumlaðir. ... Grassumar var mikið.

**1626 Ballarárannáll:** Þá var hinn beztu vetur. Vor hart. Grasár gott, þó seint sprytti. ... Þá spratt nýtt gras víst á þorra.

**Sjávarborgarannáll:** Þann 5. Octobris og etc. féll svo fádæmalegt regn úr lofti um flestar sveitir, sérdeilis á Vestfjörðum víðast, að öngvir menn (þá lifandi) mundu slíkt. Féllu skriður svo miklar, að margar jarðir og pláss heil stórlega sköðuðust. Ár og vatnsföll höfðu stóran yfirgang, ruddu upp grjóti, aur og sandi, aftakandi víða allar engjar og eyrar, einkum í Bjarnadal vestur. Ath. útg.: Þetta mun vera tekið úr annál Sveins Símonarsonar í Holti í Önundarfirði).

**Skarðsárannáll:** Vetur afbragðsgóður frá jólum. Hart vor. Selafengur á Skaga á ísi. Tveir skiptapar vestur í Buðlungavík; á þeim skipum 11 menn. Drukknun 6 manna í Lóni, tveir komust frá.

**Vallholtsannáll:** Vetur góður víðast um sveitir. Selavor mikið.

**1627 Suðurnesjaannáll:** Drukknun 10 manna frá Kirkjuvogi. Tveir skipstapar frá Flankastöðum. Rak tvö skip undan á Suðurnesjum. Komst annað vestur að Jökli, menn komust allir af.

**Sjávarborgarannáll:** Í öskudagsbylnum urðu tveir skiptapar á Miðnesi.

**Ballarárannáll:** Vetur bráðagóður til þorra. Þaðan af komu útsynningar með stormi (og) harðindum til lands og sjóar.

**Skarðsárannáll:** Áfreðavetur, hörkumikill, hvern margir kölluðu Frosta. Harðindi, heylseyi, strítt vor. Hlutir miklir syðra og vestra. Drukknun 7 manna undir Jökli í Keflavík. Drukknun 10 manna í Kirkjuvogi. Tveir skiptapar á Flangastöðum. Drukknun 10 manna á Kotferju í Ölfusá. Rak undan 4 skip á Suðurnesjum, eitt komst vestur að Jökli. ... Sunnanstormur ógururlegur 24. Januarii, einn miðvikudag. Suðvestanstormur firn

mikill hálfra aðra eykt dags, þann 7. Februarí, kallaður Öskudagsbylur. Varð úti ein stúlka á Vatnsskarði, Íunn að nafni. Þá hraktist fé víða. Tók upp skip og brotnuðu fyrir norðan.

**Vallholtsannáll:** Vetur misjafn.

**1628 Farrago:** Miðvikudaginn næstan fyrir hvítasunnu lögðu 12 menn af stað í sjóferð til Geirfuglaskerja ... Síðan hefur hvorki heyrzt neitt né sézt til manna þessara.

**Ballarárannáll:** Vetur geysilega harður, víða fellir. – Þá missti eg nokkuð af fé og köplum.

**Sjávarborgarannáll:** Þann 26. Januári varð maður fyrir snjóskriðu út á Sporharmri í Mosdal á Vestfjörðum og deyði ... en annar komst af. Ítem deginum eftir í snjóskriðu einnig þórður Eiríksson á Innri-Veðraá. Þann dag fórust og tveir fjármenn með eitt hndr. fjár í Alviðru vestur og komst ekkert af. (mun vera úr glötuðum annál Sveins Símonarsonar í Holti í Önundarfirði).

**Skarðsárannáll:** Frostavetur mikill og harður fyrir jól og eptir. Kom ís á Góu, hafþök, enginn afli. Sá ís lá til 12. Augusti. Sultarneyð á allmörgum. Gras lítið. Gott sumar til veðuráttu. Urðu fátækir menn víða úti og í Borgarfirði með fé menn. Drukknun Sveins Jónssonar í Fljótum, með öðrum fjórum. Drukknun 11 manna á Akranesi. Skiptapi á Vestfjörðum. Drukknun 12 manna með teinæring við Geirfuglasker. Drukknun 3 manna á Eyjafirði.

**1629 Farrago:** Svo segir Brandur Pétursson Mýrdælingur, að í austurfjöllum við Grímsvötn hafi brotizt upp eldur með eimyrju, vikri og brunagrjóti, vatnsflóð flætt yfir Breiðamerkursand og Skeiðarársand (meira en fimm stórar rastir) og svipt skepnur haga. Hann segir og, að maður nokkur bláfátækur, kona hans og nokkur börn hafi orðið undir flóði þessu, en annar fátækur maður með konu og þrem börnum (eða fleiri) hafi fyrir guðs velgjörð komizt af heilu og höldnu eftir fimm daga dvöl á auðri sandeyri, á meðan flóð þetta á alla vegu ruddi eða lagðist yfir allt, sem fyrir varð.

**Suðurnesjaannáll:** Skipstapi í Garði.

**Ballarárannáll:** Vetur frá jólum góður. Vor hart til fardaga frá sumri. Þá kom fjúk í sæluviku um haustið; hlánaði ekki fyrr en á miðjum vetri.

**Skarðsárannáll:** Vetur góður frá jólum til veðuráttu. Grassumar gott, heyjaðist vel. ... Hart til matar. Umferð undramikil af fátæku fólki, dó margt af bjargarleysi. Kom á fjúkbylur fyrir norðan 24. Januári. Urðu úti og kól til dauðs 9 fátæka menn. ... Kom ís nokkur fyrir norðan, lá ekki. ... Kom fjúk sunnudaginn í imbruviku um haustið; þann snjó tók aldrei upp það ár; gerði stórharðindi með sífelldlegum austanstormum fram til Magnúsdags; kom þá útsunnan með blotum, og tók fyrir jarðir.

**Vallholtsannáll:** Vetur góður. ... 9 manneskjur urðu úti í stórfjúki 24. jan.

**1630 Ballarárannáll:** Var harður vetur, kom á í sæluviku, og ekki hláka, svo jörð kæmi upp, fyr en með sumri.

**Skarðsárannáll:** Vetur harður með áfreðum; nefndu hann margir Jökulvetur. Féllu peningar, en í meðallagi vetur til jóla. Sumar gott.

**1631 Farrago:** Ein hin ólmasta á, sem rennur úr Þingvallavatni, stærsta stöðuvatni á landinu, gjörþornaði á milli hárra kletta,

**Skarðsárannáll:** Vetur miðlungi frá jólum, en góður til jóla. ... Gott sumar, heyjaðist vel. Skiptapi á Gufuskálum, 7 menn drukknðu. Drukknun 7 manna á Seltjarnarnesi. Þruma sló stafn á baðstofu á Brimnesvöllum vestra, þar undir dó ein kona. Sunnanstormur keyrði þar á sjó út 300 fjár. Á Mýrum suður keyrði norðanstormur á sjó 60 fjár og 6 færleika. Einn maður varð undir snjóflóði í Djúpadal í Skagafirði um vorið.

**Vallholtsannáll:** Vetur í meðallagi víðast.

**1632 Sjávarborgarannáll:** Brotnaði skip á Hrauni í Grindavík og drukknðu tveir menn þar af, en sjó komust á árum og hlunnum til lands lifandi. ... 30. Januári hröktust 14 skip undan Fjöllum út í Vestmannaeyjar vegna storms og náðu 13 eyjunum, en eitt forgekk með mönnum 14 að tölu. ... Á krossmessu um haustið kom svo mikið fjúk með snjókomu, að undirlagði víða jörð og elztu menn mundu ei slíkt áður tilfallið hafa svo snemma á tímum. ... 12. Nóvemberis um fyrstu dagsbirtu skeði jarðskjálfti lítill í sumum sveitum, en mikill og skaðlegur í sumum stöðum, svo hús féllu og niðurbrotuðu bæði í Ölvesi, á

Breiðabólstað nokkur hús, Grímslækur, þrjár hjáleigur á Hjalla, Bakki og Þurrá sú austari (Þverá). Á þessum öllum bæjum hröpuðu nokkur hús, þó án manskaða. Þrem vikum fyrir jól, þá féll á eftirkomandi harðindavetur. (Allar þessar klausur munu vera úr Grindavíkurannál).

**Ballarárannáll:** Vetur mjög góður. Á krossmessu um haustið [þ.e. 14. sept.] komu norðanvindar með fjúkum fyrir norðan, svo þá dóu á Hallruna af fjúki og frosti: Þórður Gíslason, Einar Einarsson, Þorkell Árnason. Einn mann kól þá til skemmda á Hallruna. [Hallruni var fjallvegur milli Brekku í Gilsfirði og Tinda í Miðdal í Steingrímsfirði].

**Skarðsárannáll:** Vetur í meðallagi frá jólum. ... Drukknun 14 manna úr Landeyjum við Vestmannaeyjar. Brotnaði skip á Hrauni í Grindavík, drukknuðu 2 menn. Það mikla vatnsfall, sem kallað er Sog, og rennur úr Þingvallavatni, þornaði upp; mátti taka og voru teknir silungar á þurru úr því. ... Forgengu 8 enskar duggur fyrir austan um haustið í stórstormum, týndust menn og allt annað af fjórum, en mannbjörg á hinum. ... Spillti veðuráttu. Komu snjóar miklir á jólaföstugang, gerði daggarblota með stormum, og fraus, svo tók af jarðir víðast um sveitir, og gerði mikil harðindi til jóla, en grasleysi var um sumarið með votveðuráttu og stormum; heyskapur næsta lítil.

**1633 Farrago:** Bæ nokkurn á Vesturlandi kafði svo í snjó, að hann kom ekki upp aftur fyrr en sumarið eftir, og voru þá allir heimamenn dauðir.

**Ballarárannáll:** Vetur svo harður, að enginn man slíkan, nema til stórhriða gamla harða vetur [1602 sem kallaður var Lurkur]. Og svoddan fellir, að um allar sveitir var fé og færleikar mestallt dautt, nema hér á sveitum enginn geysifellir. Á krossmessu um vorið [3.mai] var víða engin jörð upp komin, einkum fyrir austan og í Borgarfirði. Jarðbönn komu á mánuði fyrir jól, og aldrei leysti það jarðbann þann vetur, nema sumstaðar komu upp snöp með sumri, einkum hér á Ströndinni, kom þá jörð upp.

**Skarðsárannáll:** Vetur aftaka harður um allt Ísland. Hrun og niðurfall peninga. Og þegar á jólum dóu peningar, sem voru færleikar. Gerði spillingablota. Heyleysi alstaðar. Ekkert fólk komst að snjónum til vers, fyrir ófærðum snjóanna. Fyrir suðaustan eigi vitjað kirkna fyrir ofhruni snjóanna, hvorki af prestum né sóknarfólkinu; ekki vatnað peningum nema eitt sinn í viku á sumum bæjum; menn komust eigi fram, varla milli féhúsanna og bæjanna. Fjárhúsin fennti með fjánum og urðu ekki fundin. Fennti og hrönnum peninginn, hundrað hesta suður á Kjalarnesi, í Borgarfirði. Féllu peningar fyrir sunnan og austan, einninn og vestra af heyleysi; talið 12 hundruð kúa úr Borgarfirði og austur að Ragná dáið hefði; einninn 153 færleikar undir Eyjafjöllum; var og mælt í Skálholti hefði eptirlifað 7 færleikar; var og einninn hrun af nautum vestur um sveitir. Grassumar lítið, góð veðuráttu. Landskjálfti syðra; hrundu bæir í Ölfusi, ekki sakaði menn né peninga. Ís kom á þorra, lá allan vetur, og fram allt nær að Jónsmessu. Enginn afli neins staðar á ísnum. Skútuskipið úr Selvogi forgekk í Herdísarvík, drukknuðu 14 menn, Vestanveður mikið 2. dag Martii, hröktust fé, allvíða fórst af þeim; lágu og menn úti, sköðuðust eigi.

**Vallholtsannáll:** Harður vetur. Peningafellir mikill. Óveður mikið 2. Mart[ii]. Kom ís mikill á miðjum vetri og var til miðs sumars, komst ekki fólk til vers. Fennti 100 hesta á Kjalarnesi.

**1634 Suðurnesjaannáll:** Féll þá fátækt fólk af hungri og dó hrönnum saman þar, er sótti að sjó. Dóu 40 manns í Grindavík, en í Útskála- og Hvalnessóknum 200 manns.

**Ballarárannáll:** Vetur mjög harður og graslítið sumar.

**Skarðsárannáll:** Vetur góður norðanlands í sumum stöðum. Grassumar lítið, votviðrasamt. Skemmdust hey. Heyleysi, dó peningur. Féll fátækt fólk í hungri, varð og líka úti.

**Vallholtsannáll:** Vetur harður víða. Hart vor. Mikið mannfall víða um sveitir af hungri. Sumar graslítið, nýttust hey lítt. ... Sló þruma niður Lophúsið í Bræðatungu, meira en 50 hundraða skaði.

**1635 Skarðsárannáll:** Vetur góður fyrir norðan. ... Drukknun 14 manna á Vestmannaeyjum. Drukknuðu 3 menn á Vatnsleysuströnd.

**Vallholtsannáll:** Vetur góður. Vor gott og sumar. ... Vetur harður til jóla. Peningafellir mikill undir Eyjafjöllum og víða um suðursveitir.

**1636 Sjávarborgarannáll:** Jólatíminn allur mjög rosasamur og aldrei sami vindur né veðurstaða, og með sama móti útgekk allur sá vetur með rosum og óstaðviðrum. Haust þessa sama árs allt að veturnóttum var mjög hriðasamt með snjóum, fjúkum, frostum og stormum, en frá veturnóttum fyrstu og allt fram að áttadegi

jóla var hæg og góð veðurátt, snjólaus og blíð, svo gamlir menn mundu ei betri þar syðra og svo var víðar að spyrja allt að jólum nema í Austfjörðum. ... 22. Januári rak undan í norðanstormi bát Guðrúnar á Járngerðisstöðum með 6 mönnum, og drukknuðu allir, en skipbrotin rak á Reykjanes og nokkuð af þremur mönnum. Undir Jökli vestur urðu 3 skiptapar, og drukknaði flestallt fólk á þeim. Ítem drukknuðu 13 menn á einum tíæring í Vestmannaeyjum. ... Grasvöxtur mjög lítil í sumum stöðum það ár og notkaðist lítið vegna votviðra. (Mun vera úr Grindavíkurannál).

**Skarðsárannál:** Á Miðnesi drukknuðu menn á sexæring, og einn maður. Brotnuðu 3 skip í Vestmannaeyjum, á 45 menn, og drukknuðu allir.

**Vallholtsannál:** Vetur harður víða. Hort vor. Mikið mannfall víða um sveitir af hungri. Sumar graslítið, nýttust illa hey.

**1637 Skarðsárannál:** Svipul veðuráttu upp frá jólum og jarðbönn allvíða til jóla, og misjafnt þerrasumar, gras lítið, en vannst vel að heyjum. Fjórir skiptapar syðra, 2 í Höfnum, einn á Stafnesi, og einn fyrir Garði frá Hvaleyri, vildu fara á Stafnes. Á þessum skipum drukknuðu 38 menn. Skiptapi úr Vestmannaeyjum.

**Vallholtsannál:** Vetur miðlungi, svo og vor og haust ... Vetur til jóla í harðara lagi víðast um svetiri.

**1638 Suðurnesjaannál:** 22 júní brotnaði skip í Grindavík í sunnan stormi.

**Ballarárannál:** Vetur góður.

**Skarðsárannál:** Vetur misjafn frá jólum. ... Tveir skiptapar á Hjallasandi, drukkun 13 manna, náðist einn nær andvana, lifnaði við. Drukkun 3 manna við Arnarstapa.

**Vallholtsannál:** Vetur harður. Gott vor sumar og haust. ... Vetur harður til jóla. Kom ís á fyrsta mánuði vetrar.

**1639 Sjávarborgarannál:** Harðindavetur víðast um landið með harðviðrum og stormum, svo færleikar féllu um allar sveitir, svo og naut og sauðir allvíða. Bati veðráttu kom fyrst í þriðju viku góí fyrir suðaustan. ... Hafís hræðilegur kom þrem vikum eftir páska austan fyrir landið og varð landfastur fyrir öllu Suðurlandinu allt að Reykjanesi. Hann hraktist eftir straumum og veðurstöðu austur og vestur með landinu fram yfir fardaga. Honum fylgdi ekkert gagn af sel né trjám. Hann skar burt allar fjörur í Grindavík, svo ei var þar þari eður þöngull, söl eður grös. ... Haust þessa árs mjög regnsamt og stormamikið, en strax með vetri komu snjóar, frost svellalög og áfreðar um flestar sveitir, svo útgangspeningar féllu. (Mun vera úr Grindavíkurannál).

**Ballarárannál:** Þá urðu mikil skriðuföll víða um landið.

**Skarðsárannál:** Vetur harður frá jólum. Ís vofraði kringum landið allan vetur, kom austan fyrir land, og svo fyrir Suðurnes. Harðindi mikil stóðu af honum; hann gagnlaus í alla staði. ... Fjögur skip fóru í Geirfuglasker á Suðurnesjum til aflafanga, um sumarið öndverðlega, forgengu tvö með öllum mönnum, hin komust að landi um síðir, með mikilli neyð, dó einn maður af öðru er í land kom. Forgekk og skip með öllum mönnum fyrir Garði, og voru á þessum skipum 32 menn, er lífi týndu. ... Grasár lítið fyrir sakir frosta og norðanveðra kulda. .... Hart til jarðar fram að jólum, lóguðu margir fjám. Ofanfallaregnið mikla á Góuþræl og fjögur dægur í samt, svo aldrei varð upprof, fengu margir menn stóran skaða á heyjum og húsum, og nytspilling kúfénaðar, er ekki hélzt við í féhúsum. Einninn féll(u) í því stórregni skriðum víða, með vatna og leirs yfirfalli, svo löndin, tún og engi mættu stórskemmdum, og þetta gekk nálega um allar sveitir.

**Vallholtsannál:** Vetur mikið stirður til einmánaðar. Vor hart. Sumar kalt og graslítið. Haust í meðallagi. Ís kom nær kringum allt Ísland.

**1640 Suðurnesjaannál:** Urðu víða skipstapar. Brotnuðu 18 skip í óveðri um Suðurnes.

**Skarðsárannál:** Vetur jarðbannasamur fyrir norðan land frá jólum; féllu mjög peningar, sauðfé og færleikar, einninn allvíða nautpeningur. Heyleysi, harðindavor. Bjargleysi fyrir almúgann. ... Afbragðsgóður vetur til jóla. Lagði ís á vötn með fyrsta, tók af síðan með þíðviðrum. Tveir skiptapar urðu á Eyrarbakka. Drukknum 4 manna á Vatnsleysuströnd. ... Stormviðri mikil affaranótt hins 4 Decembris, hróflaðist víða um hús og hey; brotnuðu 30 skip fyrir norðan land, tók upp úr hrófum og naustum; einninn brotnuðu þá 18 skip um Suðurnes. Þá tók upp og braut allt í sundur það litla hvolda trévirkishús fyrir Reynistaðarkirkju, sem verið hafði sancta sanctorum þeirrar miklu trékirrkju, sem forðum var á Reynistað.

**Vallholtsannáll:** Vetur mjög svo harður, og mikill peningafellir allvíða. Vor hart. Sumar gott og grasmikið. Haust gott. Vetur góður til jóla. ... Með vetrarsólstöðum þessa árs kom á loptið slím undarlegt, svo aldrei kunni sól, tungl né stjörnur klárt skína það ár allt; sáu menn varla skugga sinn um miðdegi, þó heiðskítr væri; enginn var sólarroði kveld né morgna; varla sáust nema stærstu stjörnur og tunglið óglögg, fyrr en það var komið langt fram af fjöllum á kvöldin. Var slím þetta á loptinu 3 ár, jafnan með sama móti. Hvarf þá allt í einu með sumarsólstöðunum 1643. Eg gætti að því hvert ár. (Hugsanlega stafaði „slím“ þetta frá tvemur stórum eldgosum. Hið fyrra var í fjallinu Komaka-Take í Japan og hófst 31. júlí 1640 en hið síðarar var í fjallinu Awu í Indónesíu og hófst 3. janúar 1641).

**1641 Sjávarborgarannáll:** Drukknun 7 manna á sexæring frá Hrauni í Grindavík í dymbilviku [6. apríl]. (Mun vera úr Grindavíkurannál).

**Ballarárannáll:** Það haust urðu geysimiklar flæðir, svo enginn man hér í sveitum slíkan sjóargang og brotnuðu mörg skip.

**Skarðsárannáll:** Var harður vetur frá jólum og fram eptir öllu um vorið, en sérdeilis voru jarðbönn á Þorranum, og öndverðlega á Góunni, en frost því meir sem á leið meir. Þá batnaði 4 dag í páskum (28. apríl) og var gott vor.

**Vallholtsannáll:** Vetur góður til jóla.

**1642 Sjávarborgarannáll:** Á föstu forgekk tíæringur í Járngerðarstaðasundi í Grindavík. 8 menn drukknðu þar af, en 2 komust af. Skip komu ei fyrr norðanlands en í Augusto seint. (Mun vera úr Grindavíkurannál).

**Ballarárannáll:** Þá kom svo geysimikill norðanvindur fyrir Jónsmessu, að dóu Engelskir á bát á Breiðafirði; þá urðu og manntjón og skipskaðar í Geirfuglaskersferð. Í þeim vindi fauk eldur, svo brunnu lauf á skógum og gras á völlum, svo mórauð urðu túnin. Af því varð stór grashnekkir.

**Skarðsárannáll:** Skiptapi undir Eyjafjöllum og 4 hröktust til Eyja undir eins. Þá varð skiptapi í Grindavík í Járngerðarstaðasundi, teinæringur; komust af tveir lamaðir, en 9 drukknðu. Þann 20. Februaríi hljóp snjóflóð á Reynivöllum í Kjós, sem burttók hey mestöll úr garðinum, og braut hlöðuna og fjósið og drap 13 naut, en tvö komust af og bar grjót á túnin og skemmdi þau. Á sama degi hljóp og á Þorlaksstað, svo flytja varð bæinn um vorið og einninn hljóp á Hurðabak, svo peningi varð hætt. Ítem hljóp mjög hætt snjóflóð á Tindsstaði á Kjalarnesi, hvert flóð burttók heyin og fjósið, svo ei komst undan nema 3 naut og fólkið með miklum harmkvælum, því af bænum tók nokkur hús þar með.

**Vallholtsannáll:** Vetur góður. Vor gott að fardögum, en upp þaðan kalt og þurt með frosti. Sumar vott. Haust stormasamt. Vetur allgóður til jóla.

**1643 Skarðsárannáll:** Var vetur góður. Forgekk skip í Grindavík í Staðarsundi, teinæringur, komust af menn nokkrir, annað á Miðnesi, sexæringur.

**Vallholtsannáll:** Vetur góður. Meðalvor. Sumar gott og heitt, þó vott stundum. Haust gott.

**1644 Suðurnesjaannáll:** Þann 14. febrúar týndist sexæringur frá Útskálum með sjö manns. Það skip var frá Görðum á Akranesi. Ennfremur fórst eitt skip frá Narfakoti. Drukknðu tveir menn en einn komst af. Fóru menn þessir með skreiðarfarm út í Keflavík. Einnig fórst skip frá Kjalarnesi. Með fiskfarm fyrir Stafnnesi. Þá gjörði veður og flóð á Suðurnesjum, er spillti skipum.

**Skarðsárannáll:** Var vetur góður, en vorið hart. ... D(ag) 15. Februaríi forgekk sexæringur á Útskálum í Garði með 7 mönnum; það skip var frá Görðum á Akranesi. Hjá Narfakoti suður varð skiptapi.

**Vallholtsannáll:** Vetur harður víða um sveitir, en ekki mikill peningafellir.

**1645 Ballarárannáll:** Þá [kringum Mikjálsmessu] kom ógnarveður á sunnan svo skipið [dansk kaupfar] sleit upp eptir dagsetur fyrir framan Stykkishólm, dreif svo í ógninni um nóttina, skrykkist yfir um einn boða hjá Vaðstakksey og dreif svo fram að Landæluskerjum, svo fólkið komst upp í skerið. Tveir menn drukknðu, íslenskur og danskur. Einn íslenskur, lamaður og kostaður, komst upp á skerið, en tveimur dögum síðar dó hann. Voru komnir á skipið margir íslenskir. Komu þeir nokkru af varningi á skerið. Síðan dreif frá þeim mannlást skipið með góssið, en á annað sker og brotnaði þar í sundur degi síðar með öllu góssinu, svo ekkert náðist. ... Í því veðri sleit og upp skipið á Stapa og dreif svo inn á Hraunlandarif og

brotnaði þar, en náðist allt góssið. Skipið, sem vera átti í Rífi, dreif í því veðri vestur fyrir land og norður í haf, svo sagt var, þeir hefðu séð Grænland.

**Skarðsárannáll:** Var góður vetur fram á Góu; komu þá snjóar og harðindi fram á sumar. ... Gras í meðallagi. Nýttust töður vel, en úthey laglega. ... Þann 26. Septembris kom sú danska sigling í suma kaupstaði. Þá fyrirfarandi viku voru stormar með frostum, og þá kom svo mikill snjór í sæluviku, að peninga fennti á fjöllum. Og í þeim veðrum sleit þau dönsku kaupför, sem undir landið voru komin, frá landinu aptur, villtust og hröktust út í haf... gengu þá stórveður, meðan skipin lágu hér, svo að tvö af þeim brotnuðu vestra á höfninni.

**Vallholtsannáll:** Vetur í meðallagi. Kalt vor. – Miklir jarðskjálftar víðar.

**1646 Ballarárannáll:** Vetur góður. ... Þá var stirt vor fram að hvítasunnu [17. maí]. Þá kom bati með náttðöggum og þerrum. Var mikið grasár og nýttist alstaðar vel hey, og mjög gott sumar.

**Sjávarborgarannáll (frá 1645-50 útdráttur úr glötuðum annál frá Gufudal) :** Vetur góður, í betra lagi haldinn.

**Vatnsfjarðarannáll elsti:** Góður vetur, þó nokkuð stirt væri til sólstaðna.

**Vallholtsannáll:** Vetur góður. ... Vetur góður til jóla.

**1647 Suðurnesjaannáll:** Skipstapi á páskaviku suður í Höfnum. Komust þrír menn af skipinu.

**Ballarárannáll:** Dáðagóður vetur með þíðum, úrkomulausum, allt fram að sumri. ... Var harðlegt vor fram að hvítasunnu [6. júní] með vindum og kuldu. En á hvítasunnu komu þíðviðri. Gras á túnnum í meðallagi. ... Þá komu harðindi til veðra og snjóa strax um haustið, einkum á Magnúsmessu.

**Sjávarborgarannáll (frá 1645-50 útdráttur úr glötuðum annál frá Gufudal) :** Þá var mjög gott ár til allra hluta, grasár gott, sumarið fyrir, og nýttist að óskum heyskapur. En vetur svo góður, að elztumenn (átræðir og eldri) mundu öngvan slíkan. Frost kom nær því og aldrei. Út allan veturinn gengu logn með mollum, ei þó úrfelli né stórregn. Um sjálfan þorra sýndist mönnum gróa í kelduföllum. Árgæzka og til sjóar fyrir vestan land.

**Vatnsfjarðarannáll elsti:** Vetur afbragðs góður. Vor stirt, til þess í annarri viku páska batnaði. ... Mikið óþerrasumar. ... Komu snjóar snemma og harður vetur frá Magnúsmessu fyrir jól, eptir nokkurn bata þess fyrsta íkasts.

**Vallholtsannáll:** Vetur allur góður. Vor misjafnt. Kalt sumar. Votsamt haust.

**1648 Suðurnesjaannáll:** Kom snjór svo mikill um Suðurnes, að hann náði mönnum í mitti.

**Ballarárannáll:** Harðinda vetur um allt land, peningafellir og fjármissir, stríðviðri og stormar allan veturinn með jarðbönnum, minna í hálfri sveitinni hér á Ströndinni fyrir utan Klofning. Í Dalasýslu enginn ákafamissir í flestum stöðum. Mjög mikil harðindi, einkum fyrir norðan og austan. Miklir hlutir við sjó. Kom ei jörð upp víðast fyr en með sumri. Þá komu fyrir krossmessu [3. maí] snjóar og harðindi, og sumstaðar rétt jarðbönn, og þá féll mest peningur. Kolsvartafjúk um uppstigningardag [11. maí]. Þá átu ærnar lömbin sín í Ísafirði. Hafís við land frábærilegur, með mörgum bjarndýrum, í Strandasýslu, allt inn í Hrútafjörð; hvarf hafís ei burt fyr en þingmaríumessu [2. júlí]. Varð mesta grasár með þerrum syðra, hér vestra í minna lagi, en allraminnst á Ströndum. Um sumarmál, allt fram á Maríumessu síðari [8. sept.] landnyrðingur með frostum og þá á leið með fjúkum, svo víða komu snjóar á fjöll og heiðar, og sumsstaðar í byggðir. Óþerrir mjög mikill í Strandasýslu, svo á krossmessu [14. sept.] hafði varla náðst vetrungsfóður, þar, en norðanlands og mesti óþerrir og snjóar um sumarið, en fiskiár gott, svo ekki var þaðan getið stórs hallæris. En í Strandasýslu mjög hart með fólki.

**Vatnsfjarðarannáll elsti:** Stór harðindavetur og fjárfellir með ísalögum, kom og hafís. Bati kom ei fyr en 3. dag hvítasunnu, en kom á mánuði fyrir vetur með krossmessu, herti með Magnúsmnessu [13. des.] fyrir jól, og hélt svo fram eptir. Varð skippreiki 4. dag hvítasunnu, fyrir Geltinum út. Týndust af 3 menn, skip og góss, til 40 hndr. 3 mönnum varð hjálpað. .... Gengu bjarndýr á land um vorið á Norðurströndum. Í Februario á Þrollaþrælsveðrinu mikla féll kirkja á Breiðabólstað í Fljótshlíð. Mikið harðindavor og sumar eptir lítinn bata um fardaga. ... Harðindi um land allt og hejabrunar. ... Góður vetur að mestu til jóla. ... Góður vetur eptir jólin að mestu til sumars eptir komandi árs. Skriðuföll.

**Vallholtsannáll:** Vetur harður. Féllu peningar víða um landið. Hart vor með kulda. Líttill gróður, þá riðið var til þings. Hart sumar... Síðustu vetrarviku gengu fjúk í 12 dægur, svo hvergi sá út. Riðu þá engir

nafnbótamenn til þings, nema herra Þorlákur biskup, 2 sýslumenn og 2 lögréttumenn, vegna harðinda. Laurentiusmessu [10. ág.] voru vellir eigi leystir undan snjó á útkjálkum.

**1649 Ballarárannáll:** Dáðagóður vetur, einkum frá jólum. ... Það sumar var grasár gott.

**Sjávarborgarannáll (frá 1645-50 útdráttur úr glötuðum annál frá Gufudal):** Var sérlega góður vetur, svo aldrei kom hret á honum, nema eins hálf mánaðar skorpa um jólatíma með mikill hörku. Annars gekk veturinn út með hlákum, mollum og þíðiðrum allt til enda, svo smáfénaður lá allvíðast úti þann vetur. Um Pétursmessu á föstu voru tekin fjallagrös á Hornströndum vestur. Snemma um haustið runnu allvíða skriður og ár sakir votveðráttu á tún og engjar og gjörðu stór spöll á sumum jörðum, í Hvammi á Barðaströnd rann skriða meir en yfir hált túnið heim undir húsagarð, svo jörðin var virt upp aftur og felld úr sínum dýrleik að helmingi, og svo gekk í mörgum stöðum til, að landskuldir gengu aftur sökum spjalla á jörðunum. Þá hljóp Álftadalsá upp á staðinn í Gufudal, bæði hans tún og engjar, og spillti stórum, svo merki sjást þar til meðan land byggist. Þá varð grasár mikið um sumarið, því vottaka veðuráttin viðhélzt með sama móti, svo menn mundu þá ei nýlega svo heitt og varmt sumar, sem þá var. Því varð mikill heyskapur, þó lítt þurrkaðist sumstaðar.

**Vatnsfjarðarannáll elsti:** Hallæri víða um land, helzt á Norðurströndum og norðaustur á landi. Gott vor að mestu og fiskur við sjóinn. ... Gott sumar.

**Vallholtsannáll:** Vetur góður. Vor gott og sumar.

**1650 Ballarárannáll:** Vetur dáðagóður og grasár um sumarið.

**Sjávarborgarannáll (frá 1645-50 útdráttur úr glötuðum annál frá Gufudal):** Var einn afbragðsgóður vetur öngvu síður en fyrra árið, þurr og úrfellalaus með spakri veðurátt. ... Vorið var tirjulegt, vindasamt með óstöðugri veðurátt, svo mjög líttill gróður var í fardögum. 17 Maí fyrir uppstigninardag [23. maí] í Oddbjarnarskers-verstöðu forgekk skip undan Múla á Skálmarnesi á fiskimiðum af ofveðri.

**Vatnsfjarðarannáll elsti:** Var góður vetur að mestu til jóla. Spilltist með kyndilmessu [2. febr.]. Komu útsynningssnjóar. Batnaði í góluk. Var Einmáður og Harpa harðleg að nokkru leyti. Kom hafis, en batnaði 5. sunnudag eptir páska [10.maí]. Margir skipskaðar urðu. Skiptapi í Dýrafirði, með 7 mönnum og börn 11 föðurlaus. Lá mörgum skipum við grandir af stormviðrum, sem gengu. .... Þann 20. Júnii skiptapi Vatnsfjarðarmanna fyrir Trumbunni milli Álptafjarðar og Seyðisfjarðar, djúpt fyrir, létust 6 menn og fundust ekki þeirra lík, fannst og nokkuð góss en skipið fannst á sjó óspjallað; skeði í sterku útsynningsveðri. ... Var vetur góður, þó stórvirðrasamt.

**Vallholtsannáll:** Vetur góður. Vor gott og sumar. Heyjaðist vel víðast.

**1651 Ballarárannáll:** Góður vetur.

**Vatnsfjarðarannáll elsti:** Góður vetur að mestu, Gólukafjúk. Einmánuður slæmur og batnaði að liðna fyrsta sumardeginum [10. apríl]. Veturinn fyrir jól féll Staðarkirkja í Aðalvík af veðri. Brotnuðu þá og víðar hús af vindi; skip brotnuðu og skeðu heyskaðar. ... Um haustið var skakviðrasamt og svo veturinn fram til nýárs.

**Vallholtsannáll:** Vetur góður, Vor gott. Mikið hitasumar. Gras gott og mikið. Nýttust hey.

**1652 Sjávarborgarannáll:** Sá fyrri vetrarpartur að Kyndilmessu með þíðri veðurátt, snjólíttill og frosthægri um landið. (Mun vera úr Grindavíkurannál).

**Ballarárannáll:** Góður vetur. ... Óþerrir um sumarið. Heyskemmdir víða.

**Vatnsfjarðarannáll elsti:** Skiptapi í Skötufirði; drukkuðu þar á 12 menn. ... Sjógangur á Eyrarbakka suður um jól; og gerði skaða dönskum og íslenskum húsum, sérdeilis á Hrauni og góssi, er þar var inni fyrir, og nautum og einum sjúkum manni.

**Vallholtsannáll:** Vetur góður, þó vindasamur og frostmikill. Vor gott og sumar, einkum norðanlands, en syðra og vestra var mjög votsamt, svo að eigi nýttist hey og eldiviður.

**Seiluannáll:** Vetur góður frá áttadegi. Kom stórfjúk í síðustu viku Góu, gekk það 10 dægur, þaðan frostmikill og vindasamur. Vorið gott og varmt sumar. Sprottin sóley í síðustu viku vetrar; sláandi tún í fardögum. Grasár nægðarlegt, en mikil votviðri sunnanlands; þar varð að elda gömlu heyi til þarfinda sér. – Haustið mjög blásandi með ógnarlegu ofanfelli af suðri og suðvestri hreggs og snjóa; gekk allt til áttadags. Í þessu ofviðri brotnuðu 20 skip fyrir suðausturlandinu.

**1653 Suðurnesjaannáll:** Skipstapi á Stafnesi. Drukkuðu 4 menn af báti, er Torfi Erlendsson átti.

**Sjávarborgarannáll:** Áttadagur á laugardag, en morguninn þar eftir var stormur hræðilegur á sunnan og útsunnan með óvenjulegum sjávarágangi upp á landið í öllum stöðum fyrir austan Reykjanes, svo túnin spilltust, en skipin brotnuðu víða. Sérdeilis skeði þetta á Eyrarbakka, Grindavík og Selvogi suður. Á Eyrarbakka sköðuðist mest tún, hús og fjármunir; raskaðist víða um bæi. (Mun vera úr Grindavíkurannál)

**Vallholtsannáll:** Vetur góður, þó vindasamur. Vor kalt. Sumar gott.

**Vatnsfjarðarannáll elsti:** Vetur meðallagi og vorið hart. Lítil grasvöxtur.

**Seiluannáll:** Vetur frá jólum snjósamur, þó í betra lagi. Vor kalt og þurt. Sumar í meðallagi. ... Það sumar rigndi maðki úr lopti víða fyrir norðan land, helzt til afdala, gerði mikinn skaða engjum og úthögum. Varð þar öll jörð hvít, sem hann lá, sem gömul sina, þótt áður væri grænt gras fullspröttið.

**1654 Suðurnesjaannáll:** Rak tvo báta undan úr Keflavík inn á Strönd. Drukkuðu 3 menn af öðru þeirra.

Átta skipstapar urðu næsta dag fyrir Hvítasunnu.

**Sjávarborgarannáll:** Vetur hríðasamur með skorpum, með stormum og rosum af suðurátt. Peningar nokkrir féllu á Suðurlandinu. ... Þann 11. Martii varð hræðilegur sjávarágangur í landsunnanstormi fyrir austan Reykjanes, svo spilltust tún allvíða.

**Ballarárannáll:** Þá brotnuðu 2 skip í Húsavík, kaupmannsfarið og annað, sem sækja átti góssið af því skipinu, (sem) fyrra árið brotnaði (1653). ... Þennan vetur var hart sumsstaðar. Gott grasár.

**Viðauki við Vatnsfjarðarannáll elzta:** Norðanveðuráttasamt sumar.

**Vallholtsannáll:** Vetur skorpusamur víða um sveitir. Vor gott og sumar. Haust kalt og snjósamt. Vetur harður til jóla víðast. ... Um vorið, föstudag næsta fyrir hvítasunnu (12. maí) varð skiptapi við Drangey. Vildi til lands inn í Hofsó, kom útsynningsstormur, drukkuðu 6 á miðjum flóa. ... Sumar gott, þó kalt og þerrasamt með norðankuldum og heiðríkjum optast.

**Seiluannáll:** Vetur skoprusamur í sumum sveitum. Vorið gott. Sumar með hagstæðri veðuráttu. Haust vott og vindasamt. ... 25. Septembris brotnuðu 2 skip í Húsavík, drukkuðu þar af skipherrann og 4 menn aðrir; það annað skyldi sækja góss, sem náðist af skipbroti fyrra ársins, sleit það fyrst upp og rak svo á hitt skipið, unz bæði brotnuðu. Stilltist strax veðrið, er skaðinn var skeður.

**1655 Sjávarborgarannáll:** Nýársdagur á mánudegi. Veetur eftir allur þíður og nær frostlaus með harla lítilli snjókomu fyrir austan, iðulega sunnan og austan vindum og stormum. ... Vorið mestallt votmsamt með sunnanveðrum iðulegum, svo fiskiaflinn skemmdist, og svo hélzt til fardaga. (Mun vera úr Grindavíkurannál).

**Ballarárannáll:** Ver hér á sveitum góður vetur. Norðanlands víða harður.

**Vallholtsannáll:** Vetur frá jólum skorpusamur víða um sveitir með áfreðum og miklum svellalögum, en góður að veðuráttu með kyrrviðrum hér í sveit, svo og syðra og vestra. ... Það skeði fyrir jólaföstu að Jökulsá í Öxarfirði stífldist upp í giljum öllum og gljúfrum, og hljóp svo fram með flóði miklu í sjó; gerði stórskaða á fé manna; dráputt ernir, fálkar og aðrir fuglar fram í gljúfrunum, af því flóðið kom snögglega í ána. Drífa norðan jólanótt.

**Seiluannáll:** Vetur frá jólum skorpusamur og áfreðamikill. Veðurátta líðanleg. Vor gott og hlýtt að fardögum, spilltist þar eptir með hörkum af landnorðri, allt að Þingmaríumessu. Heylítið sumar, nýttist þó vel. Haust vott og blíðviðrasamt, með áhruni vatns og snjóa, batnaði með jólaföstu. Mikil drífa og dimmviðri jólanóttina. ... Jökulsá í Öxarfirði hljóp fram með ógnarlegum vatnsgangi, tók af alla sanda yfir undir Skinnastaði og upp undir Kelduhverfi, svo ernir, fálkar og hrafnar dráputt allt í sínum hreiðrum; svo hátt gekk upp í gljúfrin. Prestur sá, er hélt Skinnastaði missti 3 hundruð fjár.

**1656 Ballarárannáll:** Góður vetur, en stirt vor öndverðlega.

**Viðauki við Vatnsfjarðarannáll elzta:** Vindasamt vor, en vetur góður.

**Vatnsfjarðarannáll yngri:** Mikið vottaka haust og veðrasamt.

**Vallholtsannáll:** Vetur góður frá jólum með snjóleysum, hlákum og stormum. ... Skiptapar í Vestmannaeyjum, drukkuðu 33 menn og í Leiru suður 2 menn, drukkuðu 4 á öðrum. ... 12. Septembris ógnarstormur með hreggi suðvestan og vestan, gerði víða heyskaða. Braut þá í spón Höfðaskip með allt góss,



er í það var komið, það skemmdist en sumt náðist; drukknuðu 3 menn af skipinu og fundust allir aptur um haustið. ... Vetur góður til jóla með snjóleysum og hlákum, svo sjaldan kom þeli í jörð.

**Seiluannáll:** Vetur góður frá jólum með hlákum og snjóleysum. Vor gott. Sumar í meðallagi til grass. ... Haust hvasst og vott. Þann 12. Septembris var ógnarstormur með hreggviðri á vestan, gerði víða skaða. Brotnaði Höfðaskip í spón þar á leggunni; varð bjargað góssi sumu og mönnum, nema 4 þeirra drukknuðu; það brotnaði nær miðjum degi; varð þá strax gott veður og logn.

**1657 Ballarárannáll:** Var sérlega góður vetur.

**Viðauki við Vatnsfjarðarannál elzta:** Var góður vetur harla.

**Vatnsfjarðarannáll yngri:** Vetur góður. Vorvindar og gróðurleysi, norðaustanstormar og kuldi.

**Vallholtsannáll:** Vetur afbragðsgóður frá jólum, með hlákum og þíðviðrum; kom eitt fjúk í góulok, og lá eigi lengi á. ... Miklir jarðskjálftar syðra og vesta, svo 2 bæir hrundu í Flóa án mannskaða. ... Um allraheilgaramessu varð undir snjóflóði búandinn að Ábæ í Austurdölum. ... Gott veður kyrrt, nærri heiðríkt, jólanótt og jóladag. Eldingar miklar og leiptranir og um jólin.

**Seiluannáll:** Vetur afbragðsgóður með snjóleysum og þíðviðrum mestan allan hann. Var nokkuð kalt. Sumar gott og haust. ... Jarðskjálftar miklir syðra og vestra, hrundu víða bæir.

**1658 Ballarárannáll:** Góður vetur og gott fiskár.

**Viðauki við Vatnsfjarðarannál elzta:** Sérdeilis góður vetur fyrir sunnan og vesta.

**Vatnsfjarðarannáll yngri:** Vetur góður. ... Var vetur mjög stórviðrasamur af suðri og suðaustri. Þann 13. Januarii kom ógnarveður, gerði víða skaða; þá sló niður alla yfirbygging af klukknaportinu á Hólum; brotnaði ein klukka. Víða brotnuðu skip og hús í því veðri. Maður einn í Höfðahverfi vildi hjálpa heyi sínu, og sonur hans og dóttir með honum. Sló manninn ofan og dauðrotaðist, en í hinum brotnaði handleggur.

**Vallholtsannáll:** Gott veður nýjárstag. Vetur upp þaðan afbragðsgóður með snjóleysum. Séð sóleyjargras á einmánuði. 5. januarii ógnarstormur með regni suðvestan, svo trautt mundu menn slíkan. ... Eldgangur af lopti með skruggum of (um) allan Vatnsdal nokkra hríð um vorið; sást eldur sá langt þaðan; annar sást um sumarið. ... 23. Septembris, fimmtudaginn næsta eftir imbruviku, kom stórfjúk með snjóum miklum. Í þeim varð fyrir snjóflóði búandinn á Gilsbakka í Dölum fram, er Illhugi hét Jónsson, og fannst látinn litlu síðar. Vetur harður með jarðbönnum, hörkum og heiðríkjum til jóla.

**Seiluannáll:** Vetur góður og stórviðrasamur en mjög snjólítill af suðri og vestri. Ógnarveður 5. Januarii, gerði víða skaða. Sló þá niður alla yfirbyggingu af klukknaporti á Hólum, brotnaði ein klukka; víða brotnuðu skip og hús í því veðri. Maður einn í Höfðahverfi vildi hjálpa heyi sínu, og annar maður með honum, sonur hans og dóttir; sló manninum ofan og dauðrotaðist, en í hinum brotnaði handleggurinn. Fylgdu þessum stormi miklar eldingar og skruggur. Ógnar jarðskjálfti um nóttina milli 2. og 3. í páskum, svo allt hristist sem laust var, sem saman barið væri.

**1659 Ballarárannáll:** Var harður vetur, vegna sjóa og útsynninga frá jólum.

**Vallholtsannáll:** Gott veður nýjárstag. Vetur upp þaðan harður alstaðar með jarðbönnum og óstöðugri veðuráttu fram á góu. Kom góður bati með Martio, og tók upp allan jökul; hafði víða lógað verið sauðfé á þorra. ... Vor hart framan. Komu kuldar og frost með sumri. Batnaði um uppstigningardag [12. maí]. Fjúk með frosti um fráfarur, varð því grasbrestur mikill. ... 6. Oktobris fjúk með stormi ógurlegum. Á Vestfjörðum tók kirkjuna að Bæ á Rauðasandi að bitum og 10 bæjarhús. Urðu víða skaðar á húsum, fé og skipum. Þá braut duggu hollenzka við Bjarneyjar; náðist sumt góss; drukknaði stýrimaðurinn. ... Vetur allgóður til jóla með hlákum, snjóleysum og kyrrviðrum, optast. ... Góð jólanótt, kyrrt, heið með frostlaust; riðin vötn mestöll þíð og íslaus, sem á sumar.

**1660 Ballarárannáll:** Það var mjög góður vetur og meðalfiskiár.

**Vallholtsannáll:** Fjúk með stormi norðan nýjárstag. Vetur upp þaðan allgóður. ... 30. Julii nær allan gengu skruggur miklar með eldgangi, fyrst í austri, færðust síðan til suðurs, þaðan til vesturs, og loks til norðurs; voru þær og fyrri optast frá fardögum. Hlupu peningar saman og hlupu hingað og þaðan allvíða. Vorið þurt, sumar votsamt og þornaði heyt lítt víða. Í eyju nokkurri á Breiðafirði, nærri Flatey, kom upp jarðeldur, svo ekki varð slökktur. ... Vetur misjafn til jóla, gott til jólaföstu, en þaðan af snjóskorpa til nýársdags. ... Austanveður jólanótt og misjafnt upp þaðan til nýársdags.

**1661 Ballarárannáll:** Þá var seinna um haustið mjög hart af snjóum og frostum strax eptir veturnætur og það hélzt við allt fram á jól við og við. Þá brotnuðu frönsk hvalaskip í hafís fyrir norðan.

**Vallholtsannáll:** Gott veður nýársdag. Vetur upp þaðan meðallagi. Vor kalt og gróðrarlítið. ... Hafís fyrir Norðurlandi og hart með mönnum og það ár allt. ..Lítill heyskapur. ... Haust gott.... Vetur harður með frostum og kyrrviðrum til jóla. Gott veður jólanótt. Kyrrviðri og frost um jólin. ... Eldur mikill kom upp í Grindavíkurfjöllum; var uppi fyrir jól og eptir og sást lengi norður í land á hverju kveldi.

**1662 Ballarárannáll:** Var harður vetur, bæði fyrir vestan og sunnan, með jarðbönnum og snjóum.

**Vallholtsannáll:** Gæzkuveður nýársdag. Vetur upp þaðan harður með jarðbönnum, allt að góulokum svíaði þá nokkuð. Harðindi og hestadauði í Héraði austur. ... Vor hart að framan, en gott er á leið, batnaði móti hvítasunnu með hláku og grasviðri. ...6. Júnii skiptapi fyrir Sléttahlíð, létust 5 menn. ... 23. Júnii stormur vestan. Skiptapi við Harastaði á Skagaströnd. Voru á 7 menn, komust 4 af, 3 drukknuðu, sigldu á sker. 20. Júnii skiptapi fyrir Jökli. ... Mánudag næstan fyrir allraheilagra messu [27. okt.] kom fjúk ógnarlegt með snjó, minnkaði það aptur. Vetur upp þaðan afbragðsgóður til nýársdags. ... Gott veður jólanótt og upp þaðan um jólin til nýársdags.

**1663 Ballarárannáll:** Sérlega góður vetur. ... Það var sérlega gott vor, með smáviðrum og sólarhitum.

Snemmgróið gras og mjög vel gróið á hvítasunnu. ... Þá um haustið brotnaði fransk hvalaskip á Norðurströndum, komust af 33 menn, 8 drukknuðu í lýsinu, þá skipið brotnaði. ... Var góður vetur.

**Vallholtsannáll:** Gæzkuveður nýársdag. Vetur upp þaðan góður. ... 28. Apríliis ógnaveður með sandfjúki austan. – Vor gott.

**1664 Ballarárannáll:** Góður vetur. ... Þá var frostasamt haust, með áhlaupum, svo miðvikudaginn fyrir jól [21. des.] kom áhlaup. Urðu margir fjárskaðar víða og marga menn kól; nokkrir önduðust hér og hvar í því áhlaupi.

**Vallholtsannáll:** Gott veður nýársdag. ... Fjúkríð með stormi norðan páskadaginn [10. apríl]. Braut kirkju alla á Knerri fyrir Jökli, og laskaðist bærinn mestallur. ... Haustið optast stirt til veðuráttu, fjúksamt og óstöðugt. ... Gott veður jólanótt. – Annars dags morgun sáust ský mörg og stór á lopti í austri, landsuðri og suðri, undrafögur, rauð og blá, græn og gul, eitt í miðið fagurt sem tungl. Þau sáust þar til bjart var af degi; var þá veður kyrt og andaði lítið sunnan; sást nokkuð til þeirra einninn á þriðja dag, voru hærra á lopti en önnur ský. Þau sáust syðra og um allt Ísland fyrir jól og eptir. Jarðskjálfti annars dagskveld jóla.

**1665 Ballarárannáll:** Var njög góður vetur, áhlaupasamur af vindi, vöruðu ekki mjög lengi, aldrei neinir snjóar fram að vordögum. Fimmta dag páska [30.mars] kom áhlaup með snjó og vindi, mjög mikillegum, og varaði í 3 daga. Í því veðri urðu 2 skiptapar í Oddbjarnarskeri, voru 8 menn á báðum, einn skiptapi milli Svefneyja og Bjarneyja, voru á einn maður og hans kona, ekki fleiri, áttu mörg börn, bjuggu í Sviðnum. Einn skiptapi á Barðaströnd með 5 mönnum, í Patreksfirði 4, sem komust úr Tálknafirði og forgengu við Hænuvík á Patreksfirði, í Dýrafirði einn áttæringur, og 2 skip komu í hættu á Hjallasandi, en guð gaf þeim líf og land. Fjártjón urðu þá og nokkur. ... Þá var svo hart vor, eg man ekki slíkt. Þá kom þriggja daga fjúk í fardögum; þurrkar og frost og stundum fjúk fram að Vítusmessu [14. júní]. Mjög lítill gróður og hallæri fyrir peningum. ... Þá um sumarið var svo mikið hallæri af grasleysi og harðri veðuráttu fyrir norðan, einkum í Þingeyjarþingi, svo margir urðu að skera þar peninginn sér til bjargar um sumarið. Þá varð allvíða frábær grasbrestur og lítill heyskapur. Um Mikaelsmessu um haustið komu fjúk og snjóar af norðri. Þá kom í vikunni fyrir Jónsmessu mjög mikill hafís fyrir vestan og norðan; komu á þeim ís 7 bjarndýr í Trékyllisvík. ...Þá var mjög vindasöm veðurátta fram til jóla, stundum með miklum frostum, stundum með þíðviðrum og nógum jörðum, en sérlegum sjóbönnum.

**Vatnsfjarðarannáll yngri:** Urðu 11 skiptapar um vorið hér vestra.

**Vallholtsannáll:** Gott veður áttadag. Veður góður upp þaðan. ... Ellefu skiptapar vestra, létust 50 manna. 24. Maí, miðvikudaginn næsta fyrir föstudag í fardögum, fjúk mikið og illviðri. Þá drukknuðu Tómas Nikulásason af skipi og 4 menn aðrir. ... Sumar víða graslítið. ... Vetur í meðallagi til jóla.

**1666 Vatnsfjarðarannáll yngri:** Þetta sumar var ár í betra lagi til grasvaxtar, en mjög óþerrasamt. Mikið fiskiár um vorið og ei vindasamt, en að hallanda sumri mjög stormasamt.

**Vallholtsannáll:** Allgott veður áttadag. Vetur upp þaðan meðallagi. ... 30. Martii 4 skiptapar undir Jökli. ... Vor gott með grasvesti miklum víðast. ... Vetur afbragðsgóður til jóla.

**1667 Vatnsfjarðarannáll yngri:** Vetur eptir jólin í bezta máta. Ítem mikið og gott grasár og þar með góður heypurkur hér vestra, en harður vetur fyrir sunnan og víða uppflosnað fólk hvert eð fór hópum saman þar syðra um sumarið.

**1668 Vatnsfjarðarannáll yngri:** Árferði stirt. Grasvöxtur lítill. Heyskemmdir yfir máta í víðustum stöðum, sökum mikilla votviðra og óþerra.

**1669 Suðurnesjaannáll:** 29. ágúst brotnaði Bátssandaskipið í höfninni, búið til siglingar.

**Vatnsfjarðarannáll yngri:** Veturinn var mjög stirður eptir jólin, og gekk harðindi að velflestu fólki, sem ei var í bezta máta fyrir komið að heybirgðum. Varð víða hér vestra mikill peningafellir og fáheyrður hestadauði úr öllum nálægum sveitum til að spyrja. Kallast þessi vetur Hestabani. Á föstudaginn langa [9. apríl] kom bati fyrst, og hélt því fram síðan.

**1670 Suðurnesjaannáll:** Skipstapi við Hvalsnes. Þrír menn fórust.

**Kjósarannáll:** Vetur í meðallagi.

**Sjávarborgarannáll (1670-71 útdráttur úr annáll frá Gufudal):** Þá var gott fiskiár og grassumar.

**1671 Suðurnesjaannáll:** Einn maður týndist í Höfnum á skipreika.

**Kjósarannáll:** Vetur harður.

**Sjávarborgarannáll (1670-71 útdráttur úr annáll frá Gufudal):** Varð mikill peningafellir af sauðfénaði þann vetur um vestursveitir.... Stórleg harðindi og snjóar fyrir sunnan, norðan og vestan. Brotnaði danskt kaupfar vestra.

**Vatnsfjarðarannáll yngri:** Vetur til jóla vindasamur með úrkomum.

**1672 Suðurnesjaannáll:** Tveir skipstapar í Garði. Týndist fjórir menn.

**Kjósarannáll:** Vetur í meðallagi. Vor kalt. Sumar kalt.

**Vatnsfjarðarannáll yngri:** Kom mikill hafís inn á hvern fjörð hér vestra og svo norður fyrir allt um kring að Skjálfanda norður; úr honum kom mikill víðarreki á Rauðasandi. ... Þetta ár var góður vetur og sumar með miklum aflabörgðum víða. Um hvítasunnu [26. maí] komu veður mikil og vætur í hverjum víða fjöll runnu og gerðu löndum og bæjum mikinn skaða. Undir Meirihlíð í Bolungarvík tók af hálf túnið, ítem Geirastöðum í sömu sveit meir en þriðjungu tús, ítem Hvammi á Barðaströnd tók af allt túnið.

**1673 Kjósarannáll:** Vetur góður. Sumar gott.

**Eyrarannáll:** Nýársdag sjálfan var veður kalt, með miklu frosti, þar til úti var embætti, síðan gerði fjúk og um kveldið mikla drífu, og alla þá nótt; hnepti þá niður ófanna snjóa, og tók víða neyzluvatn heiman frá bæjum, því frost mikil höfðu um adventuna gengið með með miklum norðanvindum, en jörðin auð undir með miklum svellum. Af þeim snjóum runnu víða snjóflóð. Á Hóli í Bolungarvík tók snjóflóð 4 hesta í einu. Í Hnífsdal tók af hjáleigu, er Búð hét, með öllu því, þar var í, að fráteknum mönnum, hverjir fyrir guðlega hjálp sér björguðu undir einum skút, er af baðstofunni eptir stóð. Nautum varð og bjargað, en hey tóku öll ofan að garðsveggjum. Svo og einninn tók sama skriða alla ábúendanna hjalla með fiski, utan einn, og flutti mestallt (út) á sjó, hvar af nokkuð síðar upp rak. – Í Arnardal tók og snjóskriða 5 hesta, alla í einu; svo og runnu víðar snjóflóð. ... Í þrettándadagsveðri tók í Húsavíkurkaupstað norður 18 faðma langa búð, er brennisteinsmenn brúkað höfðu til þess verks.

**1674 Suðurnesjaannáll:** Mesti fiskafli. Allt að 15 skippund í Garði. Þar urðu tveir skipstapar, með 9 mönnum.

**Kjósarannáll:** Fyrir austan og austnorðan fellivetur. Dó fjöldi manna og peninga. Kalt vor. Graslítið sumar.

**Annálsgreinar Árna á Hóli í Bolungarvík:** Vetur harður. Féllu í hungri 400 fólks í Vöðlusýslu í Norðlendingafjórðungi.

**Eyrarannáll:** Á Íslandi hefur fyrirfarandi vetur verið svo harður fyrir norðan Langanes og austan í Vopnafirði, Reyðarfirði og víðast í þeim fjórðum svo vel sem upp á landinu, að allt fé og peningur af nautum, kúm, sauðfé og hestum dó af fódurleysi og harðindum, svo margt fólk uppflosnaði frá jörðum í Múla og Þingeyjarþingum og sýslum, hvar margar jarðir í eyí lögðust og margt fólk þar af hungri og bjargarleysi dó, jafnvel urðu úti á vegunum til þeirra sveita, sem þeir ætluðu sér bjargar að leita. – Kom á þessu ári og því eptir komandi margt fólk, sem úr hallærinu hafði komizt, í hópatali á Suðurnes, fyrir Jökul og á Vestfjórður bjargar að leita, hvar fyrir margar jarðir þar í eyði lögðust. – Á þessu ári var og víðar um landið mjög harður vetur, svo peningar víða féllu. Austan úr Múlaþingi og norðan úr Þingeyjarþingi skrifast þann 13. December, að 500 manns hafi þar í sýslu í harðrétti dáíð, saman reiknað af 2 prestum fyrir norðan Vöðluheiði, frá Maríumessu á föstu og til Mikalesmessu og að sótt sé þar svo mikil, að lík hafi til einnar kirkju komið, til sumra 30, sumra 40, sumra 60 og til sumra 90 síðan á Bartóleusmessu, af almúgafólki.

**1675 Kjósarannáll:** Vetur í meðallagi. Kalt vor. ... Manndauði fyrir norðan og vestan.

**Annálsgreinar Árna á Hóli í Bolungarvík:** Vetur góður frá þrettánda. Harðindi norðanlands. Vor kaldsamt. ... Óstöðug veðurátta til jóla.

**1676 Suðurnesjaannáll:** Vetur harður. Var því nær aldrei róið á Suðurlandi fram að páskum.

**Kjósarannáll:** Lítt ært syðra.

**Sjávarborgarannáll:** Þá var vetur þungur og stirður.

**1677 Kjósarannáll:** Vetur í meðallagi.

**1678 Suðurnesjaannáll:** Skiptstapi á Marsbúðum, með 9 mönnum.

**Kjósarannáll:** Vel ært.

**Annálsgreinar frá Holti:** Á þessu sumri var vot og óhagstæð veðurátta, frá Bartholomeusmessu [24. ág.] upp á nýting heyja og eldiviðar. Haustið stórum snjóasamt, allt frá krossmessu fram yfir veturnetur, þar eptir með regnum og stórvíðrum, mjög ógæft til sjóvar allt að jólum.

**Mælifellsannáll:** Vetur frá jólum í meðallagi. Vorið kalt og vindasamt. ... Varð Skiptapi á Miðnesi í Fúlúvík með 6 mönnum og 7. formaðurinn. ... Sumar grasmikið, en nýting ill. ... Þá var haust gott. ... Vetur góður allt til jóla.

**1679 Kjósarannáll:** Mikið ár til lands og sjávar.

**Mælifellsannáll:** Vetur afbragðsgóður frá jólum, kom aldrei öðru hærra, en stráféll niður eldi (unglömb) víðast um sveitir í Norðlendingafjórðungi, var maðkað innan, og dó svo úr sótt, vel feitt sumstaðar. Sumarið æskilegt, heyjaðist vel.

**1680 Suðurnesjaannáll:** Skiptstapi í Garði með 7 mönnum.

**Kjósarannáll:** Vetur harður.

**Eyrarannáll:** Þann vetur voru stór harðindi víðast um Ísland, með snjóföllum og pening(a)fellir.

**Mælifellsannáll:** Vetur frá jólum harður um allt land fram á Maríumessu á langaföstu; komu þá fyrst upp jarðir. Vor gott og snemmgróið. Sumarið var ákaflega heitt og þurrt allt að engjaslætti; var því grasvöxtur lítill, en ónýttust hey víða, sökum votvirðra. ... Haust votsamt og vetur að jólum frostasamur

**1681 Suðurnesjaannáll:** Drukknuðu fjórir menn í Garði.

**Kjósarannáll:** Vetur góður upp á landið. ... í Maio varð skiptapi á Akranesi fyrir framan Mela, drukknuðu 6 menn, ætluðu inn á Hvítárás.

**Mælifellsannáll:** Vetur í meðallagi, nokkuð frostasamur.

**1682 Kjósarannáll:** Septembris, eitt sunnudagskveld, kom ein reiðarþruma og sló niður lambhús eptir endilöngu á Leirubakka á Landi, og gekk svo nærri stofunni, að á milli 2 barna, sem á gólfinu sér léku, sindraði svo sem af járn, sakaði þó ekki.

**Eyrarannáll:** Vetur mjög góður, en vor kalt og þurrt, hvar fyrir varð lítið grasár en nýttust mjög vel; kom vetur mjög snemma og haustið með stórviðrum af döggu og vindum, hvar fyrir miklar skriður runnu og margar jarðir fordjörfuðust, svo tók af sumum túnið, sumsstaðar engjar. – Túnið allt í fremra Gufudal tók skriða af. Ítem ætlaði að taka af Gufudal neðra; og svo víðar skemmdust jarðir.

**Mælifellsannáll:** Þá var vetur sá bezt, nema lítinn tíma framan af þorra.

**Vallaannáll:** Vetur harður og snjóasamur að meira hluta frá jólum. Jarðskjálfti á nýársdag um messutíma litla hríð. ... Vor þurt og kuldsamt af norðri lengstum; spratt í minna lagi. ... Skiptapi á Siglufirði norður, eigi langt frá landi, drukknuðu 7 menn. ... Sumar gott og þurt, heyjaðist miðlungi, en nýttist ver. ... Haust gott og þurt.

**1683 Kjósarannáll:** 22. Martii drukknaði sexmannafar í Útskálaós, náðist enginn lífs. Drukknaði tveggjamannafar á Seltjarnarnesi, ítem á Akranesi. Hafís þennan vetur fyrir norðan, gagnlaus.

**Eyrarannáll:** Með því nýja ári harðnaði veðurátt með hreggviðrum og stórfrostum með fjúkum á milli, svo víðast um landið urðu vegir og ár ófærar, hvar fyrir útigangspeningar fordjörfuðust stórkostlega og í flestum stöðum dóu. Frá enduðum þorra til kross messu voru optast fjúk með frostum og jarðleysum, svo í flestum stöðum varð heylaust á páskum, og margir misstu sína fríða peninga af nautum og sauðum og hestum, svo við Ísafjarðardjúp sem annarsstaðar, og sökum harðinda og veðuráttu komust skip ei til sjóar fyr en á krossmessu, en fiskur nógur fyrst framan af, en í minna lagi þá upp leið. – Sumar mjög gott og þerrisamt, svo heyskapur nýttist mjög vel. Um vorið komu upp úr hafis 4 löngureiðar. ... Haustið og vetrarfar til áttadags gott með miklu fiskiríi.

**Mælifellsannáll:** Vetur frá jólum og helzt úr því þorri kom, yfirtaksgóður, svo rist var torf og stungnir hnausar, með sífelldum hlákum og hægviðrum, harðnaði með með gókumu og þaðan frá, helzt um páskaleytið [páskadagur var 7. apríl] með frostum og stórhriðum. Varð þá piltur úti milli Ánastaða og Breiðar. ... Þá var sumar gott og heitt.

**Vallaannáll:** Hlaka sunnan á nýársdag. Vetur upp þaðan allmisjafn, með hlákum, sterkum vindum og þíðviðrum út þorrann, en snjóum og harðindum norðanlands, og víðar, með góu; lá sú fönn á allt til krossmessu. Hafís rak að fyrir norðan land á einmánuði, og lá fram til þings. Féll ærið sauðfjár og hesta sumsveitis, einkum í Skagafirði. ... Vorið heiðviðrasamt og heitt, frá því batnaði, greri seint, en þó góður grasvöxtur. ... Sumarið afbragðsgott til veðuráttu og heyskapar. .... Haustið gott. Veður frosta- og kyrrviðrasamur, með hörkum miklum á jólaföstu. ... Afbragðsgott veður jólanóttina, með hrímfrosti, heiðríkju og tunglskini, gekk það til nýársdags.

**1684 Kjósarannáll:** Vetur góður. ... Sumar graslítið. Hafís fyrir norðurlandi; sást snemma á þorra. Þann 7. Martii skaðaveður af suðurátt; brotnuðu skip og bátar allvíða um Suðurnes. Heyja- og húsaskaðar í mörgum stöðum. Annað veður kom á jólaföstu; brotnuðu þá skip víða, einkum á Akranesi og Kjalarnesi; þau tók út af sjóvargangi. Þann 26. Martii forgekk, áttæringur fyrir Lambastöðum í Garði á rúmsjó, drukknuðu 9 menn; meinti rastarstórsjór mundi ollað hafa. Fyrir Marteinsmessu um haustið kom eldur upp í norðurfjöllum, sem orsakaði það stórkostlega vatnsflóð í Jökulsá í Axarfirði; týndist í því maður einn og undir 2 hundruð fjár frá Skinnastöðum og víðar varð skaði af því um þau pláss þar norður.

**Eyrarannáll:** Var veðurátt og vetrarfar gott með nægjanlegum jörðum, utan á góu kom mikið snjóáikast og leysti upp aptur á einmánuði. ... Hafísar miklir lágu fyrir öllum Vestfjörðum og Norðlendingafjórðungi, svo ei út yfir sást af hæstu fjöllum, hvar á komu tvö bjarnýr á Norðurströndum. ... Á Tjörnesi norður og þar næstu sveitum flotnaði upp fólk af bjargarleysi, orsakaðist af því, það missti sína peninga á fyrirfarandi vetri, Ao 1683, hver þar um pláss og víðar á Norðurlandinu svo harður var af snjóalögum, að sauðjörð var ei uppkomin í fardögum og hafísar lágu þar fyrir til miðsumars, svo ei varð róíð, utan með mestu hættu, að þeir urðu að draga skipin upp á ísinn, en það fiskaðist maðkaði svo það varð ei mönnum ætt; skáru þar fyrir sinn pening niður um haustið sér til bjargar.

**Mælifellsannáll:** Þá var ár mikið til lands og sævar. ... Var þá sumar kalt og votsamt, en grasbrestur og heyjaðist lítt. ... Þá var góður vetur allt fram á jólaföstu; þó voru frost mikil.

**Vallaannáll:** Gott veður á nýársdag. Vetur upp þaðan ágættagóður um allt land með hrímfrostum og staðviðrum öndverðum. Frábærir hlutir eystra, syðra og vestra. Róið nálega allan þorra fyrir norðan land, og mikil fiskifengur hvarvetna. Þennan vetur kallaði alþýða manna um Suðurland og víðar Hlutaveturinn mikla. Með góu kom þíðviðri og hlákuvindur, og gengu optar þaðan af, en þess á milli snjáföl og hægviðri.

Föstudag síðastan í góu kom frábært veður af suðri með regni og leysingu, og gekk þann dag allan og nóttina eptir. ... Vorið gott, en þurt og vindasamt. ... Harðindi mikil fyrir norðan Jökulsá í Öxarfirði, þó annarsstaðar væri gott. Sumar gott til veðuráttu, grass og heyskapar. ... Vetur í meðallagi til jóla. Meinlaust veður, þykkt og dimmt á jólanótt, og viðlíkt upp þaðan til nýársdags.

**1685 Kjósarannáll:** Vetur stórviðrasamur. ... Sumar graslítið, með langvarandi þurkum frá hvítasunnu til höfuðdags. Þann 9. Martii, sem var góuþrællinn, kom stórkostlegt áhlaupavepður af útsuðri. Þá skeði manntjónið mikla fyrir sunnan; forgengu af Stafnesi teinæringar þrír og 4 áttæringar með mönnum öllum, sem á voru, nema tveimur, sem náðust lifandi við Miðnes. Í sama veðri týndust 3 skip úr Garði með 13 mönnum; meintist af þessum skipum öllum mundi drukknast hafa alls 81, flest norðlentkt fólk. Og á sama vetri þann 7 Februaríi forgekk á Eyrarbakka áttæringur með 11 mönnum, og undir Jökli á góuþrællinn drukknast einn maður í landtöku. Í Vestmannaeyjum forgengu teinæringar fjórir með 53 mönnum. Á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu drukknustu 2 menn af tveggjamannafari sama dag og 20 Martii fórst smábátur í Hafnarfirði með tveimur mönnum. Meintist síðan Ísland var byggt, að ei mundu fleiri menn af fiskibátum drukknast hafa hér við land á einum vetri. ... Kom óvenjulegt flóð fyrir Norðurlandi, einkum í Skagafirði og þar í nánd, svo brotnuðu fiskibátar 50 um þau pláss; það flóð kom um veturnáttaskeið. Um veturinn fyrir jól féll féhús af stórviðri í Háholti í Hreppunum ofan á mann aldraðan, Guðna að nafni, svo hann deyði, en fénað sakaði ekki. 28. Januárii áföll stórkostlegt áhlaupsveður af landsuðri, sem skaða gerði víða á húsum og heyjum hér sunnanlands, einkum í Biskupstungum. Allt þetta sumar, frá vori til í Augusto, lá hafís fyrir Norðurlandi, svo, ekkert kaupfar komst inn í sínar hafnir, nema Húsavíkurskip; hin lágu við Austfjörðu um sumarið og sigldu seint í Augusto. Var þá óarán stór í Norðurlandi, grasnýtingar og tilfærsluleysis vegna.

**Eyrarannáll:** Vetur góður til föstu, þá harðnaði með stórhriðum, snjóum og kuldum og hélt því fram yfir fardaga með jarðbönnum og misstust víða fríðir peningar af heybjarleysi. Eptir Jónsmessu fylltu hafísar upp mestallt Ísafjarðardjúp, í hverjum mörg útlentk skip töpuðust, svo merkja mátti, þar margir útlentkir hvalamenn voru á hafísísjökum teknir. Urðu mikil harðindi víðast á landinu. Góuþrællinn [9. mars] á Starnesi drukknustu 7 skip og 3 í Garði, hvar á 82 menn drukknustu; voru grafnir á tveimur dögum 50 manns. Einninn urðu 3 skiptapar á Eyrarbakka, teinæringar, einninn 2 eða 3 í Vestmannaeyjum af hverjum rak 26 árar undir Eyjafjöllum, ítem 1 teinæringsskip undir Jökli, ítem 1 í Flatey, drukknustu af 3 menn ... en 2 varð bjargað. Í Keflavík í Sandshrepp varð skiptapi, drukknustu 4 menn. Ítem um sumarið varð skiptapi í Súgandafirði, voru 6 menn, drukknustu allir, en skipið fannst í hafís. Á þessum vetri var allvíða svo mikill sjóargangur, svo víða tók skip út, og víða braut sjómannaúðir og hjalla. Eftir Maríumessu síðari [8. sept.] komu miklir snjóar, svo peningar stóðu lengi á gjöf víðast um Vestfjörður. ... Steytti franskt hvalaskip á Dýrafirði og rak upp á Arnarnessland; þeir sögðu, að við Spitsberg hefði þetta sumar besta árferði og íslaust verið.

**Mælifellsannáll:** Vetur góður til þorraloka, gerði þá harðindi allt til fardaga. Kom ís á einmánuði og (lá) hér við land allt til Bartholomeusmessu [24. ág.] Lestust í honum skip víða. ... Varð mannskaði stór á Suðurnesjum; mundu menn ei þá slíkan orðið (hafa). Fórust á Stafnesi 7 skip; 3 teinæringar, 5 áttæringar; var þar á hið valdasta verfólk úr Norðurlandi, 60 menn að tölu, af hverjum einir 2 af komust lífs. Urðu skaðar þessir á gróuþræl [9. mars]. Rak þá upp 47 líka nóttina eptir, sum í Garði, sum á Miðnesi. Voru þeir allir jarðsettir við Útskálakirkju á einum degi, og voru gerðar að þeim þrjár grafir og voru í eina lagðar 42, hver við annars síðu, en formennirnir í hinar tvær; að þeim voru kistur gerðar og hjúpfærðir. ... Forgengu og sama dag 3 skip í Garði, eitt í Hafnarfirði, 4 teinæringar í Vestmannaeyjum. Fórust af þeim skipum 50 manna, og á Eyrarbakka teinæringur. Þá var vor kalt og grasbrestur um sumarið, en hafísar lágu við land. ... Það haust var sjávargangur mikill víða norðanlands meiri en menn þá mundu til. Tók við allan út á Tjörnesi, er rak veturinn áður, sem menn sögðu verið hefði meir en 20 ára forði. ... Þá var stillt veður til jóla.

**Vallaannáll:** Kalt veður á nýársdag með frosti. Vetur upp þaðan miðjafn með skorpum og svipviðrum. 9 Martii, sem var góuþrællinn, kom hræðilegt veður af útsuðri, er mörgum mönnum varð að bana. 7. skiptapar á Stafnesi, drukknustu 58 menn; hið 8. skipið þaðan gat hleypt inn í Hamarssund, og bjargaðist við það. Flestir menn þeir, er á þessum skipum létust, voru norðan um land, og margir hverjir færir. Nóttina og daginn eptir rak upp inn á Skaga og þar nærri 41 af þeim, er týnt höfðu. Voru þeir allir færðir til Útskálakirkju í Garði og grafnir þar í almenningi að kórbaki næsta dag, sem var miðvikudagur annar í föstu. Einn skiptapi á Gufuskálum, drukknustu 6 menn; einn skiptapi í Hólmi í Leiru, drukknustu 5 menn; einn skiptapi í Njarðvík, drukknustu 4 menn. Einn skiptapi á Eyrarbakka, drukknustu 9 menn. Fjórir skiptapar í Vestmannaeyjum, drukknustu 50 menn. Létust svo alls í því eina veðri á sjó 132 menn. Fjögramannafar úr Leiru hraktist inn að

Hvaleyri í Hafnarfjörð, og komst af með mönnum. Bát rak úr Njarðvík inn á Vatnsleysuströnd, með 2 mönnum, hélzt hvorttveggja. Sex menn urðu úti ásamt norður í Reykjadal. – Eldur var uppi í Grímsvötnum austur um veturinn. ... Vorið var hart og kalt. Kom ís norðanlands snemma og og lá lengi fram eptir. ... Höfðaskip komst ekki að landi fyrir ís, og lagði fram aptur. ... Sumarið veðuráttugott, grasskarpt og heyskaparhægt. Ís hraktist fyrir Norðurlandi... .

**1686 Kjósarannáll:** Vetur góður. Vor kalt og snjóasamt, þurt og kalt. ... 7. og 8. Januári kom svo mikill snjór, að á Suðurnesjum tók meðalmanni yfir mitti á sléttu. Var þá fjárskaði víða um þau pláss. Það vor áföll stormviðri af norðri fyrir páskana; tók þá sandur víða tún af jörðum, einkum á Rangárvöllum og Landi, Öskjuholt, Árbær, Klofi, Keldur, Strönd, Stórahof og fleiri jarðir þar austur fengu stóran skaða af sanddrifi.

**Eyrarannáll:** Var þungur vetur með snjóum, frostum og stormum með jarðbönnum, svo menn lóguðu víða sínum fríðum peningum, sökum heyleysis, en batnaði veðuráttufar með góu, og komu upp nægjanlegar jarðir, svo og var góð björg af sjónum, en grasbrestur mikill var um sumarið vestra.

**Mælifellsannáll:** Veður í betra lagi, en sunnudaginn fyrsta í þorra [17. jan.] gerði lognsnjó svo mikinn að 4

álna varð djúpur á sléttu í Borgarifrði, en tók skjótt upp. ... Það sumar heyjaðist lítt. Vetur til jóla var

bærilegur.

**Vallaannáll:** Heiðríkt með frosti nýársdag. Vetur upp þaðan góður með hægviðrum optast og snjóleysum.

Miðvikudag síðastan í vetri gerði stórkostlegt norðanveður með mistri og sandfjúki; gekk það sumardag hinn

fyrsta og til laugardags. ... Vorið öndvert kalt, en batnaði þá er á leið, og spratt vel. ... Sumar fínt, heyjaðist í

líkara lagi. ... Haustið hretviðrasamt með stopulli veðuráttu. ... Vetur miðlungi til jóla. Dimmviðri og væta

jólanóttina og daginn.

**1687 Kjósarannáll:** Vetur góður yfir allt landið. Vor mjúkt og vætusamt. Sumar mjög votsamt.

Grasár lítið.

**Eyrarannáll:** Vetrarfar í meðallagi. Vor kalt, sumar og haust gott.

**Mælifellsannáll:** Veður gott um jól fram, en þorra veðurátt óstöðug mjög. ... Vor kalt og vindasamt. ... Var þá grasár mikið og nýting góð; kom á með hríðum og frostum allraheilagramessu, ýmist blotar og áfreðar um land allt á jól fram.

**Vallaannáll:** Fjúklegt nýársdag. Vetur upp þaðan misjafn. Kom snjór mikill allvíða um landið eptir þrettánda og lá lengi á sumsstaðar. ... Vorið kalt með náttfrostum og grasvöxtur lítill. ... Sumarið í meðallagi til veðuráttu og heyskapar. .. Haustið votsamt og vindasamt. Veturinn miðlungi til jóla. Heiðríkt veður með hægu frosti án tunglsbirtu jólanóttina og snjóasamt um jólin og til nýársdags.

**1688 Suðurnesjaannáll:** Tveir skipstapar á Leiru. Var annað skipið frá Gufuskálum. Drukkuðu 6 menn. Hitt skipið var frá Stóra-Hólmi. Drukkuðu með því 5 menn. Skipstapi frá Njarðvík. Drukkuðu 4 menn. Fimm-mannafar hrakti inn að Hvaleyri frá Leiru. Menn héldu lífi.

**Annálsgreinar frá Holti:** Vetur einn hinn harðasti hér á landi.

**Eyrarannáll:** Var harður vetur með snjóum og jarðbönnum, allt fram að sumri og sumsstaðar til fardaga, og misstist mikill fjöldi af fríðum peningum um allt landið, svo og einnig féll fólki víða um landið í ófeiti, því fiskafátt var til sjóarins, einninn hafis fyrir öllu Vesturlandinu og víðar í kringum það, úr hverjum að rak upp marga hvalskrokka, hvar við fólkið lifði.

**Mælifellsannáll:** Vetur harður frá jólum til páska með jarðbönnum. Kom sumar skírdag [12. apríl]. Lá ís við land. Vorið kalt. Varð fjárfellir mikill vestra, og víða um land hart í ári. ... Þá var grasár, en votviðrasamt og nýting bág.

**Vallaannáll:** Útsyningsveður nýársdag. Vetur víða um land harður þaðan af með peningafelli sumsveitis. ... Vorið kalt að framan, en gott er á leið, og spratt vel. ... Sumarið gott vil veðuráttu og heyskapar. ... Haust gott lengstum. Kom hret nærri veturnóttum. ... Vetur góður að mestum hluta til jóla. Fagurt veður með tunglsbirtu á jólanóttina. Regn jóladaginn. Gott um jólin upp þaðan til nýársdags.

**1689 Eyrarannáll:** Var vetur góður í meðallagi, en þó uppflotnaði margt fólk norðanlands.

**Mælifellsannáll:** Þá var vetur góður allt á einmánuð, komu þá kuldar. Var fiskleysi hið mesta. Sumar kalt og vætusamt .... Konur tvær urðu fyrir skriðu, með þremur börnum, í Sölvadal í Eyjafirði, hlupu af bænum, er

skriðan heyrðist, og vildu forða sér, en urðu fyrir henni. Öndverðan vetur frost mikil, herti að með jólaföstu, unz jarðlaust varð á jólum.

**Vallaannáll:** Fagurt veður heiðríkt á nýársdag. Vetur upp þaðan mislægur og harður sumstaðar um landið. Mikil harðindi norðaustur og hungur manna á millum. Deyði þar fólk ekki fátt. ... Vorið kalt og næðingsamt með hægum grasvexti víða. ... 2. Maí á mánudag hröktust tveir sexæringar úr Garði sunnan fyrir landsynningi miklum vestur fyrir Jökul og töpupust þar nærri landi; á þeim drukknuðu 14 menn. ... Sumarið í meðallagi til heyskapar og veðuráttu. ... Haustið gott og vetur í skárra lagi til jóla. Hreniðviðri fagurt með logni jólanóttina og viðlíkt upp þaðan til nýársdags.

**1690 Suðurnesjaannáll:** Sexæringur og fimmmannafar hröktust úr Garði. Týndist annað skipið í landtöku undir Jökli, en til hins vissu menn ekki fyrir en það fannst á hvolfi í sjónum.

**Eyrarannáll:** Kom á harður vetur um jólaföstu, með jarðbönnum og varaði fram að sumarmálum, og misstust miklir fríðir peningar alstaðar um landið af fódurleysi. ... Sumar með þerrum, hvar fyrir heyskapur vel nýttist. ... Fyrir norðan á næsta bæ Silfrastöðum, Miklabæ, hljóp skriða úr fjalli og tók af allan bæinn með fólki á nótt. [Bæjarnafnið er rangt, bærinn var í rauninni hjáleiga frá Silfrastöðum eins og segir í Fitjaannál]. ... Einn skiptapi undir jökli með 6 menn, annar í Eyrarsveit með 6 menn.

**Mælifellsannáll:** Var þá harður vetur frá jólum með jarðbönum. Féllu hross af sulti; þá líka misstist sauðfé víða, einkum á Hólum í Hjaltadal, dó þar í megurð hálf tannað hundrað geldinga og um hundrað ásauðar; var það vegna illrar geymslu, að mælt var. Vor í betra lagi, þó grasvöxtur lítill.

**Vallaannáll:** Landnyrðingsfjúk á nýársdag. Vetur harður nálega um allt land með fjúkum, frostum, krapviðrum og jarðbönum lengstum. Neyð mikil og peningaskurður víða meðal almúgans. Dó fátækt fólk allvíða úr hungri og vesöld. ... Vorið gott með hægviðrum optar og grasvexti góðum. ... Haustið gott. ... Vetur til jóla góður optast og hægviðrasamur. Stormviðri útsunnan alla jólanóttina. Tók upp og braut 3 skip á Miðnesi, og mjög skakviðrasamt upp þaðan um jólin til nýársdags.

**1691 Eyrarannáll:** Var vetur í víðustum stöðum mjög góður, á sama máta sumar, þó heyjaskemmdir víða fyrir sunnan land af dögum.

**Mælifellsannáll:** Harður vetur til þorraloka frá aðfangadegi jóla; þaðan frá vetur góður. Vor gott. Grasár og nýting hin bezta. ... Haust hagstætt og vetur til jóla.

**Vallaannáll:** Kyrt veður og kalt nýársdag. Vetur upp þaðan víða harður og skorpusamur með jarðbönnum. Skiptapi á Seltjarnarnesi árla vertíðar nærri landi, drukknuðu 4 menn. ... Vorið gott og þurt, grasvöxtur miðlungi. ... Sumarið stopult og votsamt; nýttist heyskapur allmisjafnt. 29. Augusti á höfuðdaginn, er var laugardagur að kveldi, kom á regn ákaflegt af suðri, og gekk upp þaðan 8 dagar samfelld, svo aldrei varð upprof; af því hlupu fram ár og lækir um suðurlandið með afbærum vatnsgangi; gerði Ölfusá undramikinn heyskaða báðum megin og Laxá í Kjós; voru rastir allmiklar af heyi því, er hún hafði keyrt í sjóinn, vestur um fiskileitir Seltjörninga, þá róið var eptir hríðina, svo varla gátu þeir lagt lóðir sína. Víða drápu hey til skemmda. Kom það regn að eins syðra og syðeystra, an alls ekki fyrir norðan og vestan og eigi heldur í Borgarfirði. ... Vetur góður og hægviðrasamur til jóla. Fagurt veður með tungsljósi á jólanóttina, og gott um jólin til nýársdags.

**1692 Eyrarannáll:** Var harður vetur, svo mikill útiganspeningur drapst víða um landið. Vorið þurt og vindasamt; varð því gróðurlítið og fiskirí lítið. Sumarið daggasamt, helzt þá áleið haustið, með mjög góðri veðuráttu fram yfir allraheilagra messu.

**Mælifellsannáll:** Hélzt góðviðri til þorraloka; þá yfirtakshörkur miklar og hafís fyrir landi; sýldi firði alla, svo engir mundu þá þvílík ísalög. Mátti ríða til Drangeyjar. Fannst hvalur á Húnaflóa hálf þingmannaleið frá landi; var hann þar uppskorinn og á hestum fluttur til lands. Var þá farið með hest klyfjaðan, á ísi af Siglunesi til nausta fyrir neðan Möðruvelli. Misstust peningar sumstaðar um vorið. Batnaði í 5. viku sumars. ... Þá var grasár lítið, en haust og vetur góður til jóla.

**Vallaannáll:** Fagurt veður, heiðríkt, nýársdag. Vetur þaðan af allmisjafn og skorpusamur með hörkum og frostum. ... Þriðjudag fyrstan í góu, 16 Febr(uarii) grimmdarfrost með norðanstormi, og alla þá viku; lagði vikur og fjörðu. Var getið um að lömb hefðu staðið dauð í Lundarreykjadal í því þriðjudagsveðri, og hestar í Biskupstungum. ... Vorið gott og grasvaxtarsamt. ... Sumarið gott og heyskaparmikið, einkum norðanlands með góðum fiskiföngum. ... Haustið vott og vindasamt.



**1693 Eyrarannáll:** Var veðráttufar mjög gott með frostleysum og náttþíðum; snjólaust um allt Ísland til þess 13. Februarí um kveldið um vöku, er kom það mikla öskudrif víðast um allt Ísland, þar sem undan veðri var, einkum víðast um Vestfjörður, utan utarlega í Arnarfirði, Tálknafirði og Patreksfirði, Fellsströnd, Skógarströnd, Jökli, Suðurnesjum og fyrir austan Heklu. Og norðanlands allt að Blöndu kom þetta öskudrif ekki, því vindurinn var á austan landsunnan, er það sanddrif og öskufall hingað í sveitir bar úr Heklufjalli, er á 8 stöðum um þann tíma brann, og margar jarðir um þann tíma, fyrir sunnan Skálholt nær 20, mjög skemmdi, svo nær því að mestu í eyði lögðust, meðal hverra að var Skarfanes og fleiri af stórvigur (þ.e. stórvikur) grjóti og ösku, sem yfir tún, gras og haga kastaði, svo erfitt mun aptur byggja. Af þessu öskufalli dóu fuglar, bæði á sjó og landi, einninn útiganspeningar niður horuðust. Og um sumarið eptir felldi sauðfé, hestar og naut tennur úr höfði, og sumsstaðar varð ei gras slegið.

**Mælifellsannáll:** Vetur hinn bezti, svo menn mundu fáir þvílíkan, kom að eins fjúk 3 daga um páskaleytið. Þorkell prestur Þórðarson að Þönglabakka í Fjöðrum gekk með einni stúlku og tveimur mönnum frá Flateyjarkirkju eptir áttadag og urðu öll fyrir snjóflóði. Varð og unglingsmaður, son bónda á Skjaldarstöðum í Öxnadal, fyrir snjóflóði. Var þá vetur frostamikill allt á jól fram.

**Vallaannáll:** Fagurt veður nýársdag. Vetur upp þaðan afbragðsgóður um allt land. ... Sumarið misjafnt að veðuráttu, þurki og heynýtingu. ... Haustið gott. ... Vetur til jóla í skárri lagi.

**1694 Suðurnesjaannáll:** Þá drukknuðu tveir menn á Miðnesi, og fjórir menn urðu undir húsi á Gufuskálum í Lóni. Þá brotnaði franskt skip við Geirfuglasker. Menn komst af á báti í land við Geirfuglasker. Þá var rostungur drepinn á Miðnesi, og þótt það nýjung.

**Hestsannáll:** Var vetur öndvegis góður með þokum, frostmikill fyrir jól. Regn um miðjan vetur og rosar; harðnaði við kyndilmessu og gengu þaðan frost og fjúk mikill. ... Veðurátt hneigðist til batnaðar frá Maríumessu á föstu. ... Hafís kom mikill fyrir norðan og austan, allt vestur fyrir Vestmannaeyjar.

**Eyrarannáll:** Var veðráttufar mjög hart, með miklum frostum frá áttadegi, og nær fram að sumarmálum, svo að útiganspeningur hafðist mjög illa við, bæði hér í sveitum og í öðrum fjórðungum lands, svo sumsstaðar varð peningafellir, helzt norðanlands norðarlega og fyrir austan og sunnanlands sunnanlega. Og harðindi upp á matvæli í víðustum stöðum, þar fisklítið víða var. En fiskirí var þennan vetur í meðallagi, en hafís mikill var á reki kringum Ísland, svo norðan kaupför komust ei til sinna hafna... Þessi hafís byrgði og inni 3 hollenzkar fiskuduggur á Dröngum á Ströndum og 2 í Trékyllisvík, hverja ei útkomust fyr en á miðsumri og þá að mestu kostlausir orðnir.

**Mælifellsannáll:** Vetur frá jólum til góumánaðar í betra lagi, en upp frá því stíður til sumarmála. Vor kalt og gróðurlítið. Ís mikill fyrir landi allt til Jónsmessu. ... Fórst skip um vorið í Grímsey; komust af Illhugi prestur þar og 4 aðrir, en synir hans tveir og 8 menn aðrir og 2 drukknuðu. (Fitjaannáll segir þetta.slyshafa orðið 1695 og hafi 3 synir prests drukknað). Var grasár og nýting góð.

**Vallaannáll:** Fjúkslepja nýársdag. Vetur upp þaðan víðast góður með snjóleysum. Skiptapar í Garði eftir Kyndilmessu, drukknuðu 11 menn. ... Vorið afbragðsgott frá uppstigningardegi til Jónsmessu með sífelldum hægviðrum, þokum og sjógæftum og góðum fiskiföngum sums staðar um Suðurnes. Spratt næsta vel. Kom nálega aldrei votur dropi úr skýjum allan þennan tíma, en jarðdögg og úði hverja nótt. ... Sumar þetta hið bezta til veðuráttu og heyskapar, einkum fyrir sunnan land. ... Fagurt veður með frosti og tungslbirtu jólanóttina. Regnhrið 3. dag jóla, og þaðan af hægviðrasamt til nýársdags.

**1695 Suðurnesjaannáll:** Sunnudag fyrsta í Góu rak hafís mikinn inn á Nesjaflóa, er norðanveður hafði rekið austan og sunnan fyrir landið, og fyllti allt upp hið syðra. Barst rek af honum inn á beitir Seltirninga og jakar langt inn á víkur. Allt var þakið ís, austan við og sunnan. Fylfgdi honum fiskur, magur og einsýnn. Var ísinn í flóanum fram um vertíðarlök.

**Hestsannáll:** Var vetur góður, fjúkalítill, þurr og frostasamur. ... Kom hafís, ei einasta fyrir norðan, heldur og fyrir austan og sunnan með öllum Suðurnesjum og í Borgarfjörð. Það höfðu menn fyrir satt að getumálum, að ganga mundi mega á hafísi af Skaga á Akranesi í Hólmakaupstað á Seltjarnnesi. Sexæringur brotnaði í þeim ís í Garði suður, en allir komust af og á ísinn. ... Skiptapi varð í Bjarneyjum með 3 mönnum. ... Grasbrestur var mikill þetta sumar um suður- og vesturlandið, að ei hafði slík óarán skeð, það elztu menn kunnu frá að segja. Fyrir norðan var árferði gott uppá grasvöxt, en bággt fyrir austan. ... Haustið var regnsamt og urðu úti hey allvíða, gerði fjúk og snjó á þíða jörð fyrir allraheilagramessu. ... Skiptapi varð á Grímseyjarsundi með 6 mönnum.

**Annálsgreinar frá Holti:** Var það ár feiknafröst. Stór grasbrestur.

**Eyrarannáll:** Var vetrarfar víðast um allt Ísland mjög gott með snjóleysum og góðri veðuráttu upp á landið, en þó með stórfrostum á milli, svo fjörðu víða lagði, en fiskirí hindraðist og neyzluvötn víðast heimantóku, mönnum og fénaði til baga. Einninn kom hafís fyrir allt Norður- og Vesturland og inn af fjörður (inn á firði) á þorra og lá þar fram að sumri, úr hverjum að kom 1 hvalur í Bolungarvík, þá 3 vikur voru af góu; voru á 70 vættir spiks, ítem annar uppkom í Ögurhólum um kongsbænadagsleytið (Kóngsbænadagurinn var 19. apríl). Þessa ísa fraus svo saman, að ríða mátti nes af nesi yfir allar fjörður, einninn yfir flóann milli Flateyjar og meginlands, og langt þar út eptir, sem menn í mannaminnum mundu ei því lík ísalög, og ei af sér eldri mönnum heyrta hefðu, af hverjum stórfrostum jörðin víða í sundur sprakk með stórsprungum svo sem gjár, hverjar dög og vatn í sig drukku, nær daggir og votviðri um sumarið og haustið opt á dundu, því haustið varð mjög votviðrasamt með miklum hríðum, hvar ofan á um veturnætur og fram yfir allraheilagramessu komu frostleysu drifsnjóar, svo allt upp fyllti; þar ofan í komu stóreflis vatnshríðar, hverjar fram hleyptu mörgum og miklum skriðum víða um landið í brattlendi og hlíðum með skógum og landi í stórspildum í sjó ofan, svo margar jarðir hér í sýslu, sem og víðar, misstu mikið land, bæði af túnnum, engjum, skógum og beititeigum, á meðal hverra var: Hattardalur báðir í Álptafirði, kongsjarðir, Hestfjörður og aðrar fleiri. Í Öndarfirði: Hestur, Tunga, Kirkjuból, Eyri, hvar tún mest allt af tók, Veðrarár báðar. Í Dýrafirði: Hvammur og Hjarðardalur stóri, hvar tún öll að mestu aftók með öllum engjum, svo sú jörð fæst nú eigi byggð. – Þessa árs sumar var þurrt og graslítið, því ei spratt sökum klaka, sem í jörðunni var, því ei var meir þétt en alin, 3 kvartil og hálf alin niður frá grasrót ofan að klaka um haustið snemma, þá lík grafin voru í kirkjugarð, og ei varð harðatorf til eldiviðar í torfgröfum skorið það sumar, sökum klaka. – Frá þessum nýársdegi og allt fram á góu gaf sólin ei svo mikla birtu eður hita af sér, sem annars venjulegt var og til forna verið hafði, svo umferðamenn sáu ei sinn skugga af hæstu fjöllum, hvar margir menn eptir tóku. ... Í Færeyjum segjast því lík harðindi og frost verið hafa, að bæði menn og fénað hafi til dauðs kalið hópum saman, þar með mjög hart til matvæla, svo margar manneskjur hafi þar af hungri dáðið og 800 fjár hafi þar í hel frosið. Sama sögðu þeir hollenzku fiskarar, er hingað til lands komu það ár. Svo og sögðu þeir hafsumgirðing kringum allt þetta land í hafinu, svo að varla yrði með skipum að landinu komizt, utan lítið í suðursátt. Sömu harðindi og miklu frost komu hér allvíðast um Ísland, svo í víðustum stöðum féll mikið sauðfé og hestar stórhópum, og velflestir skáru nautpening og sauðfé til helminga frá heyjum og sér til matar, því björg fékkst ei af sjó, sökum þeirra miklu lagnaðarísa, er á öllum fjörðum og víkum fram á fiskimið um allt landið lágu, svo skipum varð ei komið til sjóróðra, svo í Strandasýslu í Neshrepp og víðar vakað á ísnum um vorið, og upp úr þeim vökum hákarl, flyðri og fiskur dreginn 1½ og 2 vikur sjóar frá landi, og á hestum til lands reitt fólkinu til bjargar. Í þessum miklu ísum suður fyrir Garði á Suðurnesjum brotnaði eitt franskt hvalveiðiskip, með því móti, að þeir eltu eina skočka fiskiduggu, hver inn í ísinn til lands á undan þeim hleypti til skipbrots, og komust svo á land á skipbrotunum, en þeir Frönsku hleyptu inn í ísinn eptir þeim, en ísinn klemmdi utan af þeim, svo þeir misstu þar skip og góss, en komust með lífi á land. ... Þessa yfirstandandi árs vor var þurrt og kalt, en sumar heitt og þurrt, hvar fyrir mjög heylítið varð og stórgrasbrestur víðast um Ísland, svo heyskapur var helmingi minni sumstaðar, en sumstaðar þriðjung, bæði á túnnum og engjum um landið, hvar fyrir búandi fólk varð að lóga af þeim litlum fríðu kindum, sem um vorið eptir harðindin eptir lifðu, svo miklu, sem menn þeim sumarfengnu, litlu heyjum, ei fóðrað gátu.

**Mælifellsannáll:** Vetur í meðallagi og vor gott. Urðu skiptapar tveir í Hafnarfirði. Lítill grasvöxtur um sumarið, en nýting góð.

**Vallaannáll:** Útsunnan hægviðri nýársdag. Vetur upp þaðan harður um allt land með snjóum og norðanstormum, ísalögum og hörkufrostum alltítt. ... Vorið kalt og hart með litlum grasvexti.

**Setbergsannáll:** Þann 19. Aprílís kom hér inn fyrir Skaga inn í alla firði sá mikli hafís ...; var hér um krossmessuleyti; var af sumum kallaður lausaís. Það hafði áður spurzt til hans á Austfjörðum og milli lands og Vestmannaeyja. Gagnslaus var hann hér sunnanlands. Brunaði hann inn djúpflóann, þrengdi sér inn í hverja vík, inn lengst í Hafnarfjörð, svo á landi stóð, einninn Skerjafjörð og svo fjörð af firði inn með öllum sveitum og út í Hvalfjörð. [Setbergsannáll er yfirleitt talin óáreiðanlegur. Hins vegar bjó annálaritarinn á Setbergi á Álftanesi og hefur því með eigin augum séð er ísinn kom inn á Faxaflóa. Þessi lýsing er því látinn fljóta hér með].

**1696 Hestsannáll:** Var fellivetur um allt land, yfir alla þá, sem verið höfðu í voru minni. Þá stráféllu fé og færleikar um flestar sveitir svo mjög, að víða á bæjum var enginn færleikur, sumstaðar 2, 3 eða 4, og þótti

vel mikið 5 væri, og sauðfé að því leyti. Harðnaði alvarlega með Marteinsmessu [11. nóv. 1695] en batnaði með Maríumessu á föstu [25. marz 1696]. Á mörgum bæjum víða í sveitum stóð hvorki eptir hross né sauðir; fylgdi hér með heyleysi og matbrestur. Hlutir við sjó víðast litlir. Hestar átu stalla og stoðir, hris og staura, hár og tögl hver af öðrum, jafnvel hár og eyru af hinum, sem dauðir lágu. Þorraprælinn [8. febr.] urðu úti um Vesturdali og Norðurland 15 menn í stríðu norðanfjúki og frosti. Þann dag var slettingskrapi hér um Borgarfjörð, en hæg hláka um austursveitir. Á öndveðum einmánuði gerði svo stóra norðanstorma, að þá tók á sjó út 9 skip, öll stór, undir Eyjafjöllum, en 4 braut á landi í spón; kölluðu menn það stóran skaða. Heyskaði varð og víða. ... Skip tapaðist í Selvogi með 7 mönnum, annað á Miðnesi með 7 mönnum, tveir á Vestfjörðum. Vorið var kalt og síðgróið. Dóu víða kýr af vesöld, því hey voru þrotin; gengu þá margir frá húsum, en margir lifðu í stórum bágingum við lítil efni. Skiptapi varð á Seltjarnarnesi, dóu menn og kona, annar í Eyrarsveit, týndust feðgar fjórir, flutti skreið af Hjallasandi. ... Sumarið og haustið gott og þurt, þó frost nætur flestar. ... Þrír menn týndust undan snjóhrapan í Vöðlupingi.

**Eyrarannáll:** Var hart vetrarfar frá mánuði vetrar fram um adventu og jól, og herti enn meir með því nýja ári með stórviðrum, fjúkum og frostum af norðri og austnorðri með blotum íbland, svo jarðbann í víðustum stöðum um landið gerði strax með áttadegi (nýárdegi), og varaði út góu og sumstaðar til sumars, en á Ströndum til krossmessu og fardaga, svo útingangspeningar, fé og hestar, fengu enga björg, og í stórhópum af megurð dóu, þar ei voru hey til bjargar, helzt fyrir norðan og austan og sumstaðar sunnan og vestan, hvar margir skáru sína peninga, unguneyti og kýr niður, sökum fódurleysis og sér til bjargar, þar ei varð á sjó róið sökum stórviðra og lagnaðarísa, og þar með mjög fiskifátt hér vestra, en enginn fyrir Norðurlandinu, hvað orsakaði stór harðindi og hallæri manna á meðal, svo margt fólk frá jörðum og bústöðum með konum og börnum uppflotnaði og flúði til annarra héraða, út á Jökul, Suðurnes, vestur á Vestfjörður, Barðastrandar og Ísafjarðarsýslur, sér til bjargar og viðurværis að leita, í stórhópum, hvar af þó margir á vegunum af hungri dóu og á fjöllum bæja á milli úti urðu. Og þessi harðindi voruð eptirkomandi vor og fram á sumar, að fólkið í megurð út af sofnaði, helst í Þingeyjarþingi, á Langanesi og Austfjörðum, þar þessi harðindi voru bæði á sjó og landi, mönnum og fénaði, og má þessi vetur með réttu kallast Hestabani og Skriðufellir, því alstaðar féllu miklar skriður um allt landið, og fordjörfuðust jarðir og lönd manna, og mikill fjöldi hesta og penings drapst, svo ei í mannaminum fleira. Það fátæka fólk norðanlands lifði ei af öðru en því, sem það tíndi með fjörum, þara, þangi og öðru, er af sjónum rak, svo að af alþingi 1697 sagðist, að síðan í fardögum til alþingistíma hafði í Þingeyjarþingi í megurð dáið hundrað manns, að auki þeir, sem millum bæja hafa úti orðið, en í Vöðlusýslu 20; en hvað síðan dáið hefur þar eður annarstaðar, hefur ei spurzt. Í þessum harðindum lögðust nokkrar jarðir norðanlands í eyði.

**Mælifellsannáll:** Vetur frá jólum til þess í miðjum þorra fjúksamur; dreif þá snjó mikinn, síðan blotar í síðustu þorravíku. Með góu komu með öllu jarðbönn yfir land allt. Skáru nokkrir fé, en nokkrir biðu bata. Nöguðu hestar tré og taðhauga, vegg, saur og húðina dauða; gátu fáir menn bjargað hrossum eða peningi vegna bjargarleysis; dattu sumir dauðir niður af hungri, vel feitir. Stáféll peningur og mest af hrossum; voru víða ekki einn eptir af tíu hestum. Komu lítil snöp upp á Maríumessu á langaföstu og batnaði síðan, en þó dóu hestar og sauðir enn víða. Vor bærilegt. Varð grasvöxtur í meðallagi. Var víða eigi meira en 5 eða 6 ær á bæ og margstaðar engin, en þau fáu lömb, er lifðu, bitust flest um sumarið. ... Var þá vetur í meðallagi til jóla.

**Setbergsannáll:** Hafís kom á jólum fyrir norðan. ... Þann 12. Júnii kom norðan með frosti og fjúki svo snjóaði í byggð, en tók haga á byggðarfjöllum. Það hélzt við 3 daga sunnanlands, viku fyrir norðan, svo fé dó, en fyrir nautpening var snjór af mokaður. [Hér fær Gisli á Setbergi aftur að fljóta með vegna þess að þessá sumarhretslýsingu er hvergi að finna annars staðar og hún er ekki óhugsandi. Hafíslýsingin er talinn vafasöm].

**1697 Hestsannáll:** Var vetur góður öndverður, frostasamur og harður ofanverður. Sami ís var þá á Hvítá hér í Borgarfirði frá Marteinsmessu til sumars hið neðra; lagði þá Hvítá nær undir bæinn Refsstaði, en var riðin á ís í Háafellsnes. Þessi vetur var af mörgum kallaður Vatnsleysuvetur, því að vatn þraut fyrir frostum víða um sveitir; höfðu margir þar af þungar þrautir. ... Skiptapi varð í Mýrdal austur með 15 mönnum, annar undir Eyjafjöllum, þriðji á Eyrarbakka með 4 mönnum. ... Árferði var gott til lands og sjóar fyrir austan. ... Manddauði af hungri og vesöld um norðursveitir og vestur um Steingrímsfjörð og Trékyllisvík; lágu ísar á ám og vötnum, einkum vestanlands, allt til fardaga. Um vorið skiptapi á Akranesi, týndust 5 menn, fóru úr kaupstað... Sumarið var gott, en grasvöxtur lífill. Árferði gott fyrir austan. Skiptapi varð á Seltjarnarnesi,

týndust menn þrír... . . . Haustið gerðist kalt og snjóasamt. Voru ár á ísi gengnar fyrir Mikalesmessu. ... Skiptapi varð undir Jökli að Keflavík, með 8 mönnum, á Völlum [Brimilsvöllum] annar með 6 mönnum.

**Eyrarannáll:** Eptir nýársdag harðnaði mjög veðuráttufar með fjúkum, stórviðrum og blotum með stórfrostum á millum, svo allur útigangspeningur var á hey inntekinn, þar það varð og eptirlifði af eptirleifum þeirra 2 undanfarinna næstu harðindaára, þó það lítið hrökkva vildi, því margir gáfu sig í forþot, svo þeir bæði misstu sínar kýr og sauðfé, svo allvíða stórfellir varð, fólk allvíða af hungri dó og margir uppflotnuðu, helzt norðan- og austanlands, hvaðan fólk í stórhópum burt flúði út fyrir Jökul og vestur á Vestfjörður sér til jargar og lífsnæringar (að) leita, hvar af margir á veginum bæja á milli af hungri út af dóu, en sumir urðu úti á fjöllum, svo víðast í þessu Norður- og Austurlandi allt að Skálholti eru stór harðindi og hungursneyð til matvæla svo bæir víða í eyði lögðust, 6 lögbýlisjarðir í Trékyllishreppi, en þó miklu fleiri í Norðurlandinu, helzt í Þingeyjarþingi og Eyjafjarðarsýslu. Þar á ofan kom grasleysissumar, sökum þess mikla klaka, sem í jörðunni var, að þar sem annarsstaðar fékkst ei helmingur af töðum á túnnum, sem vanalegt var, en úthey náðust víðast lítil eða engin, þó slegin væru, sökum votviðra, er áliðnu sumri um höfuðdagsleytið uppá féllu, svo úthey, bæði í sæti, flekkjum og ljá urðu úti á engjum og sum á túnnum vot. Á Hólabiskupsstól lágu úti 318 hestar á túni; þar ofan á komu stórsnjóar vel mánuði fyrir vetur og leysti aldrei upp, þartil 5 vikur voru af vetri, svo að í öllum þessum plássum: Þingeyjar,- Vöðla-, Heganess-, Húnavatns- og Strandasýslum urðu úti og skemmdust að mestu öll úthey; þar með í öllum þessum plássum ogsvo hugursneyð af fiskleysi, þar víðast hefir ei fiskur úr sjónum fengizt, þó róið verið hafi, utan nokkuð af hákalli, hvern þeir hafa úr lagnaðaris uppdregið og fyrir sig til matar nýjan soðið. En búsmali í víðustum stöðum að mestu niður dauður, svo það stofnast undir stærstu hörmungar þar um pláss; svo og skrifast, að í Þingeyjarþingi frá sumarmálum til alþingistíma hafi hundrað manns í harðrétti dáðið, auk þeirra, sem úti hafa orðið, í Skagafirði 30, í Trékyllisvík 60, Króksfirði 10 eða 12 menn.

**Mælifellsannáll:** Vetur lengstum harður frá jólum til Maríumessu, en harðnaði aptur eptir páska. ... Sumar gott frá Jónsmessu babtistæ og fram yfir Maríumessu fyrri, meðal grasvöxtur. Kom á með Maríumessu síðari snjóar og frost, svo úthey urðu víða úti. Batnaði með jólaföstu.

**1698 Hestsannáll:** Var vetur ágæta góður. ... Skiptapar tveir urðu í Keflavík vestur, týndust 9, af komust 5. Mikil yfirferð af norðlenzku fólki suður og vestur um landið. Þjófnaðaróöld mikil og ránskapur víða um sveitir. Voru upp brotin hús og hirzlur, sauðir úr fjárhúsum teknir. Hart til matbjargar víða. Föromannafjöldi búendum óbærilegur. Dóu margir bæja á millum af hungri og klæðleysi. ... Sjógæftir mjög bágar. ... Sumarið var gott og hlýtt, með mýbiti miklu, grasvöxtur að meðalhófi. Haustið kalt.

**Annálsgreinar frá Holti:** Forgekk áttæringsskip úr Öfundarfirði á djúpsjó 17. Júnii í ..... (vantar inn í handrit) veðri með 6 mönnum; komst enginn af; formaður þess skips Jón Jörundsson; mörg skip (?) hröktust í því veðri með sína hákalla.

**Eyrarannáll:** Vetrarfar í betra lagi fyrir og eptir jólin með nægjanlegum jörðum fyrir útigangspening. Var þá enn mjög hart ár norðanlands, svo fólk víða uppflotnaði og frá bæjum gekk en sumt af hungri dó, helzt í Kelduhverfi, Tjörnesi, Siglufirði, Óafsfirði, Fljótum, Flateyjardal og Skagaströnd norðan fram og víðar, sem og einninn í Trékyllisvík, Steingrímsfirði, Bitru, Hrótafirði og Króksfirði, svo allmargt fólk kom úr þeim sveitum með konur og börn og sumir einhleypir hingað í Ísafjörð á húsgangsferð sér til bjargar að leita. ... Vorið byrjaðist með vindum, þurrkum og frostum, og gekk svo út allt fram að Þingmaríumessu [2. júlí], svo grasvöxtur varð lítill, bæði á túnnum og engjum hér vestra og nær, svo og í minnsta máta, en fiskirí og hákarlaveiði í meðallagi. – Sumarið var þurrt og kalt, því varð lítill grasvöxtur, en nýttist þó vel það lítið, sem fékkst. Haustið var vindasamt, með lognum stundum, fram að allraheilagrarmessu. Strax eptir hana kom fullgerður vetur sem stórfjúkum og fannlögum, svo menn varla komust bæja á millum, með svo miklum frostum, að menn mundu eigi þvílík nætur og daga, svo það gekk jafnlega fram til þess vika var af þorra. Lagði þá allar fjörður hér vestra og allt Ísafjarðardjúp milli Rits og Stiga, en hafís lá þar fyrir utan, svo aldrei varð á sjó komið til fiskibragða um allan þennan tíma, en jarðbönn á landi, og allar fjörur tepptar fyrir útigangspening, hvar fyrir flestir skáru niður bæði kýr og sauði og lömb og slóu af hesta, og settur á hey sem minnst máttu, og sáu sér naumlega borgið. Um allan þennan tíma [líklega frá ca. 1. nóv. 1698 til 20.jan. 1699] kom aldrei frostlaus dagur eður hreinn án fjúka, svo driffenni var þá í mesta máta og margir bæir í fönn skefldir, svo varla til sá. En í annarri viku þorra linaði nokkuð þessi miklu stórfjúk og frost, og komu útsynningar með þíðviðrum og dags blotum á millum, svo mestalla ísa braut upp af Ísafjarðardjúpi og líka

utarlega af fjörðum, svo róa mátti sumstaðar, en vindasöm veðurátta hindraði það; kom og ei heldur jörð upp utan lítið sauðkropp sumstaðar.

**Mælifellsannáll:** Sá vetur var allur hinn ágætasti; mundu menn eigi þvílka vetrarveðuráttu. ... Sumar góðviðrasamt en graslítið; um haustið veðurátt hagstæð allt fram yfir Mikaelsmessu, stirnaði þá veðurátta. ... Vetur mjög harður með jarðbönnum til jóla, svo hestar tóku að falla sumstaðar.

**1699 Hestsannáll:** Var vetur harður og fjúkasamur, með stríðum frostum, harðnaði með allraheilagramessu. Hvítá í Borgarfirði lagði undir Stóra Ás nær. Hvalfjörður var genginn af Hvalfjarðareyri að Klafastöðum, hét sá Klemus. Fyrir Akranesi lagði sjóinn svo mjög, að ei sást af Skaga auður sjór, heldur ísalög á allar síður. Skorradalsvatn lagði næstu nótt eftir allraheilagramessu, en leysti ei til fulls fyr en eftir fardaga. Menn urðu úti eigi færri en 20, sem með skilum voru taldir. Sunnudagskvöld í miðjum þorra [15. jan.] gerðust þau stórtíðindi á Reynivöllum í Kjós, að snjóflóð féll á bæinn og braut öll bæjarhús, sem þó voru sterk og nýbyggð. Beið þar líftjón prófasturinn séra Oddur Jónsson (ágætt göfugmenni) og 6 menn aðrir, en aðrir 7 komust lífs af. Á þeirri sömu nótt féll og snjóflóð á bæinn Hurðarbak, gagnvart Reynivöllum, braut fjósið og drap naut öll, er inni voru, 13 að tölu... Fjárskaðar urðu hér sunnanlands í mörgum stöðum af fjúkaáhlaupum. Skiptapi á Eyrarbakka með 10 mönnum. ... Á bæ þeim í Ölfusi, er heitir Ossabær, sló þruma til dauðs sauði 13, og svipti þakinu af húsinu. ... Skiptapi varð á Ísafjarðardjúpi, týndust menn 5, en 2 komust af, olli ofhleðsla og vindur. ... Sumarið var gott. ... Í Bjarneyjum varð skiptapi með 6 mönnum.

**Eyrarannáll:** Var mjög harður vetur um allt Ísland með ísalögum og hafísrekum, stórfjúkum og frostum, svo allar fjörður með ís (við) Ísafjarðardjúp voru af ísalögum þakktir. Þá voru stór harðindi og peningafellir á kvikum peningum og meðal manna, svo margt fólk dó úr hungri, og margir uppflotnuðu, svo margar jarðir eyddust og í eyði lögðust, helzt í Norðurlandinu. Á Hellrum (við Hellna) fyrir jökli var sagt, að 100 manns af búðarfólki hefði af harðrétti dáið, og hefði verið flest aðkomandi utansveitarfólk. Þessa árs vor var og svo hart, með þurrkum og kuldum, svo ei kom regn fyr en um Þingmárumessuleytið; þá komu daggir og nokkur grasvöxtur í betra lagi, og nýttist sumstaðar vel. Haustið var og í betra lagi, þó fjúkasamt. ... Á Reynivöllum í Kjós tók snjóflóð allan bæinn [það var 15. jan.] svo þar inni dóu 14 manneskjur með prestinum séra Oddi Jónssyni bartskera, en nokkrir fundust í húsbrotunum. Þetta flóð hljóp og inn í kirkjuna og fyllti upp kirkjugarðinn, svo varla grafið varð. Einninn hljóp snjóflóð innan til við Snæfjallaeyrar og tók 4 hesta og 2 skip með búðinni, er skipverjar voru í, en fyrir guðs hjálp komust mennirnir af með lífi. Einninn runnu í fleiri stöðum víða um landið mörg snjóflóð. Í Otradal í Arnarfjarðardölum tók snjóskriða fjósið með nautunum, einninn í Dufansdal fjósið með 2 kúm. ... Úr Norðurlandi sagt, að á þessum vetri hefði þar eyðzt aldeilis 3 sveitir: Ólafsfjörður, Siglufjörður og Héðinsfjörður, að fé og fólk, sumt í hungri niður dáið, en sumt burt flakkað sér til bjargar að leita, sem og víðar úr Norðurlandinu, hvaðan sagt er, að margar jarðir í eyði leggist af fólks uppflotningi. ... Á þessum vetri urðu margar úti á Norðurlandinu. Einninn varð í sumar skiptapi í brimi á Eyrarbakka; drukknuðu 12 menn. ... Á þessum vetri var sagt austan úr Austfjörðum, að í nokkrum dal hefði fentt í kaf í snjóum 3 bæi með fénaði og fólk, og öllu öðru, sem þar inni var, svo ei fundust fyr en seint um vorið, er manna kvein heyrðist; varð með stórum erfiðismunum til mokað, svo fólk náðist; sumt hjarði með lífi, en sumt dautt.

**Mælifellsannáll:** Veðurátta var mjög óstöðug þann vetur, ýmist blotar, svo upp komu snapir, eða jarðbönn. Sunnudaginn fyrsta í þorra [15. jan.] tók snjóflóð staðinn Reynivelli í Kjós. Fórust þar 6 manneskjur: Oddur prestur Jónsson ... Var prestur staddur í baðstofu, gekk um gólf með bók sína, og sagði, er hann heyrði til snjóflóðsins og gekk til baðstofudyra: „Eg meina eg heyrir til snjóflóðs“ og í því bili kollvarpaði húsunum. Urðu þar undir 5 manneskjur og presturinn, en þær 6, sem í skálanum voru, fundust allar með lífi um morguninn, er til var grafið. Systir prests var ein þeirra, sem hélt á barni í fanginu lifandi, en hún handleggsbrotin. Þá skaðaði snjóflóð bæi tvo á Vestfjörðum, tók fjósin á þeim bæjum og misstust nautin flestöll. Var annar þeirra bæja Otradalur, en fólk sakaði eigi. ... Vetur til jóla hagstæður og haustið því betra; helzt um jólin voru veður innðæl.

**Vallaannáll:** Heiðrikt veður, frost mikið með sólskin nýársdag. Vetur upp þaðan ærið harður um allt land með fjúkum, snjóum og jarðbönnum. Annan sunnudag eptir þrettánda [15. jan.] að kveldi tók snjóflóð Reynivallastað í Kjós. Þar lézt Oddur prestur Jónsson, prófastur í Kjalarnesþingi, og 5 menn aðrir. Helga systir hans fékk lemstur á handlegg, varð þó heil aptur etc. Sömu nótt tók snjóflóð fjósið að Hurðarbakki, gegnt Reynivöllum, með nautum þeim, sem þar voru inni, en heyin sakaði ekki. ... Vorið hart lengi fram eptir. Hafís fyrir norðan undir þing, gerði þó fínan grasvöxt, er það var mjög lítið, einkum utangarðs. ...

Haustið gott og þurt. ... Veturinn misjafn með skorpum til jóla. ... Skiptapi í Vestmannaeyjum, drukknuðu 7 menn. Fagurt veður með frosti og tunglsbirtu jólanóttina, úr útsynningi, en ókyrt optast af útsuðri upp þaðan um jólin til nýársdags.

**Setbergsannáll:** Fullir allir firðir fyrir norðan með hafis og lagnaðarís, svo ríða og renna mátti fram eftir öllu voru, Þá leysti ís af Stórdalsvatni [Svínavatni] föstudaginn í fardögum.

**1700 Fitjaannáll:** Harður og snjósamur vetur frá Marteinsmesu allt fram á vor. Á páskadaginn [31. marz] kom mikið harðviðris norðanfjúk, svo á flestum kirkjum varð embættisfall. Sumarið þegar á leið vætusamt, svo og haustið fram að sólstöðum; ónýttust mjög hey. ... Stórt hallæri um allt land, þó helzt fyrir norðan, svo margt fólk dó af hungri. Fundust hræ þeirra bæja á milli í seljum og úthreysum, þá uppleysti. Þó dó sérdeilis fyrir sunnan og vestan það umferðarfólk, sem var flosnað upp í öðrum landsfjórðungum og fátækt búðarfólk, sem sumir sjóarbændur höfðu safnað að sér á fiskiárunum til að fleyta bátum sínum, en gátu því nú ekki við haldið. Af fjölda þessa utansveitarfólks útrömuðust mest sveitirnar, þar hverja nótt var húsfyllir af sífelldri umferð á þeim bæjum, sem því varð nokkuð gefið til lífsbjargar. Átu þá sumir margskonar óæti og dóu þar af. En rán og þjónfaður ósegjanlegur. Þann. 8. Martii, sem var föstudaginn seinasta í góu, gerði mjög hastarlegan byl. Þá varð margur skipreiki, helzt á Seltjarnarnesi. Týndust þar 12 skip á þeim degi með mönnum 50 að tölu, 3 skip týndust í Grindavík og á þeim 30 manns. Samantaldir menn, sem drukknuðu á þeim degi 1 hundrað og 60. Í kringum Snæfellsjökul fórust 4 skip, 1 í Vestmannaeyjum, 1 á Akranesi, allt á sama degi. Þar fyrir utan brotnuðu víða skip í spón, nefnil. 3 í Grindavík. Á skírdag varð aptur einn skiptapi á Seltjarnarnesi, svo að samantalið var, að þá hefðu farizt 30 skip og 2 hundruð manns. ... Í páskadagsveðrinu brotnaði hollenzk dugga á Hólmskaupstaðarhöfn, komust af 7 menn, áttundi drukknaði. Eyrarbakskip brotnaði, nær það ætlaði út að leggja; mönnum og góssi var bjargað. Þann 20. Augusti var Höfðaskip komið í stærsta háska af áhlaupaveðri, sakaði þó ekki, en 2 skipsmenn drukknuðu af því.

**Hestsannáll:** Vetur þungur, rosasamur, frostahægur. Sjógæftir mjög bágar. Dó víða yfirferðarfólk af vesöld og volæði. Var etið hrossakjöt og hrafna, og hvað tónn mátti á taka. ... Skiptapar urðu yfir 20 á Suðurnesjum, en menn, sem týndust samanreiknaðir 130. Á Vesturnesi 4, týndust menn 27. Vetur þennan kölluðu sumir Páskavetur, því norðankafald var svo strítt páskadaginn að hvergi voru sóttar tíðir eður kirkjur upp loknar til tíðahalds. ... Sumarið var gott. Grasvöxtur í meðallagi.

**Eyrarannáll:** Með uppþyrjun þess nýja árs var mjög harður vetur og veðuráttufar yfir allt Ísland með stórfjúkum, jarðleysum og snjóbönum, bæði austan, sunnan, norðan og vestur á landinu, og víðast fiskfátt, þá til gaf, utan á Suðurnesjum, Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn fiskaðist í betra lagi þá gaf, en stórviðri ádundu, hvar af urðu á Suðurnesjum 10 eður 12 skiptapar, 3 eða 4 fyrir Jökli, og svo víðar í veiðistöðvum 1 og 2, svo það segist, að á þessum vetri drukknað hafi yfir 300 manns. Voru stórkostleg harðindi úr Norðurlandinu, allvíðast sögð, bæði upp á veðuráttufar og marbjörg, svo margt fólk þar af hungri út af dó og uppflotnaði, og þess meir sem norðara væri, og mikill peningafellir allvíða. ... Þessa árs sumar gott grasár bæði sunnan og austanlands, einninn norðan og vestan, en nýttist þó misjafnlega sökum óperra og illviðra í Norðurlandinu, hvaðan segist að folkið hafi orðið þeim heyjum út úr stæðunni (heystæði) að moka, sem í garðana komið var, en það á útengjum slegið var fúnaði í sæti og lá á engjunum langt eptir krossmessu [14. sept.] svo í því plássi stofnast undir stærstu harðindum ... Vetrarfar til áttadags mjög stirt og stórviðrasamt, en þó fiskur þá fyrir hann gaf. Uppflotnaði norðanlands allvíða búandi fólk, svo jarðir víða þar í eyði lögðust, sérdeilis í Þingeyjarþingi og Eyjafjarðarsýslu, svo þaðan skrifast, að margar manneskjur hafi af hungri dáíð, sérdeilis í Siglufirði, Héðinsfirði og þeim fjörðum þar nálægt, einninn í Fljótum og víðar annarsstaðar norðanlands. ... Í Eyjafirði í vestanveðri, þetta haust braut og upptók 60 skipa á landi af veðri og sjó. Spákonufellshöfða kaupfar missti sinn stóra bát, þar í 3 menn eða 4 menn, sem á höfninni í þessu veðri frá kaupskipinu sleit og rak til hafs, svo ei náðist, og meinast tapazt hafa.

**Annáll Páls Vídalíns lögmanns:** Hey þornuðu mjög lítt um sumarið, og varð því veturinn þungur. Snjóar komu þegar í sæluviku og var æði stopult til jóla.

**Mælifellsannáll:** Vetur með nýári rosasamur allt að þorra, þá frost mikil til hinnar þriðju vikunnar; þá gerði forráðshrið á mánudag. Síðan kom góð veðurátt. ... Greri seint um vorið, en var þó grasvöxtur góður, nýting bág, sökum votviðra, helzt norðanlands, svo fáir höfðu hirt tún á Maríumessu síðari [8. sept.]. ... Fjórum dögum eptir Maríumessu fyrri, sem var 20. og 21. Augusti gerði ofsaaveður með veltubrimi, regni, og miklu fjúki (svo) að á sjávarsíðu í Hegranesi lömuðust og brotnuðu yfir 30 skipa, stór og smá. Skemmdust og brotnuðu skip á Eyjafirði og víðar. Þá sleit upp kaupfarið á Eyrarbakka og braut; náðist mikið af góssinu.

Fennti og fé víða og naut. ... Um sumarið fengu menn engir norðanlands úthey til gagns sökum illviðra; var þó vetur frá allraheilagramessu góður til jóla.

**Vallaannáll:** Útsynningur nýársdag, Vetur upp þaðan svipviðrasamur með skorpum um allt land, og mjög mannskæður. Skiptapi á þorra í Sandgerði á Miðnesi, drukknuðu 9 menn. Bátstapi í Njarðvík ytri, drukknuðu 2 menn. 8. martii, föstudaginn síðastan í góu, snemma dags, kom úr góðu veðri hastarlegt og hræðilegt stormviðri af útsuðri, með öskufjúki, svo engri skepnu mátti vært segjast utan húsa. Varð þá mikill mannskaði suður um Nes. Skiptapar þrír í Grindavík: tveir áttæringar og einn sexæringur, drukknuðu 26 menn; fjórði áttæringurinn brotnaði þar í lendingu, komust af menn allir, nema kaupsmannspilturinn, er þar var á. Tveir skiptapar á Stafnesi, tíæring og sexmannafars, drukknuðu 18 menn. Tvo menn tók af áttæringi frá Bjáskerjum. Bátstapi í Garði, drukknuðu 2 menn, í Leiru 2, sinn af hvoru skipi. 3 bátstapar á Vatnsleysuströnd, drukknuðu 6 menn, 7 bátstapar á Hraunum og á Álptanesi, drukknuðu 14 menn. 12 skiptapar á Seltjarnarnesi: 9 sexmannafara og 3 tveggjamannafara, drukknuðu 43 menn. 3 skiptapar fyrir Jökli, drukknuðu 22 menn. Fórust svo alls í þeim eina byl 136 menn. Eigi varði þetta veður mikið yfir eykt. ... Litlu fyrir páska tveir skiptapar í Hafnarfirði, drukknuðu 4 menn. Pálmasunnudag, 24. Martii, rak af útssynningsveðri duggu hollenzka frá Amsterdam inn í Hólum suður og lá þar alla efstu viku. – Laugardaginn fyrir páska [30. marz] gerði aftakaveður norðan með fjúki; rak þá 4 mannfara úr Laugarnesi á Seltjarnarnesi suður á Stönd, kom það þar í dögum páskamyrgininn, brotnaði í spón, létust af því 2 menn, en aðrir 2 komust af. Dóu svo alls þennan vetur á sjó hérlendir menn 153. Eigi mundu menn slíkt manntjón á einum vetri. ... Vorið kalt í öndverðu, en gott og grasgefið hvarvetna þá fram leið. ... Sumarið allmishægt um landið, mjög votsamt og illt til heynýtingar norðanlands víðast og norðvestan, en eystra, syðra og suðvestra þurt, og nýting á heyjum hin bezta; varð þar hvarvetna góður heyskapur. ... Haustið stirt hvarvetna, með hríðum, kröpum, skakviðrum og snjóhlaupum. ... Veðurátt batnaði með vetri; hann góður víðast til jóla; þó hafði snjó komið um veturnætur í Borgarfirði, svo fé fennti. ... Dágott veður með mátulegu frosti og tungslskini jólanóttina. ... Frost og staðviðri um jólin upp þaðan til nýársdags.

**Þingmúlaannáll:** Var vetur góður austan á Íslandi, harður sunnan.

**1701 Fitjaannáll:** Vetur góður um Árness- og Rangárvallasýslur og Suðurnes, en í öðrum sveitum þungur. Vorið eitt hið kaldasta og þurkasamt. Kom þá hafis fyrir norðan undir fardaga og lá lengi fram eptir. Þá var riðið viku eptir fardaga frá Langárfossi þvert yfir Mýrar frá Arnarstapa og Saurum fyrir norðan Mel að Staðarhrauni, að hvergi þurfti að krækja fyrir grafkeldur á klaka, hestum í fóthvarf víðast og rauk upp úr hverju hestfari. Sumarið þurt og gott til höfuðdags; úr því mjög vott og rosasamt fram til allrarheilagramessu. Hey bæði ónýttust og urðu úti. Grasbrestarstór sláttur, stóð varla yfir 6 vikur. ... Fólk lagði sér þá til átu helzt söl, rætur, fjallagrös og jafnvel fiskabein, sem margir fluttu til heimila sinna, og seyddu sér til matar. Eyddust þá nærri sumir útkjálkar og harðindasveitir. ... Skiptapi í Svarfaðadal með 6 mönnum. ... Þann 8. Aprilis kom hastarlegur fjúkbylur af norðri. Þá urðu úti fyrir norðan 12 menn, og fórst 600 fjár, að saman reiknaðist.

**Hestsannáll:** Þungur vetur af snjóum og áfreðum (þó af veðrum ei stríður) víðast um land, utan í Árnessýslu og Rangárþingi; þar vetrarfar hið bezta. ... Vorið var kalt, þurt og síðgróið. ... Haustið var regnsamt, tapaðist víða hey, einkum í Norðuráral, af árinna flóði. ... Á jólaföstu gerði norðanstorm með fjúki; þá urðu úti 2 menn austur á Landi.

**Eyrarannáll:** Frá áttadegi vetur harður og stórveðrasamur með miklum frostum, svo víðast lagði firði og gerði haðrindalag manna á meðal. Vorið hart, en sumarið þurrt, og graslítið víðast um landið; þó gaf guð sína blessan sumsstaðar við sjósíðuna af þeim hvölum, sem í ísum kringum landið drápu og víða uppráku ... .

**Mælifellsannáll:** Vetur allgóður, þó frostasamt um þorra, en linaði um góu; jukust aptur með einmánuði; tók óvíða fyrir jörð nema í Húnavatnsþingi. Vorið kalt og þurt og vindasamt með gróðurleysi allt fram á Jónsmessu. Föstudag síðasta í vetri [15. apríl] hljóp á forráðsveður með frosti og snjó af norðri; fórust 3 hundruð fjár í Húnavatnsþingi, en úti urðu alls millum bæja 17 manneskjur í ýmsum stöðum; urðu 3 menn úti, er að fé stóðu. Þá dó og margt fólk úr megurð, bæði í Húnavatns-, Hegraness, og Vöðlusýslum. ... Grasvöxtur varð þó í meðallagi

**Annáll Páls Vídalíns lögmanns:** Harnaði mjög á jólum og fram eptir. Mánudaginn í þriðju viku góu [7. marz] féll svo mikill lognsnjór fyrir vestan kvíslir í Húnavatnsþingi, að á þriðjudagsmorguninn óðu menn þar í geirvörtur, sem á sunnudagskveldið var blá snjólaust. 8. Aprilis kom áhlaupsveður og gerði víða í Húnavatnsþingi fjártjón; Þá urðu og úti þar í héraði 9 eður fleiri fátækir menn. Í Þingeyjarsýslu norðan

Vöðlaheiði féll fólk í hungri; var fallið í einum hrepp yfir 50 á Hallvarðsmessu [15. maí]. ...Vetur til jóla ósnjósamur og jarðir nægar.

**Vallaannáll:** Landnyrðringsfjúk á nýársdag. Vetur upp þaðan mjög mislægur um landið, afbragðsgóður alstaðar suður og suðaustur, en harður að miklu leyti norðaustur og fyrir norðan land og vestan allvíða, með snjóum og jarðbönum. Á þorra sást optlega í Borgarfirði ský um loftið, rauð blá og græn á lit. ... Gott veður í dymbilviku og um páskana, er það ár hófust 27. Martii. ... 10 dögum eftir páska, föstudag undir nónn, kom á fjúkbylur hastarlegur af landnorðri fyrir norðan land; urðu víða hrakningar og skaðar á sauðfjám í Húnavatnspingi og úti 7 manneskjur fátækar kringum Vatnsnes. Vorið ætíð hart hvarvetna lands með hörkum og snjóum, náttfrostum og norðankuldum. Þar eftir fylgdi stórlegt grasleysi; gekk svo nálega fram um sólstöður að lítt greri. Allmikil harðindi í Þingeyjarþingi með mannfalli, deyði eigi færra en 100 manna um veturinn og mjög fam á vorið. Féll og hrönnum kvikfé þar í sveitum sakir heyleysis og grimrar veðuráttu. ... Sumar gott og þurt með litlum grasvexti víðast og heyskap, en góðri nýtingu. ... Haustið vindasamt lengstum og ókyrt að veðuráttu. ... Þriðjudag næstan eftir [eftir sunnudaginn eftir krossmessu, þ.e. 6. sept.] kom víða um land regn ákaflegt af suðri með vindi, og gerði skaða mikinn á engjum og túnvöllum sumstaðar í norðursveitum, Hlupu þá og skriður og ein mikil á völlum að Hvammi í Vatnsdal. ... Sunnudag síðasta í sumri öskuhríð af fjúki landnorðan, og snæpeli með jarðskorpu til veðuráttu. Vetur til jóla allgóður hvarvetna með kyrrviðrum optast og hægðarfrostum.

**Þingmúlaannáll:** Var mjög harður vetur norðan og austan á Íslandi frá jólum.

**1702 Suðurnesjaannáll:** Drukkuðu 3 menn af skipi bóndans Runólfs Sveinssonar á Stafnesi.

**Fitjaannáll:** Vetur í meðallagi. Vor og sumar hið allra bezta sunnanlands, svo tún voru sumstaðar slæg eftir fardaga. Haustið gott ... Þornaði Hvítá hjá Áhrauni á Skeiðum nær 2 dægur, hvað og skeði þá datum var 1594. ... Tólf manneskjur urðu úti, drukkuðu eður dóu voveiflega í ýmsum stöðum.

**Hestsannáll:** Var vetur góður. ... Sultur og harðindi meðal manna Á Akranesi var mannfall af förufólki. ... Hvítá hjá Skálholti tapaði rennsli sínu, svo þur varð hjá Árhvani. ... Vorið var gott. ... Maðki eða ormi rigndi í austursveitum sem fyr.

**Eyrarannáll:** Var vetrarfar í betra lagi, bæði upp á veðuráttu og jarðir víðast um landið. Sumar og vor mjög gott með góðviðrum og grasvöxtur í meðallagi víðast og nýttist vel.

**Mælifellsannáll:** Vetur frá jólum frostamikill; kom djúpur snjór á einmánuði, en lá eigi lengi. ... Vorið gott og hagstætt, hafði þá eigi líkt vor komið nokkur ár, og snemmgróið, en kom hnekkir grasvaxtar eftir fardaga, sem voru frost og kuldar.

**Annáll Páls Vídalíns lögmanns:** Eftir jólin hélzt góð veðurátta til lands, svo að jarðir voru nægar og héldust peningar manna. ... Vetur var snjómikill mjög fram til jóla og þó jarðir norðan lands, en syðra og vestra minni.

**1703 Fitjaannáll:** Þungur vetur. Vor hart með frostum til Jónsmessu. Sumar vott sunnanlands, en þurrt fyrir norðan. ... Í Dritvík urðu um vorið fimm skiptapar í einu; drukkuðu þar 16 menn; sjötti á Mýrum með 4 mönnum, sjöundi við Keflavíkurkaupstað, dóu af 6 menn, áttundi á Bátsendum; drukkuðu þrír danskir, sem fóru til fiskiróðrar, komst af 1; níundi vestur hjá Selárdal með 3 mönnum. ... Snjóflóð tók af flestöll bæjarhús á Englandi í Lundarreykjadal, flúði fólkíð nakið og lerkað í fjósið og komst af. ... Úti urðu í ýmsum stöðum og drukkuðu 12 manneskjur.

**Hestsannáll:** Var vetur þungur, gekk þó misjafnt yfir. ... Skipreikar 4 fyrir sunnan Jökul, týndust 18 menn, einn á Mýrum, týndust menn fjórir. ... Fjórir menn drukkuðu á skipreika fyrir Garði.

**Eyrarannáll:** Var mjög harður vetur, kom á 3 vikum fyrir jól með blotum, fjúkum og jarðbönum, svo útígangspeningur var allur á gjöf tekinn, hestar og sauðfé hér fyrir vestan og sunnan, hvað að gekk allt til þorra. Þá kom góð hláka og leysti snjóa, hvað að varaði vel viku. Síðan komu snjóar með smáblotum, svo allt klambraði og gerði jarðleysur, svo allur peningur var í flestum stöðum á gjöf. Og þessar fannir og jarðleysur lágu til þess í vikunni fyrir uppstigningardag [17. maí], þá gaf guð góða hláku, svo snjóana uppleysti, og var þá víðast heylaust, og peningur af megurð að lotum kominn og fólkíð upp á bjargráðið, því allan þennan vetur og til þess í miðja góu var fisklaust í kringum allt Ísafjarðardjúp og víðar hér. ... Af þessum stóru harðindum og fólksins lífsbjargarleysi fyrir stórkostlega almúgans klögun og nauðsyn gekk dómur á Súðavíkurþingi, að sýslumaðurinn Thorlákur Guðbrandsson skyldi kaupsmannsbúðirnar á Skutulsfjarðareyri opna og þar úttaka mjöl og aðra lífsnæring almúganum til bjargar og lífsviðhals, hvað hann og gerði,



Þriðjudaginn eptir uppstigningardag, sem var sá 22. Maí, og voru þar útteknar 60 tonn mjöls og meðal nauðlíðandi og bjargarlausra uppskiptar, reiðurunum síðar til betalnings heldur en fólkið úr hungri dæi. Þriðjudaginn næsta fyrir hvítasunnu, sem var sá 22. Maí, drukknaði Jón heitinn Þorkelsson í Hlíð (í Álftafirði við Ísafjarðardjúp), með sínum 5 hásetum, öllum giptum utan 1 pilti og ekkjumanni, undir Kálfadalaósshlíð ... Einninn varð annar skiptapi í Selárdal vestur í Arnarfirði þriðja dag hvítasunnu [29. maí] ... Skipið átti prófasturinn séra Páll Björnsson, og voru þar á 2 hans vinnumenn og 3 aðrir, hverjir allir töpuðust og meinast, að Kópavíkurröst muni hafa þetta skip og menn í sig svelgt.

**Annáll Páls Vídalíns lögmanns:** Voru snjóar ærnir sunnan lands, en minni nyrðra. ... Vetur var bærilegur til jóla og vóx kvikfé heldur en þurðaði.

**Mælifellsannáll:** Þessi vetur var bærilegur, þótt stórvíðrasöm veður væri, hrökk og af í einstaka stöðum útigangspeningur.

**Vallaannáll:** Vorið hart og kalt með næðingum og norðanvindum sífelldum og gróðraleysi fram til fardaga; batnaði þá og gerði góða veðuráttu, með hægviðrum og þurki, en grasvöxtur var lítill víðast. ... Hrakningar af ísi fyrir Austfjörðum og Vestfjörðum, en íslaust fyrir norðan. ... Á tveggja postulamessu [þ.e. 4. maí] drukknuðu 18 menn í Dritvík fyrir Jökli af 5 skipum í landtöku; olli því snögglegt brim af útsuðri, hinir komust allir af, en 12 rak upp af þeim, er drukknuðu. ... Sumar frá alþingi mislægt; gott til veðuráttu og heyskapur í meðallagi, eður þar nær, fyrir norðan og vestan, með góðri nýtingu, enn betra um austursveitir, en votsamt syðra með þerrileysi nálega þar til uppi voru tún; urðu þar því töður daufar og gagnlitlar. ... Haustið gott hvarvetna. ... Vetur til jóla góður hvarvetna, 5 vikur hinar fyrstu, en laugardag hinn 6. (24. Nov.) kom fjúk með snjófergju um flestar sveitir meðal Hafnarfjalls og Ölfusár; hróflaðist af fé sumstaðar um Kjós og Kjalarnes og Mosfellssveit, fannst misjafnt aptur; bar það til þess, að það var hátt í fjöllum, en snögglega kom á. Hélt fjúkið nokkra daga eptir með norðanrenningum. Varð þá úti Magnús Sveinbjörnsson bóndi á Reynivöllum ... og kona gipt á Æsustöðum í Mosfellssveit er Sigríður hét Tómasdóttir ... Eigi kom þessi snjóur uppfrá Hafnarfjalli né fyrir austan Ölfusá. Gekk skorpa þessi allt til 3. sunnudags í jólaföstu [þ.e. 16. des.], kom þá hláka, og var svían á upp þaðan til jóla, Útsynningur með jelum jólanótt, og birta af tungli lítt skertu, þaðan stopult af suðri og útsuðri til nýársdags.

**Þingmúlaannáll:** Var vetur harður mjög, hallæristilstand, fjártjón mikið í Austfirðingafjórðungi allvíða.

**1704 Fitjaannáll:** Vetur var misjafn. Vor, sumar og haust gott og þurrt. Skiptapi á Hjallasandi með 9 mönnum, annar við Hellna, þriðji í Vestmannaeyjum með fjórum mönnum, fjórði við Eyjasand, fimmti bátur á Ölfusá með 2 mönnum ... .

**Hestsannáll:** Vetur góður, lagðist þó misjafnt á, frostalíttill, rosamikill; hríðir og stórvíðri um jól og miðjan vetur; kom vallsnjór, úr því góa kom. ... Skiptapi á Hjallasandi, týndust menn 8. ... Skiptapi varð fyrir sunnan Jökul með 6 mönnum. Í 4. viku sumars gerði fjúk og snjó, hrófnáði víða af peningum.

**Mælifellsannáll:** Vetur frá jólum hægur með góðri veðurátt. Vor í betra lagi, en lítt sprottin tún í fardögum.

**Annáll Páls Vídalíns lögmanns:** Var enn bærilegur vetur eptir jólin og héldust vel peningar manna. ... Veðurátta var til jóla bærileg.

**Vallaannáll:** Útsynningur með jelum nýársdag. Vetur upp þaðan góður víðast um land og frostlaus, svo að fáir mundu slíkan. ... Vorið gott hvarvetna með grasvexti í líkara lagi. ... Sumar frá alþingi gott víðast um land, með þurviðrum og hægviðrum, heyskapur í betra lagi og góðri nýtingu, nema fyrir norðan Öxnadalshéiði; þar heyjaðist lítt og nýttist eigi betur. ... Haustið hvarvetna gott, þurt og hægviðrasamt. ... Vetur til jóla góður hvarvetna og snjólaus, en miðlungi kyrviðrasamur. ... Hlaupaveður frá vestri til suðurs með dimmu og vætu jólanótt, jóladag regn og vott sunnan og óstöðugt þaðan af til nýársdags.

**Þingmúlaannáll:** Var árferði gott um Austfirðingafjórðung, bæði eftir jól líðanda árs og fyrir hins eftirkomandi.

**1705 Fitjaannáll:** Vetur harður með hretviðrum, stormum og snjóum og hörðum frostum, svo firði alla og sjó lagði. Vorið hart, lítill gróður á Jónsmessu. Sumarið var kalt og vindasamt, kom sjaldan hlýr dagur, snjóaði bæði í byggð og á fjöllum í Júnio og Julio og svo sumarið eptir. Mundu allfáir kaldara sumar, og grasbrestur víða mjög mikill. Haustið vott. Hafís við land langt fram á sumar fyrir norðan og vestan. ... Víða urðu fjárskaðar og skiptapi í Garði með 6 mönnum. Annar á Akranesi með 5 mönnum ... . Þriðji á Brimilsvöllum, drukknuðu 2 menn, hinum varð hjálpað. Fjórði á Arnarstapa, drukknuðu af 2 menn, aðrir 2 komust af ... Og þrír skiptapar á Vestfjörðum.

**Hestsannáll:** Vetur stórviðrasamur og þungur. ... Týndust skip í Höfnum suður með 6 mönnum, annað á Akranesi með 5 mönnum. ... Sumarið kalt. Grasvöxtur lítill. Hafís rak að landi í Augusto.

**Annáll Páls Vídalíns lögmanns:** Gerðist hörð veðurátta eptir jólin, og þó ekki féskað.

**Mælifellsannáll:** Vetur frá jólum bærilegur, en vor kalt. Kom hafís á einmánuði og lá fram undir fardaga. Grasbrestur mikill og nýting ill, en afli góður norðanlands og í betra lagi syðra.

**Vallaannáll:** Vestanvindur hvass nýársdag. Vetur upp þaðan meðallagi um allt land. ... Mánudaginn í miðja góu [þ.e. 9. marz] rak hafís fyrir norðan lans; lá hann fyrir landinu allt fram um Jónsmessu. ... Öndvert á góu kom norðanveður mikið með frosti og lagnaðarísi fyrir Suðurnesjum, og rak burt fisk allan, er þar var fyrir. Vor hart og kalt hvarvetna með grasleysi. ... Hafís kom austan fyrir land allt að Landeyjum, og hrakti hann þaðan burt aptur. 7. Maíi var hann kominn fyrir Eyjafjöll. ... Vetur góður til jóla víðast um land.

**Þingmúlaannáll:** Var vetur æskilegur, vor kalt.

**1706 Fitjaannáll:** Vetur góður, snjósamur þá út á leið. Vorið mjög þurkasamt fram til Vítusmessu [15. júní]; kom varla daggardropi úr skýjum. Sumarið þerrasamt. Vatnsskortur víða; þornuðu upp flestöll fen og keldur, svo ríða og fara mátti með klyfjar yfir flestar mýrar. Nautpeningur austur í Flóa og þvílíkum sveitum steypiti sér ofan í grafir og pytti af vatnsleysi. Haustið kalt og þurt, en á Austfjörðum og um Langanes kalt og vott optlega. Lá þar hafís við land. ... Um haustið var eldur uppi í Grímsvötnum. Á þessum vetri voru opt jarðskjálftar, sem var nóttina fyrir 20. Januári, í Martio einn, 1. Aprílís, sem var þriðjudaginn síðasta í vetri um morguninn í birtingu. Í þeim jarðskjálfta hrundu niður í Ölfusi 24 lögbýli og að auki hjáleigur margar. En þessir bæir niðurhrundu gersamlega: Staðurinn Arnarbæli allur (nema kirkjan, hver þó mjög laskaðist), einninn Ossabær, Kröggólfsstaðir, Þurá, önnur og Kotferja í Flóa. Í Kaldaðarnesi varð og stór skaði, dóu kýr í fjósi. Þar féll svo til, að tveir kvennmenn vöktu yfir kálfsjúkri kú; sátu þær í básunum undir kverkinni á tveimur kúm, hverjar kýr báðar drápust, en kvensniptirnar báðar komust heilar af. Í þessum jarðskjálfta dóu kýr víða og löskuðust, matur og drykkur skemmdist og ónýttist; mölbrotnuðu tré í húsum, og það undrunarlegast þykja má, að undirstöður veggja urðu eptir; varð þetta húshrun sumstaðar meira, sumstaðar minna, því sum hús voru sumstaðar heil, sem langtum veikari voru en húsin, sem niður hröpuðu. En undir þessum húsum meiddist ekki né dó nema ein kona. Þegar sá síðasti jarðskjálfti skeði, sem skaða gerði í Grímsnesi og Ölfusi, var datum 1671; hröpuðu þá hús sumstaðar. Lengi frameptir vorinu vöruðu fyrir austan þessar hræringar. Því minna varð af jarðskjálftanum sem vestar var. Á Öndverðarnesi undir Snæfellsjökli fannst að eins til hans, eður lítið frammar.

**Hestsannáll:** Vetur góður fyrir sunnan, en harður fyrir norðan, og svo til flestra dala. Sjógæftir bágar ... .... Í Grindavík varð skiptapi, týndust menn 7. Bátur týndist á Strönd suður og menn 2, annar á Álftanesi með 2 mönnum. Eftir jól gerði stormvind af útsuðri svo megnan, að stór skaði varð á skipum, húsum og heyjum. Þá braut kirkju á Munkaþverá og Möðruvöllum í Eyjafirði, því var vetur sá af sumum kallaður Vindskadavetur. Hann var og nefndur Jarðskjálftavetur, því jarðskjálftar urðu svo miklir í seinustu viku vetrar, að hröpuðu hús og hrundu garðar, mest um Ölfus; dóu þar af manneskjur og nautpeningur víða í þeirri sveit. Skiptapi varð í Þorlákshöfn, týndust menn 13. ... Sumarið var gott og þurrt, en grasvöxtur lítill. ... Það ár en harðindi í Strandasýslu, féll bæði fólk og fé. Í Trékyllisvík og Árnessókn lögðust í eyði bæir 8 eða 9.

**Annáll Páls Vídalíns lögmanns:** Var veðurátta í meðallagi um veturinn Nóttina millum 7. og 8. Januári kom það stórviðri, sem víða á landinu gerði stóran skaða á húsum og heyjum. Þá brotnaði Munkaþveráarkirkja allt niður að bitum, en kirkjan á Möðruvöllum í Eyjafirði allt í grunn, kirkjan á Grenjaðarstað gekk mjög til, svo stytur varð við hana að reisa. Í þessum byl brotnuðu 300, eður yfir það, smærri og stærri landskip og bátar frá Þjórsárósi til Hvítáróss, og mörg þar fyrir utan, austan, sunnan, fyrir Jökli og norðanlands. Ei var orð á gert, að þetta stormviðri hefði á Vestfjörðum skaða gert. ... Var nú enn kyrrt fram yfir jól og veðurátta í betra lagi.

**Mælifellsannáll:** Vetur frá jólum til góumánaðar hægur, þaðan allt til krossmessu harður með jarðbönnum víðast hér norðanlands. Víðast heylaust á sumarmálum og sumsstaðar fyrri. Dóu kýr af megurð, en sumir skáru þær af vegna heyskorts og svo til bjargræðis. Lambadauði mikill um vorið. ... Nóttina fyrir þann 8. Januári, sem var föstudagur, gerði ofsaveður af vestri. Raskaðist kirkja á Möðruvöllum og Munkaþverá. Brotnuðu þar norður yfir 20 skip. Á Suðurnesjum frá Grindavík og allt inn á Seltjarnarnes lestust og brotnuðu 80 skip, stór og smá. Þar forgengu 4 bátar; af þeim fórust 9 menn. ... Um páskaleyti [páskadagur var 4. apríl] urðu jarðskjálftar syðra. Féllu hús og bæir; staðurinn í Arnarbæli í Ölfusi og Kröggólfsstaðir og

víðar; dó ein manneskja undir. - Þá var vor kalt. ... Veðurátta batnaði með þrenningarhátíð, tóku þá fyrst að gróa tún og úthagar.

**Vallaannáll:** Hörkufrost með þykkni nýársdag. Vetur upp þaðan til góu bærilegur hvarvetna, en frá góu harður víðast með snjóum og jarðbönnum, og þrengdi mjög að kvikfé hjá mörgum, einkum fyrir norðan land. Næstu nótt fyrir föstudag næstan eftir eptir þrettánda kom veður stórkostlegt af útsuðri, er gerði skaða mikinn á húsum, heyjum og skipum víða um landið. Í Þorlákshöfn og þaðan vestur allt til Akraness braut það og lesti 100 skipa, að því er talið var, 25 kringum Eyjafjörð og 2 í Ólafsfirði. Kirkjuna að Munkaþverá tók það allt að bitum fram til predikunarstóls og miðhluti úr kirkjunni að Möðruvöllum í Eyjafirði. ... Drukknan 11 manna af tíæringi Skálholtsstaðar í Járngerðarstaðasundi í Grindavík, snemma vertíðar. Mánudag síðasta í vetri [þ.e. 19. apríl] útsynningsveður syðra; drukknuðu 2 menn af skiptapa af Álptanesi og 2 í Njarðvík innri, einninn Jón Þórarinnsson, búandi að Þórustöðum á Vatnsleysuströnd, sá er alleinn kongsformanna á Stafnesi komst af í mannskaðabyllum á góuþrælnum 1685, 56 ára, en maður sá, er á hafði verið hjá honum, náðist lífs. Nóttina þar á eptir [20. apríl] kom jarðskjálfti svo mikill fyrir ofan fjall, að stór skaði varð af. Hrundi þá bærinn allur að Arnarbæli og hjáleigur allar (11) þar umhverfis, en kirkjan stóð ein. Fjósið í Kaldaðarnesi féll og dóu þar undir 3 kyr, en fleiri lömuðust. Bærinn á Kröggólfsstöðum lestist, og svo Þurá. Búrið féll á Kotferju og dó kona þar undir. Miðvikudag næsta [þ.e. 21. apríl] drukknuði 11 menn af tíæringi í Þorlákshöfn, allir hjáleigumenn frá Arnarbæli, eigingiptir, voru svo eptir 11 ekkjur. ... Vorið hvarvetna hart og kalt með norðanstormum og næðingum, snjó og illviðri með afhrófli kvikfjár og bjargarskortu milli manna fyrir norðan land. Kom hafís þar að um sumarmál, en varð þó ei löngum landfastur, og hraktist þar fyrir lengi vorsins. Gengu harðindi vorsins jafnt yfir til Jónsmessu, en með henni batnaði syðra og vestra, svo spretta tók, en fyrir norðan land héldust samt harðindin; varð því þar grasvöxtur eymdarlegur, en syðra og í öðrum fjórðungum í meðallagi og betri sumstaðar. ... Sumarið frá alþingi illviðrasamt og óveðursælt með aukmkunarverðum heyskap hvarvetna fyrir norðan að vöxtum og verkan, svo enginn maður mundi slíkt, með litlu fiskirí víðast, en annarsstaðar heyjaðist vel. Sami fiskafli syðra, heyskapur þar í meðallagi og nýting hin bezta, en eystra í betra lagi með sömu nýtingu. ... Haustið óþerrasamt og stírt með krapahriðum og illviðrum, einkum fyrir norðan, allt til vetrar; skemmdust hey víða, og aflaðist lítt, enda gaf eigi betur. ... Vetur til jóla góður hvarvetna annarsstaðar en í norðursveitum fyrir norðan Öxnadalshéiði; lagði undir dali og fjöll strax á hausti með snjó og jarðbönn, og svo meginsveitir, þá kominn var veturinn, og hélzt til nýárs, svo eigi hlánaði. ... Fjúk með illviðri á jólanótt og frost með skýjum jóladag og hart upp þaðan til nýársdags.

**Þingmúlaannáll:** Var vetrarfar fyrir og eftir jól austan á Íslandi víðast í betra lagi.

**1707 Fitjaannáll:** Vetur góður og snjólítill sunnanlands. Sumarið hið blíðasta og nýtingasamt. Haustið gott, en úr því vetur kom vott og veðrasamt. ... Skiptapi í Flatey á Breiðafirði með 6 mönnum. Annar í Hafnarfirði með 3 mönnum.

**Hestsannáll:** Var harður vetur fyrir norðan, en góður sunnanlands, votur, vindasamur, svo voru utan tveir snjókomudagar á þeim vetri öllum. ... Vorið gott og þurrt, grasvöxtur lítill. – Sumarið gott og þurrt.

**Annáll Páls Vídalíns lögmanns:** Og varð nú ei til tíðinda þetta árið, nema það veðurátta var góð.

**Mælifellsannáll:** Vetur frá jólum góður víðast, gerði íkast í seinustu viku góu. Vor snemmgróid og æskilegt. ... Haustið gott og vetur til jóla bærilegur. Aðfangadagskvöld fyrir jól ruddi Svartá sig í hægu frosti, svo varla varð yfir hana komizt.

**Sjávarborgarannáll:** Fínt veður á nýársdag og í betra lagi allt til þorra. Þá kom á vestanfjúk með hörkum og frosti, og rak inn hafís fyrir Norðurlandið. Hann lá við landið allt til miðsumars eður Margrétarmessu. Veðráttu fjúkasöm í bland allt til Martium, þó oftlega með ísingu og þokum til einmánaðar.

**Vallaannáll:** Frost með heiði nýársdag. Vetur upp þaðan góður hvarvetna með hlákum, snjóleysum og hægðarfrostum, þó vindasamur með vætum og ógæftum til sjávar í fiskiverum ... SÉN gróður í hlaðbrekkum syðra á einmánuði. ... Laugardaginn hinn fyrsta í þorra skiptapi við Flatey á Breiðafirði, drukknuðu menn allir 7 saman. ... Vorið afbragðsgott hvarvetna með hitum og hægviðrum til fardaga, en frá þeim með þurviðrum. Kom sjaldan skúr svo mikill, að hreinlega vætti jörðina; spratt þó gras í meira lagi alstaðar. ... Sumarið uppþaðan [frá alþingi] afbragðsgott alstaðar til veðráttu, heyskapar og nýtingar. ... Haustið allt ágættagott hvarvetna með hitum og hlýviðrum, svo trautt mundu menn slíkt.

**Þingmúlaannáll:** Var vetur allt fram á þorra hinn bezti fyrir austan, og so mátti hann kallast til enda.

**1708 Fitjaannáll:** Vetur snjólítil, þó frostsamur þá á leið. Vorið kalt og mjög graslítið. Sumarið gott og nýtingasamt, en stór grasbrestur. Var þá stórum lógað nautpeningi um haustið, víða vegna fyrirvinnuleysis. ... Skiptapi á Breiðafirði með 4 mönnum.

**Hestsannáll:** Vetur góður, mátti varla segjast kæmi fjúk eða snjór. ... Vorið kalt. Grasvöxtur mjög lítil, svo túnvellir voru ei slegnir í sumum stöðum.

**Annáll Páls Vídalíns lögmanns:** Hélt enn góð veðurátta. ... Og er nú kyrt um veturinn og veðráttufar hið bezta.

**Mælifellsannáll:** Vetur frá jólum góður og tók aldrei fyrir jarðir. Frost gengu mikil. Varð víðast vatnslaust. Utigangspeningur varð magur. Vorið kalt og vindasamt. Gengu víða upp hey og hrökk af lítið eitt af gemlingum. ... Grasár gott, en víða urðu hey lítil vegna mannaflaleysis.

**Vallaannáll:** Frost með heiði og hægviðri nýársdag. Vetur upp þaðan mislægur um landið, góður syðra og vestra, en harður víða fyrir norðan land og norðaustan með snjóum, kuldum og jarðbönnum, svo ekki batnaði fyr en að liðnum sumarmálum. ... Sunnudaginn annan í þorra [þ.e. 29.jan.] kom fjúkhríð mikil, er gekk í viku. Rak þá hafís að landi, svo hann sást miðvikudag þriðja í þorra, en rak svo frá aptur og hraktist í landabugum allan veturinn upp þaðan, en varð þó aldrei landfastur. Vor, frá annarri viku eptir sumarmál, hart og kalt. Laugardaginn þriðja í sumri [þ.e. 5 maí] rak hafís til lands hvarvetna fyrir Norðurlandi. ... Í vikunni eptir fardaga rak ísinn gerla frá landinu, svo hann sást eigi meir það sumar. ... Sumarið frá alþingi gott hvarvetna með grasvexti bjarglegum, þó seint léti, og heyskap í betra lagi, víðast með góðri nýtingu. ... Haustið allt gott hvarvetna með hægri og kyrrri veðráttu... . Vetur góður hvarvetna til jóla, með hægðarhlákum smáéljum og kyrrfrostum. ... Hlaka með tunglsbirtu jólanótt, og veður æskileg upp þaðan til nýárs.

**Þingmúlaannáll:** Var vetur góður (þorrinn harður). Þá gekk bólan fyrir austan fram á sumar og óvenjuleg harðindi grá góulokum, so hræðilegur fellir varð allvíða.

**Sjávarborgarannáll:** Á því hausti, 20. Augusti, kom mikið hríðviðri, svo allvíða fyrir norðan skemmdust og brotnuðu skip og týndust veiðarfæri manna.

**1709 Fitjaannáll:** Gott ár til lands og sjóar. ... Skiptapi á Akranesi. Druknaði Halldór Sigurðsson frá Leirárgörðum og Magnús Sigurðsson frá Vogatungu með 3 öðrum ... .

**Hestsannáll:** Vetur góður. Vorið snemmgróið. ... Skiptapi varð á Akranesi, er fór í skreiðarferð í Hólmi. Það var Magnús Sigurðsson í Vogatungu, Halldór Sigurðsson, skólagentinn og 3 menn aðrir, grandaði stórsjór og veður.

**Hvammsannáll:** Reisti eg bú á Borg.

**Annáll Páls Vídalíns lögmanns:** Vetur var góður til nýárs.

**Mælifellsannáll:** Vetur frá jólum (góður), jarðir nógar. Var þá ár bæði til sjós og lands. ... Vetur frá öðrum sunnudegi í jólaföstu harður, ýmist með snjódrifi eða blotum og hreggviðrum.

**Vallaannáll:** Gæskuhlaka nýársdag. Vetur upp þaðan allur góður hvarvetna með hægum frostum og án jarðbanna. ... Vor frá sumarmálum allgott alstaðar með snemmgæfum grasvexti og miklum. ... Sumarið frá alþingi allgott hvarvetna. Varð heyskapur mikill og góður. ... Haustið gott hvarvetna ... . Vetur til jóla góður að mestu, kom snjór mikill nokkru fyrir jólin, en batnaði þó. ... Hlaka jólanótt með engri tunglbirtu og misjafnt þaðan af um jólin til nýárs.

**Þingmúlaannáll:** Var vetrarfar hið æskilegatsa allvíðast í Austfirðingafjórðungi. Áfelli kom um hvítasunnu mikið.

**1710 Suðurnesjaannáll:** Brotnaði Grindavíkurskipið, nýkomið á höfnina. Týndist góss, en fólk komst af.

**Fitjaannáll:** Vetur góður. Sauðgróður á sumarmálum; kólnaði vorið eftir það. Sumarið nýtingarsamt.

**Hestsannáll:** Var vetur góður, gleri á þorra og gerði aldrei stórhörku þaðan í frá. ... Vorið gott og snemmgróið. ... Í áttundu viku sumar urðu úti á Steingrímsfirði tveir menn, er gengu á fjall, fengu fjúk með stormi. Skiptapi á Vestur Mýrum, týndust menn 3. ... Krossmessu um haustið gerði fjúk mikið og fjárskaðar stórir fyrir norðan víða.

**Hvammsannáll:** Jarðskjálfti 27. Februarí. ... Skiptapi varð í Hítarósi hjá Kjaraksey frá Kálfalæk, voru á 4 menn. ... Sjóasamt, slúðagtugt og hart til jóla.

**Mælifellsannáll:** Nóttina fyrir nýársdag var snjókoma hin mesta, en víða um morguninn kraparegn, frysti síðan og urðu jarðbönn víða allt til 16. Januári; þá kom bati góður og mikil hlaka á þorra og leysing, sem

vordægur væri; kom eigi síðan öðru hærra þann vetur. ... Milli messna kom stórhrið, svo að fennti bæði fé og færleika; varð það mörgum stórskaði. 3 hesta fennti til dauðs í lækjargilinu á Þorleiksstöðum í Blönduhlíð. Drapst fjöldi fjár í Héraðsvötnum, sumsstaðar 30, 40, 60, 80, 100, 110 á bæ og víða spurðist mesti fjárskaði. ... Haustið var óveðrasamt og stundum með miklum frostum, svo sjóinn lagði víða. Hjá Akureyri lagði langt út fyrir Oddeyri. Kaupfarið lét höggva þar ísinn til að komast út, en varð þó afturreka. ... Var vetur harður með snjóum, áfreðum og jarðbönnum og mest eptir jólin.

**Vallaannáll:** Fjúkslepja austan með blota nýársdag. Vetur upp þaðan ágæta góður um allt land, svo trautt mundu menn slíkan. ... Vorið frá sumarmálum til fardaga allgott, en þaðan af til Jónsmessu kalt og næðingasamt; kippti þá mjög fyrir grasvöxtinn, en þótti verða mundi í meira lagi, svo hann varð víða í minna lagi, en óvíðar í meðallagi. ... Sumar frá alþingi gott og þurt mestan hluta með heyskap í minna lagi, en nýtingu góðri. ... Haustið meðallagi með hretum og frostum undir veturinn svo vötn og ár lagði. ... Vetur til jóla skorpasamur með áfreðum og jarðbönnum, (helzt á jólaföstu allri). Fjúkmyglingur með dimviðri jólanótt og hart upp þaðan til nýársins.

**Þingmúlaannáll:** Til þessa árs dags framan til nýársins var hart af snjóum og jarðbönnum, einkum í fjörðunum, so margir lóguðu kvikfé. ... Þetta ár var meðalvetur víðast um Austfirðingafjórðung, bæði fyrir og eftir jól. Um allrahelgaramessu komu snjóar miklir. Fyrir jólin og á þeim krapahríðir stórkostlegar. Um miðjan veturinn góðar hlákur alþá. Þaðan af smábresótt og stóð ekki lengi í einu.

**1711 Fitjaannáll:** Vetur góður sunnanlands. Sumarið mjög gott. ... Skiptapi á Steingrímsfirði með 6 mönnum. ... Þann 17. Júnii brotnaði Vestmannaeyjaskip, hálffermt af fiski, í sterkum sunnanstormi, ... Eyrarbyggiskip sleit upp í sama stormi á Þorlákshafnarvík, rak upp í sand og brotnaði; góssi varð bjargað. Ólafsvíkurskip, affermt, rak undan höfninni, missti bæði atkerin og strengina, og þó upp á höfnina aptur kæmi, gat ekki hér legið og sigldi fram tómt. En stýrið á Búðaskipi brotnaði; það lá á Stapahöfn. Um haustið brotnaði hið síðara Eyrarbyggiskip á höfninni; drukknuðu af því þrír menn.

**Hestsannáll:** Vetur góður fyrir sunnan og austan, harður fyrir norðan, svo þar gerðist afhróun. ... Vorið gott. ... Skiptapi varð í Steingrímsfirði með 6 mönnum. Á Eyrarbakka drukknuðu 3 danskir og 1 íslenzkur. Brotnaði enn Eyrarbyggiskip fyrir stormi. Sumarið mjög votviðrasamt, svo sjaldan gafst þurr dagur til kvelds. Heyfengur bágur og slæmur og lítill. Reyndust hey bæði fúin og brunnin í flestum sveitum og eldiviður ónýttist víða. Haustið gott og veturinn til jóla með sífelldum góðviðrum, svo aldrei tók af nauthaga hér sunnanlands. Skiptapi varð af Öndverðarnesi, drukknuðu menn 4. ... Prestur í Austfjörðum varð fyrir snjóflóði og maður með honum [það var reyndar vorið 1712 að presturinn á Hjaltatað fórst í Njarðvíkurskriðum].

**Hvammsannáll:** Vetur nokkuð harður og sumargæði í minna lagi.

**Mælifellsannáll:** Kom þá með nýárinu svíun og síðan góður bati. ... Haustið vott og nýttust hey illa, þó verst fyrir austan og vestan land. Laugardag síðastan í sumri kom hann á með slettingsfjúki, leysti þann snjó eigi upp fyrir nýár.

**Vallaannáll:** Þíðviðri og kyrt nýársdag. Vetur upp þaðan víðast góður án hriða og harðra frosta. ... Sumarið frá alþingi gott. Heyskapur í meðallagi víðar, en nýttist vel. ... Haustið allt vott og hrakviðrasamt; bættist á því lítt við sumarheyin víða, og skemmdust þau í sumum stöðum. ... Fjúkhríð landnorðan jólanótt, þó bjart væri af tungli fullu, og illviðri öll jólin og upp þaðan til nýársdags.

**Þingmúlaannáll:** Um vetrarfarið er áður skrifað. Eg kalla vorið gott og gróður mikinn í fardögum. ... Þetta sumar var oftast kalt og snjóasamt, heyskapur þó í meðallagi víðast. En veturinn féll strax upp á með snjóá, frost, hriðir og jarðþröng, allt til þorra. Þaðan af gengu hlákur oftast 6 ½ vikur. Þá kom á aftur. Þó kalla eg þetta meðalvetur. Samt féll víða mikið af peningum, því þeir voru miklir.

**1712 Fitjaannáll:** Vetur í meðallagi, lagðist misjafnt á. Hörð norðanfrost og stormar um páskana [páskadagur var 27. mars]. Vor hart. Sumar gott og nýtingasamt. Hlutir fyrir vestan og sunnan í meðallagi, en heyskortur víða og hrófnun [missir] útgangspeninga.

**Hestsannáll:** Vetur ágæta góður sunnanlands, allt til einmánaðar, þá gerði skorpu harða, bæði frost og snjóá. Fyrir norðan harðindi á góu, gerðust þar hagleysur; heyjaskortur og mjög víða um sveitir, en fáir höfðu aflags; afhróun peninga. ... Vorið kalt og síðgríð. Fellir á sauðfé um austursveitir víða. ... Sumar hið bezta, bæði til heyskapar og fiskiafla. ... Á þessu ári var árferði gott, bæði til lands og sjávar.

**Hvammsannáll:** Flutti eg mig á Ferjubakka [í Hrutafirði]. Þann 26. og 27. Julii gengu skruggur.

**Mælifellsannáll:** Veðrið batnaði með nýárinu; gengu þá góðviðri unz 3 vikur (voru) af þorra; kom þá skorpa til síðustu viku góu. Fyrsta sumar- og síðasta vetrarvika voru og stirðar. Tók þá peningur að falla. Vor kalt mjög, allt fram á sólstöður, heyjaðist þó sæmilega, helzt þegar á leið sumarið. ... Sumar og haustveðurátta var hinn æskilegasta og aflí góður.

**Pingmúlaannáll:** Um veturinn er skrifað. Vorið og sumarið kalt og þurrt, sumstaðar vott til miðs sumars og grasbrestur mikill í nálægum sveitum. Haustið óvenjulega vott og krapsamt, veturinn harður til jóla, þaðan af jarðlaust allvíða til þess í góulok, þá batnaði. ... Þann 10. Octobris ...hríðviðri.

**1713 Viðauki Fitjaannáls:** Vetur í meðallagi. Sumar gott og siglingasamt. ... Skiptapi einn á Vestfjörðum, 2 fyrir sunnan Snæfellsjökul, 3 á Akranesi úr Hólmskaupstað, fjórði á Kjalarnesi, tveggja manna far.

**Hestsannáll:** Vetur í meðallagi góður fram yfir jól, harðari um þorra og góu. Hlutir víða miklir. Árferði gott. Skiptapi fyrir sunnan Jökul, týndust menn 4. ... Sumarið var gott og ársæla til lands og sjávar.

**Mælifellsannáll:** Vetur góður frá jólum til 13 Januári þá hörð skorpa til miðgou; kom síðan aldrei öðru hærra. Vorið var þurrt og kalt, spratt eigi fyrir fardaga. ... Haustið var gott með hagstæðri veðuráttu, en stirnaði nokkuð eptir allraheilagramessu.

**Vallaannáll:** Fagurt með hægu frosti nýársdag. Veturinn upp þaðan allgóður hvarvetna og mjög frosthægur. ... Vorið frá sumarmálum til fardaga kalt og næðingasamt, svo mjög lítt greri, en frá fardögum afbragðsgott, með hitum og hlýindum sífelldum, svo að vel spratt hvarvetna. ... Sumnarið frá alþingi afbragðsgott hvarvetna með miklum heyskap og merkilega góðri nýtingu .... Haustið allt afbragðsgott, engu síður en sumarið, svo færri þóttust slíkt muna. ... Veturinn til jóla afbragðs góður, svo trautt mundu menn slíkan.

**Pingmúlaannáll:** Um veturinn er skrifað áður. Vorið bærilegt og haustið eitt eð bezta. Og veturinn allt til jóla æskilegur. So mátti reikna hann út til enda.

**1714 Viðauki Fitjaannáls:** Vetur lagðist misjafnt á; fyrir norðan og austan góður, en þyngri fyrir sunnan. Vorið kalt og síðgróið. Sumarið grassamt, en vott. ... Skiptapi á Hólmi í Garði með þremur mönnum, annar undir Jökli með 5 mönnum. ... Um veturinn kom á óvenjulegt sjávarflóð, braut víða skip og hjalla og af túnum í mörgum stöðum. Aptur í vikunni eptir páska [1.-8. apríl] komu stór, langsöm regn. Vötn og skriður gerðu víða stóran skaða. ... Í Septembri seint brotnuðu af stríðum stormi 2 kaupskip á Båtsendahöfn, fröktuð af fiski; fólkíð komst af. Hafís fyrir norðan og vestan. ... Landskjálfti varð um kveldið fyrir allraheilagramessu.

**Hestsannáll:** Vetur vindasamur og frostlítill fram til góu, þá harður sunnanlands, en betri fyrir sunnan. Varð skipreiki í Garði, dóu af 4 menn, annar undir Jökli. ... Vorið kalt og síðgróið. ... Dó í snjóflóði bóndinn á Glitsstöðum [Glýsstöðum] í Norðuárdal.

**Hvamsannáll:** Þann 1. Januári mikil snjóljós eður glæðningar og um kveldið stórar skruggur. Hart á þorranum. Jarðskjálfti 17. Octobris.

**Mælifellsannáll:** Frá nýári til kyndilmessu var vetur hinn æskilegasti, þá harðnaði, en létti af móti páskum. ... Vorið var kalt, kom hafís og (lá) lengi sumars, því 8 vikum fyrir vetur lá Hofsó- og Höfðaskip á Vopnafirði og komust eigi norður fyrir ís. Tún spruttu vel, en engi minna um Skagafjörð og Vesturland en miklu norðar.

**Vallaannáll:** Hlaka sunnan með regni nýársdag. Vetur upp þaðan mjög mislægur hið syðra og vestra á landinu, stormasamur og sjóbanna með snjóum og harðindum ... . Són hafís norður fyrir Melrakkaslétu nær miðjum vetri og austur fyrir Vopnafirði, og veiddist þar á honum selur; hart og kuldasamt með gróðurleysi lengstum. Kom hafís nálega alstaðar við Norðurland, með sumarmálum, og lá við fram um fráfarur. ... Sumarið fyrir og um alþing heitt og votsamt mjög, spratt því víðast vonum fram. ... Haustið áþekkt sumrinu til veðuráttu og gagn á landi og sjá. ... Vetur til jóla góður og hlákusamur hvarvetna. ... Stórviðri vestan með tunglskini jólanótt og óstöðugt með stormum upp þaðan til nýársdags.

**Pingmúlaannáll:** Veturinn allur hinn æskilegasti (lítið írennsl á góunni). Sumarið kalt og þurrt, so allvíða varð grasbrestur mikill, einkum á votengi, Hafís lá við fram á slátt. Þann 11, Januári skírði eg ... í miklu stórviðri.

**1715 Viðauki Fitjaannáls:** Vetur í meðallagi. Vorið kalt og frostasamt. Sumar graslitið víða, þó mest fyrir norðan og á Vestfjörðum. Um haustið snjóaði snemma fyrir réttir, ónýttist stórum hey, helzt fyrir norðan, batnaði með sólstöðum. ... Skiptapi á Akranesi, tveggjamannafar, annar í Dýrafirði, dóu 3 menn, þriðji í

Mýrdal, dóu 7 menn, fjórði fyrir sunnan Jökul með 7 mönnum, fimmti í Straumfirði á Mýrum með 3 mönnum. Í Bervík drukknuðu 3 menn á skeri ... Sumardaginn fyrsta [25. apríl] sást teikn á loftinu, stór eldhnöttur fljúgandi frá útnorðri til landsuðurs, úr hverjum strjáluðust margir eldgneistar, en þá hann hvarf inn í skýið urður margir brestir.

**Hestsannáll:** Vetur góður og vindasamur til þorra, harðnaði með kyndilmessu, Dó víða fé og færleikar. ... Í Mýrdal austur varð skipreiki, drukknuðu 9 menn... Fyrir sunnan Jökul týndust af skipreika 7 menn, einn komst af. Í Bervík dóu 3 menn í Bervík ... Vorið var kalt og grasbrestur mikill víða. Nýting góð sunnanlands, en fyrir norðan ónýttust víða hey og horfðist til stórra harðinda. Alþing fámennst sökum harðinda.

**Hvamsannáll:** Harður þorri.

**Mælifellsannáll:** Veðurátta mjög höstug til jóla og (þaðan) frá til miðs vetrar, þá harðnaði meir, batnaði með miðföstu allt til sumars, er kom 4. í páskum [réttara 5. í páskum, 25. apríl]. ... Vorið næsta kalt, að eigi var sauðgróður kominn á fráfarum. Settust margir aptur af suðurferð, en þeir fóru flestir Kjalveg, er komizt gátu. Sumarið kalt og votviðrasamt með sífeldum þokum. ... Var þá [um haustið] óár mikið af votviðrum, svo töðum og útheyjum var víða snóugum í tóptir innkastað.

**Vallaannáll:** Kyrviðri þykt nýársdag. Veturinn upp þaðan stopull mjög til veðurátta og stórviðrasamur víðast með vindum og ógæftum til lands og sjávar, og hrakningi útigangskinda, jarðbannalaust. ... Vorið frá sumarmálum yfirtakshart og kalt, einkum fyrir norðan land, allt fram til alþingis. Var þá lítill grasvöxtur víðast, og skipti ekki um alvarlega fyrir miðsumar. ... Undir vertíðarlok varð skipskaði við Dyrhólaey í lendingu, drukknuðu 9 menn en 7 komust af. ... Sumarið frá alþingi allmisjafnt, gott og þurt syðra, vestra og eystra, og nýttist þar því vel til heyskapar um allt norðurlandið... . . . Haustið og svo mjög misjafnt, gott og þurt suður og vestur, en vott og illviðrasamt fyrir norðan og því meir er á leið. Kom í í þriðju viku fyrir vetur víða norðarlega, og tók eigi af aptur fyrir veturinn. ... Vetur til jóla á líkan hátt og haustið með snjóum og jarðbönum og víða norður um allt undir jólin. Kom þá góður bati og líkt þaðan af til enda ársins. ... Dýrðarveður heiðríkt með hægu frosti án tunglsbirtu jólanótt, og svo upp þaðan allt til nýársdags.

**Þingmúlaannáll:** Veturinn fyrir jólin var stórbresóttur. Frá jólum til Kyndilmessu var gott. Þá tók veturinn til fyrir alvöru, so jarðbönn urðu bæði á þorra og góu. Með einmánuði hlánaði vel. Kom aftur í þriðju vikunni. Þó héldu flestir gripum sínum til krossmessu. Þá komu innistöður og jarðbönn víða, og gekk so gefa mátti hvör sem gat til Jónsmessu (þeir voru fáir). Þar fyrir varð fellir mikill gripa, so allfáir hjá komust. Gagnlaust fé, sem eftir lifði, til miðsmars, sumstaðar lengur, og þá mjög lítið gras komið, ekki bithagi fyrir stórgripi víða, og svo var árið harðindasamt allt til jóla (veturinn eftir). Þá batnaði.

**1716 Viðauki Fitjaannáls:** Vetur góður. Vor gott og snemmgróið. Sumar nýtingasamt. ... Skiptapi á Útskálum með 4 mönnum. Þann 29. og 30. Júnii kom stórt norðanfjúk, svo gefa varð peningi, fennti víða fé og geldnaut á fjöllum og afréttum; þann snjó tók eigi allan af byggðarfjöllum á viku. Gras á túnum sligaðist svo niður, að hvorki tók það sig aptur, né málnytta á því sumri. Varla þóttust elztu menn muna slíkan snjó um þann tíma árs. Um Mikaelmessuleytið var eldur uppi í austurjöklum eður Grímsvötnum og lengi fram eptir haustinu, og gengu þá góðvirði og klakalaus jörð fram til jóla.

**Hestsannáll:** Vetur frá jólum forkunnar góður víðast um sveitir. ... Vorið snemmgróið. Á fráfarum gerði svo mikið norðankast með snjó og frosti, að af tók nautjörð í byggðum; varð þó ekki víða skaði af. Grasvöxtur góður og nýting. Haustið gott. ... Þetta ... haust var jarðeldur uppi í jöklum fyrir norðan. Vetur sunnanlands í meðallagi.

**Hvamsannáll:** Sumarið var vætusamt, sem spillti heyskapnum. [Séra Þórður annálaritari bjó nú á Helgafelli]

**Mælifellsannáll:** Frá sólstöðum gekk hin æskilegasta veðurátta allt til þorraloka, svo menn fóru til fiskikaupa á Skaga. ... Með góu brast á hríð mikil, en 2. martii [líklega réttara 1. marz, því 2. sunnudag á góu bar þá upp á þann mánaðardag] eða sunnudag annan í góu kom þeyr mikill, svo að Svartá hljóp svo fram, að hún tók af allt Mælifellsnes uppundir Stekkjarhóla og út undir Hamragerðismóa. ... Bjarndýr kom á Sléttu. ... Þennan vetur var veður hið æskilegasta frá einmánaðarkomu, því betra sem á leið. Var nógur gróður kominn á krossmessu, en milli messna kom hríð mikil, svo víða tók af nautajörð, helzt syðra, svo þar fennti fé víða til dauðs.

**Vallaannáll:** Kyrt veður með heiðfrosti nýársdag. Vetur upp þaðan hvarvetna góður til veðurátta, en vindasamur að öðru leyti. ... Vorið frá sumarmálum og allt til enda afbragðsgott, svo trautt þóttust menn minnst slíkt, en þó varð eigi alstaðar grasvöxtur slíkur, sem von var, fyrir því að brá til náttfropa er á leið. ...

Sumarið frá alþingi misjafnt til veðuráttu og votsamt öðru hverju. Varð því víða ill nýting á heyskap, og hann því eigi slíkur alstaðar sem von var. .... Haustið votsamt og óstöðugt til veðuráttu framanvert, en betri þá á leið. ... Vetur til jóla allgóður hvarvetna með snjóleysum og hægviðrum. Gæzkuveður fagurt með hægu frosti og tunglskini jólanóttina, en upp þaðan kaldara og óstöðugra til nýársins.

**Þingmúlaannáll:** Þennan vetur frá jólum var gott árferði, so víða þurfti ekki lömbum át að kenna, þó til hefði verið. Sérlega gott vor og snemmgróið, so menn þenktu það mundi vera bezta grasár, en það sló feil, því frá fráfarum spratt lítið næsta um þennan reit (í Múlaslýslu) vegna óvenjulegra þurrka, en nýttist vel. Árferðið var í betra lagi inn til nýárs (sequentio).

**1717 Viðauki Fitjaannáls:** Vetur góður. Vorið hart. Sumarið vott og ónýttust mjög hey. ... Hafís kom seint fyrir norðan. Í Septembri eldur uppi í austurjökklum, svo að 17. Septembris dreif í Þingeyjarþingi sand og ösku í miðjan legg, með hræðilegu myrkri, svo menn sáu ekki handa sinna skil um miðdegið sjálft, með skelfilegum stórbrestum; tók fyrir haga og heyskap; náði þetta hingað í Eyjafjörð. Hér kom stórfellir hesta og hrossa í þeirri sýslu veturin eptir.

**Hestsannáll:** Vetur í meðallagi. ... Vorið með sífelldum gnæðingum, frosti og grasleysi. Sumarið vætusamt; komu snjóar, svo af tók nautjörð. Skemmdust hey allvíðast um land, náðust um veturnætur; gerði þá veðuráttu væga allt til sólstaðna.

**Hvammsannáll:** Vetur góður. Harðnaði með páskum, og ei síður með sumrinu. Gengu norðaustan fjúk og renningur í krossmessuviku. Reið eg á ís frá Arnarstöðum að Kongsbakka, item yfir Kolgrafafjörð, nokkuð innan Kolgrafir og undir Eiðsstapa.

**Mælifellsannáll:** Vetur góður til miðgou. ... Aflalítið syðra og hörð veðurátta frá miðgou, en vorið kalt og gróðurlítið. ... Í septembri féll mikill sandur í norðursveitum og mest í Þingeyjarþingi, og líka nokkur í Vaðlaþingi, allt vestur í Hörgárdal, svo hestum varð burt að koma... Hindraði þessi sandur mjög heyskap í Fnjóskadal og Reykjadal.

**Vallaannáll:** Kuldaveður vestan með snjó nýársdag. Veturinn upp þaðan því harðari og grimvari hvarvetna, sem meir leið fram, með snjóum, stórviðrum og jarðbönum allt til sumarmála. ... Vorið frá sumarmálum líkt vetrinum með snjóum og jarðbönum til þess mánuður var af sumri; kom þá hláka, svo upp tók nokkurn veginn, en brá þó brátt aptur til kulda og stórviðra, sem héldust allt vorið, svo lítt varð um gróða og grasvöxt, og skipti ekki um alvarlega fyr en í miðsumarsviku; varð þó eigi að heldur vöxtur á grasinu framar en sem minnst mátti. .... Miðvikudag hinn næsta eptir fardaga [þ.e. 9. júní] var stórviðri mikið af austri með stormi og sjávangang. Varð þá skipskaði í lendingu á Höfðaströnd, skammt frá Hofsó, og druknuðu 5 menn, en 2 komust af. Þá brotnaði og dugga sú við klappirnar þar út frá ósinum, er Eyvindur Jónsson hafði smíðað nokkrum árum áður. ... Sumarið frá alþingi allstirt og báglegt til veðuráttu með vætum og vindum optast nær. Varð því heyskapur í minnsta lagi víðast og þeigi betri nýtingin. En þó varð sá hlutur til norðanlands, er umfram hitt gerði hindrun heyskapnum, einkanlega í Þingeyjarþingi, sem var hið mikla sandfall, er þar kom í regni af austri hið fyrsta sinn miðvikudaginn fimmtánda í sumri [þ.e. 4. ág.], og gekk öðru hverju upp þaðan, þá vott var austan. Náði það um alla téða sýslu, og svo til Eyjafjarðar og allt í Svarfaðardal, en eigi lengra vestur. Kom það sandfall úr jökli þeim, er Jökulsá í Öxarfirði rennur úr, er menn sögðu grafinn hið neðra af ánni. Og fylgdi því eldgangur úr jöklinum, en þó eigi alltjafn eins mikill. Varð svo mikið sandfall allvíða, að huldi gras á völlum og í úthaga og náði í skóvarp, og svo mikill bagi á slættinum, að 5 menn náðu varla dagslætti með dægri. Var og greint, að sandinn hefði borið allt í Hérað og fjörðu austur. ... Haustið líkt sumrinu og engu betra til veðuráttu, með stórviðrum og snjóáföllum, allt til veturnáttu. Næsta dag eptir krossmessu, sem var miðvikudagur [þ.e. 15. sept.] var veður kyrt og þurt öndvert daginn, en er af var miðdegi tók veðrið að versna og gerði regn mikið, er leið að kveldinu, af austri, með myrkri miklu. Kom þá enn sandfallið í regni þessu með dunum og eldgangi, er sást og heyrðist allt það kveld og langt á nótt fram, allt vestur á Upsaströnd við Svarfaðardal, en svo mikið var um fyrir norðan Vöðlaheiði, að mönnum ógnaði og fengu skelk af allvíða. Kom þar eptir snjór, ekki lítill, en svo hafði rignt sandinum þá nótt á Upsaströnd, að honum mátti sópa með hendi sér af fiskispyrðum í hjalli tveim dögum síðar, kom þé eigi framar sandfallið það sem eptir var haustsins. .... Vetur til jóla góður víðast með hægri veðuráttu. Hart frost með snjó jólanóttina og birtu af tungli hálfskertu, og stopult upp þaðan með fjúkhríðum til nýársdags.



**1718 Viðauki Fitjaannáls:** Vetur harður. Vor gott. Sumarið blítt og nýtingasamt. Haustið stórviðrasamt. ... Nærri veturnótum kom mikið skaðaveður og braut 30 skip í kringum Jökul og um Breiðafjörð. Maður, sem var að skorða skipi sínu, sló veðrið því á hann, svo hann hreppti bana.

**Hestsannáll:** Vetur frá sólstöðum snjósamur með blotum og áfreðum. Allvíða peningum lógað.

**Hvammsannáll:** Var hart meðal fólks í Borgarfirði og suður- og vesturlandinu, svo fáeinar manneskjur dóu í harðrétti. ... Líka varð um vorið nokkur peninga-afhrófnun, einkum á Mýrasveitum og Biskupstungum, en mest gerði að stórkafaldið, sem kom 10. Martii. ... Snemma í Nobembrii við Bár í Eyrarsveit sló skrugga, að menn meintu, lítið gat á búð eina, dó þar inni kvensnipt og 2 kýr, annars lifði þar þó annað fólk inni, og vissi ekkert glögggt um það að segja.

**Mælifellsannáll:** Veður frá jólum til kyndilmessu frostasamur með snjó og harðviðrum, svo víða varð jarðskarpt; þá gerði þey góðan. Viku af góu kom á alvarlega aptur með jarðbönnum, batnaði síðan um sumarmálin. ... Þetta sumar var gras mikið og nýting hin bezta. ... Föstudaginn annan [28. okt.] í vetri kom svo (mikið) ofsaveður á suðvestan, svo víða rauf freðnar hús- og heysþekjur, tók kirkju ofan af bitum á Sjávarborg og Urðum í Svarfaðardal til grunna; að Völlum norður og að Saurbæ í Eyjafirði skemmdust kirkjur mjög. Þá hrakti varnarskip, sem kaupföllum hafði fylgt hingað til landsins frá Grænlandi, brotnaði og sökk niður hjá Þorlákshafnarskeiði syðra, voru á því 160 manns, fórust 18 en hinir komust lífs af.

**Vallaannáll:** Hægt vestan með frosti nýársdag. Vetur upp þaðan allmisjafn hvarvetna með bærilegri veðuráttu og hlákum svo miklum í síðustu viku þorra, að isa leysti af vötnum, en frá þorralokum því harðari, sem meir leið á, allt til sumarmála. Varð því peningafellir, heyskortur og harðindi víðast um landið., og fiskileysi í flestum veiðistöðum sakir stórviðra og ógæfta til sjávarins. ... Rak hafís að Norðurlandi í miðjan einmánuð, en lá þó ekki lengi við, og var burt á sumarmálum. Vorið frá sumarmálum alláþekkt seinna hluta vetrarins með harðindum miklum upp á veðuráttu, bjargræði og grasvöxt, allt til þess 7 vikur af sumri [þ.e. 8. júní]; gerði þá góð umskipti með hitum, hlýindum og gróðraveðrum, svo grax óx í meira lagi hvarvetna. ... Haustið álíka og sumarið til veðuráttu allt af. ... 28. Octobris, föstudag annan í vetri, kom vestanveður hastarlegt og stórkostlegt, er gerði mikinn skaða víða um sveitir á húsum og heyjum; tók það þak og yfirþil af kirkjunni að Urðum, og fleygði því langan veg út frá bænum, einninn þak framanvert af kirkjunni á Völlum, nær til helmings, og kór kirkjunnar að Saurbæ í Eyjafirði. ... Vetur til jóla góður hvarvetna. Kom snjór nokkur undir jólin. Frost með heiði án tunglsbirtu jólanótt, og misjafnt upp þaðan til nýárs. 30. Decembris krapableyta og frost með fjúki daginn þar eptir (hinn síðasta ársins), er spillti mjög á jörðu.

**Þingmúlaannáll:** Frá nýári var vetur harðari en meðalár, einkum á góu og einmánuði. Vorið kalt. Sumarið gott og meðalgrasár. Veturinn inn til jóla í betra lagi.

**1719 Viðauki Fitjaannáls:** Einn hinn bezti vetur. Vorið gott. Sumarið blítt. Haustið votviðrasamt. ... Skiptapi á Útskálum í Garði, drukknuðu 7 menn, annar á Miðnesi með 3 mönnum.

**Mælifellsannáll:** Vetur hin æskilegasti, svo menn mundu eigi þvílíkan, allt fram á vor. ... Það ár gott norðanlands, en óþerrar syðra miklir.

**Vallaannáll:** Heiðskirt með hörðu frosti nýársdag. Vetur upp þaðan allgóður hvarvetna með hægum frostum, spakviðrum og snjóleysum meira hlut allt til sumars. ... Vorið frá því hálfur mánuður var af sumri, ágætagott alstaðar. ... Sumarið frá alþingi ágætagott hvarvetna að veðuráttu og heyskap. ... Haustið nokkuð votsamt framanvert, en því þurrara og betra, sem meir leið á, allt að veturnóttum. ... Vetur góður alstaðar til jóla, Hægviðri útsunnan með tunglskini jólanóttina, en misjafnt upp þaðan til nýársdags.

**Þingmúlaannáll:** Frá nýári var veturinn so sem faman til hinn æskilegasti allvíðast. Lítið írennsli um vorið eftir sumarmálin

**1720 Hvammsannáll:** Veturinn til jólanna var umhleyppingasamur og með stórregnum, en eptir jólin hart og jarðbönn á góunni. Hrófnaði af peningum um vorið. Fyrsta sunudag í góu [24. febr.] stórkafald og eptirfylgjandi daga. Þá urðu fjárskaðar hjá Grími lögsagnara í Langholti í Flóa (og) í Kálfholti í Holtum. ... Um haustið þessa árs fellur ein hræðileg skriða norður í Vatnsdal yfir þann bæ Bjarnastaði, hvar inni dóu 5 manneskjur, líka hestar, kýr og fé; það klofnaði fjallið fyrir ofan og hljóp svo grjótið yfir um dalinn og áin stemmdist, inn til þess hún tók nokkuð lítið að ræsa sig vorið eptir, og af því hún óx og varð sem stöðuvatn svo lengi meira og meira, lá við, menn gengi frá bæjum í dalnum. 8. Nobembris brotnuðu 4 skip á Vatnabúðum Magnúsar Jónssonar og frönsk slupfa [einmöstruð smáskúta] Steindórs á Krossanesi í mjög

miklu landsynningsveðri. ... Í fardögum þessa árs flutti eg mig að Narfeyri [á Skógarströnd] og kvitteraði Helgafell ... .

**Mælifellsannáll:** Vetur bærilegur til nýárs, þá harðnaði og allt af meir og meir, svo jarðlítið varð, unz í miðja góu; þá gerði góðan bata til miðvikudags seinasta í góu. Gerði þá jarðleysuskorpu, svo að hross öll komu á gjöf í mánuði.

**Vallaannáll:** Útsynningshríð nýársdag. Vetur upp þaðan allmislægur að veðuráttu, góður syðra, vestra og eystra, en harður víðast fyrir norðan land með felli fjár og færleika, allra helzt í Skagafirði. ... Vorið frá sumarmálum misjafnt, gott að framan næst sumarmálunum, en þaðan af harðara og kaldara með litlum hlýindum og gróða, allt í næstu viku eptir Jónsmessu; gerði þá góð umskipti með hlákum, hlýviðrum og grasvexti, svo hann varð víðast vel í meðallagi. ... 15. Julii, mánudag, var regn mikið og stórviðri suðaustan. ... Sumar frá alþingi meðallagi, votsamt víðast lengstum, og féll því lítt heyskapur, og nýttust hey með minna móti. ... Haustið misjafnt framanvert, en betra þá á leið, allt til vetrar. 8. Octobris, hálfum mánuði fyrir vetur, féll ógurleg grjótskriða úr fjallinu upp frá Bjarnastöðum í Vatnsdal, og tók af bæinn og 6 menn þar inni, bóndann, konu hans og 4 aðra, og hljóp fram ofan í ána og stíflaði hana upp, svo eigi mátti hún fram koma. Náði skriðan allt til suður til Márstaða, og tók þar nokkuð af vellinum út frá bænum, og spillti mjög því, er eptir var. Varð af skriðu þessari og stíflan árinna skaði mikill á jörðum í dalnum báðum megin allt fram að Hvammi og Karnsá, að þær færðust mjög úr vanaleigu, svo þær kynnu byggjast. ... Vetur góður til jóla. Gott veður heiðrikt með hægu frosti jóllanóttina, og meinlítið upp þaðan til nýársins.

**Pingmúlaannáll:** Var vetur allur í harðara lagi allvíða um Múlasýslu fram á vor, so víða varð afhrot á útígangspeningi. Sumarið gott og grasár í meðallagi. ... 12. Decembris skírði eg .... í grimmu frosti.

**1721 Hvammsannáll:** Grasár í betra lagi.

**Mælifellsannáll:** Vetur skakviðrasamur, ýmist með vætum, stórregnum, frosti eður fannkomu; batnaði þá með góu, og þaðan frá bærilegt.

**Vallaannáll:** Heiðfrost nýársdag. Vetur upp þaðan að framan umskiptasamur, en góður, er á leið, allt til enda. ... Vorið frá sumarmálum gott til veðuráttu að mestum hluta með grasvexti í líkara lagi. ... Sumarið frá alþingi misjafnt mjög til veðuráttu með votviðrum og ógæftum til heyskaðar öðru hverju. Varð hann þó vonum meiri, og í líkara lagi víðast um sveitir. ... Haustið líkt sumrinu til veðuráttu, en þó ekki lakara. ... Vetur harður til jóla með hríðum, áfrefum og jarðbönnum. ... Hægt heiðviðri með litlu tungsljósi jólanótt og misjafnt upp þaðan til nýárs.

**Pingmúlaannáll:** Var vetrar framan til jóla mjög óstöðugt og stórhriðarsamt. Lá við jarðbönn, en hlánaði í milli. Frá jólum var það stórbrestasamt, so við falli var búíð, en með sumrinu gaf guð so nákvæman bata, að flestar skepnur lifnuðu við. So var hér og so gott sumar og grasgefið. 11 Januarii skírði eg ... í einu því mesta stórviðri.

**1722 Hvammsannáll:** Fimmtudaginn í föstuinngangi [19. febr.] drukknuðu 4 bátar á Álftanesi suður og 2 á Seltjarnarnesi, á þeim 14 manneskjur. ... Á útmánuðum hart og jarðlítið, einkum í Snæfellsýslu. – Vorið vindasamt og mikið kalt, svo varla var sauðgróður á fráferu, en þar eftir gaf guð undarlega fljótt á hálfum mánuði mikinn grasvöxt. Eg flutti mig að Hvammi [um fardaga].

**Mælifellsannáll:** Með nýárinu var mjög votviðrasamt. Gerði svo ákafa rigning þann 14. dag jóla [7. jan.], að menn mundu eigi slíka, með stórviðri af útsuðri. ... Þetta sumar voru þerrar miklir ... .

**Vallaannáll:** Austanfjúk og hlákublöti þar úr nýársdag. Vetur upp þaðan góður að framan, en harður og snjóasamur, er á leið, þó án afhróflunar og fellis á fé manna. Þriðjudag fyrstan í föstu, 17. Februarii hvasst veður austan, er á daginn leið. Töpuðust þá 6 skip af Suðurnesjum innri, 4 af Álftanesi, 2 af Seltjarnarnesi, öllsaman tveggjamannaför, og á þeim 12 menn og fundust engir aptur. ... Sumarið frá alþingi allgott alltsaman og makt að veðuráttu. Varð því góður heyskapur víðast og nýttist vel. .... Haustið gott og líkt sumrinu, en þó nokkuð vindasamt. Vetur til jóla því harðari, sem meir leið á, með snjóum, hríðum og jarðbönnum, einkum fyrir jól og um þau. Illviðri með fjúki austan jólanótt og varla messufært og svo um jólin, allt til nýárs.

**Pingmúlaannáll:** Veturinn til jóla mjög harður víðast um þessa sýslu, af snjóum mest og veðurm. Þaðan af hin bezta veðurátt, til þess vika var af þorra. Þá kom blöti og gjörði jarðbann nær 6 vikur, en veður stillt og frost lítil oftast. Þaðan af sólbráð lítil. Hálfur mánuður af sumrinu var harðastur. Þá dóu gripir í hrönnum.

**1723 Mælifellsannáll:** Þessi vetur var næsta harður frá allraheilagramessu um haustið til páska, er þá voru 1. sunnudag í einmánuði [24. marz]; kom þá góð og hæg hláka. ... Grasár gott og heyjaðist vel. Var vetur snjósamur frá jólaföstu til nýárs.

**Vallaannáll:** Fjúkhríð austan nýársdag. Vetur upp þaðan meðlaggi, kaldur og vindasamur lengstum með snjóum norðanlands í snjósveitum, allt til einmánuðarkomu; batnaði þá vel og gerði góða veðuráttu veturinn á enda. Fimmtudag síðasta þorra, 18. Februaríi, stormveður af útsuðri seinna hluta dagsins, fyrir norðan land, með fjúki. ... Á öndverðri föstu forgekk skip í Garði suður ... drukknuðu þar á 7 menn. ... Sumardag hinn fyrsta, sem var 22. Aprílís lagði áttæringurinn frá Möðruvallaklaustri frá Bjöggvisstaðasandi í Svarfaðardal, er fara skyldi til Grímseyjar að vanda eptir fiski, en 15 menn á. Þeir sigldu þann dag norður í Fjörðu, og voru þar við messu frjádaginn, er var bænadagur almennilegi, sigldu svo þaðan laugrdaginn á Grímseyjarsund, en týndust þar allir og skipið og allt góss það, er á var; en engin lík manna. ... Haustið áþekkt sumrinu, en þó nokkuð stopult. ... Vetur til jóla góður framanverður, allt til jólaföstu, en þá gerði hríðir og snjóa fyrir norðan land hið nyrðra, er héldust út árið. ... Kyrt með frosti jólanótt og tunglskinslaust. Hart um jólin upp þaðan til nýársins.

**Þingmúlaannáll:** Var vetur til jóla harður. Þaðan af skrykkjótt veðurátt, ýmist lá við jarðbönn eður komu fárleg stórviðri með þíðu og krapahríðum. En góa þó hörðust, so víða urðu jarðbönn og gefið öllum útigangspeningi. Þaðan af komu góðir og hægir batar allt til krossmessu hinnar gömlu [14 maí] etc. Sumarið var hið æskilegasta og heyskapur meir en í meðalári. Veðurátt brá með Gallusdegi [16. okt.], og varð veturinn áfellasamur og skrykkjóttur til jóla. Þann 7., 8., 9., 10., 11. Decembris voru svo mikil snjóveður, að allvíða varð stórkostlegur fjárskaði um héraðið etc. Þann 5. Februaríi, sem var föstudagurinn í mið þorra, ... mesta harðvirði. ... Þann 4. Octobris ... var so mikið stórviðri og vötn, að eg komst ekki heim yfir Múlaá.

**1724 Hítardalsannáll:** Vetur rosasamur fram að sólstöðum; stillti til með nýja árinu fram að sjóvikaföstu, brá þá aptur til fjúka og feiknar frosta, en batnaði með páskum [páskadagur var 16. apríl] í seinustu viku vetrar. Um flestar sveitir stór missir á gemlingum. Vorið og sumarið gott. Grasbrestur alls staðar á túnnum. Nýttust þó vel hey. Haustið vott. ... Skömmu eftir sumarmálin kom hvatskeytlegt sunnanveður. Urðu þá fimm skiptpar við Höskuldsey á Breiðafiði, týndust 18 manneskjur, karlar og konur; hinn sjötti skiptapi við Fremri Búðir, týndust 4 menn og undir Eyjafjöllum. Um sumarið og vorið eldur uppi fyrir austan. Í Julio urðu jarðskjálftar nokkrum sinnum, þó meiri í Árnessýslu. Hrapaði niður allur bæirinn í Herðisárvík, grandaði þó eigi fólk.

**Hvammsannáll:** Þá voru frost og í meira lagi ísalög um Breiðafjörð eptir jólin, svo riðið var á Hrafnesy af landi, og gengið á ís milli Hrafneseyjar og Skoreyjar. Í föstuinngang gerði stór kaföld meir en í viku. Þá fennt 2 bæi í Rangárvallasýslu. Urðu þar þá miklir peningaskaðar, fé hraktist í ár, hestar drápu margir. ... Fjórum dögum síðar [þ.e. eftir 1. maí] gerði skyndilega sunnangarð, og forgengu 4 skip frá Höskuldsey, þar á 18 menn, og 2 menn drukknuðu þá af skipi við Búðir.

**Mælifellsannáll:** Vetur frá nýári í harðara lagi ... . Haustveðurátt var góð til jólaföstu. Þá kom snjór mikill, síðan regn, sem hleypti skel, fingursþykkri á snjóinn; þá hlánaði jóladagskveld, sem hélzt til nýárs.

**Vallaannáll:** Hægt veður og þýðlegt af suðri nýársdag, en vonzkuhríð af útsuðri kvöldið og nóttina eptir. Vetur upp þaðan allur harður, snjósamur og stórviðrasamur, einkum á hinum nyrðri sveitum norðanlands. .... Vorið frá sumarmálum allgott allt, og grasvöxtur í meira lagi. ... Sumar frá alþingi gott og veðurhægt, en votsamt nokkuð stundum sumstaðar að framan; varð þó góður heyskapur og fiskiafli norðanlands. Um Ólafsmessuleytið varð sá atburður suður í Krýsuvík, að Arngrímur Bjarnason, búandi þar, fór í báti í sölvaðfjöru framundan bergi því, sem suður er frá bænum og tekur nafn af honum, og með honum karlmaður einn og kvenmenn tveir. Og er þau voru farin til að taka sólin, sprakk hella mikil fram úr berginu, og kom á þau, svo að hún laust Arngrím í höfuðið til bana, og undir henni varð karlmaðurinn, er honum fylgdi og önnur konan, en önnur komst lífs undan; tók hellan þó hælinn af öðrum fæti hennar, og skaðaði hana ekki að öðru. Var hella þessi 13 faðma löng og 11 faðma breið. Náðust lík allra þeirra þriggja, er létust. (Ath. Útgefanda: Slyst þetta varð 9. ágúst. Eru nokkuð mismunandi frásagnir um það í annálum, sérstaklega hversu margir hafi verið í sölvaðförunni. Grjóthrun þetta stafaði af jarðskjálfta). ... Haustið gott og hagstætt og líkt sumrinu. ... Vetur góður og hagstæður til jóla. ... Hvasst austan jólanóttina með tunglskini að framan og meinhægt þaðan til nýársdags.

**Þingmúlaannáll:** Veturinn framan til jóla er áður teiknaður. Nóttina 2. Januárii kom áhlaupaveður af útnorðri og gjörði víða skaða margvíslegan, jafnvel mannskaða. Útmánuðurinnir voru svo harðir, að úr máta

mikið fjártjón varð allvíðast, þar sem ekki varð með heyi hjálpað, en sumstaðar gripalaust af útigangspeningi. Sumarið gott, frá því batnaði nær sumarmálum.

**1725 Hítardalsannáll:** Vetur mjög frostalítill, en ærið storma- og rosasamur af sunnan, útsunnan og vestan umhleyplingum, allt til einmánaðarkomu; gerði þá blíðviðri, en með sumarkomu brá til stórra norðanstorma og frosta með stórum snjóum og fjúkum, helzt fyrir norðan og á Vestfjörðum. Vorið eitt hið kaldasta og gróðurlítið, batnaði aptur með Jónsmessu. Sumarið og haustið þurviðrasöm og hagstæð. Víða stór grasbrestur, en heynýting góð. Frá því aðfangadaginn fyrir jól Anno 1724 fram yfir jól gengu skaðnæmir sunnanstormar; sérdeilis þann 6. Februaríi urðu víða skaðar á skipum, húsum og heyjum, nefnilega um Eyjafjörð og þar um kring. Þann 8 Maíi, næsta dag fyrir uppstigningaráttina, tók snjóflóð úr fjallinu af þann bæ norður í Héðinsfirði, er Vatnsendi heitir; létust þar inni 6 manneskjur. Drengir tveir voru í heytópt, komust út þann 13. sama mánaðar, mjög máttfarnir og lerkaðir; þó gat annar þeirra dregið sig að Hvanneyi til sóknarprestsins séra Jóns Helgasonar. Þann 14. var fólkið með stórum erfiðismunum grafið upp úr snjóflóðinu; fannst þar þá stúlka ein lífs með allri rænu; hún meðtók strax prestþjónustu, dó tveimur dögum síðar. Voru þá aðeins 2 bæir byggðir þar í firðinum, þessi og annar til, af þeim 9 er áður voru.... . – Um sama tíma tók og snjóflóð af mestallan bæinn Norðureyri í Súgandafirði fyrir vestan. Fólk komst af, en kvikfé allt með peningahúsum og búshlutir mestallir fórust. Um Ísafjörð komu svo stórir snjóar og fannlög á sama tíma, að öllum útigangspeningum varð að bjarga, bæði með húsum og heyi. Skip, sem úti voru og ekki á hvolfi fylltust og sliguðust af snjóþunganum. Víða urðu þar fjárskaðar. ... Um alla nóttina og fram til morguns þess 1. og 2. Aprílís, eður þessa fyrsta og annars dags í páskum, gegnu skelfilegir jarðskjálftar um Árnæs- og Rangárvallasýslur, svo fólk klæddist aptur, þorði ekki við að haldast inni í húsum. Féllu þá niður öll bæjarhúsin í Haukdal austur á Landi, en eigi sakaði fólk. Þann sama morgun komu upp stórir jarðeldar, bæði fyrir norðan og sunnan Heklu, en ekki í henni sjálfri, svo og ofan eptir hrauninu, skammt fyrir ofan byggð á Rangárvöllum. Þóttust sumir geta talið 9, aðrir 11, elda uppi í senn í ýmsum stöðum. Vöruðu langt fram á vorið.

**Hvammsannáll:** Víða góður vetur, nema hart í Hvammssveit. Ógæftasamt um vorvertíð... Grasbrestur mikill, en sumarið gott, ogsvo haustið æskilegt, svo lítið hafði á fjöll snjóað hálfum mánuði eptir veturnætur. ... Vetur óstöðugur.

**Mælifellsannáll:** Fjúksamt og órólegt veður allt til kyndilmessu og stundum blotar, svo jarðskarpt varð; þá hlánaði vel. Var ofsaveður 6. Februaríi. Tók Miklabæjarkirkju í Óslandshlíð ofan af bitum og búðir þrjár í Húsavík; tók mann upp af heyi í Skálholti og fleygði niður til bana. ... Var haust æskilegt allt til jólaföstu, gerði þá snjóa og frost mikil.

**Vallaannáll:** Hægviðri kyrt nýársdag. Vetur upp þaðan allur allgóður, en nokkuð vindasamur af suðri. ... Vor frá sumarmálum allhart, nálega allt, með kuldu, snjóum, harðviðrum og gróðrarleysi; batnaði ekki fyr en fullar 10 vikur voru af sumri. 9. Maíi, miðvikudag næsta fyrir uppstigningardag, fjúkhríð mikil landnorðan. Hjóp þá snjóflóð á bæinn Vatnsenda í Héðinsfirði, og tók hann allan. Lézt þar inni búandinn, er Tómas hét Pétursson og kona hans, og barn þeirra eitt hið yngsta, en vinnukona þeirra náðist út um baðstofugluggann lifandi og illa tilreidd, var flutt ofan að Vík, fékk þjónustu og deyði síðan; hin eldri tvö börn hjónanna, þó í uppvexti, komust heil og lífs af, því þau voru í heytópt, er var við bæinn, og gátu grafið sig þar út. ... Sumar frá alþingi allgott alstaðar. Varð því heyskapur víðast vonum meiri og betri nýting hans og vöxtur. ... Haustið allgott eins og sumarið. ... Heiðfrost með birtu af hálfskerðu tungli jólanótt og snjór á jörðu, Vetur upp þaðan misjafnt um jólin til nýárs.

**Þingmúlaannáll:** Var vetur til jóla bærilegur. Þá harðnaði og varð jarðlaust með öllu um þetta hérað víðast til miðþorra. Þá batnaði og urðu ördrættingar. Hélt sú veðurátt til sumars. Þá komu norðausturs næður, kuldar, krapi, regn og stundum snjór til hvítasunnu [20. maí], einninn frá trinit. til miðsumars etc.

**1726 Hítardalsannáll:** Vetur snjó- og frostalítill og staðviðrasamur, en víða um sveitir mjög jarðlitið af áfreðum; batnaði eftir miðgou. Vorið gott, sumarið nýtingasamt grasvöxtur í meðallagi, haustið rosasamt og snjóasamt; batnaði með vetrarkomu með góðviðrum fram til nýársins. Þann 13. Octobris, sem var 17 sunnudagur eptir trinitatis, gerði stórt áhlaupa norðanveður með stórfjúki og frosti, helzt fyrir vestan, norðan og í Austfjörðum, hvar það kom eigi fyr en á mánudaginn þann 14., og gerði þar stóra fjárskaða, svo og norðanlands, um Dalasýslu, Staðarsveit, Kolbeinsstaðahrepp og víðar. Í þeim veðrum urðu nokkrar manneskjur úti ... . Laugardaginn undir stórviðrið lagði út af höfninni Reyðarfjarðarskaupskip, draghlaðið,

först með góssi og mönnum, og ekkert til þess spurzt. ... Hafís lá fyrir Ströndum um vorið og svo norðanlands. ... Á kyndilmessuaptan gerði stórt sjóarflóð. Tók þá út 2 skip í Einarslóni og einn mann með þeim. Braut og 2 skip á Skipakaga og víðar af þeim sjóargangi.

**Hvammsannáll:** Vetrarveðráttá með blotum og áfreðum, víða hart, en enginn stórmíssir. Á föstu gerði veður hvasst, sem braut 3 skip á Eyrarbakka á Loptsstaðasandi, og raskaði heyjum. ... Hafís kom um páska tíma fyrir norðan, og hvalir nokkrir á land þar. ... Grasár var gott og heyskapar. ... Vetur hinn beztí til jóla, einkum frá því með aðventu.

**Mælifellsannáll:** Vetur allgóður. ... Vorið var gott og snemmgróið. ... Sumar var þurrt og gott, en haustið vætu- og rosasamt.

**Vallaannáll:** Kyrt með hægu frosti nýársdag. Vetur upp þaðan allur allgóður. ... Vorið frá sumarmálum allt allgott, og ólíkast því næstliðna fyrir hita sakir og góðviðra, en þó heldur þurt. Varð því misjafn grasvöxtur og í minna lagi víðast þar sem þurlent var og harðvelli. ... Sumarið frá alþingi allt allgott, en þó misjafnt heyjaðist fyrir sagða orsök ... Haustið gott í inngangi, vott í framgangi, snjóasamt í útgangi um norðursveitir; kom snjó 3 vikum fyrir vetur, er á lá nokkuð á hann fram. ... Vetur, frá því batnaði og upp tók snjóinn, er kom síð um haustið (sem var þá nær því mánuður af vetri) góður til jóla. Góðviðri kyrt með hægu frosti án tunglsljóss jólanóttina, og svo upp þaðan um jóla, allt til nýárs.

**Þingmúlaannáll:** Miðvikudaginn [29. maí] fyrir uppstigningardag í einu mesta óveðri ...

**1727 Suðurnesjaannáll:** Skiptapi á Miðnesi með 8 mönnum.

**Hítardalsannáll:** Vetur einn hinn beztí og snjóaminnsti. Vorið gott, þó nokkuð vott. Sumarið hagstætt og blítt til Ólafsmessu, þó þerralítið, gerði síðan langsöm votviðri, svo heyskapur ónýttist mjög í flestum sveitum, þó nefnilega undir Eyjafjöllum og í Skaptafellssýslu. Haustið stórosasamt, snjóaði yfir þíða jörð fyrir Marteinsmesu, með útsynnings sífellu snjófalli; svo í flestum sveitum tók fyrir jörð með jólaföstu; hélzt það jarðleysi með áfreðum við fram til kyndilmessu um miðjan þorra, um 2 vikur. ... Á sumardaginn fyrsta [24. apríl] kom stórkostlegt sunnan- og útsynningsveður og með snjósíðunni svoddan stórflóð og sjóargangur, er menn mundu eigi annað stærra. Um vertíð forgekk skip undir Eyjafjöllum, komust af 5 menn en 9 drukknuðu, búandi fjölskyldumenn úr Skaptafellssýslu. ... Næsta föstudag fyrir hvítasunnu [30. maí] forgengu á Grímseyjarsundi, af hvatskeytlegu norðanveðri, 2 stór farmaskip, sem ætluðu til lands, og á þeim 27 manneskjur.

**Hvammsannáll:** Var vetur hinn beztí og jarðir nógar, svo eptir jól sem fyrir um allt landð ... . Grasvöxtur varð lítill og sumarið miög værusamt, svo heyfengurinn varð rýr. ... Hálfum mánuði eptir veturnetur komu útsynningar með snjóþunga og jarðskerplu, svo við hélt.

**Sjávarborgarannáll:** Var vetur frá aðventu og til jóla ársins 1727 með temmilegu veðuráttufari, nema mikill snjór kom og frost nokkurn tíma fyrir jólin. Upp frá því æskilegur vetur með þíðum og jarðnægtum fram á sumar. Vorið og einninn gott upp á landið, en mjög ógæft til sjávarins og aflaföng sámileg, þó ei svo mikil sem fyrra árið. Frost voru að sönnu nokkur um vorið seint, hvar af grasbrestur allvíða um sumarið orsakaðist, og að liðnum 14 vikum sumars gjörði mikil regn og óþerri, svo töður og úthey allvíða um sveitir stórlega skemmdust og ónýttust, sérdeilis á Suður- og Austurlandinu sem og kringum Jökul. Haustið mjög stopult og ógæft til aflafanga, þó fiskur fyrir. Þá gjörði mikil fannlög strax eftir allraheilgramessu um haustið, og þau harðindi héldust við með jarðleysum (að undantekinni sem hálfri annari viku) allt til nýja ársins 1728, hvar fyrir margir þegar á jólaföstu létu skera niður af fé sínu og viðureldi etc.

**Mælifellsannáll:** Hlaka góð á nýársdag, en deginum eptir stórhrið norðan með miklu frosti og rak inn hafís. ... Varð skiptapi undir Eyjafjöllum, fórsut 8, en 5 komust af. Druknaði maður á grandanum, sem úr Hólminum liggur syðra, fanst eigi. Fórust 2 Grímseyjarför á föstu- eða laugardag fyrir hvítasunnu [30. maí]. Voru þar á 24 manneskju. ... Sumar var stórvíðra- og vætusamt og heyjaðist lítt, fuku hey og skemmdust víða. Var og haustið með sama hætti. Hljóp jökull á Síðu austur og tók þrjá bæi, komst fólk undan, nema 3 manneskjur. Skemmdust og víða tún og engjar. Þetta haust brotnaði fyrir Ströndum Höfðaskip; fórust þar menn og góss. ... Á allraheilgramessu var stórvíðri með rigningu. Hljóp skriða í Hólabyrðu um tvö hundruð faðma breið og lenti í síkjunum fyrir sunnan staðinn; önnur féll í Kolbeinsdal. ... Komu þá grófir snjóar fyrir jólaföstu, dreif þá í logni í fimm dægur, svo snjór kom í mitt lær á sléttu. Harðaði þá allt fram á jól fram með áfreðum, svo jarðbönn urðu.

**Vallaannáll:** Góð og hæg hlaka með skúrum nýársdag. Vetur upp þaðan allur góður alstaðar, með þýðri veðuráttu, einkum er á leið. ... Vor frá sumarmálum gott og spakt að veðuráttu, en þó heldur þurt og nokkuð

kalt, er á leið; var því minni grasvöxtur en ella mundi víðast. ... 29. Aprílís, þriðjudag hinn fyrsta í sumri, skiptapi undir Eyjafjöllum, drukknuðu 10 menn, en 6 komust af lífs og heilir. 30. Maí, föstudag hinn næsta fyrir hvítasunu, skiptapar tveir og mannskaði þar af á Grímseyjarsundi. Drukkuðu af öðru skipinu, sem var áttæringur frá Möðruvallaklaustri, 12 menn, en skipið var sagt síðar rekið hefði upp vestur í Breiðafirði, hvar af menn héldu, að þeir hefðu villzt eður haldið of mjög utan í hafið vestur frá eyinni, vegna dimmu þeirrar, er var yfir sjónum um þá daga, en eigi þorað að halda nærri landinu vestra, þá er hana birti, sakir ótta illrar lendingar af brimi og svo ókunnleika, og týnzt svo loksins eptir langa útivist og harða. Á öðru skipinu, er var sexæringur, hvern Jón prestur Jónssen (er verið hafði í Grímsey 3 ár hin næstu) hafði fengið til láns að sækja konu sína, og það hans var annað og flytja til lands, drukknuðu 9 menn þeir, er með fóru; þar umfram presturinn, kona hans (Elízabet Símonardóttir), barn þeirra ungt, stúlka, er hjá þeim var og bróðir prestsins. Var sagt með sanni að ofhleðsla hefði þessu skipi grandað .... Um þetta sama skeið varð skiptapi á Miðnesi suður; létust þar af 8 menn. ... Haustið líkt sumrinu, misjafnt framan, en votsamt síðan, og illt til veðuráttu allt til enda. ... Vetur til jóla góður í venjulegum góðsveitum, en í ósveitum því harðari, sem lengur leið frá jólaföstu og allt til enda ársins, svo falla tóku hestar í Skagafirði. Fjúkhríð jólanótt norðanlands, með frosti, og svo að mestu upp þaðan allt til nýárs.

**Þingmúlaannáll:** Var vetur bæði fyrir jól og eftir góður, en 5 vikna jarðbann varð eftir miðvetur.

**1728 Hítardalsannáll:** Veturinn að framanverðu hinn snjóþyngsti með jarðleysum, bæði fyrir norðan, vestan, um Borgarfjörð allt í Gullbringusýslu, svo peningar voru víða skornir niður, en hestar féllu hópum saman. Með kyndilmessu brá til mjúkra staðviðra, sem héldust við 6 vikur; tók af allan þann snjóþunga, með þeyvindum hægum án regns, svo þelalaus varð jörð, hvað kvikpeningi að þrotum komnum gaf víða líf. En í Skaptafells- og Múlasýslum var um þann tíma hinn bezti vetur og fiskur nógur; samt misstust þar peningar, því hey þeirra voru fordjörfuð og þrifust eigi kindur á þeim. En með vorjafndægum gerði hina mestu norðanstorma, frost og snjó, sem héldust fram til fardaga, þó til Jónsmessu norðanlands. Rak snemma inn hafís, sem lá fyrir öllu norðurlandinu og Vestfjörðum fram um alþing. Hvalrekar þar víða, en fiskur enginn. Voru þar því stór harðindi, bjargarleysi fyrir fólki, en stór fellir og missir á kvikpeningi, helzt um Eyjafjörð, Fljót, Þingeyjarþing, Austfjörðu, svo og Strandasýslu, Helgafells- og Eyrarsveitir og víðar. Veðurátta batnaði með sólstöðum, svo hásumarið var blítt og gott. Grasvöxtur hinn fljótasti og mesti, þó síðgróið væri, en tók aptur snemma fyrir heyskap með minnisstæðum áhlaupa norðanstormum, fjúki og frosti öndvert í Septembri; rötudu margir þá skaða á heyjum, húsum og skipum, og sumir limlestust. Haustið stórviðra- og rosasamt, batnaði með allraheilagra messu, og eptir það góð veðurátta og vetrarfar fram til þorra. ... Í Septembri af stóru áhlaupaveðri forgekk stórt farmaskip á Vestfjörðum með mönnum og allri áhöfn.

**Hvammssannáll:** Mjög hart um miðjan vetur, svo menn lóguðu peningum sínum, bæði fé og nautum; líka dóu hestar. ... Með kyndilmessu batnaði og allt til pálmásunnudags, þá harðnaði aptur. Í sumarmálaviku gengu sífelld kaföld. Á hvítasunu [16. maí] gerði sumstaðar kviðsnjó. Vorið var mikið hart, og varð afhrófnun peninga. Ei voru nema hólbrekkur á tünnum grænkaðar um messudaga, en viku eptir sólstöður skipti um, svo guð gaf mikinn grasvöxt og heyjaðist í betra lagi. ... Á höfuðdag um haustið gerði stormveður mikið. Þá brotnuðu skip á þurrlandi, rauf hús og hey. Ítem drukknaði séra Teitur Pálsson við 8. mann af skipi í viðarsókningu. Í Staðarsveit laskaðist þá maður, heldur einn en tveir. Haustið var kastasamt, en vetur til jóla góður, og optar stillinn og jarðir nógar, nema til fjalls í hörðum sveitum. ... Fimmannafar týndist á Suðurnesjum.

**Sjávarborgarannáll:** Viðhélduzt sömu harðindi og fyrr allt til miðs þorra. Þá batnaði vel, svo jarðir voru nægar allt til páska, en þó alloftast stórlegir norðanvindar með frostum til sumars, er þá kom 22. Aprílís. Þann 3. Aprílís sá fyrst til hafíss, en alvarlega rak hann inn 24. sama mánaðar, mikil hafþök. ... Kom í miðjum Septembri snögglegt austanstormviðri, svo allvíða um landið, sérdeilis á vestsveitum, varð stór skaði á skipum, er brotnuðu, og heyjum sem húsum vel þökktum. Í því stormviðri drukknaði í sjó séra Teitur Pálsson á Eyri í Skutulsfirði vestur, fór í almenninga á Ströndum eftir viði. Alls voru á skipi 9 menn, sem allir töpuðust. Þá brotnuðu og 6 skip undir Jökli ... Gjörði stórfellt og snögglegt norðanfjúk nær viku fyrir vetur, svo ófanna snjó niðurkeyrði um Norðurlandið. ... Þetta ár var vorið mjög kjalt, með snjóum oftast og hörkufrostum, sérdeilið frá páskum [24. mars] og til krossmesu. Stór grasbrestur víða. Bjargarbann á sjónum sökum hafíss, er við lá fyrir öllu Norðurlandinu allt til sólstaðna 21. Júnii. Þar eftir dreif hann í burt. Sumarið þurrt fram eftir, en stórregn og heytynktunarleysi, þá á leið, allvíðast. Stór peningafellir og hallæri allvíðast á

Norðurlandinu og öllum Ströndum. ... Summa: Allt frá jólaföstu fram til sjö vikna föstu komst varla fólk til kirkna sökum snjóa og ófærðar, og svo mikill snjór í Fnjóskadal, að ekkert sá til skógar þar víðast.

**Mælifellsannáll:** Héldust þá jarðbönn öll jól út með rennudrifi og rosum. Tóku þá margir að skera fénað sinn, þeir eigi höfðu áður skorið. 7. Februarí eður laugardaginn í miðþorra hlánaði vel. ... Vorið kalt og frostasamt, dó víða peningur úr megurð, því hey brustu víðast. Voru tún eigi litkuð á fráferum. ... En frá Jónsmessu til miðsumars spratt gras svo mikið, að fáir mundu slíkt. ... Lágu þá fyrir Norðurlandi hafþök af ísi frá miðgöu til 16. viku sumars, og hvarf hann þá allur á tveim dægum. Góður var heyskapur um Húnavarns-, Skagafjarðar- og Vöðlusýslur, en sáraumur norðar, einkum á Tjörnesi, Sléttu og Langanesi, svo töður lágu víða frosnar á Mikaelsmessu.

**Vallaannáll:** Fjúkhríð landnorðan nýársdag. Vetur upp þaðan um norðurlandið allharður allur saman, og ekki heldur hægur annarsstaðar á landinu. Kom að sönnu hláka í miðjan þorra, svo aftók snjó að meira hlut víða, en harðnaði síðan aptur því meir er á leið, svo afnám varð á kvikum kindum hér og þar um sveitir. ... Vorið engu mildara en veturinn með snjóum, harðindum og féfelli víða um sveitir. Gekk sú harða veðurátta það alltaf fram að sólstöðum, og batnaði ekki fyr. Virtu gamlir menn, er langt fram mundu, vor þetta sem næst ganga harða vori gamla, er var um allt norðurlandið 1674. Kom hafís með sumarmálum, er lá við norðurlandið fram um fardaga, og fór frá síðan. ... Sumarið frá alþingi gott að meira hlut víðast, en heyskapur misjafn, sakir seins grasvaxtar og misjafns eptir hart vor umliðið. Var og misjöfn nýting hans í sumum stöðum norðarlega á landinu sökum óperris. ... Haustið misjafnt til veðuráttu. ... Vetur til jóla góður hvarvetna með hægri og hagkvæmri veðuráttu. Vott sunnan jólanótt með litlu tungliskini, og gott veður upp þaðan allt til nýárs.

**Pingmúlaannáll:** Var vetur góður til jóla. Meira part þorrans jarðbann af snjóum.

**1729 Hítardalsannáll:** Vetur einn hinn bezt og vorið fram undir vertíðarlok, með staðviðrum. Í fyrstu viku einmánaðar voru minnisstæð norðanfrost nokkra daga. Rak þá inn hafís norðanlands, og þó sérdeilis með vertíðarlokum. Skipti þá um veðuráttu til norðankulda fram til Jónsmessu. Lá hafís fyrir norður- og austurlandinu fram yfir alþing og var mikið grasleysi; spratt svo, þegar leið á sumar; nýttust töður bærilega, en úthey mjög illa. Haustið rosasamt með slæmum hríðum í seinustu viku sumars; batnaði í fyrstu viku vetrar og síðan beztu staðviðri fram til nýársins sunnanlands.

**Hvammsannáll:** Vetur góður frá jólum, en vorið kalt og hart. Seinsprottið og lítill grasvöxtur. Sumarið vott og bágur heyskapur.

**Sjávarborgarannáll:** Fínt veður á nýársdag og í betra lagi allt til þorra. Þá kom á vestanfjúk með hörkum og frosti, og rak inn hafís fyrir Norðurlandið. Hann lá við landið allt til miðsumars eður Margrétarmessu. Veðráttu fjúkasöm í bland allt til Martium, þó oftlega með ísingu og þökum til einmánaðar.

**Mælifellsannáll:** Hæg og stillin veðurátta til miðs vetar. ... Haustið var kalt og snjóasamt, en gerði góðan bata með jóladegi.

**Vallaannáll:** Dýrðarveður fagurt með hægu frosti nýársdag. Vetur upp þaðan allur víðast allgóður með hægri og hagstæðri veðuráttu. Með þorra kom hafíshroði, er sjá mátti öðru hverju undan um veturinn, því hafís sá, er lá við landið áður um vorið, hafði ekki farið langt frá því, og legið útnorður í hafinu. Vorið frá sumarmálum misjafnt, allgott þar í frá 3 vikur næstu, en þaðan af kalt öðru hverju allt umfram fardaga. Kom inn aptur hafíshroðinn, er út hafði hrakið, áður kæmi sumarið, í 5. viku sumars, og lá við umfram fardaga og hvítasunnu, er þá var þeim næst eptir en fór þá burt skömmu síðar, svo að róíð varð á sjó, og tók að fiskast. Varð fiskfangið gott það eptir var vorsins fyrir norðurlandinu, og veðuráttan hlýrri með líkvænlegum grasvexti víðast um sveitir, en þó ekki að jafnaði. ... Sumar frá alþingi allgott allt með góðri nýting heyskapar hér um sveitir, en ekki svo aldeilis annarsstaðar fyrir norðan land; var og fiskigjöf af sjónum. Haustið mesta hlut gott til veðuráttu og fiskifars. Vetur til jóla framanveður góður, en snjóskorpa með jarðbanni víðast fyrir norðan land, er kom með jólaföstu, tók þó upp víðar, svo jörð kom upp undir jólin. Hægt linviðri jólanótt með engu tungliskini, og veður gott upp þaðan allt til nýárs.

**Pingmúlaannáll:** Var vetur hins líðandi árs til jóla hinn harðasti og útigangspeningur komin þá í nám. Þá batnaði undarlega vel lengi fram eftir. En um vorið í öndverðum Majo kom áfelli lítið, því líðið var, en stórt fyrir á að líta. Batnaði þá, so að menn rötudu ekki í skaða og so varð sumarið gott til miðsumars.

**1730 Hítardalsannáll:** Vetur góður, og svo vorið, en kólnaði eptir krossmessuna. Sumarið kalt og graslítið. Spruttu óvíða ber eður fífa. Heyskapur ónýttist víða, helzt fyrir norðan og austan. Um haustið batnaði

veðuráttan. Frosta- og snjóalítið fram til jóla. ... Þann 20. Januári, sem var föstudagskveldið fyrsta í þorra, og nóttina eptir, kom stórkostlegt sjóarflóð og yfiringangur, með sunnan- og ústsunnanstormi, hér um vestursveitir, helzt um Breiðafjörð og hans eyjar, braut hús og hjalla, yfir 40 skip og báta, fordjarfaði tún, lendingar, eyjar og engi, og uppfyllti með grjót, sand og sjóarbrúk. Misstu margir vestur í eyjum matarföng og annað nauðsynlegt úr útihjöllum. Þann 25. Septembris kom frost og hvatskeytlegt norðanveður. Í því hraktist sexæringur úr Grímsey vestur á Skaga; hafði með öðrum 5, eður 6, skipum þar í eyjuni róði til fiskiafla. Forgekk þetta skip daginn eptir í landtöku af stormi og brimi.

**Hvammsannáll:** Veturinn varð víða góður, en þó mislagðist hann, og hart var meðal fólks um vorið; jafnvel uppflosnaði nokkuð fólk fyrir norðan. Vorið og sumarið var mikið vætusamt. Meltist fiskur. Skemmdist eldiviður. Brunnu víða töður. En haustið var hið bezta, svo það bætti mikið um fyrir mönnum. ... Þann 30. Januári gerði merkilegt sunnaveður með miklum sjávangangi, sem braut fjölda skipa, einkum um Breiðafjarðareyjar; líka tók hjalla og skemmdust tún. ... Fjórir menn í viðarsóknung úr Miðfirði drukknuðu á Steingrímsfirði. – Sjö menn hrakti frá Grímsey og hingað að Skaga og drukknuðu þar.

**Mælifellsannáll:** Hæg og stillin veðurátta, þar til eptir þrettánda. Gerðist þá veður órólegt með snjóum, blotum og áfreðum, svo víða tók fyrir jörð við fjallgarð, helzt á Vesturlandi og svo í Húnavatnssýslu. ... Var hart fyrir vestan allt til skírdags [6. apríl], þá batnaði vel upp frá því. ... Þá var vor bærilegt, en gerði óveðrakafla mikinn um fráfarur, svo lömb urðu eigi rekin á vanatíma; hlýnaði þó nokkuð eptir Jónsmessu. ... Þá var óþerrasamar mikið, skemmdust mjög hey, og víðast brunnin uppdregin. 19. Septembris brotnaði skip við Skaga; voru á 6 menn, úr Grímsey og önduðust allir. ... Var haustið æskilegt.

**Vallaannáll:** Vetur upp þaðan [frá nýársdag en lýsing á honum vantar í handritið] að mestu leyti harður víðast um landið allt til sumars. Vorið frá sumarmálum í fyrstunni gott og blítt, allt til þess 5 vikur voru af sumri. Skipti þá um og gerði kalt með vindum og fjúkslitrum af norðri. Hélzt veðurátta sú fullar sjö vikur, svo lítt batnaði og eymdi af allt fram um miðsumar; fylgdi þar með grasleysi á jörðu og aflaleysi á sjó, sem ekki var að undra. ... Sumarið frá alþingi (þá alltíðindalítlu) vott og óhagkvæmt upp á heyskap og nýtingu í flestum stöðum norðanlands og vestan, með skemmdum og bruna heyjanna hér og þar, svo mjög fór saga af og var um kvartað. Mátti segja fyrir satt, að hér í þessum dal væri slíkt við skárstan kost hjá því sem annarsstaðar, að frá var sagt. Dag 11. Septembris reri skip eitt frá Grímsey með öðrum til fiski, er á voru 6 menn, og er þeir voru komnir frá eyjunni kom á þá veður með þoku dimmri og rak í haf vestur allan daginn og nóttina eptir, en um morguninn komu þeir að Skaga vestur, mjög máttfarnir, og hittu fyrir boða, sem þeir gátu ekki án tjóns yfir komizt, urðu þó á hann að leggja fyrir sakir veðursins, er að þrengdi; hvelfdi þar skipinu og týndu 5 menn lífinu, en hinn 6., er hét Jón, einn hinn helzti búandi í Grímsey, komst á kjöl og af honum til lands. ... Haustið framanvert sviplíkt sumrinu allt til Mikaelismessu; komu þá þurrir vindar af suðri og vestri, og batnaði veðuráttan, og varð upp þaðan allgóð allt til vetrar.

**1731 Hítardalsannáll:** Vetur hinn bezti, snjó- og frostaminnsti, svo ár og mýrar voru sjaldan hestheldar; þrisvar kom nokkur snjór en aldrei fjúkdagur, að kalla mætti, en mjög var votveðra- og stormasamt og sjóarógæftir miklar. Eftir sumarkomu brá til kælu og þurrveðra. Grasbrestur á vallendi hinn mesti um allt landið, en á mýrum í meðallagi eður minna. Berjavöxtur ærið lítill, en fífu nærri enginn. Heynýting góð og vetrarfar hið besta fram til jóla.

**Hvammsannáll:** Veturinn til jóla var með þíðum og úrkomum, og svo framvegis, en einkagóður var þorri og góa, svo ekki mundu menn slíkt, en fiskleysi við sjóinn. ... Sjö menn drukkna af skipi við Brimilsvelli, 2 komust af. ... Sumarið var mikið gott með sterkum hita og vestanþerrum með grasvexti merkilegum, svo á tünnum féll nær því tvöföld taða við það í meðalári. ... Fjórir menn drukkna frá Stykkishólkskaupstað í heimferð upp á Skarðsströnd.

**Mælifellsannáll:** Veðurátta stirð með nýári, en leiddist vel af til miðs þorra og þaðan til góuloka, og svo að fáir mundu annan betri vetur; þó gerði skakviðri um tíma á einmánuði, en batnaði brátt aftur.

**1732 Hítardalsannáll:** Vetur einn hinn bezti, gerði lítið íkast á góu. Vorið gott og þurt. Kom hafís fyrir norðan. Sumarið blítt og grasvöxtur í betra lagi; spruttu mýrlendi vel, vallendi miklu miður, Fífa mikil. Ber nærri því engin. Nýttust töður, en úthey hröktust víða, því til votviðra brá með höfuðdeginum, náðust þó að lyktum. Haustið gott og vetur hinn bezti fram yfir jól. Kom varla snjór, að tæki af nautajörð. ... Snjóflóð tók af bæinn Brimnes á Austfjörðum. Létust þar inni búandinn, Jón Ketilsson, og fjórar manneskjur aðrar. – Snjóflóð hljóp og á Máfahlíðarkot hjá Búlandshöfða, tók heystæðu í garðinum, setti hana ofan á túnið, og



stóran stein á húsin, grandaði þó engu. Stórviðri hrakti 3 hundruð fjár út í Markarfljót fyrir búandanum í Mörk undir Eyjafjöllum um veturinn, svo þau fórust. Um nóttina þess 7. Septembris fordjarafaði stórkostlegur jarðskjálfti nærri 40 bæi á Rangárvöllum, Landi, Eystrahrepp ofarlega, suma meir, suma minna; af þeim niðurhrundu að miklu eður öllu leyti 11 bæir, nefnilega: Bolholt, Brekkur, Steinkross, Víkingslækur, Réttarnes, Haukadalur, Kot, Stóri Klofi, Húsagarður, Skriðufell, Ásólfstaðir, Hagi etc. Matföng fólks og aðrir hlutir fordjörfuðust, en allt fólk komst af lífs. Einn maður handleggsbrotnaði, 3 eður 4 löskuðust; fólk lá úti eður í tjöldum, þorði ekki að vera í húsum inni, því jörðin skalf og hrærðist til og frá nærri um hálfan mánuð þar eptir. Um Borgarfjörð og hér vesturfrá fundu menn varla til þessa jarðskjálfta, og þeir einir, er þá vöktu.

**Hvammsannáll:** Vetur var góður til jóla, og svo allt fram á góu, þá gerði skopru. Vorið var hart, og svo hafís nokkur fyrir Norðurlandinu. ... Heyskapur varð sem í meðalári. ... Þann 6. Septembris skeði mikill jarðskjálfti á Rangárvöllum einkum, og hröpuðu víst 8 bæir í grunn: Bolholt, Réttarnes, Víkingslækur, Steinkross, Haukadalur, Borg, Kot, flestallt stólsjarðir, Klofi og fleiri býli skemmdust, hröpuðu og tilgengu stöku hús, jafnvel sprakk jörðin, og komu stórgjár, en fólkið bevaraði sig guði, þó það væri um næturtíma. ... Vetur til jóla var votur, en nógar jarðir.

**Mælifellsannáll:** Það sumar gengu jarðskjálftar miklir suður á Rangárvöllum. Hrundu bæir þrír niður í grunn. Skemmdist matur allur eða spilltist, en fólkið komst af, sumt lamað og meitt. Regn og stórviðrasamt veður um sumarið, spilltust hey víða, svo og svo voru lítil. Haust var gott með stilltu veðri allt fram á jólaföstu; gerði þá snjó er lá á viku rúma.

**1733 Hítardalsannáll:** Vetur til lands hinn allrabezti í elztu manna minni, svo að þann vetur kom enginn snjór, fyrir utan eina viku um þorrakomu, svo varla þurfti að taka snjóreku frá húsdrym, kom aldrei fjúkdagur, og fáir þeir dagar, sem eigi væri nautpeningi út beitandi í sumum stöðum, og víða ekki lömb á hey tekin. Vorið hið bezta. Mjólkurkýr lágu úti í fjórðu viku sumars. Tún víða slæg í fardögum og kúpeningur nærri fullgræddur. Sumarið eitt hið bezta sunnan og vestan á landinu. Grasvöxtur á túnum og vallendi hinn mesti og heynýting góð, en í Ísafjarðar-, Stranda- og Húnavatnssýslum, þeim kanti landsins, sem liggur næst norðurhafinu, bæði grasbrestur og heyjaónýting af hafíssudda og þokum, hann þó eigi landfastur. Haustið og veturinn fram að sólstöðum stórviðra- regna- og rosasamt. Fyrir norðan og vestan komu stórfjúk fyrir vetur, og urðu víða fjárskaðar og aptur í áhlaupa fjúkbyl þann 7. Nobembris.

**Hvammsannáll:** Vetur frá jolum hinn bezti, með nægum jörðum. Vorið líka gott, og svo sumarið, með grasvexti og heyskap í betra lagi. ... Yfir 30 manns deyja á útmánuðum, nefnilega 16 menn af kóngsins áttæring, sem á sunnudag fór frá Bessastöðum, og ætluðu á Suðurnes. 15 Febrúarii 3 menn af skipi frá Stórahólmi í Leiru; 2 menn ... af ferju í Hvítá, 6 menn í landtöku í Kvíaós frá Krossnesi í Eyrarsveit, 2 menn af bát, sem ætluðu fram í eyjar frá Arnarbæli á Skarðsströnd, 4 menn, að sagt er, af bát á Akranesi. Á Höfða í Eyrarsveit brotnuðu 2 skip af veðri, ítem allur skipastóll í Mýrdal austur við Dyrhóla, 7 áttæringar. ... Þann 6. og 7. Novembris kom mikið kafald. Þá dó maður ... vestan við Gilsfjörð. Víða hraktist og hrófnaði af sauðfé; vel 100 fjár dó þá í Hvammssveit og í Laxárdal 100. Vetrarfar varð óstöðugt.

**Mælifellsannáll:** Vetur þessi var einhver hinn æskilegasti, svo afleið með góðviðrum og þíðum eða hægu frosti. ... Þá var sumar æskilegt með góðum grasvexti ... . Það sumar heyjaðist sémilega, en um haustið skemmust hey af votviðrum og þoku sumsstaðar. ... Það haust var mjög óstöðug veðurátta allt til sólhvarfa, stillti þá til allt til nýársins.

**1734 Hítardalsannáll:** Vetur hinn frosta- og snjóaminnsti, svo varla lagði mýrar hreinlega, en regna- og stormasamur, með sífelldum rosum. Ótimgum og fall á gemlingum víða. Vorið kalt, hitnaði með sumartunglinu fram til Jónsmessu. Grasbrestur helzt um Vestfjörðu og fyrir norðan. Hröktust töður. Haustið vott og stórviðrasamt. Þann 7. Octobrtis varð víða stór skaði á heyjum, húsum og skipum, af sunnan og útsunnan stórviðri. Kaupfarið í Spákonufellshöfða hafði að mestu leyti leyst sig upp undir sjálft áhlaupaveðrið, lá við einn streng, hrakti það um nóttina og laskaðist, svo að eigi var sjófært. ... Þann 12. Decembris, sem var sunnudagur, kom hið þriðja hvatskeytlegt áhlaupaveður af norðri með kafaldsfjúki. Urðu víða miklir fjárskaðar, í Mýra-, Dala- og Borgarfjarðarsýslum, svo og fyrir norðan, bæði fjár- og mannskaðar. Urðu úti 6 eður 7 manneskjur.... Þá fórust og mörg skip á Ströndum, norður á Skaga og víðar, sem út tók úr naustum. Brotnuðu víða hús og hjallar, fordjörfuðust tún og lendingar af óvenjulegu stórflóði og sjóargangi í þeim plássum, sem liggja móti norðri og útnorðri. Þá brotnaði Höfðaskipið til fulls. Um vorð

kom stórkostlegt jökulhlaup og vatnavöxtur í Þjórsá, sem skaða gerði sumum jörðum á Landi og fordjarfaði Nautavað. Um veturinn urðu stórir skipa- og manntapar í útverum og mestu sjóbönn. Um veturinn gaf aldrei leiði frá Vestmannaeyjum að sækja haustmenn, eptir venju, af meginlandi... Í sunnlendingafjórðungi urðu þá miklir skiptapar. Í Vestmannaeyjum forgekk tólfærings kongsskip með 18 mönnum, annar sexæringur þar, sem Nikulás Magnússon sýslumaður átti, með 10 mönnum, þriðji áttæringur Brynjólfs Þórðarsonar á Hlíðarenda, með 16 mönnum; ætlaði til Vestmannaeyja, hafði beðið eptir leiði í Landeyjum frá því á öndverðum vetri til þess 10. Januári, sem var fyrsti sunnudagur eptir þrettánda; lagði þá út um morguninn, kom strax á veður, hraktist suður með landi. Þann 12. eður á þriðjudaginn, fannst skipið upprekið í Þorlákshöfn, brotið, með 10 mönnum örendum; þar fórst 18 manna færur með öðru, Fjórði skiptapi dag 9. Aprílís á Ísaskála í Grindavík með 10 mönnum, stólsskip. Fimmti í Garði, 4 manna far séra Halldórs Brynjólfssonar. Sjötti á Seltjarnarnesi af ofhleðslu, drukknuðu þar 2 menn, öðrum tveimur varð bjargað. Sjöundi á Kjalarnesi, tveggja manna far. Áttundi á Vatnsleysuströnd, eins manns far. Tíundi á Eyjafirði, tveggja manna far. Drukknuðu 2 vermenn í Ölfusá. Þessir eru alls 72. ... Þann 21 Martii, sem var góuþrællinn, niðursló hræðilegur jarðskjálfti mörgum bæjum í Árnessýslu, helzt í Villingaholts- og Hraungerðishreppum, neðarlega í Grímsnesi, ofarlega í Ölfusi og í Holtum. Hröpuðu að mestu 30 bæir eður býli, en 60 eður 70, sem löskuðust. Kirkjurnar í greindum plássum hrundu að mestu, matvæli og búshluti fordjörfuðust, 7 eður 8 manneskjur, börn og gamalmenni, urðu undir húsbrotnum og dóu og margt af nautpeningi þar.

**Grímstaðaannáll:** Var útsýningshroða veðurátta um veturinn á útmánuðum. Skiptapar urðu víða. Skip fórst fyrir austan með 16 mönnum, nóttina milli þess 18. og 19. Januári, hvar af voru 3 vinnumenn frá Hlíðarenda, skipið og þaðan, hinir 13 ógiptir yngismenn; lögðu undan landi skammt frá Breiðabólstað í Fljótshlíð, sunnudaginn þann 17. Januári, og vildi til Vestmannaeyja í mótviðri og mót straumi, með slíkri ákefð, að eptir skildu mastrið og mest af sínum farangri. Sáú menn af landi síðan, að ei mundu þeir eyjunum ná. Fréttist ei til þeirra fyr en um morguninn þess 19. sama mánaðar. Þá sáu menn í Þorlákshöfn skipflakana upp rekna þar, og 9 mennina, hvar af 2 voru upp komnir úr flæðarmáli. - Á Suðurnesjum fórust og 2 bátar, sá eini með 4 mönnum, hinn annar með einum manni. Stórbrim voru víðast um veturinn þar tilspurðist, sérdeilis fyrir austan; þar voru svo langgæð brim, að róðrarmenn, sem vildu til Vestmannaeyja, lágu á landi frá veturnóttum og voru ekki til eyjanna komnir í miðgöu. ... Haust þetta var mjög stórviðrasamt, sérdeilis af norðri; gressilegt vestanveður gerði um haustið. Höfðaskipið norðan var þá ei siglt; það laskaðist í þessu veðri (var eitthvað hálfum mánuði fyrir vetur), það fylltist upp með sjó, og jafnvel fór allt í sjó. Gerði ennþá stórviðri síðar og mölbrotnaði það í því stórviðri.

**Hvammssannáll:** Var gott um jólatíma, en síðan upphleypingar, höstug veður og háskasöm. Vorið var þurt, kalt og hart, og víða misstist af sauðfé. ... Samt var nýting góð, en hart segist bæði af Austulandi og norður, líka af Vestfjörðum. Sjódaði manna mikill um veturinn, mest fyrir austur- og suðurlandi, svo að samantöldu urðu 10 skipskaðar og víst drukknuðu 76 menn. Fleiri önnur býsn skeðu, nefnilega 22. Martii ógnarlegur jarðskjálfti fyrir austan, sem mestur varð um Flóa og svo Grímsnes; hann continueraði öðruhverju um hálfan mánuð. Í honum dóu 8 eður 9 manneskjur, hröpuðu yfir 50 bæir, en þó skekkust miklu fleiri, og gengu úr skorðum hús, veggir, stéttir, umturnaðist jörð, sumstaðar komu gjár, hvurfu lækir og uppsprettur. Hjá Arnarbæli í Ölfusi köstuðust lifandi silungar í rennandi læk. Hér af fékk fólk hræðslu og ótta, sem ei skal þykja ólíklegt, Líka dóu þá naut, sem urðu undir fjósum, er niður hrundu. ... Þann 7. Octobris gerði stórt vestanveður, sem raut hús og hey, líka braut skip. Þá strandaði höfðaskip norður, en mennirnir komust af. Haustið var vott og vindasamt með umhleypingum, en frá allraheilgaramessu til jóla blíða og bezta veður. En 3. sunnudag í aðventu gerði fjúk og veður í hverju að urðu fjárkaðar í Dalasýslu, Laxárdal, Hvammssveit, Fellströnd. Þá brotnuðu víða skip og bátar í naustum á Ströndum.

**Höskuldsstaðaannáll:** Vetur í betra lagi. 28. Jan. Drukknuðu 2 menn við Hrísey. ... Sjö skiptapar voru þá sagðir að sunnan og vestan og bæjarhrun austur í Flóa. ... Vorið kalt mjög og hart. Peningafall víða í sveitunum. ... Þann 7. Octobris strandaði og brotnaði í stykki af stórviðri kaupskipið í Spákonufellshöfða., svo danskir af því voru hér um veturinn. Nóttina milli þess 12. og 13. Decembris varð stórkostlegt tjón og skaði af brimi og óvenjulegri sjávarólgu á allmörgum skipum við sjósíðuna í Fljótum og jafnvel víðar. Þá varð og úti í sömu stórhrið frá Giljá farandi klausturprestur á Þingeyrum, sér Ólafur Össurason.

**Mælifellsannáll:** Vetur þann var mjög óstöðug veðurátta með ofsaveðrum, vætum, frostum og þíðum, allt til þorraloka. ... Þá var allt til göuloka stillt veðurátta, en gerði skakviðri mikil með einmánuði. Voru jarðir nógar vetur þann allan, en peningahöld þó víða lök. ... Sumarveðurátta var allgóð og stillin, en heyjaðist lítið,

því lítt spratt. ... Haustið var gott og stillið allt til 3. sunnudags í jólaföstu [12. des.], þá hvessti á norðan (með stórhrið). ... Í sama veðri brotnuðu og lömuðust á Skaga 13 skip, en 5 í Fljótum og á Höfðastrnd. Dreif þá og Höfðaskipið upp á Þingeyjarsand brotið, og víðar rak af því... .

**1735 Viðauki Hítardalsannáls:** Vetur vægur, þó rosasamur. Vorið gott. Sumar grassamt. Heyskapur farnaðist vel. Haustið í betra lagi.

**Grímstaðaannáll:** Töstug veðurátta eptir jólin. ... Skiptapi skeði í Eyrarsveit um sumarið þann 13. Augusti. Formaðurinn hér Bjarni Bárðarson, bjó í Neðri Lá. Á bát þessum voru 2 synir hans, fullorðnir, aðrir 2 piltar og einn kvenmaður, fóru til fiskiróðrar og drukknuðu á rúmsjó, af hverri orsök vita menn ekki; vindurinn var á norðan, hvass nokkuð. ... Vetrarfar gott frá jólaföstudni og til nýja ársins.

**Hvammsannáll:** Seinni partur vetrarins snjóþungur, lagðist þó misjafnt (á), var harðari á Vesturlandi en suður. ... Grasvöxtur var sem í meðalári, ogsvo heyskapur. Sumarið var blítt, en þerralint. Haustið vott, en hvorki kom frost né snjór inn til Marteinsmessu, að kalla mátti.

**Mælifellsannáll:** Með nýárinu voru frost mikil. Gerði þann 10. í jólum blota, svo víða vestan fram í Skagafirði urðu jarðbönn að mestu, en jarðir nógar í Blönduhlíð og Tungusveit. Voru lengst af rosar vetur þann, en skánaði þó vel með níuviknaföstu. ... Haust var allgott og stillt veðurátta.

**Höskuldsstaðaannáll:** Vetur og árferði í betra lagi. 25. Februarí forgekk skip við Grímsnes á Látraströnd, drukknuðu 3 menn, fjórði komst lífs af. Nóttina milli þess 5. og 6. Octobris í miklu suðvestanveðri drukknuðu á heimleið til Reynistaðar sýslumaðurinn í Hegranesþingi, Jens Madtson Spendrup, og hans þénari, Jón Guðmundsson skóapiltur, af ferju í vestari Hérðasvötnunum.

**Vallaannáll:** Fagurt með hörðu frosti nýársdag. Vetur upp þaðan mestallur harður og snjóasamur víðast. Vorið frá sumarmálum hart og óhægt að veðuráttufari allt fram um sólstöður. ... Sumar ... misjafnt hér um sveitir nálega allt, votsamt, með stórregnum endur og stundum, og varð því ill nýting heyja sumsstaðar, en þó heyskapurinn fjarlagalaus [svo skrifað í handriti]. Í öðrum sveitum fjarlægari var það betra, og heyskapurinn betri ásamt nýtingunni. ... Haustið áþekkt sumrinu allt fram til vel hálf mánaðar fyrir vetur. Var þá veðurátta góð allt til komu vetrarins. ... Vetur til jóla allgóður alstaðar með snjóleysum og stilltu veðurfari. Gott veður og kyrt og nokkuð þykkt með tunglsbirtu jólanótt og um hájólin, en 2 dögum fyrir nýárið fjúk með kulda. Laugardagsnótt [þ.e. aðfaranótt gamlársdags] og næsta dag þar fyrir að kveldi regn og stórvíðri sunnan, sem linnit nýárs morguninn og gerði gott veður og fagurt með deginum.

**1736 Viðauki Hítardalsannáls:** Vetur einn hinn bezti, kom nær aldrei fjúk til miðs vetar. Vorið blítt. Sumarið hagstætt. Grasvöxtur hin mesti, einkum á valllendi, tjótnaðist í bezta máta (sunnanlands). Haustið rosasamt.

**Grímstaðaannáll:** Dágóður vetur fram til þorra, þá úr því nokkuð töstugri. ... Um haustið undir veturnætur urðu 3 skiptapar fyrir norðan, í Steingrímsfirði; ráku öll undan; einir áttu fáa faðma til lands; kona mannsins stóð á bakkanum; rak þá svo undan og skipið með mönnunum norður á Skaga, og var það sama kveldið, og voru þeir allir andvana fyrir í skipinu: 4 karlmenn og einn kvenmaður; höfðu verið á skipum þessum 3 hreppstjórar.

**Hvammsannáll:** Var góður vetur og einn sá allra bezti, sem menn til mundu. Eptir sumarmál gerði kast, snjó og vinda, svo hrófnadi af sauðfé. ... Um sumarið varð grasvöxtur góður, líka víða nýting, en þó lakari norðanlands. Haustið frá höfuðdegi var stopult, með umhleyplingum og stórvindum og snjóar lögðust að um veturnætur. ... 24. octobris gerði vestan áhlaup; þá voru menn rónir við Steingrímsfjörð, og forgengu þar 2 bátar með 5 manneskjum, en 3. báturinn fannst degi síðar norður við Skagaströnd, áralaus, heill, með 4 manneskjum, öllum örendum. Haustið var óstöðugt, með höstugum vindum, tilhlaupi og hreggviðri, í hverju nokkrir vegfarendur á fjöllum dóu.

**Höskuldsstaðaannáll:** Vetur í betra lagi. Sumarið gott til sjós og lands.

**Mælifellsannáll:** Vetur sá var allgóður til þorra. ... Það sumar var heyskapur góður og gras mikið og veðurátta hagstæð um sumarið og svo haustið. ... Þá var haust í meðallagi, stórvíðrasamt annað slagið.

**1737 Viðauki Hítardalsannáls:** Vetur til sólstaða rosasamur, þar eptir iðuglegar stórhriðir með snjóþunga og hagbönnum. Vorið kalt með feikna frostum nær til fardaga. Grasvöxtur í minnsta lagi; hófust líka heyannir seint og ekki fyrri sunnanlands en með útgangi Julí. Sumarið var þurt með norðanvindum. Haustið votviðrasamt.

**Grímstaðaannáll:** Byrjuðust harðindaárin, sérdeilis til landsins. Það var harðindavetur allt frá veturnóttum, svo það var jarðlaust í allmörgum sveitum, sérdeilis frá jólaföstu og svo fram úr. Fyrir sunnan Jökul, í Breiðuvík og Staðarsveit, var jarðlaust að segja á vorkrossmessu. Útróðrarfólk varð að koma hestum sínum heimundir Hafursfell, og drápu þó mýmargir af þeim. Þá fiskaðist vel fyrir páskana sunnan Jökul, sérdeilis í Staðarsveit, en um vertíðina eptir páskana gaf aldrei að róa fyrir norðanstórviðrum og köföldum, sem gengu með hörkum og frostum. Batnaði ei fyr en undir fardagana. Varð grasár í minna lagi, misstist peningur í sveitunum allvíða.

**Hvammsannáll:** Harðnaði enn meir með jólum, mest með kyndilmessu, svo víða tók fyrir jarðir, samt mislagðist mjög veturinn. ... Þann 16. og 17. Februarí var stórmikið kafald, svo þá urðu úti 11 menn tals í Vöðla- og Þingeyjarþingi, og meir en 16 hundruð fjár fórst þá þar; þar eptir viðhélzt víða snjóþungi og jarðleysi. Í sumarmálavíkunni kom og stórhrið, í hverri mest fórst af peningum manna: hestum og fé, svo sumir misstu allt sitt, sem langt er að telja, Í Hvammsveit fórst 5 hundruð fjár samantalið og 33 hestar; líkt því varð og fellir á Fellsströnd og Skarðsströnd út undir Klofning. Margt af sauðfé hrakti í sjó, en sumt hordó, en skárta var annarsstaðar í Dalasýslu. Þriðjudaginn fyrsta í sumri [30. apríl] varð og manntjón og fjárskadar norðanlands. Þá tók snjóflóð bæ í Fnjóskadal, hvar 4 menn dóu, en 2 komust af. Stórharðindi er og að heyra af Vestfjörðum með fjármissi miklum og fiskleysi í Ísafjarðarsýslu. Sömléiðis féllu á Austurlandi miklir peningar; fé og hestar, líka köfnuðu naut á 4 bæjum í Árnessýslu. ... Um veturinn fyrir jól hljóp Hvíta austur úr sínum farveg og flóði suður um allan Flóa, austur fyrir Gaulverjabæ og út að Laugardælum; urðu menn þá að ríða að sínum lambhúsum, sem þó stóðu á túninu. Mælt var, þá hefði fé kafnað í fjárhúsi á Reykjum í Flóa. Þetta leiddi eptir sig ísalög og mikinn jökul um þær sveitir. Þann 16. Julí kom mikið útsynningsveður með krapafjúki, svo þá kól gras á túnunum, kropnuðu sauðkindur, hrakti 3 hundruð fjár í sjó við Arnarfjörð, rauf kirkju að Hrafnseyri, brotnuðu nokkur skip við sjávarsíðu, og þá sleit upp kaupfar á Eyrarbakka og strandaði. Lítill varð grasvöxtur, einkum á túnunum. Ekki gátu menn haft selför að venju, vegna snjóa og ávaxtaleysis við fjallið; optast var frost um nætur um sláttinn. Þó hjálpaði guð dásamlega, því nýting varð góð austur og vestur um landið á heyjum, en lakari norðanlands ... en haustveðurátt varð spök, mjúk og góð. ... Látraröst svelgdi í sig skip með 5 mönnum. – Tveir bátar, hvor með 2 mönnum, drukkuðu á Álptanesi suður. ... Haustveður var þítt og gott, en þó gerði stórregn um veturnáttaskeið, svo víða skemmdust þá hey í gördum, og urðu menn að draga þau upp. Á Bíldudalseyri brunnu mestöll hey, á Bæ á Rauðasandi þriggja kúa fôður og víða brunnu þau. Viku fyrir aðventu lögðust að snjóar með vestanútsynningsátt, þar með blotar og áfrefar, svo víða gerði hagleysi og jarðbönn, þó misjafnt, því þar sem stóð af sjó, og svo allvíða um Norðurland, voru jarðir nægri. Nokkrir menn lóguðu þá af sínum peningi eptir jóln.

**Höskuldsstaðaannáll:** Veturinn nokkuð hriðasamur. 17. Februarí varð við Eyjafjörð sumstaðar mannskaði og fjártjón í miklu áhlaupaveðri vestan. Síðasta Aprílís kom stórhrið og á útsveitum mikill snjór. Þá varð og víða fjártjón og líka mannskaði her og hvar norðan og vestan læands. Og vorið hart fram yfir krossmessu, og féll peningur af bjargarleysi. Fórst bær [Hjaltadalur] einn í Fnjóskadal af snjóflóði.

**Mælifellsannáll:** Vetur þann var lengst af höstug veðurátt; varð jarðskarpt. 17. Februarí, sunnudaginn í níuvíknaföstu var ofsahrið. Urðu fjárskadar stórir norðanlands. Fórust þrjú stórhundruð fjár í Hegranesþingi, í Vaðlassýslu 10 hundruð fjár saman talið, þar að auki 6 manneskjur, sem úti urðu og dóu með fé sínu. Í Ljósavatnsskarði fórust 5 menn og 600 fjár á 13 bæjum, og á sumum þeirra varð sauðlaust, (svo sem) á Eyjadalsá hjá Ólafi presti Þórarinssyni. Í Reykjadal fórust 2 menn og 800 (fjár), og kona annars þeirra drekkti sér í ánni þar litlu síðar. Í Kelduhverfi (fórust) 800 fjár.

**Vallaannáll:** Fjúkhrið með frosti og hörkum nýársdag. Vetur upp þaðan víðast um landið ærið harður með hriðum, snjóum, stormum og stórvíðrum allt til enda. 17. dag Februarí, sem var sunnudagurinn í níuvíknaföstu, kom mikill fjúkhrið með stormviðri útsunnan, er mikinn skaða gerði á mönnum og fé fyrir norðan land, svo hann var með fádæmum, allra helzt í Vöðlu- og Þingeyjarsýslum. Létust þar í þeirri hrið 12 menn þann sama dag, sinn í hverjum stað. Týndist mikill fjöldi fjár í ýmsum sveitum, einkanlega í Kelduhverfi; var þar sagt farizt hefði eigi færra en hálf tunda hundrað. Ekki síður úr öðrum fjórðungum landsins stórfellir hér og þar á fé og hestum, þá er á leið veturinn, ásamt fiskileysi víðar við sjósiðu. Vor frá sumarmálum sem líkast vetrinum allt að endingu með snjóum, kuldum og gróðurleysi víðast, svo lítt batnaði eður eigi, allt fram um sólstöður. Illviðri með snjókomu fyrsta dag sumarins [þ.e. 25. apríl], miklu meiri illskuhrið, með stormi og sterkviðri, þess hinn fyrsta þriðjudag, 30. Aprílís, hinni fyrri líkust um norðursveitir. Fórst þá yfir 100 fjár á Hallgilsstöðum í Fnjóskadal og maður þar með, svo og 14 hestar á 2 bæjum í Kolbeinsdal: Bjarnastöðum og Skriðulandi. Þá tók snjóflóð bæinn Hjaltadal í Fnjóskadal nálega

allan, og létust 4 menn, en 3 komust undan. ... Sumar upp þaðan [frá alþingi] kalt og snjóasamt fremur, en gott nokkra stund frameptir; varð því að sönnu ekki mikill grasvöxtur almennilega, en þó vonum meiri í sumum sveitum; fór svo fram til þess, að líða tók á töðuslátt, þá batnaði veðuráttan, gerðist hlýtt og þurt, og varð því góð nýting á töðunum og heyskapnum í víðustum stöðum. ... Haustið ágætsgott frá upphafi til endingar, með þurri og stilltri veðuráttu og því hið ólíkasta fyrri hluta ársins, að fráteknum síðara parti sumarsins. ... Vetur til jóla líkur haustinu, góður að veðuráttu, þó heldur vindasamur um jólaföstuna, helzt vestan og útsunnan allt til jólanna. Kyrt, þykkt og hægt veður við landnorður jólanóttina, með engri tunglsbirtu, landnorðan með fjúki jóladaginn; ýmist kyrt eða hláka um jólin upp þaðan til nýárs.

**1738 Viðauki Hítardalsannáls:** Vetur mildur og stórviðralítill. ... Vorið blítt og grassamt sumarið, varð góð nýring sæmilega, en þó haustið vætusamt.

**Grimstaðaannáll:** Þetta var og harðindavetur, nær því sem veturinn fyrir, kom á allraheilgaramessu, og hélzt fram yfir miðjan vetur með jarðbönnum. ... Á einmánuði um veturinn var hin töstugasta veðurátt með áhlaupum; þá gerði áhlaup fimmtudaginn næsta eptir Maríumessu á langaföstu [27. mars]; urðu víða stórir fjárskaðar, bæði í Borgarfirði og fyrir norðan. ... Vestanáhlaup gerði úr blíðu veðri fjórða dag páska með stórviðri og kafaldi. Illar gæftir til sjóarins og nær fisklaust kringum allan Jökul. ... Vætusumar mikið, þá fram á leið, svo að úthey skemmdust víða, en töður nýttust. Góð veðurátt frá veturnóttum til jóla.

**Hvammsannáll:** Veturinn var snjóasamur og víða jarðleysur, og svo mikil fátækt meðal fólks af heyleysi og bjargræðisleysi, svo líka er sagt, úr harðrétti hafi dáið nokkrar manneskjur á Seltjarnarnesi; þar með fjölguðu umhleyppingsdrengir og víða passerar ljótur þjófnauður. Á góunni þann 9. Martii, gerði brim og sjóargang, sem tók út og braut 4 skip með veiðarfærum við Hellisvelli og Dritvík, og degi síðar barst á skipi á Hjallasandi, hvar við maður fótbrotnaði, en annar rfbrotnaði. Á einmánuði, þann 27. Martii, kom skyndilegt útnyrðingsfjúk, sem continueraði í viku. Þá urðu miklir fjárskaðar í Dalasýslu, Húnavatnssýslu, líka í Borgarfirði. Þann 9. Aprílis í útsynningsáhlaupi forgekk áttæringur í Ólafsvík, drukknuðu þar 8 menn, sá 9. komst af, og 2 menn drukknuðu þá í Grundarfirði af bát, Aðrir tveir drukknuðu við Höskuldsey þann 13. ejusdem [sama mánaðar]. Þann 14. gerði stórkafald. Þá urðu úti á Bröttubrekku 2 skólapiltar ...Kona nokkur lá þar og úti, gróf sig í skafli, komst lífs af og heil. – Þann 2 Martii forgekk teinæringur við Vestmannaeyjar með 15 eða 16 mönnum. ... Veðurátt var spök, blíð og góð frá sumarmálum og fram yfir uppstigningardag [15. maí]... en með hvítasunnu og fardögum gerði norðanstorma, sem lengi viðhældust, hvað að hindraði gróður, svo töðufall varð í minnsta máta á tünnum. Seint var tekið að slá, en í 16. viku sumars gerði óþerrir, sem við hélzt með stórhriðum allt til vetrar. Varð því mjög lítill heyskapur, svo heyin fúnuðu, bæði úti og líka í gördum allvíða. Líka urðu heyskaðar í stórveðrum, en með vetrinum gerði gott, allt fram á adventu.

**Höskuldsstaðaannáll:** Veturinn stundum stórhriðarsamur. Hart þótti þá víða með vorinu. ... 27. Martiii skiptapi með 15 mönnum við Vestmannaeyjar. Þann 9. Aprílis urðu tveir skólapiltar frá Hólum á heimleið úti vestur frá. Gengu þá og miklar fjúkhríðir og snjóar frá Maríumessu á langaföstu til suammála.

**Mælifellsannáll:** Vetur þann allan var mjög örðug veðurátt, ýmist með fjúki, frostum, bleytum eða blotum, allt til sumarmála, nema þrjár vikur góu voru veður stillt og hagkvæmn. ... Varð skiptapi í Vestmannaeyjum með 14-16 mönnum. 27. Martii brast á ofsaveður.

**1739 Viðauki Hítardalsannáls:** Vetur ágætis góður. Vorið hlýtt. Sumarið grasmikið; heyföng og nýting í bezta lagi, helzt nær leið á sumar. Haustið gott og þurt.

**Grimstaðaannáll:** Stór harðindi og jarðbönn byrjuðust með nýja árinu í allri Snæfellsnessýslu, og svo líka í Borgarfirði og víðast til að spyrja í Norðurlandi, Dalasýslu og vestanað úr Þorskafjarðarþingi ... var og aldeilis gróðurlaust fram yfir fardaga. Peningafellir allvíða og heylaust í mörgum stöðum, hvað orsök var til, að kyr drápu í hor og kulda um vorið sumsstaðar. ... Heyskaparumar og gott heim til sveita, en í bágasta máta í Snæfellsnessýslu, sérdeilis fyrir óþerrum. .. Skipskaðar urðu víða af sjávangangi og stórbrimi, sem snögglega í gekk um haustið, sunnudagsmorguninn þann 4. Octobris. Fjögur brotnuðu á Hjallasandi, það fimmta á Hellu, fjögur við Hellisvelli. Út tóku og brotnuðu í mola 13 skip í kringum Jökul, en 7 lömuðust, þó bætandi væru. Aðra stórflæði, með sjóargang og brimi miklu, gerði um haustið síðar. Bar þá grjót og sand víða á tún upp, þar sem sjór var nálægt, sem skaði varð að. Var vætusamt, en veðuráttufar hið bezta frá veturnóttum og fram að jólum.

**Höskuldsstaðaannáll:** Vetur í meðallagi. ... 25. Aprílis varð 7 manna skiptapi undir Jökli. Sumarið í betra lagi. Haustið æskilega stöðugt og einstakt að veðuráttu. ... Vetrarveðuráttan framvegis oftast stillt.

**1740 Suðurnesjaannáll:** Týndust tveir bátar á Suðurnesjum með 7 mönnum.

**Ölfusvatnsannáll:** Svo miklir þerrar, að öngvir mundu þvílíka. Þá varð Öxará og margar aðrar smáar rennslur aldeilis þurrar, hverjar menn ei vissu nokkurn tíma þornað hafa, og víða drap sig fénaður í pyttum til að ná vatni.

**Viðauki Hítardalsannáls:** Var árgæzka til lands og sjóar, eins og hið fyrra árið. Heyskapur, fiskirí og öll almennileg höndlan manna gafst og farnaðist vel, með almennilegri heilbriðgi manna á milli. Loptið var og optast þurt og hreint.

**Grímstaðaannáll:** Stórviðri mikil gerði um jólatímamann á Suðurnesjum víða, hvar af urðu bæði skipskaðar, hússkaðar og heyskaðar... Veðurátta sú allra besta, sem menn kunnu að muna, frá jólum og þar til að vika var af góu; þá gerði hann töstugt með umhleypingum og jarðskertlum sumstaðar og sjóbönnum, allt til páska, [páskadagur var þá 17. apríl]. ... Það allrabezta þurkasumar, sem menn kunnu til að vita; aldrei kom vott allt sumarið, fram yfir Maríumessu [14. ág.] og svo fram til krossmessu [14. sept.]. Grasár bærilegt. ...

Norðanáhlaup gerði skyndilega 5. dag í jólum víðast hér um land; ekki varð af því stór skaði á vesturveitum, en fé hraktist þó í Hvamssveit og Dölum, en drapst þó fátt. – Tveir bátar forgengu þennan sama dag á Suðurnesjum; voru 3 menn á öðrum, en 4 á öðrum. – Í Norðlendingafjórðungi urðu stórir fjárskaðar þennan sama dag; það hraktist í sjó og ár, misstist sumstaðar helmingurinn, sumsstaðar meira, sumsstaðar minna. – Í Vöðlusýslu fyrir norðan brotnuðu 24 skip þennan sama 5 d. í jólum.

**Höskuldsstaðaannáll:** Var þá einhver beztu vetur og vorið æskilegt að veðurátta með miklum fiskiafla norðan lands. 5. Maíi lestust Grímseyjarföer tvö við eyjuna, og drukknúðu tveir menn. Þetta vor strandaði hollenzk varningsdugga við Malland á Skaga. Þeim var það gott, sem hlutu. Einn skiptapi sagður að sunnan. Með inngangi Decembris tóku út norður með sjósiðunni af stórbrimi nokkur skip, en færri brotnuðu. 4. Decembris tók snjóflóð á Ufsadal 17 hross. Sex af þeim náðust heil, hin öll dóu. Og í sama mund hljóp snjóflóð á hringverskot í Ólafsfirði svo það umturnaðist. Tvö börn dóu þar, hinir gátu forðað sér. 29. sama mánaðar först víða sauðfé hér og þar innan Eyjafjarðarsýslu í norðanhríð, og í henni lærbrotnaði einn maður.

**Íslands árbók:** Vetur var góður á þessu ári.

**1741 Ölfusvatnsannáll:** Héldust við sömu þerrar, svo víða var bágnt um vatn.

**Grímstaðaannáll:** Veðuráttufar bærilegt eftir jólin.... Hroðaveður mikið var, þegar fam á Góuna kom. ... Skiptapi skeði þriðjudaginn seinasta í góu [14. marz] á Hjallasandi í landtöku; drukknúðu þar af 2 menn, en hinir náðust á floti, illa til passa sumir hverjir. Annað skip brotnaði þar í spón, en náðust allir mennirnir lifandi á floti. .... Stórviðris-skaðagarð gerði sunnudaginn þanna síðasta í góu [19. marz], skömmu fyrir dögun, var á vestan. Undan þeim garði um nóttina gengu yfir 20 skruggur með eldingum og ákefða regni. Yfir 20 lophjallar féllu niður í kringum Jökul og Eyrarsveit. Mörg skip brotnuðu í Snæfellsnessýslu, kringum Jökul inn að Helgafellssveit, Skógarströnd og eyjarnar þar undir liggjandi; einninn á Skarðsströnd og þar undir liggjandi eyjum brotnuðu sem menn til vissu, 35 skip, með smáum og stórum. Þar hafði ei þvílíkur skaði skeð í mannaminum; hey og hús rifu og tóku til skaða, nefnilega í þessum sveitum. – Annan stórviðrisgarð gerði á Maríumessu á langaföstu [26. marz] nær svo mikinn. Þar varð ekki stór skaði af. ... Grasleysissumar hið mesta, sérdeilis á öllum harðbala túnum, svo það gerbrann af þeim, svo hraun eður sandur var undir. Aldrei kom skúr frá krossmessu og þar til vika var af Marteinsmessu [þ.e. frá 14. maí til 8 ágúst]. ... Í stórviðrum um haustið forgengu 2 hollenzkar duggur fyrir austan, önnur fór aldeilis í sjó með mönnum og öllu; af komust nokkrir á bát sem (þeir) ýmis settu eður leiddu í gegnum hafis, því að fyrir austan voru hin mestu harðindi, bæði upp á fisk og gras, þar var hinn mesti grasbrestur, svo að þar sem á almennu ári fóðruðust 8, 9 eður 10 naut, voru ekki lán vera nema 3 eður 4, því að hin mestu stórviðri með regnum komu á viku fyrir Marteinsmessu.- Hin fjórða hollenzka duggan forgekk austur lengst í Austfjörðu, komust allir til lands og náðist mestallt góssið.

**Höskuldsstaðaannáll:** Veturinn að veðurátta í betra lagi. Þann 19. Martii ... skaðlegt stórviðri suðvestan, svo margt reif og sleit. Nóttina fyrir 16. Aprílis hleypti enn hollenzk varningsdugga upp á Borgarsand (eður nær Sauða) og strandaði. ... Þann 27 Maíi fórust í miklu áhlaupaaustanveðri 2 skip fyrir Fljótum með 15 mönnum alls. ... 29. sama Maíi kom stór fjúkhríð. Varð kné- og kviðsnjó (við sjósiðuna norður frá), lá lengi á, og framvegis var köld veðurátta í Junio, svo vorið þótti mjög hart. ... Sumarið stundum vott. ... Veturinn til jóla fjúkhríðasamur.

**Íslands árbók:** Vetur í meðallagi.

**1742 Ölfusvatnsannáll:** Um sumarið á öndverðum slætti féll hagl yfir staðinn Skálholt svo stórt, að þegar það hafði legið fram á hinn daginn, þá vó eitt kornið við ½ ríxdal. Ekki kom þetta hagl víðar.

**Grímstaðaannáll:** Veðuráttufar frá jólnum og til þorra bærilegt, þó með snjóbönnum, stórir hroðar og jarðleysi, nefnilega fyrir norðan, en frá þorraum og til miðgöunnar ein hörkuskorpa með jarðleysum, stórfrostum og köföldum. ... Frost komu þau á góunni, að sjóinn lagði svo á Breiðafirði, að á Hjallasandi sá ekki til sjóar fyr en framan dýpstu mið, svo ekki varð róið. Það varaði ekki lengi; til allra inneyja mátti ganga, bæði í Fagurey og Bíldsey og þvert yfir allt Breiðasund, hvar vildi. Svoddan frost mundu menn ekki næstliðin 40 ár, en eptir miðgöuna batnaði.

**Höskuldstaðaannáll:** Jarðbönn víða um norðursveitir. Harður þorri og hrossadauði um Eyjafjörð. Ís kom inn á Eyjafjörð á góu með jarðleysu á landi. ... Ísinn dreif út og inn um Eyjafjörð í Majo og um síður út að fullu fyrir fardaga.

**Íslands árbók:** Var harður vetur. Féllu víða hross og sauðfé. Vetur og vor í harðara lagi upp á snjóa og frost. Grasvöxtur var í meðallagi og gott haustveður fram á vetur.

**1743 Grímstaðaannáll:** Var hinn mesti harðindavetur eptir jólin og víða stórfellir, hörð frost, svo að útiverumenn kól sumsstaðar. Skiptapar urðu og víða með manntjóni um veturinn á Suðurnesjum.

Laugardaginn fyrir páska [13. apríl] varð stór mannskaði á Suðurnesjum. Þar fórust 8 bátar með mönnum, komust fáir af, drukknuðu 18 menn, sem menn til vissu... ... Skiptapi varð vestra um vorið í Keflavík hjá Rauðasandi; voru á 6 menn, drukknuðu 4; það var um seinni vertíðartímamann.

**Höskuldstaðaannáll:** Rak ís inn á einmánuði og allur Eyjafjörður af honum uppstappaður. ... Vorið kalt. Ísinn rýmdist fyrst um fardaga, rak út um Jónsmessu. ... Gras í meðallagi. Fimm skiptapar sagðir að sunnan og vestan. ... Að austan sagður óþerrir og töður skemmdar.

**Íslands árbók:** Var góður vetur upp á veðuráttu og jarðir.

**1744 Ölfusvatnsannáll:** Veturinn var mikið góður með regnum allt til sumarmála.

**Grímstaðaannáll:** Voru vatur með útsynningsfjúkum, en alltjafnt nógum jörðum hér á vestursveitum. ... Veturinn sæmilegur og haustið fram til jóla. ... Skiptapi varð í Beruvík þrem vikum síðar, á þriðjudag, sem var 10. Martii; voru 9 menn á, áttu þar heima; það var í landtöku, drukknuðu 8, en einn komst af, sem var formaðurinn. ... Eptir krossmessuna um vorið varð skiptapi á Malarrifi; voru 8 menn, formaðurinn ... komst af, og annar til, en 6 drukknuðu og fundst aptur.

**Höskuldsstaðaannáll:** Vetrarveðuráttan var hin bezta. Sást nokkur gróður á þorra. Snjólaust oftast og stillt veður þar til í síðustu viku góu, síðan stundum fjúkasamt og vorið oftast kalt. Sumarið í betra lagi til sjós og lands. ... Haustið var tíðum frostasamt.

**Íslands árbók:** Var góður vetur, sérdeilis fyrri parturinn.

**1745 Ölfusvatnsannáll:** Vetur snjólaus til sunnudagsins seinasta í góu [21. marz], með miklum frostum, svo klaki varð yfir 2 al. þykkur. Þann sunnudag fór að drífa snjó. Það gekk nærri í 6 dægur, svo hann varð minnstur í buxnastreng, og eptir af honum var í byggð til krossmessu. Þá lagði mikinn part af Faxaflóa á útmánuðum. Fiskaðist vel vel, þar til ísana lagði, en úr því varð ei róið. Vorið var kalt, því þá bílagði hafís allt landið, nema hann fór ekki inn á suðurflóann. Á honum komu á land 3 bjarndýr og ótal fálkar og refar, sem menn þenkjast hafa verið frá Grænlandi. ... Vetur þíður til jóla.

**Grímstaðaannáll:** Hinn mesti frostavetur, sem menn nýlega til mundu. Ís lagði fyrir Hjallasandi á þorranum, svo þar varð ekki róið nokkra daga; sama var í fyrstu viku góu; varð þá ekki heldur róið á Sandi eður Rifi. Hafís rak fyrir allt Norðurland og inn í hvern fjörð. Undir jólin lagði lagnaðarís framan að honum, og varð svo allt klemmingur. Komu bjarndýr, 4 eður 5, á fyrnefndum hafís; voru drepin af þeim 2 eða 3. ... Grasleysi var hið mesta þetta sumar, svo engir mundu þvílíkt og ekki elztu menn, hvert svo jafnt yfir gekk, því klaki var þá í jörðinni um og eptir höfuðdag. ... Skiptapar urðu og víða á þessu ári. Einn varð í Rifi milli áttadags og þrettánda, voru á 9, drukknuðu 3, en 5 komust af. ... Skip brotnaði og á Gufuskálum, þriðjudaginn í föstuinnangi þann 2. Martii; þeir stýrðu upp á Hestsker (þar svonefnt) og brutu þar skipið, en mennirnir komust af... Skiptapi varð í Dritvík á þriðjudaginn í efstu viku fyrir páska, 13. Aprilis, forgekk á útsjó; meinast boði hafi slegið því um í útsynningshroða; voru á 7 menn. ... Um veturinn undir jólin drukknuðu af bát 5 menn á Álptanesi á Mýrum.

**Höskuldstaðaannáll:** Gengu stórhriðir oftlega norðan með gegnumþrengjandi frostum. Rak ís að öllu Norðurlandi í miðþorra og inn á Eyjafjörð, svo hann fylltist allur. Ísinn á firðinum var genginn og riðinn þvert og endilangt og eins fyrir utan land, á og af Siglunesi. Og þrír menn komu gangandi úr Grímsey á land. Rýmdist ísin fyrir skip ekki fyrir en eftir krossmessu (14. Maí), svo þá kom skip úr Grímsey. Kaldur sauðburður. Magnlega hart vor. ... Batnaði veðurátta í 12 viku sumars, og tók fyrst gras að spretna. Heyskapur í meðallagi, sumstaðar síðri. ... Harðindi voru þá sögð að austan.

**Íslands árbók:** Var góður vetur fram á miðjan þorra, þá harðnaði og gengu ákafleg frost, meiri en elztu menn vissu dæmi til, langt fram á vor. Fyllti og með hafís fyrir öllu norðurlandi og var ferðazt á ís með klyfjaða hesta um Eyjafjörð út að Ólafsfirði og Látrum fram í fardaga. Einninn var hafís austan frá Horni og suður að Landeyjum, hvar á komu bjarndýr og voru nokkur af þeim unnin. Harðindi gjörði á Norðurlandi, því meiri því norðar, so varla tóku að litkast um Jónsmessu. ... Grasbrestur í meira lagi varð um sumarið, bæði á töðum og útengi.

**1746 Ölfusvatnsannáll:** Vetur í meðallagi eftir jól til góu, úr því hinn bezt. ... Vorið var kalt og mjög vindasamt. Sumarið gott og gras í meðallagi. ... Haustið var gott. Vetur til jóla og svo góður.

**Grímstaðaannáll:** Jarðbönn í velflestum vestursveitum, sjóbönn og fiskleysi víða. Heylausir margir, þegar fram á góu kom, en sérdeilis komu þessi jarðbönn að liðnum jólum og sumsstaðar undir þorrann, en þelaleysi upp jörðina í miðgóu. ... Kuldsasumar með snjóum til fjallanna, úr því liðin var Maríumessa. ... Stórkostleg frost með stormum og frostum á norðan alla jólaföstuna fram að nýja ári, gaf aldrei að róa við sjóinn, en í víðustum stöðum nógar jarðir. ... Skiptapi varð á Hjalasandi um veturinn á góunni, 28. Martii, lítinn kipp utan Brimness, í hægum norðanvindi, voru á 9, meinast, að róíð hafi verið upp á skernagg, og brotið þar gat á skipið, hvert eð óbrotið var að öðru, nær sótt var; kom að þeim annað skip með mönum, og þó tvö, og sáu mennina á kjölnum 3 eður 4, og gátu engum náð fyrir áhlaðanda og grynningum. Formaðurinn hét Finnur Egilsson, og drukknuðu þeir þar svo allir 9.

**Höskuldstaðaannáll:** Veturinn hríðasamur. ... Sumarið í meðallagi til lands og sjóar. ... Stórhriðir um jólin.

**Íslands árbók:** Góður vetur fyrir norðan land, en harðari fyrir sunnan með fjár og hrossafellir. ... Skiptapi einn á Breiðarfirði með 9 mönnum, annar á Hjallasandi með 7 og þriðji í Örafum austur með 12 mönnum.

**1747 Ölfusvatnsannáll:** Vetur góður frá jólum. ... Vorið vætusamt og kalt, svo báglega nýttist fiskur og annað. Á því vori féll sú mikla skriða eður jarðarumrótan úr Esjunni, sem aftók mikinn part Öfugskeldu og Sjávarhóla-land. Hún tók til sjávar ofan, svo mikilfengleg, að ekki er auðvelt frá að segja. ... Sumarveðráttu gjörðist góð og grasvöxtur með sólstöðum. Sumarið og haustið var vott, svo víða skemmdust hey og annað það sem útiþerris við þurfti, og strax um réttir gjörðust sjórosar.

**Grímstaðaannáll:** Var frostavetur og hið mesta harðindisár upp á bjargræði. ... Skiptapar urðu og þetta ár. Einn varð á Suðurnesjum, deyðu 4 menn. Í Rífi varð og skiptapi fimmta dag í hvítasunnu [25. maí] í norðanvindi, þar á Stofusundinu, sigldu þar inn af og kostaðist um skipið. Formaðurinn hét Guðni Ögmundsson, afgangall og alvanur formaður, þar voru á 6, drukknuðu 5, en einn komst á kjölinn og náðist þar af mönnum á öðru skipi.

**Höskuldstaðaannáll:** Fjúkasamt og jarðleysur fram undir sumarmál og vorið kalt og hríðasamt til tveggjapostulamessu. Þá batnaði, svo gras spratt í meðallagi. Sumarið stormasamt og óstöðugt, misjafn hefyngur og nýting helzt til útkjálka. 12 Maíi forgekk skip í Ólafsfirði með 9 mönnum. ... Mælt var, að 17 hvalaraskip hefðu hið fyrra árið [1746] í rekísi farízt. ... Haustið votsamt. Kom á fyrir vetur með snjóum. Voru iðulega fjúk og fannir og óvíða norðan lands embættað á kirkjum fyrir hríðum um jól. Átta manna skiptapi á Skaga.

**Íslands árbók:** Var góður vetur sunnanlands, en harður fyrri norðan. Batnaði með sumarmálum og gjörði gott grasár. ... Skiptapi um vorið í Ólafsfirði með 6 mönnum, sem lágu úti í hákarlalegu, annar á Skaga með 8 mönnum, sem leituðu sér að lendingu í fiskiróðri um haustið.

**1748 Ölfusvatnsannáll:** Vetur frá jólum til einmánaðar með iðuglegum þíðum og góðviðri, svo enginn mundi þvílíkt. Kólnaði þá nokkuð, þó með mestu hægd. ... Vorið var í meðallagi, þó heldur kuldasamt. ... Grasvöxtur var um sumarið í betra lagi. En frá því til fardaga til miðsumars voru jafnlega landsynningar með stórregnum og síðan þar frá til Michaelismessu iðuglegar vætur, svo aldrei kom þurr dagur til enda, með stórregnum í bland, tvö, þrjú og jafnvel fjögur dægur samfleytt. Þá heyjaðist mjög lítið, og líka skemmdist



það sem í garðana komst, svo fólk lógaði peningum sínum langt framar venju. Öngvir mundu þvílíkt árferði. ... Haustið frá Michaelismessu var mjög vindasamt með snjórosum allt til veturnótt. Þá komu þerrar og heidríkjur, svo og temmileg frost, og þar eftir óstöðugt veður, svo veturinn var til jóla í meðalmáta. Á því hausti urðu úti á Reykjaheiði fyrir norðan í fjúki 5 manneskjur í einum hóp, 3 karlmenn og 2 kvenpersónur, fornemme fólk; fannst um sumarið eftir í fönn, þá upp leysti. ... Þann 22. Decembris, sem var 4. sunnudag í aðventu, gjörði fjúkbyl á austan. Þá fennti fé og hraktist víða, svo fjárskaðar urðu.

**Grímstaðaannáll:** Var hinn allrabezti vetur, sem menn muna þóttust þá að nýjungu. Á þorranum kom grænt gras, svo að útigangspeningur beit en annað gras en vetrarlauk og grænt gras. Klakalaus jörð á þorra. Í seinustu viku góu [þ.e. milli 17. og 24. marz] gerði stórkostlegt norðan íkast í heila viku. Var svo bærilegt aptur efstu vikuna fyrir páska [7.-14. apríl], en gerði norðankulda eptir páskana með stormum og sjóbönnum til uppstigningardags [23. maí]. ... Frost og kulda gerði fyrir veturnæturnar. Þá urðu úti fyrir norðan 5 menn í Víðidalnum. ... norðankuldar um alla jólaföstuna og jarðbönn víða í sveitum. Fjárskaðar urðu í Helgafellssveit, 50 fjár á Hrísum og víðar annarsstaðar þar í sveit, 113 sauðir hróktust út í sjó í Þurholtum á Mýrum, 11 sauðir á Grímsstöðum þar heim frá. Óþerrasumar hið mesta hér fyrir. ... Sex menn urðu og úti um haustið fyrir norðan í Þingeyjarsýslu, dóu allir.

**Höskuldstaðaannáll:** Með ársins byrjun hlánaði og batnaði veður. ... Með Aprili harðnaði veðurátta með norðanhríðum og sterkum frostum. Rak ís að Norðurlandi og inn á Eyjafjörð um sumarmál. Vorið sárkalt til Urbanus [Úrbanusmessa var 25. maí]. ... Sumarið var tíðum vott og vindasamt. Heyjaðist víða lítt. Haustið óstöðugt. 14. Septembris ofsalegur vestanstormur. Misstu þá margir hey, sumir heim komið, og líka skip við sjósiðuna. Skriða féll í Augusto á Hornbrekku í Ólafsfirði. 10. octobris urðu úti á Reykjaheiði í Þingeyjarsýslu í stórhrið fimm manneskjur. Lagði að með iðulegum fjúkum, frostum og snjóum eftir Michaelismessu [29. sept.]. Þó hlánaði stundum, Hríðir miklar um aðventu, mestar um jól.

**Íslands árbók:** Var hinn bezti vetur með sífelldum þíðum fram á útmánuði. Þá gjörðist kalt vor fram í fardaga. Lét seint við gróðri norðan lands, en varð þó sémilegt grasár. ... Stór regn gengu um sumarið syðra, og nýttust hey illa. ... Á Reykjaheiði í Norðursýslu urðu 5 manneskjur úti í stórhrið, sem upp á kom fyrir veturnætur, og fundust ei fyrr en um vorið eftir fardaga. Skiptapi suður á Nesjum þann 5. sunnudag í föstu. ... Varð um haustið lógað miklu fé og nautpeningi sakir heybrests og illra nýtinga. Settist og veturinn mjög snemma að, strax eftir Mikilsmesu. Hlánaði undir jólaföstu, en kom strax á aftur, og gjörði hin mestu jarðbönn.

**1749 Ölfusvatnsannáll:** Vetur frá jólum byrjaðist góður. Gjörði skorpu frá geisladeigi til góu. Batnaði þá og varð gott. Sá vetur var allur, bæði fyrir og eftir jól, með iðulegum vindum á austan og landsunnan, en skjaldan af öðrum áttum.... Vorið var kalt, vott og vindasamt til imbrisviku, batnaði þá með trinitatssunnudegi [1. júní] og varð mikið gott, bæði til lands og sjávar, svo sumarið var eitt af þeim beztu. Haustið vott og vindasamt með rosaveðráttu. ... Vetur til jóla var einn hin bezti.

**Grímstaðaannáll:** Frost og kuldar frá nýja árinu og allt til þorraloka. Ekki varð róið vestan Jökul allan þorra út fyrir ísalögum og norðanstormum. Jarðbönn beggja megin Jökulsins það í frekara lagi verið hafði í 40 ár. Þann 14. Februaríi brotnaði skip í Beruvík af þeirri orsök: Þar reru tvennir um moguninn og gerði stórviðri norðan með hinu mesta kafaldi; komust aðrir upp undir Stóruveyri, hleyptu þar upp til skipbrots, komust allir með lífi á land. ... Aðrir lentu heima, þar langt austan lendinguna; var hjálpað af mönnum, bæði þeim og skipinu, lítt eður ekki brotnu. ... 17. Februaríi ... varð skiptapi í Dritvík, þar í lendingunni, í norðan stórbrimi. ... Þar dóu 7 menn, en 2 komust af. Fimm skip önnur voru þar ei að komin; þorðu engir af þeim að lenda, því þá var komið fellibrim, og voru sumir þeirra á legunni, þegar fyrr á minnt skip forgekk, andæfðu svo um nóttina framundan Djúpalónssandi, en reru þó fyrst austur undir eyjar; var þar stórviðri austan fyrir. Lentu svo í Dritvík um morguninn, og tókst öllum vel. Hlánaði með góunni og tók víðast upp jörð nálægt. ... Hafís rak inn á þorranum fyrir norðan land; honum fylgdi í mesta máta víðarreki, því að kuldar með frostum og hörkum voru allan þorran út, en með góu bantaði nokkuð og hlánaði, en bezt með einmánuði, og bærileg veðurátta var fram til krossmessu. ... Skiptapar urðu ennþá fleiri en fyr eru nefndir á þessu ári. ... Skiptapi varð fyrir norðan nálægt Ólafsfirði. Voru á 6 menn, drukkuðu allir. ... Skiptapi varð í straumnum ofan Brokey, kallaður Mannabani, voru á 6, 2 karlmenn og 2 kvenmenn komust af, en þeir þriðju tveir drukkuðu.

**Höskuldstaðaannáll:** Þorri var einn hinn harðasti norðan lands, með hríðum, snjóum og jarðbönnum. Kom ís. Gekk hrossafellir víða, fjár- og nautaskurður. Vorið í betra lagi. ... Sumarið var, líka haustið, óstöðugt að veðuráttu. Fjúksamt undir og um jól.

**Íslands árbók:** Byrjaðist árið, so sem hið fyrra endaði, með stórum óveðrum og snjóföllum, so varla mundu menn slíkt. Féll þá fjöldi hrossa í hungri og hor, líka lógað fjölda sauðfjár af heyjum. Létti ei þessum harðindum fyrr en í miðgöu. Þá þiðnaði fyrst. ... Þetta sumar var graslítið og ill nýting heyjanna sakir votviðra.

**1750 Ölfusvatnsannáll:** Vetur frá jólum miðlungi, með iðuglegum úrkomum, ýmist af snjó eða regni, fyrir kyndilmessu gömlu [13. febr.]. Fór þá að smáherða á með jafnlegum snjó og áfreða, hagleysi alltið meir og meir, er hélzt við til Magnúsdags [16. apríl]. Batnaði þá og varð góð vorveðrátta. Samt vegna undanfarinna vetrarharðinda ... varð víða stráfellir á útípeningum, sérdeilis sauðfé, svo sumir, áður af fé vel ríkir, áttu lítið og nokkrir ekkert eftir af því. ... Vorið var kalt og vindamsat, þó við meðalmáta. ... Sumarið var gott og grassamt, með góðri nýtingu sunnanlands. Brá til vætu með Maríumessu fyrri. Nýttust þó hey til höfuðdags, en úr því ekki. En í hinum fjórðungum landsins var bág nýting og graslítið. ... Haustið var vott og vindasamt til veturnotta, batnaði þá og varð þurr og góð veðrátta, svo vetur var til jóla einn sá allra bezt.

**Grimstaðaannáll:** Vetur dágóður fyrir jól og eptir, en ógæftir til sjóarins víðast kringum Jökul. ... Tveir skiptapar urðu syðra, annar á Akranesi, voru á 4, ... drukkuðu 2 en formaðurinn og annar komust af. Hinn skiptapinn syðra skeði við Engey og drukkuðu allir sem á voru. ... Hafís var allt þetta ár frá 1749 um jól og allan veturinn, allt vor og sumarið, og fram undir haust. Voru þá hin mestu harðindi um Strandir norður, einninn í Húnavatnssýslu, en rekaviður hinn allra mesti undan og í hafísnum, hvar af fólkið hafí mikið gagn. ... þetta var þurkasumar hið mesta, en lítill töðugrasvöxtur.

**Höskuldstaðaannáll:** Spilltist veðurátt með föstuinngangi. Rak ís að Norðurlandi á einmánuði með austanhríðum. Var Húna fjörður fullur af ísi eftir sumarmál fram til krossmessu. ... Vorið var kalt. Fór ísinn burt í 12. viku sumars [um 25. júlí]. ... Iðulegur óþerrir af þokum og skemmdust víða töðurnar. Einninn haustið óstöðugt.

**Íslands árbók:** Fyrri partur vetrarins viðraði allvel og fram á göu. Síðan harðnaði, og kom þung skorpa fram á vor. Þann 12. Martii gjörði mikla vatnshríð, sem orsakaði bæði skriður og stjófílóð, hvar af ýmsar jarðir fengu skaða, og sums staðar tók hey og fjárhús. Urðu og harðindi meðal fólks, so peningi varð lógað til matar. Fyllti upp með hafís fyrir öllum Vestfjörðum og Norðurlandi. ... Haustið viðraði vel og fram á vetur.

**1751 Ölfusvatnsannáll:** Vetur frá jólum með náttúrlegri veðráttu hinn allra bezt. ... Vorið var gott og þurrt. Gjörði sterkan kulda og storm með bænadegi [kóngsbænadegi 7. maí], og hélzt sú veðrátta í hálfan mánuð með minnilegum frostum. Batnaði svo aftur og gerði gott. Þó var seint um gróður, því að jörðin var víða dauðkalin. Um sumarið var bezta veðrátta og nýting, þó graslítið væri. ... Sáust víða um Suðurlandið flugur, líkar litlu fiðrildunum gráu (af hverjum ogso var óvenjulega mikið), utan þær voru langtum stærri og svo sem safranóttar að lit, með tveimur öngum fram út höfðinu og sínum knappi á hvörjum anganum, nefndar af sumum náflugur. ... Haustið var vætusamt frá Michaelismessu. Í austurfjórðungi landsins gjörðu hallæri vegna grasbrests, ónýtingar af vætu, svo þar gekk, og af því að fiskur fékkst þar ekki, svo að á þessu sumri dóu þar í vesöld 70 manneskjur, sem sannspurðist. Vetur til jóla mikið góður.

**Grimstaðaannáll:** Sá mesti frostavetur eptir jólin, einlægt út allan þorra, svo menn mundu þau ekki að nýjungu meiri. Riðið og runnið sjóarís um allar eyjar fyrir Helgafellssveit, Skógarströnd, Skarðsströnd, einninn Breiðafjarðareyjar undan Reykjanesi, sem og Breiðasund milli Brokeyjar og nálægra eyja, einninn milli Öxneyjar og Hrappseyjar, allt Breiðasund, jafnvel yfir um röstina milli Purkeyjar og Rifgirðinga. ... Haustveðrátta í betra lagi og jafnvel í bezta máta allt fram til jóla, þó með sjóbönnum og fiskileysi kringum Jökul. Frosthægt og snjólaust til jólanna.

**Sauðlauksdalsannáll:** Árferði hart á Íslandi, vetur frostamaikill af hafís, sem öndverðan vetur umgirti Norðurland. Peningafellir í Múla- og Norðusýslum mestur, en víða bjargarskortur. Sókti suður uppflosnað fólk að norðan. Vorið var kalt, sumar graslítið, en nýting góð.

**Höskuldsstaðaannáll:** Veturinn var hríðasamur og harður. Rak ís að og inn á góí, allur Húna fjörður uppstappaður. Gengu menn á Skagaströnd á ísinn, drógu hákarlinn hrönnum upp um vakir og báru á land á hestum. Vorið kalt. Ísinn lá lengi við. Hvergi að heyrðist hér fyrir norðan fiskifengur um Jónsmessu og síðan fiskifátt og sjaldróðið. ... Grasvöxtur og heyskapur misjafn. Sumar- og haustsveðuráttu óstöðug. ... Það haust fórst vermannafar til Verstmannaeyja með átján mönnum (að skrifað var).

**Íslands árbók:** Harðnaði veðurátt með miðjum vetri. ... Vorið var næsta hart upp á veðuráttu, so fénaður féll bæði norðan og austan lands, einkum í Vopnafirði, hvar ein kirkjusókn, sem kallast Refstaðir, aleyddist að fé,

en prestur og sóknarfólk, það sem ei féll í harðrétti, flakkaði suðaustur eftir. ... Sumarið varð gott grasár fyrir norðan, en hið daufasta fyrir sunnan og vestan. ... Haustið og veturinn fram til nýárs víðraði í bezta máta.

**1752 Ölfusvatnsannáll:** Vetur frá jólum til góu hinn bezti. Skipti þá um og gjörði snjógang á vestan og útsynningsrosa, sem hélzt til Leonisdags [11. apríl], með frosti frá páskum. Batnaði þá um stund. ... Jarðskjálftar voru miklir þann 8. Februarí, svo víða hrundu bæir og hús í Ölvesi og líka sumstaðar hey. Þar eftir í freka viku eða nær því í hálfan mánuð meintu menn skjaldan kyrra vera, og lengi fram eftir vetri varð vart við þær hræringar. ... Vorið hart og kalt. Gjörði fjúk og frost í annarri viku sumars frá bænadegi [28. febr.], sem hélzt til hvítasunnu [21. maí], og víða var skortur á heyi. Féllu því útipeningar og víðureldi tapaðist mikillega. ... Sumarið gott, þó kalt, með grasi í meðallagi. Óþerrir frá Jónsmessu til Maríumessu fyrri, nýju [15. ág.], svo töður hröktust mjög.

**Grímstaðaannáll:** Var sá allrabezti vetur bæði fyrir jólin og eptir, allt fram til þorraloka .... Þó spilltist veðuráttan, og gerði jarðbönn með góunni, og fiskleysi í kringum allan Snæfellsjökul, og þetta fiskleysi varaði fram yfir sumarmál, en jarðasnöp komu upp viku eptir páska [páskadagur var 26. mars]. Peningafellir og hallæri meðal fólks í flestum sveitum með stórkostlegum skyndigörðum bæði á góunni og líka eptir páska. Í Borgarfirði varð hinn mesti fjárskaði um vorið, sem menn til vissu, hvert aðskiljanlega drapst; var samanreiknað féð, sem fallið hafði í Mýrarsýslu, var sagt, verið hefði 2000 fjár. Mannskaðar og skiptjón urðu víða. Á Suðurnesjum forgengu 7 eður 8 bátar, 3 af þeim á Seltjarnanesi, sá 4. af Álptanesi ... Vestmannaeyjafjar forgekk fyrir austan með 17 eður 18 mönnum. - Skip forgekk, á góunni, sem reisti frá Bjarneyjum með 3 eða 4 mönnum... Skiptapi varð og í Beruvík í einum skyndigarði, mánudaginn næsta fyrir kongsbænadaginn ... með 8 mönnum. ... Annar skiptapi varð sama dag við Akur hjá Görðum í Staðarsveit, var með 7 mönnum... Skiptapi varð og síðar um vorið heim á Mýrum með 3 eða 4 mönnum... Enn varð skiptapi í Keflavík hjá Hjallasandi um sumarið þann 24. Julíi í góðu veðri ... voru 5 alls. ... Þetta var hið mesta vætusumar, skemmdust víða töðurnar, en þornaði nokkuð eptir Maríumessuna um sumarið.

**Sauðlauksdalsannáll:** Hart áferði á Íslandi, einkum upp á bjargræðið til lands, heynýting slæm, en frost og kuldar fyrir jól.

**Höskulstaðaannáll:** Veturinn var góður til föstuinngangs 13. Februarí, síðan á góu hríðar-og vindasamur af vestri, en framvegis af norðri. Vorið oftast kalt. Jarðskjálfti um veturinn austur í Ölvesi svo mikill, að 12 bæir höfðu laskazt og ein kirkja fallið að veggjum. Fiskiskip forgekk ... syðra, druknuðu þrjú menn, fjórða var hjálpað. Annað fiskiskip forgekk í Garðinum. ... Eftir þær miklu norðanhríðir og snjóá um páska [páskadagur var 2. apríl] kom 15. Aprílís stórregn og mikil leysing. Féll þá snjóflóið á Gönguskarð, sérdeilis baðstofu; urðu þar undir átta manneskjur. Og víða skemmdust þá tún og engjar. 24. Aprílís forgengu þrjú skip undir Jökli. Vestan hlutir litlir og harðindi þar. ... Enginn fiskafli norðan lands til miðsumars. Oft kalt. Grasvöxtur lítil. Heyjaðist lítt.

**Íslands árbók:** Byrjaðist tíðin með sömu góðu veðurstöðu, sem hélzt fram í þorralok. Þá harðnaði nokkuð að sönnu, en tók þó ei fyrir jarðir. Fyrir vestan Rauðamelsheiði var miklu harðara, og féll fjöldi hrossa. Suður í Ölvesi hrundu um veturinn 11 bæir fyrir jarðskjálftum. Íteru urðu 2 skiptapar suður á Nesjum. ... Grasvöxtur var í meðalmáta og víða þaðan af minni, en ill nýting á heyjum sakir votviðra. ... Haustið og veturinn fram á jól féll mjög misjafnt fyrir sunnan og vestan með snjóum og jarðbönnum, en á Norðurlandi með þíðviðrum.

**1753 Ölfusvatnsannáll:** Vetur frá jólum til þess daginn eftir Matthíasarmessu [24. febr.] snösusamur með sjógangi og blotum. Gjörði þá góða hláku, sem hélzt með regni til Gregoriimessu [12. mars], síðan snjógangur. ... Vorið með iðulegum vindum, svo vel sem veturinn, þó oftast gott upp á landið. Byrjaðist snemma gróður, en fékk seinlega framför, og því blómgaðist fénaður seint. Úrkomur voru og með jafnaði um sagðan tíma, þó ei mjög miklar til þess 19. Maíi, en þar eftir sífelldar stórhriðir, með vindum og óveðráttu, svo nálægt aldrei gaf upp allt til sólstaða, og því króknuðu víða kindur, sem fóru úr ullu. Mjög svo var og fisklítið um vorið, og þess vegna voru harðindi bæði til lands og sjávar. Sumarið gott með grasi og nýting í meðalmáta. ... Eldur var uppi seint um haustið norðarlega í austuróbyggðum. ... Vetur til jóla hinn bezti, utan kuldaköst gjörði á jólaföstu. ... Ís kom á Þingvallavatn viku fyrir jólaföstu, er ei þótti venjulegt fyrir sólstöður.

**Grímstaðaannáll:** Nú tóku til að aukast harðindaárin, bæði til lands og sjóar. Jarðleysi byrjaði á þrettánda alstaðar sunnan Jökul frá Drangahrauni og heim undir Hafursfell, einninn í Dölum víðast, svo og í Eyrarsveit

og Neshrepp allvíða. Harðindi var og til bjargræðis víðast kringum Jökul og jafnvel heim til sveita sumstaðar. Jörð kom nóg upp alstaðar, þá vika var af góu [um 25. febr.] og var þá hláka í hálfan mánuð með mikilli útsunnan og sunnanátt, og hinn mesti viðarreki fyrir sunnan Jökul, sem menn til vissu. Vindasöm vertíð og illar gæftir. ... Stórharðindi upp á bjargræði í Norðurlandi víða, nefnilega í Vöðlusýslu og Þingeyjarsýslu, en vetrarfar bærilegt. Þerralítið sumar, úr því tún voru uppi, svo úthey skemmdust víða. ... Skaðabrim og stórflæði gerði, skammt fyrir Mikaelmessu kringum Jökul og víða annarsstaðar. Brotnuðu í spón 8 bátar við Hellna, tveir við Látur, einn á Stapa, svo og fyrir innan fjall, einn á Haukabrekku; einninn á Sandi löskuðust einn eða tveir. Misstu og nokkrir hey út í sjó, sem flæðiengjar áttu. Mesta harðindaskorpa byrjaðist fyrir norðan, sérdeilis á Skagaströnd og Skagafirði, einninn Skagafjarðardölum, strax eptir allraheilagramessu, með jarðbönnum og snjóum ásamt í allri Húnavatnssýslu í vel flestum stöðum, svo að peningur tók að hrynja niður á jólaföstudni, sérdeilis á Skagaströndinni fyrir norðan og þar nálægt. Hallæri stórkostlegt upp á bjargræði manna á milli fyrir norðan og beggja megin við Langanesið, og umferðarfólkið meir en til dæma um allar sveitir, og sérdeilis safnaðist það á sjóplássin; tók og til að byrjast þjófaöldin víða.

**Sauðlauksdalsannáll:** Árferði rétt aumlegt á Íslandi. Umhleyplingar með vætum og rosum og ill nýting heyja haustið fyrir hvar af varð eftir mikla peningalógun stórfellir víða um land, en allra mest fyrir norðan, hvar þorrinn af hestum féll og mestallt sauðfé, so nokkrir góðir bændur flosnuðu þar upp, nokkrir urðu rænulausir. Fyrst komu harðindin hin árin í Múlasýslu austur og héldu enn við. Á Ströndum var og hallæri. Veturinn var áhlaupasamur með fjúkum og hvassviðrum. Í Mýrasýslu féllu á hinum efra hluta 4000 fjár. (Þessi harði vetur var 1752-1753).

**Höskuldstaðaannáll:** Veturinn að veðuráttu bærilegur. Vorið stundum kalt.

**Íslands árbók:** Byrjaðist með sama veðurfari sem hið fyrra endaðist, og þanninn hélzt allan veturinn út. ... Fiski í kringum landið í meðallagi, grasvöxtur í sama máta, en víðast ill nýting heyjanna sakir votviðra. ... Haustið og veturinn fram til nýárs féll bæði norðan og vestan lands mjög harðlega með stórsnjóum og jarðbönnum framar en dæmi voru til í langan tíma.

**1754 Ölfusvatnsannáll:** Vetur frá jólum með miklum frostum, áfreðum og jarðbanni til miðgou, batnaði þá nokkuð, mátti vel kallast glerungsvetur. Peningafellir var þá mikill víða í Norðlendingafjórðungi og sumstaðar í öðrum sveitum, líka bágt manna á milli, því hlutir voru og víða hvar litlir. Fáir komu norðlenzkir suður til róðra um veturinn vegna harðinda, en þeir fáu, sem komu, voru flestir gangandi. Þá átu þeir lifandi hestarnir hina dauðu, er féllu. ... Sumarið var mjög graslítið, vott og kalt, og jörð víða hvít af kulda og graslaus. ... Haustið vott og vindasamt. ... Vetur til jóla hinn bezt, þó náttúrlegur.

**Grímstaðaannáll:** Vetrarharðindin fyrir norðan, eins og fyrir jólin og það allt fram undir miðgou, kom þá upp nokkur jörð í Skagafjarðarsýslu, en lítil í Húnavatnssýslu. Var sagt af þeim á Skagaströndinni, að þar hefði verið einlæg 18 vikna skorpa og ei mundu neinir aðra eins í sínu minni, en heyrnt hefðu þeir getið, að þar komið hefði 17 eða 18 vikna skorpa, og sumstaðar kom engin jörð fram undir sumarmál. Peningafellir hinn mesti á Skagaströnd.... Skaðabrim og sjóargang gerði um nóttina milli þess 1. og 2. maí. Þá brotnaði í spón 6 skip í Einarlóni, 7. lamaðist; 4 menn drukknuðu þar. ... Í sama sjáfangangi brotnaði skip við Hellna, þar í fjörunni, 2 önnur lömuðust. Eins var við Búðir, þar löskuðust og 2 skip.. Skiptapar urðu og víða þetta ár. Bátur forgekk milli Krosssunds og Bjarneyja, voru á 4 menn ... drukknuðu allir. Fyrir norðan forgekk seint um sumarið skip, sem fara átti með þrjónles og aðra kaupmannsvöru frá Þingeyrum og í Spákonufellshöfða, gerði stórviðri, drukknuðu allir. ... Varð og skiptapi fyrir vestan í Grunnavík af fiskiróðri. ... Tvö skip rak undan á Hjallasandi, það þriðja í Keflavík; það var lagardaginn næsta fyrir jól, sem var Tómasmessa [21. des.]; voru 9 menn á hverju af tveimur, en 8 á einu, í því mesta sunnan stórviðri sem þar hafði þá af nýjungu komið.

**Sauðlauksdalsannáll:** Þennan vetur ásamt þeim í fyrra var mestur peningafellirinn. Lögðust á jarðbönn snemma í 9bri frá Hrutafirði til Langaness og lágu mestallan veturinn. Gjörféll þá að mestu kvikfé á Hólum og norðanlands annarsstaðar, því hey voru undir lítil og slæm. Eiríkur í Djúpadal í Skagafirði misti 500 fjár og 100 hross. Þessi vetur var um allt land minnisstæður. ... Grasbrestur lítill (svo HDR.) á Vesturlandi vegna kulda um Jónsmessuleytið. Úthagar spruttu betur. Nýting bærileg, helzt fyrir norðan ... Var haustð snemma frostasamt með hjarni og ísalögum.

**Höskuldstaðaannáll:** Veturinn var einhver harðasti með stórsnjóum, spillingablotum og áfreðum frá Marteinsmessu til þess í efstu viku fyrir páska [páskadagur var 14. apríl] (eður miðjan einmánuð. Voru hross hrönnnum fallin á þorra, líka vel sumstaðar sauðpeningur, honum víðast lógað um allar nálægar sveitir. Urðu

allmargir bændur sauðlausir eða svo nær. Vorið oftast þurrt og kalt. Austankaldi eftir sólstöður. Stórharðindi voru þá og sögð að austan, sunnan og vestan bæði til lands og sjóar, helzt vegna ógæfta. ... Um vorið brotnuðu og löskuðust 6 skip í Lóni vestur og fjórir menn drukknúðu þar í tjöldum. ... Sjóbönn á Skaga. Heyskapur í meðallagi. ... Þann 7. Septembris drukknúðu 5 menn af skipi fyrir framan Höskuldsstaði.

**Íslands árbók:** Gjörðist hið mesta vetrarríki yfir allt Norðurland, einkum í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum. Féll þá mestur fjöldi hrossa og sauðfjár, so þeir sem um haustið áttu 300 fjár og þar yfir, héldu varla eftir 30 til 40 um vorið. Margir urðu sauðlausir, og sumir slepptu vitinu. Í Eyjafirði og lengra norður undan var betur statt af heyjum, og því varð missirinn þar miklu minni. Annars var þessi vetur mjög frekur um allt land ... . Tapaðist skip með 7 mönnum er sýslumaður Bjarni Halldórsson átti með og hafði sent í Höfðakaupstað ... . . . . Haustið viðraði njög stirt og veturinn fram að jólaföstu. Kom þá góður bati, sem hélzt langt fram á vetur.

**1755 Ölfusvatnsannáll:** Vetur frá jólum einn með þeim beztu, oftast við kalda og náttúrlega veðráttu með jafnlegu hægviðri, utan þann 22. Januári gjörði mikið sunnanveður, svo báta tók víða upp á landi og braut í mola. Svo og urðu þá heyskaðar í nokkrum stöðum, og annan einmánuðinn voru landnyrðingar með kulda. ... Vorið hart og kalt. Heyleysi og matarskortur allvíða um sveitir. Þá missti og margur kýr og nautpening í megurð, svo að víða varð nær því kúalaust. Fyrir vestan dóu og líka margir umhleyppingar í vesöld.

**Grimstaðaannáll:** Veðuráttufarið gott frá nýja árinu og fram til góu. Þá versnaði veðuráttan og komu þá jarðleysur í sumum sveitum, og víða varð peningafellir, og sá mesti í kringum Snæfellsjökul, svo að víða féllu kýrnar. Í Neshreppi drápust undir 20 kýr. Stórviðri með kafaldi það allramesta gerðist undir sumarmálin, sem mest drap niður peninginn, nefnilega sauðféð, því það lá víðast úti. Heylaust á flestöllum bæjum og drápust kýr víða í sveitum. Gekk það svo við og við, þar til sunnudaginn næsta fyrir fardaga [1. júní], þá kom bati. ... Grasár allsæmilegt. ... Skip forgekk í Eyrarsveit í Lárós, um morguninn, þá reru; það var um haustið nálægt veturnóttum ... voru 7 alls. ... Tveir bátar forgengu fyrir austan um haustið. ...

Jarðskjálfti skeði fyrir norðan öndverðlega í September [11. sept.]. Þá hrapaði niður mestallur staðurinn í Húsavík fyrir norðan, ásamt kirkjan, 6 eður 8 bæir; skipið á höfninni hrisstist, svo lá við áföllum.

Kaupmannsbúðin gekk úr stað fet og þverfet. Tveir bátar forgengu þar nálægt; drukknúðu þar af flestallir mennirnir. ... Vetur til jólanna allsæmilegur, en harðindi upp á bjargræði hin allra mestu.

**Sauðlauksdalsannáll:** Árferðið enn mjög hart. Votviðrahaust, en so mildur vetur, syðra einkum, að menn mundu varla slíkan, vorið kalt, helzt fyrir norðan og vestan, en bjargræði lítið; síðan hlýnaði í Júnio, og varð gras í meðallagi, en nýttist ei vel. ... Það vor féll víða um land fátækt fólk í hungri og megurð, fannst sumt sem fénaður á heiðum úti. ... Jarðskjálftar miklir fyrir norðan land; hrundu margir bæir; helzt í Flatey, Grímsey og Húsavík; þar gengu krambúðir og eitt mikið jarðfast bjarg úr stað, skriður hrundu, en klofnuðu björg, til dæmis í Drangey og Þórðarhöfða.

**Höskuldstaðaannáll:** Veturinn eftir nýtt ár góður, en vorið hart með fjúkum, fönnum og frostum frá föstudegi langa (28. Martii) til fardaga. Harðindi voru þá sögð um heila landið. ... 8. Aprilis varð skiptapi í Fljótum 6 manna. ... Grasvöxtur í meðallagi. Tveir skiptapar fyrir Vestfjörðum með ellefu mönnum. Tveir skiptapar syðra á Miðnesi, fimmtán menn á báðum. Skiptapi sjö manna í Eyrarsveit. Á Gufuskálum dóu tveir menn í lendingu. Nokkrir urðu úti um vorið af vesöld. ... Þann 11. Septembris gengu jarðskjálftar. Mestir voru þeir norður í Þingeyjarsýslu, svo þar urðu skaðar af. Gengu hús úr lagi og jafnvel hröpuðu á 7 bæjum á Tjörnesi. (Sögðu sumir, að 13 bæir alls hefðu orðið fyrir því). Einninn kirkja í Húsavík og dönsku búðir þar. Dranginn við Drangey hrapaði. ... Vetrarveðráttan hóft rúmri viku eftir Michaelismessu og framvegis óstöðugt.

**Íslands árbók:** Var hinn bezti vetur, sem áður er sagt, fram í góilok. Kom þá skorpa með einmánuði. Skiptapar 5 eður 6 um veturinn og fyrirfarandi haust fyrir Vesturlandi. ... Grasár í meðallagi og sums staðar betur, góður fiskiafli norðan lands, sen þó illa notaðist sakir votviðra. Í Septembris-mánuði gjörði jarðskjálfta marga og iðulega. Þó var einn þeirra mestur og minnilegastur, í hvörjum jarðartorfan lék, er hann færðist undir henni frá suðri til norðurs, líka sem lofnalda á sjó, og þar sem jörðina þraut, tók sjórinn við, so þeir, sem úti lágu til fiskjar í sama sinn, þóttust hætt staddir í þeim skjálfta. Hrundu þá nokkrir bæir á Tjörnesi og víðar við sjávarsíðuna. ... Síðar um haustið gjörðust dynir og brestir í loftinu fram undir veturnætur, hvar með fylgdi ryk og móða mikil. ... Haustið viðraði mjög hart og illa, so skipin á norðurhöfnunum komust nauðulega út. Sérdeilis hraktist Eyjafjarðarskip nokkrum sinnum til baka allt fram í Novembris-mánuð. ... Í Decembris-mánuði féll fyrir ofviðri kirkjan á Söndum í Ísafjarðarsýslu, sem var af timbri, en mun hafa verið

gömul orðin. Fleiri skaðar á húsum skeðu og þar í sveitum. ... Veturinn lagðist mjög snemma að með snjóum og frostum strax eftir Michaelismessu, og fór því fram allt að jólum.

**1756 Ölfusvatnsannáll:** Vetur frá jólum einn sá harðasti með frostum og snjóum, utan þrjár vikur á góunni með lini. ... Vorið mjög hart og kalt til sólstaða, svo fólk mundi ei annað eins. ... Í ýmsum stöðum um landið dó fólk í vesöld og varð líka úti, því hallæri mátti heita, bæði til lands og sjóar, sem ráða má af því að hrossakjöt var sumstaðar etið. ... Um vorið og sumarið var hér mjög mikill hafís fyrir vestan, norðan og austan. Líka kom hann um Jónsmessuskeið austan með sunnanlands allt út á Reykjanes, en var þar ei lengi. Eftir hann rak firni af selum, líka svo nokkuð af trjám, út með sjónum. Þann 5. Júlí var mikill landsynningur með regni, svo víða runnu skriður, en daginn eftir var stórvíðrishið á vestan. Kroppnaði þá víða sauðfé og sumstaðar kálfar. Sumarið kalt, graslítið og vætusamt, svo nýting var mjög bág á því litlu, er heyjaðist. Haustið var mjög úrkomusamt. Skemmdust þá hey í gördum, og líka varð hey úti, hvers vegna fólk felldi peninga sér til stórs skaða, og horfðist þá til mikils hallæris. Umferð af fátækum og sveitaþyngsli var nær því óbærilegt um landið. En fyrir norðan dó á þessu ári í vesöld og harðrétti fjöldi fólks, svo og nokkuð víðar. ... Vetur til jóla var góður.

**Grímstaðaannáll:** Versnaði veðuráttan, sem nýja árið leið, og gerði jarðbönn í velflestum sveitum, einkum fyrir norðan og suður um Borgarfjörð, einninn í Snjófellsnessýslu; það viðvaraði og jókst alltið meir og meir með stórkostlegum fannkomum allan þorra, svo menn mundu ei aðrar frekari þá að nýjungu. Harðindi upp á bjargræði í mestöllu Norðurlandi, svo og í öllu Þórsnesþingi og Borgarfirði og víða annarsstaðar. Fólkið dó í megurð sumstaðar í kringum Jökul. ... Grasbrestur um sumarið sá mesti, sem menn mundu, bæði fyrir norðan og vestan, síðan ómínnilegir óþerrar í víðustum sveitum; vou í sumum sveitum innbundnar töður í klakahnásum um haustið, en það í garðana var komið, var útmokað sem önnur bleyta. Aldrei kom þur dagur frá því fyrir mitt sumar og það fram að veturnóttum. ... Hafís kom inn í hvern fjörð fyrir norðan um langaföstu; hann lá og fyrir öllu Austurlandinu hingað fyrir Vestmannaeyjar. Höfðaskipið og Hofsósskipið komu fyrir hvorugt um sumarið og gerði það stór harðindi og бага í Norðurlandi. ... Beztu vetur frá veturnóttum til nýárs.

**Sauðlauksdalsannáll:** Áferðið var í fyrrahaust hart fram til jóla ... Hörkufrost, en blotar stundum voru á útmánuðum, so jörð varð öll svellum þakin fyrir sunnan og norðan. Á pálmásunnudag rak að Norður- og Austurlandi soddan hafþök af ís, að hvörgi sá út yfir af hærstu fjöllum. Sögðu hollenzkir fiskimenn, að sá ís lægi 8 vikur norður í haf. Komu upp jarðir um bænadag nyrðra. Víða var þá ei sauðgróður á Jónsmesu. Í Fljótum og norður þaðan féll mikið fólk og fé. Hafísinn rak frá landi 20. Aug. Hann komst að Reykjanesröst, en rak þaðan fljótt aftur. Voru því harðindi minni syðra, samt næturfrost í Julio. Mjög illa nýttist hey, nema þó skárst fyrir vestan.

**Höskuldstaðaannáll:** Fóru harðindin vaxandi. Veturinn eftir nýtt ár storma- og fjúkasamur (með jafnaði sérlega óskírt og og órólegt veður). Nokkrir blotar á göu. Kom hafís með einmánuði. Stundum fjúk, en frostin gengu staðföst frá 16. Martii til 14. Maii, það er fullar 8 vikur. Þá hlánaði um viku tíma. Aftur stálfrost og hvassvíðrískuldastormur af norðri til fardaga, þó kalt framvegis. Ísinn lá alljafnt við. Margt af umferðarfólki varð á þessum vetri úti bæja á millum, og margt fátækisfólk deyði inni af sulti og vesöld. Voru stórharðindi norðan lands, allra helzt á útsveitum. Kýr allmargar skornar kringum Skaga, í Fljótum, Ólafsfirði, Svarfaðardal og víða sauðlaust, og sumstaðar gekk fólk frá. ... Gekk á þeim vetri og vori hvinnska, hnupl og þjófnauður almennt af flakkandi fólki, líka og sumum, er inni voru, framur en fyrr, er gripu bæði ætt og óætt. Sauðastuldur víða, einninn hrossa, enda át þá sumur húsgangur allt það tönn á festi og það fundið gat. Ei þóttust nokkrir aldraðir hafa lifað slíka tíð um og eftir Jónsmessu upp á bjargarharðæri til lands og vatns. Kom áfelli í 12. viku sumar [kringum 7. júlí], kálfa- og knésnjór á útveitum (eður við sjósíðuna), sem á lá fimm daga. Og aftur annað áfelli ei minna með jafnmikilli snjófergju í 14. viku sumar, sem lá jafnlegi á, svo nautum mátti hey gefa og ei varð fyrir snjó niður höggvið fyrr en í 16. viku. Grasleysa hin mesta framur allri venju og heyskapur allvíðast hinn aumasti.

**Íslands árbók:** Byrjaði árið með þeim sömu harðindum sem hið fyrra endaði, einkum báðum þeim norðustu sýslum og á Austurlandi. Hétzt sama veðurlag allan veturinn út, so aldrei blotaði til nokkurs gagns fram til hvítasunnu. Skeði stór hesta- og fjárfellir í áðurnefndum sveitum, en meiri mannfellir fyrir vestan. Þar á ofan kom hafís með einmánuði, og fyllti fyrir öllu norðurlandi, so engin björg fékkst af sjónum fyrr en í Augustumánuði, þá hann losnaði að liðnum hundadögum. Þá náðu fyrst kaupskipin á Akureyri og Húsavík sínum höfnum eftir langa útivist, en Hofsóss- og Höfðaskip gjörðu vandreisu vegna íssins og komu ei á því sumri.

... Sumarið hafði verið mjög graslítið, og haustið viðraði eins óhagstætt allt til veturnáttu, en svo brá við, að áttaskipti gjörði sama dag [1. vetrardag] og kom góðviðri á sunnan, sem oftast nær viðhélzt á þeim vetri. Batnaði síðan árferði hrönnnum, bæði til sjós og lands, og það var rétt undarlegt, hvorsu fljótt sauðpeningur græddist aftur norðan lands, og innan þriðja árs var sem enginn missir komið hefði.

**1757 Ölfusvatnsannáll:** Vetur frá jólum í harðara lagi, sérdeilis af frostum. Heys og matar skortur almennt um sveitir og þess vegna allvíða skornar horaðar kýr á einmánuði og úr því. ... Skiptapar urðu 10 í Garði og Leiru þann 28. Febr., sem var mánudaginn annan í góí. En í Vestmannaeyjum skeðu 3 þann 16. Martii, sem var miðvikudaginn seinasta í góí. Vorið hart og kalt yfir manna minni. Þó batnaði nokkuð, þegar vika var af sumri. Peningar féllu þá víðast um land, svo fáir voru þeir, er ekki misstu, en margir, sem lítið og líka ekkert eftir áttu af kvikfénaði. Svo og var sumstaðar etið hrossakjöt, því hallæri og dýrtíð var um landið, hvar af sumstaðar orsakaðist mannfall í vesöld. ... Í Múlasýslu tók skriða einn bæ um veturinn, og urðu þar undir 7 manneskjur. ... Sumarsins blómi byrjaðist seint, og varð líttill ávöxtur, því rigningar með kalda hældust við til miðsumars, svo nautpeningur, hestar og fé, sem magurt var, kroppnaði og dó nær því til þess í miðjum Julio. ... Þann 21. Julii, miðsumarsdag, forgekk áttæringur með 14 mönnum af landsynningsveðri í Landeyjum. Með miðju sumri batnaði nokkuð, svo veðráttu var hæg og góð nokkra tíma, þó oftast vot, svo bágt var að heyja, og nálægt allstaðar hröktust töður, og ekki náðist eldiviður þurr fyrr en um Maríumessu fyrri. ... Haustið mjög vætusamt, þó blandað með góðviðrum. Þá urðu almennt hey úti og skemmdust í gördunum, svo enn þá horfðist til peningatjóns, og sumir förguðu þess vegna sér til skaða. ... Vetur til jóla var mikið góður.

**Grímstaðaannáll:** Veturinn frá veturnóttum hinn allrabezti, frosthægur og snjólíttill, og það fram að nýja árinu; síðar sama veðurátt fram að miðjum vetri. Þá spilltist veðuráttan á þorranum, varð þá lakari, þegar góan kom, og sjóbönn víðast við sjó. ... Skiptapar urðu á Suðurnesjum í Garði suður og þar nálægt, 10 að tölu, drukknuðu 18 menn, en nokkrir komust af; það skeði mánudaginn annan í góu [28. febr.]. Þann 14. Martii reru skip sunnan Jökul við Hellna, Stapa og Búðir, 4 skip frá Búðum, náðu þeir ekki lendingu sinni fyrir ís. ... Ennþá harðindi og manndauði um allt landið sem fyrirfarandi ár. Fólkið féll af harðrétti og megurð; það fannst dautt á milli bæjanna. ... Skiptapi varð í Eyrarsveit á Vatnabúðum, drukknuðu 2 menn, en hinir komust af; það skeði eptir veturnæturnar. – Skiptapi varð og í Bjarneyjum, voru á 3, drukknuðu allir... Skiptapi varð og í Saurbæ um vorið fyrir Holtssandi, drukknaði maður ... en einn komst af. ... Fólkið sem deyði úr harðrétti og hungri kringum Snæfellsjökul frá því 1756 og til þess um haustið 1757 voru í Breiðuvíkursóknum 114 manneskjur, en í Hóls- og Fróðársóknum 93 manneskjur, með því reiknuðu, sem utansveitar var.

**Sauðlauksdalsannáll:** Árferðið var aamt í Februario og Martio hörkur og jarðbönn. Í Aprili gjörði slíka hríð með hörkum og stormum, ei hafði slík komið í næstu 5 harðindisár sunnanlands. Sumarfuglar komu í Aprili, en hurfu strax aftur. Hafís kom fyrir norðan land þann 24ða Martii. ... Sumarið var sæmilega gott og þurrt, fraus þó á nætur syðra þann 16da Julii. Grasár í meðallagi, en nýting misjöfn.

**Höskuldstaðaannáll:** Harðindin viðhældust, jafnvel vaxandi af bjargarleysi hjá velflestum. Þá var veturinn eftir nýtt ár bærilegur að veðuráttu. Nokkur jarðbönn seint á þorra. Góa óróleg. Einmánuður hin strangasti með sterkum norðanhriðum og frostum, ei sízt á páskum. Rak ísinn inn um sumarmál. Fáir gengu á hann, sem hákarl fengu, því hann var víðast laus við land. ... Kom mikil leysing í 3. viku sumars, þó iðuglega kalt af norðri framyfir fardaga (bætt við: Var þá Hrutafjörður farinn á lagnaðarís með áburð á hestum fimmtudaginn, þá 6. vika sumars byrjaðist, undan Valdasteinsstöðum undir Fallandastaði). Var þá víðast um sveitir hungursvor. Um Bótólfsmessu [17. júní] rýmdist ísinn út. Kom þá grasviðri. Stórkostlegt hallæri þótti þá í kringum Jökul til sjós og lands og þar til jarðbönn fyrir sumarmál. Skrifað var að 50 fólks hefði dáíð í harðrétti síðan nýtt ár til páska [10. apríl] í Ingjaldssókn og allmargt annarstaðar kringum Jökul, 5, 6 og 7 farið í eina gröf. ... hér fyrir norðan dó og fátækisfólkk af hor og vesöld ei allfátt. ... Sumarið var tíðum votsamt. Heyjaðist víða lítt og varla skár en fyrra árið. Fiskleysi hér norður sem fyrr og sjóbönn. En haustið var gott. ... Veturinn að framan óstöðugur. Einhver mesta stórhrið og skaðaveður af landnorðri þann 20. Novembris, sem gekk í 5 eður 6 dægur samfleytt. Töpuðust þá sumstaðar hross og 16 skip í Ólafsfirði, Fljótum og Höfðaströnd.

**1758 Suðurnesjaannáll:** Þ. 17. febrúar á Góuþrælnum urðu sex skipstapar á Suðurnesjum. Drukkuðu nálægt fjórtíu menn. Þá hröktust níu skip af Suðurnesjum og eitt úr Höfnum, og komust fjögur af.

**Ölfusvatnsannáll:** Vetur frá jólum mikið góður. Gjörði á góu jarðbann í hálfan mánuð. Þó var samt oftast veðrið stilt og gott. ... Skiptapar urðu 6 á Suðurnesjum og 2 á Vatnsleysuströnd mánudaginn annn í góu [27. febr]. ... Vorið sérdeilis gott upp á landið, svo fáir mundu annað eins, þó mjög þerrilítið til krossmessu, þar eftir nokkuð kalt og krapasamt.

**Grímstaðaannáll:** Góður vetur í flestum plássum og sá bezt, sem að nýjungu komið hafði. Skiptapar skeðu á Suðurnesjum 30. Januári, sem var mánudagurinn annar í góu [talið misritun fyrir þorra], 8 eður 10 að tölu að bátum. Var sagt, að á þeim hefðu verið 45 menn, sem drukknuðu. Laugardaginn næsta eptir páska [1. apríl] forgengu 2 bátar í Eyrarsveit, annan við lendinguna á Höfða í Eyrarsveit, voru á 2 kvenmenn og 3 karlmenn, komst af einn karlmaður, en fernt drukknaði, en hinn báturinn forgekk á rúmsjó; vissu menn ei, hvar það skeð hefði; sumir gátu til, að skeð hefði á Eyjarboðanum; það var í norðan áhlaupagarði. ... Hin bezta vorveðurátta og árferðið gott til landsins. ... Grasár sæmilegt og vætulítið um túnasláttutímann, en þerralint. Kom beztur þerrir um Maríumessu og framundir höfuðdag [15.- 29. ág.], úr því votsamt. ... Varð enn skiptapi í Eyrarsveit, laugardaginn annan í vetri [28. okt.]; voru á 3. ... Veðuráttufarið dagott um sumarið og heyskapur góður á vestursveitum, Haustveðurátta allsæmileg.

**Sauðlauksdalsannáll:** Var vetur merkilega góður á Íslandi og allt árferði þar eftir. ... Snemmgróíð vorið, grasár hið bezta og nýting sæmileg, so að nú sýndist allt annað árferði komið vera á Íslandi en gengið hafði um næstliðin ár.

**Höskuldstaðaannáll:** Veturinn að framan oft þíður og í betra lagi þar til í annarri viku góu. Gengu þá stórhriðir um tíma, en batnaði aftur. ... Þann 27. Februaríi fórust 6 skip á Suðurnesjum í fjúkhríð. Var á þeim nær 40 manna. En fjögur skip komust af úr þeim hrakningi. ... Lagnaðarís stundum á útmánuðum. ... Batnaði nú árferðið til lands og sjóar. Varð veltiár. Einmánuður góður og vorið framvegis eitt hið bezta. Kom sauðgróður snart eftir sumarmál. ... Sumarið í betra lagi að grasvexti og heyskap. ... Haustið oftast gott til aðventu, en síðan stundum fjúksamt.

**Íslands árbók:** Góður vetur til veðuráttu yfir allt land og vorið í sama máta. Gjörði þó kulda eftir fardaga, sem hindraði grasvöxt. ... Skipskaðar nokkrir á Nesjum, og drukknuðu hér um 50 manns. .... Sumar viðraði vel, og urðu góðar gæftir til heyskaparins.

**1759 Ölfusvatnsannáll:** Vetur frá jólum með þeim beztu, nema snjósamnt var nokkuð milli þorra og þrettánda, og víða var jarðbann af snjó og áfrefa einmánuð til enda. ... Vorið var öðruhverju mjög kalt og frostamikið með snjógangi og regni í bland; batnaði með trinitatissunudegi, 10. Junii. ... Hafís kom austan fyrir land um Jónsmessuleytið svo mikill fyrir Rangárvalla- og Árnessýslum, að ekki sást út fyrir af háfjöllum. Hann komst suður á móts við Skaga og var hér við land fram yfir mitt sumar og skóf söl og þang af fjörum. ... Haustið var vætusamt; stillti til með vetrarkomu. Þá sáust nývaxnir fíflar ófölnaðir sumstaðar í veggjum.

**Grímstaðaannáll:** Var töstug veðurátta frá nýja árinu og til þorraloka. Snjóflóð og vatnsgangur varð víða fyrir norðan, svo að skemmdust og tók af bæði tún og engjar í sumum stöðum. Einn bæ tók af með mönnum öllum. ... Heyskaparumar gott og sæmlegir þerrar. Fátt um fisk við sjóinn um haustið, en veðuráttan þó bærileg og í bezta máta frá veturnóttum til jóla.

**Sauðlauksdalsannáll:** Vetur öndverður á Íslandi góður fram til góe, síðan kuldar, því hafís kom þá. ... Í Borgarfirði var kalt mjög með köföldum og hörkum frá 14da Maii, so peningur var inni til Jónsmesu og víða ei sláttur byrjaður fyrr en með Augusto; varð þó nýting góð.

**Höskuldsstaðaannáll:** Fjúksamt til þorra. Síðan oft með hlákuvindum óstöðugt. Þann 22. Januárii urðu allvíða í þeim þremur sýslum (Húnavatns-, Skaga – og Eyjafjarðar-) jarðskaðar af skriðum í því mikla steypiregni og ógurlega ofanfalli á túnnum og engjum (helzt í Húnavantssýslu). Misstust í nokkrum stöðum í þeim jarðhlaupum hús, hey, og fé, svo sem á Gunnsteinsstöðum meir en 30 fjár. Og bærinn í Vatnshlíð fórst af öllu nema tvö hús, búr og fjós. Tvær manneskjur dóu þar af sex, sem var bóndi og húsfreyja. Hinar flestar lerskuðust. Þar fórst og ein kýr og einn hestur. Skriða hljóp og á Þrúgsá í Eyjafirði til stórra skemmda. Sagt var þar hefði farizt búandinn. ... Vorið iðuglega kalt með frostum og fjúkstormum frá 3. Maii til Jónsmessu. ... Ís kom nokkur. Ekki kom fiskur á Skaga fyrir Jónsmessu og síðan sjaldgæft. Sumarið oft kalt. ... Haustið oft votsamt og óstöðugt, en gott á aðventu.

**Íslands árbók:** Var vetur í meðallagi og engin tíðindi innan lands, vorið hart og kalt fram á sumar, hlutir syðra og vestra með minna móti.



**1760 Ölfusvatnsannáll:** Vetur frá jólum með þeim beztu, hægur og vindalítill, Þó var hagleysisskorpa frá þorrakomu, til þess að vika var af góu. Þann 12. Januári forgekk sexæringur á Stafnesi í góðu veðri, annaðhvort í brimi, sem nokkurt var, eða með öðrum hætti. ... Þann 23. Apríl, sem var miðvikudaginn seinasta í vetri, forgengu 2 skip í Selvogi vegna brims. Á þeim drukknuðu 20 menn. Og þriðja skipið laskaðist þar. Flestir Selvogsingar lentu þá í Þorlákshöfn. Sama dag drukknuðu 4 menn af skipum á Selatöngum, þó skipin forgengi ekki aldeilis, ... Var þó veður þá lyngt og gott.... Sumarið var minnilega stillt, gott og gagnsamt, með góðri nýtingu. ... Haustið sérdeilis gott og oftast þurrt. ... Norðanveður braut á Leirá nýreist hús, hálfúðað. Vetur til jóla úrkomulítill, fór að spillast með imbriviku, 17. Decembris. Nóttina milli þess 19. og 20. sama mánaðar var mesta stórviðri á landinu með fjúkhríð, svo víða varð jarðbann öldungis, er hélzt til þrettánda í jólum. En þann 21, Decembris urðu fjárskaðar í nokkrum stöðum í austanbyl.

**Grímstaðaannáll:** Veðuráttufar frá jólum til Kyndilmessu í bezta máta. Spilltist þó veðurátta og varaði það fram á góuna ... og góð veðurátta, með hláku úr því vika var af góuunni og sæmilegt veðuráttufar fram eptir vorinu, þó seingróið væri. ... Í meðallagi þerrar til Maríumessu, og gott grasár á túnnum, en lakar á engjum; gerði vætur eptir Maríumessu um sumarið til krossmessu. Skiptapi varð á Stafnesi syðra undir eður með þorra, voru á 5 menn.

**Sauðlauksdalsannáll:** Vetur var góður og sumar hið bezta upp á grasvöxt, líka nýting góð víðast.

**Höskuldstaðaannáll:** Staðviðri og snjóleysur til miðþorra, síðan fjúksamt og óstöðugt... Skiptapi 6 manna syðra. Ís sást hér fyrir um sumarmál. Eftir krossmesu tíðum kalt. ... Árferðið norðan lands var gott til landsins og fiskirí í betra lagi. ... Haustið oftast strítt með norðan- og austanstormum, brimum og ógæftum til sjóar. Skiptapi 5 manna við Hrísey, en formann þeirra bar lífs upp. Akureyrarskip beið byrjar á höfninni í fimm vikur.

**Íslands árbók:** Góður vetur ... . Urðu nokkrir skiptapar í verum, sérdeilis syðra og drukknuðu fram undir 50 manns í sjó ... . Mikil og langsöm stórviðri gengu um haustið. Eyjafjarðarskip tepptist inni á sinni höfn og vogaðist ei til að leysa upp eður leggja út fyrir en eftir allraheilagramessu ... .

**1761 Ölfusvatnsannáll:** Vetur frá jólum mikið þungur og langdráttaramur alltaf, utan einasta að ein hláka var frá þrettánda til kyndilmessu, lítið blönduð með vestanéljum, svo af tók úr byggð að mestu leyti áður kominn mjög mikinn snjó, er safnaðist frá því vel viku fyrir jól. Harðnaði svo frá kyndilmessu meir og meir með sífelldum fjúkgangi og oftlega hörðum frostum, hvar af að gjörðist langsamlegt jarðbann víða sunnanlands, en fór að batna með Magnúsdegi. ... Fyrir norðan var veturinn sagður góður. Snemma vetrar sást ís fyrir austan og úr Vestmannaeyjum eldslogi út í hafi, haldinn viti á nauðstöddu skipi. Þann 6. og 7. Apríl hraktist fé sumstaðar í norðanveðurs-fjúkkasti. ... Vorið var við harðara lag. Fjárnmissir varð víða, bæði af megurð og örðum tilfellum. Á uppstigningardag, sem var þann 30. Apríl, var minnilega hart norðanveður með fjúki og frosti, sem og dró kindum til dauða. ... Vetur til jóla með þeim beztu.

**Grímstaðaannáll:** Snjócoma og harðindi um Suðurnes. Gerði jarðbönn víða, nefnilega í Snæfellsnessýslu; - það varaði til þrettánda, hlánaði þá og leysti upp vel, en á þorranum gerði hann óstöðuga veðurátta með frostum og stórsnjóum, sem varaði þorra út; þó voru jarðasnöp víða. ... Skiptapi varð í Eyrarsveit um sumarið í Kvíaós. Formaðurinn hét Sigurður Bjarnason og með honum sonur hans, blindur nær því, og 2 eður 3 aðrir. ... Harðindi um sumarið fyrir norðan, með frosti og köföldum lengst af frá því fyrir Maríumessu og framundir haustkrossmessu [14. sept.]; gefið kúm inni í heila viku á Vatnsnesi um höuðsdagsleytið, en lengur á Ströndum vestur.

**Sauðlauksdalsannáll:** Vetur var rosasamur, vorið mikið kalt, á Jónsmessu hér ½ alin ofan á klaka hjá bæ í móti sólu. Köföld komu í Augusto; þá var biskup herra Finnur að vísitera Vestfirði.

**Höskuldstaðaannáll:** Vetrarveðurátta oft óstöðugt með hlákuvindum og fjúkastormum. Vorið og tíðum fjúkasamt og kalt til Medardus [8. júní] . Sjaldgæft til sjós. Sumarið og heldur óstöðugt og oft náttfrost. Grasbrestur stór. ... Stórfjúk landnorðan í fyrstu viku sumar. Urðu því fjárskaðar í Skörðum fram, og jafnvel víðar.

**Íslands árbók:** Vetur harður og stórviðrasamur, sjaldgæft til sjóar .... vorið kalt og gróðurlítið fram undir mitt sumar. Varð því almennur grasbrestur, sérdeilis á töðum. ... Haustið og veturinn viðraði vel fram að jólum... .

**1762 Ölfusvatnsannáll:** Vetur frá jólum náttúrlegur og með þeim beztu að veðurháttalagi. Bátur forgekk á Álfanesi um nóttina milli 2. og 3. Apríl með tveimur bræðrum á frá Hausastöðum. Annar bátur með

tveimur mönnum af Seltjarnarnesi frá Skildaganesi 3. Maii. ... Á fimmtu- og föstudaginn annan í einmánuði, sem var 1. og 2. Aprílís, var bylur á austan með fjúkkafaldi, svo að mikill snjór kom á þeim tíma og hagbann var í þrjá daga. Þó varð ekki víða skaði að þeim byl. ... Vorið mikið vott með krapahríðum til Jónsmessu, fram yfir flestra minni, svo bæði fiskur og margt annað skemmdist og ónýttist. Þó byrjaði gróður snemma. ... Sumarið frá Jónsmessu mikið gott og þurrt, svo nýting á heyi var hin bezta, þó graslítið væri. ... Áttæringur frá Leirá forgekk með 10 manneskjum, nl. 7 karlmönnum og 3 kvensniftum [þetta gerðist 20. ágúst]. ... Haustið eitt hið bezta menn mundu og veturinn til jóla með sífelldum þíðum og góðviðri, svo jörð fölnaði lítt og garðar voru hlaðnir á jólaföstu.

**Grímstaðaannáll:** Vetrarfar frá jölunum fram á þorran með hörðum stórviðrum og jarðbönnum. Fiskleysi við sjóinn og stórar ógæftir, en dágóð veðurátta alstaðar heim til sveita, bæði í Norðurlandi og syðra. ... Stórviðri af landsuðri gerði fyrir norðan öndverðlega á þorranum eður skömmu fyrri, sem gerði skaða á húsum og heyjum, nefnilega á Brúsastöðum [í Vatnsdal]. ... Aldrei kom þur dagur frá því á góu og fram til fardaga, með góðviðri og hægðum um vertíðina og úrkomum temmlegum til krossmessunnar, en úr því með stórviðrum og stórfelldum úrkomum. ... Skiptapi syðra um sumarið seint, milli höfuðs dags og krossmessu, ætluðu suður í Hólmskaupstap, fóru frá Akranesi, kom ei fram ... voru á 7 karlmenn og 3 kvenmenn. ... Um Jónsmessuleytið um vorið, eður lítið fyrir hana, brann bær heim á Mýrum; það skeði í vestan stórviðri. ... Þerrar í meðallagi um sumarið víðast. Gras á túnnum í meðallagi, en engjar í lakasta máta. Haustið gott með litlum vætum. Kom snjór eptir veturnætur víða mikill. Varð jarðlaust í sumum stöðum; leysti hann síðan upp, gerði síðan sunnanátt með hinum mestu stórregnum, sem komið hafa, svo fiskur í hjöllum skemmdist víða við sjóinn á jólaföstu, en fatnaður og annað skemmdist í skemmum og bæjum af lekum, vatnsrennsli og slagning. Veðurátt sú bezta fram að nýja ári, svo elztu menn mundu ekki aðra betri eður þvílíka.

**Sauðlauksdalsannáll:** Vetur góður, vor og sumar kalt, haustveður hið allra bezta, veturinn til jóla með sífelldum þíðviðrum.

**Höskuldsstaðaannáll:** Veturinn í betra lagi, þó stundum fjúkasamt og óstöðugt. Varð nokkur fjárskafi. ... Vorið oft regna- og súldasamt. ... Sumarið í betra lagi og haustið gott.

**Íslands árbók:** Góður vetur ..., kalt vor í fardögum og fram á sumar, grasvöxtur mjög lítill.

**1763 Grímstaðaannáll:** Vetur sá allrabezti frá nýjaárinu til góuloka, svo enginn mundi eins eður svo góðan. Á þorranum rist torf og þakin hús. Íkast gerði í 2. viku góu, gerði svo snart aptur dáviðri til sumarmála. Eptir sumarmálin gerði kulda, komu síðan dáviðri. ... Skiptapi skeði inn til eyja fimmtudaginn næsta fyrir öskudag [10. febr.], af fiskiróðri í áhlaupagarði á norðan, áttu heima í Elliðaey. Formaðurinn hét Ólafur Ólafsson; þar var á og sonur hans og 2 eður 3 aðrir. ... Skiptapi varð á Suðurnesjum, slóst á það boði, tók út formanninn og aðra tvo, en 7 gátu bjargað sér til lands á skipinu, en hinir 3 deyðu. ... Votviðri um vorið frá krossmessu til Jónsmessu, kom varla eður aldrei þur dagur. Grasár hið bezta á túnnum, engjar í meðallagi; gerði þá einlægt þerra eptir messudagana með norðanstormum og blástri, kom aldrei vott á jörðina fram yfir höfuðdag.

Heyskapur í bezta máta í flestum stöðum og nýttist vel, en brann þó af sumum harðbalatúnnum. Þetta sumar voru frekari vætur fyrir norðan. ... Haustið var gott með þurviðrum í meira lagi, eptir sem að gera er á haustdag. Gerði frost og hörkur á jólaföstu og það til jóla, hvar með fylgdu jarðleysur sumsstaðar.

**Sauðlauksdalsannáll:** Vetur ofanverður mikið góður og vorið með. ... Grasvöxtur hinn bezti og nýting líka þetta sumar.

**Höskuldsstaðaannáll:** Veturinn var góður, einmánuður hvað beztur. ... Kalt um sumarmál. Vorið þó gott. ... Heyskapur í betra lagi. ... Haustið gott. Fjúkhríð um allraheilagramessu; fennti sumstaðar fé.

**Íslands árbók:** Öndvegisgóður vetur ... . Voraði einninn vel og gjörði góðan grasvöxt víðast um land.

**1764 Grímstaðaannáll:** Einlægt frost frá nýja árinu og fram á góu, nema það gerði tvo blota; leysti vel í þeim síðari, sem kom á góunni. ... Á sunnudaginn seinasta í þorra, sem var sá 6. eptir þrettánda [12. febr.] gerði hið mesta norðan stórviðri með stórkafald og grimmdarfrosti. Þá urðu úti 2 menn fyrir norðan í Holtastaðapingsókn. ... Sami kuldi, frost og hörkur héldust við fram að sumarmálum, og gamlir menn mundu ekki meiri vetrarhörkur. Hvammsfjörð lagði allan útundir strauma, einninn Breiðasund. Gengið var af Skógarströnd fram um eyjar, Yxney og Brokey, einninn fram á Skarðstrandareyjar: Hrappsey og Purkey. Áhlaupastórviðri með kafaldi gerði tvisvar eða þrisvar um seinni vertíðina, á norðan. ... Votviðrasumar hið mesta og skemmdust víða hey. Sama var og um haustið þau mestu votviðri. Víða fordjarfaðist eldiviður sunnan Snjófellsjökul.

**Sauðlauksdalsannáll:** Vetur eftir jól í harðara lagi, helzt vorið yfrið kalt. ... Sumar þetta var mjög óviðrasamt, víða bæði skemmd hey og lítil, en haustveðrátta og allt til ársins enda hin bezta, so varla var kominn þeli í jörð á jólum.

**Höskuldsstaðaannáll:** Veturinn var oftast strangur, hríða- og snjósamur, þó stundum hlákustormar í bland. Fyrir norðan Yxnadalsheiði allar sveitir venju framur undirlagðar af fönnum og jarðbönnum. Voru því úr sjálfum Eyjafirði á góu hross rekin í Skagafjörð, Vorið var oft og fremur neyðarlegt að veðuráttu, strangt og kalt með stormum og fjúkum fram að sólstöðum. Nokkur peningafellir og bjargarleysi hjá mörgum norðan lands. ... Vertíð hin bágasta kringum Jökul, storma- og stríðviðrasöm. ... Sumarið gott til lands og sjóar norður frá, en nokkuð votsamt vestur undan. Haustið þó framur með hreggi og frostum. Kom alvarlega á viku fyrir vetur, síðan tíðum fjúkasamt.

**Íslands árbók:** Var misjafn vetur, góður sums staðar, en annars staðar harður, sérdeilis í þeim norðustu sýslum. ... Grasvöxtur í meðallagi, en heynýting misjöfn og mjög slæm í sumum sveitum.

**1765 Sauðlauksdalsannáll:** Vetur bezti frá jólum um allt land nema í Þingeyjarsýslum, vorið bezta og árgæzka til lands og sævar. ... Skip fórst um kyndilmessu með 12 mönnum úr Viðey, ætlaði til verstöðu, annað með 8 mönnum norðanlands. ... Viku fyrir jólaföstu kom so mikið norðankafald með stormi, að bæði syðra og nyrðra fórst mjög fé og hestar, í Húnavantssýslu 1 hndr. hestar og mörg hundruð fjár.

**Húnvetnskur annáll:** Var mjög skakviðri. ... Þá forgekk skip með sjö mönnum frá Dalabæ í Fljótum á fimmtudaginn næstan eftir öskudaginn, þegar 17 vikur voru af vetri, fór í hákarlalegu og sáust ei síðan. Teinahringur forgekk um það skeið í Lambastaðaröst fyrir sunnan. ... Stórfjúk kom fyrir jólaföstu. Drápust rúmt þrjátíu hestar á Skagaströnd og Vatnsnesi, hröpuðu fyrir kletta og svo í sjó út. ... Eftir veturnætur á þessu ári komu sjö menn á sexahring frá Grímsey. Drukkuðu allir, þá fram fóru aftur.

**Höskuldsstaðaannáll:** Vetrarveðuráttan ýmisleg með fjúkum, frostum, hlákum, útsynningum. 25. Januári fórst skip frá Viðey farandi, teinæringur, með 12 mönnum, er ætluðu á Suðurnes. 20. Febr. fórst á Úlfisdöllum hákarlaskip með sjö mönnum, voru allt giftir nema einn. Í miklum hlákustormi 1. Febr. brotnaði í spón nýtt skip á Vindhæli. Ítem varð skiptap frá Kumblavík norður með fjórum mönnum. Skip úr Grímsey fórst í útferð frá landi, sjö menn. Í nokkrum plássum varð fjártjón í snjóflóðum. Vorið stundum kalt. ... Mikið regn í fyrstu viku sumars. Sumarið í betra lagi til sjós og lands, þó kalt og vott í bland. ... Í vikunni fyrir aðventu gekk stórhrið í 12 dægur. Töpuðust þá sumstaðar hross.

**Íslands árbók:** Var góður vetur í Suður- og Vesturlandi, en í meðallagi og harðari fyrir norðan. ... Grasvöxtur lítil norðan lands og alls staðar hinn bágasta veðurátt til nýtingar heyjanna. ... Strangur vetur til jóla og eitt minnilegt stórkafald féll upp á, sem var sérdeilis skaðlegt í Vesturlandi, so bæði fiskibátar, hross og sauðfé misstust þar við. Forgekk eitt Grímseyjarfar fyrir norðan með 7 mönnum og kaupstaðarvöru. Flakið eður brotið þar af hafði rekið á Ströndum.

**1766 Sauðlauksdalsannáll:** Veturinn var óstöðugur, en jarðir alltfíð nógar og oftast þíðviðri, so varla var nokkur þeli í jörð. Hey voru víða ei góð, þar af urðu litlar búnytjar og hallæri með mönnum. ... Þetta vor allt frá sumarmálum var mikið kalt, og féll víða smali. ... Stórhriðindi fréttust úr Norðurlandi, so ei varð skóli haldinn á Hólum.

**Húnvetnskur annáll:** Var vetur töstugur fram til góu. Hún var öll sem blítt sumar fram til 5. Aprílis, laugardagsins í annarri viku einmánaðar. ... Næsta sunnudag eftir sandfallið [öskufall úr Heklu sem hófst 5. apríl] gjörði stórhrið í viku. Rak þá hafþök af ís fyrir allt Norðurland, öngvum til gangs, en öllum til ógagns það líkamlegu lífi viðvök. Í þessum stóru harðindum féll gangandi peningur helzt í Norðurlandi, mest sauðfé, minnst kýr, því flestir gáfu sér þeim að halda. ... Á þessu ári gaf guð eitt hið bezta grasár, svo elztu menn mundu ei betra. Það varð fundinn puntur sex og nær sjö kvartil á hæð. Nýting varð mikið aum á heyi, allra helzt töðum. ... Á sama ári komu miklar skruggur í Julio, mest á suðurlandi. Jarðskjálftar skeðu og í Septembri, er mestir komu á Suðurlandi, svo bæir hrundu niður í Ölvesi. Fyrirnefndur hafís lá fyrir Norðurlandi til Jónsmessu og lítill afli þar eftir, en syðra og vestra var hið bezta aflaár. Laugardaginn þann 18. Octobris, síðasta í sumri gerði stórvíðri, varð til mikils skaða syðra og vestra, þar fréttzt hefur, að brotnað hafi og lamast stórt hundruð skip af veðri og sjávaryfirgangi, þar sjórinn skal hafa gengið tíu föðmum meir á land en elztu menn til muna.

**Höskuldsstaðaannáll:** Veturinn var í betra lagi að veðuráttu, oft þítt og hlákur. Nokkrar hríðir og sterk frost á þorra, en framvegis gott. Fjárskaði mikill sagður í Mýrasýslu á 7 bæjum. ... Þann 10. sama mánaðar [apríl]

kom nokkuð regn og síðan fjúk og frost, og varaði sú fjúkhríð norðan nær því í næstu fimm daga með snjófergju víða mikilli. Og framvegis var vorveðuráttan oftast stríð, köld og hörð til fardaga. Hér að auk rak hafís að Norðurlandi undir og um sumarmál. ... Grasvöxtur var ei mjög lítil norðan lands, þar sandurinn hafði fallið, en hey nytkuðust lítt, og nokkur skemmdust af súldum, en öll spillt af sandinum. Þótti mönnum bágþing jörð að vinna... Haustið mjög súldasamt. ... Féll svo mikill snjór á Suðurlandi, að fennti bæði naut og hesta. Þann 18. Octobris í stórkostlegum suðvestanstormi og sjóarólgu brotnuðu í kringum Jökul 70 skipa og einn mann tók þar út. En á Akranesi hafa skemmt og tapast 48 skip, stór og smá.

**Íslands árbók:** Var eftir jólin góður vetur, þó vindasamur. ... Síðar um haustið í Octobris-mánuði kom upp ákaflegt stórviðri á vestan, hvar við fjöldi skipa og báta upp tók og brotnaði bæði syðra og vestra. ... Haust og vetur víðraði vel fram til jóla ... .

**1767 Sauðlauksdalsannáll:** Urðu víða skiptapar um Suðurnes, og við Jökul fórust yfir 60 manns. ... Þetta sumar var grasvöxtur í minna lagi, en nýting hin allra bezta, því sumarið var mestallt þurrt, eins haustið. Gjörði frost um Michaelismessu, sem aldrei þiðnaði síðan, so að þeli færi úr jörð. Vetur hinn allra bezti með nógum jörðum og jafnaðarlegum hreinviðrum.

**Höskuldstaðaannáll:** Vetrarveðuráttan oftast stillt með jarðgæftum. Lagnaðarís stundum innfjarðar. Stórhrið á einmánuði er kom 26. Martii, varaði í næstu þrjú daga. Sást þá hafís fyrir. ... Vorið stundum kalt. ...

Bátsenda þar syðra og Húsavíkur hér nyrðra kaupför strönduðu í miklum sunnanstormi þann 20. Septembris. ... Kom á þremur vikum fyrir vetur, síðan fjúkasamt tíðum og mjög víða mjög snjóasamt. Hlánaði vel undir jól.

**Íslands árbók:** Byraðist tíðin vel, og gjörði góðan vetur yfir allt landið. .... Fórust á Innnesjum 10 smábátar og 18 menn. Undir Jökli urðu og nokkrir skipskaðar, hvar á fórust að vísu 40 manns. (Bætt við: Gott vor að veðuráttu). ... Góður heyskapur syðra, en mjög bágur fyrir norðan land. Laskaðist kaupskip á Básendum og varð ófært til útsiglingar, en Húsavíkurskip strandaði til fulls í ofviðri á höfninni, þegar nærri ferðbúið var, þó so, að góssi varð borgið mikinn part. ... Stirð og bág veðurátta fram til jóla.

**Húnvetnskur annáll:** Var gott áferði, vetur hinn allrabezti og sumarið eins. Var grasbrestur víða, helzt á úthögum. Kom mikið fjúk þrem vikum fyrir vetur [vetur hófst 24. okt.]. Batnaði þar eftir. Samt voru kýr víða inni, því snjóinn tók ei sumstaðar upp á því hausti. ... Á þessu ári drukknuðu margir menn. 6. Martii forgekk áttahringur undir Eyjafjöllum. Á sama degi tíu bátar á Seltjarnarnesi með 20 manns, komust tveir af lífs.

Föstudaginn 20. sama mánaðar forgekk áttaræðingur í Bervík með átta mönnum. Komst af einn hálfdrættingur mjög ungur, sem náðist á einum skipsfleka. Fimmfundaginn 26. sama mánaðar forgekk fjöggramannafar á Akranesi með fjórum mönnum, rak upp á Suðurnesjum með einn manninn örendan. Þennan sama dag forgengu þrjú skip í Fúlúvík, önnur þrjú við Akur, flest áttahringar með 44 mönnum, fannst ekkert aftur. ... Föstudaginn þann 2. Octobris forgekk skip á Kelduvík á Skaga með sjö mönnum. Sunnudaginn þann 23. Augusti sleit upp af veðri kaupskipið á Bástendum og gekk í stykki. Sunnudaginn þann 20. September lamaðist kaupskipið í Húsavík. Náðist allt góssið.

**1768 Sauðlauksdalsannáll:** Var snemmgroíð sumar, en strax eftir hvítasunnu gjörði norðanvinda, so gróður visnaði, og varð grasvöxtur í minna lagi og heyföng lítil. Berjavöxtur var óvenjulega mikill. Vetur frá jólum hinn bezti, vorið eins, og kom gróður nógur snemma. ... Grasbrestur var víða þetta sumar og nýting bág vestra.

**Húnvetnskur annáll:** Var vetur góður, nema á góunni gjörði litla skopru, nefnilega stórfjúk á laugardaginn og sunnudaginn, þegar vika var af góu [27. og 28. febr.]. Féllu snjóflóð víða. Aðfaranótt sunnudagsins tók burt kotið Nýlendu í Langadal til grunna, hús og hey, og fleygði því yfir Blöndu. Voru þar við sjö hestar úti og inni. Fóru þeir og sömu leið, drapst einn, en sex lifðu í flóðinu og náðust allir. ... Drápust og níu hestar í Hjaltadal í snjóflóði sama sinn. Varð ei framar af stór skaði, þó víða félli. Ekki mundu elztu menn meiri snjó niður koma á tveim dægum. Vorið var hið æskilegasta, svo að víða voru fullgræddar kýr í fardögum. Fór þar eftir grasvöxtur, sem nærri má geta. Komu samt kuldar þar eftir, sem kyrkti grasvöxtinn svo víða varð grasið þunnvaxið, því þerrar gengu alltaf til 20. Julii. Heyrðust þá skruggur víða. Greru úthagar lengi fram eftir sumri. Puntur varð fundinn svo langur, að mældur var tólf kvartil á hæð og hafði ei hærri séður verið í manna minni. Sumarið var gott, þótt yfir tæki frá fyrsta September, eins allt haustið fram að jólaföstu. ... Á þessu ári þann 30. Januarí ... réru fimm menn fram á lagvað á Höfðaströnd illa útbúnir ... hvessti með stórsjó, svo einn manninn út tók af skipinu. Lágu svo hinir við lagvaðinn svo sem stjórna nóttina af. Var þá á sunnudaginn

útmannað skip að vitja um þá. Lifa tveir þá eftir nokkuð skemmdir af frosti, en hinir tveir örendir. ... Á sumardaginn fyrsta, þann 21. Apríl, forgekk skip við Akur undir Jökli. Komust af mennirnir nema tveir. – Á góu forgengu tvö fjögramanaför á Vestfjörðum.

**Höskuldstaðannáll:** Veltiár, betra fyrri árum. Vetarveðuráttan oftast stillt. Einmánuður æskilegur og vorið framvegis gott til fardaga. Sást nokkur gróður síðla í Martí, sóley um sumarmál, greri vel í Majo. En í Júní gengu frost að sólstöðum, sem rýrðu grasvöxtinn. Kom varla regn hér nyrða til misumars, svo jörð varð þurr og hörð. En vestra kringum Jökul sögð sífelld súld og regn, svo vertíðarfiskur varð maltur og forskemmdur. ... Fimm menn drukknuðu við Hrísey. Hvoldist skip undir þeim. Mánudaginn 30. Maíi fórst skip, teinæringur, á Breiðafirði (kom á sterkt landnorðanveður) með flutningi af Barðaströnd undir Jökul. Þar á voru átta manneskjur, nefnil vicelögmann Eggert Ólafsson, hans hústrú, einn stúdent, hans þénari, ein þjónustupíka og fjórir formenn undan Jökli. ... Sumar og haust gott.

**Íslands árbók:** Gjörði góðan vetur almennt um land, og vorið viðraði hvað bezt. ... Smár grasvöxtur, en góð nýting og mestu góðviðri allt sumarið... Um haustið féllu stórar skriður í Hörgárdal, so heilar fjallshlíðar hrundu fram, tók af nærri 4 bæi, Hallfríðarstaði með kotinu, Uppsali og Öxnhól. Urðu þar undir 3 manneskjur, nokkrar kýr og sauðkindir.

**Espihólsannáll:** Árferði gott að veðuráttufari, grasvexti og hejanna nýtingu, þar oftast gengu sérdeilis kyrrviðri, og þó gras sprytti ei norðan lands sem mest, nýttist það samt sem bezt. ... Skiptapi varð við Hrísey á Eyjafirði. Formaður hér Ásmundur Jónsson, sem þar drukkandi með 5. mann.

**1769 Sauðlauksdalsannáll:** Vetur öndverður hinn alla bezt til jóla, síðan góður til sumars, þar eftir var vorið yfrið kalt. ... Sumarið þurrt og grasnýting góð, haustið votviðrasamt og vetur góður til jóla.

**Húnavetnskur annáll:** Var vetur mikið góður, vorið í harðara lagi með miklum neyðarkuldum. Gras kom mjög seint. Á Jónsmessu var lítið litkvæð í hlaðbrekku, en þar eftir gaf drottinn í mánuð raka, svo gras kom víða í meðallagi og betur. Þar eftir var þerrir góður á landinu, nema í norðursveitum, Múla-, Þingeyjar- og Vaðlasýslum. Þó gengu órar sumarið til enda, hvar af skeði sá mikli tilburður í Hörgárdal þann 23. Sept. að skriða féll þar yfir fimm bæi: Hallfríðarstaði tvenna með tveimur kotum og Yxnhól, hver bær var aftur uppbyggður haustið sama. Allt fólk komst lífs af nema kona með tveimur börnum. Fimm lerkudust, en lifðu þó allir, samt með veikum burðum. ... Drukknan tveggja Grímseyjarfara, um vorið og haustið. Er svo mjög mannfátt þar eftir. ... Sama ár um jólaföstu gjörði fjúk. Urðu úti tvær manneskjur á fjalli skammt frá Breiðuvík undir Jökli. Í sama fjúki drápu hestar mikið víða á bæjum í Norðurlandi. Þeir fenntu flestir, ekki fleiri en tveir, þrír á bæ, margir líka misstu öngva.

**Höskuldsstaðannáll:** Veturinn vægur með nokkrum hlákum. ... Vorið var viðunlegt þar til eftir 22. Maíi. Gengu þá sterk vetrarfrost samfleytt í þrjár vikur og orsökun staklegt gróðrarleysi og nytlítinn nautpening. Síðan frá 13. Júnii, var vægara, þó iðugleg náttfrost, svo að peningur tók sig ei mjólk og holdum fram yfir Jónsmessu allvíða. ... Sumarið var hér þurrt og gras í meðallagi, en rótbrann af hólum og hæðum. En norður undan votsamt. ... Í Septembri hljóp jarðskriða undan klettum í Hörgárdal (með aur og rúst), ógurleg, mörg hundruð faðma á breidd, yfir fjóra bæi: Yxnahól, Uppsali, Hallfríðarstaði og Hallfríðarstaðakot. Þar dóu þrjár manneskjur, kona og tvö börn, er heima voru, og nokkuð af gangandi pening, en annað fólk á þessum bæjum gat sér forðað, Þó hafði sumt meiðzt og lerskapt. Af jarðskriðum fórust hér og hvar um árið átta manneskjur. Skip úr Grímsey, sem hélt frá Látrum til eyjarinnar, fórst með fimm mönnum, og sjötti þar á var kvenmaður. Annað Grímseyjarskip fórst með viðlíkt mönnum.

**Íslands árbók:** Góður vetur ... .

**Espihólsannáll:** Góður og hagstæður vetur víða um landið. Vorið kalt í Norðurlandi, og því greri seint. Grasvöxtur þó mjög misjafn, en nýting hejanna fyrir norðan og austan í lakara lagi. Regn óskapleg gengu um haustið fyrir norðan. Fordjarfaðist þá landið víða. Þá eyðilagðist fyrir skriðum í Hörgárdal og Vaðlasýslu Yxnhóll og Uppsali, Möðruvallaklaustursjarðir, samt Hallfríðarstaðir með kotinu, bóndaeign. Þar lézt kona bóndans á Yxnhóli, Ásdís, og 2 tókubörn þeirra. ... Þá braut skip fyrir veðri á Ráeyri í Siglufirði, annað á Miðhúsum á Látraströnd.

**1770 Suðurnesjaannáll:** 16. mars varð skipstapi á Merkinnessundi. Sexæringur fórst með 6 mönnum.

**Sauðlauksdalsannáll:** Vetur frá jólum harður næsta og fjárfellir víða. ... Vetur til jóla var góður. Árferðið í meðallagi, nema mjög skemmdust töður haustið 1770 og því hart með mönnum. ... Skiptapar miklir úr Grímsey nyrðra... Vetur var harður og góður peningafellir.

**Íslands árbók:** Harður vetur víðast um land með hrossa- og fjárfelli fyrir sunnan og suðaustan. ... Hafís fyrir norðan og norðaustan langt fram á sumar.

**Húnavetnskur annáll:** Var veturinn finnr til jólafostu, en þar eftir víðast mjög haðrur og voríð kalt, nefnilega til sunnudagsins í fimmtu viku smnars [20. maí]. Þegar mánuður var af sumri, voru stór vatnsföll farin á ísnum, Næsta mánudag þar eftir varð víða mikill skaði af yfirgangi vatnanna stærri og þeim smærri með skriðum, sem skemmdu bæði tún og engi á allmörgum bæjum. Óþerrasumar var syðra og vestra í meira lagi allt að Haukadalsskarði, eins fyrir austan, en fyrir norðan var árgæzka upp á þerra. Brunnu tún víðast á bæjum til stórs skaða af sólarhita. Menn fengu töðubrest til helminga á hólavöllum. ... Á mánudaginn annan í þorra féll snjóflóð úr Nýlendugili í Langadal og drap tvo hesta, sem þar nærri voru. – Á þessu ári drapst fé af hor í Múla- og Skaftafellssýslum. ... Á þessu oft nefnda ári rak hafís inn fyrir Norðurland um páska í seinustu viku vetrar [páska bar upp á 15. apríl] og var við með hrakningi, til þess sjö vikur voru af sumri. Hann varð ekki til skaða og enn síður ábata.

**Höskuldsstaðaannáll:** Vetrarveðuráttan var óstöðug með hlákum, hríðum og frostum. Kom hafís um sumarmál inn á firði norðan lands, lá við fram yfir Jónsmessu. Snjómikíð og hart norður undan. Vorið kalt framvegis. Kom bráð leysing í miðjum Majo. Varð þar af skaði og skemmd sumstaðar af lækjum. Í Júnio kuldi og sterk náttfrost. Greri því lítt. ... Harðindi til lands voru þann vetur sögð austur í Múla- og Skaftafellssýslum sauðfjár- og hrossafellir. Sumarið ýmist þurr og vott og eins haustið. ... Sumarið var gott um norðursveitir til lands og sjóar. ... Eyrarbakaskip brotnaði eður laskaðist um haustið á kletti eða skeri.

**Espihólsannáll:** Þann 7. Februarí kl. 7 e.m. formerktist jarðskjálfti í Eyjafirði. Var þá frost og hægviðri. Aftur um kvöldið annað, stóð minna, og það þriðja um morguninn eftir í miklu regni og sunnanvindi.

**1771 Sauðlauksdalsannáll:** Vetur frá jólum góður... Heyskapur góður, og nýttust þau vel. Sumarið var þerrasamt... Frysti um Michaelismessu, og héldust þau frost til þess 20. 9bris

**Úr Djáknaannálum:** Meðalvetur í Húnavatns- og Vaðlasýslum, góður í Skagafirði, en harður mjög í Þingeyjarþingi. Jarðleysi vestra á þorra, en hagar nógir víðast um Borgarfjörð. Í Árness- og Rangárvallasýslum strangasti vetur, er menn mundu frá sólstöðum til kyndilmessu [2. febr.] með stríðviðrum og hagleysum. Gott árferði fyrir austan Sólheimasamd. Kom mikil hláka með sumarmálum. Kuldi og frost frá krossmessu til fardaga af hvörju eimdi til Bólólfsmessu [17. júní]. Grasbrestur nokkur á tünnum sumstaðar, minni á úthaga, nýttust þó vel hey fyrir norðan, en báglega syðra; fyrir vestan heyjaðist vel. Sumarið með hríðum og frostum þegar áleið. Haustið stirt fyrir sunnan og norðan, komu á gjöf naut hálfum mánuði fyrir vetur; hélzt þessi veðrátt með fönnum og frostum til nýjárs. Hafíshroði vofraði á Húnaflóa um sumarið, lagðist hann að Ströndum svo Höfðaskip komst ei þangað í tíma. Féllu hross suður í Flóa, og það sem þar var eftir af sauðkindum féll nær því allt. Nautpeningi var þar og eystra lógað af heyjum um veturinn og sumt horféll. ... Skiptapi syðra með 9 mönnum, sem héldu af Innesjum á Suðurnes. Skiptapi um haustið á Hrutafirði með 4 mönnum. ... Skiptapi úr Eyrarsveit með 3 mönnum en 4ði komst af. Skiptapi á Önundarfirði um vorið með 6 mönnum.

**Húnavetnskur annáll:** Var vetur sæmilegur, nokkuð þungur til afdala. Vorið var kalt, svo lítill sauðgróður var kominn, þá sjö vikur voru af sumri. Víða var grasbrestur það ár. Féll sumarið vel, með þerrum til þess í níttjándu viku sumars. Þá gjörði fjúk í viku. Batnaði svo. En þrem vikum fyrir vetur gjörði hríðir og snjóá, hvað við hélzt öðru hverju til þess í fjórðu viku vetrar, svo víða var ei látið í kringum hey eða borið á velli fyrr en á jólafostu. ... Sama sumar drukknuðu fjórir menn af skipi á Hrutafirði eða réttara að segja um haustið fyrir jólafostu.

**Höskuldsstaðaannáll:** Veturinn eftir jóli ýmist með nokkrum stórhriðum, hlákum, snjóum og frostum. Vorið í betra lagi, þó kalt með frostum milli krossmessu og fardaga. Jarðbönn sögð fyrir kyndilmessu um Eyjafjörð og norðursveitir, jafnvel gaddhestar á gjöf. Skiptapi 9 manna, sem héldu af Innesjum á Suðurnes. Hrossafellir austur í flóa. Harðindi syðra fyrir kyndilmessu af snjóum, líka til sjóss. ... Ís sást fyrir um vorið, lagðist að Ströndum, svo Höfðaskip komst ei þangað í tíma. ... Grasbrestur nokkur sumstaðar. Nytkuðust þó vel hey.

**Íslands árbók:** Vetur í meðallagi upp á veðurátt og jarðir.

**Espihólsannáll:** Vetur meðallagi víðast um landið. Heyskaparins nýting af litlu grasi var norðan lands góð, þar grasmaðkur (sem víða sást) samt fordjarfaði jörðina. Sumstaðar kól jörð líka, svo þeir voru töðuvallarpartar víða, er ei grænkuðu um sumarið.

**1772 Sauðlauksdalsannáll:** Vetur eftir jól frostasamur og enginn mundi slíkan. Þá var klaki sumstaðar yfir 2 ál(nir) í dauðra manna gröfum. Vorið var gott á föstunni. Urðu 13 menn úti í Árnæssýslu á einum degi. ... Heyskapur var lítill, bæði af óperrum og grasbresti.

**Úr Djáknaannálum:** Vetur svo harður, að menn mundu ei annan harðari í 30 ár, með ákefðar hörkum, en stórhriðir gjörði ekki fyrr en með góu. Frostin gengu oftast gegnumþrengjandi samfleytt, fyrst frá 5ta Jan. til 2ars Martii, það er 8 vikur, stundum meir, stundum minna, þó mest að síðustu. 28. Febr. sú harðasta hrið með bitru frosti svo þá kól flesta, er úti voru. Þá kom linviðri í hálfan mánuð. Aftur gengu þau miklu frost frá 15da Martii til 18da Apr. eður 5 vikur. Snjóar og jarðbönn fyrir norðan, svo vermenn fóru vestur síðla, en vatn þraut víða á bæjum vegna frostanna, þar sem menn mundu varla að fyrr hefði þrotið. Hagar syðra og eystra nema í Múlasýslu. Var vetur þessi almennt fyrir norðan kallaður *Frostavetur*. Til hafíss sást á þorra, rak hann inn á góu, fyllti af honum alla firði fyrir Norðurlandi og Vestfjörðum. Hlánaði æskilega á páskadaginn, sem var sunnudagur seinastur í vetri, kólnaði aftur þá hálfur mánuður var af sumri. Vorið ekki hlýtt, en þurrt til Jónsmessu nyrðra en vætusamt syðra og vestra. Um það leyti fór hafísinn frá Norðurlandi af hvörjum Grímseyingar tepptust í landi á Eyjafirði 12 vikur. Sumarið þurrt og kalt. Grasbrestur allsstaðar nyrðra, því klaki fór ekki úr jörðu, en nýttust hey vel. Spratt betur syðra og vestra. Með haustjafndægum gjörði fjúkhret svo tók af nautjörð. Þann 28da Sept kom upp úr miklum norðanstormi stórfjúk og snjóhlaðningur, lá sá snjór á lengi nokkuð svo færðir voru illar, en veðráttá klár og stillt fram að veturnóttum. Þar eftir var veðráttá svipul með fjúkhriðum og frostum. Kom þá svo mikill snjór í Fljótum norður, að ei varð beitt né vatnað peningi í 3 vikur, og á jólaföstu voru jarðbönn af stórfenni og áfreðum yfir allt í Eyjafirði frammar en fimmtugir menn til mundu; á Skagaströnd og víðar. ... Lagnaðarís hindraði sjósókn undir Jökli, hvar þó var góður afli, þá róa gaf. ... Gott fiskirí nyrðra eftir að hafísinn fór burtu. Ógæftir og stórbrim hömluðu róðrum fyrir norðan um haustið. ... Þann 28da Febr. í því mikla hriðviðri, er flesta kól, sem úti urðu, varð úti stúlka í Skagafirði. Þá urðu og úti 11 manneskjur í Árnæssýslu ... 1 8æringur og 2 tveggjamannaför týndust syðra, komust af nokkrir menn. Hleypti 1 skip að sunnan undir Jökul og komst af. Skiptapi á Mýrum; komust sumir af. Þann 25ta Aug. fórst skip með 6 mönnum og góssi, er fór frá Stykkishólmi ... Á jólaföstu skiptapi í Keflavík undir Jökli með 6 mönnum í landtöku. Sunnanlands urðu úti 23 menn í óveðrum. Í stórhriðinni 20ta Nón. féll snjóflóð á 2 bæi á Látraströnd innan Þingeyjarsýslu; Steindyr og Miðhús. Á Miðhúsum varð fólk bjargað, en á Steindyrum voru 9 menn. Lifðu þar 2 naktir undir snjó í 8da dægur og 2 smábörn, eitt 4ra og annað 6 ára, en 5 fullorðnir voru dauðir, þá fólk af öðrum bæjum kom þangað. Í sama óveðri tók af kotið Miðgerði í Laufáássókn, dóu þar undir 4 manneskjur, en 2 komust af. Alls deyðu þar undir 9 manneskjur, líka fé og hestar. Sumum varð bjargað úr fönninni eftir 7 eða 8 dægur, og furðulegast var að 2 nakin ungbörn skyldu geta lifað þar svo lengi. 1 af þeim sem fannst hafði legið undir snjó hálfur en undir húsi hálfur í 10 daga, réttist þó við, 2ar lá undir snjó í 4 daga og lifði einnig. Í þeirri hrið varð og úti vinnumaður frá Vík í Skagafirði, er ætlaði að sækja vatn. ... Í fjúkhriðinni 28da Sept. varð sumstaðar skaði á sauðfé, hestum, húsum og heyjum, þá varð sjóarólga og brimgangur venju frammar, sem viðhélzt öðru hvörju um haustið og braut upp víða fjörur og bakka, gekk yfir malarkamba og gjörði sumstaðar stóra umturnan. Í nefndri hrið og sjóargangi tók út og braut fjölda skipa norðanlands, svo 19 skip brotnuðu og löskuðust frá vestari Héraðsvötnum norður að Siglunesi á Reykjaströnd og við Borgarsand 3 með kænu, 1 austan til á Skaga, 4 á Skagaströnd, líka nokkur á Vestfjörðum; undir Jökli, á Suðurlandi og í Þingeyjarsýslu. Í 8ber stórvíðri af norðri með óvenjulegu brimi, sem sagt var að hefði gengið yfir Drangeyju og yfir um mitt Siglunes. Þann 20ta Nón. gjörði megna stórhrið af norðri, er varaði 9 eða 10 dægur með snjófergju, fennti þá fé og hross í ýmsum stöðum, þá fórust 7 hross í Bólstaðarhlíð, 15 á Skagaströnd, nokkur á Ásum og Vatnsnesi, líka um norður- og vestursveitir. Hriðir í Maiimánaðarlok og dóu þá hestar.

**Húnavetnskur annáll:** Var veturinn nokkuð harður víða á Íslandi. Misstist fé og hross í Múlasýslu. En yfir allt tóku þau hræðilegu frost, sem gengu alltaf frá jólum til páskanna, sem þá voru í seinustu vetrarvikunni [páskadagur var 19. apríl]. Föstudaginn fyrsta í góu [28. febr.] gjörði stórfjúk. Rak þá ís í kringum allt Norðurland. Varð þá úti í Fannstöði Árni Magnusson ... einninn kvenmaður í Eyri í Hegranessýslu. Ekki er uppnefni á þessum vetri, þó kallaður sé frostavetur. Þá fengu menn hákarl upp um ísinn víða, einninn þorskfund á Ufsaströnd norður, þrjú hundruð, og svo gengu menn af landi í Grímsey. Var og séður klaki í Kúlukirkjugarði fimmtudaginn síðasta í sumri [22. okt.]. ... Vorið var fínt, sumarið og svo, með þerrum. Var grasbrestur víða, og brunnu mjög vellir til stórra skemmda. ... Um Michaelsmessu [29. sept.] gjörði stórfjúk með sjávaryfirgangi í mesta lagi. Þá brotnuðu skip fyrir Norðurlandi, Húnavatns- og Hegranessýslum, víst 30 ef ekki fleiri. Snemma árs viku fyrir jólaföstu gjörði stórhrið, sem mönnum og skepnum varð bani að. Þrír

bæir fórust af snjóflóðum í Þingeyjarsýslu: Einn í Laufássókn, hét á Miðgerði. Þar sáluðust fjórar manneskjur. Tvær komust lífs af og gátu rífið sig út. Hinir tveir bæir voru á Látraströnd í Grýtubakkasókn. Á Steindyrum heitir annar. Þar sáluðust og fjórar manneskjur, en fimm komust lífs af. Var til þeirra mokað á áttunda dægri. Þá fundust fjórir lífs, en einn vantaði enn þá. Því á tuttugusta dægri var enn þá leitað, og fannst hann svo á sig kominn með lífi: innan í einni rekkjóð og hafði stórt sár á síðunni, þrengsli allt um kring af snjónum. ... Á þriðja bænum komst allt fólkið lífs af, en missti allt sitt. Í sama fjúki varð úti maður í Vík í Hegranessýslu milli brunns og bæjar. Misstu menn og svo fé, þó ekki víða, en hestar drápu fjöldamargir. Það meina margir að þeir hafi verið stórt hundrað eður meir, flestir í Húnavatnssýslu. Þeir urðu fyrir snjóflóðum, þá fennti, og fóru í vatnsföll. ... NB. Áður nefndur hafís fór fyrst burt, þegar hálfur mánuður var af sumri, en í vikunni áður var farið með hesta á hann á Höfðaströnd. ... Á fyrrnefndan föstudag fyrsta í góu urðu úti syðra að samantöldu 14 manneskjur, flestar í Árnessýslu. Einn áttæringur forgekk í Grindavík í landtöku. Einn komst af, en átta dóu mennirnir. Tveir menn hlóðu undir sig í sjó undir Vogastapa. Tveggjammafar með tveimur mönnum fórst í Álftanesi í ofvirði.

**Höskuldsstaðannáll:** Mikil frostavetur. Voru ekki stórhriðir fyrir en með góukomu. En frostin gengu oftast sterk og gegnum þrengjandi samfleytt, fyrst frá 5. Janúarii til 2. Martíi, það er í 8 vikur; stundum meiri og minni, mest að síðustu. Var þá linviðri í tvær vikur. Aftur gengu þau miklu frost frá 15. Martíi til 18. Aprílis, það er í 5 vikur. Sást hafís fyrir á þorra, rak inn á góu. Fylltust firðir á einmánuði norðan lands. Batnaði æskilega vel veðuráttan með páskum [páskadagur var 19. apríl] í síðustu vetrarviku. Heyleysi víða. ... Vorið var hér þurr og ei kalt, sem venja er, en iðuleg regn og súld sögð sunnan og vestan lands. Ísinn rak út undir Jónsmessu. ... Um veturinn urðu skiptapar sunnan lands, tvö tveggjamannaför og einn áttæringur; nokkrir menn komust af. Eitt skip að sunnan hleypti undir Jökul, komst af. Eitt skip fórst í Mýrarsveit; nokkrir af því komust af. 25. Augústi skiptapi 6 manna með góss úr Stykkishólmi í Barðastrandarsýslu. ... Þann 28. Sept. úr miklum norðanstormi og súldi kom stórfjúk og snjóhlað. Varð þar af í sumum stöðum fjártjón á sauðkindum, en þó mest skipskaðar. 16 skip sögð löskuð á Höfðaströnd og Sléttuhlíð, fjögur á Skagaströnd og svo víðar, Sum brotnuðu í mola. Þá varð sjóarólga og brimgangur venju frammar, svo burttókst fiskiafli á Húnafirði og víðar, mest af ógæftum. Svo gerði sjóargangur víða skaða á skipum á Vestfjörðum, undir Jökli og líka syðra. Og það sjórót viðhélzt oftast um haustið. Braut víða upp á fjörur og bakka og gekk yfir malarkamba og gjörði sumstaðar stóra umturnan. Í efstu viku fyrir aðventu gjörði mikla norðanhrið og stórsjó. Varaði í 9 eður 10 dægur. Fenntu þá hross hér og þar, á Ásum ei allfá, á Vatnnesi, í Bólstaðarhlíð sjö, hér á Skagaströnd víst 15 og svo víðar. Fenntu og hross hér og þar um vestursveitir. Piltur varð úti í þeirri hrið í Vík í Staðarsveit. Í miðjum Decembri gjörðist jarðbann af krapahríð, snjó og áfreða á Skagaströnd og víðar. ... Snjóflóð féllu á þrjá bæi í Höfðahverfi: Steindyr, Miðhús, Miðgerði. Dóu þar átta manneskjur, einninn fé og hestar. Nokkrir menn höfðu þar lerskapt. Þar fórust og skip við sjósíðuna af óvenjulegum brimgangi. ... Nokkrir á Skagaströnd þóttust sjá á aðventutíma hér um í 5 daga loga í hafi austur frá Skaga.

**Íslands árbók:** Harður vetur með ströngum frostum, so enginn þóttist muna slíkt upp í næstliðin 30 ár. ... Sunnan lands deyðu úti í frostum og harðviðrum að samtöldu 23 menn. Vorið líka sem veturinn geysikalt. Greri seint og illa, og var tveggja ára klaki í jörðu norðanlands. ... Um haustið í Septembri gjörði eitt minnilegt stórvíðri á vestan. Gengu síðan sífelld brim, eins þó gott veður væri. Afur í Octobri gjörði annað stórvíðri með mesta óvenjubrimi, sem mælt var, að gengið hefði upp á Drangey og yfir mitt Siglunes. Það braut fjölda fiskibáta, sem uppi stóðu í lendingu, að vísu yfir 40 fyrir norðan land, og tvístraði í sundur með veiðarfærum og fleiru, sem nálægt var. ... Seinast í sama mánuði [þ.e. nóvember] gjörði stórkafald af norðri. Stóð sú hrið í 5 eða 6 dægur, so aldrei uppstytti. Varð þá enn víða skaði á fiskibátum, hrossum og sauðfé, sem ei var komið í hús. Í sama óveðri tóku snjóflóð á Látraströnd 2 bæi, sem hétu Miðhús og Steindyr. Komst lífs af á þeim fyrra bænum, en á Steindyrum voru alls 9 manneskjur, allar lagztar og sofnaðar í rúmpletjum sínum. Liðu so 4 dagar, þangað til fólk af næsta bæ komst til að vitja þeirra, sem skeði með stórri mæðu, því fönnin var óvenjulega djúp orðin og bærinn grafinn undir snjó. Lifðu þar þá enn undir snjónum 2 manneskjur alls naktar og 2 smábörn, það eina 6, en annað 4 vetra, sem var eitt guðs furðuverk, en 5 fullorðnar fundust dauðar. Í sömu óveðrum tók og fyrir snjóflóði kotið Miðgerði í Laufássókn. Urðu þar undir 4 manneskjurm en 2 komust lífs af.

**Espihólsannáll:** Vetur harður með miklum frostum, einkum norðan lands. Fyllti þar og víða landabuga með hafís eins og í Vestfirðingafjórðungi. Vorið kalt. Greri lítið og síðla. Var 2 álna klaki þá í jörðu í Eyjafirði og þar mesta grasleysisár, so á fjögrakúgafóðurs velli fékkst varla tveggja kúa fóður. Grasmaðkur fordjarfaði og víða tún sem undir slátt graslaus voru, gulgrá að lit, hvað eg sjálfur sá á jörðunum Bessahlöðum og



Varmavatnshólum í Yxnadal sem víðar, hvar bændur sögðust hafa rakað þessum maðki saman og fyllt þar af heil kvartil kringum bæina. .. Dóu úti í frostum og hríðurm sunnanlands 23 menn. .... Í snjóflóði eyddust þá (í nóvember) 2 bæir á Látraströnd við Eyjafjörð, Miðhús og Steindyr. Af komust allt fólk á Miðhúsum, en á Steindyrum fórust 5 manneskjur. Þá grafið var til bæjarins með mikilli fyrirhöfn fundust fjórar manneskjur í rúmum sínum, tvær nalatar og tvö börn, annað fjöggra vetra, en annað sex vetra, undir snjónum lifandi þar (sjáanlegt miskunnar-og alæmættisverk lifanda guðs). Þá tók og snjóflóð bæinn á Miðgerði í Laufássókn. létu þar fjórar manneskjur líf sitt, en tvær komust lífs af.

**1773 Sauðlauksdalsannáll:** Vetur harður frá jólum ... Vorið var hið kaldasta og eins sumarið með sífelldum norðanvindum. Grasvöxtur var þó í betra lagi og nýttist hið bezta nema fyrir norðan land; þar skemmdust mjög hey. ... Snjóaði snemma á hausti; gjörði þá harðindi, helzt ... [eyða] í Austfjörðum: lágu þar skemmdar töður á túnnum um Michaelsmessu; vetur síðan til jóla í meðallagi.

**Úr Djáknaannálum:** Í Janúarjói snjó og jarðbönn víða, þar eftir vetur góður til sumarmála oft stillt og þriðviðri. Vor eitt hið kaldasta og harðasta fram á Jónsmessu með frostum, sífelldum snjókröpum og norðanstormum; gjörði jarðbönn til afdala. Íshroði kom að Norðurlandi en hélzt ei lengi við fram eftir sumrinu. Sumar mjög óþerra- og illviðrasamt: í 14 du viku sumars kom stórfjúk fyrir norðan svo ei varð slegið í 2, sumstaðar 3 daga og lá við að þingmenn að norðan yrðu úti á fjöllum. Gengu síðan oft stórkostleg regn, einkum þegar áleið og jafnast snjóaði í fjöll, kölluðu nokkrir þetta *Regnasumar*, Á Vestfjörðum gjörði stórhret nálægt haustkrossmessu [14. sept.], tók þann snjó ei af aftur. Annað hret kom þar 3 vikum fyrir vetur og tók þá fyrir jörð, sem hélzt árið út, en nyrðra var haustið mjög stirt með frostum og snjóum fram að jólaföstu; þó var betra til sjós og lands um og eftir veturnætur. Eftir Nicolaidag, 6tta Dec. hlánaði vel, gengu svo logn og staðviðri til árslokanna. Harðindi og hungursneyð víða um sveitir af heys- og bjargarleysi, svo lá við mannfellir á Austurlandi, einkum í Múlasýslu. Féllu sumstaðar kýr og fé norðanlands, einkum í Þingeyjarþingi. Sama var að fréttu að sunnan og vestan, líka af Vestfjörðum, einkum í nyrðra parti Ísafjarðarsýslu nema nokkuð skárri í Grunna- og Aðalvíkum. ... Skemmdist... bæði eldiviður og töður af votviðrum, grasvöxtur þó annars góður, einkum á þurrlendi nyrðra. Tún ekki víða hirt fyrr en um höfuðdag. Í Þingeyjarþingi og eystra sérlegur óþerrir vegna snjóa og sudda, svo ei varð heyjað. Töður á túnun lágu undir snjóum í Fljótum, víða í útsveitum; Vatnsnesi, Laxárdal og víðar. Þau innkomu í tóftir og garða skemmdust undir bruna, þóttust elztu menn ei muna slíka sumartíð. ... Skiptapi á Skutulsfirði um veturinn með 4 mönnum ... Í Sept. fórst bátur á Dýrafirði með 3 mönnum. Skiptapi í Rifi, fórust 3 menn af sexæring, annar syðra. 23. Nóv. Fórst bátur með 5 mönnum, er vildu lenda í Keflavík.

**Húnvetnskúr annáll:** Var veturinn með hörðum skorpum. Sú fyrsta kom með jólaföstu, sem fyrr um getur, að hestana drap flesta. Önnur kom að liðnum jólum, þriðja á útmánuðum til þriðju viku einmánaðar. Þá batnaði, en varði ei lengur það fína veður en þar til þrjár dagar voru af sumri [sumar kom þá 22. apríl]. Vorið var í harðasta lagi, svo í fardögum mátti varla sauðgróður sjá og neyðartíð af heyleysi. ... Á þessu ári, þó seint væri, spratt mikið gras víðast á landinu, en óþerrasumar í meira lagi. Í fjórtánu viku gerði stórfjúk, svo hesta fennti til afdala, þó ei dræpist. Sá snjó lá á, helzt við fjallgarðinn [milli Skagafjarðar og Húnavatnssýslu], í hálfan mánuð, og svo féll til enda sumarið, að varla kom vott úr skýjum, að ekki snjóaði til miðra hlíða í fjöllum og svo oft í byggðum til þess hálfri annarri viku fyrir vetur. Þá batnaði með kveikingu fyrsta vetrartunglsins. Haustið þar eftir fínt. ... NB. Af áðurminnztu sumri sýnist nú horfa til báginda, helzt til afdala og útkjálka, að hey eru lítil og gagndjörfuð. Um sláttinn kom varla þurr dagur nema laugardagarnir. Þá var þerrir. ... Sannar fregnir meina menn séu, að þrjár duggur brotnað hafi og farizt í ís fyrir Ströndum norður.

**Höskuldstaðannáll:** Í Januario snjóar og jarðbönn víða. Síðan veturinn góður, oft stillt og þítt allt fram yfir sumarmál. En vorið þar eftir eitt hið kaldasta og harðasta með frostum, fjúkum og norðanstormum til Jónsmessu. Íshroði kom að Norðurlandi. Harðindi og hungursneyð allvíða um sveitirnar af heys- og bjargarleysi og jarðbönn til afdala. Kúa- og sauðkindafellir sumstaðar, Sama sagt úr vestursveitum og að sunnan. ... Skiptapi þar [á Ísafirði] 5 manna. Einn skiptapi syðra, annar vestur í Rifi. Item vestur í Keflavík drukknun 5 manna. ... Sumarið yfir allt norðan lands, mikið sudda-, þoku- og votsamt. Ávalt snjóaði á fjöll. Sjaldan hér stórregn, nema í 14. viku sumars kom áfelli með krapahríð og snjó. Skemmdust töður, grasvöxtur þó góður. Allvíða ei hirtir vellir fyrr en um höfuðdag. Í Þingeyjarsýslu skal hafa verið sérlegur óþerrir af súldum og snjóum, svo ei varð heyskapað, en nautpeningi hey að gefa. Svo var í Fljótum og útsveitum, að hey skemmdust og urðu undir snjóum. Þar til stórbrim og óvenjuleg sjóarólga, svo varð ei á sjó farið. Fóru

nokkrir í Fljótum um haustið inn á Höfðaströnd til sjóróðra. Brimið braut í Septembri sumstaðar meir en fyrra árið upp á fjörur og bakka. Fiskur gekk inn á firðina, en sjaldgæft. Haustið stirt framvegis með frostum og snjó oftast fram á aðventu, svo hey urðu úti, svo sem á Vatnsnesi, í Laxárdal etc. Og víðar. Þó var betra til sjós og lands um og eftir veturnætur. Sagt var, að hross væri rekin sökum snjóa norðan úr Þingeyjarsýslu í Skagafjörð. ... Eftir Nicolaidag, 5. Dec. Hlánaði vel. Gengu síðan ávallt logn og jöfn staðviðri til þorrakomu hins ársins. Þó voru sumstaðar ísalög og hálkur.

**Íslands árbók:** Vetur í meðalmáta harður og enn strangari í Norður- og Múlasýslum, hvar og illa var undirbúið af undangengnum grasbresti. Skeði því stór fjárfellir hjá mörgum þar og hartnær mannfellir fyrir austan. Hafís kom og fyrir Norðurlandi, en hélzt ei við langt fram á sumar. Síðan gjörði grasviðri, og spratt vel, einkum á þurrlendi. Strax að liðnu alþingi gerði stórt áfelli með fjúki og snjó, so, hélzt við sjálft, að þingmenn norðan frá mundi verða úti á fjöllunum.. Gekk sú hríð í 6 dægur, so ekkert varð aðhafzt. Þótt gras væri, nytjaðist illa, því sífelld regn gengu mestallan heyskapartímann og þau, sem innnáðust í garða fordjörfuðust undir bruna, so ekki hinir elztu menn þóttust muna slíkt sumar. Síðar um haustið gjörði enn stór regn og minnilega fordjörfun á húsum manna með því, sem inni var.

**Espihólsannáll:** Vetur að kalla í meðallagi framan jól, en úr því með frostum og norðvestanhretviðrum, einkum í Múla- og Þingeyjarsýslum, og so sem sumarið fyrir var grasleysissumar, þá felldu menn norðan lands bæði hross og suðfénað. ... Selveiði nokkur, meðallagi norðan lands, en hafís rak að landi fyrir Vaðla-, Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum. Ekki lá hafísinn samt lengi við landið. Þetta ár var grasvöxtur norður hér í betra meðallagi, en nýting lakari, því víða skemmdust hey undir bruna. Snemma í Augustumánuði gjörði stórfellt áfelli og snjóburðarhríð so mikla, að við sjálft lá, að heimreisandi lögþingsmenn mundu í mestu herkjur komast á fjöllunum. Sú hríð varaði í 6 dægur. Síðar gjörði stórregn um haustið, hvar af margir höfðu skaða á húsum og heyjum. Sumstaðar féllu skriður á land og fordjörfuðu jarðir bæði í Húnavatns- og Vaðlasýslum.

**1774 Sauðlauksdalsannáll:** Vetur frá jólum kaldur, en þó víða jarðir auðar. ... Víða heyskapur lítill um sumarið, haustið mjög regnasamt.

**Úr Djáknaannálum:** Góður vetur frá jólum, nokkuð frostasamt á góu, einmánuður beztur, oft með þíðviðrum nema í hans seinustu viku frost. Haglítið syðra til fjalla á góu og einmánuði. Harðindi í Skaftafellssýslu eystri parti og í Múlasýslu. Vorið þurt, kalt og hart, svo sumstaðar í Ísafjarðarsýslu voru jarðbönn til hvítasunnu, sem haldizt höfðu þar mikinn part vetrar. Sumarveðráttu góð nyrðra og heyjanýting góð en grasbrestur nokkur, en kalt og regnsamt syðra og einkum vestra með frostum og snjókrapa í Aug. og fram í Sept. og það allt til árslokanna. Grasbestur þar og heyjanýting ill, því fáir dagar komu þar þurrir frá Sept. mánaðarbyrjun til aðventu. Eystra heyskapur góður. Haust gott nyrða frá 10da Sept. til aðventu kom fjúkhríð; aftur gott. Óstöðugt um jól. Á Ströndum peningafellir af vorharðindum. Mikið hallæri eystra, einkum í Múlasýslu, hvar fólk flosnaði upp og féll líka. Í stormum viku fyrir jól brotnuðu nokkur skip á Reykjaströnd, þá fennti fyrir norðan hross og sauðfé. ... Skiptapi á Mýrum 20ta Apr., fórust þar 6 duglegir menn. ... Um veturinn kom upp eldur í Grímsvötnum eystra, sást mikill logi úr Skálholti upp yfir fjöllin og úr Borgarfirði reykur, er tók yfir alla jökla. Loginn sást og leggja upp í loftið á kvöldin frá Bæ í Hrutafirði og Mel í Miðfirði. Meintu menn að hér af kæmi uppþornun Skeiðarár og sá mikli vöxtur í Nupsvötnunum.

**Húnavetnskur annáll:** Var veturinn fínn allur, nema góa var til enda með fjúki fyrir utan fjóra daga. Gjörði samt ei snjó mikla, og jarðir allfínar víðast. Vorið var nokkuð hart og kalt. Kom seint gróður. Var samt grasár í meðallagi. Veðráttu um sumarið var í æskilegatsa máta og haustið allt eins fram til jólaföstuinngangs. Þá gjörði hart fjúk í tvo daga. Misstu margir hesta og fé, helzt við útkjálka, einninn skip á Skagaströnd, Skaga og Reykjaströnd – þau voru víst tíu eður tólf. ... Fimm tveggjamannaför forgengu þar um nesin [Suðurnes].

**Höskuldsstaðaannáll:** Veturinn eftir jól góður að veðuráttu. Nokkuð frostasamt á góu (b.v. enda sást ís fyrir). Einmánuður beztur, oft með þíðviðrum, í síðustu viku frost. En vorið þurrt, kalt og hart. ... Vorið hart norðast á Ströndum með peningafelli. ... Skiptapar fimm: Þrír á Vatnsleysuströnd.... Einn bátur fórst á Kjalarnesi og einn skiptapi á Mýrum 20. Apríl. Fórust þar sex duglegir menn. ... Grasbrestur mikill norðan lands víða. Sumarveðuráttu þó góð og þurr. Nytkuðust vel hey. Eins á Vesturlandinu lítill grasvöxtur, en eystra heyskapur góður. ... Haustið var gott að veðuráttu frá gamla höfuðdegi [9. sept.] og framvegis til aðventu. ... Með aðventuinnangi kom fjúkhríð. Fennti hér og þar hross og nokkuð sauðfé. Aftur gott. Óstöðugt um jól.

**Íslands árbók:** Var hægur vetur og án stórfrosta eður snjóa. ... Skiptapi fyrir Mýrum með 6 mönnum, og á Vatnsleysuströnd forgengu 3 smábátar með 6 mönnum, einninn á Akranesi með 2 mönnum, ítem bátur á Eyjafirði með 5 mönnum. ... Mikill grasbrestur á Norðurlandi, en góð veðurátt um allt haustið ...

**Espihólsannáll:** Vetur fyrst frostamikill, en eftir nýárið frostminna og stórhriðarlítið í Vaðla- og Skagafjarðarsýslum. Vorið mjög kalt, en kyrrviðrasamt. Grasbrestur er norðan lands víðast. Skiptapi á Eyjafirði með 5 mönnum, annar á Akranesi með tveimur mönnum.

**1775 Sauðlauksdalsannáll:** Vetur eftir jól góður til kyndilmessu, þá komu snjóar og jarðbönn, hélzt fram á vor, féll víða ásauður og hross.... Grasvöxtur góður og nýting hin bezta. ... Vetur til jóla góður, jarðir nógar.

**Úr Djáknaannálum:** Janúarjús stilltur af veðráttu, síðan stirt og óstöðugt og stundum hríðir nyrðra fram um páska, sem voru í seinustu vetrarviku [páskar voru 16. apr]. Syðra vetur strangur frá síðustu viku þorra til miðs einmánaðar, líka varð hörð veðrátt á Vestfjörðum frá góukomu til sumarmála, batnaði þá veðráttu.

Vorið sémilegt nema til útkjálka nyrðra var það kalt og hart. Eftir páska kom hafís fyrir vikur í Barðastrandarsýslu, hann kom og fyrir Strandir og Norðurland, en orsakaði þó ekki harðindi fyrir utan hret, er gjörði þá hann rak inn: voru allir firðir fullir af honum fyrir norðan um sláttinn, umkringdi hann allar Strandir í Júlíó, svo ei sást út yfir hann af fjöllum. Grasvöxtur og sumarveðráttu góð í Norðurlandi, nema á útkjálkum spratt miður vegna náttfrostu; í betra lagi grasvöxtur í Múlasýslu, þó óperrasamt framan af, en endaði vel. Haust og framan af vetri misjafnt, stundum gott, en oftar óstöðugt með regni, vindum, frostum og fjúkhríðum, helzt um veturnætur og jól. Heyleysi syðra, féllu því hross, líka á Vestfjörðum fórst af heyjaskorti nokkuð af sauðfé og hestum. ... Skiptapi snemma í Martíó með 6 mönnum í Þingeyjarþingi. 2 menn drukknuðu af báti, er steytti austanfram á Skaga. ... Í Sept. klofnaði hollenzk dugga fram undan Dröngum á Ströndum á skeri; fórust menn allir ... Þann 25ta Martii tók snjóflóð smalamanninn frá Núpi í Dýrafirði og 50 fjár. ... 5 skip úr Mýrdal hröktust fyrir stormi í Vestmannaeyjar og á þeim 90 manns, voru úti alla nóttina og náðu eyjunum um nón daginn eftir, en komust allir lífs af.

**Húnvetnskúr annáll:** Var vetur sémilegur fyrir utan áður áminnt fjúk með jólaföstu, jarðir nógar víðast. Með góu gjörði snjóa, en með einmánuði aftaksfönn um landið víðast, sem þó að sönnu upp tók þar eftir, en eimdi af vorið út, því víðast var það hart, og urðu margir bjargþrota af heyi. Sumarið var æskilegt fyrir utan hálfan mánuð frá fimmtánu til seytjándu viku. Grasár víðast gott og mikil hey um haustið. Það var stirt fram yfir veturnætur. Með suamrauka, sem þá var haldinn, lögðu stór vatnsföll hálfum mánuði fyrir vetur, Blanda í Húnavatnssýslu og Héraðsvötn í Skagafirði. ... Forgengu tveir bátar á Suðurnesjum, aðrir hlöðu sig í sjó, hinir forgengu í lendingu. ... Á nefndu ári var hafís lengi fyrir Vestfjörðum. Var þar og hart og missir nokkur. En fyrir Norðurland kom hann ei fyrri en eftir fardaga. Þá rak við í meira lagi kring landið og nokkuð af vogrekum, í Staðarsveit vestur yfirtak af borðviði.

**Höskuldstaðannáll:** Januarius var stilltur að veðráttu, síðan oftast töstugt, stírt og óstöðugt veðráttu, stundum hríðir og ógæftir til sjóar. Fjúkapáskar síðustu vetrarviku. Vorið kalt og hart. Sumarið einnig þurrt og kalt. Grasbrestur í meira lagi. Stundum náttfrost, enda var ísinn úti fyrir og umkringdi allar Strandir í Julio, svo ei sást út fyrir hann af fjöllum. Hann kom og fyrir Skaga og norður með landi. ... Haustið og framvegis til jóla var misjafnt að veðráttu, stundum gott, en oftar óstöðugt með regni, vindum, frostum og fjúkhríðum, helzt um veturnætur og um jól.

**Íslands árbók:** Vetur að meira parti góður norðan og vestan lands, en fyrir sunnan gjörði harðindi frá miðjum vetri og jarðbönn, so sums staðar féllu hross og sauðfé var af heyjum lógað. Vorið kalt allt til Jónsmesu, en gjörði þá síðan gott grasár. ... Gott eftirhaust og vetur upp á veðrátt og jarðir fram til jóla. Skiptapi um veturinn með 6 eða 7 mönnum, sem fóru af Tjörnesi til Flateyjar að kaupa og sækja fisk, höfðu háfermi á og fengu ofviðri á sig til baka aftur.

**Espihólsannáll:** Vetur góður víðast um landið allt fram á miðjan vetur, þá fyrir sunnan tók að harðna veðurátt með jarðbönnum og umhleypingum, so bæði féll þar sauðfé og hross. Fyrir norðan féll betur, þó vorið væri næsta kalt. Grasvöxtur mikill og notagóður. ... Haustið var gott að veðráttu, en aflagrestur mikill og ógæftir til sjóarins, einkum norðan lands. ... Skiptapi varð með 6 mönnum og fiskifarmi millum Tjörness og Flateyjar fyrir stormvindi.

**1776 Suðurnesjaannáll:** Skiptapi í Höfnum og Njarðvíkum í aprílmánuði.

**Sauðlauksdalsannáll:** Vetur góður og vorið líka. ... Grasvöxtur minni en í fyrra. Nýting góð á töðum. ... Mjög óstöðugt veðráttu allt haustið og fram til jóla.

**Úr Djáknaannálum:** Vetur allstaðar góðar. Í Jan. mikið stillt veður með frosti, en engin jarðbönn né stórhriðir. Vorið viðunanlegt, þó snjóaði með frosti um hvítasunnu og stundum kalt í Júnjó rak þá inn hafís, þó stóðu engin harðindi af honum, var hann og ekki mikill, en þessi hroði flæktist norður með landi um sumarið, er var ýmist þurr eða vott nema á Vestfjörðum, hvar varla kom daggardropi úr lofti allt til höfuðdags, en síðan linnu þar aldrei haustórum af öllum áttum svo varla var fært út úr húsum til vinnu. Á Jónsmessu gengu ákafar skruggur með eldingum, nálægt 20 í rennu, líka 24ða Júlí og oftar um sumarið, svo mælt var að nær 60 hefðu heyrzt á einum degi í Eyrarveit. Grasvöxtur í betra lagi norðanlands og víðar, nýttust þar hey líka vel, en á Vestfjörðum mikill grasbrestur vegna ofurþurrka, svo tún urðu ekki uppslegin og hey lágu þar úti sumstaðar á veturnóttum. Haust vott og vindasamt. Þann 7da Oct. gjörði megna norðanhríð með fennfergu og frosti svo vatnsföll lögðu og uppbólgnuðu, þaðan frá óstöðugt og sumstaðar vetrarríki 3 vikur, síðan oft regn, en stundum frost og fjúkhríðir til jóla, en norður undan betri veðrátta. ... Við Eyjasand forgekk 10æringur með 12 mönnum og skip af Ströndum með 15 mönnum á kirkjuleið. Þann 14da Maí í miklu norðanveðri fórst skip við Brimilsvelli í landtöku með öllum mönnum. Sama daga barst á skipi við Hellisvelli, misstist skip og færur, en mennirnir náðust af öðru skipi. ... Akuryrkjan lukkaðist vel á Suðurlandinu hjá stiftamtmani og öðrum, sem við hana fengust.

**Húnavetnskur annáll:** Var veturinn góður, vorið eins og sumarið. Gott grasár var og líka víðast. Haustið mjög stirt, svo víða var í útideyfu um eldivið, vallaráburð og haustyrkju. Það kom stórfjúk á fimmtudaginn þrem vikum fyrir vetur. Varð mörgum bagi af því. Einn maður deyði í Húnavatnssýslu ... Nokkrir lágu úti, en komust lífs af. Af nefndu fjúki tók ei upp snjó á því hausti fyrr en með jólaföstu. Þá batnaði.

**Höskuldsstaðaannáll:** Í Januario var mikið stillt veður með frosti og framvegis veturinn góður, ekki jarðbönn, engar stórhriðir. Vorið og viðunanlegt, en þó snjóaði með frosti um hvítasunnu og stundum kalt í Júnio. ... Tíæringur með 12 mönnum skal hafa forgengið við Eyjasand. Ítem skip á Ströndum á kirkjuleið með 15 fólks.- Grasvöxtur í betra lagi. Sumarið ýmist þurr og vott. Nýttust vel hey. ... Haustið var í bland vott og vindasamt. Einn maður maður í Höskuldsstaðakirkjusókn varð úti í mikilli krapahríð 3. Octobris. Frá því vetrarauki í þrjár vikur og framvegis oft regn, studnum frost og fjúkhríðir til jóla.

**Íslands árbók:** Byrjaðist tíðin með samslags góðviðrum sem gengið höfðu fyrir jólin, og soleiðis hélzt allan veturinn út, að menn þóttust ei muna annan slíkan. Vorið var og eins gott, snemmgroíð, so víða var komið slægt gras um Jónsmessu. ... Heyskapur í betra lagi og haustaði lengstum vel. Fór því fram allt til nýárs.

**Espihólsannáll:** Vetur góður og hagstæður norðan lands, en vorið vindasamt. Var peningur víðast í góðum holdum fyrir utan sauðfé, sem vegna fjársýkinnar og hirðingarleysis víða drapzt. Vorið í meðallagi annar upp á graslífgun og gæftir til sjóar. .... Heyskapur, einkum töðufallið víðast gott norðan lands, en haustveðurátt óstöðug með stormum og stórregnum. ... Í Múlasýslu gott árferði til lands og sjóar.

**1777 Sauðlauksdalsannáll:** Bezti vetur allt frá ársdegi fyrsta til sumarmála, þaðan af kuldar miklir og þurrkar.

**Úr Djáknaannálum:** Vetur var góður og mjög snjóalíttill. Vor kalt mjög að jafnaði með norðanstormum. Kom hafís fyrir Norðurlandi og Vestfjörðum. Vorkuldarnir ollu miklum grasbresti allvíða um land nema í Barðastrandarsýslu spratt gras í meðallagi og þar undir. Nýttust illa töður og úthey, urðu úti undir snjó, sum uppdregin sem inni voru kökkuð, en sum brunnu í görðum, helzt syðra. Yfir höfuð var heyskapur víða hinn aumasti, því sumarið var að sönnu þurrkasamt framan af, en frá því miðju eitthvört hið óþerrasamasta, einkum September mánuður með sífelldum þokum og fúlviðri; komu þá í ymburviku áfelli af snjó, er lá lengi á. Haust óstöðugt með þykkviðri, þokum og norðanstormum oftast; batnaði um tíma fyrir veturnætur. Komu þá stórkafhöld með snjófergjum svo hagskortur varð litlu síðar í Þingeyjar-, Hegraness- og Strandasýslum, varði sú skorpa 6 vikur, varð þá loks jarðbann víða af snjó og blotum. Um jól viðraði bærilega. ... Penna vetur eftir jól skaði á húsum og heyjum í Eyrarsveit af veðurm. ... Gengu skruggur miklar [um sumarið] eystra, heyrðust hér um 50 á eyktartíma.

**Höskuldsstaðaannáll:** Veturinn frá jólum var góður að veðurátt, sjaldan stórfjúk, en vorið iðuglega stórum kalt með norðanstormum. Sumarið og kalt með sífelldum þokum og þerrileysum. Grasleysi eitthvert mesta. Nytaðist illa, sem verra var, töður og hey og skemmdust víða. Sumstaðar uppdregin. Heyskapur víðast hinn aumasti. Kom áfelli af snjó í Septembri í imbruviku, lá lengi á og hindraði heyskap. Haustið oftast með þykkviðri og þokum, títt norðanstormum (þó ei votviðrum) og ógæftum til sjóar. Kom á með vetri með stórhrið og snjóum. Sú skorpa varaði helzt í 6 vikur, síðast með jarðbönnum af snjó og blotum, svo hross ráfuðu óvíst og fundust ei aftur, tóku þegar að falla og mörg afslegin.

**Íslands árbók:** Byrjaðist tíðin með sömu góðviðrum sem að undanförunu gengið höfðu.... Veturinn allur og yfir heila landið sérdeilis hægur og snjólítill, en vorið kalt og greri seint. Kom og hafís fyrir norðurlandi. ... Haustið féll mjög bálega upp á veðurátt og heynýting, lagði og að með þungum vetri allt fram um jól.

**Espihólsannáll:** Vetur góður víða um land með frostum og bjarviðrum. Þá var kyrrt og gott frostveður á jólanótt og nýársdag. Var og góð veðurátt stöðug. Þann 16. Martii kom fjögurra daga stórhrið með frosti og snjóburði í Eyjafirði. Aftur kom í Eyjafjörð önnur stríðari hrið þann 24. Martii, sem ogso varaði í rúm fjögur dægur. Hafísrekstur var ávallt fyrir Norðurlandinu bæði um veturinn og vorið, en ekki varð hann landfastur nema á Ströndum. ... Vorið var kalt og óstöðugt af vindum og næðingum. Kól því jörð víða, einkum á harðlendi móti norðri. Hins vegar brenndi sól hólavelli í Vaðlasýslu. Kyrkingur kom þar í grasvöxt, so að fyrsti gróður varð til fordjörfunar. Þá var búið með völlu norðan lands, komu óþurrkar og þar eftir stórregn og óveður, sem allt af vöruðu til skaða og skemmda á heyjum manna. Mikil hey slegin urðu og undir snjó etc. ónýttust. Margir lóguðu þá nautpeningi sínum í Þingeyjar-, Vaðla- og Skagafjarðarsýslum. ... Haustið norðan lands fram að sólstöðum var stórvíðrasamt með útsynningshriðum og blotum. Þess vegna varð mikill hrossafellir í Skagafjarðar-, Vaðla og Norðursýslum, þó minnst í Eyjafirði. En þó heyskapur væri bágari suður og vestur, féll nú veðurátt þar betri og afli góður sumstaðar. ... Árferði fyrir sunnan er í betra lagi bæði til lands og sjóar, harðast í Mýrasýslu og Vestmannaeyjum.

**1778 Sauðlauksdalsannáll:** Veturinn góður til sólharfa.

**Úr Djáknaannálum:** Vetur einhvor hinn harðasti með stórhriðum, snjóum og spillingarblotum, einkum frá góukomu, skörpum frostum og mikum svellalögum svo jarðbönn voru víða um sveitir; var hann af mörgum kallaður Svellavetur. Hafís var mikill fyrir norðurlandi. Batnaði þá vika var af sumri, kólnaði aftur í 3ju sumars viku með frostum og norðan hriðum í 8 daga. Vorið oftast kalt með frostum og krappaéljum allt til sólstaða svo á útsveitum tók ei snjó á tünnum fyrir en um og eftir Jónsmessu. Gréri seint, var því grasvöxtur víða lítill nyrðra, en sumstaðar í meðallagi. Sumar hlýtt með skúrum frá Jónsmessu til jafndægra, nýttust þó vel töður norðanands til 18da Augusti, kom síðan óþerrir, þó veðráttan væri góð. Syðra grassvöxtur góður, en þar skemmdut mjög hey úti vegna votviðra og brunnu sumstaðar innkomin í garða, og líkt þessu var vestra. Með haustjafndægum 23ja Sept. kom mikil fjúkhríð af norðri með frosti og fannkomu, batnaði aftur nokkru síðar, og gengu svo stakleg spakviðri frá veturnóttum til jólaföstu, og þaðan frá var veðráttu sáemileg til nýjárs í flestum sveitum nema Ísafjarðarsýslu, hvar þá voru snjókomur og jarðbönn, líka frosta- og fjúksamt norðarlega í landinu. Á jólum tóku hestar að falla norðanlands, en um vorið varð stórfellir fjár og hrossa, því margir urðu heylaúsir og kúm var sumstaðar lógað, einkum í Múla- og Þingeyjarsýslum; þó varð þessi fellir mestur í Vestfirðingafjörðungi, sérdeilis í Strandasýslu, hvar nærri gjörféll allur kvikfénaður, og víðar urðu sumir bændur nær því kinda- og hrossalausir. Peningi lógað um haustið vegna heyleysis. Fé fennti líka í jafndægra kafhaldinu. Harðrétti í Múla- og Þingeyjarsýslum; fólk þar uppflosað.

**Höskuldstaðannáll:** Norðaustur í Múlasýslu og í Norðursýslu harðindi, fjár- og færleikafellir. Margt flökkunarfólk og dauðlegt tilstand. Af Vestfjörðum og undan Jökli var og harðindi að fregna. Stærsti peningafellir um vorið á Ströndum, nauta, sauðfjár og hesta, með fiskleysi og svo víða í vestursveitum. ... Veturinn frá uppbyrjun til enda var einhver harðasti, eftir það graslitla óþerrissumar, með stórhriðum, snjóum, spillingarblotum og jarðbönnum (beztur að veðráttu að ofan um jól og þorra til góí). Féllu víða hross og sauðfé hrönnum. Þó var stór mismunur þar á í sveitunum. Sumir bændur urðu nær því hesta- og sauðkindalausir. Batnaði þá vika var af sumri. Þá kom hér aftur í 3. sumarviku skorpa í 8 daga með frostleysi. Hafís kom að Ströndum og Skaga. ... Vorið oftast kalt að sólstöðum, síðan varmi. ... Grasvöxtur víða lítill, sumstaðar í meðallagi. Nýttust hér vel töður til 18. Augusti. Síðan óþerrasamt. Þó veðráttu góð fram eftir um haustið og fiskafli nokkur. .. Sunnan lands grassvöxtur góður, en óþerrir og töður skemmdar. Viðlíkt vestur undan. Þann 27. Sept. í áhlaups-norðankrapasúldi um kvöldið og nóttina hraktist eitt skip frá Naustavöllum inn á Hjaltabakkasand með fjórum mönnum. ... Einn af þeim dó af kulda ...

**Íslands árbók:** Hægði frostum og fjúkum með vestanblotum eftir jólin, og kom nokkur hestajörð upp. ... Gengu jarðbönn með þráviðrum allan veturinn, so aldrei tók af snjó né klaka einkum í Norður- og Vesturlandi, og lá sá snjó einkum á útveitum við sjávarsíðu, so ei kom upp sauða- eðu nautajörð allt fram um Jónsmessu eða lengur. Skeði allvíða í Norðursýslu og austur undan hrossafellir, so og var búfé af heyjum lógað eður fyrir heyleysis sakir. Bar það og við, sem ei eru dæmi til, að engir úr Norðurlandi reistu til alþingis, þar fjöll í millum byggða þóttu og reyndust ófær, en nokkrir, sem lögðu á þau með lausa hesta,

komust fram með mestu herkjum. Greri jörð seint til sveita, en gjörði þó gott grasár, einkum á tünnum og töðum, því veður frá sölstöðum var mjög hagstætt með kyrrum og hlýjum sudda.

**Espihólsannáll:** Árið inngekk með kuldu og næðingum, eins og það fyrra endaði. Var og veturinn yfir mestan hluta landsins næsta skakviðrasamur og hríðarsamur, so þá féll fjöldi hrossa bæði norður og vestur um land. Í Stranda-, Ísafjarðar- og Barðastrandarsýslum varð stór peningafellir. Kuldar, næðingar og óveður vöruðu fram á vor. Drápust þá kúr í Vaðalásýslu og yfir 100 af hor og hrakföllum, en hross að sínu leyti miklu fleiri í Hegraness-, Norður- og Múlasýslum. Mesti bjargræðisskortur var víða meðal fólks í Norðurlandi, svo víða gat fólk naumlega fyrir megurðar sakir gengið að verkum sínum. 4 manneskjur dóu af hungri í Ólafsfirði, stöku manneskjur líka annarstaðar, líka úr vesöld. Töðuvellir kólu víða, einkum í Eyjafjarðarsýslum stórlega. Lá þar líka snjór á völlum langt fram á sumar. Í Vallnahrepp þar lá víða snjór kringum bæi þann 20. Júlí, í 13 viku sumars, og mundu menn varla slíkt. Það, sem spratt af völlum norðan lands, blómgaðist sem í meðalári, en útengi spratt ekki. Bágur er nú heyskapur á Suðurlandi, en betri nokkuð vestur um land. Í Múlasýslu viðlíka og Þingeyjar- og Vaðlasýslum.

**Ketilsstaðaannáll:** Lá þá snjór á tünnum sumstaðar í Norðurlandi til miðsumars eður 20. Júlí, hvíkt menn þóttust áður varla muna.

**1779 Úr Djáknaannálum:** Vetur góður og frostalítil nyrðra með miklum hlákum og regnum, en syðra og vestra snjóasamur með útsynningum. Skruggur heyrðust nyrðra miðvikudag fyrsta í sumri, meiri en nokkurn tíma komið hafði um veturinn; var þó annars sæmlegt vor nema á Vestfjörðum, hvar það var hart til hvítasunnu. Grasvöxtur víða einhver hinn bezt en hey spilltust mjög af óþerrir, einkum syðra og vestra urðu hey notaslæm, skemmdust þau þar í görðum og brunnu. Sumarið því vætusamara er lengur leið á það. Haustið með miklum úrfellum fram yfir veturnætur, þaðan frá með sterkum úrfellum fram yfir veturnætur, þaðan frá með sterkum frostum og stundum hríðum. Um jól þíðvirði. ... Heyskortur um vorið, féll því nokkuð af peningi, 4ða mánudag eftir páska [páskadagur var 4. apríl] fennti á Rangárvöllum 11 hesta og fé þar allvíða, sumstaðar 30 og 60 á bæ. Á þessu vori var mikill bjargræðisskortur meðal fólks, helzt um Austur-, Suður- og Vesturland. 12 manneskjur dóu úr ófeiti í Trékyllisvík, 3 í Mýrasýslu og einstaka manneskja eystra, tók þá mjög að tíðkast hrossakjötsát, einkum á Mýrum, þó án þarfar ... Úr öllum áttum heyrðist um haustið kvartað yfir bjargarleysi. ... Sunnudag 1ta í sumri gjörði snögglegt norðan áhlaup, þá urðu úti 2 manneskjur frá Kaldárbakka og Skógum í Kolbeinsstaðarhrepp, 1 piltur frá Álftatungu á Mýrum, 2 manneskjur á Hvalfjarðarströnd, 1 kvenmaður frá Melum á Skarðsströnd ... Þá fórst fé í Staðarsveit og víðar. Annað áhlaup kom á þriðjudaginn fyrir uppstigningardag [20. maí], varð þá úti piltur frá Ytra-Rauðamel. Á öskudaginn [17. febr.] kom svo mikið flóð á Eyrarbakka að Stóra-Hraun varð umflotið og báti ekki fritt á tüninu, en í kálgarði fyrir ofan fjósið og bæinn fannst af flóðinu eftir vorðin keila. Skemmdust í þessu flóði margar jarðir. Syðra fórust 3 bátar með 6 mönnum. Mánudag næstan fyrir hvítasunnu fórst skip úr Rifi vestur með 9 mönnum. ... Þann 7da Júnii strandaði hollenzk dugga á skeri framundan Sæbóli á Ingjaldssandi og brotnaði í mörg stykki. ... Á jólaföstu skiptapi á Hvalfirði með 3 mönnum ...

**Höskuldsstaðaannáll:** Veturinn frá uppbyrjun til enda var oft góður að veðuráttu og allur viðunanlegur fyrir utan nokkrar stórhriðir. ... Sunnudaginn og mánudaginn fyrstan í sumri [25. og 26. apríl] stór frosthrið norðan, engin slík á öllum þeim vetri. ... Harðæri meðal fólks um sveitirnar. Ógæftir til sjós syðra og vestra. Stórharið sögð á Vestfjörðum, í Mýrasýslu og á Ströndum og í þessum sveitum fólk farið að deyja í harðrétti.... Grasvöxtur góður um sumarið, jafnvel víða einhver bezt, en nýting misjöfn af iðuglegu þykkviðri og suðvestanskúrum. En helzt um hundadaga sífelldur staklegur óþerrir, svo hey magnlega skemmdust. ... Haustið mjög votsamt. ... Allstaðar að þegar fyrir jól sunnan, vestan og norðan var að heyra harðindatilstand og bjargarskort hjá flestum búendum af mjólkurleysi og óhentugra kúa og kraftrýrra heya. Einninn af sauðleysi og og fiskeklu sökum sjóarógæfta.

**Íslands árbók:** Var vetur misjafn um land, harðviðrasamur vestra og syðra, en snjóber norðan lands og þó beztur fyrir austan. ... Grasvöxtur góður en verstu heynýtingar sunnan lands. Á Norðurlandi lukkaðist það betur, og héldust góðviðri að mestu fram til veturnátta.

**Espihólsannáll:** Vetur góður fyrir norðan land frá jólum fram á einmánuð, þaðan af vorkuldar fram á sumarmál. So góð veðurátt var þá fyrir norðan, að fólk fór á grasamóa á þorra og góu sumstaðar og hafði margar hagræðisútréttingar. Aftur kólnaði fram um hvítasunnuhátíð fyrir norðan. Heyskapur og hans nýting bágborin fyrir sunnan ov vestan, en betri fyrir norðan og austan. ... Í Barðarstrandarsýslu var ekkert af töðu hirt á höfuðdegi fyrir sakir sífelldra regna, af hverjum so fordjarfaðist saltfiskur Dana á Patreksfirði, að

nokkuð af honum varð ei hundum að mat. Um haustið gjörði hríðir og kaföld, hvers vegna eins og ónýtingu heyjanna að fólk víða um landið, einkum fyrir sunnan og vestan, varð að lóga kúm sínum bæði af fódri og til bjargar. Fyrir sakir regna og vatnavaxta þá hlupu saman Þjórsá í Rangárþingi og Hvítá í Árnesþingi á so kölluðum Skeiðum og gjörðu slíkan skaða á heyjum manna í þeim takmörkum. Biskup og oekonomius í Skálholti misstu þá hey svo mikið, að það reiknaðist fyrir 400 hesta heys. Vatnsfallið Hvítá, Norðurá og Þverá í Borgarfirði orsökuðu önnum þá mikinn skaða á landi og heyjum fyrir sakir óvenjulegs vaxtar í miðjum Augustu-mánuði. Stór brim gjörðu og á landinu mikinn skaða, so sem á Eyrarbakka, Hvalsnesi og víðar fyrir sunnan, en á millum Langaness og Skaga brotnuðu í spón meir en 30 skipa. Sjór gekk þá yfir Siglunes þetta haust og braut þar og víðar fiskihjalla og skemmdi vergögn manna. Þá skemmdust af skriðum bærinn Strjúgur í Langadal, sömuleiðis Mógilsá og Vellir á Kjalarnesi með fleiri jörðum.

**1780 Úr Djáknaannálum:** Vetur yfrið góður á Íslandi frá nýári fram á góu. Gjörði mikla hláku og þíðviðri eftir miðþorra í 10 daga samfleytt svo snjólaust varð uppí háfjöll og sýndist grænka í hlaðvörpum. Kom skorpa með góu með hörkum, snjó og hríðum svo jarðbönn urðu í sumum sveitum, varaði þetta í 6 vikur frá 22. Febr. til 6ta Apr. Kom þá hagstæð hláka og góður bati. Vor eitt hið harðasta í manna minnum frá sumarmálum til þess fram yfir Urbanum [25. maí] með sífelldum norðan- og austanstorum og sterkum frostum nætur og daga. Þá var í 12 daga bærilegt veður. Aftur kalt og þurrt fram til Jónsmessu, svo þá var snjór sumstaðar á tünnum og í 11tu smarviku var ei allstaðar búið að vinna á þeim í Húnavatnssýslu. Fyrst sauðjörð í Fljótum um Jónsmessu; eftir hana brá veðráttu til sunnanáttar með votviðrum. Þá áleið sumar voru ákafleg úrfelli syðra og vestra. Haustið óstöðugt, komu fjúk snemma, viðraði stirt frá veturnóttum til jólaföstu, þá miklar hlákur svo allar ár voru þíðar. Af vorharðindum féll sauðfé hrönnum á Vesturlandi af megurð og nokkrar kýr, því allstaðar var mjög heylítið, einkum á Skógarströnd, Helgafells- og Eyrarsveitum. Hrossadaði nokkur syðra. Í sumarmálahríðinni hróflaðist líka af fé og hestum. Um haustið fennti fé eystra en hrakti í sjó vestra. Sultur og hallæri syðra og vestra og þröngt um bjargræði nyrðra, svo sumum lá við uppflosnun. Nokkrar manneskjurn dóu úr hor undir Eyjafjöllum og víðar. Grasvöxtur varð víða sæmilegur, þó seint kæmi, betri á útengi en tünnum, en hey skemmdust víða af ákaflegum óperrir, helzt syðra og vestra, eins innkomin í garða, líka fyrir austan, hvar töður fínuðu á tünnum. Í Þingeyjarþingi og Eyjafirði lágu töður sumstaðar á tünnum eftir Michaelismessu [29. sept.] og það innkomst þar skemmdist, svo að sumu var kastað út úr gördum og tóftum. Nokkuð betri nýting heyja var í Svarfaðardal, Ólafsfirði og Húnavatnssýslu. ... Um vorið skiptapi í Höfnum syðra með 8 mönnum ... 1 í Dritvík 19da Apríl með 5 mönnum. 1 á Ísafirði með 14 mönnum, 1 á Hvammsfirði með 3 karlmönnum og 1 kvenmanni. ... Laugardaginn 1tan vetrar (21. Oct.) hraktist skip frá Sviðum á Breiðafirði, týndust af því 3 karlmenn og 1 kona. Skagastrandarkaupfar forgekk á útsiglingu við Buðlungavík austan til við Hornbjarg, tapaðist þar gjörsamlega fólk, skip og góss allt. ... Um haustið urðu úti á Kjalvegi 5 menn, sem lögðu frá Hamarsholti í Hreppum laugardag 3ja vetrar, 4ða Nóv. Með 1 1/2 hundrað fjár og 17 hesta og ætluðu norður. ... Enginn maður né skepna fannst lifandi aftur af þessum hópi. [Þetta var leiðangur Reynistaðarbræðra]. ... Í sumarmálahríðinni 19da Apr. fór bátur í sjóinn frá Höfðakaupstað og 6æringur brotnaði þar og fleiri skip á Skagaströnd löskuðust. Þá reif kaupmannsstofuna þar, nýbyggða, svo að skemmdist þak hennar. Þann 16da December gjörði mikið útsynningsveður, brotnuðu þá 5 skip á Vatnsnesi og fleiri annars staðar; þá reif líka freðin hús og hey.

**Höskuldstaðaannáll:** Veturinn fyrir jól 1780 oftast með sterkum frostum, stundum hríðum og ógæftum til sjós, linari að veðuráttu um og eftir jól, oft þítt. Þorri stilltur og frostalítill. Á hans síðara parti 10 daga samfleytt (nótt og dag) þíðviðri. Þá kom með góí skorpa með sterkum frostum og hríðum, sem varaði í fullar 6 vikur, frá 22. Februarii til 6. Aprilis, svo jarðbann varð í miðju héraðinu og til dala, og varð útigangspðeningi hey gefa. Þar eftir kom hagstæð hláka og góður bati og komust vermenn ei fyrr vestur aftur. Aftur norðanfjúk í síðustu vetrarviku. ... Í þeirri stóru sumarmálahríð [sem ekki er frekar skýrt frá í annálum] varð skaði á skipum. ... Vesöld af bjargarleysi var að spyrja hvarvetna. Í sumum sveitum landsins fólk kennt við hrossakjötsát. Stór peningafellir sagður vera í austursveitum, ei sízt á Skógarströnd, Helgafells- og Eyrarsveit, líka syðra og kringum Jökul, og þetta ei einasta á sauðfé, heldur og kúm.... Haustið fyrir forgekk, að sagt var, nokkurt flutningaskip syðra. Um veturinn skiptapi 6 manna við Suðurnes. Tvö skip fórust í Ísafjarðarsýslu með 5 mönnum hvort um sig. Item skiptapi í Bervik 5 eða 6 manna. ... Kom sauðjörð upp fyrst í Fljótum um Jónsmessu (25. Junii). ... Grasvöxtur yfir allt kom seint, víða lítill, sumstaðar í meðallagi, á tünnum betri en útengjum, þó víða í betra lagi. En heyin skemmdust sumstaðar, þar iðuglegur

Óþerrir var af suðvestanátt og stundum regn. ... Frá veturnóttum til aðventu stirð og óstöðug veðurátta og sjóbönn.

**Íslands árbók:** Gjörðist vetur í meðallagi vel lengi og ekki stóráhlaupum fram til góí, en upp þaðan tók til að þyngja með áfrefðum og jarðbönnum. En með sumarmálum gjörði allt um eitt, á sumardaginn fyrsta [20. apríl] gjörði hrakviður með bleytu, á föstudaginn sem var bænadagurinn, hið mesta stórviðri af austri með krepju, en á laugardaginn hina mestu snjóhríð úr hafi. Ruddi þá niður ógnasnjófönn. Í þessum hríðum misstu menn fé sitt í Vesturlandi sums staðar, sem keyrði út á sjó. ... Var þessi vetur hinn harðasti að spyrra yfir allt land og eins vorið kalt og gróðurlaust allt til Jónsmesu, so engir treystust að norðan eða austan að ríða til þings. ... Var gróðurlítið og næsta seingróið um sumar, heyjanýting hin versta, bæði vegna hvassviðra, sem gjörðu mikinn heyskaða á tünnum manna, so og óperra, so hey lágu víðast úti um Michaelsmessu. Sama tilstand eður enn næu verra var að heyra úr Suðurlandi. ... Um haustið bar svo til, að Halldór Vídalín, klausturhaldari að Reynisstað, tók fyrir sig að senda suðaustur í Skaftafellsýslu til fjárkaupa menn úr seinni sveit. ... Þá skeði það óráð, [á bakaleiðinni] að þeir tóku sig upp á laugardaginn síðasta í sumri og lögðu upp á fjöllin. Þá var hér norðan lands mikið stórviðri á sunnan, so varla var hestfært, með regni og krepju, sem ætla má, að snúizt hafi upp í snjóhríð og fjúk, er á leið, so þeir hafi ei enzt til að rata frá sér vegin, og hér í Eyjafirði gjörði hið mesta hrakviðri, og menn, sem hér voru á ferð innsveitis, leituðu til bæja. [Þetta er veðurlýsing annálsins þegar Reynistaðabræður urðu úti].

**Espihólsannáll:** Vetur allgóður sunnan og norðan lands frá nýári og fram í þorralok. Eins var austur um land. Úr því harðnaði veðurátt og var hin bágasta yfir mikinn part landsins fram á mesudaga eður til þess síðla í Júnio með hríðum, kuldum og umhleyppingum. Fyrir austan fennti víða fé um sumarmál, en í Ísafjarðarsýslu fyrir vestan og líka í Barðarstrandarsýslu etc. Hrakti fé í sjó í þeirri sokölluðu sumarmálahríð. Víða lá snjór á völlum fram um Jónsmessu, hvers vegna peningur varð gagnslaus norðan lands víða, og víða var ekki lokið vallarvinnu (að berja á og ausa tún) fyrr en í 12 viku sumars. Mestu bjargræðisharðindi voru nú víða um landið, so fólk neyddist til að lóga nautpeningi sér til bjargar, og af harðindum var þó allra bágast undir Jökli, hvar fólk leið stóran skort, og fáeinir dóu af hor og hungri. Þar eftir gafst gott sumar um tíma fyrir norðan og austan, en bágborið fyrir sunnan og vestan sökum óþurrka og regna, hvar af bæði töður og útthey víða skemmdust. Sömuleiðis urðu og úti hey fyrir norðan og austan, þar menn urðu að hætta úttheysönnum sökum íhlaupa og óveðra í miðju kafi og sumstaðar varð mikið hey undir snjó og sumir náðu fyrst því heyi á jólaföstu. Þá slógu nokkrir og heyjuðu á Langanesi norður, nokkrir drógu að sér ísastör. Vetrardag hinn fyrsta gjörði mikla hríð, og fennti fé norður um land. Aftur þann 16. Decembris kom mesta stormviðri með hríð, sem bæði skemmdi hús og hey, en braut skip manna sumstaðar. Þá varð úti maður við Stóruvörðu og Heljardalsheiði.

**1781 Úr Djáknaannálum:** Vetur mjög frostalítill svo klaki kom fyrst í jörð á þorra að kalla mátti. Veðrátt síðan óstöðug með regnum og útsýnningsfjúkum, sérdeilis alla góu, einkum syðra og vestra, svo færri mundu þar slíka umhleyppinga. Gjörði norðanhríðir um páskana [15. apríl], en batnaði aftur með næsta sunnudegi eftir þá, sem var sá lti í sumri og gjörði góða veðráttu. Vorið gott og snemmgroíð, kom þó stórhret um krossmessu svo í lágur komu óklífir skafnar. Hafís kom fyrir sumarmál, umkringdi Strandir og allt Norðurland. Varð þó ei til spillingar veðri. Sumar hlýtt, var þó stundum úrfelli af suðvestri. Gras tók helzt að spretta með hvítasunnu og varð grasvöxtur einn hinn bezt í manna minnum, nýttust líka hey víða vel. En ei gaf af regnum að heyja til muna upp frá því 20 vikur voru af sumri. Var sumar þetta af mörgum kallað *Grassumarið mikla*. Af ofurregnum skemmdust hey í gördum syðra. Haust óstöðugt framan af með miklum sunnanregnum, komu skörp frost eftir veturnætur, hlánaði aftur með jólaföstu; stillt síðan. Um vorið horféllu bæði kýr og sauðfé syðra, því heyin voru lítil og ónýt. ... Í Árnessýslu féllu 260 kýr, 4355 sauðfjár og 334 hestar. Í Árnessýslu kom hríð sú miðvikudag næsta fyrir uppstigningardag, að í Ölvesi dóu af henni 19 kýr og ei allfáar annarsstaðar, Sæmilegt árferði á Austfjörðum. ... Hafsinn, sem vofraði fyrir norðan fram í Júlíum hindraði stundum róðra á Skagafirði. ... 3 bátar fórust syðra. 10 menn drukknuðu á Patreksfirði, 8 í Barðastrandasýslu... Í Sept. forgekk póstduggan, er hét Síld, fyrir Þorlákshafnarskeiði í stormi og stórsjó, drukknuðu þar 18 menn, 8 af duggunni og 10 íslenzkir, sem fóru fram til að hjálpa henni í góða höfn, því að þessir voru upp á hana komnir, sleit hana upp og brotnaði. ... 21ta Dec. varð skiptapi úr Keflavík undir Jökli á rúmsjó með 10 mönnum.

**Höskuldstaðaannáll:** Veturinn var í betra lagi, ekki langsamar stórhriðir né jarðbönn, þó fjúkapáskar í síðustu vetrarviku. Vorið og svo í betra lagi (og gott í tilliti til flestra). Grasvöxtur fljótur og góður síðan



Urbanus [25. maí]. ... Fleiri skip kom út á Akureyri um sumarið, víst 3 alls, tvö í Hofsóss, eitt í Höfða, hvert lengi lá við Hrísey, umkringt af hafísi, hver ís kom fyrir sumarmál og umkringdi Strandir og allt Norðurland. ... Fóru flestir að slá í 11. og 12. viku sumars. Nýttust hey sæmilega. Þó var studnum óperrir af suðvestri, svo ei verkaðist allt sem bezt. ... Tilburður hryggilegur við Eyrarbakka í Septembri. Fórst þar í stórviðri póstduggan, sem út skyldi sigla, við Þorlákshöfn með sjö mönnum og þar til 12 menn á slúpum [bátum með sérstöku lagi] sem vildu lóssera hana inn, 19 menn alls (að fortalið var).... . Að kvöldi 14. Novembris undan Árbakka á Skagaströnd fórst fiskibátur við lendingu með fjórum mönnum ... . Sama dag forgekk skip við Reykjaströnd með 5 mönnum ... . Haustið í betra lagi að veðuráttu og fiskafli á Skaga. Skorpa frá allraheilagramessu fram undir aðventu með sterkum frostum og nokkrum fjúkum. En góðviðri síðan í Decembri og fram um jól til Knúts [7. jan.].

**Íslands árbók:** Gjörðist vetur í meðallagi og þó nokkuð betur, án stóráhlaupa. ... Vorið þótti kalt, þó ei frammar venju. Gjörði þó um sumarið góðan grasvöxt með kyrrum og hlýviðrum og hagstæðri veðuráttu um allan heytímamann ... .

**Espihólsannáll:** Veðurátt frá nýári og fram á góí ærið góð, þaðan af stríðari með umhleypingsfjúk- og áfrelðahriðum, so oftar var annað dægur regn, en annað frosthrið, og þessi veðurátt varaði fram á sumarmál í Eyja- og Skagafjarðarsýslum. --- Fáeinar manneskjur dóu af hor í Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum. ... Skiptapi verður með fjórum mönnum á Skaga, annar á Reykjaströnd ogso með fjórum mönnum sama daginn. Í Barðarstrandarsýslu verða 2 skiptapar með 7 mönnum, og voru á öðru 4 bræður, duglegustu menn til lands og sjóar ... . Tveir skiptapar syðra, annar á Seltjarnarnesi, annar undir Vogastapa. Þann 21. Decembris týndist áttæringur í Keflavík undir Snæfellsjökli með 9 mönnum af holsjó undir segli. ... Einn skiptapi í Beruvík með Jökli. Týndust 2 menn, en 2 komust lífs af. 3 bátstapar með mönnum sunnan Snæfellsjökuls. Einn skiptapi á Breiðdal austur með fjórum mönnum .... .

**1782 Úr Djáknaannálum:** Stöðug veðrátt til þess í seinustu viku þorra, gjörði þá miklar fjúkhríðir, sem gengu öðruhvörju þar til vika var af einmánuði, með skelfilegum frosthörkum svo víða varð vatnslaust, hvar elztu menn ei til mundu að þrotið hefði. Jörð sprakk mjög í sundur, einkum háir túnhólar svo koma mátti mannsfæti ofan í sprungurnar og sást til þeirra mörg ár eftir. Firði lagði mjög og meir en menn til mundu; lagnaðaris kom út í milli allra Breiðafjarðareyja, svo riðið varð fram í Flateyju; lagði og með landi allt út á Hellissand undir Jökli svo bággt var um sjóróðra. Álftir drápustr hrönnum vestra við sjóinn. Jarðbönn á góunni nyrðra af spillingarblotum fram undir sumarmál. Vetur þessi var af nokkrum kallaður *Frosti*, meintu mann hann yfirganga að frostum *Frostavetur* 1772. Á góu 16ta Martii kom mikill hafís, sem ei sást út yfir, mundu menn það ekki, að sjór hefði eins þakinn verið af hafísi, bæði til hafs og infjarða; lá hann fyrir Norðursýslu til höfuðdags. Þrisvar sinnum kom hann um sumarið að Eyrarbakka, svo á Michaelismessu [29. sept.] varð ei róið fyrir honum, fór hann þaðan með vetri. Eftir páska (sem voru 1ta sunnudag í einmánuði) [páskdagur var 31. mars] stilltist veðrátt með frostum og hreinviðrum til 15da Apr. Með sumri kom góður bati og leysti gadd af jörðu með hægviðrum, kólnaði aftur fyrir krossmessu með fjúki og frosti, var þá gengið af Reykjaströnd í Drangeyju. Norðanáttinn hélzt til fardaga, brá þá veðráttu til sunnanáttar. Sumar þurrt með jafnaðarlegum næturfrostum svo að einar 2 nætur um hundadaga voru frostlausar. Hret kom um Jónsmessu og annað stærra 7da og 8da Júlíi; snjóaði þá ofan í byggð svo kýr og fé var hýst í 2 nætur fyrir norðan. Haustið frostasamt með fjúkhríðum. Á Michaelismessu var kominn hestís á læki og keldur. Kom á algjörlega með ymburviku meir en mánuð fyrir vetur. Með Nónv. gjörði góða hláku, síðan víðast bærilegt til jóla, gjörði þá útsýningssnjóa, sérdeilis vestra. Fyrir norðan féllu hross nokkur fyrir hirðingarleysi, líka syðra, en ei annar peningur, því hey voru allstaðar gnógleg og fynrtust. Útigangsfé drapst flest í Drangeyju. Vorkuldarnir ollu sterklegu gróðurleysi, tók fyrst að grænka í fardögum, varð grasvöxtur hinn minnsti einhver í manna minnum, þó tók yfir grasleysið í Þingeyjarþingi, því á sumum bæjum þar fékkst ei nema kýrfóður; sumum vetrungsfóður og jafnvel minna. 2 og 3 bæir hjálpuðust að að halda lífi í einni kú um veturinn eftir. Á 8 bæjum á Langanesi urðu ei hærð tún. Á Vestfjörðum gekk heyskapur vel, þó nokkur grasbrestur væri þar, var samt nýting heyja hin bezta. Um haustið var mjög víða lógað kúm og lömbum nær öllum af heybrest. ... Í þeim mikla hafís, sem kom á þessu vori, var fjöldi duðra hvala... .Harðindi til sjós og lands í Þingeyjarþingi, einkum á Sléttu. ... Um sumarið skáru sumir sauðkindur sér til bjargar og fólk tók um haustið upp að flosna. Á þorra og góu tók fólk við sjósiðu að deyja af bjargarleysi. ... Nóttina milli 13da og 14da Jan. týndist skip á Ísafjarðardjúpi með 6 mönnum. ... Milli þrettánda og kyndilmessu gjörði 2 skaðaveður; reif í öðru þeirra

timburkirkju til grunna og fleygði í sjó niður á Eyri í Skutulsfirði ... . Fyrir hafís komu ekki kaupförin til Húsavíkur né Skagastrandar, það síðara lagði út aftur frá Hólminum syðra.

**Höskuldsstaðaannáll:** Skiptapi 9 manna vestur í Keflavík fyrir nýtt ár [þ.e. árið 1781]. Veturinn 1782 var kaldur. Frá Knút gengu oftast sterk frost til kyndilmessu og stundum fjúk, svo fraus fyrir vatnsból víða. Síðan linara veður til miðgou (7. Martii). Aftur sterk frost og stórhrið norðan í viku. Sást þá hafís fyrir. 17. Martii sérlegur spillingarbloti af sunnan stórregni og strax norðanfjúk og síðan þau miklu frost jafnlega til 15. Aprilis. Frosta- og fjúkapáskar [páskadagur var 31. mars], svo óvíða var kirkna vitjað, enda rak þá ísinn að öllu Norðurlandi. Skip, sem fór með góss úr kaupstað, nefnil. Skutulsfjarðareyri, á þorranum, steytti um nótt á skeri ei langt frá landi með 6 mönnum. Fundust næsta dags eftir allir örendir af kulda og frosti, en skipið fast. ... Vorið var þurr og kalt, offlega frost og alltið norðanátt til fardaga. Þá grænkaði fyrst og kom sunnanátt. Um vorkrossmessu gengið af vestara landi í Drangey. Flest fé þar dautt. Ísinn rýmdist ei á Húnafirði, svo skipgengt væri fyrir hann, fyrr en í Julio, 11. eður 12. viku sumars. Fór Strandakaupmaður á íslenzku skipi í 10. úr Höfða til Strandakaupstaðar, urðu af ísnum umringdir, hétu fyrir sér í lífshákna komnir, sögðu happ þeir komust heilir til baka. ... Þrjár hollenzkar fiskuduggur umkringdar af ís á Ísafirði, steyttu á skeri eður grynningum, að fortalað var. ... Sumarið var þurr og kalt, sérdeilis þá á leið. (Hret um Jónsmessu og aftur eftir þingmaríumessu). Stórmikill grasbrestur yfir allt norðan lands, þó næsta misjafnt á bæjum í sveitunum. Haustið og svo kalt og frostasamt. Kom á með imbruviku meir en mánuði fyrir vetur. Það viðhélzt, nema einn vikutíma var gott. Var víða lógað kúm og lömbum af heyleysi. ... Veturinn vægur eftir allraheilagramessu til jóla. Súld og óveður á jóladag, svo óvíða gaf til kirkna. ... Laugardaginn fyrsta í vetri, 26. Octobris, hröktust fiskimenn fjórir á bát frá Þangskála á Skaga í suðvestanveðri. Kom norðanhríð með sunnudegi. Voru úti til máudags. Bar bátinn með þá að Bæjarfjöru á Höfðaströnd. Var þeim hjálpað af manni þeim sem þá fyrst sá. Komust þrír lífs af, þó kalnir og skemmdir.

**Viðauki Íslands Árbókar:** Gjörðist vetur mjög harður bæði norðan og austan lands, so mikill peningur féll í Austfjörðum. Vorið var ei betra, því hafís kom um sumarmál fyrir allt Norður- og Austurland allt suður til Eyrarbakka, sem víðast lá við fram yfir höfuðsdag. Það má og teljast merkilegt, að danskir duggarar þóttust hafa merkt til íss 15 mílum fyrir sunnan Ísland, hvar við vöruskipin hindruðust að uppsigla norðurhafnirnar, einkanlegast Húsavík og Skagaströnd, en flestar austurhafnirnar vöntuðu nokkur af þeim útsendu skipum. ... Haustið var mjög kalt og snjósamnt, en batnaði þó með allraheilagramessu.

**Espihólsannáll:** Kaldur vetur norðan lands og hafísþök með góu. Losnaði ís fyrst um mitt sumar. Vernsaði heldur en batnaði veðurátt eftir því sem voraði að. ... So var graslítið, að skepnur fylltu sig ei, þó einkum við sjóinn. Ekki óx heldur í sáðgörðum. Fjöldi var og drepinn af kúm.

**1783 Úr Djáknaannálum:** Vetur mjög harður um Norður- og Vesturland vegna áfreða, ísinga og snjóþyngsla, kom hann á með nýári fyrir norðan, enn fyrri vestra og víðar, og batnaði með Aprílmánuði; gjörði jarðbönn með þrettánda fyrir norðan en víða annarstaðar fyrri. Hestar tóku að falla á þorra og sauðfé úr megurð á góu, og sumir skáru þá niður fé sitt og kýr nokkrar, sérdeilis í Kollafirði, Bitru og Hrutafirði vestan til. Nokkrir urðu hestlausir, því heyskortur varð allvíða vegna þess mikla grasbrests sumarið áður. Í seinustu viku þorra tók að gjöra öðruhvörju fjúkhríðir – því þangað til voru staðviðri þó jarðbönnin væru- þó hélzt á góu og til 1tu viku einmánaðar svo fáir dagar voru fjúklausir til kvölds. Kölluðu margir þennan vetur *Skerpil*, og hafði ei slíkur þyngslavetur komið síðan *Hreggvið* 1754. Með Apríl gjörði hláku og mikla vatnavexti svo menn mundu ekki slíkt, féllu þá skriður og skemmdust mjög tún á ýmsum bæjum í Húnavatnssýslu svo sem á Strjúgstöðum og Litlu-Leifsstöðum, hvar þau að mestu tók af, en skemmdust á Geitisskarði, Bergstöðum og Flögu. Vatnagangur gjörði og skaða víða á engjum og úthaga og sumstaðar hljóp hann í heygarda og bar þaðan heyið. Vorið mjög óstöðugt og úrfelllasamt til sumarmála, svo bæði var fjúk og regn sama dag, batnaði þá og víðraði sæmilega til Hallvarðsmessu [15. maí]. Komu þá norðanstormar, en þó frostlitlir, kólnaði í fardögum, og rak þá inn hafís á fjörðu; hann kom fyrst að Norðurlandi í Martiú og vofraði fyrir fram í August. Sumarið þurr og kalt, einkum frá því í September byrjaðist, var eftir það jafnast frost á nóttum. En á Mikaelismessu [29. sept.] gekk upp blíku úr útsuðri, gjörði þá um kvöldið norðan stórregn, sem varaði frek 2 dægur svo öll hús drupu, hleypti síðan í frosti með kófi og ofviðri, lagði þá ár, vötn og firði; hélzt þessi veðrátta með kafhöldum, hörkum og stundum bráðviðri af norðri fram yfir allraheilagramessu [1. nóv.]. Hlánaði þá og gjörði góðan bata, er varaði til jólaföstu, tók þó hvörgi nærri upp snjó þann, er kominn var í lautir, sem var næsta mikill. Hófust aftur harðindi, þá vika var af jólaföstu með spillingarblotum og útsynningsfjúki, svo haglaust var orðið á jólum; tók þá að gjöra norðan

áhlaupshríðir. Gras spratt í minnsta máta og miklu minna en fyrra árið, og það lítið sem af því kom, brann af og visnaði aftur svo hvítuði andlit jarðar af því ógnarlega mistri og svælu, sem gekk yfir allt land, er svo var svart, að í heiðbjörtu veðri eftir sólstöður sáu menn í grillingu frá sér ekki nema bæjarleið. Sólin varð að sjá blóðrauð gegnum mistrið, einkum kvölds og morgna, fylgdi myrkri þessu ódaun og brennisteinsfýla ákafleg, hvað allt saman hleypti þeirri ólyfjan í jörðina og grasið að peningur þreifst ekki, málnytja missti mjólk og sumar skepnur voru naumlega mergjaðar um haustið. Á Akranesi var gras í meðallagi. Heynýtingin var og bág sumstaðar, því fjúk gengu stundum um sumarið, svo ei varð starfað að heyverkum, sérdeilis þann 4ða og 5ta Sept. Var þetta sumar kallað Myrka- eða Svælusumar. ... Norðuarpartur Þineyjarsýslu eyddist nær því um haustið af lifandi pening og fólk flosnaði upp og fór að flakka og fólk nokkurt dó úr vesæld fyrir norðan. Á góu var búið að eta 30 hrossa á Langanesi ... Um haustið var lömbum víða gjörfargað og mörgum kúm vegna heyleysis. Á Þorláksmessu fyrir jól í áhlaupi hraktist fé hér um á 20 bæjum í Húnavatnsþingi fyrir vestan kvíslar og á flestum bæjum í Svínadal fannst sumt aftur dautt og lifandi, en sumt aldrei. Og á jóladagskvöldið lágu menn sumstaðar úti með fé sínu og kólu. ... Á öskudaginn (5ta Martii) skiptapi með 8 mönnum á Seltjarnarnesi. Litlu síðar annar frá Hvalnesi með 6 mönnum. Þann 10da Mai týndist bátur af Álftanesi syðra með 6 mönnum. Þann 10da Maii týndist bátur af Álftanesi með 2 mönnum .... 13da sama mánaðar skiptapi í Dýrafirði með 7 mönnum í ófæru veðri á heimsiglingu frá fiskimiðum. ... Um vorið skipreiki á Ströndum ... hvoldi þá skipinu, drukknuðu 2, en aðrir 2 komust á kjöl og varð hjálpað af öðru skipi. Um sumarið fórst skip við Drangeyju, komst af 1 stúlka, en 3 drukknuðu. ... Þann 3. Sept. urðu 3 skiptapar í Sýrdalsvogum í Vaðlaþingi, drukknuðu 12 menn, en 6 komust af, mjög örkuðir, lágu svo dauðvona af meiðslum og kulda lengi síðan og dó 1 þeirra. ... Laugardag 1ta í vetri fórst skip af Mýrum með 5 mönnum ... . Á jólaföstu skiptapi frá Flateyju í Breiðafirði með 2 karlmönnum og 2 kvenmönnum. ... Á föstudag seinastan í þorra (20. Febr.) gjörði snögglegt áhlaup, varð þá úti Jóhannes Guðmundsson, Ásmundarsonar búandi á Fremri-Torfastöðum í Miðfirði. ... Laugardaginn fyrsta einmánaðar 29da Martii var sterkviðris austan kafhald, varð þá úti vinnukona frá Stað í Hrutafirði, Guðrún Björnsdóttir. ... Á Þorláksmessu gjörði mikla norðan áhlaupshríð, urðu þá úti 2 menn í Eyjafirði, er ferðudust í Svarfaðardal, átti annar heima á Möðruvallaklaustri. Þá varð og úti kerling frá Reynistað ... Á jóladagskvöld gjörði enn áhlaup, varð þá úti vinnukona frá Hólum í Hvammssveit ... og önnur gift á Arnarstapa milli Búða.

**Höskuldsstaðaannáll:** Veturinn var eftir það graslitla sumar hér fyrir norðan einhver hinn harðasti og strangasti með frostum, fjúkhríðum og jarðbönum víðast. Allsjaldan gaf til kirkna frá miðjum vetri, þar til batnaði og hlánaði vel 5. Aprílís í miðjan einmánuð. Hross féllu víða. Páskadaginn síðasta sunnudag í vetri [20. apríl], stórhrið. Vorið í betra lagi, þó oft frostasamt. ... Skiptapar á Seltjarnar- og Hvalnesi. Á einu 8 menn og á öðru 6 menn, og enn þar til tveggjamaðfar etc. Stórhriðindi norður í Þingeyjarsýslu af grasleysi fyrirfarandi sumars og aflalaleysi, Þrjár kyr eftir á Sléttu og viðlíkt á Langanesi og fólk frágengið. ... Hafísinn kom að norðurlandi í Martio og hraktist til og frá fram í Augustum. ... Vor þessa árs var, sem áður er sagt, viðunanlegt, þó stundum frost. Oftar sólskin og blíðviðri til Vitus sem var trinitatis [15. júní]. Þar eftir kom mikið mistur, móða og dimma í loftið hvarvetna, svo varla sá stundum sól í heiðskíru. En eftir sólhvörf, 21. Júnii, kom votviðri og regn með þoku. Hvítuði þá andlit jarðar. Grasið visnaði upp, sem brunnið væri. Málnytjan missti mjólk. Sól var að sjá sem blóðrauð væri, sérdeilis kvöld og morgna, í gegnum þá móðu og mistur. Grár sandur sást af nokkrum fjöllum, sem úti voru, og á útbreiddum pappír. Virtist fólk ber ... (vantar í línu) brennsisteinn, sem félli yfir jörðina, fordjarfaði og brenndi grasið og varð nállleysingjum og mönnum að óheilmæmi. Þessi brennisteinn má vissulega hafa komið austan úr þeim eldsbruna, sem þar gekk óvenjulegur, og féll hann yfir mestan part Norðurlands millum Hrutafjarðar- og Þingeyjarfljóts, en ekki á Suður- né Vesturland (að sagt var). Það mátti kalla grasbruna- (eður brennisteins-) sumar. Var grasvöxtur og heyskapur meir en helmingi minni og síðri en hið fyrra sumar. Kvikfénaður tók lítt bata, sauðkindurnar merg- og mörlitlar. Oft um sláttutíð kalt og vott, en það litla brunagras þurfti ei mikinn þurrk. Það mistur og móða, jafnvel brennisteinsrigningur, varaði öðru hverju fram á haust, og hans lukt [lykt] fundu menn g.... (vantar inn í) vel fram á vetur. ... Haustið mestpart stirt. Kom á snart eftir Mikalsmessu með fjúkum og frostum. Síðan var veturinn viðunanlegur til jóla ... (vantar inn í) en þó hjá veflestum allt of margt á sett, því þau litlu hey reyndust kraftarýr til mjólkur og holda. Þorlákssdag fyrir jól var stórhrið norðan. ... Kom stórhrið aftur á jóladag, sem aftraði sumstaðar messugjörð.

**Viðauki Íslands Árbókar:** Vetur mjög harður allt til miðs einmánaðar, að batnaði. Vor í meðallagi gott. Kom hafís fyrir norðan. Varð og eins vart við hann í Austfjörðum, hvar af orsakaðist mikið gróðurleysi um vorið. ... Um Mikalsmessu kom so mikill snjór, að flestar heiðar urðu ófærar, með mestu stórfrostum. Af

Þessu höfðu margir reisandi stóran бага. Þessi harða tíð gekk allt fram til Marteinsmesu. Þá batnaði vel til nýárs. ... Urðu 3 skiptapar á Eyjafirði norður. 11 menn fórust, en 3 eður 4 komust af.

**Espihólsannáll:** Vetur frostamikill með hörkufrostum og áfreðum, so menn mundu ei slíkt, og harðnaði því meir, er útá leið. Frusu tún mjög. ... 6 menn týndust á Seltjarnarnesi í ofviðri, 9 fyrir sunnan á Nesjum, flestir giftir, fundust ekki aftur, 2 fyrir vestan. Suður á Mýrum fórust 5 í drukknan. 4 drukknuðu við Drangey á Skagafirði. ... Kona fórst í snjóflóði á Vöðluheiði að nafni Jórunn. Fylgjari komst af, en nær 7 menn voru þó farnir þar.

**1784 Suðurnesjaannáll:** 15 mars varð skipstapi á Suðurnesjum, sexæringur frá Bústhúsum. Drukkuðu 7 menn.

**Úr Djáknaannálum:** Vetur ógurlega harður um allt Ísland, kom hann á árið 1783 í 1tu viku jólaföstu með spillingarblotum og áfreðum svo hagskortur var sumstaðar vorðinn á jólum. 9da Jan. jókst jarðbanið allstaðar. 3 blotar komu hver eftir annan, og sá seinasti 3ja Febr. með áköfu sunnanregni um kvöldið, en að morgni var komin norðan kalfhálfsríð með bitru frosti. Var síðan stillt veðurátt með sterkum frostum til seinustu viku þorra, gjörði þá í viku myrkva þoku, svo allsjaldan sást útfyrir túnvelli með svo þykku hrími og hélufalli að það varð freklega þumlungsþykkt á jörðunni. Með góunni komu norðanhríðir með grimmdarhörkum og þeirra á milli þokum; lagði þá firði norðanlands meir en menn tilmundu svo lagnaðarisinn náði útfyrir Bálkastaðanes undan Anastöðum á Vatnsnesi og undan Brekku í Bitru. Á Guðmundardag [16. marz], sem var seinasti þriðjudagur í góu, dreif lognsnjó mikinn, sem tók í hné á sléttlendi, og síðan gjörði fjúkhríðir bæði af suðri og norðri með ákefðar fannkomu. Varð þá ófærð hin mesta svo varla var fært að fara bæjarleið, voru og fáir dagar fjúklausir til kvölds og oft var fjúk mörg dægur samfleytt. Þá var nokkrum líkum ekið á hrosshám til grafar í Hjaltadal og víðar. Vorið hart framan af, linaði nokkuð með Apríl, sem gekk inn þá vika var af einmánuði, hlánaði þó ekki, en sól bræddi gadd þar jarðar kenndi, einkum í Breiðafjarðardölum. Voru samt jarðbönn í sumum sveitum þar til hálf önnur vika var af sumri. Gjörði aftur hörkuhríðir seinustu vetrar- og 1tu sumarviku. Batnaði 8da Maii með þíðviðri og hægri leysing. Til hafshroða sást fyrir norðan á jóladaginn, varð þó ei mikill, fór aftur um fardaga, var í honum víður nokkur. En lagnaðaris lá lengi á vötnum og fjörðum nyrðra, fór hann seinast af Hrutafirði 1ta Júnii, þá minnkuðu frostkuldarnir. Á Vestfjörðum komu svo mikil regn fyrir og um hvítasunnu að skriður hlupu úr fjöllum og skemmdu tún og engjar. Sumar sémilegt norðanlands fram um höfuðdag, en mjög úrfellasamt syðra og vestra. Með veturnóttum skipti um til fjúka, fyrst af útsuðri en svo af norðri. Á jólaföstu gjörði hagstæða hláku og gekk svo öndvegisveðrátta fram á jól. Skömmu eftir jól tóku hestar að falla og hélzt það hrun allan veturinn ... Kýr og fé öðru hvörju verið að skera niður frá miðjum vetri og sumt drapst sjálf út af úr hor og verkjum og liðaveiki. .... Sumir hestar þó komnir væru á hús og hey, röltu í burtu og spurðist aldrei til þeirra síðan. ... Hey þraut allstaðar og þar með fordjarfaði allt það er aflaðist sumarið áður svo peningur lifði ei af því. Með einmánuði voru margir vorðnir hestlausir, og fleiri hartnær sauðlausir, og sumir áttu þá enga lifandi skepnu eftir, var svo það eftir var að smádrepast og í sumarmálahríðunum féll enn nú fjöldi af allslags peningi svo hjá mörgum varð ekkert eftir, en sumt af kúm og hestum sem reisa voru vorðin, þegar batnaði, var að falla fram undir fardaga og sumt var reist fram undir messur. Þetta vor átti Hólastól ekkert hross og enga sauðkind. ... 602 hestar féllu undir Eyjafjöllum. Í Rangárþingi öllu 4137. Í Árnessþingi hér um 3000. Í Borgarfirði báðumegin við Hvítá 3256 hross. Á allri Síðu í Skaftafellssýslu þar sem brann árið áður voru á þorra lifandi 3 kýr reisa; 1 á Prestsbakka hjá prófasti síra Jóni Steingrímssyni, önnur á Kirkjubæjarklaustri ... 3ja á Hörglandi ... Á Innrahólmi ... voru eftir 60 kindur af 4hndr., hér um bil 10 á Hvítárvöllum af 3 hndr. Á Saurbæ á Hvalfjarðarströnd lifði eftir reiðhestur prófastsins; á Hesti 1, á Gilsbakka 3 af 50, Í Hvamms – og Norðtungusóknum 11 hross, voru þar 50 búendur og átti einn bóndinn 4. Í öndverðum Apríl dautt í Hof- og Spákonufellssóknum á Skagaströnd 58 kýr, 355 hross og um 700 roskið fé. Af 42 búendum í Höskludsstaðasókn 17 kýrlausir. – Og þannig var ástandið víða um land nema í Múlasýslu var sémilegt árferði og í vesturparti Ísafjarðarsýslu; líka var mjög lítill fellir í Eyra- og Helgafellssveitum, einkum í Bjarnarhafnarsókn. Var peningur, sem aflifði talinn þetta vor og voru þá í Húnavatnsþingi kýr lifandi 751, en dauðar 786. Sauðfé lifandi 3794, dautt 11149. Hestar lifandi 525, dauðir 2612. Um haustið tók að verða vart við gaddkaxlinn í fé og nautum. Þessi er einn sá stærsti peningafellir, sem á þetta land hefur komið, var því vetur þessi kallaður *Miklibani*, og er víst að slíkur harðindavetur hefur ei komið hér síðan *Hrossabana* 1696, og jafnvel máski ekki síðan *Lurk* 1602, og þó þessi vetur hafi ei harðari verið en einhvörjir áður fyrri, þá varð þó fjárfellirinn almennilegri en nokkurntíma áður, vegna

óheilmæmis heyja og haga, því hefði það ei verið, þá hefði útigangspeningur aflifað í þeim fáu stöðum, hvar jörð var snjólítill og þar þá aftur fengist keyptur. Nautpeningur féll á öllu landi 11461. Sauðfé 190488, og hestar 28013, sem var helfingur nauta, þrír fjórðu partar hesta og fjórir fimmtu partar sauðfjár. Allan þennan vetur var mesta umferð af fátæku flakkandi fólki, helzt úr Þingeyjarþingi, sem ráfaði bæði suður og vestur, dó og varð úti sumt af því í ýmsum stöðum. En um vorið tók fólkið óðum upp að flosna um allt Norðurland og víðar annars staðar og hrundi niður sumarið allt og haustið sem hráviði, bæði af hungri og allskyns óarán, því sumt af fólki, sem dálítið viðurværi hafði, þreifst ei fyrir lífsýki og ótímgun og veslaðist svo út af. ... Á þessu ári féllu í Þingeyjarþingi 868, Vaðlasýslu 518, Hegranesþingi 462, Húnavatnsþingi 301, fyrir utan allan þann fjölda, sem ráfaði bæði austur í Múlasýslu og líka vestur og suður á land, af hvörju margt dó, svo yfirhöfuð fækkaði í Þingeyjarþingi 1013, í Vaðlaþingi 657, í Skagafjarðarsýslu 897 og í Húnavatnssýslu 805. Í Hólastifti fleiri dauðir en fæddir 2146 (aðrir segja 2244). Þar að auki burtflúnir úr stiftinu og margir af þeim dauðir úr hungri 443. Í Skálholtsstifti fleiri dauðir en fæddir 2045 (aðrir segja 2224). Í Hólastifti dóu 2373, þar af auðsjáanlega 2035 af harðrétti. Nú féll mikill fjöldi jarða í eyði, svo sumar byggðust aldrei aftur. Þá fór í eyði í Þingeyjarþingi 128 1/2, í Vaðlaþingi 58 1/2; í Hegranesþingi 58; í Húnavatnsþingi 70. ... í Mýrasýslu lögðust í eyði 50 heilar og hálfar jarðir. Í Þistilfirði voru af 20 býlum 4 vorðin eftir byggð. Norðaustur í Þingeyjarþingi varð líkum sumstaðar ei komið til grafar fyrir hestaleysi. Af 7 bæjum byggðum í Árbæjarsókn í Skagafjarðardölum urðu eftir 3 í byggingu og á þeim 15 manneskjur og síðan fór öll sóknin í eyði. Þeir sem ekki flosnuðu upp fóru gangandi hingað og þangað að fala til kaups lifandi pening og gekk það báglega. ... Stærsta harðrétti var þá manna á milli, og svo algengt var hungrið að sá á földa presta og beztu bænda. Voru þá gjörðir grautar úr veggjakáli, súrum og hófblöðkum, voru og etin skinn, húðir af nautum og hestum og skrokkar af hestum sóttir út í hagann og etnir. ... Þjófnaður og ránsháttur svo ógurlegur hvarvetna að enginn hlutur, hvörki ætur né óætur, mátti kalla að gagnaðist og kindum manna var þá stolið og þær drepnar, sumar í húsunum, en sumar burtfluttar, rofin bæjarhús og brotnar hirzlur; gjörðu þetta bæði umhleyppingar og líka þeir er við húsinn löfðu. Túnin voru víða stórlega kalin með hvítum stórum blettum, en klaki var svo mikill um veturinn, að menn komust sumstaðar ekki ofan fyrir hann í kirkjugörðum þó grafið væri 3 álnir djúpt, hafði hann ei farið úr jörðunni 2 undanfarin ár síðan *Frosta*, fór og ei heldur úr þetta sumar, því ei var nema tæp hálf alin sumstaðar í mýrum ofan að honum. Af töldum orsökum var töðubrestur víða, einkum í Þingeyjarsýslu, hvar á mörgum bæjum ei var ljár í jörð borinn vegna grasleysis; mikill á Vestfjörðum og sumstaðar í Dala- og Snæfellssýslum. Fyrir norðan töðubrestur minni, úthagi spratt þar og nokkurn veginn. Nyrðra nýttust töður sæmilega, en skemmdust mjög af óþurrk syðra og vestra. Útheyisskapur gekk víða svo báglega vegna ákefðar úrfella, er voru svo mikil syðra og vestra, að innkomin hey fordjörfuðust; urðu þeir því þar að lóga stórum nautpeningi sínum, hvað norðlenzkum vildi til lukku og fengu þeir því auðveldlega þar nokkrar kýr keyptar um haustið. ... Þann 16da Apr. forgekk skip á Breiðafirði með 10 mönnum ... Sama dag hraktist þaðan annað skip undir Háuskor á Barðaströnd, náðu þeir ei landi fyrir ísi, en veður batnaði svo þeir komust heim aftur... Skiptapi af Hvalnesi syðra með 4 mönnum. Annar 10da Apr. af Seltjarnarnesi eð 2 mönnum, hröktust þar þá fleiri bátar og lágu úti. ... Þann 17da Sept. týndist skip á Þorskafirði með 3 mönnum ... 4ða í hvítadögum (2. Júnii) féll skriða á verbúð í Öndarfirði, dóu þar inni 3 menn, en sá 4ði komst lífs af. ... Á skírdag hljóp fram Skeiðarárjökull með vatnsgangi og jökulhlaupi. Þann 14da og 16da Aug. (sem voru laugardagur og mánudagur) kom hræðilegur jarðskjálfti ... Í Rangárvallasýslu féllu 23 bæir að öllu, og annars staðar þar 94 hús í grunn og 50 hús önnur svo lömuð að lá við falli. Hagakirkja féll í grunn. Í Árnessþingi bæir stórskemmdir 372, í grunn fallnir 69, gagnspilltir 64. Hús í grunn fallin 1559, nærri fallin 212. Kirkjur í Reykjadal, Hraungerði, Laugardælum og Villingaholti féllu í grunn en nær því á Hruna, Torfastöðum, Bræðratungu og Ólafsvöllum, en þær á Gulverjabæ og Tungufelli fengu stóran skaða. Gamlir hverar hurfu, en nýir komu upp aftur annars staðar. 2 hús stóðu eftir óskemmd í Skálholti og hið 3ja kirkjan, sem þó var gömul og hrörleg, hvör einasta gekk lítið úr skorðum. 9 hreppar í Árnessýslu sættu mestu tjóni, sumir meira, sumir minna, nefnilega Stokkseyrarhreppur, hvar hálfur Eyrarbakki hrundi, Gaulverjabæjarhreppur, Biskupstungur, Skeiðin, er einna lakast voru útleikin, Grímsnes, Holtahreppur, Ölves og Þingvallasveit, er minnstan skaða hlaut. Sumstaðar komu gjár og sprungur í jörðina með vatni í sem ei varð botnað. Þar sem hnégras var, belgdist mosinn svo hátt, að hér um þumlingur af broddi grassins stóð uppúr honum og sumstaðar lá hann ofan á grasinu. Ekki dóu nema 3 manneskjur í þessum ósköpum, er urðu til undir húsarústum, varð þó sumstaðar fólk undir húsunum, en náðist aftur óskaddað. Á einum bæ mölbrotnaði vagga undir húshruni, er fyrir sérlega guðs vernd sakaði ekki barnið, sem í henni var. Á öðrum bæ var kona að taka pott með heitum mat ofan af eldi, féll þá eldhúsið yfir hana og varð

fótur hennar milli pottsins og hlóðasteinsins, en hún gat losað hann, þegar hún var fallin niður á gólfið, var þar svo alheil þá um var vitjað. ... Þessir jandskjálftar voruðu fyrst daglega og margir á dag, síðan 2 og 3 í viku hvörri fram á jól, sem brutu og skemmdu enn meir hús, einkum 1 er kom 15da Nóvember. Þar sem húsin hröpuðu, fordjarfaðist maturinn svo sem mjólk, smör, skyr, sýra; einasta harður fiskur skemmdist ekki, og ofaná allt þetta tjón forgekk hafnarskip þessara sveita skömmu síðar í hvörju voru 1600 tunnur kornvöru, svo þetta allt benti til stærstu báginga þar í sveitum.

**Höskuldsstaðaannáll:** Stærsta harðindaár. Frosta- og fellisvetur hinn mesti á allslags kvikfénaði og þar af fylgjandi fólksfellir. ... Nú er að segja frá vetrinum. Þegar á jólum var sumstaðar jarðbann, ei sízt til afdala. En eftir 9. Januárii jókst jarðbannið allstaðar af spillingarblotum með harðviðrum, stundum stórhriðum og staðföstum frostum, ýmist meiri og minni. 3. Februárii spillingarbloti með miklu regni og strax upp á sterkt frost, sem gjörði nálega kopar yfir allt (og enn eftir spilltist á jörðu á líkan hátt). Við hélzt sú skorpa jafnt og þétt, allra helzt í 12. vikur, allt til Aprílis inngangs. Aldrei svignaði fyrir húsdýrum á móti sólu fyrrgreindar 12 vikur. En 7 ejusdem hlánaði nokkuð, sem var miðvikudaginn í efstu viku, og þítt að kalla um 2 daga, svo uppskaut nokkru af jörðu, þó ei til dala. Stórfjúk norðan á páskdaginn (11. Aprílis) og á hinum lengri. 5. í páskum nokkur hláka, en síðan harðviðri og hríðir, svo sú skorpa varaði rúmlega í 16 vikur til 8. Maíi. Þá batnaði fyrst algörlega veðuráttan, og gott framvegis. Hross féll hrönnum í öllum nálægum sveitum strax eftir jól, á góí, einmánuði etc. Og þar, sem nokkur jörð var (svo sem á Ásum og í Þinginu), féllu hross jafnvel með hálfum holdum, því þau felldu sig ei við grasið svo óheilmæmt. ... Lagnaðarís var um veturinn, sem von var á í þeim frostum. En hafísinn rak inn með góí á Húna- og Skagafjörð. Þeir á Skagaströnd gengu á hann fyrir og eftir páska og fengu hákarl allmargir undan Sölvabakka, Syðri-Ey, Vindhæli, Höfða, Hofi og víðar ... Harðindin og peningafellir gekk nær um heila landið. Borgarfjörð, Suðurland og Vesturland. Þó var að spyrja skárna að norðaustan, þar harðindin hófust fyrst.

**Viðauki Íslands Árbókar:** Með nýárinu gjörði hin mestu stórfrost með norðankaföldum og stórsnjóum. Í Februaríi-mánuði lagði alla firði til norðan og austanlands, so menn kunnu ganga millum yztu nesja. Hafís kom og fyrir landið, en komst ei inn á firðina fyrir lagnaðarís. Þessi hörkutíð varaði allt til fardaga. Vorið var þar á borð við mjög kuldasamt. Mikill peningur féll alls staðar, hvar til spurðist um landið, á þessu vori, so víða varð nær sauðlaust og hestlaust, því eftir sem tilspurðist var sá ríkur kallaður, sem um Jónsmesu átti 3 og 4 hesta. ... Þetta sumar var mjög kalt til höfuðdags, misjafnt grasvöxtur, víða sárlega lítill.

**Espihólsannáll:** Vetur var hinn bágasti með allt slag. Var þá ís fyrir norðan allt land og ófært skipum. Horfðist á til mannfalls, þegar búíð var að eta þær dauðhoruðu skepnur upp, hvað og skeði, því þá sótti á útmánuði, gjörðist so mikið mannfali á fátæku fólki einkum, að varla heyrðist annan dag hvern, af hungri, dysenteria eða blóðsótt og fleirum eldgangsins leiftrum, þar áður voru hross hartnær alfallin á samt öðrum skepnum. ... Á skírdag hljóp Skeiðarárjökull með vatnsflóði og eldsuppkomu... Þann 13. Februárii gjörði drífusnjó mikinn. Þá fórst Sigfus í Syðstabæ um lagnaðarís í Hríseyjardal. Hafís rak þá inn að lagnaðarís á þessum dögum. Þann 15. Februárii kl. 11 f.m. kom jarðskjálfti mjög snöggur. Nokkrir þóttust og heyra þyt í loftinu. ... Þá skemmdust tún og engi, hús og garðar á mörgum jörðum af vatnagangi og skriðum. Eyðilögðust nokkrar, en margar niðurstettar. Þann. 14. Augusti kom hræðilegur jarðskjálfti fyrir austan og byltingar í jörðunni, so fólk flýði úr húsum, en þau féllu inn og umsnerust, og eyðilögðust so margir bæir.

**1785 Suðurnesjaannáll:** Þann 22. mars varð skipstapi frá Bústhúsum sg brimi. Druknuðu 8 menn.

**Fréttir Guðlaugs í Vatnsfirði:** Veðráttá misjöfn til jólaföstu; þaðan hin bezta til þorra, síðan mjög hörð... . - 5. febr.

**Úr Djáknaannálum:** Vetur hinn bezt í manna minnum fyrir utan hálfan mánuð á þorra, er var með norðan fjúkhriðum og skörpum frostum, þar eftir voru sífelldar þíður og sunnan góðviðri, kastaði þó einstöku sinnum úr útsynningséli, en vestra var úrfellasamara; flestar ár voru þíðar fyrir og um sumarmál. Vorið yfrið gott til krossmessu, kólnaði þá með norðan fjúki og frosti og rak þá inn hafís, batnaði aftur í fardögum með heitri sunnanátt og nokkru regni. Þann 23. Maji var kviðsnjó, sem tók upp síðar á 2 dögum með hita og þrumum. Gras spratt snemma og varð víðast um land hinn bezt grasvöxtur, bæði á tünun og úthgaga utan fjallslægur voru víðast snöggvar, því jörð var þar enn kalin og brunnin. Nýting heyja var og hin bezta, því sumarið var þerrasamt með sterkum hitum svo lækir uppþornuðu, og um heyannatímam kom varla daggardropi úr lofti. Öfluðust því víða mikil hey, en peningur var fár til fóðurs, þó urðu hey áburðarmikil svo klagað var víða yfir mjólkurleysi. Berjavöxtur var hinn mesti um vesturlandið. Góðviðrin héldust til veturnáttu, skipti þá um til fjúka og umhleypinga og gjörði hina óstöðugustu og stórviðrasömustu veðráttu,

stundum með grimmdarfrostum og fjúkum, stundum með sterkum þeyvindum. Stillti til aftur um miðja jólaföstu og gengu hægviðri fram um jól. ... Fleiri dauðir en fæddir á öllu landinu þetta og undanfarið ár 9336, sem er það stærsta mannfali síðan Stórubólu. Jarðir lögðust og margar í eyði. ...2 skiptapar af Akranesi, hvör með 5 mönnum. Þann 14da Maii forgekk skip af Malarrífi lendingu með 6 mönnum laugardaginn fyrir hvítasunnu. Skip týndist um vorið við Höskuldseyju á Breiðafirði með 2 mönnum. Þann 20da Júnii forgekk skip á Skagafirði með 5 eða 6 mönnum í sunnanverðri úr Sléttuhlíð ... 24ða Nóv. fórst bátur með 4 mönnum frá Grímseyju í Steingrímsfirði í vestan stórviðri. ... Sunnudag 1ta í vetri brotnuðu 3 bátar á Vatnsnesi af norðan brimi og sjóargangi. Aðfangadag jóla gjörði aftaka sunnanveður, svo víða reif freðin hús og hey, brotnuðu þá 7 skip í Strandasýslu og víðar brotnuðu þau.

**Viðauki Íslands Árbókar:** Með nýári viðhéldu snjóar miklir allt til meðþorra. Þá batnaði til fulls. Var góan líkari sumri en vetri og úr því rétt vörgott. Kom hafís seint á einmánuði norðan og austan lands, uppfyllti firði og vikur, en hafið var autt. Var sá ís hér fram yfir fardaga. ... Þetta sumar var hið æskilegasta og hagkvæmasta upp á veðurátt. Grasár gott allviðast.

**Espihólsannáll:** Vetur góður norðan lands, en allmörgum horfðist þó á, að steypa mundi, so hallærið (vegna undanfarins árgalla) enn nú viðhélzt manna í milli. Vantaði líka ull til tóskapar í miklar skuldir, sem fátækur almúgi var í kominn. Nokkuð var veturinn snjóasamur um fyrra partinn. Vorið þurrt og vindasamt. Sumar á sömu leið þurrt og heitt. Fyrir því skemmdist við sjósíðu fiskur af meltu í Julio. Kvörtuðu og margir norður um land yfir að mánytuþeningur missti nytjar fyrir árásum mýbitsins. Haust var gott. Þó gaf ei til útvera sjósækjendum fyrir sökum storma og óróa sjávar. En með veturnóttum spilltist veður til hríða og stórsnjóa norðan lands, er við hélzt allt til miðrar jólaföstu. Í þeim hríðum kom ís inn á Skjálfandaflóa. ... Útmánuðir ærið harðir utan lands og ísalög mikil, er teppti skipasiglingar.

**1786 Árbók Reykjavíkur:** Var tíðarfar fremur gott þetta ár og vetur frá nýári til sumarmála bærilegur. En mjög kalt vor dró tilfinnanlega úr grasvexti, svo að þótt sumarið mætti allgott heita framan af, þá nýttist heyskapur illa seinni part sumars; því að þá brá til hrakviðra hér syðra, og sumpart vegna ótíðar, en sumpart vegna bólusóttar, er gekk um sveitir lands þetta sumar, stýttist heyskapartíminn sunnanlands um allt að þriðjung.

**Fréttir Guðlaugs í Vatnsfirði:** Árferði mikið gott... ; hafís mikill kom hér í Majo og hefur verið á reki allt til þessa, so það skip sem átti til Skagastrandar að fara í fyrra og hér hefur í vetur legið, kemst hvörgi fyrir strandirnar. Hér útaf er veðuráttan ærið köld og ógæftir til sjávar, þó grasvöxtur í meðallagi. -22. júní). - Jafnvel þó hér um pláss gengu frá 25ta Aug. til 12ta Octobr. sífelld stórviðri, köföld og frost af ýmsum áttum, var þó heyskapur í betra lagi og síðan allt til aðventu hin blíðustu þíð-og gíðviðri, en nokkuð töstugra þar eftir; hefur þó varla útþeningur enn nú inntekinn verið, so veturinn hingað til má kallast merkilega góður, ei síður en 2 undanfarnir. - 28. desember.

**Úr Djáknaannálum:** Vetur yfrið góður um allt land með nógum högum og góðviðrum oftast nema litlu íkasti á þorra. Vorið hlýtt svo bar sást á víðir í seinustu viku vetrar. Kólnaði 7da Maii með frostum og kófi af norðri samfleytt í 3 vikur, batnaði í fardögum með hitum, hægri veðráttu og þerrisamri af vestri til sólstaða. Gras fór að spretta í fardögum, og varð meðal grasvöxtur á túnum og útengi sumstaðar, en sumstaðar minni. Töður nýttust vel hjá þeim, er snemma voru búnir að slá þær, en útheysfengur var bágur vegna óveðráttunnar, því sumarið var þurrkasamt til þess í miðjum Augúst, en úr því regn og fjúk, svo snjóaði ofan í byggð fyrir höfuðdag og rak þá inn hafís. Tók þann snjó aldrei upp af fjöllum á því hausti, því alltaf voru frostin, svo oftsinnis fraus um miðjan dag undan sólu hálfum mánuði fyrir Michaelismessu. Í Þingeyjarþingi var heyskap hætt í 17du viku sumars og naut voru þá á gjöf tekin, sem ei út fóru aftur. Haustið var með sama lag til veturnáttu, hlánaði þá og gengu stakleg hægviðri með þíðum og litlu úrfelli fram á jólaföstu, svo aldrei kom fól á jörð og örísá varð uppí háfjöll. Síðan fraus heldur lítið eitt og um jól tók að snjóa. ... berjavöxtur mesti norðanlands. ... Föstudag 1ta í þorra forgekk skip austan til á Skaga með 6 mönnum. ... Á þorra skiptapi í Fljótum með 5 mönnum. Þann 26ta Nóv. forgekk 6æringur frá Gufuskálum í landtöku af brimi í góðu veðri, drukknuðu 3, en aðrir 3 komust af. Á jólaföstu týndist fyrir austan Papeyjarfar með 9 mönnum. Annar skiptapi litlu síðar í Álftafirði eystra með 4 mönnum. ... Þann 23ja Sept. í vestan stórviðri klofnaði á höfninni Flateyjarðuggan. Reykjavíjarðarkaupskip á Ströndum sleit þá upp og missti eitt atkeri, en skaðaðist þó ekki, var þó nærri komið uppí grjót.

**Viðauki Íslands Árbókar:** Haustið var mjög kalt og snjóasamt fram til veturnátta. Þar eftir kom hin bezta tíð með lognum allt til jólaföstu, að stórsnjóa lagði. Batnaði aftur með stórum útsynningum, og var gott til nýárs.

**Espihólsannáll:** Vetur veðurhægur, en frostasamur. Vorið kalt og vökvalítið, so var og líka sumarið allt að höfuðdegi. Því varð lítil grasvöxtur og taða mögur. Í miðjum Julio kom mikið áfelli. Haustið var hriðjusamt. Skemmdist víða hey undir snjónum. Viku fyrir vetur batnaði veður aftur alt til jólaföstu. Hún var með mestu skakviðrum og það til skemmda víða, því bæði fuku skip, skemmdust hús stórum og veðrið fleygði sandi á tún, þar hann var nálægur, með smágrjóti.

**1787 Árbók Reykjavíkur:** Frá nýári var vetur mjög mildur um alt Suðurland, en hvassviðri alltíð ollu gæftaleysi við sjávarsíðuna; þó fiskaðist vel er á sjó varð komist. Sumarið var mjög óþurrkasamt, svo að hey nýttust illa og sumstaðar lágu töður á tünnum fram á haust.

**Úr Djáknaannálum:** Vetur rosasamur vegna sífelldrar vestan- og útsunningsáttar, snjó- og frostalítill, svo enginn snjór var kominn í lágur með góu og ár voru oftast þíðar, en hlaðvarpar grænkuðu sumstaðar á þorra, og stunguþítt sumstaðar í landi á einmánuði. Á vestursveitum skipti um í 1tu viku góu, gjörði þá mikla snjó af útsuðri og fjúk af norðri svo haglítið varð allt norður í Miðfjörð. Hélzt þetta 5 vikur, batnaði með Apríl. Um Norður- og Austurland var bezta veðrátt, Vorið æskilegt til sumarmála, leysti með mestu hægð og góðviðrum í 3 vikur, kólnaði aftur föstudag 1ta í sumri með kuldu og frostum fram að sólstöðum. Rak þá inn hafishroða, þó ei mikinn. Gras var farið að spretta fyrir sumarmál, en vegna sífelldra kulda og þurrka komst í það korka, og svo var kalt að kúm ver gefið hey fram undir messur, og fé víða fram yfir fardaga. Varð enn mesti grasbrestur á tünnum, næst þeim, er var *Myrkrasumarið*, en úthagi var mikið skárri. Nýting heyja í meðallagi nyrðra, þó hraktist sumstaðar, en skemmdust þó hey vonum minna vegna kuldanna, því sumarið var með mestu þurrkum, svo valla kom dögg af lofti og jafnaðarlegum næturfrostum fram í August, tók þá að gjöra úrfelli. Þornaði eftir hundadaga með vestan- og sunnanátt í 3 vikur, en þá voru mikil úrfelli syðra og vestra svo töður lágu þar sumstaðar á tünnum fram í September. Varð heyaflí lítil, því fyrir hann tóku frost og fjúk hálfum mánuði fyrir vetur, og fór ei út eftir það víða um Norðurland nema geldneyti einstöku sinnum í fáum stöðum. Frost og kafhöld hélduzt framundir veturnætur svo hagleysi varð í Fljótum, Svarfaðardal og í útsveitum Þingeyjarsýslu, er þar viðhélzt til ársins enda, jafnvel þó um aðrar sveitir batnaði eftir veturnætur með hægviðrum, snjóleysum og stundum þokum. Með December gjörði skörp frost og í honum miðjum snjóa og ófærðir með fjúkhríðum öðru hvörju. Þá dreif svo mikinn lognsnjó um Eyjafjörð að menn mundu ei slíkt, kom hann og í Skagafjörð og norðarlega í Húnavatnsþingi. Féllu þá víða snjóflóð og eitt þeirra tók 5 hross í Seljadal í Eyjafirði, Hagskortur af áfæða milli jóla og nýárs. ... Á góunni skiptapi af Hvalsnesi syðra með 8 mönnum. Annar undir Vogastapa með 2 mönnum á Geirþrúðardag. 3ji úr Fúlúvík í Stðarsveit 24ða Apr. í brimi. ... 4ði úr Einarlóni undir Jökli um vorið með 6 mönnum. Þann 20ta Sept. strandaði Skagastrandarkaupskip við Engjanes í Strandasýslu í norðan kafhaldi, fórust þar menn allir 9 að tölu.

**Viðauki Íslands Árbókar:** Byrjaðist nýárið með þíðveðri, so að heili Januarius var líkari sumri en vetri. Þar eftir var veturinn misjafn, en hélt þó oftast við útsynning með stórviðrum og regnum fram undir sjálf sumarmál, að veðrátt aldeilis umbreyttist, því frá þeim 11 Aprilis og fram yfir fráfarur gengu norðaustanstormur með frostgrimmdum, jafnt og þétt, þó yfirtæki um hvítasunnuleytið, að gjörði soddan snjómokstur, að fjöll urðu ófær og fé fennti samt vegna hörku, er þessu veðri fylgdi, króknaði sums staðar, einkum gemlingar, er voru úr ullu. Var þá hinn daufasti sauðburður, er elztu menn þóttust til muna, og jafnframt stakt gróðurleysi. Kom hafís norðan lands og austan allt að Reyðarfirði. Fylgdi hönum sums staðar vöðuselur. ... Frá Jónsmessu og fram til höfuðdags var sumarið ekki einasta vorinu líkt, heldur gengu jafnt og þétt sífelldir norðaustanstormar og næðingar með þykkvum himni, so sól náði nær aldrei að skína, og voru frost nærri því á hvörri nóttu í byggðum, en fjöll ófær sökum snævar fram til miðs Julii. Hér af varð grasbrestur hinn ákaflegasti, einkum austan og norðan lands, so beztu tún afklæddust þriðjungu, en víða helmingi miður en í meðalári. Eins og engu betra var útengi. Á suðurlandi var sumarið hagstæðarara og betra upp á grasvöxt og sjávarafli þar. ... 14 dögum eftir höfuðdag var gott sumarveður, þar eftir stórregnasamt. En í byrjun Octobris komu snjóhríðir, so vegir gjörðust ófærir, þaðan af frost, snjóar og ófönn, samt jarðleysur til jólaföstu, að þiðnaði vel, hvar upp á fylgdu geysilegar hörkur með norðannæðingum.

**Espihólsannáll:** Vetur æskilega góður allt fram um páska. Þá lá við að kasta þela í jörð á þorra, hvör eð var sérdeilis blíður. Með Aprili kom inn hafís, þó ei áfergilegur. Vorið var hart, gróðurlítið, sér deilis fyrir



frostum. Ónýtust sáðgarðar. Sumar graslítið og áfellasamt. Í tuttugustu sumarviku gefið kúm hér á útkjálkum fyrir snjóum og illviðrum. Haustið ogso veðurróstusant. Víða var lógað af nautpeningi og lömbum. Var þó af sumum of mikið ásett, því heyin reyndust létt eftir laklegt sumar. Fyrir jól kom þá hafis um veturinn eftir. Var það ei sá stórfelldi Grænlandsís, heldur flatur helluís, ei ólíklega, að það hafi verið lagis losnaður áður frá landi hér, rekið út undir Grænlandsís og dafnað þar, því sífelld frost gengu um sumarið. So sem grasbrestur var mikill og það so, að skepnur gengu sér naumast að mat um sumarið, so var nálhyta lítil.

**1788 Suðurnesjaannáll:** Þan 13. sept. först tólfæringur fyrir framan Brunnstaðatanga ... alls 10 menn.

**Árbók Reykjavíkur:** Veturinn frá nýári var býsna kafaldasamur og hart í ári alt til uppstigningardags. Vegna vorkulda var jörð harla seinsprottin, og þótt sumarið væri annars í meðallagi, varð heyskapur með bágasta móti sunnanalnds. Öndverður vetur var góður, en veðráttu spilltist mjög undir árslok. Þrátt fyrir stormasamt tíðafar um vorið og miklar ógæftir varð ár þetta með bestu fiskiárum á Suðurnesjum.

**Úr Djáknaannálum:** Vetur aftaka harður um allt Norðurland, Múlasýslu og Vestfirðingafjórðung allt að Öndverðarnesi. Kom hann á fyrir jól og létti af með Majó. Gengu megnar hríðir um jólin svo ei voru nema 2 dagar fjúklausir í þeim; jóladagurinn og þrettandi, þá hlánaði og kom upp jörð, en spilltist með blotum og áfreðum aftur, sem komu hvör eftir annan, hér um bil 9 eð 10 þar til hálf önnur vika var af þorra svo bæði var vatnshríðin og kafhaldið sama dag. Síðan komu snjóar og kafhöld með ákefðarhörkum og fannfergjum fram í miðjan einmánuð svo fannlög og sveggaddur varð svo mikill að enginn mundi slíkt. 10 vermenn snéru aftur á Holtavörðuheiði úr Húnavatnssýslu heim til sín vegna ófærðar. Oft var þá kafhald í mörg dægur samfleytt. Í þorra og góu voru til saman 17 dagar fjúklausir til kvölds, 8 í einmánuði, enginn í 1tu sumarviku (þetta var svo í Hrutafirði). Hlánaði í miðjan einmánuð, kom þá svo mikill vatnsgangur að skriður hlupu á tún og engjar og skemmdu sumstaðar. Gjörði aftur fjúk og snjóá bæði af norðri og útsuðri svo jarðlaust varð eftir sumarmál, en frost voru ei mikil frá því með jafndægum. Sjóinn lagði langt út á haf svo varla eru dæmi til annars eins. Skagafjörð lagði nær út undir Drangeyju; Húnaflóa frá Tjörnum á Skaga og undir Grímseyju fyrir norðan Steingrímsfjörð. Fyrir vestan kom ís út á Öndverðarnes með landinu og undan Búlandshöfða þvert yfir á Flóa, en með Barðaströnd vestur undir Háuskor. Fyrir sunnan lagði Hvalfjörð og Hafnarfjörð. Hafis kom norðanlands snemma vetrar, þó ei mjög mikill, hlánaði með Majó með hægri sunnanátt í 3 vikur, en kólnaði aftur eftir krossmessu 22an Maii. Með Júnjo brá til sunnan og vestan góðviðra og hita. Á Bótólfsmessu [17. júní] gjörði norðan frostleysisfjúk svo tók af nautajörð og fennti einstaka unglamb, gengu þá stormar oftast af norðri með miklum regnum til hundadaga fyrir norðan, en nokkuð fram á töðuslátt syðra og vestra síðan sæmileg veðráttu. Haust stormasamt af norðri með fjúkum fram í miðjan Nóvember. Gjörði mikla storma og ófærðir á nær því þiða jörð, þar eftir öndvegis veðráttu til nýárs. Tók að gróa með Júnjó, varð þó grasbrestur sumstaðar nyrðra og syðra, en mikill á Vestfjörðum af vorkuldunum, en nýting heyja sæmileg. Tók þó snemma fyrir heyskap vegna regna og fjúka og hjá sumum urðu hey úti undir snjónum. Vegna harðindanna urðu sumir að farga kindum sínum um veturinn og sumir ei fyrr en á einmánuði, en úr hor misstist ekki nyrðra. Var þó margur tæpt staddur með hey, og hefðu sumir gjörfellt, ef aðrir hefðu ei hjálpað, því víða voru heyfyrningar frá fyrri árum. Þá lá við að Vopnafjörður mundi eyðast, 1 maður þar átti eftir 1 hest af 17, og prestur einn í Austfjörðum flosnaði upp. Fjáfjellir varð og í vestari parti Ísafjarðarsýslu. ... Annan þriðjudag góu 4ða Martii forgekk 8æringur með 9 mönnum á Rifsleiðum undir Jökli í landnyrðingi, skipið rak daginn eftir inn á Bug. Skiptapi á Ísafirði um veturinn með 9 mönnum, var það hákallafar. Bátur först frá Hafnarfirði syðra með með 2 mönnum. ... Skiptapi í Dýrafirði með 3 mönnum um haustið í stórviðri. ... Þann 16da Oct. fórust í stórviðris norðan áhlaupi 2 skip á Breiðafirði hvört með 4 mönnum.... Sama dag skiptapi með 2 mönnum af Brimilsvöllum. Sama dag 2 báttapar af Seltjarnarnesi með 4 mönnum og 2 af Kjalarnesi með öðrum 4. Skip með 5 og bátur með 3 mönnum, hvörtveggja af Akranesi. Hafa þá druknað 26 menn þenna dag. þann 31ta Dec. först skip á Eyjafirði með 4 mönnum. Druknaði þá alls á þessu ári ... 83 manns.

**Viðauki Íslands Árbókar:** Byrjaðist nýárið með blotum, stórsnjóum og hörkum. Hér af jarðlaust víðast. Á góunni minnisstæðar hörkur með norðanstormi. Batnaði með einmánuði með hægum leysingum. Horféll fé víða í Múlasýslu, en ei so norðan lands, því þar var hey meira. Vor kalt með norðausturátt og seingróið. Við Júnimánaðar enda innféllu hin óskaplegustu regn, er vöruðu nær hálfan mánuð, so elztu menn þóttust ei muna slik, allra sízt um þessa ársins tíð. Umveltist jörð, og féllu skriður víða á lönd til stórs skaða. Um byrjun sláttar tók gras bezta vexti, svo úthagi óx til hlítar, tún misjafnt. Heynýting góð eystra, en verri norðan lands og grasár með. Öndvegishaust og vetur til jóla, so varla sást föl í fjöllum. Þá brá til frosta og fjúka.

**Espihólsannáll:** Árið byrjaðist í fjúkhríðarkafhöldum, sem alloftast formerktist veturinn út, þó ósjaldan með grimmustu hörkum, en varla var að kalla veðurbati kæmi fyrr en um uppstignardagsleyti. En so varaði fönnin lengi á útkjálkum, að í 13. viku sumars var unnið að vallaráburði í Þorgeirfirði. Sumarið var rétt sem í meðalári. Komu þó tvö áföll um þess tíma. Viða var töðufall miður en í meðalári, enda rigndi í töður víða, áður inn komust. Haustið var gott og veturinn að jólum. Sumstaðar urðu spell af þeim mikla vatnagangi, er frambrauzt, þegar um síðir sá yfirtakssnjór bráðnaði, sem meginíð vetrar hafði tilsafnazt. ... Hafís kom inn um jól norðan lands á firði flesta og hjarði við í hrakningum fram um vetrarþrot, enda gáfust þá hrognkelsisveiðar.

**1789 Árbók Reykjavíkur:** Á Suðurlandi var frá nýári til sumarkomu blíð veðráttá og yfirleitt hægviðrasasöm, þótt stundum kæmi nokkuð frost. En vorið var öllu stírðara og margir dagar í maí gáfu ekkert eftir köldum hávetri. Sumarið var heitt og vætusamt nokkuð sunnanlands og heyskapur þar allvíða góður. Einnig var um haustið blíðskapartíð framan af, en þegar á leið harðnaði veðráttá og gjörði vetur stírðan og frostamikinn.

**Úr Djáknaannálum:** Vetur misjafn, harður víða fyrir norðan frá þrettánda og fram úr með kafhöldum og jarðbönum, en blíður víða um Vestur- og Suðurland. Hafís rak inn að liðnum jólum, og vofraði hann fyrir Norðurlandi fram yfir fardaga. Vorið eitt hið harðasta með kófum, frostum, megnum kuldu fram á fardaga svo lagnaðaris lá á Hrutafirði langt fram yfir fardaga. Grasbrestur varð víða lítill [svo handrit], bæði á tünnum og úthaga vegna ofþurrka og kulda um daga en frosta um nætur, og svo var sumarið öndvert en varð vætusamara þegar áleið, sérdeilis syðra og vestra. Varð því nýting góð á töðum en á úttheyjum lakari sumstaðar. Haustið óstöðugt með stormum, fjúkum og frostum og alloftast fram í Nóvember. Stillti þá til með hægviðrum. Spillti aftur veðráttu með December með fjúkum og miklum stórvíðrum öðru hvörju til nýárs. Um vorið hrófaðist víða af fénaði úr megurð, því sumir urðu heylausr. ... Um vorið tveir skiptapar í Fljótum með 20 mönnum. ... Þann 27da Oct. gjörði mikið sunnanveður með krapahrið, brotnuðu þá á Höfðaströnd og Sléttuhlíð 30 skip á landi, reif þá einn hús og hey víða í sveitum. Gengu landsjálftar nokkrir 10da Júnii svo hrisstust hús og hillur í bæjum syðra, líka hröpuðu mörg hús og björg og nokkrir steinar hrundu úr Bessastaðastofu. Í fyrstu voru varla 10 mínútur milli hræringanna og héldust síðan við lengi sumars. Þessir landsjálftar fundust og miklir í Vesturhópi í Húnavatnssýslu og víðar norðanlands. Þá komu upp 2 hverir á Hellisheiði syðra og Kárastaðastígur úr Almannagjá varð ófær og umturnaðist. Grundvöllur Þingvallavatns sökk norðaustan til svo það dýptist þeim megin og gekk á land svo vestan til grynntist vatnið, svo þar sem áður var 4 faðma djúpt varð á þurru. Öxará varð meiri en áður. Undir Eyjafjöllum, í Hvolhrepp, Þingvallasveit og víðar, jafnvel á Álftanesi, þorðu menn ekki að vera í húsum, en lágu nokkrar nætur í tjöldum. Sprungur í jörðu urðu 2ja faðma breiðar og að því leyti langar.

**Viðauki Íslands Árbókar:** Byrjaðist árið með snjófergju, afrendum og grimmum hörkum, sem viðhéldust. Varð víða jarðlaust með þorrakomu og fram til uppstigningardags, samt yfirtaksnæðingar, hörkur og norðanstormar þann fyrsta mánuð af sumrinu, en aldrei batnaði til fulls fyrr en með Maríumessu, so víða sáust fannir á tünnum fyrst í Julio. Gekk fé mjög magurt undan austan lands. Þó varð ei almennur stórfellir. Með miðjum Julio gjörði gott sumar. Varð grasavöxtur seinn, en þó að síðustu sem í betra meðalári, en nýting ei góð sökum viðhaldandi óþurrka, þar á dattu regnhriðar með höfuðdeginum sem vöruðu haust út og fordjörfuðust hús og hey til mikils бага.

**Espihólsannáll:** Vetur harður norðan lands, en betri fyrir sunnan, vorkuldar miklir og málytuskortur. Sumar var heitt og víða regnsamt. Heyskapur sémilegur. Haustið var gott, en harðnaði er á leið.

**1790 Árbók Reykjavíkur:** Framan af árinu var mjög harðviðrasamt og frost svo mikil sunnanlands, að rjúpur, álfir og snjótittlingar dóu hrönnum saman. En vorið var gott og snemmgróíð, sumarið heitt og nýting á heyjum hin bezta. En haustmánuði til ársloka var allstaðar hart í ári og sökum þess hve fiskur hafði brugðist mestan hluta árs, átti fólk um öll Suðurnes við mesta harðrétti að búa.

**Úr Djáknaannálum:** Vetur mjög umhleypingasamur með stormum af suðri og vestri og mörgum spillingarblotum; harður víðast fyrir norðan og um Vestfirði svo hagaskortur var frá jólaföstu til Martii mánaðar, tók þá að hlána, en með einmánuði spilltist veðráttan. Vor hið allra bezta með sólskini, logni og oftast frostleysum, svo fyrir sumarmál var sumstaðar tekið til vallarvinnu og að þeim liðnum sást sóley á tünnum. Skipti um veðrið í fardögum með norðan kuldu og þurrkum, kyrktist þá gras, er áður var farið að spretta, brann síðan vegna ofþurrka svo grasbrestur varð hinn allra mesti á harðvelli víðast um land, þó helzt

nyrðra, en nýting góð, því sumarið var oftast norðankulda- og þurrkasamt. Gjörði stórhret 27da og 28da Júlí, snjóaði þá ofan undir byggð, en með Sept. tóku að koma úrfelli. Haustið mjög úrkomusamt með fjúkum, áköfum regnum og stormum svo spilltist á jörð fyrir vetur, en á Luciumessu 13da Dec. hófust harðindi með norðan hörkum og hríðum svo þaðan frá til nýárs var enginn dagur fjúklaus nema sunnudagur næstur fyrir jól. Þá tók og fyrir haga í mörgum sveitum. Þann 20ta Dec. gjörði meгна austanhríð með ofviðri, hrakti þá fé á sumum bæjum í Húnavatnssýslu og fennti líka nokkrar kindur. Berjavöxtur mikill um sumarið norðanlands. ... Á góu först fiskróðraskip í Grindavík með 4 mönnum. Þann 29da Apríl forgengu í áhlaupa norðanveðri 2 hákallaskip úr Fljótum með 22 mönnum og 1 kvenmanni ... Skiptapi á hallandi sumri á Borgarfirði með 5 mönnum. Um haustið skiptapi í Kvíabryggjuós í Eyrarsveit með 3 mönnum.

**Viðauki Íslands Árbókar:** Byrjaðist að sönnu strax með hörðum vetri, en batnaði á þorra. Viðhélzt sú góða tíð með þíðum og stillingu fram undur fardaga, svo tíðin þótti óalmennilega góð og hagstæð og því betri sem lengur á leið, einkum austan lands. Vorið og sumarið sárkalt og frostasamt. Grasvöxtur í minna lagi, en nýting eystra góð. Haustið með köflum frostasamt, en öndvegisvetur fram á miðja jólaföstu, síðan harður. **Espihólsannáll:** Vetur frostamikill víðast um land með útsynningum til þess í Martio, þá öndvegisveður gafst um hríð með gróanda sunnlendis, en sá gróði kólnaði aftur í Apríli og öndverðum Majo. Grasvöxtur, einkum norðan lands, af sólskini og sumarþurrkum (sem norskir kalla skinaar) lakari en í meðalári. Haust regnasamt, so hey skemmdust. Á Vesturlandi var vetur öllu harðastur og sumargróður lítill. ... 23 menn týndust af veðri og stórsjó fyrir Fljótum, er voru að hákarlafiski, eftirlétu sér 9 ekkjur. 4 menn við fiskflutning drukknuðu á Borgarfirði.

**1791 Árbók Reykjavíkur:** Tíðarfar var hið versta frá nýári um alt Suðurland. Í febrúar gerði hér hinar mestu frosthörkur, sem elstu menn þóttust hafa lifað. Var gengið á ís milli allra eyja frá Seltjarnarnesi til Akureyjar, Efferseyjar, Engeyjar og Viðeyjar og frá Viðey að Hofi á Kjarlarnesi. Einnig var Hvalfjörður ein íshella. „Fór klaki aldrei úr jörð á því sumri. (Espólín).

**Fréttir Guðlaugs í Vatnsfirði:** Héðan er ei heldur markvert að skrifa nema jafnt yfiringandi harðindi og staklegasta gróðurleysi, og því er sá peningur, sem hjá flestum hefur sármagur framskreiðst, enn nú nær sem gagnslaus ... 24. juní.

**Úr Djáknaannálum:** Vetur hinn mesti um allt Ísland, kom hann á hálfum mánuði fyrir jól algjörlega og létti af 29da Apr. Gjörði strax jarðbönn í flestum sveitum af áfrefum, gengu þá og ákaflegir útsynningar um veturinn með norðanhríðum á milli og skörpum frostum, sem sjaldan vöruðu þó lengur en 2 daga í einu. Frá nýári til þorraloka voru 13 dagar fjúklausir frá morgni til kvölds. Í annarri góuviku svíaði nokkuð svo skaut upp hnjótum í snjógrunnum sveitum, en spilltist þó aftur í hennar 3ju viku, gjörði þá megn útsynningsfjúk og stundum hörku norðanhríðir, helzt á einmánuði og þá kól fólk, sem úti var. Þá voru og fáir dagar fjúklausir og frosthægir. Tittlingar frusu í hel og fundust dauðir, líka álftrir og einkum rjúpur hrönnum. Í 1tu sumarviku eða 4ða í páskum [páskar voru 24. apríl] gjörði lognsnjó svo ei sást til jarðar. Snjóar voru meiri um Vestur- og Norðurland, svo bæði bæjar og peningahús brotnuðu inn af snjóþyngslum, þó varð mest af því á Staðarfelli á Fellsströnd, hvar bærinn brotnaði að undanteknu einu húsi, og Skarðskirkja á Landi, vænt og gallalaust hús, lagði svo undir snjó að ofan, að mænir varð að grafa 3 mannhæðir. Sligaðist hús svo 3 sperrur brotnuðu og mundi öll í grunn mölvast hafa, ef ei hefði strax með mannsöfnuði verið aðunnið að moka frá henni. Þessir bæir báðir brotnuðu af snjóþyngslum 1337. Hafís kom á jólum og á honum bjarndýr; eitt var unnið á Skaga. Ísinn kringdi landið frá Látrabjargi og að Reykjanesi syðra, og líka hröktust einstöku jakar innað Hjörtseyju. Hafði ei svo jafn harðindavetur um allt land komið á þessari öld. Batnaði 6tta í páskum með sólbíð og hagstæðustu leysing í hálfan mánuð. Gjörði stórhret með norðanfjúkum og frostum eftir krossmesu hálfra aðra viku, gengu síðan kaldir vindar, bæði af norðri og útsuðri með náttfrosti, en mjög var úrfellalítið, þó var það lítið, sem úr skýjunum kom, hagl og snjór á fjöllum. Sumarið var frá sólstöðum til miðsumars mjög stormasamt af norðri; gjörði síðan myrkviðris þokur og fyllti aftur með hafís fyrir Norðurlandi, þá rak og ísinn suður að Eyrarbakka og allt fyrir Grindavík. Þann 3ja og 4ða Júlí gjörði norðan kafhald. Með hundadögum brá til úrfella, þornaði aftur með höfuðdegi. Þann 4ða Sept., sem var sunnudagur í 20tu viku sumars gjörði enn nú norðan kafhald, stilltist veðurátt eftir það með næturfrostum, þar til hálfur mánuður var til vetrar, þá gjörði frost og snjó svo haglaust varð til útkjálka og framdala og ár lögðu. Hlánaði þá vika var af vetri með staðviðri í 3 vikur. Hófust harðindi í miðjum Növ. með megnum snjóhríðum og grimmdarhörkum svo hér um hálfur mánuður var fjúklaus til nýárs. Strax á miðjum vetri tóku menn að skera lömb af heyjum, síðan kýr og rosknar kindur sumstaðar frá hrossunum. Hrófnaði og víðast af sauðfé

um vorið af megurð, því flesta þraut hey, líka dóu hross nokkur, helzt eystra, og hjá nokkrum syðra og vestra gjörmisstist nær því allt sauðfé, t.d. á Breiðabólstað á Skógarströnd voru eftir 9 kindur, en fellirinn varð minnstur nyrðra. ... Grasbrestur víðast um land á túnnum og harðvelli sökum ofurþurrka og kulda og þar á ofan kom svo mikill grasmaðkur í túnvelli og sumstaðar í úthaga, helzt fyrir norðan og austan, að hann lá í röstum eða reinum á hólum og flötum og eyddi þar öllu grænu grasi, svo eftir var hvít sina. ... Af þessu varð heyaflí mjög lítil víða, því töður voru sumstaðar helfingi minni en í meðalári og líka hröktust þær hjá þeim sem öndverðlega byrjuðu slátt, einkum sunnanlands vegna molluvotviðra. ... Þann 4ða Apr. fórst bátur af Akranesi með 2 mönnum og þann 8da sama mánaðar fórst annar bátur af Akranesi og svo með 2 mönnum. Nærri veturnóttum varð skiptapi á Breiðafirði með 4 mönnum, lögðu þeir úr Stykkishólmi inn eftir.

**Viðauki Íslands Árbókar:** Byrjaðist árið með snjóþyngslum og frostgrimmum, ýmis með áfrerum allt til þorra, gjörði þá allt um eitt með jarðleysum og fannfergju. Kom að sönnu lítil svíun á góunni, en lagði strax að aftur, og viðhélzt þessi hörkutíð fram yfir sumarmál. Um suður- og Vesturland varð sums staðar gripafellir, því fólk átti þar fleiri gripi en bjargað varð með húsi og heyjum, en harðindi voru þar ei stór sem eystra og nyrðra, hvar enginn stórfellir þó varð. Hafís kom fyrir allt Austur- og Vesturland á útmánuðum. Fylltust allir firðir, og sást hvergi út yfir ísþekjuna, sem náði út hafið 12 a 15 mílur. Vorið og sumarið hið sárkaldasta fram til Augustu-mánaðar með norðanstormum og súldrum. En ísinn vék héðan fyrsta burtu seint í Julio og dreif þá suður fyrir land og fyrir Gullbringusýslu. Grasbrestur víðast stór á túninu austan og norðan lands, en á útengjum varð gras til hlítar. Óþurrkatíð hin mesta á túnaslætti, en frá höfuðdegi til Michaelismessu hin bezta þurrkatíð. ... Haustið var gott fram í miðjan Octobris-mánuð. Úr því sló til frosta og jarðbanna. Misstist fé í áhlaupa snjóveðri í miðjum Novembri í Skriðdal og á fleiri stöðum í Fljótsdalshéraði. Á jólaföstunni gengu langsamar frostfeiknir og harðviðri minnisstæð. Fylltust þá firðir norðan lands með ísapök. Kom íshroði og so fyrir Austfjörðum um jól, sem ei til vissu elztu menn, að fyrr hefði til borið.

**Espihólsannáll:** Vetur þungur með miklum frostríðum, rosakrepjum og áfreðum, sem víða orsökuðu jarðbönn, í Januario. Hafþök sáust utan Norðurlands af hafís í Februario. Lagði Eyjafjörð að Hrísey út, hvar hafís tók þá móti, en með Austurlandi var lagnaðaris að Látrum út. Frá hafís komu 2 birnir á land hér norður, einn á Látraströnd, sem var skotinn, annar í Fljótum, sem tók þar sauðkind út úr húsi. Sjór fraus á Barðaströnd til yztu úteyja. Var á þorra gengið af Reykjanesi til Flateyjar og Svefneyja hér um 6 vikur sjóar. Á Suðurlandi voru gengnir á ís firðir þar þann 7 Decembris. Frá Norðurlandi rýmdi hafís í Majo. En þá og lengi böggðu náttfrost og kuldur grasvextinum, so heyföng urðu sáralítill um mestan hluta lands og á stórbúum sunnan lands var sökum hejabrests fargað 8 og 10 kúm þetta haust. Lækir og brunnar frusu af og því vatnsskortur víða um veturinn.

**1792 Árbók Reykjavíkur:** Vetur frá nýári var frostharður, en snjólítill. Vorið var kalt og síðgróið. Heyskapur var bágur og nýting hin aumasta.

**Fréttir Guðlaugs í Vatnsfirði:** Eftir óstöðugt haust lagðist veturinn á með sterkum frostum og stórviðrum en þó minni köföldum, so að strax um jól var hér kominn ákaflegur hafís og það svo langt inn hingað, að menn muna ei því líkt, síðan jukust ísalögin, og síðan í 3ju viku þorra var veðurátta hin harðasta til páska; bægði hún og ísalögin mönnum frá öllum bjargræðisvegum, og þó oftast væru jarðir, gengu þó hey upp so mjög, að sem flestir voru í stærstu þrautum um hey og matbjörg alla, því aldrei var á sjó komið, en á ís gengið úti kaupstað og hérað innan. Máttu menn setja skip eftir páskana, sem til sjóróðra skyldu, 2 mílur og sumir meira, til að komast að sjó; síðan hefur hafísinn og veðuráttan allt til bænadags gjört stóran skaða á færum manna og fiskiríi. Um bænadaginn gjörði að vísu góða hláku í 3 daga; síðan hefur og rétt gott gengið, en þó alltíð sterk náttfrost; ei að síður blífur ísinn hér innra, so ekkert verður að sér haft; annars er hér enginn stór fénaðarfellir enn nú. – 16. maí.

**Úr Djáknaannálum:** Vetur grimmur með ákefðarhörkum. Skömmu eftir nýár gjörði blota, sem öllu hleypti í gadd, því bæði var vatnshríðin og megt (svo hdr) útsynningsfjúk sama daginn. Hlánaði nokkur seinustu viku í þorra, svo jörð skaut upp þar sem snjógrunnt var, viðraði þá stillt í 3 vikur. Svo gjörði sterkar norðan hríðir, voru þá 4 dagar fjúklausir í 3 vikum. Svíaði í seinustu vetrar viku, helzt til háfjalla. Komu enn nú stórhriðir eftir sumarmál, og þó sólbráð væri í fjöllum svo rynni þaðan lækir, og ár lægi á löndum af vexti af leysing til heiða, þá var sumstaðar harðviðris skafkafhald til sveita, svo varla var beitandi. Hlánaði 4ða Maíi, urðu þá vatnavextir ákaflegir, hélzt það nokkra daga, kólnaði aftur með hörku kófum af norðri. Hafís kom mikill um veturinn og fraus hann mjög saman, svo að í fardögum var riðið af Skagaströnd undir Vatnsnes utanvert og

frá Skriðnessenni að Skálholtsvík, en vertíðarloka hestar reknir á ísi yfir Hvítá í Árnassýslu. Þá var gengið milli allra eyja á Seltjarnarnesi frá Viðeyju að Hofi á Kjalarnesi og yfir Hvalfjörð frá Klafastaðagrund yfir á Kjalarnes. Hagar voru nægilegir syðra og vestra. Sumar þurrksamt og gott til veðráttu, fór þó aldrei klaki úr jörðu. Með haustjafndægum gjörði stórhrið svo kýr voru á gjöf í viku. Batnaði eftir Michaelismessu með góðviðrum, gengu miklar þíður öndverðan vetur, þar eftir víðraði vel til nýárs. Hrófnaði af peningi nokkuð sumstaðar um vorið, svo sem í Stranda-, Þingeyjar- og Múlasýslum og vestan til á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu. Hesta fullfeita og sauðfé kól á fótum. Frostbrestir voru svo hvellir sem mörgum fallstykki væri afhleypt, urðu víða stórar og djúpar sprungur í jörðu, helzt í harðlendi eða hvar jarðhiti var undir; sprungu líka þil og veggir frá húsum. Gras tók seint að spretta vegna vorkuldanna, varð því grasbrestur nyrðra, helzt á túnnum. Nyting heyja varð þar sæmileg, en í Austfjörðum hin aumasta og snemma tók fyrir heyskap. ... 2 skiptapar, annar í Grindavík, hinn í Selvogi, fórust af þeim 20 menn en 2 komust af. Skiptapi við Hríseyju í Eyjafirði með 4 mönnum. ... Maður fórst í Fljótum og með honum 30 fjár í snjóflóði. 2 menn dóu fyrir snjóflóði í Fnjóskadal á jólaföstudni. Hjón urðu fyrir skriðu í Múlasýslu og dóu. ... Í miklu regni á jólaföstudni hlupu skriður til stórs skaða á tún og engjar á Vestfjörðum.

**Viðauki Íslands Árbókar:** Byrjaðist með snjófergjum og blotum og miklum þorrahörkum, góan vægari, þó jarðbönn alljafnt. Á einmánuði yfirtók með 9 dægum jafnri snjófergju, sem aftók snapir alls staðar, hvar eftir fé tók að horfalla við sjó sums staðar í Austfjörðum, hvar hey skorti, en ei so til héraðs. Var vorið sárkalt og gróðurlaust með snjó á stundum til Jónsmesu. Hraktist íshroðinn frá Austfjörðum um sumarmál, en viðhélt fyrir norðan fram langt á sumar og hindraði inngöngu kaupskipa. Þann 20. Júnii innféll vatnsviðrisrosi af suðaustri ákaflegur, sem víða olli skaða á löndum af skriðum og vötnum, einkum á Berufjarðarströnd, hvar 1 hjón á kotinu Gautavík urðu fyrir og í skriðuhlaupinu. Grasvöxtur góður til héraðs, við sjó í meðallagi, en nýting bág, einkum á útheyi, því hausttíðin var mjög óveðrasöm. ... Var veturinn fram til ársins enda hið mesta öndvegi upp á veður og jarðir.

**Espihólsannáll:** Vetur þungur norðan og vestan lands, en sunnan og austan lands betri. Var oftast rosasamt með áfreðum. Í Februario gafst góð hlák. Hafís mikill fyrir öllu Norðurlandi og allt suðaustur undir Horn. Heyskapur gafst þó í meðallagi víðast um landið, einkum heyjaföng, og nýting víðast góð. ... Hafís fyrir öllu Norðurlandi og suður undir Horn að austanverðu.

**1793 Árbók Reykjavíkur:** Vetur var allgóður, en snjóasamur. Sumarið kalt, grasvöxtur í meðallagi og nýting góð, en brá þó til votviðra á áliðnu sumri. Mikið áhlaupsaveður gerði 15. okt. og urðu skaðar á húsum og heyjum og róðrarskipum.

**Fréttir Guðlaugs í Vatnsfirði:** Guð hefur ogso gefið oss einn góðan vetur, þó veður hafi nokkuð óstöðugt verið, einkum frá þorrakomu og freka viku af góu, þá stórvíðri dag frá degi við héliu, en nú kominn beztí bati, þó fiskleysi mikið, en ei stór bjargræðisskortur. – 10. marz – Héðan er ekkert að fréttu nema óstöðugt so nær sem regnlaust og eitt hið kaldsta sumar; grasbrest mesta og hefyng auman, en nýting góða til þessa. – 9. sept.

**Úr Djáknaannálum:** Vetur hinn beztí norðanlands, þyngri fyrir sunnan og vestan og harður fyrir vestan Ísafjarðardjúp. Nokkuð stormasamur, þó mjög frostalítill. Alla góu og fram í miðjan einmánuð voru mestu þeyviðri með sólskini og hlýindum svo allar ár voru þíðar og víðir blómgaðist, kólnaði þá með fjúkum og frostum fram í Majum, þiðnaði þá aftur, en þó var vorið kalt bæði af norðri og útsuðri með úrfellum, sem oftast var snjór á fjöllum, jafnvel þó frostalítið væri. Sumar mjög kalt með norðanvindum, svo fáir logndagar komu. Haust regna- og stórvíðrasamt fram yfir veturnætur, stillti þá til og gengu mestu góðviðri fram um jól að menn mundu varla slíkt. Grasbrestur bæði á túnnum og úthaga af kulda og þurrki, nýttust þó töður vel, en seinslegið úthey hraktist og fauk sumstaðar. ... Þriðjudag 1ta í góu varð úti maður með fé nokkru frá Brókarlæk á Skaga. Þá varð og úti stúlka frá Skrapatungu í Húnavatnspingi. Hraktist þá fé víða og misstist, því snögglegt áhlaup kom af norðri. ... Um vorið fórust 2 hákallaskip í Fljótum með 18 mönnum. 10 manna skiptapi í Vestmannaeyjum, en 6 náðust lífs. Bátur fórst frá Akranesi með 2 mönnum. Skiptapi á Ísafirði með 3 eða 4 mönnum. ... Þann 15da Oct. sleit upp í ákefðar útsynningsveðri Skagastrandarkaupfar (er hét Ísland) á höfninni, rak upp á rífið þar í vikinni og brotnaði svo góssið allt fór í sjóinn og rak sumt upp en sumt aldrei ... Af þessu drukknáði 1 maður.

**Espihólsannáll:** Vetur allgóður víðast um land, en þó mjög snjóasamt til útsveita fyrir norðan og vestan land. Parelia [úlfar] sáust þá jafnaðarlega um veturinn. Vor kalt og sumar. Var þetta kallað meðalár að veðurátt og hefyngum um mestan hluta lands. Hríðarbyl gjörði þann 27. Februarii, í hverjum úti varð fé hér

og þar til stórs skaða bæði fyrir norðan og vestan, einkanlega. Þann 15. Octobris gjörði stórveður so mikið af suðvestri, að stórsköðum gegndi víða á húsum og heyjum, samt fiskiskipum, hvar af 12 mölbrotnuðu í Ísafjarðarsýslu og mjög annarstaðar. Þá forlýsti Höfðaskip. ... Í Aprílmánuði verða enn 2 hákallaskiptapar í Fjótum með 18 dugandismönnum. ... Jarðskjálfti merktist aðfaranótt þess 9 octobris.

**1794 Suðurnesjaannáll:** Skipstapi frá Flankastöðum í Skarðsröst. ... Drukknuðu alls 7 menn.

**Árbók Reykjavíkur:** Um veturinn voru töluverð jarðbönn af blotum og áfreðum; vorið var gott, grasvöxtur ágætur og nýting góð á töðu. En um haustið gengu rosar miklir.

**Fréttir Guðlaugs í Vatnsfirði:** So góður og æskilegur sem veturinn var fram um nýár; so óstöðug, kafaldasöm og hörð veðurátta var þaðan af til þess 22. Martii, síðan hefur hún rétt góð verið. – 30. maí.

**Úr Djáknaannálum:** Vetur jarðbannasamur frá þrettánda til einmánaðar af snjóum og áfreðum. Dreif mikinn lognsnjó í seinustu viku góu. Vermen sumir að norðan snéru þá aftur á Holtavöruðheiði og heim til sín. Hlánaði með einmánuði 25ta Martii og var hið bezta vor fyrir utan hálfis mánaðar stormakast með kófi og frosti fyrir krossmessu. Úrfelli voru nokkur um sumarið fyrir sláttinn, síðan oft mjög þurrkasamt og heitt.

Haust stormasamt með umhleypingum og óstaðviðri, þó frosthægu fram að sólstöðum. Í jarðleysunni á þorranum förguðu nokkrir af hræðslu sér til baga bæði lömbum og rosknu fé, og hjá allmörgum hefði hæpið staðið og jafnvel misst, hefði ei svo snemma batnað. Gras tók snemma að spretta svo sóley sást í túnum um sumarmál og víðir blómgaðist á einmánuði. Varð grasvöxtur mjög góður, sumstaðar í meðallagi. Heyin nýttust vel, því þurrkar voru nógir um heyannir. ... Þann 17ta Júlíi fórst bátur af Skagaströnd með 3 mönnum.

**Espihólsannáll:** Vetur í meðallagi um mestan hluta lands. Grasvöxtur í minna lagi, en nýting heyjanna góð, og reiknast þetta fyrir meðalár almennilega. Gengu þó snjóar, blotar og áfreðar öðru hverju yfir Norðurland sérdeilis, sömuleiðis vorkuldar. ... Skiptapar 2 í Ísafjarðarsýslu með nokkrum mönnum. ... Þann 23. og 24. Januarii varð fjártjón mikið í Stranda- og Mýrasýslum sumstaðar.

**1795 Árbók Reykjavíkur:** Tíðarfar frá nýári til þorra var mjög umhelypingasamt, en þó vetur einn beztur á Suðurlandi. Eftir það gerði mikil kafaldaköst. Vorið var mjög hart og kalt fram á messur. Grasvöxtur var um sumarið í meðallagi og töðunýting góð hér syðra, en eftir að túnaslætti lauk varð mjög litlu heyi bjargað fyrir illviðra sakir. Veturinn var sumri líkur til jólaföstu og enda til ársloka.

**Fréttir Guðlaugs í Vatnsfirði:** Sumarið gott heyskapur í betra lagi. - 27. sept.

**Espihólsannáll:** Vetur víða í harðara lagi. Vor og sumar fram um messur mjög kalt. Grasvöxtur í meðallagi, en nýting hin linasta víðast á landinu, Þá stórskemmdust hey manna er inn voru komin, en sumstaðar brunnu þau hreint upp. Í Sept. kemur sunnan og austan lands stórflóð og sjávangangur so mikill, að burtsópuðu heyjum manna þar víða, en skip skemmdust og brotnuðu. Haust var þá í betra lagi, en frá jólaföstu inngangi fram um nýár var veðurátt mjög hríðasöm.

**1796 Árbók Reykjavíkur:** Á Suðurlandi var vetur frá nýári hinn besti, þótt frosthörkur gengu á þorra og firði legði, en með góu kom besta og blíðasta sumarveður með sífeldum þíðum og spakviðri til sumarmála. En eftir það gerði langvarandi kulda, sem drap allan gróður. Sláttur byrjaði ekki fyr en í júlílok, en þá brá til stórfeldustu rigninga, sem víða héldust allan sláttinn út án þess að þerrickafli kæmi. Náðu fæstir óskemmdum töðum. Olli þetta mestu heyskpar-bágindum svo peningi varð að lóga, sem menn máttu. Um haustið og veturinn gengu ofsaveður, með stórflóði og sævargangi, sem gerðu mikinn skaða, en frost voru engin svo teljandi væri.

**Fréttir Guðlaugs í Vatnsfirði:** Veturinn var hér góður frá því eftir veturnætur til 19. Dec.; þaðan af sterkust köföld, stórviðri, frost og ísalög so aldrei gaf útúr húsum til góu eðu þess 21. Febr.; síðan dag frá degi bezta veðurátta oftast með þíðviðri og leysingum, so veturinn má teljast með þeim beztu, þó þessi skorpa væri. ... Þann 6 hujus kom reyðarhvalur upp um ís á Ísafirði, náðist lítið af hönum ... en afliðna viku hafa margar skipshafnir frá Bolungarvík erfiðað uppá að saga og brjóta ísinn til lands og vona í dag að fá hann uppá Langadalsströnd. – 25. apríl.

**Espihólsannáll:** Vetur frá nýári víðast harður og hríðasamur. Þó var seinni partur af góí og einmánuður blíðviðrasamt. Vor hart fram í Julium. Lá þá hafís fyrir norðan land og austan. Sumar kalt og grasbrestur mesti, einkum á úthaga. Nýting víða bág. Um haustið og veturinn til jóla gengu þíðviðri með stormum og regnum. ... Skiptapar urðu: 4 í Gullbringu-sýslu með 20 mönnum. ... Skiptapi á Akranesi með 5 mönnum. ... Einn fyrir Ólafsvíkurenni með nokkrum mönnum. Þann 10. Oct. Forgekk Stykkishólmskip með 7 mönnum

nálægt Flatey á Breiðafirði. ... Þetta haust, einkum í Octobri- og Novembri-mánuðum, komu ofsaveður og brimgangur. Þá tók út og hrakti í sjó fé manna víða, skip brotnuðu, en lönd stórskemmdust.

**1797 Árbók Reykjavíkur:** Tíðarfar frá nýári var ágætt fram að þorra. Voru sífelldar þíður, svo varla fraus á pollum, en stórvíðrasamt með köflum, svo útigangspeningi leið illa. Þorrinn varð þungbær vegna snjóá, en frá þorralokum til krossmessu voru sífelldar sumarblíður. Gróður kom því snemma á jörð, en vegna kalsa og norðanveðra uppúr krossmessu, hvarf hann aftur. Grasár varð þó fremur gott víðast og heyskapur góður yfirleitt. Veðráttu um haustið var vindasöm og vetur frá miðri jólaföstu ofvíðrasamur með frosthörkum á milli.

**Espihólsannáll:** Frá nýári til þorra framhældust áður um veturinn viðvarandi þíðviðri. Með þorrakomu gjörði köföld með fannfergju og jarðbönnum víða, einkum sunnan og allt vestur fyrir Dali. Í Borgarfirði fennti töluvert af peningi manna, hestum og sauðfé. Í þorralok kom æskilegasta sumarveðráttu, sem hélzt fram til krossmesu. Þá byggðu menn hús á góí og unnu á tünum fyrir norðan land. Þá var og kominn sauðgróður nógur á einmánuði, en með krossmessu kólnaði mjög aftur. Komu þá norðanþurrviðri hvöss, sem hældust og kyrkti grasvöxt, allt til Jónsmessu. Þar eftir varð þó sumar víðast góðvíðrasamt með sérlegum þurrkum nema norðan lands, einkum í Vöðlu-, Þingeyjar- og Múlasýslum komu í Augusto stórrigningar og sterkviðri. Grasvöxtur varð í meðallagi, en nýting í áminnstum sýslum einhver hin bágasta. Haust vindasamt. Vetur til nýárs áhlaupa- og snjóasamur. ... Við Mývatn sást um veturinn bjartur eldslogi leggja í dimmu veðri upp á loftið úr öræfum suður undan Þingeyjarsýslu. Þetta haust féllu víða skriður í Eyjafirði og Öxnadal. Þann 18. Septembris tók stór skriða bæinn Guðrúnarstaði í Eyjafirði. Fólk allt komst þar af. ... Snjóflóð tók af annan bæinn á Fjósum í Mýrdal austur. Fórst þar allt, er inni var, nema menn og kýr, sem allt saman geymdist í fjósinu.

**1798 Árbók Reykjavíkur:** Veðráttu var mjög óstöðug og illvíðrasöm frá nýári til miðföstu, og seinni part janúar gerði aftakaveður um öll Suðurnes. En frá páskum til krossmessu var veðráttufarið eins og það getur best verið á þeim tíma árs, þótt út af brygði einstaka dag, t.a.m. 29. apríl, er skip af Innnesjum voru mjög hætt komin, þótt ekkert tjón hlytist af því. ... Heyskapur gekk illa um sumarið og vetur lagðist snemma að um miðjan október, með frostum og snjókomum fram á miðja jólaföstu.

**Fréttir Guðlaugs í Vatnsfirði:** Héðan er ekkert að fréttu nema heyskap hinn daufasta bæði sökum grasbrests, er orsakaðist af þeirri umhleyppingasömu stórrhreta og hríðarfullu vor og sumar veðuráttu sem oftast hefur viðhaldið með krapaköföldum öðruhverju til sjóar samt votviðra og stórufrella af hverri helzt átt sem staðið hefur. Fæstir voru búnir töður sínar að hirða fyrir höfuðdag, síðan hefur fengist þurr dagur öðruhverju en sér þó ekki til þess að heyskapur verði í meðallagi. – 14. sept.

**Espihólsannáll:** Vetur frá nýári hríða- og frostamikill. Þá lóguðu margir peningi sínum af heyjum. Vorið hart og áhlaupasamt, einkum norðan lands. Sumar frá sláttarbyrjun vætusamt. Grasvöxtur í meðallagi, en nýting bág. Haustið var stirt, og hálfum mánuði fyrir vetur lagði að með hríðar og snjóá, sem hélzt fram á jólaföstu. Um veturnætur fennti töluvert af fé manna. Frá miðri jólaföstu til nýárs var góð veðurátt. Fiskafli var mjög lítill, því rekís hindraði mikið sjósóknir. ... Skiptapi varð undir Jökli með þremur mönnum. ... Höfðaskip fórst á útsiglingu um haustið og sást aldrei síðan. ... Þann 29. Januarium rak á þriggja daga óláta stórhrið yfir mestan hluta lands. Þá dóu margir menn úti .... Þá hrakti fé manna til dauðs, bæði í sjó og fram af klettum. Mörg skip mölbrotuðu, og bæir kaffenntu austur um land, og mörg önnur óvenja varð þá.

**1799 Suðurnesjaannáll:** Eftir nýjár, aðfaranótt 9. janúar gjörði ofsalegt sunnanveður af hafútsuðri, höfðu þó komið önnur lík, en eigi jafnmikil. Fylgdi veðri þessu mikið regn, þrumur og leifranir í stórstraum og var himininn allur ógurlegur að líta. Þar með fylgdi óskaplegt stórbrim og hafrót með miklum fallþunga og ægilegri flóðbylgju. Urðu skemmdir miklar hvarvetna. Á Eyrarbakka og Stokkseyri brotnuðu skip og hús, skepnur fórust svo tugum skipti, braut alla garða og sjávarkampinn allan til grunna. Kaupstaðarhús á Eyrarbakka með vörum molaðist allt og fleyttist allt langt upp á Breiðumýri með öðru fleiru. Fólk varð allt í dauðans hræðslu, en ekkert varð flúið. Í Grindavík eyðilögðust tün á tveim bæjum, og önnur stórskemmdust, fimm hjáleigur spilltust, sex skip brotnuðu, átta manns meiddust og hundrað fjár fórust. Kirkjuvogskirkja skekktist, þar í Höfnunum brotnuðu tvö skip og einn maður meiddist. Timburkirkjuna á Hvalsvelli tók ofan að grundvelli í veðrinu og sá ekkert af. Bátendakaupsstaðurinn hjá Stafnesi eyðilagðist alveg, því að öll höndlunarhús braut sjór og veður, svo að þar stóð ekki eftir og rótaðist grundvöllurinn sjálfur, enda gekk sjór

164 faðma upp fyrir efstu hús kaupstaðarins. Först einn maður, en Hansen kaupmaður bjargaðist í dauðans angist með konu sína og börn hálfnakinn heim að Loddu, hjáleigu frá Stafnesi. Fiskigarðar og túngarðar á Nesinu sópuðust heim á tún, sumstaðar tók af skipsuppsátur og brunna og átta skip brotnuðu. Tveir bátar fuku í Njarðvíkursókn og fundust eigi síðan og einn brotnaði, 4 bátar í Útskálasókn. Miklir skaðar á Vatnsleysuströnd og Innesjum og vestur um allt land, sem menn vissu ekki dæmi til eins stórkostlegt, um land allt á einni nóttu. Fyrir innan Lambastaði á Seltjarnarnesi gekk sjórinn yfir þvert nesið milli Skerjafjarðar og Eiðsvíkur svo að Seltjarnarnes varð að eyju í flóðinu. Taldi Geir biskup Vídalín, sem þá bjó á Lambastöðum á Seltjarnarnesi, að „5 álnum hærra hefði sjór gengið þverhnýptu máli en í öðrum stórstraumsflóðum“. Í þessu aftakaveðri fauk svo að segja allur þaksteinn af suðurhluta dómkirkjunnar í Reykjavík. Mönnum taldist svo til, að 187 skip hefðu brotnað, flest í spón. ... Á Góuþrælum, 22. mars, fórust 3 skip í Höfnum. ... Drukkuðu allir af þessum skipum. Sama dag fórst bátur frá Lambastöðum, annar frá Gauksstöðum og sá þriðji frá Miðhúsum.

**Árbók Reykjavíkur:** Í ársbyrjun – aðfaranótt hins 9. janúar – brá til útsuðurráttar um allt Suður- og Vesturland, með þeim býsnum, sem fæstir höfðu áður lifað. Um öll Suðurnes, allt austur að Eyrarbakka, gjörði feikna hafrót og stórflóð. Olli það hvarvetna mestu skemmdum á bátum, geymsluhúsum og hjöllum við sjó. Bátsenda-kaupþún (nálægt Sandgerði á Miðnesi) lagðist af með öllu, því að sjór og veður braut þar öll bæjar og verslunarhús; fékk kaupmaðurinn (Hinrik Hansen) með naumindum forðað lífi sínu og fjölskyldu sinnar á flóttu að Stafnesi. Fiskigarðar og túngarðar þar syðra sópuðust heim á tún, sumstaðar tók jafnvel af túnin, skipauppsátur og brunna. Hvalneskirkju tók ofan að grundvelli, hið sama var um kirkjuna að Nesi við Seltjörn (sem að vísu var niðurlögð fyrir hálfu öðru ári); en kirkjurnar í Kirkjuvogi og á Kálfatjörn skekkust. Á Seltjarnarnesi gerði óveður þetta mikinn usla og olli miklum skemmdum. Um 18 skip og minni róðrabátar brotnuðu, svo að sum fóru í spón, en önnur löskuðust, svo að ekki var fært mönnum né hestum. Er haft eftir jafn-athugulum heimildarmanni og biskupinum á Lambastöðum, að „5 álnum hefði sjór gengið hærra, þverhnýptu máli, en í öðrum stórstraumsflóðum“. Í Effersey spilltist land svo af sand- og malarburði, að eyjan mátti lítt byggileg teljast, enda lögðust býli úti þar í eyði, þótt seinna risu sum þeirra upp aftur og héldust í byggð fram undir miðja 19. öld. Í þessu mikla veðri fauk m.a. mestallur þaksteinn af suðurhluta dómkirkjupaksins, svo og rúður úr gluggum kirkjunnar. Ýmiskonar skemdir urðu og á fleiri húsum með þaksteini á þekju.

**Espihólsannáll:** Vetur frá nýári og fram um páskir [páskar voru 24. mars] harður og áhlaupasamur. Þá batnaði veðurátt, so vorið lét vel. Sumar góðviðrasamt. Grasvöxtur að miðlungi, en nýting hagkvæm. Haust og vetur til jóla í bezta lagi. ... Við Hellna undir Jökli fórust 47 menn í sjó. 2 menn drukkuðu í Vöðlaþingi, 2 við Akranes. Um Veturinn þetta ár, nóttina milli þess 8. og 9. Januári, gjörði hið mesta ofsastórviðri af suðvestri. Fylgdi því regn, skruggur og leiffranir með geigvænlegustu himinginum. Þessu varð (að vonum) samfara sjóarrót og óskaplegt brim. Þá urðu á einni nóttu dæmalausar óvenjur á landinu, suðaustan, sunnan, vestan og norðvestan, sem of langt er upp að rekja og utan tilgang þessa smásmíðis. Þó misstu menn ei líf sitt utan ein manneskja á Båtssandskaupstað. Þá drap haugabrim og ofviðri mikinn fjölda af peningi manna, kúm, hrossum og sauðfé, einkum á sjóarsíðu. Tók út og mölbraut timburhús á kaupstöðum og býli landbúa. Hreif skip í sjó, so brotnuðu í spón, en sum tók í loft upp. Tún, engjar og lönd ónýttust og víða. Búendur flýðu rúm sín og bæi með konu og börnum hálfnöktum til að forða sér dauða. Þá urðu og húsbrunar á nokkrum stöðum.

**1800 Árbók Reykjavíkur:** Veturinn 1799-1800 var einhver hinn bezti, sem lengi hafði liðið yfir land vort, og „gekk flestur allur peningur sjálfala annar en kýr“. Vorið var að vísu nokkuð kalt, en hógviðrasamt og grassprettu í góðu lagi um sumarið. ... En eftir allraheilagra messu gjörði hríðar miklar og hvassviðri og hélt sú veðráttu að mestu til ársloka.

**Brandsstaðaannáll:** Allra besti vetur, veður stillt, aldrei snjór á jörð að mun utan 2 vikur síðari part janúar, næg beit, svo ekkert var fé gefið og lítið lömbum, þar haggott var, og voru þau fleiri en að undanförunu. Heyfyrningar mestu og velmegun besta. Vorið gott og snemmgróið, þurrkasamt og gras í minna lagi. Um sláttinn lengi útsynningar, rigninga-og veðrasamt. Var svo rýr heyskapur og nýting misjöfn. Haust í meðallagi til allraheilagramessu.

**Espihólsannáll:** Vetur frá nýári einhver hinn bezti. Þá gengu kindur manna bæði lömb og fullorðið víða af sjálfala. Vor var og mikið blíðviðrasamt. Grasvöxtur yfirhöfuð í meðallagi, en betri þó norðaustan. Með sólstöðum um sumarið skipti um veðurátt til votviðra og óþerra, so sunnan og vestan samt norðan yfir



Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur varð óþurrkasumar mesta. Haustið frá jafndægum fram undir allraheilagramessu var staðviðrasamt. Þá gjörði köföld mestu með harðviðri, so fé kaffennti og hraktist víða norðan lands í sjó, vötn og ógöngur, og liðu þar af margir stórtjón í peningamissi. Þessu lík veðurátt hélzt fram um nýár. .... Í Bjarneyjum vestur fórust um vorið 3 bátar með mönnum. Undir Jökli í Garðaplássi varð í sama veðri, þann 21. Aprílís, skipaskaði mikill. Þar urðu níu ekkjur, allar með börnum fleiri eður færri; tíunda missti einkafyrirvinnu sína.

**1801 Árbók Reykjavíkur:** Nítjándi öldin byrjaði að því leyti vel, að frá nýári til miðgou var allgöð veðráttu um alt Suðurland. En upp úr miðgou harðnaði veðráttufarið tilfínnanlega, þótt minni yrðu brögð að því syðra en fyrir norðan og vestan. Aprílmánuður var óvenju kaldur fram yfir sumardag fyrsta, enda lá hafís fyrir Norðurlandi öllu, Vestfjörðum að Látrabjargi og Austfjörðum allt suður að Gerpi. Grassprettu var fremur lítilfjörleg, nýting slæm vegna óperra og veðráttu óstöðug alt haustið til ársloka.

**Brandsstaðaannáll:** Haustið áður var norðanlands íkastalítið, meiri part þurrt og stillt til allraheilagramessu. Kom þá mikil norðanhríð með ákafri fannkomu, er stöðugt varaði 3 daga. Varð þá fé, er ekki náðist inn, illa útleikið. Varð víða fjárskaði í héraðsvötnum og við sjóarsíðu. Var þá fjárfjöldinn frá Stóradal fram á heiði, og tapaðist þó ei af því. Í nóvember héldust harðviðri og hríðar hér ytra. og í einum byl fírst helftin af fé fátækrar ekkju, Vigdísar á Rútsstöðum, og fennti í Hrafnarbjargargili. Viku fyrir jólaföstu hleypti bloti fönn í gadd, svo hestar voru innteknir í Svínadal, en mót austri í dölum, á Ásum og Þingi var snöp og næg jörð frá jólum fram yfir miðþorra. Um jólatímam blotar og einkum 3 vikur síðast í janúar, þess á milli frost mikil og köföld. Fór þá flatelendi í ófær svell, svo lítt varð beit notuð. Skepnur komust frá húsum aðeins á tilbúnum brautum. Með góu versnaði veður. Jörð þraut í flestum stöðum, og harðviðri börðu á gaddi, en ei blotar. 18. febr. var hleypt út fé á Haukagili. Brast á bylur mikill. Hrakti og tapaðist þá um 200 fjár bónda Jóns Ísakssonar. 9 kindur náðust, en Sæmundur Guðmundsson, fyrirvinna og sonarsonur Jóns, varð úti fram á Skútayeyrum [í athugasemd útgefanda segir að Sæmundur hafi orðið úti 4. mars samkvæmt kirkjubók]. ... Á góu kom hafís og umkringdi landið frá Breiðarfirði og að Reyðarfirði. Lá hann á fram yfir fardaga. 5 vikna skorpa varð hin harðasta, með hörkum og hríðum yfir allt land, en í Svínadal stóðu hross við gjöf 17 vikur. 3 vikur voru þau úti um miðjan vetur. 1. sunnudag eftir páska, 12. apríl, kom göður bati, þann 18. harður bylur. Varð þá mikill fjárskaði í Sauðadal. Vorið var kalt og þurrt, síðgróíð, en eftir fardaga göð tíð, og varð grasvöxtur í betra lagi. Þurrkasumar og heyryn göð. Áttu enn flestir allmiklar fyrningar, þó mikið gæfist upp um veturinn. Haustið oft frostamikið og ekki fannir miklar, um veturinn blotasamt og hörkur á milli, óstöðugt, en þó víðast nóg jörð til nýárs.

**1802 Árbók Reykjavíkur:** Þetta ár var ótíð hin mesta um land allt. Við sjávarsíðuna var sökum vangæfta mikið og tilfínnanlegt bjargarleysi. Sérstaklega mátti svo heita, að ekki fengist branda úr sjó fyrr en eftir páska. Margir sýktust af skyrbjúgi og kreppusótt og nokkrir dóu, að því er haldið var, af harðrétti. Sumarið var kalt og grasvöxtur lítill og vetur lagði snemma að. Mestallan tímam frá nýári til höfuðdags, lá hafís fyrir öllu Norðurlandi og olli það hinu slæma veðráttufari.

**Brandsstaðaannáll:** Varð mikið neyðarár. Á sunnudaginn 29. jan. hlóð niður stórfönn í sunnanhríð. Kom þá fé á gjöf. 17. hleypti bloti í gadd, og komu þá öll hross á hús og hey. Ísinn rak þá fast að landi. Á Pálmessu og í miðþorra voru mestar hríðar og fannalög orðin mikil. Í Holti [þar sem faðir annálaritarns bjó] var 15 faðma langur snjórangali í brunninn. 25. febr. gjörði mikinn vatnshríðarblota, hleypti í krap, og þar ofan í norðanhríð með bitru frosti, sem bræddi yfir og svellaði allt. Aftur blotaði 10. mars allmikið, en vann ei á, og svo í marslok. Veður sífellt frosta- og kafaldasamt. Fyrir páska gjörði hláku, er vann ei á utan hnjóta móti vestri, en páskadagana, 18.-19. apríl, var mesta vestan fannkomuhríð, svo ei var éljaskil 4 dægur. Skafhriðin var eins á þriðja. Var þá sú fönn komin mót austri, að enginn hafí séð því líka. Ennþá var á sunnudag, mánudag og þriðjudag fyrsta í sumri sífellt norðanhríð með fannkomu og brunafrosti. Fór þá að bera á heyleysi og treningi. Lifðu þá víða hross við lítið. Síðan bjartviðri með hörkufrosti. Sást þá ei munur á hafi og jörð, hæðum og dalverpi, brekkum, giljum og brúnum. Allt var slétt, yfir þakið með harðan snjó, svo sleðafæri var hið besta, en bággt var orðið að fá hey við þessi ódæmi. 2 maí kom mikil hláku í 5 daga. Urðu vandráði mestu að verja hús og bæi, er allt var sokkið í gaddinn, ásamt litlu heyi í tóftum, fyrir vatnsgangi, þá allt neðra hljóp í krap, en náði ei framrás utan með miklum skurðum og mokstrum. Við þetta komu aðeins upp litlir jarðarrindar mót vestri, en enginn móti austri. Eftir það hjarnaði aftur, en úr því lifðu hross og sauðir, sem vel gátu borið sig. Þokur, frost og slyddur gengu út maí. Rýmdi mest um jörð að neðan af rennsli

og jarðvarmi. Á þeim tíma var hestum vart við komið, því gaddur var holur, þó svell sýndist yfir. Samt tók upp nokkuð með köflum, svo í fardögum sá á 3 þúfur í Gafllsvelli. Þá gjörði drápshríð mikla. Stóð þá sumstaðar fé málþola inni, en þar hey var eftir, gekk það nú upp, því margir voru þá þrotnir. ... Eftir hvítasunu fóru ær algjörlega út og í 8. viku sumars var brú á Blöndu og ís á vötnum öllum og ýmsum ám. ... Kýr, sem gefið varð, fóru út í miðjum júní. Þá linnti fyrst frostum og kulda. Hross og sauðir stóðu við um 15-16 vikur. Miklar skemmdir urðu á úthaga við vantsgang og flóð 15.-17. júní. Annars tók aldrei upp gadd í giljum og austan undir brekkum og Hrafnabjargartúni allt sumarið. Jörð á heiðum og fjallendi fúnaði til skemmda og tapaðist þar gras og kvistur, en varð upptök að foksandi. Jökulbreiður voru yfir öll fjöll og hafísinn fór í ágúst. Grasleysi var hið mesta. Sláttur byrjaði í 15. viku sumars. Þá var þurrkatími, nýting besta, en heyafli hinn minnsti. Skást var sinumýrlendi mót vestri og deiglend tún. Við heyskap var verið til jafndægra, þar sinureytingur fékkst. Ekki kom frostlaus nótt til fjalla. Snemma í september 3. daga hret. 1 okt. gjörði nær því vikuhrið með stórfenni, svo vatnsföll voru lengi ófær og vegir ófærir. Með vetri tók það vel upp og varð gott í nóvember. Með desember hrið og harðviðri. Jörð varð vel notuð til nýárs.

**1803 Árbók Reykjavíkur:** Árferði var mun betra þetta ár en hið næsta á undan og allur hagar almennings hér í kaupstaðnum skárri, þótt ýmsir lifðu við þröng í búi.

**Brandsstaðaannáll:** Í janúar þíður og smáblotar, þess á milli gott og stillt frostveður; eftir miðþorra vestanátt mjög óstöðug og í síðustu viku norðanhríðar og fannlög. Kom þá fé á gjöf, en beit var nú notuð sem mest var mögulegt. Á góu var snöp lengst og hross lítið inntekin, en óstöðugt veður; með einmánuði góður bati, svo frostalítið og gott til sumarmála. Þá skipti til landnyrðingsstorma með frostum miklum, er héldust allt vorið. 3. til 13. maí var mikil norðan- og suðaustanhríð. Seint í maí kom gróður. Var þá mjög þrotin taða að vonum og kýr magrar. Á fráferum, fært frá 10 vikur af sumri, gróðurlaust á heiðum og fjöllum. Sláttur byrjaði í 15. viku sumars. Voru þá vætur og óurrkar, þar til í 18. viku og kom góður þerrir. Grasbrestur mikill varð á túni og engi. Í 19.-20. viku mikið snjóhret, er tók fyrir vinnu um vikutíma í meðallagi hálandum sveitum. Eftir það flóði jörð. Eftir það hélst úrfelli og þerrileysi fram yfir göngur. Síðan voru hey inn látinm hrakin og illa þurr. Haustið var vott og óstöðugt. Mikil norðanhríð á Mikaelsmessu og ofsa vestanveður á föstudag fyrstan í vetri, eftir það allgott utan íkast á hverjum föstudegi til jólaföstu. Var þá kominn snjór og frost, en allan desember stillt veður, auð jörð og frostalítið, svo ei þurfti að gefa lömbum. Eftir áður sögðum málnytuskorti og ýmsilegum aðdráttahnekki, þá kalla mætti, að allar bjargir væri bannaðar. Hafísinn kom á þorra og lá fram á sumar.

**1804 Árbók Reykjavíkur:** Veðráttufar mátti gott heita um allt Suðurland lengst af þetta ár, vetur góður, en sumar votviðrasamt fremur, þó ekki yrði til skaða því nýting varð góð á heyjum.

**Brandsstaðaannáll:** Sama mild og stillt, mest sunnanátt hélst með þíðum og smáblotum, en litlum snjó á milli, fram til góu. Var síðast á þorra stöðug hlákuvika. Voru þá heiðar auðar. Sunnudag 1. í góu kom fönn, en brátt tók af með blotum og var hún nokkuð óstöðugri. 23.-25 mars gjörði norðanhríð og snjóaskorpu. Var þá farið að gefa fé. Aftur á skírdag 29. mars hrið mikil. Ís var nú enn með landi og frostamikið þennan tíma. Aldrei varð jarðlaust og góður bati kom 8. apríl. Eftir það var gott. Gróður kom með maí og heiðar snemma færar. Um fardaga frostasamt og þurrkar allt vorið. Lestir voru almennt aftur komnar fyrir fráferum að vestan og fengu góð kaup. 19.-20. júní gerði stórt fráfernahret svo ám var inni gefið. Eftir það héldust enn frost á nætur og þurrkar, svo grasbrestur varð mikill. Í 14. viku sumar tekið til að slá. Var þá skipt um veður með þoku, vætu og rigningum, þar með staklegu þerrileysi. 6. ágúst mesta rigning, svo jörð flóði mjög. ... 11. ágúst náðust töður fyrst inn, en 15.-18. kom góður þerrir. Var þá mikið af töðu ónýtt orðið til nytjar, en almenn fangageymsla var þó orsök til ónýtingar, því hægt var að flæsa ljá eða þunnt hey í flekkjum, svo vel mætti geyma í baggasæti og meðfram hirða. Ennþá var úrfella- og rosasamt til. 31. ágúst, svo þerrikaflí góður. Í miðjum september hirtu menn hey, þó illa þurrt. Um jafndægur mikið hret og tvö nokkru síðar, en gott aukavikuna. Þaðan til nýárs besta vetrartíð. Jólafastan einstakleg: Aldrei kom snjókörn né skarpt frost, heldur hægur þíður og staðviðri. 30.-31. des, kom mikil vestanrignin.

**1805 Árbók Reykjavíkur:** Veturinn frá jólaföstu og fram úr var svo góður, að enginn mundi slíkan: frostleysur, hægur vestanþeyr og sunnangolur lengst af; brygði til norðanáttar, þá fylgdu því engin eða sáralítill frost. „Allt til þessa hefi ég séð hér græn grös á baldursbrá og fiflablökkum“, skrifar Geir biskup 19. marz. Gæftir voru hinar beztu, en fremur lítill vetrarafli, nema á Álftanesi. Vorið var einkar gott og sumarið

eftir því og grasvöxtur sá allra beztu, en því miður einstakt aflaleysi vor og haust „svo tómthúsfólk er allareiddu á hjarni“.

**Brandsstaðaannáll:** Sama góðviðri, nokku óstöðugra, hélst í janúar; vatnsföll auð og hálfþíð jörð. Vermenn fóru Blöndu á þíðu og Svínavatn var ei óhætt að fara. Varð oft ójárnað riðið til kirkju yfir ár og langa leið. Með febrúar lagði vel með stilltum frostum. Var næg jörð til góu. Í byrjun hennar kom hríðarkafli. Lá fönn sú á um 3 vikur og það var allur gjafatíminn, hvar haggott var, þó þriðju viku góu sólbráð og lítil snjócoma; þá til sumarmála vorveðráttu, stundum rosasamt á vestan. Með sumri skipti um til landnyrðings með frosti og kulda, þó snjólaust utan á bænadaginn. 12. maí til 14. maí mikil rigning, gréri þá fljótt. Mjög þokusamt síðla í maí og mesta stórrigning á hvítasunnu 2. júní. Runnu víða á skriður til skemmda og ár upp á engjar. Þar eftir kuldi og hret í sömu viku og annað síðar. Frá 13. júní til sláttar mikið góð tíð og grasvöxtur á hvers kyns jörðu. Hann byrjaðist í 12. viku sumar. Fengust þurrkar og besta töðufall síðan 1797. Með 17. viku byrjaði óþurkkafli og stórrigt. Varð ei þurkað um 2 vikur. Þar eftir góð heyskapartíð. 11. sept. enn ein stórrigning og gott á eftir. Um réttir, 19. sept. mikil norðanhríð. Tók fljótt upp aftur þann snjó. Haustið allt þíðusamt, en oft rigning, einkum á Mikaelsmessu. Urðu allar smáár án snjóleysingar ófærar, lak og streymdi nálega í hverju húsi. Sunnudaginn fyrir jólaföstu gjörði annað vatnsflóð. Kom þá rigningin ofan í lognfönn, svo lækir og smáár uðru óreiðar, svo enginn mundi slíkan vöxt á hausttíma. Þangað að var sumarveður og ær víða mjólkaðar á hverjum degi. Fimmtudaginn eftir lagði að snjó og hörku. Á jólaföstu gjörðu blotar þrjár jarðskarpt. Á aðfangadaginn var mikil frostgrimmud og. 21. des. stórhrið á norðan. Lítið var fé gefið fyrir nýár, þar vel var beitt.

**1806 Árbók Reykjavíkur:** Frá nýári til jafndægra var vetur „með harðara slag, skakviðri stöðug og oft jarðleysur, vorið fhlaupa- og stormasamt, en gott á milli“. Útigangur gekk því víða magur undan, einkum hross og sumstaðar féllu þau. Grasvöxtur var í betra meðallagi og nýting sú besta til höfuðdags, því að þurkar og vætur fylgdust að á víxl. Veturinn kom snemma á og var harður allt fram um nýár, svo peningur var víðast á gjöf, þó alltaf væru hér nokkrir hagar.

**Brandstaðaannáll:** Eftir nýár fannlög mikil 2. jan. og 7.-8., svo fé komst lítið frá húsdýrum. Þó síðar rífi nokkuð og grynnti á hæðum, var óvíða jörð að mun. 22. jan gerði mikið austanveður og þar sem á móti því horfði og mest hvassti að gagni, við jarðsæld, gengu hross lengst úti til þorraloka, en annars voru öll hross inn komin á fulla gjöf fyrir miðþorra. Var þangað til oftast stillt veður og meðalfrost, en eftir það vestanblotar og hríðar. Varð gaddur allmikill. Þetta jókst til þess 5. mars, að jörð kom upp, en eftir það landnyrðingur með kafaldi og sterkum frostum 10 daga. Hross voru á gjöf 6-10 vikur án jarðar. Með jafndægum linadí með sólbráð og stilltu veðri, en hláka kom á pálmásunnudag, 30. mars, svo alleysti vötn og ár. Héldust þá góðviðri og gróður kominn með maí. Þann 6. gerði fönn, er lá þar til 16. að góðan bata gerði og gróðurnægð á fráferum. Í júlí þurkkatíð mikil og spratt þá lítið. Með 13. viku tekið til sláttar; gekk seint, því lengi rigndi ekki og vatn þraut allvíða. Með 16. viku skipti um til votviðra og fylgdi því hret. Með 19. viku landnorðan stormar. Náðust þá víða síðslegnar töður og mjög svo hraktar, en ei þurftu úthey að hrekjast lengi, þar laglega var að farið. Eftir það góð heyskapartíð fram yfir göngur; síðan góð hausttíð með þíðum og stilltu veðri til veturnáttu; þá snjór, er vaxandi fór og meðaltíð að veðri og jarðlagi til 27.-29. nóv. að lagði á mikla fönn; eftir það staðviðri. 16.-18. des. hlóð niður lognfönn, svo fjárljörð tók af. Voru hörkur miklar um jólin. Þá náðu hross niðri til sveitanna þennan snjóskorputíma. Út á Ásum og Þinginu reif, svo jörð var þar, þá út gaf.

**1807 Árbók Reykjavíkur:** Með nýári gerði góðan bata, en veður spilltist aftur í lok jarnúarmánaðar. Frost voru þá bæði hörð og langvinn, svo lagði alla firði, og af Valhúsinu (efstu hæð á Seltjarnarnesi) sást hvergi í auðan sjó. Riðu menn þá og runnu alla firði innanverða þvers og langs. „Ólafur gli Stephensen stiftamtmaður í Viðey (þá 76 ára) reið fyrstur manna þessa leið [frá Viðey til lands sennilega heldur en til Reykjavíkur] og „þótti vasklega gert af háöldruðum“. Varaði þessi veðráttu allt fram að jafndægum. Þá kom æskilegur bati, en hann stóð aðeins hálfan mánuð og snérist veðráttu þá aftur í frost og kulda. - ... Vorið var kalt, enda hafþök af ís kringum land allt nema Faxaflóa að nokkuru leyti. Var þar þó svo mikill lagís, að ekki varð róíð. Sumarið var mjög kalt, grasbrestur tilfinnanlegur og nýting slæm. Haustið mjög umhleypingasamt alt til jóla. **Brandsstaðaannáll:** Á nýársdag ofsaveður og rigning mikil, svo alveg tók upp fönnina. Eftir það góð tíð og jörð auð til 16. jan. að snjóakafli varð til 28. jan., en eftir þetta var óstöðugt með köföldum og blotum og sterkum frostum á milli, einkum fyrstu viku góu hörkur og hreinviðri, þó meðfram góðir dagar nokkrir.

Sunnudag annan í góu yfirtaksveður og hláka mikil, svo vel tók upp svellalögin; eftir það góðviðri; aftur landnyrðingur og bitur frost á auðri jörð síðustu viku góu. Þá með einmánuði góð vortíð, svo vinna mátti á túnum, þó snjó legði á í miðjan einmánuð, sem hélst um 10 daga. Á vetrinum var alls 3 vikna jarðleysi og þar að auki 15 innistöður. Útigönguhross góð voru ei tekin inn allvíða, en allmargir hýstu þau lengi og borga þau oft fódrið með áburðinum, sem þanninn fæst af ónýtu moðrusli og úrgangi frá fé og kúm. Lagnaðaris og hafís lá mikill við Norðurland. Vorið var stillt og þurrt, en oft næturfrost. Gréri seint, svo fyrst í fardögum spratt lauf á hrísi og var sífellt kalsaveður til útsveita. Í júlí næturfrost og smáhret. Alltaf rigningarlaust um vorið, en oft þokur og varð nú grasbrestur mikill á túni og harðlendi, en hálsa og flóaland betra. Sláttur byrjaði í 14. viku sumars. Varð nú taða á óræktartúnum hálfu minni en undanfarin 2 ár. Fylgdu nú þokur og þerrileysi, er hélst til 11. ágúst og eftir það nýting allgóð, þó rekjusamt. Með september gerði eitthvert mesta hret. Varð í lágsveitum ei hrært við heyi 4 daga, en í uppsveitum varð hagleysa þann tíma og kúr inni í viku. Var þar víða lokið heyskap og sumstaðar tók ei upp af heyi, er var með brekku eða í gili og varð á útsveitum heyleysisneyð, en þar á móti hálsaheyskapur fremra í meðallagi. Eftir seinni göngur var að venju kaup tíð og fjártaka í annað sinn í Höfða. Gerði þar þá hríð mikla, fönn og storku, svo fólk tók út þraut mikla. Nokkrir luku ferð sinni af um göngurnar, en í þeim gaf vel. Eftir jafndægur varð ekki gert að torfverkum vegna frosta. Þó var veður stillt, norðlægt og snjólítið neðra til allraheilagramessu. Í nóvember voru snjóar, þó ei miklir og oft hörkur. Þar á milli blotar, er gengu hart á jörð og áfreða og hagleysi til fjallabyggða. Hrakaði fé mjög, þó ei væri gefið, því lítil voru heyin. 9. des. kom bati góður og 15. góð hláka, er varaði til jóla. Tók þá að nokkru snjó, er kom til fjalla á slætti. Eftir jólin mikið frost og hríð ytra. Var þá ákomið hallæri og komu sumir þar ám í fóður fram til dalanna, en dalmenn bjuggu að allmiklum hefyfyrningum. Í framsveitum var velmegun allgóð.

**1808 Suðurnesjaannáll:** Fórst skip í Höfnum, sexæringur með 8 mönnum, í Reykjanesröst.

**Árbók Reykjavíkur:** Hér syðra (og um allt land) voru harðindi mikil frá ársbyrjun fram á góu og fannkoma í meira lagi. Vorið kalt og sólar snautt og grasspretta fremur lítil eftir vorkuldana. Þó var nýting góð á heyjum.

**Brandsstaðaannáll:** Á nýársdag mikil hríð og harka á norðan, 9. jan. bloti. Jarðskarpt varð þá og algjörlega haglaust með þorra fyrir áfreðablota. Var þá hafís landfastur og sá út fyrir harðindi. Út þorra gengu bleyturhríðar og blotar á víxl. Voru þeir orðnir 18 þann 24. febr. er hláku og góðan bata gerði. Góa mikið góð. 18. mars kom lognfönn er brátt tók af. Eftir það var vorið þurrt og kalt, seingróið og oft smáhret. Eftir fardaga heiðarleysing og gróður allgóður, en í júlí voru þurkar svo allt harðlendi spratt illa. Í 14. viku byrjaði sláttur. Varð besta nýting og heyskapur mikill af flóum og fjalllendi, en lítill af þurrengi og harðlendi. Heyskapartími var ekki nema 7 vikur og hann leiðinlegur á gráleitu og graslitlu harðlendi, svo Áshagi allur útsleginn gjörði 280 hesta og túnið 120. Um göngur storma- og rigningasamt til jafndægra, en eftir það þiðnaði ei jörð né torf, því snjó og frost lagði þá að. 7. okt og 11. og einkum 16. stórhrið, svo ei var beitandi og föstudaginn fyrstan í vetri. Var þá komin fjarskamikil fönn og fé mjög hrakað. 26 okt norðanhláka, en sletti þó í, svo haglaust varð, en 28. skipti um með hláku eftir þessa mánaðarskorpu, svo hætt var að gefa lömbum, er lærðu át þann vonda Gallus. [Gallusmessa var 16. okt.]. Þíðusamt fyrri part nóvember, svo snjólítið og þægileg vetrartíð. Á jólaföstu þíður oft og fjórum sinnum stórrígt, en stillt og gott um jólin.

**1809 Árbók Reykjavíkur:** Frá nýári var að kalla mátti góður vetur og tíðarfar bærillegt til fardaga, þótt öðru hvoru gengi í hríðar. Þó var vorið kalt, svo gras spratt illa. Sumarið varð votviðrasamt fram á haust, en með jólaföstu brá til snjókomu, og héls sú veðráttla til ársloka.

**Brandsstaðaannáll:** Til þorraloka var stillt og gott veður, en oftast með hægum frostum, snjólítið til lágsveita, en stundum storka til fjallabyggða. Á góu var einasta gjafatími. Var þá óstöðugt, blotar og köföld stundum, en nóg jörð og aldrei innistaða. Á einmánuði besta vorblíða; unnið á túnum eftir vild manna, en þó fönn allmikil 4 síðustu daga hans. Aftur góðviðri til maí og gróður. Með maí kuldasamt til krossmessu, hreta lítið; þá góðviðri og hitar oft til trinitatis í sjöttu viku sumars. Þá gerði mikið hret og var snjór á um viku og fjúk um nætur. Tálmaði það gróðri. Eftir það stillt og kalsasamt. 26. júní fóru flestir í lestarferð, sem annars undanfarin ár var um og eftir þingmaríumessu. Var þá um lestatíma regnsamt syðra; stórrígning 9.-10. júlí. Voru lestamenn lengi að að leita upp og tæma skreiðarbirgðir Sunnlendinga, því mikils þurfti með. 24. júlí byrjaði sláttur. Voru þá rekjur góðar og þerrir með ágúst af landnorðanstormi og hretkvíðri og frost á nætur, vond tíð og grasbrestur ytra. Frá 6 ágúst góð heyspartíð til gangna, en á öllu harðlendi var grasbrestur og

varð heyaflí í minna lagi, en fyrningar voru miklar. Um jafndægur mikið hret og og snjór til Mikalsmesu; þá til vetrar þítt, nokkuð stormasamt og óstöðugt. 1. sunnudag í vetri fjarska fönn, er lá í 4 daga, tók fljótt upp. Í nóvember snjólítið, þíður og slyddur og óstöðugt. 4.-10. des. landnorðanhríðar og fannkoma mikil. Fyrir jól blotar og áfreðar. Á jóladaginn varð jarðbann til allra framdala.

**1810 Árbók Reykjavíkur:** Eftir býsna harðan vetur frá jólaföstu (1809) til sumarmála og íhlaupasamt vor til hvítasunnu, gerði hér og um allt Suðurland æskilegustu veðráttu með sjaldgæfum hitum, grasvexti sumstaðar í bezta lagi, en alstaðar í betra meðallagi og ágætri nýtingu á töðum manna. Haustið var allrigningasamt til jólaföstu, er veður harðnaði og hélzt svo til jóla, er aftur gerði blota.

**Brandsstaðaannáll:** Jarðleysi hélst með smáblotum, þó snöp í blotum nokkur fram á þorra, þá bjargarbann, en veður frostalítið og óstöðugt, þar til 10 daga síðast af þorra sterk frost. Þá lögðu flestir vermenn suður. Í mars stillt, allgott veður og mildaðist gaddur á hálsnum, svo braut á hrísi og tók í af blota. Á góuþrælinn rak niður stórfönn. Varð bjargalaust yfir allt þá viku. Sunnudaginn 1. í einmánuði kom bati, sem lengi var að vinna á svellgaddinum. Í lágsveitum gegnu hross sum af og með sjó var lengst snöp og góð fjara, lítið fraus. Til dalanna, var lengst snöp og góð fjara, því lítið fraus. Eftir sumarpáska vorbati, þurr og meðfram köld veðurátt, heiðarleysing og háflóð í ám um fardaga; eftir það allgott. Fráfærnahret mikið 25. júní, svo fé króknaði sumstaðar; um lestatíma, lestir fóru fyrst suður 27. júní, stillt norðanátt; hret 13. júlí. Náðu fyrst lestir heim eftir það. Á miðsumri byrjaði sláttur. Gengu þá þokur, 28. júlí þerrir og eftir það nýting góð um tvær vikur, síðan rigningar og óþerrir til höfuðdags. Varð þungur heyskapur á votengi, en skemmdalaust á harðlendi. Aftur annan september rigning og stórfönn 4.-5. og vatnsgangur mikill þann 9; rigningar og göngur og hret, svo ei náðist hey fyrr en um Mikaelssmessu, skemmt og víða étið af skepnum, þá snjóar voru. Frá jafndægum fram yfir allraheilagramessu sunnanátt og þíður lengst, síðan still frostveður, utan kafald 6. og 11. nóv.; stundum þítt og alltaf snjólítið til ársloka.

**1811 Suðurnesjaannáll:** Þetta ár var skipstapi frá Fuglavík. Druknuðu þar átta menn.

**Árbók Reykjavíkur:** Veðráttufar var býsna erfitt, einkum um allt Suðurland. Var harður vetur, sérstaklega í febrúar og marz og fram að páskum. Sumarið var mjög óþerrasamt, svo að töður lágu á tünnum fram á haust og skemmdust mjög. Eldsneyti ónýttist svo í Rvík og nágerenni, að til vandræða horfði.

**Brandsstaðaannáll:** Milli nýárs og þrettánda góð hláka; eftir það allgott. Fyrir þorrann lagði að með landnorðanhríðum og hörkum. Hélt þó jörð til síðustu viku þorra. Var nú alkominn ís mikill. Sífellt var fjúkasamt og góa því verri. Seint á henni brutust vermen suður, því þá var hjarn um tíma. Ei kom á góu fjúklaus dagur. Með einmánuði kom snöp nokkra stund. Aftur með apríl sterk frost og köföld; vatnsskortur víða. Með páskum 14. apríl batnaði. Hafði skorpa þessi haldist 12 vikur. Jarðlag og veður var þennan vetur lakara til lágsveita, móti því er þrengdi mest að dalaönnum í fyrra. Með sumri hófst aftur landnyrðingur með stormi, og gerði mikil vorharðindi til fráfærna, utan viku eftir krossmessu var þítt og gott, svo sauðnál kom. Eftir uppstigningardag kuldar og hret um hálfa þriðju viku. Varð lambadauði mikill í megringsplássi. Þó komst vænt fé af, þar landgott var, án vorgjafar. Gengu víða mikil hey upp eftir sumarmál. Í júnílok fært frá; 5. júlí rekin lömb, og voru þau allvíða fá og á stöku búí engin. 9 júlí byrjuðu lestarferðir og var mikið hagleysi á fjöllum. Eftir Jónsmessu var gróðrarveður, en svo langvinnir kuldar ollu því, að mjög seint spruttu tún. Sláttur byrjaði 29. júlí. Varð rekjusamt viku tíma og síðan besta nýting. 3., 4. og 5. sláttarviku rigningar, óþurrkar og gott grasviðri, er gaf góðan grasvöxt. Nýting var mörgum bág og þungur heyskapur á votengi á stuttum sláttartíma. Að lokum náðist allt hey um seinni göngur. Haustið stillt og snjóalítið, þokusamt og oftar þítt, þar til 19. nóv. Sunnudaginn 26. nóv. kom dæmalaus lognfönn og litlu síðar bloti, er skeljaði fönnina, svo fé kom á fulla gjöf. Moka mátti fyrir fé og hross brutu niður. Á jólum voru öll hross á gjöf komin utan rétt með sjóarfjörinni. Með desember hríðar miklar, svo stillt veður lengst til nýárs.

**1812 Árbók Reykjavíkur:** Árferði var hið bágasta, enda ís fyrir Norður- og Austurlandi allt vorið og fram í miðjan ágúst. Veturinn frá nýári fram á einmánuð var einhver hinn harðasti, sem komið hafði um fjölda ára. Grasvöxtur var hinn minnsti um land allt og nýting slæm, svo að töður náðust illa og seint af tünnum.

**Brandsstaðaannáll:** Gerði fyrst hríð og hörku. Eftir þrettánda bloti, er gerði sumstaðar snöp um 2 vikur. Á þorra blotalaust, hörkur og kafaldsasamt og seinast 7 daga yfirtaks norðanhríð, er rak að landi mikinn hafís. Á góu mildara veður, tvisvar snöp fáeina daga, en fjúkasamt. Versta skorpan var á einmánuði. Mikil skírdags og páska (30. apríl) hríð, með mesta frosti. Voru þá allstaðar þiljur af gaddi á landi og langt á haf út. Tók þá

að bera á heyskort. Þó voru sumir aflagsfærir. Eftir miðjan einmánuð mildaðist veður með góðri og stöðugri sólbráð, notalegustu leysing á þann mikla gadd, en góðviðrið varaði út maí. Voru þá sveitir orðnar auðar. Víða varð 20 vikna bjargleysi. Minnst þurfti 13 vikna gjöf. Lengi var jörð á Ströndinni og með snjónum, á Ásum, yst í Víðidal, Björgum, Skaga og Hegranesi. Í maí kuldar miklir og hríð á uppstigningardaginn; eftir krossmessu vikupíða, aftur kuldar í júní og 4 daga hret eftir tínitatis, þó allgott fardagavíkuna. Fráfærnhret 28. júní, lengst af frost um nætur og gróðurleysi. Lestir fóru 6. júlí. Gaf þeim vel til þess 18.-21. júlí, að langt hret gjörði. Sláttur tók til 24. júlí. Varð töðubrestur mikill og sinumýrar hvítleitar, þokur og óþurrkar, í 16. viku kom góður vestanþerrir eftir oftast rekjur, þó þerrir eftir þörfum. Úthagi spratt lengi og varð sumstaðar allt að meðal-útheysfeng og allt hirt um Mikalesmessu. Í göngum mikið hret um 4 daga, svo ei var heyjað vikutíma. Í október þurrt, frostasamt, snjólítið, nóvember nokkuð kaldara og á jólaföstu frostamikið og snjólítið, góð vetrartíð og hláka á jölunum og ofviðri á þriðja, snjólaust á hálsunum og heiðum. Var þá lítið búið að gefa lömbum, þar beit var að gagni. Á þessu ári varð fellir á fé sunnan- og vestanlands í allmörgum sveitum. Hvergi hér varð fellir, en heyprot hjá mörgum á einmánuði og fé langdregið.

**1813 Árbók Reykjavíkur:** Framan af árinu var vetur í mildara lagi, en gerðist þegar á leið ærið umhleyppingasamur. Vorið var hlýtt og sumarið einstök góðviðristíð, enda var grassprettu með bezta móti og nýting fremur góð, þótt stundum þætti full votviðrasamt. Aftur var veðráttu stírt og óstöðug frá haustnóttum til nýárs. Fikafli var fremur tregur lengst af.

**Brandsstaðaannáll:** Í janúar góð tíð, frostalítið sunnan- og vestanlands, þíður oft og stundum hvasst með rosa, en snjólítið. Í febrúar stillt, meðalfrost. Eftir kyndilmessu 3 daga norðanhríð, þó jörð í lágsveitum. Með mars vestanéljagangur og mjög óstöðugt. Lagði miklar fannir mót austri. Með einmánuði jarðlitið 2 vikur, en 7 vikna skorpa til afdala og að vestanverðu. Góður bati um sumarmál. Í maí meðalvortíð og kuldar 5. sumarviku. Fardagaflóð og gréri þá vel í byggð, en seint til fjalla. Grasafengur varð mikill. Með júlí fóru lestir suður og var um lestartíman mjög rekjusamt. Grasvöxtur varð góður á túni og harðlendi, er spratt fram í miðjan ágúst. Sláttur byrjaði 19. júlí. Gafst besta veður og nýting, nægar rekjur og þerrir eftir þörfum. Fyrir göngur mikið hret, er sumum varð að heyskaði, sem geyma hey sætt eða illa hirt úti. Samt varð allt inn látið um seinni göngur. Á Mikalesmessu kom stórrigning, svo þurrt og stillt, en 13. okt. mikil hríð og fönn, er varaði 2 vikur og var lömbum þá kennt át. Eftir það blotasamt og óstöðugt. Í miðjum nóvember frostakafli vikutíma; aftur milt og meðaltíð til 16. des., að lagði niður mikla fönn til framdala; síðan bloti á 3. í jólum, er því nær gjörði jarðlaust til dala og uppsveita, en nóg autt til lágsveita.

**1814 Suðurnesjaannáll:** Skipstapi frá Útskálum, 30. apríl. Drukkuðu átta menn.

**Árbók Reykjavíkur:** Veturinn var harður og frostamikill alt fram í febrúar. En síðan kom hvorki snjór né frost, svo það mætti heita, og vorið var eitt hið allra bezta. Grasvöxtur var í meðallagi og nýting sérstaklega góð. Haustið var hagstætt fram að jólaföstu, en þá kingdi niður snjó allt til jóla, er veður breyttist aftur til batnaðar.

**Brandsstaðaannáll:** Í janúar stillt og frostamikið veður, lítil snöp til þorra, en þá komu hross á gjöf fram í miðgou. Þar hjá var nóg hrossajörð í lágsveitum. Nokkrum sinnum í febrúar og mars gjörði ofsaveður af suðri, bæði hríð og blota. Seint á góu kom gæðabati og besta vortíð á einmánuði utan snjókast á skírdag og þriðja í páskum. Vetur varð góður og mildur í lágsveitum og yfir allt hefyfyrningar, þar sem þær eiga sér stað. Um sumarmál mátti risa og stinga til veggjagjörðar, ásamt alvinna að túni, en það var mót landsvenju að lúka því fyrir en í fardögum. Vorgæðin héldust til sláttar. Þá varð grasvöxtur ei meiri en í meðallagi, því löngum voru þurrkar og stundum næturfrost. Sláttur byrjaði 15. júlí. Varði hann nú í lengsta lagi, til gangna ... [vantar inn í handritið] sept. eður 8 vikur. Heyskapartíðin var hagkvæm, oftast þurrt og góður þerrir stundum, þó rekjur góðar meðfram. Graslítið þótti á árlega slegnu þurrengi. 26. sept, mikið hret með storku og hagleysi 4 daga á eftir til útsveita. Berjavöxtur varð nú í mesta lagi. Fengu margir fylli sína af þeim í slægjunni. Gadd tók úr fjöllum venju fremur og ei síður en en árið 1800. Haustið var mikið gott til 7. nóv. Skipti þá um með snjó og frostum. 26. varð jarðskarpt. Á jólaföstu stöðugar hörkur og sífelld köföld ytra. Þó hér yrði ei innistöður, var oft lítt beitandi. Um jólin sunnan góðviðri og auðir hnjótar. Ei var fremra almennt farið að gefa fé.

**1815 Árbók Reykjavíkur:** Framan af árinu var góðviðri alt til febrúarloka, en með góukomu breyttist veðráttufar og gengu frosthörkur með norðanátt til páska. Vorið var fremur kalt og vætusamt, en sumarið hið

ágætasta, bæði að grasvexti og nýtingu. Aftur var haustið ærið hrakviðrasamt og vetur lagðist snemma að með frostum og mikilli snjókomu.

**Brandsstaðaannáll:** Góður vetur til mars, utan viku snjógangur og harðviðri eftir þrettánda, en áður og eftir hláka góð. Á þorra var blíðviðrasamt, svo hann taldist með þeim bestu. Stíllt sunnan-og vestanátt hafði yfirráð. Frostharka var nokkra daga síðast á þorra. Með mars vestanéljagangur og snjómikil. Eftir miðgou hríð mikil á norðan og hörkufrost. Á góuprælinn varð jarðleysi mikið með fannkyngi og rigning ofan í. Lítil snöp kom með apríl. Aftur kafaldskast 5.-11. apríl, síðan sumarmnálahríð og harðviðri, en 27. kom hláka og upp nóg jörð; eftir það snjógangur og skammt á milli. Kuldar og gróðurleysi gjörðu vorharðindi mikil. Misstust lömb mörg. Líka var, hvar sem til spurðist, dýrbítir, og hræfuglar lögðust líka á þau. Hættur voru venju framar fyrir snjó og frost um vortímam. Ísinn var að hrekjast hér úti fyrir, sem jók á vorharðindin. Gróður kom í 6. viku sumars. Fór honum seint fram, því næturfrost og þurrkar yfirgnæfðu. Þó voru lömb rekin á fjall í júnílok. Með júlí lögðust lestir suður. Var þá gróðurleysi á leið þeirra, með því hestagrúinn þurfti mikils við í áfangastöðum. Í júlí var grasviðri besta. Eftir mitt sumar byrjaði sláttur. Gáfust hægar rekur og meðfram nægur þerrir; líka stormasamt, hvar vestanáttin nær sér. Allmargir náðu ei töðu inn fyrir en í 17. viku sumars; eftir það votviðrasamt, svo hey hraktist hjá mörgum og leið langt á milli, að hirt varð, því einsýnn þerrir gafst ei utan 3 dagar í 19. viku. Grasvöxtur varð í betra lagi og heyskapur til framsveita, en bágt sumar á útkjálkum. Hret gjörði um gangnatímam. Efir þær, 18.-20. sept. náðu fleiri inn miklu heyi og alhirtu. Eftir það rigning, er gerði þeim síðbúna nokkurn skaða. Haustið varð gott og þíðusamt, snjóalaust og frostlítið fram í nóvember. Eftir þann 5. lagði á snjó og aftur þann 14. feiknafönn, sem upptók eftir þann 25.; síðan allgott til 15. des., að skorpa byrjaði með hörku og fönn. Á Þorláksdag mesta hríð á norðan og í árslokin jarðleysi yfir allar sveitir.

**1816 Árbók Reykjavíkur:** Svo er lýst veðráttufari hér syðra á þessu ári: „Vetur illur og arðlíttill ... snjóar í mesta lagi, eða áfrerar og oft jarðbönn bæði hér og um nálægar sveitir, svo tekið er að hruflast nokkuð af útiganspeningi. Veðráttan í vor bæði köld og stormasöm allt fram að sólstöðum (21. júní). Grasvöxtur líttill á harðlendi – betri í mýrum. Síðan sólstöður nær því einlægir þurkar, svo töður hafa nýst einkar vel.“ „Veturinn lagðist snemma að með frostum og kuldum samt snjókomu hér sunnanalnds. Haustaflí var hér ágætur“.

**Brandsstaðaannáll:** Gaddur og hagleysi viðhélst lengi. Í janúar kafaldasamt mjög til 15.; eftir það stíllt og oft gott veður. Lengi brutu hross niður á hálsu og heidum, því smáblotar náðu þar lítið um. Annars tóku flestir þau inn um nýár. Í Blönduhlíð og framsveitum var jörð, af því að þar reif í Þorláksmessuhríðinni og áttu margir þar hross í hagagöngu. Á góu mest norðanátt og frostamikil, jarðleysi yfir allt. Brutust þá fáir vermenn suður. Á góuprælinn dreif mikla fönn niður; eftir það gott veður og blotar. Kom upp snöp til lágsveita og móti sólu, er rýmdi um til páska, 14. apríl. Á þriðja hríð og fannlag; versta skorpa til sumars 25. Bar þá allvíða á heyleysi eftir 16 vikna skorpu. Sauðir gengu af án gjafar utan í innistöðum í Skagafjarðardölum. Þverárbú hjá Schram þraut hey og tóku ýmsir hross og fé af honum, en mjög gekk á hefyfningar hjá allmörum. Með sumri, 25. [apríl] kom góður bati og eftir það stöðug vörgæði, hretalaust að kalla, gróðurnægt á fráferum. 3. júlí lögðu lestir suður og gaf þeim vel. Sláttur byrjaði í 13. viku sumars. Heyskapartíð varð hin besta, rekur hægar alljafnt og þurrviðri, með góðum þerri stundum. Grasvöxtur í betra lagi yfir allt og almennt hirt um seinni göngur, en stórrígt á milli þeirra. Síðast í september snjó og frost. Hálfan október stíllt og þurrt veður, síðan snjóakast mikið. Með vetri varð auð jörð til sveita og frostasamt. 6. nóv. lagði á fannir miklar með köföldum og hörku, svo lömb komu á að öllu. Þá var fjárfjörð lengst. Með jólaföstu blotaði og var gott eina viku; aftur hríðar og hörkur, þó gott á milli. Byrjaði þá gjafatími hjá flestum. 19. des. ofsaveður og bloti. Tók nokkuð upp, en snjógangur á eftir. Á jóladaginn brast á mikil hríð með ógnarfrosti, er varaði 3 daga og harka á eftir. Varð síðar mikið tjón af því á Barkarstöðum. Þar hrakti fé til heidar og þó flest næðist lifandi, féll talsvert af því um vorið. Spillibloti endaði árið.

**1817 Árbók Reykjavíkur:** Til kyndilmessu var hér sámlægt veður, en úr því til páskavíku, einn sá harðasti vetur með fannfergjum, umhleyppingum og harðindablotum á milli. Nær um allan þann tíma að mestu jarðlaust og og veður svo óstöðugt að varla var óhætt bæja á milli; urðu og menn víða úti, suma kól og sumir misstu fé sitt ... Frá páskum til kongsbænadags var veður gott, en þá skall á mesta norðanveður með frosti og snjó, enda rak þá inn hafis norðanlands, svo að hafþök voru að heita má frá Látrabjargi vestra og alt að Austurhorni eystra. Eftir það var vorið kalt með stöðugum næturfrostum allt til jónsmessu. Frá jónsmessu til

höfuðdags var veður sérstaklega þurrt. Sem að líkum lætur var grasvöxtur í lakasta lagi, en nýting hin bezta, Haustið var gott og vetur í meðallagi alt til jóla“.

**Brandsstaðaannáll:** Í janúar kafaldasamt af öllum áttum, jarðlítið, frostasamt og ekki gott veður fyrr en 5 síðustu daga hans. 1. febr. mesta stórrigning 2 dægur, er víða ollu skemmdum á heyjum. Á eftir sletti í og bólgnaði yfir allt með svellalögum. Fylgdi því versta veður og sífelld köföld, mest af norðri. Mánudag síðasta í þorra kom harður bylur, svo fé hrakti, þar snapir voru í Skagafirði. Á góu blotar og sami hríðarbálgur og jarðleysi. Frá jólum til skírdags var óvíða messað vegna illviðra. Karlmennt höfðu sífellt nóg að starfa við peningahirðing og og snjómokstra. Víða voru hross inntekin fyrir þorra. Á páskum, 6. apríl, blotaði með rigningu. Eftir það kom bati góður. Í síðustu vetrarviku varð vatnsgangur voðalegur. Hlupu lækir á tún og bæi, svo sem á Eiríksstöðum og Gili. Komu og víðar skriður. Jörð var auð og allgott veður til maí, þá kuldar og frost mikið, því hafís var mikill út fyrir, kom góu og lá til fardaga. 16., 17., 18., og 19. var minnilegasta stórhrið með fannkyngju. Eftir það var 5 daga bjargleysi neðra, svo lambfé var inni gefið, þar hey var til; án þess töpuðust lömbin. Þraut það nú víða. Af 13 bæjum var sótt hey að Eiríksstöðum og ýmsir voru aflögufærir. Úr hvítasunnu kom bati 28. maí. Varð mikið fardagaflóð. Leysti þá fyrst gadd af heiðum og fjöllum. 7. júní kólnaði aftur og hélst lengi norðanátt, þurrkar og næturfrost, en hretalaust og stillt til sláttar. Í júnílok fært frá við lítinn gróður og fóru ei lestir suður fyrr en 8.-10. júlí vegna ófærðar og gróðurleysis. Gaf þeim æskilega. Af því gadd leysti seint, urðu vorflæði orsök til góðs grasvaxtar á votlendi og flæðiengi, líka allvíða móti austri, en graslítið á túni og þurrlandi. Sláttur hófst 23.-24. júlí. Gafst besta veður allan sláttartímam og fengu margir gott og mikið hey í tómar tóftir, en töðuskortur varð almennur. Vestan Blöndu var göngum frestað um viku og jókst heyaflí mikið við það. 25. sept. kom hret og snjór, er varði vikutíma; úr því gott haust, þíður og og þurrviðri, stundum hvasst mjög, en frostalítið til 18. nóv., að snjó gjörði um tíma. Jólafasta góð. 24. des. lagði sunnanhríð á snjó mikinn, svo fé kom á gjöf allvíða.

**1818 Árbók Reykjavíkur:** „Með þrettánda kom veturinn alskapaður með snjókyngi og áfrerum; úr því var hér jarðlaust að öllu fyrir skepnur til þess 16. febr.; kom þá bloti, svo skaut upp snöp hér við sjóinn, en engri til sveita, þar sem snjóþynglsin voru meiri. Frá apríl til hvítasunnu var stillt veðrátta, en þurr og köld með hörðu frosti á nóttum. Frá hvítasunnu fram á messur voru stórhret og ákafar rigningar, svo að málnya var mjög gagnslítill. Heyskapur var mjög erfiður vegna óþurra. Frá veturnóttum var veðrátta þýð og mild, en vindasöm til baga sjögæftum.

**Brandsstaðaannáll:** Byrjaði með hláku og góðviðri. 9.-12. janúar hríðarkafli, er lagði fönn og gadd til hagleysis í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, er við hélst til krossmessu, en þar var næstliðinn vetur betra en hér og gott grasár fyrir rekjum um töðusláttinn. Hér, einkum til framsveita, var gott vetrarfar, mild og stillt veður og snjóalítið. Í fyrstu viku góu kom lognfönn. Hélt þó jörð lengst af, einkum móti austri og veður stilt, Eftir miðjan einmánuð kom sólbráð og eftir sumarmál kuldar og frostamikið. Ekki kom hláka eða gróður fyrr en eftir 22. maí. Leysti þá fljótt gadd af heiðum og hálsu, ásamt upsveitum, er þangað til höfðu aðeins snapir. Þar eftir var vorið gott, en regnsamt, einkum lestatímam, er byrjaði 4. júlí. Voru þá fjöll lítt fær. Grasvöxtur varð í meðallagi. Sláttur byrjaður á miðsumri. Var lengst rekjusamt, þó þurfti ekki ónýting að verða á heyi norðanlands. Í 16. viku náðust töður lítt skemmdar. Hretalaust þar til í göngum á mánu- og þriðjudag. Föstudag í réttum gjörði hríð mikla og fönn á fjöllum, svo kaupafólk snéri frá Sandi ofan í Vatnsdal. Varð réttafærsla. Á föstudaginn fannkoma svo mikil, að sléttfenni varð yfir fé í dilkum við Stafnsrétt. Eftir 4. okt. þíður og góðviðri, í nóvemberbyrjun frostakafli, 6.-14. hláka mikil. Eftir það var jarðbert og oft þíður, besta vetrarfar til nýárs.

**1819 Árbók Reykjavíkur:** Árferði var sémilegt talið um Suðurland alt þetta ár. Frá nýári til páska var frostlétt oftast og snjókoma með minsta móti, en storma- og hretviðrasamt. Vorið var með besta móti, en sumarið kalt og og vætusamt; þó var grasvöxtur góður, en nýting slæm, svo töður og hey hröktust og skemmdust víða í haustrigningum. Vetur gekk í garð mildur, snjólaus og frostavægur.

**Brandsstaðaannáll:** Þíða og góðviðri hélst til 15. jan., að snjó og frostveður gjörði, oftast stillt veður og jarðsælt. Jarðskjálfti varð á þorraþrælinn. Í mars óstöðugt; hláka 4.-5. og 13., en 16. fyrsta innistaða og vikufönn og aftur mikil páskahríð á norðan, 11. apríl. Varð að öllu afferðagóður vetur og hvergi þungur. Hross úti gengin í besta standi. Á þessum vetri var aldrei jarðskortur. Vorið gott. Sást með maí gróður og kýrgras um krossmessu á láglandi. Kuldakast fyrir fardaga, svo þurkasamt með góðviðrum. Fráfærur voru í fyrra lagi, um sólstöður og lestir fóru í júlíbyrjun. 1.-22. júlí stórrígt og seinast hret mikið. Tóku síðbúnir lestamenn út neyð vegna ófærðar og snjóa í fjöllum. Sláttur hófst á miðsumri. Ekki varð grasvöxtur meiri en



í meðallagi, regnsamt um töðuslátt til 2.-3. ágúst, að góður þerrir kom, svo rekjusamt til 10. ágúst, að mikið hey var sætt. 3 daga eftir það (með sunnanátt) rigndi ákaflega í sífellu, svo skemmdir urðu miklar á þurru heyi, er olli sóttardrepi á fé síðar. Eftir það lítið um þurk, þó hljóp mesta vatnið af og varð nýting sæmileg. Til Mikalesmessu oftast vætusamt en frostalaust að mestu. Fyrst í október hörkufrost vikutíma, svo óstöðugt með slyddum og þíðu og síðari helming hans þurrt og stillt. Í nóvember sunnanátt og þíður til 15., þá hríð og snjór, óstöðugt, harka og blotar. Með desember snjór af suðvestri allmikill, 5.-9. góðhláka; 13. norðanhríð og stórhríðar fyrir jólin með fannlögum, svo fé kom á gjöf. Varð þá krafsjörð móti austri, þó snjókyngja væri hins vegar.

**1820 Árbók Reykjavíkur:** Eins og veturinn til ársloka árið áður hafði verð mildur og frostavægur, þannig varð og framhald hans frá nýári, svo að talið var, að þessi vetur allsýfir hefði verið einhver hinn mildasti síðan árið 1800. Vorið var aftur á móti mjög kalt, svo fénaður féll víða; einkum var lambadauði tilfinnanlegur. Sumarið var vott og hlýtt, og því grassprettu allgóð, en nýting ekki að því skapi vegna óþurka. Haustið var gott og hægviðrasamt alt til ársloka.

**Brandsstaðaannáll:** Skafhríð og hörkur til 8. jan, þá besta hláka 5 daga og varð auð jörð; eftir það jörð nóg, óstöðugt með blotum, en oft sletti í, stundum frostamikið, en lengst gott veður. Með góu hláka mikil og á miðvikudag kom fjarska lognfönn, er þó bráðum sveif frá, svo ei tók fyrir haga. 4.-5. mars þíða og þá út góu blotar, köföld og óstöðugt. Á einmánuði frostasamt á auðri jörð og tók víða fyrir vatn, seinni part snjóar og gott veður á milli. Með sumri þíður og fjallaleysing um viku tíma, aðrar vikur miklar hörkur á auðri jörð, þó stillt og allgott til krossmessu, en gróðurlaust utantúns. 15. maí mikið hríðarkast. Lá fönn á viku fyrir hvítasunnu. 28. kom bati og þar eftir góður gróður. 11. júní kom enn kuldahret og voru útheiðar ófærar til fráferna. Í júniflok voru lömb rekin á lítinn gróður. Með júlí brutust menn suður. Gafst þá besta tíð til grasvaxtar og nota af skepnum, þó vætusamt þætti lestamönnum. Sláttur byrjaði 18. júlí. Náðist hey þá inn strax, er fyrst var slegið. Með hundadögum votviðrakafli til 8. ágúst. Hröktust og ornuðu töður allvíða. Úr því rekjur og þerrir á víxl og yfirhöfuð góð nýting, mikill grasvöxtur og hvað bestur síðan 1797. Með október fyrsta hret, þó lítið; haustið síðan stillt og gott, frostasamt um veturnætur; eftir það þíður og góðviðri til 17. nóv., að snjó gerði um lítinn tíma, síðan þíður. Með desember frostamikið á auðri jörð, svo víða þerraði vatn. Eftir þann 10. sunnanátt og blíðviðri, fyrir jól hláka mikil og allar ár þíðar og vatnsmiklar. Blíðviðrið hélst til nýárs.

**1821 Árbók Reykjavíkur:** Eftir hin mildasta vetur frá nýári, snjóalítinn og frostavægan, svo útigangspenings höld og hold urðu víðast góð, brá til langvarandi kuldanæðinga um sumarmálin, með frosti og fjúki viku eftir viku, svo að tók fyrir allan gróður jarðar, sem aftur olli vanhöldum á fé og unglambadauða. En upp úr fardögum gerði hér um alt Suðurland einstakt góðæri til lands og sjávar, blíðviðri, þurka og beztu heynýting. Með jólaföstu breyttist veður nokkuð, en hlánaði þó vel síðustu vikur ársins. ... fyrir Norðurlandi láu hafísar lengst af sumars og hausts, og skapaðist við það versta tíð norðanlands. ... Rétt fyrir jól tók Eyjafjallajökull að gjósa og stóð sjálft eldgosíð frá 19. til 29. des. Úr Reykjavík saust eldglæringar á hverju kvöldi, en öskufalls varð alls ekki vart hér syðra svo fjarri jöklinum.

**Brandsstaðaannáll:** Stillt veður og snjór á jörð til þorra, á honum vestanátt og blotar, hláka 25.-27. jan., síðan óstöðugt. 8.-15. febr. var jarðlaust fyrir fé, 15.-16. febr. fjarskaleg rigning og vatnagangur. Féllu víða skriður, mest móti austri. Varð vermönnum að því óhægð, því heiðin var lengi ófær vegna snjóbleytu. Komust þeir ei suður fyrr en um miðgóu, en hún var hin besta og blíðasta, er verða kunnri, svo vel hefði mátt fara til grasa á heiðar öðru hverju. 17.-19. mars norðanhríð, um miðjan einmánuð kuldar og frost mikið, en jörð snjólítill, síðustu viku góðviðri. Með sumri skipti um og var á páskum mesta harka, svo ár lögðu og litt var beitandi á auðri jörð, eftir það þíðulítið og frá 4.-27. maí kuldar og stöðug frost, 5. og 9. maí norðanhríð en lengst auð jörð í sveitum. Faradagaviku þíða og hlýviðri. Leysti snjó af fjöllum og gréri fljótt. Í júní lengst þurrt og kalsasamt, stundum vestanrosi. Með júlí fóru lestir suður og gaf þeim vel, því sífellt var þurkasamt og fór gróðri seint fram. Sláttur byrjaði 18.-20. júlí. Var lengi norðanátt, þokur og rekjur, samt nægur þerrir og nýting besta. Víða brann af hörðum túnum og varð þar töðubrestur, en annars meðalheyskapur og girt um göngur og síðast 27. sept. 1. okt. hlóð niður lognfönn og þann 4. norðanhríð með mestu fannkyngju, svo ófært varð með hesta bæja á milli. Þó varð lítið af fönninni til fremstu dala, Miðfjarðar- og Vatnsdal. Viku seinna tók upp í sveitum, en ei til hálsa eða hálendis. Í Þingi og Skagafirði áttu sumir hey úti, sem varð ónýtt og upptekið 19. okt. Haustið varð hið versta norðanlands. 29.-30. okt. mikil rigning, harka og snjór á eftir og

svellaði mjög jörð, 5.-11. nóv. allgott, en eftir það fanlæg og köföld frá 18., en 6.-9. des. varð jarðlaust af snjókyngju. 17. blotaði. Sáust þá sultarhnjótar og tóku margir hross á gjöf. Um jólin landnorðanstormur og hríð ytra. Voru þar komnar undir 20 innistöður vegna hríðanna þó snöp væri með snjónum.

**1822 Árbók Reykjavíkur:** Vetur var harður um land allt frá nýári fram að páskum, en hagstæð vorveðrátt bætti mjög úr, svo að peningur lifði af, sem litlar horfur þóttu á meðan harðindin surfu mest að mönnum. Eftir krossmessu gekk í langvinna rigningarát, svo erfitt var að fá þurkaðan fisk og eldivið. Grasvöxtur var víðast góður sunnanlands og nýting sæmileg á töðum (lakari á úthei). Haustið var hretasamt og stormhart. ... Seinni hluta júní byrjuðu aftur allmikil gos úr Eyjafjallajökli. Barst aska í lofti, er vindstaða leyfði, allt til Reykjavíkur og Seltjarnarness. Mest var gosið 20.-27. júní.

**Brandsstaðaannáll:** Vestanátt, blotar og frostlítið, hnjótar auðir til 13. jan., að rigning og áhlaupsnorðanbylur gjörði jarðlaust. Með þorra komu seinast öll hross á gjöf. Blotar, hríðar og hörkur gengu á víxl. Vörðu þeir ei degi lengur. Er þetta sýnishorn af veðrinu: Blotar 1., 7., 8., 12., 13., 16., 23., 26. jan., 9., 17., 21., 27. febr., 12., 15., 21. mars, en hríðar mest 9., 13., 19., 31. jan., 4., 5., 6., 8., 14., 25., 26., 28., febr., 2., 3., 4., 5., 10., 12., 18., 21. mars. Í annari viku góu féllu því nær allar rjúpur. Var þessi vetur kenndur við rjúpnafelli. Olli því sveggaddar yfir allt og grimmustu hörkur. Með einmánuði fór að bera á heyskortí allvíða. Höfðu færri hey til krossmessu, ef þurft hefði. Með apríl svíaði og úr því kom hægur bati. Var þítt um 2 vikur, síðan frost og stillt og snjóaði stundum í maí. Gróðurlaust fram yfir krossmessu. Fyrir hvítasunnu (26. maí) yfirtaksvatnavextir og háflóð. Í júní oft votviðri, hretalaust. 3. júlí fóru lestir fyrst suður. Gaf þeim nú vel. Í þeim mánuði voru oft breiskjur miklar. Grasbrestur var á túni og þurrangi, en flæði og votengi dagott. Oft var mikið mistur að sjá. Þornaði vatn upp, hvar ei voru uppsprettur og rýrnaði málnyt við þetta allvíða. Sláttur hóft 24. júlí. Héldust þá rekjulausar breiskjur til 3. ágúst. Komu þá rekjur og óþurrkar 2 vikur, svo ei náðist hey inn. Að þeim liðnum hirtu þó ei allir sæti sitt og beið það lengi, því óþurrkar urðu þaðan af til 11. sept., en stórregn og hret þaðan 2.-3. sept. Náðu fæstir óskemmdum heyjum, en flestum varð á þeim ónýting mikil, einkum á votengi og kölluðu sumar vont fyrir töðubrest og lítil og slæm úthei, en 4 daga fyrir göngur, sem alltaf byrjuðu hér í öllum sveitum á sunnudag í 21. viku, stormþerrir, svo alhirða mátti. Gangnaveður gott, en 30. sept. stórrigning. Í október jafnt þurrviðri, frostalítið og snjólaust með norðanátt. Vetur til jóla mikið góður, snjólítið, lengst blíðviðri með austanátt. Á jóladaginn kom minnilegt ofsaveður. Varð fólki torsótt heimferðin móti veðri og yfir ísa. Reif víðast af húsum og heyjum, en gott veður og þítt kom á eftir því til lagfæringar.

**1823 Suðurnesjaannáll:** Strandaði í október skip riddara Bjarna Sívertsen í Hafnarfirði á innsiglingunni á Naustarífi innan Útskála. Fólk komst af, nokkuð af farni náðist.

**Árbók Reykjavíkur:** „Sérleg árgæska til lands og sjávar, mildasta og bezta vetrarfar og ríkuleg blessun af sjó gleður allt Ísland. Veturinn sumri líkur framfleytir skepnum við bestu hold og höld“. Svo lýsir Klausturpósturinn árferðinu frá nýári til krossmessu. En „þá gjörði langsöm, hörð áhlaup með sífeldum stormum, kuldasteytingi og frostum ... svo fénaður þreifst víða sárilla. Kyrkingur kom í allan grasvöxt og sífeldir sumarþurkar bættu ekki úr, svo heyaflí varð með lakasta móti. Vetur lagðist snemma að um haustið og hélzt hin harða tíð til ársloka. ... Varla hafði Eyjafjalajökull tekið sér hvíld, þegar eldgos hófst í Kötlugjá í júnímánuði, sem bylti miklum jöuhlauptum fram í haf og eyddi jarðir eða spilti þeim víða þar um sveitir.

**Brandsstaðaannáll:** Sama veðurbliða hélst í janúar. Fyrri part febrúar gerði frost og snjó, en gott jarðlag, seinni part blotar og góðviðri. Í mars óstöðugt, lengst þó allgott. Hríðarkast í góulok um 3 daga, svo góðviðri á eftir og auðar heiðar. Með sumri, 24. apríl, kom norðanfjúk og kuldi með hörku, svo féð var inntekið á gjöf til hvítasunnu., 18. maí. Mikla hríð gerði 2 maí og stórhrið laugardag 17. maí. Eftir það gott veður og gróður. Aftur með júní frost og norðankuldar um 9 daga, svo lítill gróður dó út af, síðan oft vestanátt, hvöss og köld og aftur milli messna [þ.e. Jónsemssu, 24. júní og Pétursmessu og Páls, 29. júní] frost og hret, er víða frestaði fráfarum, með norðanstormi, er verndaði landið fyrir sandfalli úr Eyjafjalajökli. Sumir færðu frá 2. júlí og lestir fóru suður 5.-7. og almennt með allar vörur sínar. Gaf þeim vel, því sífellt voru þurrviðri og næturfrost. Mesta grasleysi var nú þegar yfir allt. Sláttur byrjaði 28. júlí. Hafði slíkt grasleysi ei orðið 21 ár. Þurrkar, kuldar og þokur gengu til 24. ágúst, eftir það sunnan-og vestanátt, þó sjaldan rigningar. Í göngum 14. sept. mikið hret og snjór um 4 daga og votviðri á eftir. Síðslegið hey náðist 1. okt. Þar eftir þurrviðri og miklar hörkur, 15.-16. okt þíða, svo óstöðug vestanátt til 27., þá hríðar og hörkukaast 9 daga, þaðan mjög rosasamt með vestanátt og ofsaveðrum. Jólafasta hin versta, með hríðum úr

öllum áttum. Mikill áhlaupsbylur þann 11. Hrakti fé víða og menn kól. 7. des spillibloti og 21. jarðleysi. Hross víða tekin inn. Hér með kom varla kafaldslaus dagur. Hey voru sáralítill.

**1824 Árbók Reykjavíkur:** Veturinn frá nýári til sumarmála var frostlítill að sönnu, en næsta snjó- og ofviðrasamur; vorið var allgott, en nokkuð votviðrasamt. Sumarið var hlýtt og grasvöxtur góður svo og nýting lengst af, því að eftir höfuðdag gerði miklar rigningar. En frá septemberlokum til nýárs var einlæg og óslitin kuldaveðrátt með miklum snjópunga.

**Brandsstaðaannáll:** Vestan og sunnanátt með köföld og blota, með jarðleysi til 16. jan., að hláku gerði. Kom jörð upp í sveitum, en hross brutu þá ei lengur á heiðum. Eftir það landnyrðingar, köföld og frostmikið. Með febrúar hríðar af öllum áttum og stundum grimnar hörkur. Fyrstu góudaga gott veður og blotar á eftir, svo snöp kom upp. Ei bjó að henni lengi. 6 mars ofsamikil austanhríð. Í góulok brustu menn suður á gaddi, svo sá þá ei til jarðar á heiðum, en stundum var snöp í sveitum. Með apríl kom bati, hæg og stöðug hláka, svo vatnsgangur varð ei mikill, síðan gæðavor. Á krossmessu búin vallarvinna og grasafjallsferðir ákomnar, er lukkuðust vel. Ekki gerði hret né kuldakast, svo margurt fé varð að góðum notum. 28. júlí lögðust lestir suður og gaf þeim vel. Sláttur byrjaði 15. júlí. Varð nú grasvöxtur góður, rekur og þurrkar, er oft skiptist um; æskileg heyskapartíð, svo vel fylltust tómar tóftir. Líka hefði mátt vera við heyskap til veturnátta, því ei snjóaði í byggð, en frost og stillt veður lengst. Í október sama staðviðri og snjóleysa. Í nóvember stundum frostmikið. Með desember snjóasamt og fyrir jólin lagði á stórfenni. Var nú einstakleg tíð í því, að ei kom þiða eða bloti um 3 mánuði fyrir nýár. Með jólum kom fé á gjöf.

**1825 Árbók Reykjavíkur:** Veðráttan var mjög umhleypingasöm mest allt árið. Árið byrjaði með hrakviðrum og frosti (meðalhiti í janúar  $-2,61^\circ$ ), sem þó stóð ekki nema til þrettánda, en með þorra herti aftur og kringdi niður miklum snjó. Vorið var gott og snemmgróið (meðalhiti í maí  $5,94^\circ$ ). Um sumarið gengu miklir hitar (meðalhiti í júlí  $12\ 1/2^\circ$ ), en heyaflí varð því í góðu meðallagi og nýting góð. Haustið var ærið votviðrasamt fram yfir veturnætur, en harðnaði mjög eftir það til jólaföstu. En síðasta mánuð ársins mátti heita allgóð tíð.

**Brandsstaðaannáll:** Fannlög lágu nú fjarskaleg, en 5. jan kom hláka, rigning og vatnsgangur langt fram úr skarandi og stórflóð í vatnsföll þann 10.-11. jan. Stórskemmdir urðu víða á engi fyrir jakaruðning og hestar fórust í Víðidalsá og Hvítá í Borgarfirði. Hlakan varði 8 daga og urðu heiðar auðar. Eftir það útsynningar og éljagangur með hægu frosti. Með febrúar fannakafli til 13., að tók upp aftur, síðan mjög óstöðugt, en frostalítið. Um miðgóu fóru vermenn suður, þangað til bannaði ófærð og höstugt veður. Í góulok bestu bati og vorgæði á eftir, utan snjókast 8.-17. apríl. Eftir 8. maí gróður og votviðri, en eftir hvítasunnu sífelld norðanátt, oft kalsi og næturfrost. Lestir fóru í júnílok. Gáfust þá enn þurrviðri. 17.-18. júlí rigndi mjög. Ei varð meir en meðal grasvöxtur. Sláttur byrjaði um mitt sumar. Var rekjusamt og ógnarleg rigning nóttina 31. júlí. Féll þá stór skriða í Guðrúnarstaðahlíð úr fjallsbrún ofan í á. Var hún engri skepnu fær viku á eftir. Skemmdust þá mjög hálfþurrar töður. Síðan vætur og þerrileysi til 9. ágúst. Tún urðu hirt 15.-19. Geisaði um sláttinn landfarsótt, er tálmaði mjög hirðing á heyi. ... Haustið gott. Á Mikaelsmessu stórrigning og hret 3 daga og aftur 12.-13. okt. Flóði mjög yfir jörð, en þítt og gott veður lengst. Með nóvember frostasamt, 6. snjólag, seinna blotar, er hertu á jörð til hálsa. Í desember stillt austanátt, hláka fyrir jólin og autt neðra, eftir það frost mikið. Jarðlag var lengst að notum til nýárs.

**1826 Árbók Reykjavíkur:** Frá nýári var veðráttu snjó- og frosta-lítill (meðalhiti í janúar  $-1,7^\circ$ , mest frost  $-4^\circ$ ), en umhleypinga- og stormasöm. Vorið var sárkalt og óveðrasamt fram á messur – og fjárfellir mikill um vorið – en gróður úr því góður. En vegna sífelldra óþerra og stórrigninga varð nýting slæm og hey skemmdust mjög. Haustið var með bezta móti, en vegna óþurka voru miklir erfiðleikar á að ná honum óskemmdum í hús.

**Brandsstaðaannáll:** Stillt og milt veður með nokkrum snjó til þorra. Var þá orðið jarðlaust af áfreðum. Á honum versta veður, hríðar, fannkomur og 11 blotar. Varð svellgaddur í mesta máta. Með góu fóru vermenn. Var þá hjarn yfir allt, um miðgóu mikil fönn og bjargleysi, síðustu viku góu sólbráð og blotar, ofsaveður á góuprælinn, svo hörkur fyrir páskana, 26. mars páskadagsrigning, eftir þá skorpa með snjó og harðviðrum 2 vikur. Fyrir sumarmál þiðnaði aftur. Á sumardag fyrsta var yfirtaksnorðanhríð og fannkyngja og þar eftir 2 vikur mestu hörkur með fjúki og landnyrðingi, síðan kalsasamt með krapapíðu. Tók seint upp og gjörði hættur miklar og lambamissi. Ekkert varð unnið að túni fyrir hvítasunnu. Veður þar eftir lengst útsynningur,

með stormum og rigningum eða fjúki, sjaldan stillt og gott; um sólstöður stórrígt og gróðurlítið. Með júlí fóru lestir suður, fengu ófærð og óveður til þrautar. 5.-6. júlí mesta vestanáveður, svo ær króknuðu sumstaðar, ennfremur 7.-8., 11. og 16. miklar rigningar, þar eftir kuldar og blástur. Sláttur fyrst 19. júlí. Kom þá þurrviðri og varð góð nýting á töðu og hirt 3. ágúst. Eftir það rekjusamt um 3 vikur, svo hey skemmdist hjá þeim, er ei náðu því upp í sæti. Eftir hundadaga góður þerrir og hagkvæm heyskapartíð fram yfir göngur og varð hann í minna lagi. Í október besta tíð, þíður og snjóleysa. Um allraheilagramessu rigning mikil um 3 daga, svo fá þök héldu; 4.-5. fönn þar ofan í, er fljótt fór aftur. Þaðan gott vetrarfar. Á jólaföstu nokkur snjór og á jólanótt snjóhlaðningur mikill, á annan hláka og vatnsgangur og fjórða vestanhríð mikil. Alltaf jarðsælt til nýárs.

**1827 Árbók Reykjavíkur:** Tvo fyrstu mánuði ársins mátti hér heita góð tíð, en með góu hófst harðindakafli, oft samfara miklum stormum (í mars voru t.a.m. 14 stormdagar; þar af 13 hríðardagar jafnframt), og hélst hann að mestu til maíloka. Jörð greiri seint og var víða kalin. Grasspretta var lítil, en nýting góð á töðum; en seinni hluta sláttar gerði mikla vætu, svo úthey hróktust. Haustið var hretviðrasamt og frá veturnóttum til ársloka mikil snjócoma.

**Brandsstaðaannáll:** Stillt og frostamikið veður til þorra, en hann varð einhver hinn besti, með stöðugu blíðviðri og stundum þíðum, svo snjólausar voru heiðar. Gaf vermönnum æskilega, sem ekki biðu til góu. Á föstudag 1. í henni kom snjór og á eftir stöðugar hörkur og hríð ytra, en þar hélst um 2 vikur, en hér kóf, svo á snjólítilli jörð var lítt beitandi. Í góulok mikil hláka 2 daga, eftir það snjór og óstöðugt, gott um páskahelgarnar. Á annan byrjaði aftur frosta- og snjóakafli allan apríl og mestu vorharðindi. Ópolandi hörkur í maí til þess 12., að nokkra þíðu gerði vikutíma, síðan norðanþokur og ísing, svo gróðurlaust var í úthaga um fardaga. Norðanhríð á uppstigningardag og á hvítasunnu versta veður. Varð lambadauði þann dag mikill. Eftir það 2 vikur allgott, svo gróður kom. 16. júní kom á dæmalaus hríð, er varaði 6 daga. Varð stórfenni til hálsa, en neðra þíðaði af hnjótum mót sólu eftir miðdegi. Fá var hýst og gefið utan hjá þeim, er áttu heiðarland og fé í góðu standi. Eftir sólstöður lét ég kúr fyrst út, en lambfé komst af í veðursælum heiðardrögum. Gróðurleysi á fráferum til heiðanna í júnílok. 3. júlí fyrst brotist í lestaferð. Um lestatíma stormur og kuldi á norðan og vestan, sjaldan hlýtt veður og fór grasvexti seint fram. 26. júlí byrjaði sláttur. Varð töðubrestur mikill. 30. júlí kom hret og óveður, er endaði óveðrakafla þennan. Eftir það viðraði vel og varð grasvöxtur í meðallagi. Víða hitnaði í töðum, því hálfsprottin tún voru slegin og snjókrapið varð mikið í þeim, er ei náði vel að þorna. Sláttatíminn varð notagóður. Gras dofnaði seint. Voru nú göngur færðar í 22. viku, því seint áraði og sumarauki var. 21.-22. sept. kom mikið norðanveður. Flæddi við það nokkuð hey í Þinginu og með Flóðinu. Haustið síðan stillt og gott. 3. nóv. fyrst snjór og mesta harka. Ruddu sig brátt flestar ár. Síðan 7. nóv. góð hláka og vetrarfar, lenst auð jörð utan 13.-28. des. snjóakafli, þó fjárbeit góð. Á fjórða mikil hláka og vatnsgangur. Árferði var nú þungt vegna vorharðinda, málnytubrestur yfir allt, lamba- og fjárdauði ýmislegur. Í Víðidalsfjalli króknuðu allmargir sauðir.

**1828 Árbók Reykjavíkur:** Allt þetta ár var bezta tíð um land alt. Grasspretta ágæt, mikill heyaflí og nýting góð um sumarið.

**Brandsstaðaannáll:** Í janúar stillt og frosthægt veður og jarðlag gott, snjólítið og smáþíður. 12. febr. hláka og ofviðri 4 daga. Urðu allar ár þíðar. Vermenn fóru flestir Tvídæguru. Eftir það sömu góðviðri. Í marsbyrjun aftur hláka, seinni helming góu snjór með vestanéljagangi og seinast norðanhríð, síðan góðviðri. Aftur eftir páska (6. apríl) snjór og frost vikutíma. Aldrei innistaða og hross með haustholdum. 13. apríl byrjaði besta vorveður, aldrei hret né mikil rigning. Æskileg tíð til allra vorverka. Eftir Jónsmessu stórrígning, 28. júní farið suður og gaf vel, 11.-16. júlí mest kaup tíð í Höfða í sláttarbyrjun, töðufengur sá mesti, er menn höfðu ei vitað og nýting góð, norðanátt lengst til 11. ágúst, svo sunnan- og vestanátt með rekju og nægum þerri. Í september þurrkar og bjartviðri. Fyrsta hret gjörði 26. sept. Engi spratt í besta lagi líkt og 1825. Haustið gott, svo kúr fóru út til 20. okt. Þá gjörði 5 daga hret og snjó, er brátt tók upp. Eftir það þíður, svo torf var þítt til 5 nóv., svo stillt veður. 24. nóv. íkast um vikutíma, jólafasta og góð og stillt, 14.-16. des. hláka, auð jörð og blíðviðri um jólin.

**1829 Árbók Reykjavíkur:** Árferði frá nýári til miðgóu var svo gott, að enginn mundi það jafngott lifað hafa. Frá miðgóu til sumarmála var aftur á móti ærið hríðasamt. En upp úr krossmessu batnaði árferði á

Suðurlandi. Grasvöxtur varð góður um sumarið og nýting eins og hún getur best orðið. Haustið var hrakviðrasamt með snjókomu er á leið, en stórrigningum á milli, og hélst það veður til ársloka.

**Brandsstaðaannáll:** Hláka eftir þrettánda, annars frostalítið, óstöðugt, blotasamt og svellaði jörð í janúar. 3. febr. storka og jarðleysi til 11., þá hláka, svo stillt og gott. Gaf þá vermönnum mikið vel. Með mars þíður og góðviðri, með 4. viku góu hríð og fannlög af norðri, eftir það stillt veður, stundum frostmikið. 6.-7. apríl innistaða, en ei tók upp á heiðum. Fimmtudag 30. apríl gjörði mestu norðanhríð 3 daga í sífellu, svo enginn mundi þá slíka á þeim tíma og fannkyngju. Þó lifði fé úti, er ei náðist heim á nokkrum heiðarjörðum, en fjártjón varð í Víðidalstungu, Fitjunum og Húki og víðar fennti það og fraus niður við Kvíslarnar. Sumstaðar króknaði nokkuð. Eftir það sólbráð og góðviðri. 10.-12. maí var leysing mikil, 13.-19. norðanharka og snjóhret. Eftir það var unnið á tünnum. Var þá rosasamt með vestanátt og kalsarigningum. Hélt lengi vatnsgangur og hættur til hálsa og heiða. Í júní allgott, en þó 13.-20. kuldkafli, 17. mikið hret og varð bjarglaust af fönn, þaðan gott veður, seint fært frá, í júnílok og með júlí byrjuðu suðurferðir. Um lestatíma þokur miklar, fór grasvexti seint fram. Sláttur byrjaði 23. júlí. Gekk seint á tún, því breiskjur voru miklar. Hélt þurrviðri lengst um allan sláttinn um allt land. Varð hefyngur góður og mikill, helst á votengi, er nú varð allt þurrt. Haust allgott, í október norðanátt og frostasamt, með litlum snjó til þess 13., síðan út mánuðinn þítt og frostalítið, snjólaust. 4.-6. nóv. kom mikill snjór, er lá á til 15., þaðan góð tíð og autt orðið 25., að lognfönn gerði, en hún fór fljótt við hláku mikla og rigningu. Eftir það óstöðugt, blotar og eljagangur, snjólítið utan 5 daga fyrir jólin, á þeim þíða og góðviðri og auð jörð.

**1830 Suðurnesjaannáll:** Jarðskjálftar miklir á Reykjanesi og út af því á hafsbotni. Þá sukku Geirfuglasker ... sem voru um kýrfóðursvöllur að stærð, með 17 faðma háum björgum. ... Skipstapi frá Bakkakoti í Leiru, 29. nóv. um haustið, af brimi. Drukkuðu 5 menn.

**Árbók Reykjavíkur:** Eftir ærið hrakviðrasamt haust til ársloka, hófust með nýári kyrrviðri með frostleysum eða hægum blotum, og héldust þau fram á einmánuð. Eftir það breyttist veðráttu til hins lakara; gjörði frosthörkukafli um sumarmál og síðan kalt vor fram að Úrbanusmessu. Upp frá því batnaði tíðarfarið til muna, svo grasspretta varð í góðu meðallagi og nýting sömuleiðis. Aftur var haustið fremur hretviðrasamt og frá miðjum nóvember kingdi niður snjó, svo að ekki náðist til jarðar vikum saman. ... Á einmánuði varð hér mikill mannskaði á sjó. Fórust 20 manns af Seltjarnarnesi og úr Reykjavík.

**Brandsstaðaannáll:** Í janúar þíður miklar. Í febrúar lengst stillt og gott vetrarfar. Aftur með mars þíða mikil og svo þægilegt vetrarveður til 28.-30., að norðanhríð gerði fönn allmikla. Áður varð ei innistaða. Hafís rak þá inn og með honum við mikinn í Þingeyra- og Hjaltabakkasand. Allgóður reki varð líka kringum Skaga. Ísinn fór aftur með maí. Í miðjum apríl vorgæði og snemmgróið. Túnavinna búin um krossmessu, þar sem hún er stunduð. Besta tíð allt vorið, utan mikið hret 12.-13. júní. Lestir fóru um Jónsmessu. Sláttur byrjaði 16. júlí. Gafst æskileg heyskapartíð, rekur og þurrkar á víxl, ásamt grasvexti besta á túni og þurrlendi. Sama blíða hélst um haustið til 21. okt., að fyrsta hret gjörði og svo þann 30. snöggleg fönn, 5.-25. nóv. fönn og kafaldasamt, þó lengst nóg jörð, síðan þíða og besta tíð til nýárs. ...9.-10. nóv. urðu miklir fjárskadar, svo sem Háagerði, Harastöðum, Kambakoti, Mýrum, Ystagili, Kolugili, Þóreyjarnúpi og frá Hausakoti urðu úti 2 kvenmenn, er fóru til fjár, því ei var maður þar heima. ... Mannskaðabylur varð á þriðjudag fyrir páska. Á Álftanesi fórust 8 bátar og 1 fjögramannafar.

**1831 Suðurnesjaannáll:** Fjórir skipstapar þ. 9. febrúar í ofsaveðri og byl. Þá fórst eitt fjögramanna-far frá Löndum ... þrír bátar frá Garði með sjö mönnum. Einn bát rak inn á Vatnsleysuströnd. ... Skipstapi frá Andgerði. Drukkuðu tveir menn af báti um sumarið, álitíð að stórfiskur hafi grandað þeim.

**Árbók Reykjavíkur:** Árferði var með bezta móti frá nýári til vors. Frosthörkur engar, snjókoma mjög lítil, nema helzt í febrúar. Vorið var hlýtt og gott og grasspretta ágæt. En sumarið varð býsna vætusamt frá sláttarbyrjun til haustjafndægra (18 regndagar í júlí, 18 í ágúst og 13 í september), eftir það umhleytingar til ársloka. Hefyngur varð því ekki eins góður og áhorfðist fram að slætti vegna mikilla hrakninga á heyi.

**Brandsstaðaannáll:** Var fjórða gæðaárið. Í janúar gott og stillt veður, snjólítið og stundum þíða, í febrúar snjóameira, en þó víðast hagi nokkur, hláka í fyrstu viku góu; í annarri viku hríð og fönn mikil um 3 vikur. Á góuþræl fjarskarigning um 5 dægur í sífellu. Vatnaruðningur varð mikill og bærust jakar með grjóti miklu á engi allvíða. Eftir það vorgæði, svo gróður kom með maí. Litlu síðar gerði hart kuldakast 5 daga, eftir það stöðug vorblíða. Tún spruttu í besta lagi, líkt og 1828. Bar mest á grasmegni á óræktartúnnum. Í sama máta var allt þurrengi ágætt, en mýrar og votengi lakara. Sláttur byrjaði 12.-13. júlí, töðunýting besta, fyrri part

ágúst regnasamt. Varð þungur heyskapur á votengi, en ei þurftu skemmdir að verða á heyi, þó aðferð allmargra olli því. Síðari helming engjasláttar besta tíð. Urðu mikil hey og fúlgur stórar við fornu heyin, er margir söfnuðu ár frá ári. Í göngum hlýviðri og jökulleysing mikil. Haustið gott til nóvembers. Komu þá hríðar og fannir miklar, þó tók óvíða fyrir beit. 21.-23. nóv mikið sunnanstormveður með frostlini, er bar víða sand á slægjur og eftir það vikuhláka, jólafastan stillt og góð og þíða fyrir nýárið, auðar allar heiðar.

**1832 Árbók Reykjavíkur:** Veðráttufar mátti heita gott frá nýári fram í febrúar. Þá gerðist veður snjóasamt: í febrúar urðu 13 snjókomudagar og í marz 17, samfara allmiklu frosti. Með aprílkomu breyttist veður og varð vorið hlýtt. Grasspretta varð í góðu lagi, sumarið hagstætt og heyafli ágætur. Haustið var votviðra- og stormasamt, og með jólaföstu gerði frostakafla með snjókomu (14 daga) og hélst það til jóla. ... Á jólaföstu gerði hér í bæ svo mikinn sjávarang, að Austturvöllur varð eins og stöðuvatn yfir að líta.

**Brandsstaðaannáll:** Í janúar óstöðugt og blotasamt. Hélt þó jörð til lágsveita, en lagði jarðbann á heiðar og fjallabyggðir. Með febrúar norðanhörkur 9 daga, síðan hörkur og köföld með blotum á víxl, með jarðleysi. Í þorralok voru öll hross á gjöf komin. Á góu urðu oft skepnur ei hirtar við gjöf eftir þörfum vegna illviðra. Frá sólstöðum til góuloka urðu 16 blotar. Brutust þá vermenn suður, margir hestslausir. Í marslok lagði ofan á gaddinn mikla fönn, svo kalla mátti, að hús og bæir færi í kaf. Síðari part einmánaðar var stillt og gott veður og sólbráð, er svo vann á, að autt mátti kalla í lágsveitum á sumarmálum. Eftir sumarpáska mikill kuldakafli, þar til 12. maí, að hláku og heiðarleysing gerði og mikið flóð í vatnsföllum. 22. maí suðaustanhrið og gerði mikla fönn og var vond tíð um sauðburðinn. Um fardaga kom fljótur og góður gróður, en langt þótti að bíða eftir honum, nokkru síðar kuldur og snjóaði á nætur, seinni helming júní góð tíð. 28. lögðu lestir suður og fengu menn ófærð og rigningar og gróðurleysi á fjöllum. Í júlí besta grasvaxtartíð, svo sláttur byrjaðist þann 16., veður og nýting að óskum allan heyskapartímann. 25.-26. júlí varð skaðaveður víða á heyi, en rekjulítið þótti á harðlendi. 9. sept. byrjuðu göngur, en eftir venju of snemma, mörgum til skaða. Var þá gras lítt dofnað. 16. kom fönn allmikil, síðan gott til 3. okt. Gerði þá hrið mikla og hagleysi í útsveitum, svo kaupstaðarferð varð mörgum hin bágsta, en aðrir snéru aftur. Lítið snjóaði til framsveita. Eftir það rigingasamt, mest. 24. okt. Að vantsföll urðu ófær og flaut mjög yfir jörðu. Með nóvember mikil fönn vikutíma, eftir það gott vetrarfar til nýárs, með stilltu og frosthægu veðri og oft auð jörð á fjalllendi.

**1833 Árbók Reykjavíkur:** Vetur var með ágætum frá nýári; mátti frostlaust heita allan janúar og febrúar og snjókoma með minnsta móti (6 snjókomudagar í janúar, 7 í mars). Vorið var ágætt og jörð gleri snemma. Sumarið varð miður hagstætt vegna mikillar úrkomu lengst af sláttar (í júlí rigndi 12 daga, í ágúst 20 og í sept. 19; alls voru 137 úrkomudagar alt árið, en aðeins 37 hríðardagar). Varð nýting því ekki sem best á heyjum. Haustið var kalt og snjóasamt og hélst sú veðrátt að mestu til ársloka.

**Brandsstaðaannáll:** Vetur frostalítt, blotasamt, svo þeir voru 20 komnir með þorra. Á honum og góu var oftast stillt veður, stundum þíða, lítill snjór og aldrei haglaust. Eftir jafndægur vorbliða. Með maí kom nægur gróður. Mátti þá túnvinna vera búin. 2 skammvinn kafaldsköst komu í apríl, í júní mikill gróður, svo bifinkolla sást þann 15. Góðviðri og hitar um lestatímann. Sláttur hófst 15. júlí. Var þá rekjusamt. 21. júlí, sunnudag, kom víða ofan í þurra töðu, sem lengi hraktist og skemmdist eftir það. Í ágústbyrjun hirtu allir misjafnt verkaða töðu. Eftir það gæða heyskapartíð, oft sterkir hitar, en rigningar litlar, er við hélst til 10. okt. Þann 13. lagði snjó á fjallbyggðir og heiðar, er ei tók upp um 36 vikur, þó snöp héldist þar til jólaföstu. Var þá langur vetur með jarðleysi á jólaföstu um Laxárdal og fjallbæi, en til lágsveita auð eða næg jörð til nýárs. Meðalveðurlag, en frostamikið á jólaföstu. Hrossagrúi safnaðist mikill á útigangssveitirnar. Sumir tóku líka sauði á beit úr hagleysisplássunum. ... Jarðeplaræktin var nú hjá stöku bændum í miklum framförum þessi góðu ár. Í Ási og Þórormstungu [þessir bæir eru í Vatnsdal] var það mest, 20-20 tunnur á þessu ári.

**1834 Árbók Reykjavíkur:** Veturinn frá nýári var í harðara lagi að heita mátti fram til marzloka og fátt um góðvirðisdaga hér syðra. Vorið var allgott, en óstöðug veðrátt fram að messum. Grasspretta varð í minna lagi, en nýting góð. Haustið var fremur kalt og vetur lagðist snemma að með allmiklum frostakafla um returnætur. Frá miðjum nóvember til ársoka var hretviðrasamt, en snjóalítið og frosta. Úrkomudagar á árinu urðu alls 100, en snjókomudagar alls 56. –

**Brandsstaðaannáll:** Var sjöunda veltiárið víðast hvar. Í janúar mikil vetrartíð. Í febrúar óstöðugt og jarðlítið, utan á beztu útigangsjörðum. 13.-14. hláka og mikill vatnsgangur í lágsveitum. Á þorrapræl varð jarðbann, er hélst um 10 daga, seint á góu þíða og góðviðri. Í marslok snjóakafli um 10 daga, síðan góður

bati, svo jörð kom upp til heiða og fjallabyggða. Hafði þar verið langvinnt jarðleysi. Í maí kuldasamt og gréri seint og ei fyrr en í miðjum maí og kýrgróður ei fyrr en um fardaga. Í júní þurr og stillt. 28. júní fóru lestir suður. Íshrakningur var norðan landið fram í júlí. Sláttur hófst á miðju sumri. Lengst var þurkasamt, þó um fráfarur vestanátt og rigningar. Varð því grasvöxtur í meðallagi, en þó lítill á harðlendi og brann af hólátúnnum mót sólu. Eftir 10. ágúst hálfsmánaðar votviðri, annars besta nýting. Með september frost og kuldar, líka smáhret, þó ei þyrfti að valda heyhrakningi. Haustið allgott, frosta og snjóá lítið með oftar stiltu veðri. 1. nóv. hlóð niður fannkyngju, er lá á hálfan mánuð til lágsveita, síðan blotar, en ei tók upp til fjallendis né heiða. Á jólaföstu blotar og frostalítið, en hláka um jólin. Hafði fénaður hrakast mjög í snjóaskorpunni, en fáir gáfu þá fé utan í innistöðum. ... 26. apríl varð enn mannskaðabylur sunnanlands. Drukkuðu 26 menn á Álftanesi og 17 af Akranesi.

**1835 Árbók Reykjavíkur:** Veturinn frá nýári mátti heita aftökuharður. Í 10 vikur var að kalla má tekið fyrir alla jörð hér syðra mest vegna áfreða. Vindur var oftast við norðurátt og útsuður. Frostið komst jafnvel niður í 16 stig (18. jan, 5., 6. og 7. mars). Vorið var kalt og uphleyplingasamt, varð því lítill gróður, enda grasbrestur um land allt dæmalaus. Í sláttarbyrjun brá til rigninga og mátti varla kalla, að hér syðra blési af steini frá miðjum júlí til miðs september. Höfðu þá sumir ekki náð bagga í garð, en enginn þurru strái né óhrtöktu. Haustið var að kalla bærilegt til jólaföstu, þá kom hálfsmánaðar fannfergjukafli, en upp úr honum viðraði fremur vel til ársloka.

**Brandsstaðaannáll:** Skipti um tíð og byrjaðist harðæri. Eftir nýár hláka mikil. 9. jan. skipti um með landnyrðingshríð og hörkum á eftir. 17. jan. áhlaupsbýlur og rak þá ís fast að landi. Kom þá allt fé á gjöf og hross allvíða. Í febrúar frostaminnna og óstöðugt með vestanátt. Á hríslendishálsum brutu hross lengi niður mót vestri. Þrjá fyrstu góudaga milt og stillt. Fyrri part góu hörkur miklar, hriðar, en síðari ásamt blotar og köföld. Í góulok kom upp snöp og þó í apríl kæmu blotar og rigningar, lét illa að þíðu fyrir kalsa í veðri og hörkum á milli vegna hafíss, sem var nú mikill og lá fram yfir fardaga. Með sumri bati góður vikutíma, en fyrri part maí sífellt hörkur og þurrviðri. 23. maí kom fyrst heiðarleysis og gróður. Í júní kalsamt, frost á hverri nótt, svo kýrgróður kom fyrst um sólstöður. Fráfærur urðu í júlí og lömb almennt rekin þann 10. vegna gróðurleysis á heiðum, svo aldrei spratt þar á víðir um hálendi eða hæðir. Um Jónsmessu hret og snjór í byggð 4 nætur. Grasvöxtur varð sá minnsti síðan 1802. Lestaferðir í miðjum júlí, gaf illa fyrir ófærð og hagleysi á heiðum. Í júlílok byrjaði sláttur. Skipti þá um til stórrigninga og gjörði það versta sumar, er menn höfðu lifað. Töður voru almennt hirtar um höfuðdag við hvassvirði. Sumir áttu þá ei til þurran blett á túni eða engi og jafnvel ei í landareign sinni til að þurrka á hey sitt. Þó náði ég og stöku menn töðu og útheyi óskemmdu, svo lítið lá úti viku lengur og varð taða hin besta og eins á Brandsstaðapartinum. Má hér af sjá, hvað haganleg þurrkun á heyi gjörir gagn, mót almennings vanafesti og íhugunarleysi, því aldrei er sú votviðratíð á Norðurlandi, að hey þurfi að ónýtast, þar mannaflí og eftirvinna er til hlítar og engin flæðistund (eða stormur) er forsómuð. – Rigningar voru svo stórfelldar, að melar og vegir voru blautir, sem þá aurar eru á vordag. Ei fór klaki úr jörð á þessu sumri. Allt hey varð að flytja á hóla og bala, þá nýslegið var og víða slegið og dregið upp úr vatni, sem allt var tafsamt, en eftirtekjan sú minnsta, svo hægara var lítið að hirða. Einsýnn þerridagur kom enginn utan sunnudag 6. sept. um nóttina til náttmála, að þá rigndi. Stórrigningar mátti kalla í ágúst 2., 5., 9., 11., 12., 13., 16., 18., 22., 23.; í september 2., 4., 13. Var það síðasta rigningin. Eftir það stöðug þurrviðri með næturfrostum, svo slá mátti á klaka fram í október, en ei var annað til en svartur sinuhroði, er sumir urðu að nýta, er það land höfðu, en ekki þiðnaði torf í flagi eftir 13. sept. Heyskapur varð sá minnsti og versti, en nú varð viðtekin gangnafærsla sú, að þær skyldi byrja á sunnudag í 22. viku sumar, en áður 21. viku. Varð almenning að því oftast góður hagnaður. Seinni part október lagði snjó á fjöll og varð mjög frostasamt. Í nóvember góðviðri og þíðusamt, svo fé þá haustbata. 25. sept. ofsaveður á landnorðan, lengst af um viku. Urðu víða skipskaðar, þar þeim var ei tryggilega fest. Jólafastan mikið góð til nýárs, snjólítið og þíðusamt.

**1836 Suðurnesjaannáll:** Rak mikið timbur á Valhnúkamöl á Reykjanesi í ofsaverði, líkast til af þrímöstruðu stórskipi hlaðið af trjám. Á Pálsmessu í ofsaveðri og byl, skipstapi frá Stóra-Hólmi drukkuðu þrír af báti, en annan bát frá Gufuskálum rak án stýris og ára upp á Akranes, hvar báturinn brotnaði í landtöku, en mennirnir héldu lífi.

**Árbók Reykjavíkur:** Þetta ár var frá upphafi til enda hart og misfellasamt. Fyrst gekk á harðindum frá upphafi þess fram að sumarmálum; þá komu vorkuldar og leiddi af þeim gróðurleysi og grasbrest. Á

heyskapnum varð nýtingin misjöfn, en haustið tiltölulega mjög hart. Síðasti kafli ársins var allgóður og allur útipeningur hér syðra í haustholdum við árslok. Alls snjóaði 64 daga hér syðra á árinu, en rigningardagar urðu 67. Lægsta hitastig varð – 14° (10. febr.).

**Brandsstaðaannáll:** Eftir nýár hláka og enn þá auð jörð. 13. jan. skipti um með snjófalli og hörkum. Með þorra komu hross á gjöf. Þó brutu þau niður á háls og heiðum, þar var hrís undir á móti vestri fram yfir miðþorra. Alla góu jarðlaust að öllu, en veður stílt og frosthægt. Um jafndægur kom snöp í fjöllum mót sólu, svo hross og sauðir lifðu af eftir það, sem gefið var út, hjá þeim, er heyþrota urðu, en almennt stóð fé og hross við fram í maíbyrjun. Um páska, 4. apríl, kom upp jörð, en byrgðist brátt aftur. 12.-13. apríl rak hríðarkast mikið hafís að Norðurlandi, en norðaustanlands kom hann um miðjan vetur. Sumarmálavíkuna var stöðug fannkomuhríð um 6 daga, svo ófært varð bæja á milli með hesta. Þreytti það hagleysa að bera það milli bæja, hvar sem fánlegt var. Nokkrir skáru af heyjum á góu. Sást nú best ofneysla og hirðuleysi að safna heyjum á góðu árunum, en frumbýlingum var ómögulegt að komast vel af. Allur fjöldi manna hafði fellt fé sitt um krossmessu, en góður bati kom 1. maí. ... 24. maí kom gróður og um það bil fór ísinn. 1. júní rigning og hret mikið, eftir það gott, en 10. júní skipti um til kulda, er hældust mánuðinn út. Þó oft væri hlýtt á daginn, var frost á hverri nótt. Með júlí rekin lömb á fjöll. Mikið dró nú úr lestarferðum suður fyrir kornnægtir. Þó voru vermenn margir enn syðra. Færð slæm og hagleysi gjörði lestarferð örðuga. Brustu einir 4 menn úr Blöndudal suður með 70 hesta. Kaup tíð varð í miðjum júlí, en fremra byrjaði sláttur 24.-26. júlí, en fyrri til lágsveita. Varð grasleysi mesta, líkt næst afliðnu sumri, en þó betra á góðum tünnum og sinuslægjum. Með ágúst brá til votviðra og hröktust töður sumstaðar. 10. ágúst varð skaðaveður af suðri. 20. kom landnyrðingsveður mikið og stórhret á eftir. Áttu þá margir 1-2 vikna hey úti, þó stöku menn hrifi það inn rétt áður. 27. ágúst kom annað fannkyngjuhretið og lá snjór á háls og fjallslægjum 3 vikur. Í lágsveitum var kúm gefið 4 daga. Flóði þá yfir jörð eins og í vorleysingum. Mátti telja viku frá heyskap fyrir fönn og votabandsull. 3. sept. kom sá einasti þerridagur, en síðan kuldaflæsa. 7. sept. skipti um til sunnanáttar. Kom þá fyrst jökulleysing, því allt sumarið var Blanda blá sem á vetrardag og varð fyrir göngur (19. sept) nýting góð. Heyskapur varð lítl og slæmur. Var grasleysi og hretatíðin orsök til þess. Stóðu víða tóftir tómar og lítið sást upp úr veggjum, því fáir áttu nú gömul hey að mun. Eftir 20. sept. þiðnaði ei torf; hældust frostin stöðugt. 25. sept. var margt fé rekið á ís yfir Blöndu úr fyrri réttum og riðin vötn á ís í seinni göngum. Skaflajárnuðu þá margir. Haustið var kalt og þurrt. 8. nóv. lagði fönn á útsveitir og fjalllendi, síðan oft harðviðri með sterkum frostum, en jarðbert til lágsveita og framdala til nýárs. ... Hafís kom á einmánuði og lá lengi.

**1837 Suðurnesjaannáll:** Þá gerði ofsavður á öskudaginn, svo að fá skip sem enginn náðu lendingu sinni.

**Árbók Reykjavíkur:** Árið 1837 var yfirleitt gott ár til lands og sjávar. Að vísu gerði um þrettándann fádæma hörkur og harðvirði, og kingdi niður svo miklum snjó í einu hér syðra, að varla varð komist yfir jörðina. En með góukomu linaði þessum harðindum aftur. Þó hljóp í aftur öðru hvoru með hörkufrosti og norðanátt, en snjór kom ekki á jörð að kalla mætti úr þessu. Verstu íhlaupin af norðri komu hér 9.-12. mars (með 11-15 stiga frosti), 25.-28. s.m. (með 11-12 stiga frosti), 3.-7. apríl og 14.-17. s.m. (með 8-11 stiga frosti). Vorið var einnig fremur kalt og kyrkingur í grasvexti. En frá fardaögum batnaði mjög veðráttufarið, svo að grasspretta varð í góðu meðallagi og nýting að sama skapi. Haustveðráttan varð nokkuð hroðafengin og rigningasöm, en frá veturnóttum til ársloka frosleysur og blíðviðri. –

**Brandsstaðaannáll:** Þó sunnan og vestanlands væri gott ár, náði það ei til norðurlands. Á nýársdag upp á hláku bræddi hér yfir jörð ógnarlegu glerhálu svelli með frostrigninu, svo engin skepna komst úr úr dyrum og hross stóðu í sveltu. Aftur 15. jan. gerði annan blota með sama frostrigningarviðskilnaði. Varð að járna hross til að koma þeim heim eða á loðna hnjóga og enginn gat ójárnaður náð vatni í bæ og fjós nokkra daga, þar til hríðar gerði. 7. jan. brast á mikill bylur. Urðu menn úti frá Brekkum og Miðhúsum í Blönduhlíð og 3 manneskjur í Fnjóskadal á kirkjuleið, Sauðamenn í jarðsælli sveitum náðu fáir heim. Allan janúar var hér jarðbann. 5. febr. gjörði mikla hláku, er mjög vann á svellið og hélst snöp eftir það og veðurátt allgóð. 8.-12. mars miklar hörkur og aftur um páskana vikutíma, þess á milli milt og stillt veður. 14. apríl mikil hríð upp á hláku og vatnsgang. Hafís var landfastur og lá langt fram á sumar. Hann var einstaklega flatur yfir að sjá, því mikið var af honum lagnaðarís. Vorið var kalt og þurrt. Gróður sást fyrst í miðjum maí 24. var mikil rigning og harka á eftir. Kól þá tún og engi til stórskaða. Varði frostið um viku. Fórust lömb allmörg, þar heyleysi var. Í júní þurrt og og stillt veður lengst. Eftir sólstöður frostalaust og í júlí gott sumarveður. Spratt úthagi lengi og varð í meðallagi til framsveita. Sláttur byrjaði þar á miðsumri, en í júlíflok í útsveitum. Heyskapartíð



gafst góð, rekur og þurrkar nægir og varð á þurrengi meðalheyaflí, en flæðiengi kól um vorið. Öll jörð var nú orðin sinulaus. Haustheyskapur gafst vel. Í Langadal fékkst hey í meira lagi, en í minna lagi utar. Lögðu nú flestir mikla ástundun á að heyja og gekk kaupafólk vel út. 3. okt skipti um til votviðra, þó frosta- og snjóalaust til vetrar. 26. okt. byrjaði vikuhríð hér í veðursældarsveit, hvað þá ytra. 7. nóv. blotaði og varð snöp 10 daga og gott veður, síðan hörkur og köföld; 5. des. hláka; tók upp til sveita en lítið til dalanna; aftur 10 daga gott. Seinni part desember hríðar og jarðleysi og hross tekin inn eða rekin til hagagöngu norður og gengu þar í örtröð. Á Suður- og Vesturlandi var árgæska, vetur góður, gras og nýting í betra lagi, haust gott og veður að nýári ... Ísinn lá hér á fjörðum til hundadaga, en sveif frá Fljótum, svo til hákarla náði um tímma. Höfðaskip komust inn á Siglufjörð um Jónsmessu og biðu þar um mánuð og þótti þetta fáheyrnt.

**1838 Suðurnesjaannáll:** Á öskudaginn, drukknuðu 3 menn af skipi á Þórkötlustöðum. ... Minnisstæðar skruggur og eldingar á jóladaginn.

**Árbók Reykjavíkur:** Veðráttan, sem frá veturnóttum árið áður hafði verið sérstaklega góð, hélst við að mestu leyti fram yfir miðgöu. Eftir það gerði að vísu allt fram yfir sumarmál jarðbann og hagleysi af snjókomu, en þó mátti heita, að sama góðviðrið héldist, því að frostlaust var að mestu lengst af og hægviðri. Eftir sumarmálin gerði litilsháttar íhlaup af norðri, en það stóð aðeins 3 daga. Allt að einu var fremur seint um vorgróðurinn, og átti mesta sök á því hvítasunuhret með allmiklu frosti. Þó varð grasvöxturinn víðast í meðallagi og sumstaðar betur, enda varð sumarið svo blítt og fagurt, að fáir mundu annað eins. Heyskapur gekk því að þessu sinni með afbrigðum vel. Um miðjan september brá til rosa og varð haustið hretviðra- og umhleyppingasamt allt til veturnotta, En eftir veturnætur gerði góðviðriskafli, er hélst til jólaföstu; en þá brá aftur til hrakviðra og umhleyppinga, er héldust til ársloka.

**Brandsstaðaannáll:** Jarðbönn með köföldum og blotum hélst til 17. jan., að snöp með góðviðri gafst. 23.-24. hláka. Lagðist þá fjarskamikill sveilgaldur á flatlendi. Veður var lengst stillt og frosthægt til miðgöu, en hnjótar entust ei til framsveita fram yfir miðporra. Hélt jarðleysi þíðulaust, án talsveðra illviðra, til sumarmála. Í Skagafirði gengu nokkur hross af, sem gefin voru út til að falla, hefði harðar hríðar komið. Gjafatími varð hinn lengsti og hey hjá öllum að þrotum komin, fáir öðrum bjargandi. Á sumardaginn fyrsta kom upp snöp og í annarri viku góður bati. 1.-2. maí hart hríðarkast, svo allar ár lagði og ís rak inn á Skagafjörð, síðan kalt og þurrt. Eftir krossmessu heiðarleysing og kom gróður í byggð, bjarglegur. 1. júní hret og harka og á hvítasunnu, 3. júní, minnileg suðaustan-fannkomuhríð allan daginn, eftir það frost á nætur og smáhret. Laugardagsnótt 9. júní stórrigning. Um morguninn brast á norðanhörkuhríð með mestu fannkomu, svo sveillbunka lagði yfir mela og flatlendi. Á trinitatis augaði í á túnnum, en fannkoman hélst um 5 dægur. Á mánudagskvöldið tók af hnjótum og þótti nú gott að geta gefið inni kúm og lambfé eða miðlað öðrum með sér. Í fyrsta sinn sá ég nú lokið heyi síðan um Jónsmessu 1802, enda varð nú flestum að sópa tóftir innan. Ekki varð samt fellir, þar heylaust var, utan lambadauði. Nóttina eftir hríðina [12. júní] varð landskjálfti svo mikill, að alla felmtraði, svo ei hafði slíkur komið síðan brunasumarið 1783. Þessi varð einasta norðanlands. Lá við að hús skemmdist. Af hillum hrundi sérhvað. Hrökk leirtau þá víða í sundur. Drangeyjarmenn komust í lífsháska af grjóthruni. Stukku þeir fram í sjó sem lengst er stætt var. Skip og byrgi skemmdust og 1 maður fórst. Mestur varð hann á norðuráukjálkum og bæir hrundu í Héðinsfrði. Menn á sjó fundu líka mikið til hans. Aðrir 3 minni fylgdu eftir um nóttina og morguninn. Eftir hretið var veður stillt og þurrt, en gréri seint. Um Jónsmessu kom besti bati og lauk þá þessum 3-4 ára harðindakafla. Suðurllestir fengu aura mikla og snjóbleytu. Skagfirskir lestamenn missu (8) hross í Haukadal í trínitishretinu. Í júlí hitar og blíða, svo gras spratt í betra lagi. Sláttur byrjaði 22. júlí. Í ágúst besta veðurátt og oft sterkir hitar, þó ei breiskjur til lengdar og aldrei rigningar til skemmda. Í september norðanátt og frostnætur, síðan snjóalaust til 11. okt. Á sunnudagskvöld, upp á lognfönn, brast á mikill hríðarbylur, svo víða fennti nokkuð af fé, síðan harka og kóf til 22. okt., að hláku gjörði með góðviðrum á eftir til miðs nóvembers, síðan allgott vetrarfár, en óstöðugt á jólaföstu, en beit allgóð. Jólin urðu hin verstu, er menn mundu til. Á jóladaginn, með degi, kom á landsunnan ofsaveður með krapaslettingi. Bræddi kvartelsþykkt sveill á steina til hálsanna og gjörði jarðlaust. Var þó lengi rigning neðra, en klambraði allt að lokum. Um nóttina og daginn eftir gott til þess um miðjan dag brast á norðanbylur. Braust þó messufólk heims um kvöldið. Á þriðja vestanhríð, svo jarðlaust til nýárs. ... Jarðeplafengur varð enn lítill og enginn, þar sumir hættu að leggja alúð á hann. Seint varð sáð og nokkuð dó út um nóttina 3. ágúst við frost og hélu.

**1839 Suðurnesjaannáll:** Frá nýári og fram á mið-góu mestu hörkur og gæftaleysi, vegna fjúkbylja og frosta. Urðu þá slysfarir víða.

**Árbók Reykjavíkur:** Hrakviðrin og umhleypingarnir, sem hér höfðu verið lengst af jólafoðstunnar árið áður, urðu undanfari mikilla harðinda hér sunnanlands, er héldust fram á miðja góu. Þá kom bati og upp frá því tók eigi fyrir jörð. Vorið var kalt og stormasamt. Grasspretta varð þá líka í minna lagi, en það bætti úr hve nýting varð góð. Haustið var hretasamt og hélzt sú veðráttá alt til ársloka.

**Brandsstaðaannáll:** Eftir nýár snjógangur og vestanátt. Jólástorkan linaðist í lágsveitum, svo snöp varð. Með febrúar kom jörð að austanverður í dölum. Í miðjum febrúar skipti um til norðanáttar með miklum hörkum. Rak þá hafís fast að landi. Var í þeim mánuði ei kafaldslaus dagur til uppsveita, með jarðbanni og líkt í dölum móti austri. 4.-6. mars kom jörð mót vestri og 12.-14. í sveitum og fór þá frá hafísinn. Einmánuður varð hinn besti og blíðasti, er menn mundu til, 8.-16. apríl stöðug heiðarleysing. Var þá að mestu unnið á túnnum og litkuðust sum. Með sumri spilltust veður með fjúkslyddum og frostum og óstöðugu veðri til 9. maí, að gróður og góðviðri kom. Eftir fardaga stillt og náttfrostasamt. Lagðist ísinn þá að aftur. Um Jónsmessu komust skip hér á höfn. Í júlí þurrkar, en stormar og kuldar ytra með gróðurleysi. Sláttur byrjaði með hundadögum. Gekk hann seint á túnnum og harðlendi, því nú varð mesta þurrkasumar og oft sterkir hitar. Grasvöxtur varð góður á flóum og flæðiengi og heyskapur æskilegur, en hinir fengu í minna meðallagi, en notagóðan heyafla. Sláttartími varð langir, því réttir urðu 26. sept. Haustið varð allgott. 1. og 10. okt. snöggleg fönn, er tók fljótt af. Undravert þótti hér, að úti á Skaga ásamt norðurútkjálkum urðu, einkum í september, norðanþokur og þerrileysi, svo skemmdir urðu á heyi. Í nóvember góð vetrartíð til 26., að fönn lagði á og með desember frostleysur og snjókyngja. 6. gjörði norðanrigning mikla og jarðlaust fyrir hross og fé í lágsveitum. Til hálsa náðu hross niðri. Þar eftir voru stöðugar norðanhörkur með og kaflaldsbarningur til nýárs og hríð á jóladaginn. Voru þá flest hross á gjöf komin.

**1840 Suðurnesjaannáll:** Í september strandaði á útsiglingu við Býaskerseyri, kaupfar tilheyrandi Brynjólfi Bogasyni kaupmanni. Var það hlaðið fiski og lýsi. Menn komust af.

**Árbók Reykjavíkur:** Veðráttá var hörð og köld framan af árinu því sem næst til febrúarloka. Eftir það hlýnaði mjög í veðri. Snjócoma var nokkur, en stóð aldrei lengi. Vorið var allgott, þó greri jörð í seinna lagi. En í sláttubyrjun var þó komið svo, að menn gerðu sér góðar vonir um heyföng með betra móti. En því miður varð sumarið vætusamt, svo nýting, varð fremur slæm. Haustið var gott. Að vísu byrjaði vetur með allmikilli snjókomu, en brátt gerði þíðviðri, sem héldust að mestu til ársloka.

**Brandsstaðaannáll:** Sama harka og hagleysi hélzt til 9. jan., að blota gjörði og linviðri, svo snöp kom til lágsveita, en þraut að öllu brota-og mokjörð til hríshálsanna. Með þorra rak 3 daga hríð ísinn á Skagafjörð. Út þorra varaði hagleysið og oftast harðviðri. 18. febr. blotaði og úr því gáfust þíður og góðviðri, svo góa varð ein af þeim bestu. Aldrei kom snjór og ei hélaði glugga. Vermenn, er fóru í þorralok, teptust 2 vikur við snjóbleytu á heiðinni og ófærar ár. Með apríl kuldakafli, eftir það útsynningur og óstöðugt, snjór um vikutíma á sumarmálum, þá gott og gróður á eftir. Í maí kælusamt, stundum fjúkslyddur. Í júní oft hlýtt, en þó næturfrost. Í júlí þurrkar, sem ollu grasbresti. Tún spruttu fram í ágúst. Sláttur byrjaði með hundadögum. 29. júlí skipti um til votvirða og varð ei þurrkað 9 daga. Skemmdust töður hjá mörgum, er slepptu af litlum þerri. 17.-19. og 25.-26. ágúst voru einustu þerridagar. Alltaf héldust votviðrin til 25.-26. sept., að allir gátu hirt hey sín, en oft kom þó flæðustund, er nota mátti til hlítar. Féll nú heyskapur þvert á móti því í fyrra. Varð þraut mikil votengi, en allgóður heyskapur á harðlendi. 27. sept. hret og fönn mikil. Í október lengst þíður og þrisvar ofsaveður á suðvestan, stundum miklar rigningar. Í nóvember fyrstu 10 daga mesta blíðviðri, þurrt og þítt, eftir það frost og auð jörð, 8 daga þá óstöðugt, þó gott vetrarfar, jörð nóg og hláka um jólin. Austurlandið umkringdi hafísinn allt til Vestmannaeyja um vorið og hélzt við fram í júlí og olli það grasbresti. Höfðaskipin komu nú vestan fyrir mót venju, því aldrei festist ísinn hér við á flóanum. Sigling kom í júní.

**1841 Árbók Reykjavíkur:** Vetur frá nýári var góður talinn alt til sumarmála. En vorið fremur kalt. Þó var grasvöxtur í góðu meðallagi. Sumarið var hagstætt og hýnting hin bezta. Haustið alt til ársloka snjóasamt og frosthörkur allmiklar á köflum.

**Brandsstaðaannáll:** Þriðja janúar var mikil norðanhríð. Rak þá fjölda af svartsmáfugli, er kallst haftyrdill, mest í Heganesi og Hrutafirði. Meintu margir það vissi á ís og harðindi, en veturinn varð mikið góður, því aldrei tók fyrir jörð. Snjóakafli með þorra 2 vikur, lengst stillt og mjúkt veður. 13. mars kom heiðarleysing

og úr því gott vorveður. Eftir jafndægur unnið á tünnum og þau grænkuðu á sumarmálum. Með maí frost og ofurmiklir þurrkar, er stöðugt hélt allt vorið. Fór grasvexti seint fram. Þó varð hann mikill í útsveitum, hálsnum og votlendi. 29. júní kom eitthvert mesta hret á þeim tíma. Mesta fannkoma var 3 dægur, síðan frost mikið, svo hestheldar urðu fannir á heiðum. Ei náði það suður yfir Sand og hálfan mánuð var snjór hér í fjöllum í góðu sumarveðri. Sláttur byrjaði 16.-17. júlí og varaði í lengsta lagi. Veðurátt varð hagstæð, rekjur góðar og nægur þerrir. 27.-28. ágúst stórfelld rigning. Skemmdist þá sæti, þar sem það var úti. Aftur 14.-18. sept. ógnarrigning. Varð þó allt hey hirt um göngur. Hélt góðviðrið út september. Í október fyrst stillt og þurr norðanátt. 11. og einkum 19. okt. lagði á fannir miklar, 30.-31. blotaði og tók upp til lágsveita, en varð gaddur á hálendi. Með nóvember aftur fönn, svo öll lömb voru tekin inn. Varð Langidalur þá fyrir meiri gaddi en aðrar sveitir. 3.-13. nóv. var stillt veður, en lítil snöp; aftur langur landnyrðings-hörkukafli og langvinn hríð ytra. 22. nóv. kom allt fé á gjöf, braut aðeins niður framán í hálsbrúnum, en sléttur gaddur yfir alla jörð neðra. Í miðjum desember voru öll hross komin á gjöf. Hörkur og óstöðugt var lengst á jólaföstu. Um nýár var meira hey uppgengið en nokkru sinni áður.

**1842 Suðurnesjaannáll:** Laugardag fyrir pálmásunnudag gjörði alt í einu ofsa veður, þá skip voru á sjó, með fjúkhríð. Klofnaði þá áttæringur í lendingu í Merkinesi, sem Guðni Hákonarson var formaður á. Menn komust af. Inni á Vatnsleysuströnd fórust þrír bátar og á þeim 7 menn.

**Árbók Reykjavíkur:** Frá nýári til sumarmála voru hér sífeldir umhleyplingar og harðindaskorpur öðru hvoru, þó aldrei verulega langar. Vorið var bæði þurt og kalt, en grassprettu þó allgóð og batnandi, eftir því sem nær kom sláttarbyrjun. Um sláttinn gengu þurrkar, svo nýting heyja var góð fram yfir miðjan ágúst, og töður náðust víðast grænar af ljánum. En seinni part sláttar gengu rigningar miklar fram yfir réttir; af því leiddi, að útheyskapur varð hvergi nærri eins góður og túna-heyskapur. Haustið var einnig mjöd vindasamt og undir árslok gerði harðindakafli.

**Brandsstaðaannáll:** Um nýár leit vetur þunglega út, því jarðlaust var yfir allt. Mundu menn, að mestu hariðindavetur voru 1802, 1812 og 1822 og allhart 1832 og líkur til þess yrði eins. Í janúar var nú blotasamt, frostalítið og fjúkasamt, oft snöp, en svallalög þau mestu. Mátti allt láglendi á skautum fara. Fyrri part febrúar stóðu hross við. Var þeim hér að mestu inni gefið 14 vikur. 8.-9. febr. hláka og gaf vermönnum vel suður. Í febrúar oft stormar og bleytiköföld, en frostalítið. Í mars stillt. Annars var á Ásum og Skagafirði á láglendi hrossajörð eftir þrettánda, utan þar ísar lágu á. Með einmánuði hláka, svo víðast kom upp jörð. Á miðjum einmánuði kom rigning mikil og vatnsgangur með skriðuárennsli um tün og engi. Síðar lá snjór á vikutíma og fyrir sumarmál vorblíða, svo tün litkuðust og nægur sauðgróður með maí. Fóru kýr víða út um sumarmál, en lambahey allmargra var þrotið á góu. Vorið varð allt gott og blítt, en þurrkasamt í júní, lestarferðir búna með júlí og kauptíð úti þann 10. júlí. Sláttur hófst í 12. viku og stóð yfir um 10 vikur. Tíðin gafst vel, rekjur nógar og þurrkar meðfram og töðufengur mikill, útheyskapur eins og á þurrlendi, en votengi flóði mjög seint í ágúst. Hraktist þá hey mikið allvíða og á Suðurlandi var ónýting. Um göngur náðist allt hey inn utan á Laxárdal. Haustið þíðusamt og þrisvar stórrigning fyrir miðjan október. Flóði þá mikið yfir flatlendi, síðan frost og snjór með smáblotum. Með nóvember vikuþíða, síðan landnyrðingur og meðallagi vetrarveður, á jólaföstu lengi auð jörð. Á jóladaginn brast á norðan stórhrið og lagði þá að vetur með fönn og frostum. Sunnanlands varð bágt árferði, rigningavetur og slæm peningshöld, aflalítið og slæm verkun á fiski, heyskemmdasumar og urðu kýr gagnslitlar.

**1843 Suðurnesjaannáll:** Oftast hörkur og byljir á góu. Frusu lömb í hel, sem eigi voru tekin í hús. ... Óþurrkar miklir um sláttinn og hraktist hey mjög. Þá drukknuðu fyrir jólaföstu tveir menn í Garði, í lendingu í myrkri, en þeir komu úr Keflavík. Var haldið, að þeir drukkni og votir úr sjónum hafi komist upp í fjöruna og lagt sig þar fyrir. Hafi þeim liðið í brjóst, en frost var mikið um nóttina. Fundust þeir um morguninn fyrir ofan flæðarmálið örendir og frosnir í hel.

**Árbók Reykjavíkur:** Vetur frá nýári var í harðara lagi fram til marsloka og vorið þurt og kalt allt til Jónsmessu. Grasvöxtur varð í meðallagi hér syðra, en vegna sífelldra votviðra frá sláttarbyrjun til haustjafndægra varð nýting í lakara lagi um alt Suðurland, þótt heyfengur að lokum yrði í meðallagi að vöxtum. Vetur lagðist snemma að með mikilli snjókomu og frostum í byrjun október. En frá byrjun nóvember batnaði veðurlag og fór síbatnandi úr því alt til ársloka.

**Brandsstaðaannáll:** Eftir nýár varð fyrir sunnan bleytuhríð, jarðlaust til lágsveita, en brotajörð um tíma til hálsa og fjallanda. Hélt norðan-og austanátt oft með snjókomu og kafaldi til 3. viku þorra. Var þá gaddur

og fannkyngja mikil komin. Þá um 3 vikur stillt og gott veður, hjarnaði og gaf vermönnum vel suður. 7. mars skipti um aftur með fönn og 11. byrjaði harður hríðarkafli. Í góulok kom góður bati, vikuþíða. Voru þá hey sumra nærri þrotin. Ýmsir höfðu líka létt og skemmd hey eftir óþurrkasumar, helst Laxdælingar. Vorið varð gott, þurrt, stillt og hretalaust, oft hitar, en meðfram náttfrost. Um fráfarur voru sterkir hitar og þar til 7. júlí, að skipti um til votviðra, svo grasvöxtur varð góður. Sláttur átti að byrja 17. júlí. Gáfust þá rekjur, en lítill þerrir mánuðinn út. Varð heyskapur mistækur vegna veikindanna. Með ágúst þornaði upp. Hirtu þeir þá töðu, er minnstan fatla fengu, en margir luku túnaslætti í miðjum ágúst. Eftir þann 6. kom aldrei þerridagur til kvölds. 16. ágúst gerði óviðráðanegt sunnanveður. Allt hey blés og þorrnaði í gegn og sæti reif allt í sundur. Um kvöldið, nóttina og daginn eftir rigndi ógnarlega af vestri og norðri, svo allt vöknaði í gegn, en engu varð bjargað. Lagði snjó mikinn á fjöll og hálsa. Þiðnaði það brátt og varð vatnsagi mikill, þó norðanstormar með rigningu kæmi á eftir. Kvaldist mjög veikt og kraftalítið fólk við að ná upp og þurrka mikið hey. Hirtu flestir túnin 26. ágúst. Út allan sláttinn kom aldrei regnlaus dagur, þó oft væri stormar og góð þerristund, en hjá heilbrigðu fólki þurftu ei heyskemmdir að verða með góðri fyrirhyggju allan sláttartímamann. Gras dofnaði snemma, en almennt heyjaðist mikið í september, þá fólk var heilbriggt orðið. Þann 25. hirtu flestir og urðu miklar slægjur eftir. Allt sumarið var mikill vöxtur í jölulvötnum og stórflóð 12.-16. sept. 1. okt. kom fyrsta hausthret. Það hey, er þá var úti, náðist ekki. Fyrri part hans [hér vantar það sem „hann“ á að standa fyrir] var snjór og stillt veður, en síðari kafaldasamt og lagði mikla fönn á útsveitir, en minni til framdala. 11. nóv. tók upp snjóinn vel fremra og eftir það meðalvetartíð, ósöðugt, útsynningasamt og frostalítið, utan 3 hörkudaga fyrir nýárið.

**1844 Suðurnesjaannáll:** Skipstapi á Vatnsleysuströnd í marsmánuði. ... Ofsaveður með sjávarangi 2. apríl, svo að skip tók upp og brotnuðu. Skipstapi um vorið frá Landakoti að Miðnesi. Drukknuðu þrír menn. ... 50 fjár flæddi á Bjáskerjum og 80 í Leiru. Ufsaveiði mikil í Hafnarfirði. Þá fórust tveir bátar með ufsafarm þaðan í ofsaviðri. Annar var úr Njarðvíkum, en hinn úr Keflavík.

**Árbók Reykjavíkur:** Uppúr nýári harðnaði veðráttu tilfinnanlega, svo að gerði vetur frostharðan og stormasaman, en snjócoma var með lagnminsta móti á þessum tíma árs. Vorið var í kaldara lagi og fénaður gekk illa fram vegna kraftlítilla heyja frá sumrinu á undan. Þótt jörð væri seinsprottin, varð grasvöxtur í betra lagi, þrátt fyrir mikla þurka, og nýting allsýfir góð. Haustið var votviðrasamt og eins veturinn til ársloka. Stormviðri voru í tíðara lagi, en þiðviðri jafnframt og frostleysur.

**Brandsstaðaannáll:** Veður stillt og frostamikið til 13. jan., þá 4 daga hláka og aftur þítt 21.-24. Í febrúar óstöðugt, köföld og hart frost á milli, 19. jarðleysi allvíða og hross tekin á gjöf, en í lagsveitum gengu þau af. Alla góðu harðviðrasamt og gaddmikið til dalanna. Með einmánuði bati góður og blíðviðri, sólbráð og stillt veður, 5 daga fyrir sumar frostmikið og sumardag fyrsta sunnanhríð mikil, en föstudag hastarlegur norðanbylur; brátt aftur hláka. 4. maí heiðarleysing og flóð í ám og allan þann mánuð vorblíða og góður gróður. Í júní lengi náttfrost með norðanátt og stilltu veðri. Seint fært frá og í júlíbyrjun sterkir hitar 6 daga, þá til 16. þokur og hretviðrasamt og gaf illa í kaupstaðarferðum, en vel í lestaferðum suður, er stóðu yfir seinast í júní. Sláttur byrjaði 18.-20. júlí. Var þá rekjusamt og lítið um þerri til 7. ágúst. Skemmdust töður mjög, þar miður voru hirtar. Þá notagott veður til 25. ágúst. Á sunnudagskvöld, upp á góðan þerri, kom hret og eftir það votviðri til 3.-5. sept. Þann 10. kom ógnarrigging, mörgum til skemmda, þar sæti var óhirt, sem þó víða var. Um gangnatímann mátti hirða allt hey. Þó ónýting yrði allvíða, varð nýting góð hjá þeim, er haganlega notuðu stuttan þerri og litlar flæsurl og ekki geymdu hey sitt í föngum, eins og mörgum er samt sér til skaða. Nú varð gangnafærsla austan Blöndu vegna rímispillis-sumarauka. Annars bar nú réttardag á 25. sept. Haustið varð mikið gott, eitt hret 9. okt. Frá returnóttum til 7. nóv. blíðviðri besta, svo berja og ausa mátti af túnum. 8.-12. nóv. hart frost, svo lækir botnfrusu mörgum til vandræða og náðu ei farveg aftur lengi. Veður var stillt og gott, snjólítið oftast, auð jörð og hláka á jölunum, allvíða ei farið að gefa lömbum. Ár þetta má kalla, sem 6 ár undanfarin, hagsældar- og blómgunarár, þeim sem notuðu tíðina réttilega.

**1845 Suðurnesjaannáll:** Skipstapi frá Útskálum fyrir framan Króksós í ófærum sjó af brimólgu. Drukknuðu allir, sem á voru, 6 að tölu.

**Árbók Reykjavíkur:** Frá nýári alt til sumarmála var veðráttufar líkara sumri en vetri: góðviðriskafar og frostleysur í sífellu. Oft sá ekki fól á jörð viku eftir viku. Einnig vorið var gott; þótt það teldist í svalara lagi, varð jörð snemma gróin. Sumarið var þurt og hægviðrasamt framan af, en er sláttur var hálfnaður brá til

votviðra, svo að nýring á heyjum, einkum utan túns, varð ekki sem bezt. Haustið og veturinn til ársloka var hretviðrasamt og snjócoma í meira lagi, en lítið frost.

**Brandsstaðaannáll:** Sama góðviðri á auðri jörð hélt til þorra. Á honum var snjór og frost og 8. febr. var sumstaðar jarðlaust vikutíma; alla góu stillt og gott veður, oftast sólhlýindi, en aldrei snjór né óveður. Komu þá þrotu bæjarlækirnir niður. Á einmánuði stöðug vörgæði, svo tún grænkaði í miðjum apríl. Var nógur sauðgróður á sumarmálum og mátti þá vera búíð að vinna á tünnum. Oft var í apríl hiti á daginn og frostlaust á nætur. Í maí þurrksasamt til 15. apríl., að vel rigndi jörð til vökvunar, eftir það góðviðri. Í júní 8. daga frost og kuldi, síðan gott og þurrkasamt. Eftir sólstöður stundum kalsaúrfelli, 5.-13. júlí breiskjur miklar. Byrjaðist þá sláttur, helst í úthaga. Þurrkar héldust lengi, svo brann af hörðum tünnum, keldur og flóar þornuðu upp, svo vatnslaust var utan í uppsprettum. Leið fénaður víða nauð af því. Jökulár voru bláar í júní, en um sláttinn stöðugt æfarmiklar. 31. ágúst mikið vestan-skaðaveður. Sláttur gekk seint. Þó varð heyaflí góður. Gras dofnadi með september. Þann 2. sept. varð Heklugosið. 17.-20. sept. kom hret með miklu frosti og aftur sunnudaginn 28. Gjörði ógnarfönn á þeim tíma, er frestaði seinni göngum. Kaupafólk úr Stafnsrétt hreppi nauð mikla. Eftir þann snjó haustblíða mikil um 3 vikur. Fimmtudag síðasta í sumri sunnanhríð og svo bloti með ofsaveðri, svo víða reif hús og hey. ... Eftir það snjór, 1.-3. nóv. hláka, síðan stillt frostveður til 14., þá sunnan-stórrigning og vikurhrið á eftir með allra mestu fannkyngju, einkum á útsveitum og 25. varð þar jarðlaust. Aftur 29. fannkomuhríð um 4 daga. Sást þá ei í lágsveitum á mel eða stein. Hafði enginn séð áður slíka fönn á þeim tíma, en minni var hún til framdalanna. 18. des. hleypti bloti snjó í gadd og voru þá hross öll á gjöf komin. Leit þá út fyrir harðan vetur ofan á Heklugosið.

**1846 Árbók Reykjavíkur:** Veturinn var frá nýári sunnanlands einhver hinn blíðasti, þeirra er lengi hafa komið, og var því útigangspeningur um sumarmál í góðum holdum ... En þegar voraði kólnaði veður og ókyrrdist og þar eftir brá til rigninga og stóð það alt fram að sólstöðum; þá gerði þurviðri og allgott sumarveður fram á miðjan tünaslátt, en þá brá veðri að nýju og urðu þá miklar rigningar, svo að töður hröktust að nokkru leyti, en úthey hvarvetna. Haustið varð blítt og hagstætt, og hézt sú veðráttá alt til ársloka. Grasvöxtur var góður og sumstaðar venju betri.

**Brandsstaðaannáll:** Frostalítið þar til 9.-12. hríðarkafli, 13.-17. þíða, en vann ei á gaddinn. Kom aðeins lítil snöp sumstaðar um tíma, þá fönn á þorranum og jarðleysi. 10. febr. byrjaði 12 daga hláka, stöðug nótt og dag, er um síðir vann á gaddinn til lágsveita og framdala, en lítið ytra til fjallbyggða. Var þetta óvæntanlegur bati um hávetur, þar með skemmdalaust með hægviðri. Góa var allgóð, utan langsöm hríð ytra síðustu viku hennar, en harðviðri hér. Á einmánuði til páska, 12. apríl, frostamikið og jarðlítið. Fór þá að bera á heyleysi sumstaðar, einkum í Vindhælishrepp. Gengu þá rekstrar fram í sveitinar, helst Ásana. Eftir páska góður og hagkvæmur bati. Um sumarmál heiðarleysing. Gengu þá sumstaðar kýr úti. Gróður kom í apríllök. Í maí vorbliða æskileg. Í júní þurrkasamt, oft sunnanátt og hitar. Í júlí norðanátt til 12.-17., að rigning og hretviðri vökvæði jörðina. Fór þá grasvexti vel fram. Í miðjum júlí byrjaðist sláttur, þar sem því varð sætt fyrir mislingasýkinni. Var besta heyskapartíð, rekur góðar og þerrar á milli, þó í júlílok skemmdist víða töður fyrir fólkleysi. Allir fengu fatla, minnst viku verkamissi og allt að mánuðar. Kaupafólk veiktist syðra og kom mjög fátt, varð því ófáanlegt að bæta þörf manna, utan það áður var ráðið. Í september heyjaðist mikið og nýttist vel, en snemma visnaði gras. Haustið varð gott, utan mikil hríð ytra 7.-8. okt., þá mest var um kaupstaðarferðir, mörgum til meins, eftir það mikið gott. 4.-7. nóv. norðanþíða, góðs viti. 8.-15. mikil hláka og flóð mikið í ám, því snjór var kominn til framheiða. 10. des. kom fyrst hríð, svo farið var að gefa lömbum. Á jólanótt kom fönn allmikil, er tók upp á þriðja.

**1847 Suðurnesjaannáll:** Veðurbliða frá nýári, en þó stirðar sjógæftir. ... Skipstapi í Höfnum á Merkinnessundi í brimi. Fórst þar sexæringur með öllum mönnum, nú að tölu. ... Fiskur verkaðist illa um vorið vegna votviðra. Grasvöxtur í besta lagi og nýting allgóð.

**Árbók Reykjavíkur:** Árferðið, er hér hafði verið frá haustnóttum, breyttist ekki með nýja árinu, heldur héldust áfram sömu frostleysurnar og blíðviðrin, að undanteknum fáeinum frostdögum í góubyrjun. Þóttust elztu menn ekki muna jafngóða vetrarveðráttu. Í apríl gerði þó frost með norðannæðingi og kafaldsbyljum á milli (þó varð kuldinn aldrei meiri en  $-3^{\circ}$ ). Fyrstu sumarvikurnar voru allkaldar og norðannæðingur setti kyrking í þann gróður, sem kominn var, en þegar leið á maí, hlýnaði veður mjög, þó rigndi töluvert og spruttu tún fljótt og vel. Frá jónsmessu og allan júlí var úrkoman svo mikil, að varla þornaði af strái. En með ágúst skifti um til hins betra, svo að töður náðust hvarvetna óskemdar. Varð því heyaflí manna alstaðar með

bezta móti. Haustið var fremur umhleyplingasamt og með jólaföstu komu snjóar og frost (8. des, -14°) og síðustu vikur ársins urðu mjög hrakviðrasamar.

**Brandsstaðaannáll:** Var eitthvert hið besta, sem land vort getur fengið, svo lengi hefði mátt að búa. Í janúar hægar þíður, lítið frost og snjólaust að mestu og sýndist sem jörð dofnaði ekki frá hausttíma. Húspök, túnblettir vel ræktaðir og góð jörð var sífellt algræn. Í febrúar stillt austanátt, með litlum snjó og meðalfrosti. 7.-8. norðanhríð og einasta innistaða á þessum vetri, en engan dag var jarðlítið og eins til fjalla og harðindaútkjálka. Með mars stöðug og löng hláka, svo fé var sleppt á hagagóðum jörðum með haustholdum. Með einmánuði óstöðugra, þó þíðusamt, svo afljúka mátti túnaávinnslu og starfa að torfverkum. Vegir urðu færir og grænka fór í túni. 16. apríl gjörði norðanveður mikið upp á útsýning og sjórót fjarskalegt. Först þá jakt Jóns Bjarnasonar á Eyvindarholti. Fönnina tók brátt upp. Með maí nægur gróður, í honum þurrkasamt. Í júní besta grasviðri, svo víða var slægur úthagi á fráfarum. Sláttur byrjaði almennt 10. júlí. Var þá mesta gras komið á tún og harðlendi. Þann mánuð var rekjusamt, en þó nægur þerrir á milli, þeim sem notuðu hann, en því sættu ei allir. Þann 1. ágúst gjörði stöðugan þerri um 9 daa, eftir það rekjur og þurrkar að óskum. Jörð vöknadi ekki til óhægðar og hretalaust. Um göngur hirtu allir, sem vildu og varð heyskapur hinn mesti, er menn höfðu fengið, utan við eingöngu þyrnkingsmýrar. Mest varð árgæskan yfirgnæfandi á harðindaútkjálkum landsins og má vera, að þeir hafi búið lengur að henni en miðsveitarmenn. Haustið allgott og var þá gamall gaddur tekinn svo úr fjöllum og jökllum, að enginn mundi það eins. 2. nóv. kom mikil fönn, er brátt tók upp. Aftur 9.-11. lagði fönn yfir framdali. 18.-20. hláka með miklu hvassviðri og eftir það gott vetrarfar, en byljasamt á jólaföstu, þíða á jólnum og ofsaveður nóttina 28. des.

**1848 Suðurnesjaannáll:** Mikið hafrót á öskudaginn með hvassviðri. Braut víða garða, gekk sjór inn á tún og gerði skemmdir. Frostríðir miklar framan af vertíð.

**Árbók Reykjavíkur:** Veðráttufar var frá nýári með svipuðu móti og í desember, óstöðugt og stormasamt, en frostlítið, þorrinn kaldur og umhleyplingasamur, vindstaðan helzt norðlæg með útsýningsbyljum á milli. Vorið var mjög kalt alt fram að trínitatis og versta útlit með grasvöxt. Alt sumarið fram í september varð ein óslitin þurkatið, svo að heyjaðist miklu betur en menn höfðu búið við, þrátt fyrir minni grasvöxt en árið áður. Vetur gekk í garð með veðurbliðu, sem hélzt fram að jólaföstu, sem aftur varð ærið sjóasöm og frosthörð með köflum (mest frost -11°).

**Brandsstaðaannáll:** Í janúar allgot veður, frosthægt, 11.-13. hláka, 17. norðansnjókoma og eftir það jarðlítið til dala og uppsveita, en lengst jörð til lágsveita. Í febrúar frostamikið, en lengst stillt veður. Í mars mildara, jarðlítið, 18.-20. landnyrðingshríðarkafli, 23.-31. þítt og tók upp til sveita, en til fjalla bjarglaust fram í maí. Í apríl langvinn harðviðri ytra og þíðulítið. Í maí þurrkar, kuldar og gróðurleysi til 23., að fyrst kom náttúrleg þíða og nokkur gróður. Aftur 1.-13. júní norðanstormur og kuldi, en þó stórhretalaust. Kælur og náttfrost héldust út júní. Í hans lok var geldfé rekið á afrétt og lömb 5.-7. júlí. Þann 3. lögðu flestir suður og fengu lítt færan flóann til baka og frost á nætur. Sláttur byrjaði í 15. viku sumar, utan hvar sleginn var sinulubbi, er víða var mikill frá grasárinu í fyrra. Á túni og sinulausu engi varð mesti grasbrestur síðan 1823. Í ágúst rekjusamt. Þó varð nýting allgóð, en mörgum þótti hitna í töðum til skemmda, er hún er þurrkfrek, þá kallast má hálfsprottin. Í september rigningasamt. Þó mátti hirða hey þann 8., þar laglega var að farið. 14.-16. rigndi og snjóaði um 6 dægur í sífellu, svo ei var úti vært að slætti. Drap þá almennt hey til stórskemmda, því víða voru þau flöt og ófullbúin. Áttu þá margir úti 2 vikna slægju, sem að mestu varð ónýt. Sæti gegnvöknaði og sumstaðar flæddi burt. Eftir það sífellt vætur og þerrilaust til septemberloka, að flestir náðu heyi inn illa þurru og dáðlausu. Varð svo heyfengur bæði lítill og slæmur, taða á óræktartúnu meira en hálfu minni en árið áður. Vanaþurrengi var lítt slægt, en sinuheyið dáðlítið. Frá 17. sept. til 23. okt. var sífelld sunnanátt. Sótti þá fé á heiðar venju framar. 24. okt. til 8. nóv. snjóakafli, þann 6. bylur mikill, en hláka litlu á eftir. 16.-17. lagði fönn á fjallbyggðir, en 26. varð að taka fé á gjöf. Með desember frostkafli mikill. Eftir það hleyptu blotar jörð í gadd. Eftir sólstöður blotar og hláka um jólin. 31. kom lognfönn til dalanna, en reif af til lágsveita.

**1849 Árbók Reykjavíkur:** Janúar var mjög snjóasamur, en frostléttur; en með þorra og fram á miðja góu var stírdasta veðrátta, sífelldir umhleyplingar, oft „stórviðri af ýmsum áttum á einum og sama degi og skiftust á frost og þíða oft fleirum sinnum á sólarhring“. Í marzlök var hér enginn afli kominn á land vegna stöðugra ógæfta. Í apríl var veðrátta oftast norðlæg og köld, og hlýnaði ekki verulega í veðri fyr en um Urbanusmessu

(25. maí). Greri því jörð mjög seint. ... Sumarið var góðviðrasamt, grasvöxtur þó vegna vorkuldanna með minnsta móti, en góð nýting bætti upp grasbrestinn.

**Brandsstaðaannáll:** Lognfönn lá á jörð og frosthægt veður, hriðarbylur 13.-16. jan., og 20. gjörði bloti jarðlaust til dalanna til 12. febr. Eftir það óstöðugt og kafaldasamt. Með góu landnorðanhörkur. Í mars aftur austan og sunnanátt með köföldum, svo að beit urðu lítil not, 14.-18. góð hláka. Var þá farið að bera á heyleysi allvíða austan Blöndu og norður frá. Í marzlok hriðarkafli, svo gott til 12. apríl, þá kuldakast til sumars. Vorið kalt. Þó kom nokkur gróður með maí. Vegna náttfropa tók ei gadd af heiðum fyrr en eftir fardaga. Lestir fóru um sólstöður yfir gadd og hagleysu suður fjöll. Eftir Jónsmessu góð gróðrartíð, en frá 7. júní þurrkasamt. Spratt vel á deiglendum tünnum, hálsu og votengi, en lítið á harðlendi. Þó batnaði það til höfuðdags. Sláttur hófst í miðjum júlí. Breiskjur og vatnsleysi hélst til 19. ágúst, eftir það rekjur og góðviðri með nýting eftir þörfum. Gras dofnaði seint og varð meðalheyskapur. Þar með voru óslegnar engjar í fyrra, er spruttu nú allvel. Almennt hirt um göngur. Haustið gott, en regnasamt og hret. 3.-4. okt., sem oft hittir á ös mikla í Höfða. Lengi var freðin jörð, þó auð væri. 31. okt. hrið og nokkur snjór, en 4., 5. og 6. nóv. allra mesta norðan-ofsahrið og fannkoma mikil, innistöður yfir fleiri sveitir, þar eftir gott veður og jarðlag móti norðri. 20.-24. góð hláka og eftir það góð tíð og auð jörð, ásamt til fjalla, auðar ár og vatnavextir 28. nóv. Þíður 10., 13., 19., 23., 25. des.

**1850: Suðurnesjaannáll:** Fiskiskúta strandaði við Hvalnestanga. Kölluð „Pílan“, frá Flensborg. Menn komust allir af.

**Árbók Reykjavíkur:** Á Suðurlandi var veðráttu umhleyplingasöm um veturinn en aldrei frost til muna. Vorið var venju fremur kalt fram eftir öllu og var gróður því með minsta móti. Eins var sumarið fremur kalt, en þurrkasamt og nýting á heyi og eldivið ágæt. Hélt svipað veðurlag um haustið alt til veturnóttu og varð góð veðráttu um veturinn fram að nýári.

**Brandsstaðaannáll:** Sama góða vetrarfarar hélzt til þorra, blotasamt og frostlítið; á honum jarðleysi, sumstaðar lítil snöp. 24. febr. kom jörð upp. Aftur með mars köföld og smáblotar, jarðlítið. 11.-12. mars rigning mikil, vatnsgangur og skriðuskemmdir miklar á túni og engjum, þar eftir þíður, svo vel gaf að moka skriður. Eftir 23. frostasamt og í apríl lengst af þurrt og stillt frostveður. Með maí grænkaði í túni. 6.-12. hriðarkast mikið og harka á nætur. Bar þá mikið á töðuskorti. Um krossmessu gott, en aftur kuldakast og mikil hrið ytra 23.-29. maí. Í júní allgott. 25. brustust lestamenn suður, en 27.-28. gjörði mikið hret og vatnsaga, svo, stöku kindur króknuðu og fráfarur frestuðust til 30. júní. 4. júlí bati góður og enn þann 12. stórrigning með kalsa. Gras varð lítið fyrir ofvætu og oft kulda. Sláttur byrjaði með hundadögum. Fékkst þá góð rekja og þerrir til 29. júlí til 3. ágúst. Taða varð í minna lagi. Engi spratt lengi. Þó varð rýr heyskapur. 16. og 21. ágúst rigndi mjög og snjóaði. Fennti þá nokkuð af lömbum í norðurfjöllum og fylgdu því kuldar út mánuðinn. Í september góðviðri og nýting góð, 15. flóð í jökuláam. Haust gott og hretalaust til 13. okt., þó sama góðviðri eftir það 27. okt. Lagði þá á mikla fönn og þunga skorpu. 10. nóv. varð jarðlaust fyrir fé í lágsveitum, en betra til dala og fjallabyggða. Veður var oftast frostalítið, óstöðugt og slyddusamt. 17. kom upp snöp og voru mikil svellalög með jólaföstu, en með henni kom stöðug, góð hláka um 12 daga, svo allan gadd tók af heiðum. Eftir það besta tíð til nýárs.

**1851 Suðurnesjaannáll:** Góður vetur og bestu aflabrögð. Grasbrestur.

**Árbók Reykjavíkur:** „Veðráttufar var á Suðurlandi frá nýári gott, úrkomulítið og einatt logn og heiðríkjur, er fram á leið. Vorið var ákaflega kalt og næðingasamt alt fram á jónsmessu, þá komu fyrst hlýindi og veðráttu hiun bezta, hvarvetna úrkomulaus, og hélzt það fram að höfuðsdegi, en svo brá til rigninga og hretviðra, einkum allan septembarmánuð, og svo mátti heita, að varla kæmi þur dagur til ársloka. ... Grasvöxtur var í minna lagi, en nýting víðast góð á tünnum, en útheyskapur varð svo endasleppur, að menn mundu varla dæmi til annars eins“.

**Brandsstaðaannáll:** Í janúar suðlægt, frostalítið og nær því auð jörð til 20., þá snöþyngsli til 27., svo bloti og góðviðri til 6. febr., þá landnorðan-hriðarkafli og úr því óstöðugt og jarðlítið; hross tekin inn til dalanna. Grimmir 3 fyrstu góudagar, síðan gott veður, en jarðleysi. 7.-9. mars vestan- og norðanhrið, kýrbylur kölluð. 17.-23. harka mikil. Á Maríumessu blíðviðrisbati, svo gott og þurrt til páska, 20. apríl. Eftir þá alljafnt frostasamt. 6. maí sást fyrst gróður í úthaga. 9.-12. heiðarleysing. Hey gáfust mjög upp og töðuskortur mikill var í fardögum, ásamt gagnsskortur kúa. Hross gengu af, þar jarðasælast er í Skagafirði. Frá 10. mars til 20. maí kom engin úrkoma, en á uppstigningardag, 29. maí, gerði hið mesta bleytu-fannkomu-ofviðri og um

nóttina hljóp á norðanhrið. Fé nýrúnu lá við dauða, áður en næðist inn og króknaði í ofviðra plássum. Enginn mundi slíkt áhlaup á þeim tíma. Aftur kom 1. júní norðan-fannkomuhrið í sífellu um 9 dægur. Ókjör af stórfenni rak niður til fjalla, fyllti hlíðar, gil og stíflaði kvíslar, svo fjöldi sauða og gemlinga fennti á Reynistað, Vík og víðar og hér mest á Höskuldsstöðum, um 10 fjár á þessum 3 bæjum og margt náðist úr fönn. Um 30 hross fórust í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum. Eftir hretið frostasöm þurrviðri. Ei kom frostlaus nótt til fjalla að sólstöðum. Eftir það grasviðri og góð tíð. ... Í júlí lengst þurrkar. Grasbrestur var á túnunum. Með hundadögum farið að slá. Náðist illa af þeim vegna breiskju og bruna. Gekk illa heyskapur á harðlendi. 25. ágúst skipti um til votvirða. 28. alsnjóaði. Eftir það kom allt hey, en þeim því slepptu varð hey ónýtt allmikið utan í Langadal, sem 16.-17. sept. náðist í vestanstormi að mestu. Eftir það kom enginn þerrir. Nokkuð svældist inn um Mikalesmessu. Í göngum á þriðjudag vestanhrið, miðvikudag norðanfannkoma og 30. sept. mikil fannkoma, versta veður og færð í öllum göngum. 8.-9. okt. rifu menn hálfblautt hey úr snjóhrafli og létu inn. Það þá var eftir varð úti meira og minna hjá flestum í öllum sveitum og mikið ást upp í svo langri snjóatíð um og eftir göngur. 11.-12. okt. gerði mikla rigningu, en fönn til fjalla, en. 13. snjóhlaðning, 14. stórhrið og 15. enn snjócoma. 16. birti upp hér, en hlóð niður mestu fönn austan Vötn, fram í dali. Varð jarðlaust og ófært yfir af fanndýpt til hálsa og framdala, en augaði í árbakka og með vötnum á litlum rima til lágsveita. Fé varð ei sumstaðar heim komið úr högum á 2 dögum. Hross og fé tók út hungur. Fönnin lá á og rýrnaði lítið, þó frosthægt væri, þar til 27. okt., að jörð nokkur kom upp. Aftur hrið og fönn til, 1. nóv., þann 3. harka mikil. Eftir það frostalítið mánuðinn út, svo ár lagði ei. 4.-9. þiða, svo nóg jörð gafst úr því, oft blotar og slyddusamt og urðu svellalög mikil. Með desember frost og staðviðri 6 daga, 4.-6. hláka og 14.-15. heiðarruðningur og eftir það þiður og leysti vötn í sveitum og flóar urðu þiðir, auð fjöll og heiðar á jólum, en vatnsagi var mikill í jörð og á. Á þessu ári varð einstakleg tilbreyting á veðurlagi. Fyrst 10 vikna þurrviðri um vorið, annað fardagahretið, þriðja 6 vikna breiskjur og sólbruni, fjórða haustfannkyngjan og fimmta jólaföstuþiðan.

**1852 Suðurnesjaannáll:** Stormasöm veðrátta fram eftir vetri og stirðar sjógæftir. Grasvöxtur í besta lagi. Nýting góð.

**Árbók Reykjavíkur:** Árferði var hið ágætasta á Suðurlandi; „vetur var einn hinn bezti og veðurbliðasti fram á þorra; þá brá til harðviðra og gerði jarðbönn víða. Vorið var gott og grasvöxtur mikill, svo að búið var að tvíslá tún í Reykjavík fyrir hundadaga. ... Haustveðrátta var líka góð og veturinn öndverður, kom varla nema lítið fól á jörð, en nokkuð froshart varð á jólaföstu.

**Brandsstaðaannáll:** Þó jörð væri snjólítill, var storka og farið að gefa fé eftir þrettánda. Viku eftir hann frostamikið, annars mátti kalla, að aldrei hélaði glugga veturinn út. Síðari part janúar blotasamt og óstöðugt, en jörð allnóg til miðþorra. 8. febr. fyrst innstaða, svo hriðarkafli og jarðlítið til marz, með honum blotar og þiður góðar. 8.-19. hláka og heiðarleysing, klakalítið og þurrir melar. 21.-23. norðanhrið, þó snjólítið. Aftur með apríl mesta vorbliða, heiðar auðar og vötn þið og 9. apríl farið að grænka næst bæjum, á sumarmálum sauðgróður og mátti vera búið að breiða tún. Í maí óstöðugt skúraveður. Eftir krossmessu frost og kuldar og svo kalsasamt út mánuðinn. Í júní bliðviðri, en rigndi lítið. Bezti gróður á fráferum, eftir það rekjur hægar. Sláttur byrjaði 7.-10. júlí. Héldust þá þurrkar og sterkir hitar. Þann 17. júlí var fifa fallin og berin sortnuð. Seint í júlí hagstæðar rekjur. Í ágúst sömu bliðviðri og hagstætt veður allan sláttinn. Fyrsta hret 19. sept. Þetta var sá lengsti og bliðasti sláttartími, er menn hafa fengið, töðumegn og útheyja allt að því eins og mikla grasárið 1847. Heilbrigði var almenn sem sjaldan er í mestu hitasumrum. Heyskapartími var 11 vikur og heyjanægtir yfir allar sveitir, en minnst við þurrlendar mýraslægjur. Í göngum snjór og frost, svo heiðarvötn lagði, rigning réttardaga og ofsa-vestanveður 23. sept. og snjór á eftir, síðan stillt frostveður til 7. okt., þá gott og frostalítið haustveður og snjólítið til 14. nóv., að gjörði langa hrið og snjó allmikinn til útsveita, en stórfannir norður og austur á landi, er gerði þar mjög harðan vetur. Hér til framsveita var snjólítið. 30. nóv. kom rigningarbloti, er víða gjörði jarðlaust, þó auða jörð á láglandi í Skagafirði og hér vestur í sýslu, en brotajörð til afdala. Á jólaföstu hörkur miklar og kafaldasamt, hrið á jólum og mikið búið að gefa á nýári. Nú var sannkallað mesta veltiár. Skurðarfé í bezta máta, en málnyt þótti í lakara lagi. Grasið létt, hitatíð, margt í högum og lítið vönduð hirðing mun hafa valdið því.

**1853 Suðurnesjaannáll:** Hörkur miklar til þorraloka. ... Grasbrestur. Nýting í meðallagi.

**Árbók Reykjavíkur:** „Árið byrjaði með frosti og snjóum, en í miðjum janúar komu blotar á Suðurlandi og var rosatíð á útmánuðum og um vorið alt fram í júnímánuð, bagaði það fiskverkun og þurk á ullu og eldivíð,



en svo batnaði veðráttá og varð heyskapur allgóður og eins nýting“. ... Fyrir veturnætur gerði íhlaup með miklum fannkomum. Eftir það var stíð veðráttá og mikil frost á köflum, unz veðurbati hófst um miðja jólaföstu.

**Brandsstaðaannáll:** Til þorra stillt frostveður, fannkomulítið og jarðbann fyrir fé. Með þorra gerði 4 smáblota. Komu þá hross á gjöf hér um sveitir, en jörð hélst í lágsveitum norðan Skarð. Fyrri part vetrar kom einn bloti um 13 vikur, 30. nóv. Jarðleysi hélst enn lengi; oftar stillt veður og gaddlítið. Í þriðju viku góu sólhlyindi, tók vel í mót sólu. Aftur 16.-25 mars frostamikið; þá á föstudag langa lognsnjór. Eftir páska tók upp. 8.-16. apríl altók upp í sveitum, án þess hláku gerði. Eftir sumarmál mikil næturfrost. 4. maí sást litka tún. 13. maí kom fyrst fjallbyggða- og heiðarleysing og varð langur og þungur gjafatími. Vorið var þurr, hretalaust, oftar næturfrost. Í miðjum júní voru fjöll fær. Eftir Jónsmessu norðanstormur og kuldi. Með júlí þurrkar, en 8.-14. gott grasveður og varð snemmgróið, en þó í minna lagi. Sláttur byrjaði í miðjum júlí. Gafst þá hagstætt veður, þó þótti þoku og óþerrasamt til fjallbyggða. Frá 9. ágúst til 13. sept. sífelldir þurrkar og gekk seint sláttur á þurrlendi, með því graslítið var, en vel heyjaðist á flóum og votengi, sem nú var allt að kalla þurr. Í september, einkum 3., 4., 6., 8., og 9., mjög hvasst af suðri, þar eftir rekjur. Útsynningur 17. sept., mátti ná heyi inn, en ekki að skaðlitlu síðar. Á mánudag 19. sept. í göngum rak niður lognfönn mikla á útheiðum og fimmtudag eitthvert mesta norðan-ofsavður með stórrigning. Nóttina og daginn eftir sama ofviðri með slettingshríð, svo fannir lagði miklar. Lögðu Svínvetningar þá með Vatnsdalssafn út fyrir og náðu með miklum mannafla og bezta fylgi daglangt á vatnsbakkann hjá Mosfelli, sem þá var auður. Heiðar og fjöll urðu ófær. Nokkrar kindur fórust af norðansöfnum frá Stafnsrétt, sem yfirgefin voru á fjallinu. Enginn mundi slíkt illviðri og ófærð á fjallbyggðum á þeim tíma, ásamt hungur og hragning á réttafé. Sauðfjárrekstrar tepptust að öllu frá Stafns- og Kúluréttum, en kaupafólk var komið suður áður. Úr vestursýslu komst sumt af því í mesta fár, en fjárrekstrar komu seinna. Hey, er úti var, fórst að mestu og ást upp yfir allar sveitir, því aldrei tók snjóinn upp, en aðeins kom snöp til fjallbyggða, Sæmundarhlíð og Efríbyggð. Í lágsveitum var hey nokkuð upp kraflað 5.-8. okt. Á Vatnsnesi og fram Miðfjörð, á Ströndinni, kring Skaga, Reykjaströnd og Hegranesi kom lítl fönn, en veðurofsinn sami. Engum torfverkum varð við komið. Stíllt og frost var lengst um haustið, að mestu autt í lágsveitum eftir 6. okt. Urðu þá seinni göngur en miðréttir gjörðar í septemberlok. Eldiviður skemmdist og aldrei tók klakann norðan úr hlöðunum. Eftir áfellið var stillt frostveður, þíðulaust og fjúkalítið til 18. og 20. okt., fimmtudaginn síðasta í sumri, að mikla hríð og fönn gjörði. Föstudag mesta harka og strax á eftir norðanrigning, er skeljaði fönn, svo jarðlaust varð á Skagafirði. Var þá lítt fært yfir jörð utan á skíðum, er nú fjölgaði óðum hjá heiðargöngumönnum. Með nóvember skipti um til óstöðvunar með blotum, snjókomum og oft bleytifjúki. Var oftar snöp og hér vestra nóg jörð til 22. nóv., þá sveggaddur byrgði þá. Voru þá hross og fé orðið magurt og illa undirbúið að taka á móti hörðum vetri. Blotar og köföld gengu á víxl til 12. des, Tók allvel upp til lágsveita fyrir jólin. Var þá mikill hrossafjöldi kominn þar á hagagöngu. Gömul hross og folöld voru nú mörg drepin, því mörgum þótti hross of mörg.

**1854 Suðurnesjaannáll:** Hörkur miklar fram til mið-góu. ... Grasbrestur um sumarið. Nýting ekki góð. Hörkur miklar á jólaföstu.

**Árbók Reykjavíkur:** Á Suðurlandi var veturinn alt fram yfir góu ákaflega illviðra-og umhleyppingasamur; voru því snjógæftir mjög slæmar á vetrarvertíð, svo lítill fiskur kom á land. Hin langvinnu skakviðri, með éljagangi og blotum á milli, og víða lélegum högum og hagleysum, kreptu mjög að útigangsfénaði, svo að hross og kidnur horféllu í aprilmánuði í Borgarfirði og Mosfellssveit. ... Grasbrestur var með bezta móti, en nýting víða í lakara lagi. Haustið var hrakviðrasamt og hörkur og illviðri lögðust víða að fyrir og um jólaföstu“.

**Brandsstaðaannáll:** Í janúar frostalítið, jörð til lágsveita, en litil snöp til dalanna. Með þorra þítt 3 daga, en sífelld jarðbann vestanvert í dolum. Blotar gengu margir til 13. febr. Þá lagði að verstu vetrarskorpu. Voru þá öll hross á gjöf komin. Héldust þá hríðar og blotar á víxl, svo bágt varð að hirða um skepnur og tóftir tæmdust. Með einmánuði komu upp rindar. 29. marz var mikið vestanhlákuveður, en um miðjan dag brast á mesta bleytuhríð, er hélst um nóttina og herti frostið. Urðu þá miklir fjárskaðar, mest á Guðrúnarstöðum og Gili, þá minni á Fljótum, Selhaga, Vatnshlíð og Mjóadal. Allvíða hrakti [fé] og náði öðrum bæjum. Eftir það var jörð, þá út gaf. Í Blönduhlíð og Hólmi gengu hross nokkur af. Á Efríbyggð varð allra versti vetur. Þar voru líka flestir komnir í heyprot, hross gefin út á hagagöngu og sauðum komið á hús og haga án gjafar. 26. apríl kom fyrst fjallleysing. Allan veturinn kom sjaldan meðalfrost, en þar á móti 50 blotar, en þó fleiri

kafaldsdagar. 30. apríl kom snögglega mikill kafaldsbylur af norðri. Fór þá í maí að verða almennur töðuskortur. Héldust þá frost og gróðurleysi. 20-23. mikil hríð og fannkyngja á útsveitum. Þar hafði kringum allan Skaga og Skagafjörð verið lengst snöp og fjara. 24. kom góður bati og fljótur gróður. Flóði þá leysingarvatn yfir jörð mót austri og gjörði þar mikinn grasvöxt, en mót vestri í meðallagi. Á heiðum var jörð svört og fúin, en sein til gróðurs, þó klakalaus væri kafla frá 19. sept., 36 vikur. Í júní og júlí blíðviðri stöðugt. Sláttur hófst þann. 17. Var þá lengi hagstæð norðanátt. Töðufall var mikið, þar ei bagaði áburðarleysi haustið áður, sem víða var í Skagafirði. 8.-15. ágúst votviðri, aftur 19. stórrígt og votviðri á eftir, 2.-3. sept flæsa og 12. þerrir. Hey hraktist víða mikið, þó mátti ná því fyrir göngur. Voru fjöll auð og gott veður. Út á Skaga var ónýting og heyskortur fyrir þokur og votviðri, en heyfyrningar urðu þar góðar. Frá júlíbyrjun var stöðug jöklaleysing til 26. sept. Gjörði þá vestankafald mikið. Eftir það slæmt haust með rigningum, mest 12. okt., upp á mikið stormveður. Drap þá víða hey, sem rífið hafði. 6. okt. norðanhríð og þar eftir rigning mikil. 15. okt. fannkyngja og tók fljótt af, svo óstöðugt og frostasamt. Í nóvember góð tíð til 27., að mikinn snjó og storku gerði til lágsveitanna og hagleysi, svo sauðir komu á gjöf. Jólafasta varð sú versta, með hríðum og ringinarblotum. Lagði mikinn svellgadd yfir jörð. 7.-8. des, tók fyrir hrossbeit. Lengst var frostlítið og vestanátt. Á jólum brast á mikil norðanhríð um 3 dægur. Aftur á þriðja sunnanbylur. Voru þá komnir 11 blotar síðan með vetri.

**1855 Suðurnesjaannáll:** Í seinustu viku þorra mesta frostharka. Lagði sjó og allar vikur. Hörkurnar stóðu fram yfir mið-góu. ... Þurrkaðist fiskur mjög illa vegna rosviðra og skemmdist hjá mörgum. Mesti grasbrestur víðar og allst staðar þar, sem til fréttist.

**Arbók Reykjavíkur:** Vetur frá nýári fram í aprílmánuð var með kaldsta móti og mikið snjókingi. Vorið var kalt og íhlaupasamt. Sumarið var erfitt. Grasbrestur víðast á túnnum og nýting slæm vegna sífella votviðra frá jónsmessu fram í öndverðan október. Eftir það var alt til ársloka tíðarfar hið æskilegasta, frosta- og snjólítið og spakviðri með auðri jörð.

**Brandsstaðaannáll:** Hagleysi yfir allar sveitir og hross mjög hrökuð orðin og komin flest á gjöf, Var nú miklu lógað af folöldum og gömlum hrossum. Þótti búlaust fólk eiga of margt af þeim, með lítilli fyrirhyggju, utan hvað sumir kostuðu upp á þarfir eldi þeirra, sem fór nú af. 13. jan. kom snöp í lágsveitum, en 21. gerði mikla lognfönn ofan á gaddinn. Skeljaði hana og hélst svo bjargleysið, utan í Tungusveit og yst á Ásum og jarðsældarplássum, þar nokkuð reif af, svo léttir var lengi. Allan þorra var veður stillt og bjart, frosthart og ófærð af brotafönn. 3 fyrstu góudaga milt veður, en 21.-26. febr. mesta grimmdarharka. 27. hlóð enn niður lognfönn svo bæir voru í kafi og ófært með skepnur milli þeirra. Var þá ís kominn að öllu Norðurlandi, hey farin mjög að minnka og útlit fyrir felli, kæmi ei jörð upp fyrir sumar. 8. mars blotaði og komu upp rindar í Hlíðara- og Holtastaðafjalli og brátt voru hross og sauðir rekin þar á. Hjarnaði svo í lágsveitum. Um góulokin lagði ísinn frá landi, þá menn síst væntu þess, án þess veður ræki hann. Um það bil kom snöp mót vestri. 27. marz kom þíða, er varði vikutíma. Kom þá upp jörð í flestum sveitum, svo fé lifði af gjafarlítið. Seinni part einmánaðar kafalda- og frostasamt, svo þeir hey höfðu létu ei út og gáfu hrossum. Með sumri kom stöðug og hæg þíða með næturfrostum 12 daga. 5.-6. maí mikil áhlaupshríð ytra. Aftur 12. bati, en gróðurlítið til 26., að heiðarleysing gjörði. Eftir það vorgæði og varð þá en snjóleysing að flæði á hentugasta tíma í dölum móti austri og öllu flæðiengi, sem síðar gaf mikið gras og öllum fjallslægjum og flóum eða hálsnum. Sláttur byrjaði 16. júlí. Þó spruttu tún mánuðinn út og við tvíslægju hefði orðið mesta töðufall. Veður gafst vel, rekjur og þurrviðri til. 17. ágúst, að stórrígt gjörði slægjur fljótandi, aftur 24. frostnætur og þerrir, svo hey náðist, þó víða hrakið. Aftur 30. vestan- og norðan-ofsarígt. Eftir það stormasamt til skemmda og erfiður heyskapur. Þó varð að mestu hirt fyrir göngur; í þeim gaf stirt. Krapahryðja kom hastarleg á fimmtudag í réttum, en varði ei yfir 5 tíma. Aftur 29. sept. mikið regn og vatnsagi í mesta lagi. Í október frostamikið og snjólítið. 16. okt. skipti um með fönn og 21. (sunnudag í aukavíku) mikil hríð og fönn til útsveita og á láglandi, en minni til dalaanna og varð haustskorpa. Með nóvember linaði. Þíður hæggar unnu seint á snjóinn, en gott veður á milli. 15. nóv. byraði stöðug þíða, nótt og dag, með þurrviðri um 18 daga. Aftur vikuþíða fyrir jólin og snjólaust, frost og staðviðri á milli. Allri furðu gegndi, að með sunnanátt og þíðu rak hafis inn í sanda hér á Flóanum um miðja jólaföstu. Réðu honum straumar á þeim tíma, sem aldrei ber ís að landi. Hann lagði líka út um þorralokin, þá síst er von hann fari. Engin höpp fylgdu honum, en allt að þeim tíma var afli um veturinn.

**1856 Suðurnesjaannáll:** Besta árferði og blíðasti vetur. ... Grasvöxtur góður og nýting hin besta. Brá með höfuðdegi.

**Árbók Reykjavíkur:** Frá nýári fram undir vor var eindæma veðurblíða um allt Suðurland, svo að menn vissu varla að vetur væri. Alstaðar var hin mesta árgæzka til lands og sjávar. Vorið var þó með kaldara móti og vætur framan af sumri hér syðra. Grasvöxtur varð í meðallagi, en nýting sérstaklega ágæt. Haustið var gott, þó nokkuð væri það rigningasamt, og veðráttu til nýárs yfirleitt hin bezta.

**Brandsstaðaannáll:** Fyrri part janúar stillt sunnan- og austanátt, snjólítið og frosthægt, síðari part sterk frost og fraus mjög fyrir litla bæjarlæki og gjörðist mikil óhægð þar af. Með febrúar frostaminnna, lengst góðviðri, snjólítið. Storka var á jörð um 2 vikur, jarðlaust fyrir fé á snögglandi, alls staðar hrossajörð, aldrei hríð að mun. 21. febr. kom besta vorblíða með stilltri þíðu. 28.-29. varð stórflód í vatnsföllum með ruðningi til stórskemmda, er gekk hærra en vanalega. Hlakan varði til miðgóu, svo góðviðri og næturfrost, svo varla komu skarir að ám og vegir voru þurrir á páskum í góulok. Fyrir sumar grænkuðu tún, svo þá var mátulega búið að breiða þau. Þar á móti var þá sumstaðar óborið á þau ytra. Sóley sá ég fyrst 6. apríl. Lítið fól gjörði þriðjudag síðasta í vetri og 5. maí, en ei oftár á þessu stillta vori, en lengi voru þurrviðri og næturfrost oft til sólstaða og fór gróðri seint fram. Flæði vantaði nú af ám og lækjum og orsakaði grasbrest á mörgu góðu flæðiengi. Eftir fráfarur hitar sterkir og stundum hélufall, er spillti grasvexti. Sláttur byrjaði 10.-12. júlí. Fengust rekur og þerrir, mikil taða og hey af flæði, sem notuð varð. Grasbrestur varð á vanaslægjum þurrlandum, en sina var víða í slægjum og þar spratt vel. Alla hundadaga eða 29 daga rigndi ekkert í miðsveitum og gekk seint á harðlendar slægjur. Heyskapur varð mikill á flóum og fjallaslægjum. Sláttartími hinn lengsti og kaupafólksfjöldi kom nú hinn mesti, svo sumt snéri aftur. Hirðing á heyi varð góð, en snemma dofnaði jörð. 16.-18. sept kom mikið hret og fól réttardag, 24. sept. Haustið var gott og þíðusamt. Síðast í október þíða mikil og jöklaleysing og 5 vikna tíma fyrir 20. nóv. snjólaust góðviðri, þó stundum rosasamt. Skipti þá um með austanfönn og sterkum frostum á eftir. Með desember ísingarbloti, er gjörði jarðlítið. Jólafasta hörð með köföldum, hörkum og áhlaupshríðum. Varð lítið notuð beit þann mánuð. Hross tekin af heiðum vegna snjóþyngsla.

**1857 Suðurnesjaannáll:** Harðasti vetur með hörkum. Harðviðri, bjargbönn og bjargarleysi. Varð hér hart í búi manna á milli og ekki meira í annan tíma. ... Gjörði mörg ofsaveður og í einu varð skiptapi frá Gufuskálum. Rak skipið undan og fórst fyrir framan Álftanes, með 8 manns. ... Varð fjárskaði í Garði. Á sumardagsnóttina strandaði flandrisk fiskiskúta frá Grindavík á Stað. Menn komust af.

**Árbók Reykjavíkur:** Vetur frá nýári var með harðara móti, sífled bylja- og blotaveður á víxl og allmiklar fannkomur. Sumarið var mjög votviðrasamt, svo heyskapur gekk illa og töður voru sumstaðar óhirtar á tünnum í byrjun september.

**Brandsstaðaannáll:** Í janúar sunnan og austanátt, frostalítið, smáblotar og oftár fjársnöp á láglandi, þar til 22. jan. að norðanhríð og fönn gjörði langvinnt jarðleysi. Þó voru ei öll hross inntekinn fyrr en um miðþorra. Í febrúar hríðarbyljir af öllum áttum og miklar fannir. Blotar juku sveggaddinn, er ávallt sletti í. 1. marz mikið hvasst með þíðu, svo margir hlutu heyskaða. Tók þá upp í lágsveitum. Aftur mikill hríðarkafli, svo bágt var að hirða um skepnur. Fylltust gil og fram af brekkum venju framar. Hafís kom með þorra. Hann var laus fyrir, á sífelldu reki. Með jafndægum kom snöp og stilltist veður til þess á skírdagskvöld 9. apríl, að mikla norðanhríð gjörði. Báða páskadaga mesta hvassviðri og fannkoma, en reif vel. Við sjó á útkjálkum var frostlíð og veður minna, en harka og sorti var hér fremra. Fór þá að bera á heyleysi, 18.-19. apríl kom norðaustan-þíðvindur, svo alveg tók upp. Með sumri hagstæður bati. Með maí kom gróður í túni. Vorið var hretalaust. Um fardaga norðanátt með breiskjum miklum og náttfrosti, svo gras skemmdist á tünnum og bliknaði mög. Maðkur var líka til meins á grasvexti. Í fardögum var geldfé rekið á heiðar. Eftir 10. júní kom hlý og góð veðurátt. Fór þá grasvexti vel fram og var sláttur byrjaður 13. júlí og voru ræktartún þá vel sprottin. Þann 19. skipti um til votviðra, svo ei var þurrkað um 13 daga. Hröktust þá töður hjá allmörgum, helst þar seint var tekið til. 2. ágúst góður þerrir, sem öllum gat komið að notum, en ekki þurfti að skemmast utan 2 daga slægja, ef vel var með farið. Eftir 6. ágúst var rekju- og rigningasamt, en skarpur þerrir þess á milli, besta nýing fyrir göngurnar og gras dofnaði seint. Heyskapur var í meira lagi, en töðubrestur þó á hörðum tünnum fyrir sólbruna og kvartað yfir rýrum heyskap í Vindhælishrepp. Sunnan- og vestanlands varð almennt ónýting. Haustið var mikið gott með þíðum og góviðrum, svo haustverk lukkuðust vel, utan landnorðan-veðurofsa og hríð gjörði ytra 2.-6. okt., þá fjártaka og kauptíð stóð hæst. 30.-31. okt. gjörði skarpa hríð og fönn ytra og í Skagafirði. Fórst þá um 20 fjár á Völlum og Vallholti í Vötnin. Í nóvember 4.-

21. sífelld hláka og blíðviðri og þó ei rigning að mun utan þann 11. og 27. ofsavður með slettingskafaldi af vestri. Þá fórst póstskeipið og kaupskip Bierings með 4 höndlurum á, vestur á Mýrum og Snæfellsnesi. Þann 3. des. skipti um. Gjörði þá vikuhrið á vestan og fannlög mikil móti austri, en móti vestri reif vel, en þó hláku gjörði 12.-13. des., tók þar ei upp, heldur hleypti í gadd. Var ei teljandi fjárbeit á vestri síðu dalanna, en autt varð á lágsvetum. Blotasamt var um jólin og alltaf frostalítið, smáfjúkasamt og góð tíð eftir áður nefnda hláku.

**1858 Suðurnesjaannáll:** Mjög harður vetur með gæftaleysi, en urðu þó allgóðir hlutir. Gjörði fjögur hörkufrost, sem mest kvað að, fyrsta eftir kyndilmessu. Þá lagði vikur með sjó. Annað frá mið-góu til einmánaðar. Það þriðja fyrir pálmadag, og fjórða um kóngsbóndadag.

**Árbók Reykjavíkur:** Veturinn frá nýári var mjög góður víðast um land, en með vorinu komu kuldar og hret. Álitu menn, að síðan 1835 mundi ekki hafa komið hér verra vor, enda var ís fyrir öllu Norðurlandi frá því snemma á einmánuði. Aftur var sumarið gott og grasvöxtur í góðu meðallagi, en nýting ekki sem bezt. Október var ærið illviðrasumur, en úr því bærileg veðráttu til ársloka.

**Brandsstaðaannáll:** Þíðviðri og milt veður hélst til þrettánda. Þá gjörði storku og hagleysi fyrir fé. Gengu svo köföld og smáblotar til þorra. Um Pálmessu hláka góð, en 5 daga fyrir kyndilmessu harka mikil, svo mildara, en 4. febr. hrið ytra og enn kafaldasamt í miðþorra 9. febr. Aftur þitt og góðviðri stöðugt til miðgou, 6.-9 mars norðanhrið allmikil og harðviðri; eftir það fjúkasamt með hægu frosti og aftur viku fyrir páska hrið og harka á eftir. Eftir páska, 4. apríl, stillt og gott vorveður og auð jörð, því aldrei gjörði fannir miklar og hross höfðu sífellt snöp til sveita, en ei til heiða og hálsa. Á sumarmálum var grænkað í hlaðvarpa. 27. apríl skipti um með snjógangi og frostumm, þó aftur þíðviðri 6.-12. maí, en gróður sást þó ei utan lítið móti sólu í halllendi. Þaðan fram yfir hvítasunnu stöðug harka og landnorðanstormur, þó lengst auð jörð. Eftir hátíð 26. maí batnaði veður, en þó var kalsasamt fram yfir fardaga, en úr því góð tíð og gróður, nokkuð útsynningasamt. Nægur gróður á fráferum, sem voru 27. júní. Aldrei stórrígt nema 18. júní. Gott og nokkuð skúrasamt um lestatíma. Varð mikill grasvöxtur. Sláttur byrjaði í miðjum júlí. Þann 17. var þerrir góður, en úr því þokur og votviðri, þó flæsa nokkur 22.-24. júlí, svo þurrka mátti að mestu það til var, en síðan stöðug votviðri, þó ei stórrígning utan 5. ágúst, en aldrei regnlaus dagur og án sudda til 13. ágúst. Var þá óvíða taða innkomin og hjá flestum ónýting orðin meiri og minni. Kom þá viku þurrviðri og nægur þerrir að hirða það laust var orðið. Aftur kom rigningarkafli 19.-27. ágúst og ennþá vikutíma að mestu þurrt og flæsudagar hér til dalanna. Þriðji rigningakaflinn byrjaði 5. sept. Þann 13. rigndi ákaflega, svo mjög flóði um jörð. 16.-20. sept. flæsudagar, svo nokkrir hirtu hey, en göngurnar tálmuðu flestum austan Blöndu. Gengu nú enn rigningar 21. sept, og 27. fannkoma, er að nokkru tók upp neðra og í lágsvetum, svo 29. hirtu festir hey sín, en hjá öllum á hálendi og til afdala varð hey úti meira og minna. Töðufall varð í mesta máta, en almennt skemmdist hún mjög frá mjólkurgæðum. Heyskapur á þurrlendi varð mikill, því gras spratt fram í miðjan ágúst, en fáir fengu óskemmt hey, en mörgum vannst illa að verki, varð mjög tafsamt og almennt urðu miklar slægjur eftir. ... Til allra útkjálka varð hey skemmt og ónýtt allmikið. Líka varð það undir snjó, því 30. sept. kom vikuhrið með ofsavæðri lengst og stórfenni ásamt hörku, svo haglítið varð og lömb tekin á gjöf, en lítið varð af því til framdala, því daglega var beitt fé og krafsvörð var góð. Haustverk stönsuðu og kýr altekna inn 27. sept. Sjórinn varaði, utan í vestursýlunni, hvar hann lítill kom, þar til 18. okt., að smáþiðnaði með suðvestanátt, en blautlent þótti þá yfir jörð að fara. Ekki tók upp til heiða og liðu hross víða hungur og sjálfhældu, því ófærur voru kvikar undir fönninni. Góðviðrið varaði viku, en 24. okt. kom enn hriðarkast. 29.-31. hláka mikil og féllu víða skriður. Þiðnaði þá að mestu jörð og snjór af fjöllum. Þó varð gaddur og svellalög eftir á lágheiðum. Í nóvember stillt og frostalítið, oftar þurrviðri. Með desember fjúkasamt, en frostlítið. 8. des. kom aftur góðviðri stöðugt og smáþíður. 20.-23. des. landnorðan mjög hvasst og hrið ytra, en frostlítið, svo um jólin gott veður og auð jörð.

**1859 Suðurnesjaannáll:** Mikil harðindi fram á einmánuð og mátti kalla einhvern hinn harðasta vetur, sem hingað komið hefir, eða upp í 50 ár. ... Sumar kalt og ekki góð nýting. ... Þá strandaði Eyrarbyggiskipið í Njarðvíkum, einnig strandaði fiskiskúta Sveinbjarnar Þórðarsonar í Keflavík.

**Árbók Reykjavíkur:** Um allt Suðurland var vetur frá nýári hinn harðasti, með hagleysum og jarðbönnum fram að páskum, en eftir það kom góður bati með sólskini og veðurbliðu. Sumarið var að vísu fremur kalt, grasvöxtur þó í meðallagi, en nýting ekki sem bezt. Haustveðráttu var mjög góð hér syðra.

**1860 Suðurnesjaannáll:** Afla-og gæftaleysi og varð einhver hin rýrasta vertíð á Suðurnesjum nema í Höfnum. ... Frá þrettánda hörkur og gæftaleysi fram til einmánaðar. ... Slæm skepnuhöld og vorharðindi. Sumar hagstætt og besta nýting.

**Árbók Reykjavíkur:** Tíðarfar var með bezta móti frá nýári alt til aprílloka, frost tiltölulega lítil og snjór með minnsta móti. Aftur á nóti var vorið kalt og þurt, því að varla kom dropi úr lofti. Með júní kom góður bati og varð grasvöxtur í meðallagi, en nýting afbragðsgóð. Haustið var yfirleitt góðviðrasamt.

**1861 Suðurnesjaannáll:** Vetur sá blíðasti og bezti. Fiskaflí með besta móti. Veðurbliða um sumarið og fram á sumar. Grasvöxtur í góðu lagi.

**Árbók Reykjavíkur:** Veturinn 1860-61 var einhver hinn blíðasti vetur, sem í mörg ár hafði komið yfir land alt. Á einmánuði varð veðráttu stirðari og ærið umhleyppingasöm um tíma, en svo komu góðviðri aftur og héldust fram á sumar. Grasvöxtur var í betra lagi og sumarveðráttu hin hagstæðasta til heyskapar. Haustið var allgott, en þó umhleyppingasamt alt til jóla. Um hálfsmámánaðartíma í nóvember gerði harðan frostakafla, svo að ganga mátti á ís yfir Skerjafjörð, milli Skildinganess og Bessastaðaness.

**1862 Suðurnesjaannáll:** Ágæt veðráttu fram til góu. ... Köld veðráttu, grasbrestur um sumarið mikill.

**Árbók Reykjavíkur:** Í ársbyrjun var gott árferði á Suðurlandi, en með þorra gerði norðanhret, sem þó stóð ekki lengi. Vorið var kalt, svo jörð spratt illa. Heyskapur var með lakasta lagi. ... Haustveðráttu var fremur stirð og stormasöm og á haustvertíð aflalítið við Faxaflóa, enda ógæftir miklar.

**1863 Suðurnesjaannáll:** Stirðar gæftir, aflalítið á Suðurnesjum. Miklir umhleyppingar. Víða heyskortur og hrossfellir. Með aprílmánuði kom stilling á veður og sjógæftir. Vorið kalt víða og grasbrestur. Besta nýting. ... Tvö fiskiskip strönduðu í Höfnum og Grindavík. Einnig kaupfar, sem kom frá Grafaarósi, hlaðið íslenskum vörum. Það strandaði fyrir framan Þóroddsstaði. ... Þá fórst bátur frá Útskálum í fiskiróðri. Rak hann undan, drukknuðu tveir menn.

**Árbók Reykjavíkur:** Fyrstu þrjú mánuði ársins var tíðarfar mjög stormasamt með sífellldum umhleyppingum, en hvorki voru snjókomur miklar né frost hörð. Frá því viku af góu gerði beztu tíð. Þó var vorið fremur kalt en sumarið eitt hið affarasaelasta, svo að heyskapur gekk vel, þótt heldur væri graslítið. Frá veturnóttum gerði hér syðra mestu harðindi, er héldust að kalla látlaust fram á næsta ar, alt til góuloka. Frosthörkur voru að vísu ekki miklar til ársloka, en því meiri fannkoma. ... Aftur brást haustvertíð með öllu sökum ógæfta og illviðra.

**1864 Suðurnesjaannáll:** Einhver harðasti vetur til vordaga. ... Slysfarir miklar og skipatjón. Druknaði Guðmundur Sigurðsson af báti úr Keflavík með saltfarm, og þrír menn með honum. Þriðja dag páska fórst sexmannafar úr Keflavík. Allir útlendir menn nema einn, voru 7 á. ... Þá fórst tíæringur frá Kalmanstjörn sama dag. ... Drukkuðu allir fimmtán mennirnir. ... Einstök veðurbliða og árgæska um sumarið og allt til jóla. Einhver hin besta tíð.

**Árbók Reykjavíkur:** Sama óhagstæða tíðarfarið, sem hér byrjaði með veturnóttum, hélzt óbreytt fyrstu þrjú mánuði ársins, sífeldir umhleyppingar og oft feiknastormur. Vorið var kalt og þurt, svo að grasvöxtur var í minna lagi, sumarið votviðrasamt fremur, en þó sæmileg nýting. Haustið var ærið rigningasamt, en frá veturnóttum til ársloka mátti heita æskilegt tíðarfar.

**1865 Suðurnesjaannáll:** Frá nýári mjög harður vetur og víða skepnufellir. Síðan mestu vorhörkur og lambadauði. ... Varð skipskaði í Út-Garði eftir þrettánda, á Lónssundi. Formaður var Sveinn Magnússon á Miðhúsum. Varð honum bjargað. Brotnaði skipið í spón. Grasár gott um sumarið og nýting.

**Árbók Reykjavíkur:** Uppúr nýári harðnaði tíðarfar með mjög mikilli fannfergju og á þorranum voru frost í mesta lagi. Góan var frostaminni, en veðráttan óstilltari og gæftir á sjó því býsna erfiðar. Vorið var eitt hið harðasta, sem kemur hér á Suðurlandi. Sumarið var gott þangað til áleið. Þá urðu votviðrin svo fjarskaleg, að hey ónýttust hjá þeim, sem ekki voru búnir með heyskap sinn áður. Haustið var hið hagstæðasta hvað tíðarfar snerti.

**1866 Suðurnesjaannáll:** Hinn harðasti vetur til vordaga. Ísalög mikil og gaddur. Lagði vikur og firði. Vorkuldar fram yfir Jónsmessu. Einstakt gróðurleysi. Grasbrestur mikill. Nýting bezta. ... Manntjón og skipsskaði í Höfnum frá Kalmannstjörn. Varð 6 mönnum bjargað, en 8 drukknuðu.

**Árbók Reykjavíkur:** Framan af ári var hér syðra í meira lagi frostasamt og heldur harðindabragur á veðráttu. En mestallan einmánuð og fram yfir sumarmál mátti heita æskilegasta tíð. Aftur var vorið eitthvert hið kaldasta og harðasta, sem menn mundu hér syðra og hvert kuldakastið kom eftir annað (um hvítasunnu gerði snjókingi eins og um hávetur). Sumarið var gott að veðráttunni til, en mjög þurviðrasamt og því grasbrestur mikill, en um haustið gengu sífeldar rigningar.

**1867 Suðurnesjaannáll:** Hreiðviðri til Kyndilmessu og úr því harður vetur til vordaga. ... Grasár gott og nýring hér syðra. Rosasamt haust. ... Skipsströnd urðu mörg og brotnaði í spón nýbyggður þilbátur Sveinbjarnar í Sandgerði, á flutningsferð fyrir innan Junkaragerði. Ógurlegt sjávarflóð með hafróti varð hér 11. desember um morguninn. Fórust bæði skip og hjallar, og tún biðu víða stórskemmdir. Hafði ei þekkt áður í manna minnum, og ekki minna því Bátsendaflóði.

**Árbók Reykjavíkur:** Veturinn frá nýári var fremur góður, því þótt snjór væri nokkur á jörðu lengst af, voru aldrei nein illviðri svo teljandi væri og oft langvinn lofn og góðviðri. Vorveðráttan mátti heita góð, þótt ekki væri allskostar hagstæð vegna kulda og vætu, svo að vertíðarafli lá undir skemdum. Allur síðari hluti sumars var mjög vætusamur og þerrilaus, svo nýting varð slæm, einkum þó á úteheyjum. Haust- og vetrarveðráttu til ársloka var óvenjulega hlý, snjólaust og frostlaust oftast. Í ofsauðsynningi 11.-12. des. Varð mikill sjávargangur og brimrót, svo sjór gekk víða á land og gerði mikið tjón á skipum, hjöllum, görðum og húsum.

**1868 Suðurnesjaannáll:** Hinn harðasti vetur yfir land allt og stóðu hörkur miklar, svo aldrei varð hlé á frá þorrakomu til góuloka. Varð hér mikil neyð af bjargarskorti. ... Vorið rigningarsamt og sama óþurrkatíð fram á slátt. Heyjaðist illa. Seinna strandaði jakt hans [P. Duus kaupmanns í Keflavík sem dó í júlí] í Keflavík, hlaðin fiski og búin til útsiglingar. Menn drukknuðu allir, 6 að tölu.

**Árbók Reykjavíkur:** Framan af árinu var mesta veðurblíða um alt Suðurland, en með þorrakomu dundu yfir harðindi með mikilli fannfergju. Í febrúar var meðalhiti  $-5^{\circ}$  R (mest frost þann. 21. febrúar  $-12^{\circ}$  R.). Í marz var veðráttu spakari og minni snjócoma (þó var 2. marz:  $-12^{\circ}$  R.). Vorveðráttu var ágæt, svo gróður kom í fyrri lagi, enda var grasvöxtur með bezta móti um sumarið, þrátt fyrir óvenjukaldan júní. Um trínitatis brá til rigninga, sem héldust til júlíloka, svo að til vandræða horfði með þurkum á töðum, sverði og saltfiski. Haustveðráttu var mjög óhagstæð til veturnótta, en upp úr þeim kom bezta tíðarfar, er hélzt til ársloka. ... Á nýársdag gerði hér ofsaveður. „Spica“, hlaðið Spánarfiski, sleit upp á höfninni, rak yfir Efferseyjargranda og brotnaði í Hólmanum vestur af Effersey.

**1869 Suðurnesjaannáll:** Harðasti vetur frá því fyrir þorra og fram að einmánuði, með gaddi, byljum og fannkomu, og leiddi víða af skepnufellir. Fór féð að eta ulla hvað af öðru. ... Heyskapur varð í besta lagi. Einnig nýting. ... Haustveðráttu mild og hagstæð. 3 febrúar strandaði á Merkinesi suður skonnortuskipið Laura, sænskt skip frá Malmö á Skáni, um 90 danskar lestir. ... Það losnaði af skerinu aftur, en þá var stýrið farið og skipið orðið lekt. Skipverjar fóru þá allir, 8 að tölu, í bátinn, en voru orðnir svo þrekaðir af volki og vosbúð, að tvísýnt þótti, að þeir hefðu náð landi, ef Ketill Ketilsson í Kotvogi hefði eigi farið út á skipi og bjargað þeim. ... Haustveðráttu var mild og hagstæð.

**Árbók Reykjavíkur:** Frá nýári fram í febrúar var ágæt veðráttu, lítil sem engin frost (meðalhiti í janúar  $-0,6$  R.). Eftir það harðnaði veðráttufar (meðalhiti í febrúar  $-5^{\circ}$  R. [ $-6^{\circ}$ C]), mest frost varð þ. 14. febrúar  $-13^{\circ}$  R. [ $-16^{\circ}$ C]). Viku af einmánuði kom bati, þó gerði vont norðanfhláup 5.-10. apríl með alt að  $-10^{\circ}$  R. [ $-12,5^{\circ}$ C]). Vorið var ærið kalt og þurt. Þó var grassprettu í góðu meðallagi og nýting góð allan sláttinn. Haustið var bræilegt, en veður harðnaði upp úr veturnóttum og snjócoma varð mikil,

**1870 Suðurnesjaannáll:** Frá nýári besti vetur fram undir góu. Því næst hörkur og stirðar sjógæftir. Grasbrestur sunnan lands og hin einstakasta rosatíð allan sláttinn. Hraktist svo hey af túnum, að það þótti mundu verða léttvægt fóður, sem raun varð líka á. Haustveðráttu hin ágætasta allt til ársloka. Slysfarir urðu, skipsskaðar og mannadrukknar. Drukknuðu 35 manns á hálfum mánuði við sunnanverðan Faxafloa. Hvaldi skipi fyrir innan Stóra-Hólmsund. Drukknuðu 7 menn. Hvaldi Mýraskipi fyrir framán Keflavík, í ofsaveðri og stórsjó. Drukknuðu 5 menn. ... Fórust mörg skip frá Álftanesi og Vatsleysuströnd. Drukknuðu 4 menn úr

Hvalsnessókn við skipsstrand á Marsbúðum 25 mars. Strönduðu hér á Suðurnesi tvær franskar fiskiskútur. Komust menn af, en mörg skip frönsk brotnuðu og drukknðu af skipverjar. ... Haustið ágæta gott, og þíður til ársloka.

**Árbók Reykjavíkur:** Þrátt fyrir íhlaup við og við með frostum og stormi var á Suðurlandi hagstætt frá nýári til vordaga. Gróður kom því snemma á Suðurlandi, en með slætti brá til óþurka, er héldust að mestu til höfuðdags, svo að töður nýttust mjög illa. Um haustið var bezta veðráttá, sem hélzt alt til ársloka.

**1871 Suðurnesjaannáll:** Vetur góður fram á góu, en þá byrjuðu hörkur, en með vori kom veðurblíða. Greri snemma jörð og varð bezta grasár, einnig var nýting góð. Heyjaðist í bezta lagi. Haustveðráttá góð og veðurblíða til ársloka.

**Árbók Reykjavíkur:** Vetur frá nýári til sumarmála mátti yfirleitt teljast góður hér sunnanlands, og frosthærdir dagar mjög sjaldgæfir. Vorið var eitt hið blíðasta og gróðursælasta. Tún voru vel sprottin í júníbyrjun, svo að sláttur byrjaði víða hálfum mánuði fyr en ella. Töður nýttust vel, og útehy alveg sérstaklega vel. Haustið var eitt hið bezta hér syðra.

**1872 Suðurnesjaannáll:** Árferði hið besta og æskileg vetrarveðráttá. Samt voru sjógæftir stirðar vegna storma og fiskafli mjög rýr.

**Árbók Reykjavíkur:** Veturinn mátti heita ágætur á Suðurlandi, því að þótt veðráttá væri fremur óstilt, þá var snjókoma lítil og frostlétt. Aðeins í janúarlok kom kuldakast með alt að  $-12^{\circ}$  R. [ $-15^{\circ}$ ] frosti í Rvík (meðalhiti í janúar á hádegi var aðeins  $-2.3^{\circ}$  R. [ $-2.9^{\circ}$ C]). Í marzmánuði kom annað kuldakast með  $-11.5^{\circ}$  R. [ $-14.4^{\circ}$ C] frosti (þ. 8. marz). Annars var meðalhiti fyrir ofan frostmark alla mánuði ársins nema jan. og desbr. Vorið var gott, þó ærið kalt suma daga, einkum í maflok, er gerði kuldakast nokkra daga (30. maí var t.a.m. frost  $-1.2^{\circ}$  R. [ $-1.5^{\circ}$ C]). Sumarið var hlýtt, sífelldir hitar og hitar brá fardögum til höfuðdags og kom varla deigur dropi úr lofti allan þann tíma. Mestur hiti var um miðjan júlí ( $18^{\circ}$  R. [ $22.5^{\circ}$ C]) og 21. ágúst ( $18^{\circ}$  R). Heyskapur var alsstaðar í betra lagi, þó að þurkar drægju sumstaðar úr grasvexti, og nýting ágæt. Haustið var fremur kalt en allgott veðurlag til ársloka (þó komst frost niður í  $-10^{\circ}$  R. [ $-12.5^{\circ}$ C], 11. des.).

**1873 Suðurnesjaannáll:** Góður vetur fram til seinustu viku þorra, og byrjuðu þá hörkur með sjógangi og héldust við til einmánaðar. Voru og hinar stirðustu skógæftir vegna storms og brims. ... Vorið kalt og spretta slæm, varð grasbrestur, en nýting góð. ... Með jólaföstu má segja að legðust að hörkur.

**Árbók Reykjavíkur:** Frystu þrjá mánuði ársins voru sífelldir umhleypingar, ýmizt frost og fannkoma eða blotar með allmiklum stormum. En með einmánuði hófst gæðatíð, svo talsverður gróður var kominn um sumarmál. Vorið var fremur hlýtt en vætusamt, og einstöku kuldaköst í maí og júní spilltu mjög gróðri. Heyfengur um sumarið var í minna lagi, en nýting góð. Haustið var kalt og stórrigningsamt, og seinni hluta nóvember gerði hríðargarð með frosti, alt að  $-11^{\circ}$  (R) [ $-13.7^{\circ}$ C] síðustu daga mánaðarins. Jólafastan var mjög köld og síðustu daga fyrir jól  $-10^{\circ}$  (R) [ $-12.5$ ].

**1874 Suðurnesjaannáll:** Frá nýári og allt fram undir páska mátti heita mestu hörkur og einhver harðasti vetur, sem lengi hafði komið, og gekk svo yfir allt land. Urðu sjógæftir eftir því stirðar, en ekki urðu þó slysfarir. Gengu oft útsynningar með brimi og sjó. ... Þann 14. apríl gerði mesta ofsaveður á landsunnan með sjávarólgu, og voru skip þá á sjó. Urðu þær slysfarir á Miðnesi, að fjórir bátar fórust með 8 manns, er drukknðu og rak engan þeirra upp, en fjögramannafar frá Bjáskerjum hrakti inn á Álftanes og komust menn af, þó að engin líkindi væru fyrir manna sjónum, að nokkurt skip mundi fá afborið veðrið og sjávarganginn ... – Þann 15. sama mánaðar, drukknðu menn frá Auðnum, er fóru frá Keflavík. Nokkru seinna barst skipi á í Krókós, en mönnum var bjargað. ... Grasvöxtur var þetta sumar í besta lagi og nýting hin bezta. ... Haustveðráttá allt til ársloka ágæt.

**Árbók Reykjavíkur:** Vetur frá nýári var einhver hinn harðasti og kaldasti. Var hann því af sumum kallaður „svellaveturinn mikli“ en af öðrum „Hreggviður stóri“. Viku af nýári brá til hríða og illviðra. Kingdi niður miklum snjó og voru frosthörkur ákaflega miklar. Dagana 11.-12. janúar gengu stórhriðar með ofsalegum stormum og grimmdargaddi ( $-18^{\circ}$  R. [ $-12.5^{\circ}$ C] í Rvík!). Hélt þessi óblíða veðráttunnar að mestu alla þrjá fyrstu mánuði ársins, þótt blota gerði á milli dag og dag. Einmánuður varð nokkru mildari, en 14.-17. apríl gengu ofsaveður mikil sunnanlands, sem olli mannskaða og skemdum. Um sumarmál kom bloti. En vorið var kalt og næðingasamt og varð því grasvöxtur lítill, en ágæt nýting um sumarið bætti mjög úr. Haustið var

illviðrasamt, sífeldir umhleypingar, en sjaldan mikil frost. ... Fallbyssuskothríð hafði aldrei heyrzt í höfuðstaðnum önnur eins og daginn – 30. júní – er konungur skein hér á land, í hálfgerðu dumbungsveðri með úrkomu öðru hvoru, sem þó breyttist er leið á daginn, svo að sól gat skinið yfir bæinn, alskryðdan dannebrog-fánunum, svo að segja á hverju húsi. ... Aðalhátíðin var haldin kl. 4 [sunnudaginn 2. ágúst] á Öskjuhlíðar-kollinum ... Því miður hvessti mjög er leið á daginn og gjörði allmikið moldrok.

**1875 Suðurnesjaannáll:** Þetta ár til enda mátti heita árgæzka til lands og sjávar og muna menn ekki jafn blíða veðráttu, sem hélst allan veturinn frá nýári, og þó enn fremur frá vetrarkomu til ársloka. Þá segja mátti, að aldrei kæmi frost né fjúk, en stormasöm var þá heldur veðrátta, stirðar gæftir og tregt fiskirí. Aftur á móti voru bztu gæftir alla vetrarmánuðina .... Vorið var votviðrasamt, grasvöxtur í meðallagi, allgóð nýting. ... Um Jónsmessuleytið lögðu menn héðan úr Leiru til kaupavinnu upp í Borgarfjörð. Var skipið of lítið og of hlaðið af fólki og háfermi. Drukkuðu 7 manns, voru þar af 2 kvenmenn. ... Í hitt skiptið fórst skip frá Litla-Hólmi. Það kom úr beitufarð 15. október um haustið. Var ofhlaðið, hreppti storm og stórsjó. Komst upp udnir Hólmsberg og sökk þar með beitufarminn.

**Árbók Reykjavíkur:** Veðráttufar hér á landi alt þetta ár var svo ágætt, að fróðir menn álitu það eitthvert hið bezta, sem verið hefði alla öldina, nokkurn veginn jafnmilt alt árið, veturinn þó fyrir sitt leyti mildastur. Í sjávarsveitum á Suðurlandi taldist mönnum, að komið hefðu einir 8 frostdagar á vetrinum frá nýári. Vorið var að sínu leyti kaldasta árstíðin. Sumarið milt og hægviðrasamt víðast, hér syðra oft molluveður, þerrilítið, þótt aldrei rigndi mikið. Haustið var óvenju-milt alt til ársloka. Heyskapur lánaðist vel, því að þótt þerrilítið væri á köflum, nýttist heyskapur yfirleitt vel. ... Annars varð ár þetta alltilfinnanlegt eldgosaár fyrir norðausturhluta landsins (einkum í Dyngjufjöllum (Askja) og á Mývatnsöræfum. Reykjavík hafði lítið af þessum ógnum eldgosa og öskufalls að segja. Stöku sinnum sá að vísu eldrauðan bjarma á norðausturhimni og nokkrum sinnum varð vart lítillsháttar öskufalls.

**1876 Suðurnesjaannáll:** Veðrátta frá nýári umhleypingasöm, oftast með stormum og rigningum, frostlaust og lítil snjókoma, svo að jörð var oftast auð og þíð, en hrakviðri mikil. Var gæftaleysi og eftir því aflaleysi. Í annarri viku góu með marzmánuði dattu á hörkur, þó að ekki væri snjókoma mikil eða frostharka. Héldust kuldur fram yfir sumarmál og miklar vorhörkur og gleri jörð mjög seint. Mátti vita að hafís mundi vera við land, sem hinn mikli kuldi stafaði af, en nú þurfti ekki fyrir neinu sauðfé að sjá, því að hér í hreppi lifði engin sauðkind eftir. Austanfjalls og víðar til sveita var skepnufellir bæði úr hor, heyleysi og fjárpest. ... Sunnudag 2. janúar gjörði mesta ofsaveður á landsunnan, sem varðaði alla nóttina. Fuku skip og brotnuðu. Annað veður þvífíkt datt á laugardagskvöldið þann 22. janúar með fjarskalegri rigningu upp úr útsynnings éljagangi og frosti. ... Kalsatíð var fram eftir sumri, en besta veður, meðan sláttur stóð yfir. Var grasvöxtur í betra lagi og nýting hin bezta. Úr þessu hlýnaði í veðri og gjörði staðviðri með bliðum og logni, sem við hélzt dag eftir dag, svo að menn mundu ekki aðra eins bliðu. ... Haustveðrátta og fram á vetur sú bliðasta og bezta, sem nokkur man... .

**Árbók Reykjavíkur:** Vetur frá nýári mátti heita frostalítill hér syðra. Þó voru nokkrir harðir frostdagar í febrúar (18.-20.; -10° R. [-12.5°C]) og marz (15.: -11° R. [-14°C]), svo og í apríl (þó aldrei undir -6° [-7.5°C]). Vorið var heldur kalt. Sumarið sérlega gott, en kalsamat síðast í júlí (30: snjóaði niður í miðja Esju). Heyskapur var í bezta lagi og grasvöxtur sæmilegur. Haustið og veturinn til ársloka frostalítill.

**1877 Suðurnesjaannáll:** Harður vetur allt frá nýári. Harðast frost um þrettándann, lagði þá vikur og firði. Oft hrím og hafrót og ofsaveður, einkum 17. janúar. Var þá stórflóð, og braut víða upp á tún og tók af garða, og sums staðar varð meira tjón af sjávargangi heldur en af mikla flóðinu 1857. Gæftir voru hinar stirðustu ... . Vorið byrjaði blítt, en hörkufrost gerði þó mikið um páskana. Kyngdi þá niður miklum snjó, sem þó fljótlega tók upp af snjóbráð. Um trinitatis stóð yfir kuldakast með norðanveðri. Fiskleysi var mikið um vorið og allt frá því að net voru tekin upp þann 7. apríl, urðu miklar slysfarir og manntjón frá Útskálum. Fórst sexmannafar ... hleypti í stórsjó allt í einu og ofsabrim, rétt eftir, að það var komið út til að lita eftir trossu. Hvoldi skipinu rétt fyrir framan ósinn og drukkuðu allir, 6 úrvalsmenn af útveg hans. ... Allan júlí og ágúst var mesta blíðviðri og þóttust menn ekki muna aðra eins veðurblíðu svo langan tíma. Varð nýting á heyi hin besta, og heyföng víðast í meðallagi og sums staðar betur. ... Hagfelld haustveðrátta fram á jólaföstu. .... Viku fyrir jól dattu á miklar hörkur með snjókomu og gaddi, sem hélst fram á þrettánda.



**Árbók Reykjavíkur:** Þetta ár var veðráttufar í harðara lagi og þá jafnframt eitt hinna lakari fyrir ýmsa bjargræðisvegu manna. Þegar eftir áramót komu kuldar og hríðir. Fyrstu viku nýja ársins gerði frosthörkur miklar (-9° R. [-11C]) á hádegi 1., 2. og 6. jan., -11 7.° R. [-14.6°C]s.m.). Eftir það kingdi niður snjó miklum dag eftir dag og viku eftir viku með smáblotum á milli. Eftir því sem á leið mögnuðust harðindin; urðu þau mest síðari hluta febrúar (hæst -11° R. [-14°C]) og í marz (þó frostaminni). Dagana 2.-4. apríl gerði afspyrnurok hér í bæ. Þakhellur fuku af húsum (t.a.m. á sölubúð norsku verzlunarinnar við Aðalstræti), skíðgarðar brotnuðu og salerni á bersvæði fuku um koll. Skömmu fyrir sumarmál brá til algert til bata. Lengi sumars gengu þurkar og hagstæð veðráttu. En með september brá til rosa og rigninga og haustið varð mjög umhleyppingasamt, en með jólaföstu lögðust að mikil harðindi og voru veður hörð og hryðjusöm til ársloka (frost um jól -10° R.). Á 2. í jólum varð messufall í dómkirkjunni sökum kulda. – Grasvöxtur var fremur lítill, en nýting ágæt til höfuðdags.

**1878 Suðurnesjaannáll:** Frá nýári mátti segja viðvarandi hörkur, en frost harðast með þorra-komu, en stóð þá eigi lengi, og varð þorrinn góður ... Fyrst í marz varð vart við jarðskjálfta austur á Landi og í Ranárvallasýslu, hverju fylgdi eldsuppkoma í hrauni norður af Heklu. Skipsskaði og manntjón varð um þær mundir frá Þórukoti í Njarðvíkum. Drukkuðu allir mennirnir 7 að tölu. ... Þann 2. apríl festist eða strandaði frönsk fiskiskúta fyrir sunnan Gerðakot í Hvalsneshverfi. Kom skipið heilt og óbrotið upp í fjöruna, voru 44 menn á því, því að skúta þessi hafði bjargað skipshöfn í hafi, nálægt landi. ... Í miðjum september gjörði mikið norðanveður, sem stóð yfir í nokkra daga, og annað seinna í síðustu sumarvikunni, enn harðara, og urðu í sveitum fjárskaðar, skipaskaðar og strönd. Haustveðráttu mátti heita hagstæð, en oftast nær köld, snjólaust með öllu og ekki mikil frost. Hafnaðist vel útigangspeningur. ... Talsvert frost var um jólin og til ársloka, frosin fjara og bjargarlítið fyrir skepnur í Höfnum, og einkum á Stafnesi.

**Árbók Reykjavíkur:** Úpp úr nýári gerði harðviðri, sem þó stóð stutt, en þá komu hlýindi, er héldust til góukomu. Á góu kingdi niður allmiklum snjó, frost voru lítil, en hvassvirði og blotar skiftust á í sífellu til miðs apríl. Maímánuður var mjög kaldur, einkum þó síðari hluti mánaðarins. Grasvöxtur var sæmilegur, en nýting í lakara lagi. Haustið var kalt og þurviðrasamt til jólaföstu, en hörð frost síðasta hálfan mánuð ársins, frá 12.-13 des., (mest frost á hádegi á gamlársdag – 13°R.). Þrátt fyrir slæmar gæftir varð vetrarvertíð allgóð, svo og vorvertíð.

**1879 Suðurnesjaannáll:** Frá því fyrir jól og þangað til eftir nýár viðhélst mesta frostharka, en engin snjókoma. Tók þá fyrir fjörubeit og allar vikur lagði og firði innra, svo að gengið var yfir Skerjafjörð og einnig út í Viðey. Var þá norðanveður og gaf því á sjó á Suðurnesi og suður í Höfnum ... . Með þrettándanum gerði hláku og varaði hún með stórfelldri rigningu og landsynnings stormi, og gaf þá ekki heldur á sjó, en útigangspeningi hrakaði mjög ... . Um haustið voru miklar rigningar og kalsaveðráttu. ... Úr sveitum var að fréttu beztu tíð um sumarið... . Hræringar fundust hér allsnarpar, og hrundu hús á Vigdísarvöllum, og eldgos í hafi út af Reykjanesi. Fjárskaði varð af Skaganum í ofsaveðri, nóttina 16. október ... . Jólafastan var mjög umhleyppingasöm, en ekki kom snjór fyrr en undir jól. Þá gjörði nokkurn snjó. Var mjög hart veður á jóladaginn ....

**Árbók Reykjavíkur:** Jólaföstu-hörkunum hélt áfram til þrettánda. Þá gerði hægviðri, sem hélzt alt til febrúarloka. Í marz voru sífeldir umhleyppingar, en frostlítið (nema þrjá daga). Vorið var kalt og þurt, en sumarið blítt og þurt, svo að varla kom deigur dropi úr lofti. Grasvöxtur var þó í rýrara lagi vegna vorkuldanna, en nýting hin ágætasta. Haustið hér syðra var hið bezta alt til jóla. Aflabrögð urðu alls yfir góð, þrátt fyrir ógæftir, sérstaklega urðu þau með ágætum hér á Innesjum alt haustið.

**1880 Suðurnesjaannáll:** Frá þrettánda og til fyrstu viku þorra, var minnisstæð veðráttu og eftir því einhver mestu aflabrögð ... . Sauðfénaður og hross farin mjög að leggja af vegna hrakviðra. Um þennan tíma mátti byggja hús og garða, því að alltaf voru þíður og frostleysur. ... Skruggur gengu laugardag eftir nýár og sumar allnærri. ... Á öskudaginn þann 11. febrúar varð mannskaðaveður á austanlandnorðan af stormi og stórsjó. Hvoldi þá sexmannafari frá Keflavík úti á rúmsjó. Komust fimm af skipverjum upp á skipið, þá upp sneri, en tveir drukkuðu. Bar þá skipið að landi fyrir vestan Nautarif, fullt af sjó, gegnum brim og boða, svo að stundum sást eigi nema á stafna. Var þá mönnum bjargað að kalla í fjörunni og skipið lítið brotið, en einn maðurinn dó eftir hálf tíma. ... Annað skip, sem ekki réði við, hleypti upp í sama stað og varð ekkert að. ... Þriðja skipinu hvoldi í Vararósi. Menn komust af, en skipið brotnaði í spón. ... Fæst skip fyrir innan Skaga

náðu lendingu sinni. Gekk snjór mjög að, og tók út sexmannafar frá Sandgerði með öllum veiðarfærum. Var það í ofsaveðri um nótt. ... Allan þorrann illviðri með ofsaveðrum og hretum og ógæftum. ... Frá því vika var af þorra og fram til mið-góu mestu umhleyplingar af öllum áttum, og voru mjög stíðar sjógæftir.... . . . Fram yfir krossmessu mikil árgæzka og veðurbliða til sjóss og lands .... . . . Sumarveðráttan hin blíðasta og bezta, kom eigi skúr úr lofti fram í byrjun ágúst ... . . . Grasár var í góðu meðallagi og nýting hin bezta, og var snemma lokið við heyskap. Fréttist alls staðar af beztu tíð og árferði ... .Fyrir höfuðdag brá til rosaveðráttu. Varð því heyskapur eystra endasleppur og víða með lakasta móti. Syðra liðu kaupmenn líka vegna rosans, vegna þess að þeir gátu ekki komið frá sér hinum mikla saltfiski ... en fiskur lá undir skemmdum, sem illa þurr var lagður inn og því ekki kominn í hús. ... Rosatíðin hélst til veturnóttu. ... Um haustið umhleyplingasöm veðráttu og hörkur miklar fyrir og í jólaföstubyrjun, með gaddafrosti, en þó lítilli snjókomu. Sjógæftir mjög stíðar... . . .Ofsaveður kom fimmtudagskvöldið þann 9. desember, sem varði nærfellt alla nóttina fram undir dag. Tók þá upp 3 tíringa hér í hreppnum, hvar af einn brotnaði í spón, frá Meiðastöðum. Einnig fuku og brotnuðu fleiri smærri skip og tvö sexmannaför í spón. Þá fauk og brotnaði dekkbátur Lárusar hómopata, sem var í smíðum og 3 róðrarskip hans. Fiskskhjallar fuku og brotnuðu víða, og buðu margir tjón af þessu veðri, sem miðaldra menn mundu ekki eftir að komið hefði slíkt. Kvöldið, sem veðrið datt á, varð manntjón og skipsskaði frá Vatnsleysu. Druknuðu 6 menn. ... Eins og áður er vikið að, gengu miklar hörkur allt til ársloka, en frostharkan var svo mikil, að fullorðnir menn mundu ekki aðra eins. Lagði þá vikur og firði með öllum snjó og var gengið frá Hákotstöngum út að Þórukoti. Einnig var gengið úr Reykjavík upp á Kjalarnes. Íshrannirnar voru háar sem hús með sjónum. Fundust sjófuglar frofnir í hel. Kindur höfðu einnig frosið niður sums staðar og jafnvel einhvers staðar hungrið og mögur hross. Varð nú hin mesta vandræða tíð að hjúkra og hirða féð, en batinn með hláku kom á gamlársdag, en þá nótt, eða réttara sagt með morgninum eftir gerði mesta sjávarflóð með svo mikilli ólgu og afli, að garða braut víða, og ísspangirnar liðuðust niður, og hinar miklu íshrannir sópuðust upp á land. Mest varð tjón af þessu á Útskálum og Lambastöðum. Þá brutu ísjakar einnig nokkur skip, sem voru uppi í naustum.

**Árbók Reykjavíkur:** Frá ársbyrjun allt til hausts var hin mesta árgæzka og blíðviðri um land allt. Mundu menn ekki jafngott ár: öndvegistíð til lands og sjávar um veturinn, svo varla festi snjó á jörðu. Tún voru orðin algræn fyrir sumarmál og vorið hið indælasta. Grasvöxtur varð því mjög mikill á tünnum og engjum, og nýting hin besta til höfuðdags. Eftir það gerði óþurrka, sem þó ekki varð verulegt mein að svo seint á slætti. Haustið var umhleyplingasamt allt til jólaföstu og frosthörkur miklar og bál seinni hluta desember. Um jólin – 12-15° R. [15-19°C] hér syðra á nóttu, mest –11° [-14°C] á hádegi. Milli jóla og nýárs var blindbyltur dag eftir dag, svo illfært var húsa á milli hér í bæ. Öll höfnin var einn ísfláki út undir Engey og var gengið á ís ofan af Kjalarnesi, úr Engey, út í Akurey. Hinn 10. desbr. gerði útsunnan stórviðri með miklum sjávargang, er sópaði burtu bryggjum, hjöllum og skúrum og braut báta. Skip, sem Guðm. Lambertsen hafði á leigu, slitnaði upp hér á höfninni, rak upp í kletta og mölbrotnaði. ... Um haustið var sjaldan farið á sjó vegna ógæfta.

**1881 Suðurnesjaannáll:** Árið byrjaði með hagstæðri hláku og stóð svo fram yfir þrettánda, að útigangsfénaður hafði fjörubeit góða og hresstist mikið, en svo byrjuðu aftur frosthörkurnar þann 11. janúar og fóru úr því vaxandi, með miklum gaddi og hrímfalli og norðanveðri. Þangað til hafði mikill afli fengist á lóðir af þorski. Þann 25. á Pálmessu var mesti gaddur. Þá tók frostgrimmdin yfir dagana 28.-30. Voru þá allar vikur lagðar með sjónum og allar fjörur þaktar ísjökum og íshrönnum, og af því að stórstreymt var, gjörði sunnudagsnóttina þann 30. afar mikið sjávarflóð, með mesta norðanveðri, sem menn muna, að komið hafi. Gekk þá sjór upp á tún víða í Garði, helst fyrir innan Skaga og sums staðar upp að bæjum og kastaði upp óvenjumikilli gengd af ufsa og karfa með íshroðanum. Eru það fádæmi, að þessi ufsi var tíndur á bæjum svo hundruðum og þúsundum skipti, uppi á tünnum og kringum bæi, og varð af því mikil björg. Fór nú sjóinn óðum að leggja að ofan og innan. Var nú gengið yfir Stakksfjörð fyrir utan Keflavík inn að Keilisnesi á Vatnsleysuströnd og hefi ég ekki lesið, að slíkt hafi viðborið, síðan árið 1699. Sjófuglar fundust dauðir með sjónum. Hafði í þessu kasti verið riðið yfir Hvalfjörð og einnig úr Reykjavík upp á Kjalarnes. Frost mun hafa stigið til 18-20 gráður. Febrúaríus. Þann 4. gekk af norðanáttinni til útsuðurs með fjúki og snjókomu. Þá leystist allur ís frá landi, allt frá Skaga inn að Hólmsbergi, og um morgunin sást enginn ísreki, heldur auður sjór, og þótti furðu gegna eftir slík hafþök, sem orðin voru. Allt til þess höfðu menn frá Njarðvíkum og Keflavík verið að ganga yfir ísinn inn á Vatnsleysuströnd, þó að glæfraferð væri. ... Nú bærust þær stórkostlegu slysfarir, að þann 31. fyrra mánaðar hefði póstskipið „Phönix“ strandað á skeri á Tjaldeyrum

fyrir sunnan Skógarnes í Miklaholtshreppi. Hafði skipið fengið ofsaveður frá 28. f.m. með brunagaddi. Þegar það var komið inn á Faxaflóa, gat það ekki við ráðið, heldur hleypti undan upp á líf og dauða. Björguðustu mennirnir og lágu flestir úti um nóttina, þangað til þeir voru fluttir til bæja dagin eftir, mjög kaldir og skemmdir og sumir taldir af. Hörkurnar fóru nú enn að halda áfram, en þó ekki með eins miklum gaddi, og mesti kopar yfir allri jöðru. Á þorraprælum kom góð hláka, en stórfengleg með sterkviðri og rigningu, svo að fjarskalegt varð vatnsmegni á jörðu. Marsmánuður. Alla góna linnti aldrei sömu hörkum og þá oft með kafaldsbyljum á útsunnan og fannfergju. Mestu frost dagar voru fyrstu dagana af marsmánuði. ... Nú yfirtók aftur frostgrimmindin fyrstu dagana af einmánuði, svo að hvorki var verandi úti fyrir hross eða sauðfé, sem víðast hvar var orðið sárlega magurt, og hafði mikið liðið. Sums staðar fór nú fé að deyja úr hor og allri eynd, en aðrir fóru nú fyrst að farga því, sem ekki gat lifað, því að nú kreppti að heyleysið, svo að hvergi fékkst hey til kaups. Allvíða átti sér líka stað eldiviðarleysi og leit um tíma út fyrir hin mestu bágindi. ... Með aprílmánuði byrjaði veðurbatinn, en frostið hélst á jörðu, svo að vegir voru ófærir fram yfir lok. Skepnufellir varð ákaflegur, einkanlega á Meiðastöðum og í Hvalneshverfi. Má ætla að fallið hafi alls í hreppnum á fjórða hundrað fjár. Sums staðar, þar sem hirðing og hýsing var betri, voru fénaðarhöld í meðallagi, en víðast hvar átu ær dauð lömb. Maíus. Fram yfir fardaga kalsafullt veður, og um fardaga var ekki farinn klaki úr jöðru. ... Þyrkingar fram eftir sumri og mesta gróður-og grasleysi á túnnum, svo að elstu menn mundu eigi annað eins, og heyrðist lítt úr sveitum, en þó hvergi eins og hér við sjónn, einkum þar sem sjór hafði svo lengi legið á um veturinn, og 16 vikur af sumri var hér enn ekki byrjaður sláttur. Tún voru annað hvort kalin eða hlaupin í arfa. ... Miklir og langvinnir þurrkar voru um allan sláttinn um allt land. Nýttist því vel, en lítil heyföng, sem svo, lítil urðu (eins og áður er sagt um grasbresti), að til mestu vandræða þykir horfa, því að þeir sem áður höfðu fengið af túnnum sínum eitt kýrfóður eða fleiri, fengu nú aðeins 10 hesta, eða það minna eftir tölu. Má því farga hér í hrepp meira en helmingi af nautpeningi. ... Kaldur var oft, andi í veðri, þegar eigi var hitaskin af sólu, og var að kenna hafis, sem lá skammt frá landi að norðan og vestan, en með höfuðdegi brá til úrkomu og rosaveðráttu, og fram allan september. ... Veðráttu um haustið mild, en rigningsamt. ... Um haustið mikil rigningartíð allt fram að jólaföstu, og þornaði seint eldiviður, en með jólaföstu þornaði vel upp og gjörði hagstæða veðráttu með góðum aflabrogðum. ... Slysfarir urðu þessar um haustið, að bátur fórst af miðum í ofsaveðri og stórsjó þann 21. nóvember. Komst þá annar bátur í lífshættu, sem þar var, en ... komst sá bátur þó í vör um kvöldið í myrkri og brimi og varð ekkert af.

**Árbók Reykjavíkur:** Ár þetta varð eitt hið mesta harðindaár, og veturinn frá nýári einn hinn frostamesti í manna minnum. Frá 10. jan. til mánaðarloka var grimmdarfrost dag eftir dag með bálroki suma dagana. Komst frost upp í  $-14^{\circ}$  R. [ $-17.5^{\circ}$ C] á hádegi. Um miðjan janúar var „gengið af Akranesi til Reykjavíkur“ (Þ. Thor.). Höfnin var ein samfelld ísbreiða langt út fyrir eyjar. (1. febr. drógu Engeyingar lík á sleða til lands, og 4. febr. var riðið út í Engey, líklega þó aðeins yfir Viðeyjarsund!). Um miðjan febr. kom asahláka, er stóð í nokkra daga (þ. 19. gerði mikið flóð úr tjörninni), en brátt sótti aftur í sama horfið. Dag eftir dag kingdi niður snjó með hörkufrostum og illviðrum, og hélzt það veðráttufar til marzloka (24. marz var hér í bæ  $-13^{\circ}$  R. á hádegi [ $-16^{\circ}$ C]). Mundu ekki elztu menn annan eins jökul á jörðu. Með aprílmánuði fór tíðarfarið að batna og héldust góðviðri alt til maíloka, nema um hvítasunnuleytið; þá gerði norðanhríðarkast með frosti er setti kyrking í allan grasvöxt. Sumarið var bæði kalt og þurt. Heyskapur varð með langminnsta móti, en góð. Með höfuðdegi brá til rigninga og þótt haustið yrði nokkuð hrakviðrasamt, mátti heita öndvegistíð hér syðra fram undir jól. ... Vetrarvertíð brást alveg vegna ísa og ógæfta.

**1882 Suðurnesjaannáll:** Allt fram yfir þrettánda hefir veðráttan verið með fjúkgangi og frosti. 11. til 13. janúar gerði hláku með stórfelldri rigningu og stormi og leysti snjó. Mátti þá segja, að hörkur hafi staðið nærfellt mánuð, og þó ekki miklar, en mjög hafi útinganspeningur, einkum hross, gefið á milli, einkum vegna hrakviðrana. ... Allan febrúar voru hinir mestu umhleypingar og hrakviðri, með ofsaveðurm og fjúkgangi, einkum á vestan og útsunnan, og geðri hið mesta ofsaveður á þeirri átt hinn 9. mars. ... Hálfum mánuði af sumri mátti segja að staðið hafi viðvarandi hrakviðri, með mjög miklu frosti á stundum, en engri snjókomu, hvers vegna jörð öll var þurr og kalin. Einkanlega tók yfir þá miklu gadddaga með norðanbáli 25.-30. apríl, þá sandbylur var á öllu nesi, svo mikill eins og væri fjúk og öskubylur, svo grasrót reif upp víða á túnnum, og muna elstu menn ekki aðrar eins vorhörkur. Bættist ofan á þessi harðindi almennt heyleysi. Úr sveitum eystra og vestra heyrðist um dæmalaus harðindi með skepnufelli. ... Vorhökurnar héldu áfram til hvítasunnu, en mest kvað þó að norðanveðursdögunum frá 23.-26. maí. Var þá hvassvirði mikið á norðan með miklu sandfoki, en enginn gróður kominn á jörðu, og mikið bjargarleysi og vandræði með allar skepnur, svo að í

annan tíma hefir eigi önnur eins tíð verið. En úr sveitum eru alltaf að berast aumari og aumari fréttir. ... Grasvöxtur varð í betra lagi á endanum. Féll vel um sláttinn hér og náðist hey af tünnum lítt hrakið, en óþurrkurinn var meiri eystra, en að vestan og norðan heyrðust ótíð og harðindi. Hafís lá alltaf fyrir norðurlandi um vorið, en í uppsveitum hafði orðið mikill skepnufellir um vorið. ... Eftir höfuðdag brá til votveðráttu með kalsa hretum. ... Sama rosaveðurátta viðhélst fram yfir veturnætur með hvassviðrum. ... Góð haustveðráttu frá Mikaelmessu til jólaföstu.

**Árbók Reykjavíkur:** Framan af árinu var mjög svo skakviðrasamt um allt Suðurland, en frostalítið (nema helzt framman af janúar) og snjólétt. Allan þorrann var leiðindaveður. Frost þó aldrei yfir  $-10^{\circ}$  R. [ $-12.5^{\circ}$ C] (á hádegi). Alla góuna var mjög óstöðug veðráttu, hörku frost (alt að  $-11^{\circ}$  R. [ $-14^{\circ}$ C]) og blindbyljir á víxl. Einmánuður var bærilegur til sumarmála. En eftir sumardaginn fyrsta fór aftur að kólna í veðri og dagana 26. til 30. apríl, var hér norðanstormur með öskubyl suma dagana. Maí var kaldur, sífelldir næðingar og þurviðri, svo tók fyrir allan gróður. Seinast í júní batnaði tíðarfarið nokkuð og héldust hlýindi lengst af júlímánaðar. En um miðja hundadaga brá til votviðra, sem hélduzt alt til rétta. Heyskapur gekk óvenju illa. Grasvöxtur var með minsta móti og nýting hin bágasta. Haustið var bærilegt og frá miðjum nóvember til ársloka mátti heita öndvegistíð hér syðra.

**1883 Suðurnesjaannáll:** Frá ársbyrjun þar til vika var af þorra hélst við hin sama veðurbliða, að hvorki mátti heita að kæmi frost eða fjúk. ... Allan seinni part þorrans var stormur og hret og aflaleysi af sjó, en strax með góu byrjuðu verulegar hörkur með hvassviðrum og útsynnings byljum, sem segja mætti að stæði alla fyrstu viku góu og varla veður útfarandi. ... Á páskunum varð embættisfall og þá byrjuðu fyrir alvöru þær stórkostlegu hörkur með fjúkhríð, gaddi og fannfergju, sem til sveita óttast má fyrir að hafi haft í för með sér mikil bágindi og tjón, og ef til vill slysfarir. Hörkukastið um páska varaði rúma viku, en breyttist svo til útsynnings kalsa veðurátta með éljagangi, en snjó tók upp aftur, sem gerði þann 27. martí. En svo mikið kvað að þeirri stórhrið, að fé fennti og fannst eigi fyrir en eftir þrjú daga. Fyrir lok, viku fyrir hvítasunnu, gerði feikna mikið hörkukast með norðan gaddi. Var jörð áður farin vel að grænka. ... Eins og áður hefur verið ávíkið var vorið eitt hið kaldasta, sem menn til muna og þar eftir gróðurleysi allt fram í áttundu viku sumars. ... Síðan um Jónsmessu fóru tün vel að spretta, svo grasvöxtur varð í góðu meðallagi. ... Fram yfir miðjan þennan mánuð [ágúst] minnisstæðasta tíð og og veðurbliða og var nýting hin besta. ... Brim gerði mikið á útsunnan 17. nóv. með fjarska miklu flóði í hálfsmækkuðum straumi, sem svo mikið kvað að, að allan túngarðinn braut fyrir Útskálátúni, Lónshúsa og Lambastað og hefur ekki í annan tíma meri að orðið. Mikið braut og upp á tün suður á nesi.

**Árbók Reykjavíkur:** Tíðarfarið mátti yfirleitt telja hagstætt allt þetta ár. Fyrstu þrjár vikur ársins var réttnefnd blíðviðristíð og hélzt hún að mestu fram yfir miðjan febrúar. En viku af góu breyttist veðráttu; gengu þá byljir og dimmviðri að mestu til marzloka. Dagana 26.-30. marz var aftaka norðanbál og blindöskubylur ( $-5-6^{\circ}$  R. [ $6-7.5^{\circ}$ C] á hádegi). Apríl var umhleypingasamur, oft mikil úrkoma, hvassviðrisdagar tíðir, sem ekki gaf á sjó, en frost sama sem engan dag. Með maí kom ágætisveður; frá 8.-12. gerði þó frost, svo Tjörnina lagði að nýju, en allur gróður hvarf. Var versta tíð til mánaðarloka, En frá júní til miðs ágúst var aftur einstök öndvegistíð, sífeld sól og blíða. Um höfuðdag gerði vætur, sem þó urðu ekki að meini hér syðra. Grasvöxtur var með bezta móti og nýting ágæt. Haustið var hið bezta. ... Skömmu fyrir jól (18. des.) gerði hér aftakaveður með óhemju sjávarróti, sem braut bryggjur (einkum bryggjur Fischersverzlunarinnar) og báta eða skemdi.

**1884 Suðurnesjaannáll:** Frá nýári til þrettánda gæða veður, en síðan mestu umhleypingar með útsynnings veðrum og snjókyngi og héldust þær hörkur til Kyndilmessu. Mátti þá segja að aldrei væri á sjó komið .... Daginn eftir þrettánda höfðu orðið fjarska miklir mannskaðar og skipstjón á Akranesi og Álftanesi yfir 30 manns. ... Veðuráttufar frá góubyrjun hin æskilegasta upp á landið og minnissöm frá byrjun marsmánaðar eins og að vor væri komið. ... Allan einmánuð minnileg veðurbliða. ... Vorið hart og mjög gróðurlaust fram yfir fardaga ... . Nú þegar þetta er ritað, 28. júlí, hafa einstök blíð-veður staðið á sunnan hálfan mánuð. Stöku menn byrjaðir að slá. Grasvöxtur í góðu meðallagi. ... 4. ágúst fundust margar og miklar hræringar. Frá því sláttur byrjaði skipti um veðráttu og gjörðist mikil rosatíð allan sláttinn og allstaðar að sem heyrðist, nema norðan lands. Stóð sú veðráttu allt til höfuðdags, þá fyrst náðist hey hér af tünnum mjög hrakið og skemmt. Eftir áður umgetnar hræringar 4. ágúst tók vitavörðurinn, Jón Gunnlaugsson á Reykjanesi, eftir, að landi hafði skotið upp allt að 2 mílum í útsuður frá Eldeyjum og fóru tveir offiserar af herskipi Frakka suður á

Reykjanes, til að mæla afstöðu og vegalengd ... getgáta mun, að þetta muni vera á sama stað og Geirfuglasker stóðu 1830, en þau sukku að mestu. ... Mjög úrkomusamt haustið til veturnáttu, en með vetri gjörði hörkuhret með snjókomu, sem þó varaði ekki lengi. Veðurátta til ársloka storma og hrakviðrasöm, þessvegna stirðar sjógæftir ... . Nóttina þess 30. des gerði aftaka veður um nóttina af landsuðri, svo að menn varla muna eins mikið. Stóð yfir tvær stundir.

**Árbók Reykjavíkur:** Tíðarfar var allt þetta ár mjög umskiftilegt. Veturinn frá nýári var að vísu allgóður, þrátt fyrir minni harðindakafla frá 20. jan. og fram undir miðjan febrúar. Mest frost var  $-11^{\circ}$  R. [ $-14^{\circ}$ C], en snjókoma mikil (blyndbyljir oft dag eftir dag). En seinni hluta febrúar og marz allan var yfirleitt frostalítið, en snjókoma nokkur og rok mikið suma daga (t.a.m. 9. marz). Apríl var sýnu skárri og farið að grænka um sumarmál. Maí var fremur óblíður og norðanbál dag eftir dag og hamlaði það mjög gróðri. (Kría sást hér ekki fyr en 22. maí). Sumarið var mjög óviðrasamt sunnanlands (í ágúst voru 19 regndagar, í september 14, í okt. 18). Um haustið brá til norðanáttar með hríðum og snjóum, annars voru sífelldir umhleypingar allt til ársloka. ... Um sumarið 26. júlí vildi til hörmulegt slys hér á höfninni eða einhvers staðar milli Viðeyjarsunds og Reykjavíkur, að seglbát hvoldi á heimleið innan úr Elliðaárhólmum. En á bátum voru þrír menn, sem allir drukknuðu ... . Tvö sjóslys önnur urðu á árinu frá sama bæ á Seltjarnarnesi, Gróttu. Þaðan fórst bátur í fiskiróðri 21. mars með 7 mönnum, og annar bátur 30. október. Af 5, sem á seinni bátum voru, drukknuðu tveir, en þremur tókst að bjarga.

**1885 Suðurnesjaannáll:** Frá nýári mestu umhleypingar, hrakviðri og stormar, en lítil snjókoma eða frost. Engar sjógæftir ... . Með ótíðinni má telja stórskemmdir og landbrot, sem urðu af hafróti og stórflóði þann. 1. febr. og kvað mest að þessu á prestsetrinu Útskálum, hvar sjór braut mikið af túni og allan túngarð við sjó, svo næstliðin hundrað ár hefur sjór þar ekki eyðilagt annað eins. Þessu líkt átti sér stað í Inn-Garði og Leiru, braut steinvegg undan nýbygðu timburhúsi, sem færðist úr stað. Hörkur stóðu nú yfir allan þorrann með hvassviðrum á norðan og frosti og var neyð mikil í hreppnum meðal fátækra manna útaf svo miklu bjargarleysi að í annan tíma hefur ekki meira að kveðið.... Eftir páska stóð blíðaveður heila viku, en sem breyttist aftur í kalda norðanátt með næturfrosti. ... Það var hvorttveggja að heyföng manna voru mjög léttvæg og þrotlétt, enda fóðraðist illa á þeim peningur og gekk fljótt upp, svo margir máttu segjast heylausir um páska, en útigangspeningur gekk með versta móti undan vetri og hross víðast hvar horuð, sem mestan þátt átti í norðannæðingurinn. ... Eins og áður er á vikið, hefur verið fjarska kalt, með aflaleysi af sjó og jörð með öllu gróðurlaus, svo að hefur ekki meira aðkveðið og stóð svo fram yfir hátíðir, þá þetta er ritað. ... Sumarið svo kalt, að engir menn muna, að annað eins hafi átt sér stað og fóru tún hér sunnan lands ekki að spretta fyrr en eftir Jónsmessu, enda leit svo víða út, að ekki mundu vera ljáberandi. Þó var sláttur byrjaður hér um pláss seinast í júlí, því þá var veðurátta snúin í votviðri, svo rekja fékkst meðan sláttur stóð yfir, sem ekki var lengi. Var nýting allgóð, en samt þerrilint vegna viðvarandi mollu, en mjög hitnaði í heyi, sem varð því bagalegra sem heybirgðir hafa aldrei verið eins litlar og nú. ... Haustveðurátta framyfir veturnætur má segja hagstæða og góða ... . Heyföng mjög lítil en kjarngóð. ... Til jólaföstu mátti heita bezta tíð ... í annari viku jólaföstu ... gerði mikið frost á norðan, sem þó tók úr aftur. Fundust mjög margar hræringar 9. des. Sem menn hugðu boða veðrabrigði. ... Umhleypingar til nýárs. Aftaka veður á útsunnan 21. þ.m. [desember].

**Árbók Reykjavíkur:** Veðurfar framan af árinu býsna umhleypingasamt og kalt, þótt frostlítið væri; en seinni hluta janúar mátti heita hlýtt í veðri. Aftur var þorrinn allur fremur frostharður og hvassviðri mikil suma daga af norðri. Á Reykjavíkurhöfn urðu t.a.m. 8 Reykvíkingar veðurtepptir úti á póstskeipi í 3 daga af því að alófært taldist milli lands og skips. Í marz var flesta daga mikið frost og snjókoma talsverð. Apríl var einnig kaldur. Á sumardaginn fyrsta (23. apríl) var blindbylur og öklasnjór á götum höfuðstaðarins. Vorið var með afbrigðum kalt. Sumarið var fremur gott frá jónsmessu til höfuðdags, svo og allgott haust og vetur fram til ársloka.

**1886 Suðurnesjaannáll:** Frá nýári stöðugar hörkur með frosti og umhleypingum ... . Nú fyrir tveimur dögum, þegar þetta er skrifað [einhvern tíma milli 14. og 20. mars], hefur veðuráttan breyst til norðuráttar með hörkum og gaddi. ... Vorið til fardaga kalt og miklir þyrkingar, enda lá hafís við Hornstrendur. Breyting gerði í byrjun júnímánaðar með rigningu og fór þá jörð fyrst að lifna við. ... Til mánaðarloka (frá 11. júní) mátti kalla veðuráttuna kalda og fór gras ekki að spretta að mun, en eftir Jónsmessu. ... þriðjudaginn nóttina 29. júní gerði ofsa veður á landssunnan með sjávarólgu. Rak þá skip undan frá Þorustöðum, sen ekki náði landi, á hverju var Þórður bóndi Jónsson, sem lagt hafði úr Keflavík um kvöldið með tveim hásetum og

Þóttust sumir hafa séð þá farast á siglingu í Skagaröst, en sú varð ekki reyndin, því rúmri viku seinna komu þeir frá Straumfirði á Mýrum á skipi sínu heim til sín. ... Seinast í mánuðinum [júlí] var byrjaður sláttur og stóð yfir þrjár vikur. Þornaði upp síðustu vikuna og gerði norðanveður og náðu allir heyi sínu með bestu hirðingu. Urðu heyföng í mesta meðallagi. Hafði fiskur líka verkast ágæta vel. ... Hagstæð haustveðrátta ... . Haustveðurátta til jólaföstu góð, en þó rigningasöm ... . Með jólaföstu byrjuðu hörkur og þó ekki miklar með umhleyplingum.

**Árbók Reykjavíkur:** Þegar upp úr nýári hófust harðindi með meiri háttar snjókomu og allmiklu frosti, og hélzt sú veðrátta að mestu til febrúarloka. Mesta frost 8. janúar (-14° á hád.), og dagana 14, og 15, febr (-12° [líklega R., -15°C] á hádegi en -18° [líklega R. -22.5°C] á nóttu seinni daginn). Mað góukomu batnaði tíðarfarið og var góð tíð til marzloka. Svo var og mestallan apríl. Maí var býsna kaldur, og stóð það grasvesti mjög fyrir þrifum. Sumarið var votviðrasamt, þó náðust töður víðast óskemdar hér syðra, svo og haustið, en veður yfirleitt gott að öðru leyti. Þann 30. nóv. fórust í ofsavæðri tvö skip héðan: skip Jóhannesar Ólsen (7 drukknuðu en 1 var bjargað) og skip Gísla Ólafssonar á Bakka (6 drukknuðu, meðal þeirra Gísli sjálfur).

**1887 Suðurnesjaannáll:** Fram yfir þrettánda mild og hæg veðurátta, þó stundum talsverð frost og snjór á jörðu... . Viðhaldandi hörkur mega segiast hafa staðið allt frá jólaföstu og aftaka veður með útsynnings byl tvo fyrstu daga í annarri viku þorra. ... ætla ég að láta hér drepa á fjóra skiptapa síðan um nýár, enda hafa líka verið umhleyplingar fjarskalegir með hörðustu veðrum. Urðu fyrst í apríl tveir skiptapar í Keflavík úr netjum. Formaður skipsins var Ólafur Þorleifsson veitingamaður, á bát með þremur mönnum af hinu skipinu missti Þorvaldur Stefánsson son sinn efnilegan ... Á því drukknuðu 4. Fórust þessi skip undir seglum. Þriðja skipstjón varð á Varaós ... þar drukknuðu þrír. En hörmulegasta skipstjónið varð það fjórða. Kom það skip með saltfarm úr Keflavík, steitti og klofnaði við Lambarif, en menn höfðu allir verið drukkniir. ... Á þessu skipi voru fimm menn, fjórir drukknuðu. Alls hafa drukknað af þessum fjórum skipum 14 manns. Eftir því sem blöðin geta um, má nefna þennan vetur mannskaðaveturinn mikla, því frá veturnóttum er talið hafa farið í sjóinn yfir 100 manns. (Hér byrjar Helgi, sonur séra Sigurðar, að rita annálinn til ársins 1889). Sumarið frá því fyrir lok [vertíðarlok] og fram að hvítasunnu var þyrkinga- og kuldasett og gróðurleysi mikið ... kringum hvítasunnu voru góð veður og hitar og áfall á nóttum svo að jörð gleri nokkuð. Viðraði svo til þess þann 10. júní, að rigningu og vætur gerði, sem héldust til þess 12. og lifnaði við jörð. ... Tíðarfar mátti heita hið bezta yfir allt suðurland, grasvöxtur með betra móti og nýting ágæt, svo hey náðist óhrakið. ... Með september byrjun breyttist veðurátt til óþurrka með rigningu og hrakviðrum, sem hélzt fram að veturnóttum, svo að nýting varð vond á eldivið og hann illa hirtur. Með veturnóttum gerði frostkast með nokkurri snjókomu. ... Frá veturnóttum til jóla sífellt, en hægur snjógangur. Höfðu skepnur oftast lítið af jörð.

**Árbók Reykjavíkur:** Veðrátta var býsna óstöðug frá nýári til páska (10. apríl), nokkuð snjóásöm, en aldrei mikil frost. Eftir páska harðnaði veðrátta, sérstaklega upp úr sumardeginum fyrsta, og komst frostið í -8° R. [-10°C] suma daga á hádegi (mannheldur ís var á Tjörninni 24. apríl, en hún hafði áður verið auð í fullar 3 vikur). Eftir krossmessu gerði aftur kuldakast með norðanbáli og ofanhríð nokkra daga, svo allur gróður fölnaði aftur (á uppstigningardag 19. maí lagði jafnvel mikill hluta Tjarnarinnar). Sumarveðrátta var hin hagstæðasta, grasvöxtur ágætur og nýting í bezta lagi um allt Suðurland. Haustið var fremur gott, þó vætusamt væri með köflum, og stóð sú tíð til ársloka. ... Hinn 29. marz fórst róðrabátur með 3 mönnum á Rauðarárvík nærri landi.

**1888 Suðurnesjaannáll:** Á nýársdag mikið norðanveður með gaddi. ... Eftir þrettánda fór að mildast veður og gerði hláku góða svo tók upp að kalla allan snjó. Var þá oftast við útsuður, gæftaleysi í Höfnum og Nesi, síðan jól ... . Þrisvar komið á sjó í Stafnesi frá nýári til fyrstu viku góu og þá aflalítið, sífelldir umhleyplingar, oftast við útsuður. ... Tíðarfar mjög umhleyplingasamt, ekki mikil snjókoma, en frost, einkanlega í mars mjög mikil, vissa daga á norðan. ... Eitt hið mesta harðinda vor, sem menn muna. Norðan kuldar sífelldir með frosti oftast á nóttu og fjúkburði stundum, hörkufrost um nóttina seinasta í maí. Skepnur orðnar mjög magrar, einkum fé og lambadauði mikill. Með júní breyttist veður til þess mildara svo tún urðu seinni part mánaðarins í góðu meðallagi hér sunnanlands. Oftast þurrviðri svo fljótt og vel gekk að þurrka fisk ... . Tíðarfar yfir sumarið hér hið æskilegasta. Grasvöxtur í góðu meðallagi og nýting hin besta. Verkaðist saltfiskur allur vel ... . Úr sveit heyrðist hin sama góða tíð, en víða þar þó grasbrestur, en nýting hin sama góð. ... Haustveðurátta hin besta hér sunnan lands nema nokkurn tíma um fyrstu réttir rigningar og þó stórgerðar, sem í sveitum gerði talsvert tjón hjá þeim, sem úti áttu hey. ... Laugardaginn þann 10. nóvember í

landsynnings stórviðri slitnaði upp og rak í land skip á Keflavíkur höfn, var það fermt vörum og kolum til faktors O. Olavsens. Var búið að skipa upp mestu af öllum kolum, en hin varan fór með öllu í sjóinn. Rak skipið upp í þá svokölluðu Gróf. Voru menn allir í landi ... Þann 22. nóvember um morguninn kl. 8 varð hér í Höfnum fjarska mikið stórflóð, svo sjór gekk á tún, braut alla garða og skemmdi tún mikið. Tók út 8 skip og báta, sem meir og minna brotnuðu (sumir í spón). Mun þetta flóð hafa verið líkt og stórflóðið, sem varð 1867 og getið hér að framan. ... Í þessu veðri og sjávarólgu brotnaði sjávangur á Lambastöðum og gerði miklar skemmdir á húsum og skipum, einnig brotnaði Langigarður á Útskálum og inn með öllum sjó brotnaði meira og minna garðar og skip. Um 20 skip og bátar er sagt að hafi brotnað í Reykjavík. 4. sunnudag í jólaföstu, 23. desember gerði um kvöldið fjarskalegt ofsaveður á útsunnan, byrjaði kl. 7 og varaði fulla 3 tíma. Léku hús á reiðiskjálfi. Varð þó ekki að skaða hér um Suðurnes svo til hafi spurzt. Snjór féll fyrst að mun í þriðju viku jólaföstu. Úr því hrakviðrasamt fram að nýári, svo skepnur lögðu mikið af, helst hrosspeningur.

**Árbók Reykjavíkur:** Veturinn, frá nýári var í meira lagi umhleypingasamur, en þó yfirleitt mildur og snjólítill. Vorið var kalt fram í júní, svo gróður kom seint, enda var grasvöxtur í minna lagi, en ágæt nýting bætti mjög úr grasbrestinum. Haustið var blíðviðrasamt, svo vetrar varð varla vart fyr en undir jól. Þá brá til ótíðar og hlóð niður miklum snjó. Hinn 2. nóv. gerði hér í bæ aftakaveður, sem braut fjölda af bátum og bryggjum og færði jafnvel hús af grunn. ... Aðfaranótt 22. nóv. gerði hér aftakaveður og stórflóð, er olli stórskemmdum á skipum og bátum, bæði hér í bæ og í nálægum veiðistöðvum.

**1889 Suðurnesjaannáll:** Á nýjárstag útsynningur og eljagangur, snjócoma mikil á útsunnan og norðan frost um og eftir þrettánda. ... Frá nýári til 1. sd. eftir þrettánda mestu harðindi með snjókomu mikilli. Gerði þá hláku og tók upp að mestu snjó, en þó umhleypinga samt og oftast við útsuður.

**Árbók Reykjavíkur:** Þetta ár mátti heita veltiár til lands og sjávar. Það byrjaði að vísu með allmiklum snjóþyngslum, en frostum litlum. En með góu brá til stöðugra góðviðra, er héldust til sumarmála. Vorið var hið bezta og hitar miklir. Heyskapartíð varð með miklum ágætum: grasvöxtur í bezta lagi, svo og nýting. Eftir miðjan september gerði snjóhret með allmiklu frosti, en stóð aðeins nokkra daga; upp frá því var auð jörð til miðs nóvember.

**1890 Árbók Reykjavíkur:** Í ársbyrjun gerði fannkomur miklar, en veður var þó milt og frost lítil. Með marz hófst öndvegistíð með hlýindum viku eftir viku. Vorið var með afbrigðum gott og hlýtt og gróður kom svo snemma, að Austurvöllur var sleginn síðustu daga í maí. Þó kipti fardagahret í júní nokkuð úr grasvexti. Sláttur byrjaði hér syðra í 11. viku sumars og var nýting hin bezta til júlíloka. En þá brá til votviðra, er héldust til sláttarloka, svo að heyskapur varð ekki nema í meðallagi. Með nóvember gekk veturinn í garð með hríðum og bleytukaföldum annað veifið, en rigningum á milli; veðráttá var alt að einu mild og frost mjög lítil til ársloka.

**1891 Árbók Reykjavíkur:** Veðráttan var mjög mild framan af árinu alt til góukomu. Þá kom harðindakafli með töluverðu frosti, en með einmánuðarkomu hlýnaði aftur og mátti úr því heita öndvegistíð alt vorið, þó veður væri nokkuð kalt og jörð greri í seinna lagi vegna þess. Sumarið var eitthvert hið bezta og hagstæðasta, heyfengur mikill og nýting ágæt. Haustið var fremur votviðrasamt og miklir umhleypingar framan af vetri til ársloka lengst af alauð jörð og klakalaus. Enginn ís var á Tjörninni öll jólin (slíkt hafði ekki komið fyrir síðan 1875).

**1892 Árbók Reykjavíkur:** Framan af árinu var mjög óstöðug veðráttá, ýmist fannkoma með miklu frosti eða blotar með ofsaroki. Í febrúar og (þó einkum) í marz voru meiri frosthörkur dag eftir dag 6. marz á hádegi:  $-13^{\circ}$  C. [hér eftir gefur Árbók Reykjavíkur hitastig ávallt í Celsíusgráðum], 8. marz:  $-18^{\circ}$  C., 9. marz:  $-16^{\circ}$  C., 25. marz:  $-15^{\circ}$  C. og 26. marz:  $-12^{\circ}$  C. á hád.) Um alla höfnina var mannheldur ís. Vorið var mjög kalt. En seinni hluta árs var bezta tíð. Grasvöxtur var þó með minna móti vegna vorkuldanna, en nýting góð. Tvo daga (28. sept. og 2. des.) gerði ofsaveður, en þó án þess að tjón hlytist af hér í bæ.

**1893 Árbók Reykjavíkur:** Veðráttan frá nýári til sumarmála var mjög mild; frost voru lítil nema í miðjum marz, og þó ekki heldur þá um nein veruleg harðindi að ræða. Meðalhiti á hádegi varð í janúar  $+0,9$ , í febr.  $+0,7$ , í marz  $+0,96^{\circ}$ . Mest frost á hád. varð 17 marz  $-12^{\circ}$ . Apríl svo hlýr, að meðalhiti varð  $+5,3^{\circ}$ . Vorið var

bæði hlýtt og vætusamt og grasvöxtur því ágætur hér um slóðir. Nýting var hin bezta allan túnaslátt, en seinni hluta ágúst brá til óþurka, án þess þó mein yrði að, svo nokkru næmi. Haustveðráttá var mjög óstöðug. ... Þótt allan janúar mætti heita hér bezta tíð, gerði aðfaranótt hins 17. jan. aftakaveður, sem skemdi hér bryggjur, sérstaklega Steinbryggjuna („Bæjarbryggjuna), sem menn höfðu haldið, að þylði sitt af hverju.

**1894 Árbók Reykjavíkur:** Veðráttá mátti heita fremur mild fram eftir vetrinum. Snjócoma var talsverð, en frost væg. Meðalhiti á hádegi í janúar  $-1,4^{\circ}\text{C}$  (mest frost 22:  $-11^{\circ}\text{C}$ .), í febrúar  $-0,7^{\circ}$ , en í marz  $+1,4^{\circ}$ . Apríl var ágætur. Meðalhiti  $+8^{\circ}\text{C}$ . Vorið var þurviðrasamt og kalt. Um fardagaleytið brá til rigninga og héldust votviðri út sumarið. Grasspretta var góð, en heyskapur gekk illa vegna votviðrana. Haustið var mjög umhleyppingasamt, hrakviðri með rigningum og slyddu, en frost nær engin fyr en með jólaföstu. Síðustu viku árs var aftakaveður dag eftir dag með óhemju sjávargangi, þó sérstaklega eftir 28. des. ... Í árslok, 28. des., gerði hér í bæ aftakaveður á útsunnan er olli miklum skemdum. Gerði hafrót svo mikið, að sjó gekk upp í Hafnarstræti, braut verzlunarbúð Helga kaupmanns Helgasonar og skemdi flest sem inni var, braut kolahús Smiths-verzlunar („Nýhafnar“, er nefndist svo eftir að firmaið Muus & Co. hafði eignast verzlunina), fylti alt með þangi og fjörugrjóti, en sogaði út kolin, sem þar geymdust; fiskiskip („Sleipnir“), er stóð uppi á malarkambi, tók út og rak upp í kletta fyrir austan lækjarós og brotnaði; einnig urðu miklar skemdir á hafnarbryggjunni o.fl.

**1895 Árbók Reykjavíkur:** Nýja árið gekk í garð með hinu mesta blíðviðri, sem segja má, að héldist óslitið þrjá fyrstu mánuði ársins og líkstist oft meira sumri en vetri. Aðeins tvo fyrstu mánuði ársins komst meðalhiti niður fyrir frostmark ( í jan.  $-2,3^{\circ}$ , í febr.  $-2,2^{\circ}$ ) en aldrei síðar. Vorið var hlýtt, en nokkuð vætusamt. Sumarið var og gott, nema lítil óþurkkakafla fyrri hluta sláttar. Grasvöxtur var ágætur og nýting sæmileg. Haustið var ærið votviðrasamt og vetur lagðist að með októberbyrjun með mikilli snjókomu, en frost voru lítil.

**1896 Árbók Reykjavíkur:** Veturinn frá ársbyrjun var frostægur (þó  $-16^{\circ}\text{C}$  á hádegi 17. jan.) en úrkoma óvenjumikil og vorið óþerrasamt. Meðalhiti á mánuði undir frostmarki á hádegi aðeins í jan. ( $-0,6^{\circ}\text{C}$ .) og í marz ( $-0,7^{\circ}$ ). Grasvöxtur varð í lakara lagi og heyskapur með minna móti, því að nýting varð slæm (einkum fyrri hluta sláttar) vegna rigninga. Frá október til ársloka var hrakviðrasamt, úrkoma mikil og umhleyppingar, en frost lítil. Hinn 6. okt. gerði afspyrnu norðanrok í Reykjavík, svo að skip slitnaði upp á höfninni og annað varð að höggva af sér möstrin. Allmiklar skemdir urðu á húsum og bryggjum. – Telst svo til að snjóað hafi 70 daga ársins, en rignt 141 (athugun dr. J. Jónass.). ... Seint í ágúst og fyrst í september urðu miklir jarðskjálftar á Suðurlandi. Hlutuzt af þeim víða um sveitir miklar skemdir á húsum og margvísleg vandræði, m.a. tók fyrir allan heyskap í sveitum eystra vegna jarðskjálftanna, einmitt um það leyti sem tíðarfar fór að batna. ... Sem fyr segir, gerði seinni part sumar (25.-26. ág. og 5.-6. sept.) mikla jarðskjálfta um Suðurland (Árnes- og Rangárvallasýslur). Varð þeirra og vart í höfuðstaðnum, þótt engar yrðu skemdir hér í bæ af völdum þeirra; en ótti greip marga, svo að varla þorðu að vera í húsum að næturlagi og slógu tjöld á Austurvelli, til þess að láta fyrirberast þar, ef á þyrfti að halda.

**1897 Árbók Reykjavíkur:** Veturinn frá nýári var fremur frostavægur (meðalhiti á hádegi í janúar  $-0,7^{\circ}\text{C}$ . (mestur kuldi á hádegi 25. jan.  $-8^{\circ}\text{C}$ .), í febrúar  $-0,4^{\circ}\text{C}$ , og í marz  $+1,8^{\circ}\text{C}$ . (enda einhver sá mildasti og hægasti marzmánuður, sem komið hafði í mannaminum), en býsna umhleyppingasamur. Vorið var í kaldara lagi, og sumarið fremur votviðrasamt, svo heyskapur gekk tregt. Alt haustið voru hér miklar úrkomur, en frosthægt frá veturnóttum til ársloka (meðalhiti á hádegi varð  $+5,5^{\circ}\text{C}$ . alt árið). Á árinu snjóaði í Rvík als 53 daga, en rigndi 127 daga (dr. Jónassen).

**1898 Árbók Reykjavíkur:** Fyrstu þrjá mánuði ársins var mikil umhleyppinga- og hrakviðratíð, snjócoma í meira lagi (í janúar snjóaði 22 daga, en í febrúar 17), en frost lítil. Í janúar var meðalhiti á hádegi  $+0,2^{\circ}\text{C}$ ., í febrúar  $-1,6^{\circ}\text{C}$ . og í marz  $-0,7^{\circ}\text{C}$ . (mestur kuldi á hádegi var 3. jan.  $-8^{\circ}\text{C}$ .) Með einmánuði kom bati og varð tíð allgóð eftir það. Grasvöxtur var vel í meðallagi, en nýting varð ekki sem bezt vegna óþurka um sláttinn (einkum í ágúst). Haustið varð gott yfirleitt og vetur hægur og blíður framan af, en frá nóvember varð veðráttá stirðari og hélzt það svo til ársloka.



**1899 Árbók Reykjavíkur:** Nýra árið byrjaði með allmikilli fannkomu og hélzt það svo fram í febrúarlok. Frost voru þó fremur lítil og góðviðrisdagar á milli (mest frost á hádegi varð 18. jan.  $-13^{\circ}$  C.). Meðalhiti á hádegi fyrstu þrjá mánuðina varð í janúar  $-2,7^{\circ}$ , í febrúar  $+0,9^{\circ}$ , í marz  $+1,1^{\circ}$  C. Þó héldust kuldanæðingar fram til sumarmála, enda meðalhiti í apríl aðeins  $-1,7^{\circ}$  C. Vorið var fremur gott og jörð greri fljótt og vel. Grasspretta varð því góð, en mikil sumar-úrkoma orsakaði slæma nýtingu. Haustið var umhleyppingasamt, en milt veður frá veturnóttum til ársloka.

**1900 Árbók Reykjavíkur:** Veturinn frá nýári var góður, fannkoma lítil, frost lin og þíðviðri altaf öðru hvoru. Í janúar var meðalhiti á hádegi  $+0,4^{\circ}$  C., í febrúar  $-1,3^{\circ}$  C., í marz  $+1,1^{\circ}$  C. Eftir sumarmál komu hryðjur allviða hér syðra með snjó og nokkru frosti, Vorið var nokkuð kalt fram til krossmessu, en eftir það tók að hlýna, svo grasvöxtur varð í góðu meðallagi. Sumarið varð heldur votviðrasamt, sérstaklega upp úr höfuðdegi. Haustið var kalt og uphleyppingasamt fram til jólafostu, en upp frá því öndegistið til ársloka.

**1901 Árbók Reykjavíkur:** Tttugusta öldin gekk í garð með blíðviðri frá nýári alt fram til páska. (Meðalhiti á hádegi í janúar  $+1,2^{\circ}$  C., í febrúar  $+2,1^{\circ}$  C., í marz  $+2,5^{\circ}$  C.). Gerði þá lítinn frostakafli til sumarmála, með alt að  $-10^{\circ}$  C. suma daga. Vorið var fremur kalt og vætusamt og sumarið eitt hið mesta óþurkasumar, og olli það mestu vandræðum með hey, fisk og mó. Í september sá varla þurran dag. Frá vetrarkomu til ársloka var hagstæð tíð, snjókoma lítil og frostlétt.

**1902 Árbók Reykjavíkur:** Árið byrjaði með ærið köldum og hvassviðrasömum janúar. Meðalhiti á hádegi varð  $-2,5^{\circ}$  C. Mestur kuldi á hád. 10.-12. jan. ( $-12\frac{1}{2}$ -  $13^{\circ}$  C. og dagana 26. ( $-12^{\circ}$ ), 27. ( $-11^{\circ}$ ) og 28. ( $-12^{\circ}$ ). Febrúar var talsvert mildari (meðalhiti  $+0,4^{\circ}$  C., mest frost 6. febr.  $-10^{\circ}$  C. á hádegi), snjókoma lítil, en hvassviðri mikil suma daga. Marz var ágætur lengst af, en brá til frosta í lok mánaðarins (páskaviku). Framan af apríl var veður bálhvasst á norðan, en frá 5. til mánaðarloka mátti heita bezta veður (meðalhiti á hádegi  $+4,7^{\circ}$  C.). Vorið var gott og hlýtt og sumarið fádæma indælt dag eftir dag og viku eftir viku. Haustið mjög milt. Sama veðurblíðan hélzt til ársloka (fyrsta snjókoma 14. des.). Eftir jólin gerði hvassviðri með talsverðu frosti. ... Hinn 6. febrúar gerði ofsaveður hér í bæ, svo að tvö gufuskip („Modesta“ og „Princess Melton“ (botnvörpungur) rak á land; þau náðust að vísu út aftur, en mjög löskuð. Degi síðar sökk kolabyrðingur mikill, sem Brydes-verzlun átti og notaði til kolageymslu á Rauðárvík; voru í byrðingnum nál. 2400 skippund kola, er hann sökk. Í nóvember um haustið gerði aftur mikið ofsaveður, er ollu skemdum á húsum, bátum og bryggjum.

**1903 Árbók Reykjavíkur:** Framan af árinu var gott veður og stílt, en talsvert frost til 11. jan. Þá brá til umhleyppinga, er héldust til mánaðarmóta (meðalhiti í jan.  $+4,3^{\circ}$ ). Frostakafli var framan af febrúar til 13., eftir það óstílt veður, en lítið um frost (meðalhiti  $-0,4^{\circ}$ ). Marz var frosthárður frá 1.-24., eftir það hægviðri. Í apríl slæm tíð og mikil snjókoma. Bati kom með 1. sumardegi. Vorið var ágætt, en votviðrasamt. Sumarið hið ágætasta alt fram að réttum, þó úrkoma nokkur í sláttulok. Haustið mjög gott til miðs nóvember. Eftir það frostakafli fram í desember (til. 9.), en síðan góðviðri til ársloka, frostalaust að heita má. (Meðalhiti í okt.  $+3,7^{\circ}$ , í nóv.  $+0,1^{\circ}$ , í des.  $+1,1^{\circ}$ ).

**1904 Árbók Reykjavíkur:** Nýja árið byrjaði vel, en eftir þrettánda fór að frjósa og hélzt sú veðráta að mestu til febrúarloka (meðalhiti í jan. var  $-0,6^{\circ}$ , í febr.  $-0,2^{\circ}$ . Mest frost varð 29. jan.  $-10^{\circ}$ ), snjókoma lítil. Marz fremur mildur (meðalhiti  $-0,2^{\circ}$ ). Apríl kaldur, en hægviðri (meðalhiti  $+2,8^{\circ}$ ). Vorið var sæmilegt. Sumarið var yfirleitt gott og heyskapartíð hagstæð fram til höfuðdags. Eftir það brá til langvarandi úrkomu. Haustveðrátta var ærið óstöðug. Vetur fór fremur vel á stað, alt til jólafostu. Frost talsverð fyrri hluta desember, en úr því var bezta veður og frostalaust oftast til ársloka. ... Hinn 19. maí fórst fjögramannafar héðan úr bæ á leið til Akraness (6 menn drukknuðu) og í september drukknuðu á Patreksfirði 13 menn af skipinu Bergþóru (eign Guðm. Ólafssonar í Nýjabæ).

**1905 Árbók Reykjavíkur:** Árferði frá nýári var með betra móti allt til sumarmála; janúar yfirleitt mildur (meðalhiti á hád.  $-2,4^{\circ}$  C.), þó talsvert frost nokkra daga. Köldustu dagarnir. 9. jan. ( $-14^{\circ}$  C.) og 25. jan. ( $-12^{\circ}$  á hádegi); febrúar þó enn mildari: meðalhiti  $-1,9^{\circ}$  (snjóaði 9 daga, en rigndi 7); marz allan var einmunatíð (meðalhiti  $+2,6^{\circ}$ ), apríl í kaldara lagi, þó meðalhiti  $-3,4^{\circ}$ . Vorið var fremur kalt, en með júní

komu hlýindi. Sumarið eitt hið ágætasta, þótt kalt væri á köflum. Haustið fremur kalt, svo og frá veturnóttum til ársloka, en harðindi engin og snjókoma lítil.

**1906 Árbók Reykjavíkur:** Fyrstu þrjár vikurnar eftir nýár var veður milt og gott og frostlaust að mestu nema á nóttu, þó með einstöku hvassviðrisdögum. En með þorrakomu brá til snjókumu talsverðrar, sem hélzt út mánuðinn (meðalhiti í jan. á hádegi varð  $+0,5^{\circ}$  C.). Febrúar var í kaldara lagi og snjókoma allmikil (meðalhiti á hádegi varð  $-2,1^{\circ}$  C.). Frá 8. febr. mátti heita harðindi í meira lagi og héldust þau fram í miðjan marz; mest frost urðu í febr. 9. ( $-10^{\circ}$  C. á hádegi) og 11. ( $-11^{\circ}$  C. á hádegi) og 13. marz ( $-10^{\circ}$  C. á hádegi). Seinni hluta marz var mildara veður og frostleysur. Meðalhiti á hádegi í marz varð:  $0^{\circ}$ . Apríl var býsna hrakviðrasamur og talsverð snjókoma, en ekki mikil frost. Hinn 7. og 8. apríl gerði hér mikið mannskaðaveður, er varð tveim skipum að grand; 12. og 13. apríl (báða dagana) var hér norðan-blindbylur. Vorið var kalt og gróður sást varla á jörð. Sumarið var gott, en nokkuð votviðrasamt; haustið var líkt að veðráttu og veður yfirleitt gott frá veturnóttum til ársloka, nema um jólin (23.-28. des. Var norðanbál og talsvert frost:  $-9$ - $10^{\circ}$  C. á hádegi. ... Hinn 7. apríl gerði aftakaveður hér við Faxaflóa. Fórust í því veðri tvö skip héðan úr bæ. „Ingvar“ (eign Duus-verzlunar með 20 manna áhöfn) hjá Viðey og „Emelie“ (eign Th. Thorseinsson kaupmanns með 24 manna áhöfn) vestur undan Mýrum.

**1907 Árbók Reykjavíkur:** Veðráttu var ærið umhleypingasöm allan janúar, frostdagar fáir (mest frost 25. jan.  $-10^{\circ}$  C.: meðalhiti 0). Í febrúar var mikil snjókoma, og frost talsverð, einkum dagana 19.-22. febr. (meðalhiti  $-2,7^{\circ}$  C.) Í marz var snjókoma í meira lagi og frostakafli langur fyrri hluta mánaðar (8. marz  $-13^{\circ}$  C.), en hlánaði í mánaðarlok. Vorið varð femur kalt, og hlýnaði ekki fyr en í miðjum júní. Grasspretta var slæm vegna kulda. Sumarið hagstætt, en með september kólnaði í veðri. Haustið var fremur milt fram eftir öllu, sárafáir frostdagar, snjókoma mjög lítil (meðalhiti í október)  $+3^{\circ}$  C., í nóvember  $+0,6^{\circ}$  C. og í desember  $+1,7^{\circ}$  C.).

**1908 Árbók Reykjavíkur:** Árferði var yfirleitt hið bezta allt þetta ár bæði til lands og sjávar. Fyrstu þrjá mánuði ársins mátti heita einmuna góð tíð; marga daga var veður líkast sumardögum, logn bjart og hlýtt. Meðalhiti í janúar  $-0,2^{\circ}$  C., í febrúar  $-1^{\circ}$  C., í marz  $+0,9^{\circ}$  C. Frost aldrei yfir  $-5^{\circ}$  C. á hádegi. Apríl var að sínu leyti kaldari; meðalhiti þó  $3,3^{\circ}$  C. Um sumarmál gerði kuldakast nokkra daga. Vorið var eitt hið bezta, hver dagurinn að heita mátti öðrum betri (mestur hiti á hádegi 29. maí  $+21^{\circ}$  C.). Síðast í júlí brá til úrkomu, er hélzt annað veiðitil höfuðdags, þó án þess að spilla heyskap manna, sem varð yfirleitt góður hér sunnanlands. Haustið var óvenjulega milt. Lítilsháttar frostakafli um miðjan desember (mest frost 14. des.  $-8^{\circ}$  C.). Síðustu daga ársins (28. og 29. des.) gerði aftakaveður á austan. Skip héðan, í vetrarlagi í Eiðsvík, skemdust og eitt sökk.

**1909 Árbók Reykjavíkur:** Veturinn frá nýári var einhver hinn bezti, sem komið hafði í mörg ár. Framan af janúar var veður með mildasta móti. Frá 11. til 19. jan. gerði að vísu frostakafli, þó ekki harðan. Aðeins einn dag (hinn 11. jan.) sýndi hitamælir  $-11^{\circ}$  C. En allan síðasta þriðjung mánaðarins var veður milt (meðalhiti í janúar  $-2,1^{\circ}$  C.). Febrúar og marz voru óvenju mildir og frostléttir; snjókoma aðeins dag og dag (meðalhiti í febrúar  $-1,7^{\circ}$  C., en í marz  $-0,1^{\circ}$  C.). Vorið kom snemma og var grasvöxtur ágætur, enda byrjaði heyskapur víða hálfum mánuði fyr en ella. Heyskapur varð hinn bezti á Suðurlandi. Haustið var ærið votviðrasamt og veturinn til jóla allharður (meðalhiti í desember  $-3,3^{\circ}$  C.).

**1910 Árbók Reykjavíkur:** Veturinn frá nýári var ærið kaldur og snjópungur fram á einmánuð. Þótt ekki væri um beinar frosthörkur að ræða nema dag og dag, varð meðalhiti í janúar  $-2,6^{\circ}$  C., í febrúar  $-2,3^{\circ}$ . Í marz varð meðalhiti  $+1^{\circ}$  og í apríl  $-0,2^{\circ}$ . Vorið frá sumarmálum var kalt og gróður kom seint, en grasspretta varð allt að einu í góðu meðallagi, enda nýting góð hér syðra. Haustið var allvotviðrasamt, en milt fram til veturnotta, en upp frá því voru hvassviðri til ársloka. Í Rvík gerði ofsaveður 28. febrúar, svo að sjö fiskiskútur slitnuðu upp á höfninni og sumar þeirra skemdust mjög.

**1911 Árbók Reykjavíkur:** Frá nýári fram í febrúar var veðráttufar býsna óstöðugt og umhleypingasamt, en kuldur litlir (meðalhiti í janúar varð  $-0,3^{\circ}$ ). Þó tók að kólna. En veður var hreint og snjókoma lítil og hélzt sú veðráttu til góuloka (meðalhiti í febr. var  $-1,6^{\circ}$  og í marz  $-1,5^{\circ}$  á hádegi). Einnig var apríl í kaldara lagi og

Það enda fram yfir sumarmál. Vorið var fremur milt til krossmessu, en eftir það gerði norðankulda og úr því öðru hvoru þíðvindi fram á slátt. (Meðalhiti í maí +7,2°). Sumarið var í kaldara lagi, nema ágúst, svo og haustið, og veturinn hinn blíðasti til ársloka (meðalhiti í nóv. +1,2° og í des. +1,7°). Snjór sást varla fyr en á Þorláksmessudag og afli var með bezta móti.

**1912 Árbók Reykjavíkur:** Veturinn frá nýári mildur og snjólítill með afbrigðum. Vorið hlýtt og hagstætt, sauðgróður kominn í apríllok og kúahagar um fardaga. (Meðalhiti í janúar +1,9° C., í febrúar -1,7°, í marz -1,7°, í apríl +3,9°). Um sumarið hagstæð heyskapartíð: þurkatíð lengst af fram í september og nýting með ágætum. Haustveðráttá var fremur óhagstæð og hrakviðrasöm. Frá jólaföstudyrjun til ársloka var snjókoma mikil.

**1913 Árbók Reykjavíkur:** Frá nýári var vetur hér syðra að vísu frosthægur og snjóléttur (meðalhiti í jan.: +0,4°, í febr. +1,4°, í marz -0,8° og í apríl +3,8°), en umhleypingar miklir og stormar tíðir, og einstöku góðviðriskaflar á milli. Með einmánuði batnaði tíðin og hélzt svo allt til krossmessu. Þá brá til norðanáttar með þurviðri og næturfrostri, er hélzt fram undir miðjan júní, og hnekti það mjög öllum gróðri. Sumarið varð mjög óþurkasamt fram til miðs september (aðeins sárafaír dagar, sem ekki kæmi skúr úr lofti einhvern tíma sólarhringsins). Haustið var mjög umhleypingasamt og frá veturnóttum snjókoma talsverð og kalsaveðráttá til ársloka, þótt frosthörkur væru engar (meðalhiti í nóv. +1,0°, í des. -0,5°). Sólskinsdagar urðu á öllu árinu aðeins 93 hér í Rvík. Heyskapur lánaðist illa vegna óþurka og nýting var í lakasta lagi. ... Dagana 19. og 20. október gerði ofsaveður um land alt. Urðu víða mikil spell af völdum þess, en tiltölulega lítil hér í bæ.

**1914 Árbók Reykjavíkur:** Um nýárið voru talsverð snjóalög, en um þrettánda brá til hlýju og blíðviðra, er hélzt til mánaðarloka (meðalhiti í janúar +1,6°). Með febrúarkomu spilltist tíðarfarið og gerði hagleysur (meðalhiti í febrúar -1,6°, í marz -1,3°, í apríl +1,2°) og var tíðin mjög umhleypingasöm úr því til sumarmála. Vorið frá miðjum apríl til maíloka var eitt hið allra bágasta. Skiptist á krapí, stórrigningar og hörku-norðanveður. Sumarið mátti heita þurt frá miðjum júlí til 20. ágúst. Þá brá aftur til stórrigninga. Nýting á heyjum varð afleit, því að sláttur hafði eigi byrjað fyr en 20.-25. júlí. Mikið af útheysi fór í vatn og náðist aldrei. Haustið var mjög óhagstætt vegna fádæma rigninga unz snjóa tók í nóvember, og var talsverð snjókoma upp frá því fram undir árslok.

**1915 Árbók Reykjavíkur:** Fyrsta mánuð ársins var bezta tíð (meðalhiti í jan.+0,1°). Eftir það var snjóasamt í meira lagi til góuloka (meðalhiti í febr. -1,5°, í marz -1,6° og í apríl +2,5°). Með aprílkomu batnaði tíðin alfarið. Vorið var þurviðrasamt og kalt og gróandinn hægfara (þó varð meðalhiti í maí +6,8°). Sumarið var og þurviðrasamt til miðs ágústmánaðar, en eftir það brá til votviðra. Þó var heyskapur í góðu meðallagi. Haustið var ærið votviðrasamt. Fyrsti frostdagur kom hér 31. okt. (enda meðalhiti í okt +8°) og tíðin yfir höfuð hin mildasta til ársloka.

**1916 Árbók Reykjavíkur:** Árið byrjaði með þíðu og blíðviðri, en með þrettánda brá til umhleypinga og rosa og hélzt það til mánaðarloka (meðalh. í jan. +0,3°). Mestallan þorrann og fram til góuloka var einmuna góð tíð og frostvæg. 24 marz gerði ofviðri af norðri, er hélzt í 4 daga, og hélzt upp frá því norðanátt til aprílloka en snjókoma var lítil (meðalhiti í febr. og marz -0,7°, í apríl +0,9°). Vorið var kalt og þurviðrasamt. Hér í Rvík var ekki hægt að stinga upp garða fyr en um krossmessu. Sumarið var mjög óþurkasamt allan fyrri hluta sláttar. Grasspretta var fremur góð, en hey hröktust mjög, einkum töður. Haustið var gott fram yfir veturnætur. Í byrjun nóvember fór að frjósa og geðri þá 10 daga frostakafla. Desember var kaldur og oft frostharður (meðalhiti -3,1°).

**1917 Árbók Reykjavíkur:** Veðurfar fyrstu þrjá mánuði ársins var milt og snjóalög lítil. Meðalhiti í jan +0,8° C., í febr. +1,6° og í marz +1°). En viku af einmánuði brá til norðanáttar með frosthörkum. Um páskana voru harðneskjuhríðir. (Meðalhiti í apríl -0,6°). Vorið var kalt og næðingasamt, en oftast snjólaust (sauðfé varð að gefa fram yfir krossmessu og kúm til Jónsmessu); spratt því jörð mjög seint vegna vorkuldanna. Sláttur byrjaði víðast hér syðra ekki fyr en með 14. viku sumars. Tún voru illa sprottin og töður hröktust vegna votviðra um túnaslátt; en útheyskapur varð með betra móti. Vetur gekk í garð í októberbyrjun

(meðalhiti í október  $+0,5^\circ$ ) og mátti heita óslitin harðindaskorpa til jóla. Þá kom bati og árið kvaddi með blíðviðri.

**1918 Árbók Reykjavíkur:** Árið byrjaði með góðviðri og þíðu um land alt, en góða tíðin var skammvinn. Á þrettánda rak á ofsalegt norðanveður með grimdarfrosti. (Meðalhiti í janúar  $-7,3^\circ$  C. Einstöku daga voru frosthörkurnar meiri en elztu menn rak minni til að hafa lifað, alt að  $-30^\circ$  C.). Undir lok janúar batnaði tíðin. Febrúar var að vísu nokkuð harður (meðalhiti  $-0,5^\circ$  C.), en í marz ágætistíð (meðalhiti  $+2,5^\circ$  C.). Um mánaðarmótin marz-apríl gerði kuldakst með talsverðu frosti, en það stóð ekki lengi og úr því var bezta tíð fram yfir krossmessu. Eftir það versnaði tíðin og kom kyrkingur í grasvöxtinn. Sumarið var fremur kalt og grasbrestur mjög almennur, en hagstæð heyskapartíð og góð nýting bætti mjög úr. Þó urðu heyföng víðast helmingi minni en í meðalári. Haustið var kalt (mikil næturfrost um miðjan september) og hélzt kuldatíð til 10. nóv. en gæðatíð úr því til ársloka. ... Það er ekki ofmælt, að þetta ár færi ærið kuldalega af stað, því að upp úr þrettánda kom hér harðindakafla með hörkufrosti og mikilli fannkomu, er hélzt að heita mátti óslitíð í 15 daga. Allur Kollafjörður varð sem ein íshella og var gengið til Engeyjar og Viðeyjar. Á Reykjavíkurhöfn var ísinn svo þykkur, að skip urðu naumast höggvin eða söguð úr úr höfninni. Í bænum var tilfinnanlegur eldiviðarskortur og kol meðan fánleg voru, í ógegndarverði (allt að 320 kr. hver smálest!).

**1919 Árbók Reykjavíkur:** Framan af árinu var kuldatíð. Meðalhiti í janúar  $-0,9^\circ$  C., í febrúar  $-1,0^\circ$  og í marz  $-2,9^\circ$ . En með einmánuði kom nokkur bati. Þó var vorið fremur kalt og því seingróið. Sumarið var mjög votviðrasamt, svo að heyskapur og fiskþurkur gekk fremur illa. Aftur var haustið yfirleitt gott.

**1920 Árbók Reykjavíkur:** Tíðarfarið frá nýári til sumarmála var óvenju erfitt. Í janúar voru sífeldir umhleyningar og kalsaveður (meðalhiti  $-3,7^\circ$ ); í febrúar var mikil snjókoma; frá 9.-20. febr. mátti heita óslitlið hríðaveður með miklu fannkingi og frosthörkum (meðalhiti  $-2,6^\circ$ , um miðjan febrúar komst frost í  $-18^\circ$  einn daginn). Í marz voru umhleyningar allan mánuðinn; skiftust á rigningar, hörkufrost og fannkoma (meðalhiti mánaðarins varð  $-1,3^\circ$ ). Hinn 5. apríl gerði hér norðangarð með frosti og fannkomu, er stóð í fulla viku og frá sumarkomu gerði aftur norðanbál með frosti og fjúki, er hélzt inn í maí (meðalhiti í apríl  $-0,3^\circ$ ). Vorið varð yfirhöfuð óvenjukalt og gróður með allra minnsta móti. Tré eða runnar í gördum tóku ekki að laufgast fyr en í maílok; þá fyrst var farið að setja í garða, enda varð uppskera af mjög skornum skammti. Um sumarið voru lengst af miklir óþurkar, svo heyskapur gekk illa, en haustið hlýtt og gott, þótt rigningasamt væri.

**1921 Árbók Reykjavíkur:** Þrátt fyrir allmikla úrkomu og umhleypinga mátti heita, að hlýindi þau, sem voru hér haustið áður, héldust fram eftir öllum vetri. Vorið var þó í kaldara lagi, sumarið óþægilega votviðrasamt, svo heyskapur gekk erfiðlega hér syðra. Um haustið rigndi mikið og vetur lagðist snemma að með talsverðri snjókomu, en frost komu ekki fyr en í desember og þá yfirleitt væg.

**1922 Árbók Reykjavíkur:** Veðurlag hér alt þetta ár mátti að því leyti telja yfirleitt milt, að engan mánuð ársins komst meðalhiti á hádegi niður fyrir frostmark. Janúar var óvenjumildur, rigning og snjókoma skiftust á. Febrúar var enn mildari, þó stórviðrasamari og snjóþyngri. Í marz voru sömu umhleypingarnir. Vorið var oftast góðviðrasamt, en í kaldara lagi. Grassprettu hægfara. Sumarið var yfirleitt hlýtt og gott og nýting á heyjum mjög góð, enda þótt skúraði einhverntíma hvers sólarhrings framan af slætti. Haustið var mjög gott, en votviðrasamt. Frá vetrarkomu til ársloka var öndvegistíð.

**1923 Árbók Reykjavíkur:** Vetur frá nýári var með bezta móti. Í janúar var að vísu stormasamt mjög, en frostvægt þá daga, sem hiti fór niður fyrir frostmark. Rigning var 10 daga, en 19 daga snjóaði einhvern tíma dags. Febrúar var mildari og marz þaðan af betri. Vorið var kalt og talsverð fannkoma, enda meðalhiti lægstur í apríl aðeins  $+0,3^\circ$ . Sumarið var yfirleitt kalt og óþurkasamt. Heyfengur og nýting þó í góðu meðallagi. Haustið var kalt og illviðrasamt. Snjókoma var allmikil í nóvember, en þó einkum í desember. ... Aðfaranótt 14. janúar gerði aftakaveður á útsunnan og hlutust af því ýmsar skemmdir. Björgunarskipið „Þór“ rak á land (en náðist þó út aftur), en 3-4 skip, er lágu á höfninni fyrir akkerum, brotnuðu allmikið. Við nyrðri hafnargarðinn út frá austurenda Efferseyjar sökk vélbátur; af fjórum, sem á bátnum voru komust tveir lífs af, en tveimur, sem komnir voru upp á hafnargarðinn, skolaði brimið í sjóinn aftur og drukkuðu þeir.

Loks hrundi sjálfur hafnargarður þessi á allstóru svæði. Þá varð og minniháttar bilun í loftsketasöðinni í þessu sama ofsaveðri, en komst brátt í lag aftur.

**1924 Árbók Reykjavíkur:** Vetur var allgóður um allt Suðurland. Vorið var kalt. Sumarið var hlýtt og þurrt, hefyngur í meðallagi og nýting ágæt. Um haustið og veturinn til ársloka allgóð tíð, en storma- og umgelypingasöm.